

**ÚRSKURÐARNEFND
Í
VÁTRYGGINGAMÁLUM**

Samantekt úrskurða 2021

Síðast uppfært 1. júlí 2022

**M þýðirmálskotsaðili
V þýðir vátryggingafélag**

Mál nr. 1/2021**M og****V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á gatnamótum Vesturvarar og Hafnarbrautar í Kópavogi þann 23.10.2020.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.1.2021, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V1, dags. 18.1.2021.
Bréf V2, dags. 28.1.2021.
Tölvubréf M, dags. 2.2.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi sameiginlegri tjónstilkynningu, sem er undirrituð af báðum ökumönnum, var A ekið eftir Vesturvör og B eftir Hafnarbraut. Á gatnamótunum rákust saman hægri hlið A og framendi B. Umferð á Hafnarbraut hefur biðskyldu gagnvart umferð á Vesturvör.

Á forsiðu tjónstilkynningarinnar kemur fram varðandi A að henni hafi verið ekið beint og B hafi ekki virt biðskyldu. Í viðbótarskýrslu ökumanns segir að hann hafi ekið á 20-30 km hraða á klst. þegar B hafi verið ekið í hlið A á gatnamótunum.

Á forsiðu tjónstilkynningarinnar kemur fram varðandi B að ökumaðurinn hafi ekið of hratt og ekki náð að hemla að því er virðist vegna þess að dekk hafi verið sprungið. Í viðbótarskýrslu ökumannsins segir að hann hafi ekið á 50 km hraða á klst. og ekið á A. Hann hafi ekki séð A koma og ekki náð að hemla.

V2 hefur hafnað bótaskyldu. Í bréfi V2 til lögmanns M, dags. 11. desember 2020, segir að það sé afstaða félagsins að það sé ósannað að atvikið hafi orsakast með þeim hætti sem lýst er í tjónstilkynningum. Í bréfi V2 til úrskurðarnefndar segir að bóta sé krafist úr ábyrgðartryggingu B en því sé haldið fram í gögnum málsins að B hafi verið ekið aftan á A á gatnamótum Vesturvarar og Hafnarbrautar í Kópavogi. M, sem er eigandi A, hafi ekki verið aðili að hinum meinta árekstri samkvæmt þeim tjónstilkynningum sem liggja fyrir í málinu. Það sé afstaða félagsins að fyrirbyggjandi gögn feli ekki í sér sönnun á atvikum líkt og þeim er lýst í málskoti. Telji félagið því ósannað að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B.

Álit.

Einu gögnin sem liggja fyrir í málinu varðandi umræddan árekstur er sameiginleg tjónstilkynning ökumanna ásamt viðbótarupplýsingum þeirra beggja. Af þessum gögnum verður ekki ráðið að tjón á bifreiðunum hafi orðið með öðrum hætti en þar er lýst, þ.e. að ökumaður B hafi ekki náð að virða biðskyldu gagnvart umferð á Vesturvör með þeim afleiðingum að framendi B rakst í hægri hlið A í þeirri andrá þegar henni var ekið eftir Vesturvör áleiðis yfir gatnamótin.

Af fyrirbyggjandi bréfum V2 má ráða að félagið hafni bótaskyldu þar sem það telji að atvik sem hafi leitt til tjóns á bifreiðunum hafi verið önnur en frá er greint í fyrirbyggjandi gögnum. Ekki er útskýrt frekar á hverju V2 byggir þessa afstöðu sína og hún er ekki studd neinum gögnum. Við svo búið er ekki unnt að taka tillit til þessarar afstöðu V2 við úrlausn málsins.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skiptist tjón á ökutæki sem hlýst af árekstri þeirra í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Eins og atvik liggja fyrir samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður B hafi ekki virt biðskyldu. Ekki verður talið að efni sé til að fella sök á ökumann A. Því beri að leggja alla sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðarinnar B.

Reykjavík, 23. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 2/2021**M og****V v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans X****Skaðabótaskylda löggilts fasteignasala vegna sölu á húseign á árinu 2016.****Gögn.**

Málskot mótttekið 4. janúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 1. febrúar 2021.

Bréf lögmanns M til nefndarinnar dags. 5. febrúar 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði í byrjun árs 2016 til fasteignasalans X varðandi sölu á fasteign hans. Hinn 10. febrúar 2016 barst M tilboð í fasteignina sem hann samþykkti daginn eftir. Í september 2017 barst M síðan kröfubréf frá kaupendum fasteignarinnar um að krafist væri afsláttar og/eða skaðabóta vegna ætlaðra galla á fasteigninni. M féllst ekki á slíkar kröfur og höfðu kaupendur í kjölfarið mál gegn M og var hann dæmdur til greiðslu ríflega 6,7 milljóna króna auk vaxta og dráttarvaxta með dómi héraðsdóms Reykjaness dag. 3. maí 2019. Dómnum var áfrýjað til Landsréttar og hinn 27. mars 2020 var M sýknaður af kröfum kaupendanna með dómi í máli nr. 393/2019, en málskostnaður milli aðila var látinn falla niður á báðum dómstigum. Áfrýjunarleyfi fyrir Hæstarétti fékkst ekki.

M telur sig hafa orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni af hálfu X og sundurliðast krafa hans um skaðabætur með fjárhæð málskostnaðarreikninga hans sjálfs við meðferð málsins á öllum dómstigum. Röksemdir M byggjast á því að í dómi Landsréttar hafi komið fram að söluyfirlit hafi ekki verið undirritað af hálfu M og að texti í söluyfirlitinu um að aðilar hefðu kynnt sér söluyfirlitið gæti því ekki haft neina þýðingu og þannig geti það ekki verið grundvöllur ákvörðunar kaupenda við kaup á fasteigninni. Einnig vísar M til þess að í dómi Landsréttar hafi komið fram að ekki væri hægt að taka mið af framburði fasteignasalans vegna umfjöllunar um mögulega viðbótarlöd fasteignarinnar, vegna mögulegrar skaðabótakröfu á fasteignasalann sjálfan. M bendir á ákvæði laga um sölu fasteigna nr. 70/2015 og ákvæði þeirra um skyldur fasteignasala við sölu fasteigna, sbr. 10., 11., 12. og 15. og 16. gr. laganna, sem og ákvæði um skaðabótaskyldu í 27. gr. laganna. M telur að X hafi brugðist þessum skyldum við sölumeðferð fasteignar hans og hafi það leitt til málshöfðunar kaupenda sem M hafi haft kostnað af.

V hefur hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X og telur að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli þess tjóns sem M vill fá bætt og saknæmrar háttsemi fasteignasalans X og hefur einnig mótmælt því að hægt sé að gera sjálfstæða kröfu í ábyrgðartryggingu sem sé til komin vegna kostnaðar við að halda uppi vörnum fyrir dómstólum og að slíkar kröfur séu afleiddar og einungis greiddar sem fylgikröfur annars tjóns. Einnig telur V ósannað að X hafi sýnt saknæma háttsemi við sölumeðferð fasteignar M, ekki hafi aðrar upplýsingar komið fram í söluyfirliti heldur en þær sem stöfuðu frá M sjálfum og hann hafi ekki gert nokkrar athugasemdir við það, þrátt fyrir mýmörg tækifæri til, t.d. við undirritun kaupsamnings þar sem komi fram að báðir aðilar hafi kynnt sér efni söluyfirlits. Einnig telur V að tjón M hafi fyrnst sumarið 2020 þar sem þá hafi verið 4 ár liðin frá því M fékk upplýsingar um tjón sitt. V telur aukinheldur að þó sýnt væri fram á mögulega saknæma háttsemi X þá séu engin orsakatengsl milli þess tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir og þeirrar háttsemi X. V telur ekki koma fram í dómsmálinu milli M og kaupenda að háttsemi X hafi ein og sér leitt til höfðunar þess dómsmáls heldur hafi þar ástand fasteignarinnar spilað aðalhlutverk.

Lögmaður M gerir sérstakar athugasemdir við afstöðubréf V til nefndarinnar og telur ekki ljóst að M hafi átt þess kost að áfrýja sérstaklega til Hæstaréttar ákvörðun um málskostnað. Einnig telur hann ljóst að skýrt orsakasamband sé milli háttsemi X og þess tjóns sem M hafi orðið fyrir þar sem málsgrundvöllur kaupenda hafi að nær öllu leyti byggt á efni söluyfirlits sem M hafi ekki skrifað undir og án þess hefði mál kaupenda við M ekki komið til. Einnig er þarna bent á upphaf fyrningar geti ekki verið fyrr en í fyrsta lagi við dóm Landsréttar í lok mars 2020 því þá hafi M fyrst verið ljóst tjónið.

Álit

Ágreiningur í málinu snýr í fyrsta lagi að því hvort X, sem löggiltur fasteignasali, hafi sýnt saknæma háttsemi við sölumeðferð fasteignar M á árinu 2016, en óumdeilt er að kaupendur fasteignarinnar höfðuðu mál á hendur M vegna ætlaðra galla á fasteigninni og lauk þeim málaferlum með dómi Landréttar í máli 393/2019 hinn 27. mars 2020.

Til þess að til bótaskyldu geti komið úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala verður í fyrsta lagi að vera ljóst að skilyrði skaðabótaréttar um skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Í því felst að M verður að sýna fram á

að um saknæma háttsemi hafi verið að ræða og að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirrar saknæmu háttsemi. Í gögnum málsins, þ.á.m. dómi héraðsdóms Reykjaness og sérstaklega í fyrrnefndum dómi Landsréttar, er ekki fjallað sérstaklega um mögulega skaðabótaskyldu X eða frekar um þá mögulegu saknæmu háttsemi sem hann gæti hafa sýnt við sölumeðferð fasteignar M. Þó málatilbúnaður kaupenda fasteignarinnar hafi m.a. byggt á því að ekki hafi komið fram réttar upplýsingar í söluyfirliti af hálfu M og að niðurstaða Landsréttar hafi verið sú að ekki yrði á söluyfirlitinu byggt þar sem ekki væri sýnt að M hefði undirritað það, verður það tjón sem M telur sig hafa orðið fyrir allt eins rakið til þess að málatilbúnaði kaupenda fasteignar M hafi verið háttað með þeim hætti sem honum var háttað. Verður því ekki talið sýnt fram á að næg orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi sem X sýndi við gerð söluyfirlits vegna fasteignar M eða sölumeðferð hennar og þess að kaupendur fasteignar M hafi höfðað mál gegn M vegna ástands fasteignarinnar. Verður því, þegar af þeirri ástæðu, ekki fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Reykjavík, 23. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 4/2021

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 30. maí 2019.**Gögn.**

Málskot, dags. 04.01.2021, ásamt fylgiskjölum 1-9.

Bréf V, dags. 19.01.2021, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. maí 2019 hafi bifreiðin B sem M var farþegi í lent í árekstri við A sem hafi verið ekið í hliðina og aftan á B. M sem var gengin 28 vikur leitaði samdægurs á bráðamóttöku, og í bráðamóttökuskrá er þess getið að M sé með væga verki í aftanverðum hálsi, og að væg þreifiefmsli séu yfir vöðvum hægra megin posteriori á hálsi en hún hafi rekið hnakkann í bakpúða bílsætisins við áreksturinn. Við mæðraskoðun hinn 3. júní 2019 hafi M svo sagt frá umræddum árekstri og að hún væri með verki í höfði og hálsi. Við komu til læknis hinn 19. júlí 2019 hafi M lýst því að hún hefði verið slæm í höfði og hálsi frá því að áreksturinn átti sér stað. Hafi M svo haft samband við heilsugæslustöð hinn 13. maí 2020 og kvartað vegna svefnvandamála sem hafi verið viðvarandi frá umræddu atviki. Við komu til heimilislæknis hinn 22. maí 2020 hafi M enn kvartað yfir höfuðverk og svefnvandamálum sem hún reki til atviksins. M telur þessi gögn sýna fram á að einkenni hafi komið í ljós strax eftir áreksturinn en M hafi áður verið heilsuhraust og ekkert liggja fyrir um fyrri stoðkerfiseinkenni. Því eigi M rétt til bóta vegna líkamstjóns úr lögbundinni ábyrgðartryggingu A. Með tölvupóst, dags. 8. júní 2020, hafnaði V kröfu M með vísan til þess að gögn um áreksturinn bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hefði hlotist af honum. M er ósammála þeirri afstöðu og vísar til þess að svokölluð PC-Crash skýrsla sem váttryggingafélag afli einhliða hafi afar takmarkað sönnunargildi. Þá geti líkamleg einkenni vissulega komið fram eftir vægan árekstur og eigi M að njóta vafans hvað það varðar og fá að gangast undir læknisfræðilegt mat á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993, en V hafi hafnað því að hlutast til um frekari gagnaöflun.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að ljósmyndir af ákomu á B bendi til þess að um afar vægan árekstur hafi verið að ræða og samkvæmt upplýsingum í PC-Crash skýrslu virðist höggkrafturinn hafa verið mun minni en við að setjast á stól. Þá virðist læknisfræðileg gögn takmörkuð og engin matsgerð liggja fyrir er sýni fram á varanleg einkenni M. Því séu ekki orsakatengsl milli umrædds árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðjist búa við.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 30. maí 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að afar lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M.

Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að við komu á bráðamóttöku hinn 30. maí 2019, hafi M verið „aðeins aum í aftanverðum hálsi“ og með væg þreifiefmsli á hálsi, en ekki liggur fyrir önnur áverkagreining frá þeim tíma. Fjórum dögum síðar, við mæðraskoðun hinn 3. júní 2019, kvartaði M svo yfir verkjum í hálsi og höfði en virðist ekki hafa verið skoðuð sérstaklega með tilliti til þess. Við komu til læknis hinn 19. júlí 2019 lýsti M því svo að hún hafi verið slæm í hálsi og höfði allt frá árekstrinum, en ekki er í vottorði getið um frekari skoðun eða læknisfræðilega greiningu þeirra einkenna. M hafði svo samband við hjúkrunarfræðing 28. apríl 2020 og aftur hinn 13. maí sama ár, vegna svefnvandamála, og í öðru þessara símtala komu höfuðverkir M til tals. Þá liggur fyrir að M hafi hitt lækni hinn 22. maí 2020 og þá vísað til þess að hún hafi fengið hnykk aftan á hálsinn við áreksturinn, sé slæm í hálsi og með verki sem hafi áhrif á svefn. Var henni þá vísað til sjúkrahjálfunar og ávísuð vöðvaslakandi lyf. Liggur ekkert fyrir um frekari komur M til læknis, en fyrirliggjandi er yfirlýsing frá sjúkrahjálfara, dags. 4. janúar 2021, þar sem segir að M hafi komið 13 sinnum í sjúkrahjálfun frá 4. september 2020. Í yfirlýsingunni er ekki að finna nánari lýsingu á einkennum M,

batahorfum eða framgangi meðferðarinnar. Af ofangreindu verður ekki séð að neinar sérstakar rannsóknir hafi farið fram á einkennum M, og virðist að mestu leyti byggt á lýsingum hennar sjálfar. Liggja því ekki fyrir myndgreiningar eða önnur slík gögn, né mat lækna á orsakatengslum umrædds árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag. Samkvæmt framansögðu er ekki sýnt fram á orsakatengsl milli einkenna M nú og árekstrarins. Verður kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. febrúar 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 5/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort skerða beri bætur vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.1.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 22.1.2021.

Málsatvik.

Aðfaranótt laugardagsins 2. nóvember 2019 var M farþegi í bifreiðinni A er hún valt á Selvogsgrunni í Reykjavík. Í vettvangsskýrslu lögreglu um atvikið kemur fram að A hafi verið ekið á kyrrstæða bifreið í götunni og síðan oltið og hafnað á hvolfi. M og ökumaður A hafi verið á gangstéttinni við bifreiðina í annarlegu ástandi. Ökumaðurinn hafi verið með mjög útvíkkaða augasteina, óeðlilega miklar kjálkahreyfingar, þurr í munni og þvoglumæltur. M hafi verið þvoglumæltur, rásandi í spori, þurr í munni og með útvíkkaða augasteina. Sökum ástands þeirra hafi ekki verið hægt að kynna fyrir þeim að þeir væru handteknir vegna gruns um akstur undir áhrifum ávana- og/eða fíkniefna né heldur reyndist unnt að gera þeim grein fyrir að þeir nytu réttarstöðu sakborninga. Báðir voru fluttir á slysadeild til skoðunar. Á leið þangað var haft eftir ökumanni A að hann hafi tekið nokkuð magn kókaíns og hann væri búinn að vaka í nokkra daga. Hann hafi ekki vitað hvar þeir voru staddir þegar slysið varð. Á slysadeild sofnuðu þeir báðir og voru því óviðræðuhæfir þar til þeir voru fluttir á lögreglustöð til vistunar eftir lækniþesskoðun.

Um hádegisbil á slysdegi var tekin framburðarskýrsla af M. Hann kvaðst ekki hafa hugmynd um hvort ökumaður A hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna við aksturinn. Hann kvað þá hafa verið að koma frá Olís í Glæsibæ á leið að sækja vinkonu hans. Hann mundi ekki hvaða leið þeir fóru. Hann kvaðst ekki hafa hugmynd á hvaða hraða A hafi verið ekið eða hvernig það atvikaðist að A valt. Þá kvaðst hann ekki muna eftir að A hafi verið ekið á aðra bifreið þar sem þetta hafi gerst svo snögg. Aðspurður hvort hann hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna kvaðst hann hafa verið á lyfjunum sínum. Við bilveltuna kvaðst hann hafa meiðst í andliti.

Á sama tíma var einnig tekin framburðarskýrsla af ökumanni A. Hann kvaðst hafa verið undir áhrifum kókaíns og amfetamíns. Hann kvað þá hafa verið að koma frá Hagkaup eða Olís, en vissi ekki hvert þeir voru að fara eða hvaða leið þeir höfðu ekið. Hann vissi heldur ekki hversu hratt hann ók né hvernig það atvikaðist að A valt.

Blóðsýni var tekið úr M og ökumanni A til rannsóknar á magni áfengis og ávana- og fíkniefna í blóði þeirra. Samkvæmt tveimur matsgerðum Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, dags. 22. nóvember 2019, mældist í blóði annars þeirra alprazolam 14 ng/ml, amfetamín 335 ng/ml, kókaín 35 ng/ml og metamfetamín 105 ng/ml. Í blóði hins mældist alprazolam 25 ng/ml, amfetamín 345 ng/ml, klónazepam 23 ng/ml, kókaín 150 ng/ml og metamfetamín 30 ng/ml. Um amfetamín, kókaín og metamfetamín segir í báðum matsgerðum að efnin séu í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil séu á íslensku forráðasvæði. Því teljist ökumaður hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýni var tekið, sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum (sbr. nú 1. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sem í gildi voru er slysið varð). Áfengismagn í blóði mældist hjá hvorugum þeirra.

M hefur krafist bóta vegna þeirra meiðsla sem hann varð fyrir úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur fallist á bótaskyldu en telur að skerði beri bætur um 2/3 hluta þar sem hann hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að þiggja far með ökumanni undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Álit.

Samkvæmt 1. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns, en þó má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef hann telst óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja, sbr. 6. mgr. 48. gr. og ef ávana- og fíkniefni mælast í blóði ökumanns telst hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

Þegar litið er til fyrirliggjandi matsgerða verður að telja að engum vafa sé undirorpið að ökumaður A hafi verið undir áhrifum verulegs magns af amfetamíni og kókaíni. Líkamlegt ástand ökumannsins þegar

lögregla kom á vettvang tekur enn fremur af öll tvímæli að ökumaðurinn var undir miklum vímuefnaáhrifum og við skýrslutöku síðar á slysdegi vissi hann ekkert um ferðir sínar eða hver hafi verið tildrög slyssins. Samkvæmt gögnum málsins þykir komin fram fullnægjandi sönnun að ökumaðurinn var með öllu óhæfur til að aka A umrætt sinn. Það átti ekki að geta dulist M hvert ástand ökumannsins var að þessu leyti. Engu að síður þáði hann far með honum. Það verður ekki virt M til afsökunar í þessu efni þótt hann hafi sjálfur verið undir áhrifum vímuefna og dómgreind hans skert af þeim sökum. M sýndi háttsemi sem verður virt honum til stórkostlegs gáleysis með því að hafa þegið far með ökumanninum umrætt sinn. Að öllu virtu og með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 þykir rétt að bætur úr ábyrgðartryggingu A skerðist um 2/3 hluta. Að sama skapi telst hann því eiga rétt á bótum að 1/3 hluta úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 1/3 hluta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 6/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar hitaveitu X****Skaðabótaábyrgð vegna lokunar hitavatslagnar í desember 2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 4. janúar 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 20. janúar 2021, ásamt tjonstilkynningu dags. 12. desember 2019, höfnunarbréfi dags. 2. október 2020 og umsögn veitunnar og fleiri gögn frá henni.
Tölvupóstur M, dags. 25. janúar 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa orðið fyrir tjóni þegar X lokaði skyndilega fyrir heitt vatn í húsnæði fyrirtækisins 12. desember 2019. M lýsir því annars vegar að tjón hafi orðið á snjóbræðslulögn og hins vegar að málningarviðgerð hafi þurft að endurvinnna. Gerð hefur verið krafa um bætur í ábyrgðartryggingu X hjá V en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

M telur að tjón þess megir rekja til þess að fyrirvaralaust hafi verið lokað fyrir heitt vatn þrátt fyrir að bilun í lögn hafi verið um langa hríð. M telur að X hefði getað upplýst betur og með lengri fyrirvara um lokunina þannig að fyrirtæki og aðrir gætu gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón. M telur að umrædd lokun sé ekki hægt að rekja til óviðráðanlegra breytinga á þrýstingi þar sem sérstaklega hafi verið tekin ákvörðun um að loka fyrir heitt vatn. M telur einnig að tilkynningar inn á heimasíðu sveitarfélagsins sem rekur X eða á facebook-síðu þess hafi ekki verið fullnægjandi. M telur að það verklag að láta sérstaklega vita um fyrirhugaða lokun, annað hvort með heimsóknum starfsmanna X í iðnaðarhúsnæði eða með sms-skilaboðum hafi ekki verið í heiðri haft í greint sinn og einfalt hefði verið loka fyrir rennsli í snjóbræðslulögn í greint sinn hefði M vitað af fyrirhugaðri lokun.

V telur takmörkuð gögn liggja fyrir um meint tjón M. Auk þess telur V að hið meinta tjón verði ekki rakið til háttsemi starfsmanna X heldur til þess að búnaður M hafi verið ófullnægjandi. V vísar til tæknilegra tengiskilmála hitaveitna, sbr. auglýsingu nr. 890/2012 þar sem komi fram í gr. 6.1.5 að hitaveita beri ekki ábyrgð á því ef búnaður notenda verði fyrir frostskegndum í kjölfar tímabundins rofs á þjónustu. V telur að notendur eigi alltaf að geta átt von á því að tímabundið rof verði á afhendingu á heitu vatni og þannig verði að ganga frá t.d. snjóbræðslulögnum með þeim hætti að þær þoli það að lokað sé fyrir heitt vatn. Einnig vísar V til reglugerðar um X nr. 202/2005 þar sem komi fram í 11. gr. að óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni heita vatnsins séu án ábyrgðar hitaveitunnar. Einnig telur V að tilkynnt hafi verið um þrýstingsfall með fullnægjandi hætti og að X beri ekki skaðabótaábyrgð á meintu tjóni M.

Álit

Í málinu er ágreiningur um hvort sýnt hafi verið fram á tjón á snjóbræðslulögn og hvort það tjón megi rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Í málinu liggur fyrir minnisblað frá starfsmanni X dags. 2. október 2020 varðandi gang málsins. Þar kemur fram að í júlí 2019 hafi stofnlögn farið að leka, en þó ekki þannig að það hafi þurft að loka fyrir hana. Hinn 20. nóvember 2019 hafi síðan viðgerð hafist með því að stofnleiðsla hafi verið tekin úr rekstri. Það hafi haft óveruleg áhrif á þrýsting þar sem hitastig hafi verið yfir frostmarki. Því hafi síðan lokið 12. desember 2019 og þá hafi verið hafist handa við lagfæringu á stofnæð sem ekki hafi verið í rekstri síðan 20. nóvember sama ár. Í sama minnisblaði kemur fram að hinn 12. desember 2019 hafi starfsmenn X orðið varir við að þeir héldu ekki uppi þrýstingi vegna kólnandi veðurs og þá hafi stærri notendur X verið látnir vita sérstaklega og um kl. 16 þann dag hafi verið send út tilkynning um þrýstifall. Í minnisblaðinu kemur síðan fram að sú aðferð sem notuð hafi verið til að tilkynna lokanir á þessum tíma hafi kannski ekki náð til allra og verklag hafi breyt eftir þetta þannig að send séu sms-skilaboð í alla skráða síma á svæðinu og settar inn tilkynningar bæði á heimasíðu sveitarfélagsins sem og hverfasíður.

Af ofangreindu verður ekki annað ráðið en að aðstæður sem voru uppi hinn 12. desember 2019 hafi verið þess eðlis að starfsmenn X hafi séð ástæðu til að láta stórnotendur heita vatnsins í sveitarfélaginu vita sérstaklega þannig að hægt væri að gera ráðstafanir og sérstaklega hafi verið tilkynnt á heimasíðu og facebook-síðu um þær aðstæður. Af því verður ekki annað ráðið en að sérstök ástæða hafi verið til að láta vita sérstaklega um umræddar aðstæður, sérstaklega þar sem ekki var um tímabundnar truflanir á þrýstingi að ræða heldur hafi kerfi X ekki haldið uppi nokkrum þrýstingi frá 12.-16. desember 2019, en ekki verður annað lesið út úr þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu. Við þessar aðstæður verður að líta svo á að meiri

líkur en minni eru fyrir því að M hefði getað gert sérstakar ráðstafanir vegna þessa ef tilkynning hefði verið send út með fullnægjandi hætti og að verklagi hafi verið breytt eftir á. Aukinheldur liggur fyrir að verklagi vegna tilkynninga hafi verið breytt eftir umrætt atvik. Þó ekki liggi fyrir nákvæmar upplýsingar um fjárhæð tjóns M verður að líta svo á að með framlögðum reikningi frá pípulagningarfyrirtæki hafi verið sýnt fram á að M hafi þurft á aðstoð að halda vegna snjóbræðslukerfis. Ekki er fjallað um fjárhæð tjónsins af hálfu nefndarinnar en fallast verður á að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hitaveitu X hjá V.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 7/2021

M og

**V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
Ágreiningur um miskabótakröfu vegna umferðarslyss.****Gögn.**

Málskot dags. 05.01.2021 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Bréf V dags. 13.01.2021.

Málsatvik.

Að morgni hins 15. september 2019 varð árekstur með bifreiðum A, sem X ók, og B, sem M ók umrætt sinn, á Borgarfjarðarbraut við Grjóteyri. Varð M fyrir líkamstjóni við áreksturinn og farþegi í bifreið A lést. Í skýrslutöku hjá lögreglu sagði X að hann hafi ekið á um 75-85 kílómetra hraða á klukkustund og verið með rúðupurrkurnar í gangi, en mikil rigning og vindur hafi verið. B hafi svo komið á móti honum og hafi hann ekki séð hana fyrr en of seint, en hún hafi verið að koma niður brekku og úr beygju. Þegar hann hafi séð B hafi hann reynt að hemla en það hafi ekki dugað til að forða árekstri. Hann hafi, vegna vindhviðu, misst bifreið sína yfir á öfugan vegarhelming.

Í málskoti kemur fram að ekki sé í raun deilt um atvik sem slík. M telji hins vegar að vindhraði hafi ekki verið slíkur að bifreiðarnar hafi fokið til vegna hans, en A hafi „sikk sakkað“ á veginum í aðdraganda árekstrar. Ekki hafi verið um að ræða eina vindhviðu sem feykt hafi A til á veginum heldur hafi X augljóslega átt fullt í fangi með að aka bifreiðinni yfirleitt og ekki hagað akstri sínum í samræmi við aðstæður. Hafi því reynslu- og aðgæsluleysi X valdið slysinu, en hann hefði einfaldlega ekki átt að aka við þessar aðstæður réði hann ekki við það. Telur M því að X hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi við aksturinn sem hafi valdið henni skaðabótaskyldu tjóni og fer hún því fram á miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

V hafnar þeirri kröfu á grundvelli þess að það að missa bifreið yfir á rangan vegarhelming verði ekki sjálfkrafa metið öikumanni til stórfellds gáleysis heldur verði að meta háttsemi hans, huglæga afstöðu og allar aðstæður. Beri öll gögn málsins með sér að orsök slyssins hafi verið sú að X hafi misst stjórn á bifreiðinni vegna sterkrar vindhviðu, og sé það niðurstaða lögreglu og Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Ekki sé unnt að byggja niðurstöðu á einhliða túlkun M á aksturslagi X, enda hafi bifreiðarnar mæst með mjög stuttum fyrirvara, auk þess sem ekki sé útilokað að A hafi tekið meiri vind á sig en B og það sé ástæða þess að X tókst ekki að halda stjórn á henni. Svo gáleysi teljist stórfellt þurfi það að vera á mjög háu stigi og fela í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt er. Ekki sé sýnt fram á að svo hafi verið í þessu tilviki og séu skilyrði fyrir greiðslu miskabóta því ekki uppfyllt.

Álit:

Svo miskabótakrafa M, skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, komi til álita þarf hún að sýna fram á að X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til líkamstjóns hennar. Svo krafa M verði tekin til greina þarf háttsemi X því að fela í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt má telja. Af gögnum málsins er ljóst að áreksturinn má rekja til þess að A fór yfir á öfugan vegarhelming en það eitt og sér felur ekki í sér stórkostlegt gáleysi. Samkvæmt fyrirliggjandi álitserð Veðurstofu Íslands voru sterkustu vindhviður undir Hafnarfjalli á þessum tíma 26,3 metrar á sekúndu og uppsöfnuð úrkoma milli kl. 10 og 12 á Hvanneyri 0,7 millimetrar. Vegna nálægðar við fjöll hafi úrkoma líklega verið töluvert meiri við Grjóteyri og vindhviður trúlega meiri. Þó ekki virðist þannig til staðar nákvæmar veðurmælingar á slyssað má þannig byggja á því að vindhraði í hviðum hafi verið töluverður. Þá var rannsókn lögreglu á meintum brotum X á 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hætt og má ráða af þeim gögnum sem liggja fyrir um þau málalok að ekki hafi legið fyrir að ökuhraði A hafi verið gáleysislega mikill. Þá liggur fyrir að X var hvorki undir áhrifum áfengis né fíkniefna við aksturinn. Verður því samkvæmt framansögðu að byggja á því að vindhviða hafi leitt til þess að X missti stjórn á A og hún fór yfir á öfugan vegarhelming. Er því ekki sýnt fram á að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og verður því að hafna kröfu M um miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 9. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 8/2021**M og****V vegna slystryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A****Ágreiningur um skerðingu bótaréttar á grundvelli stórfellds gáleysis ökumanns.****Gögn.**

Málskot, dags.05.01.2021, ásamt fylgiskjölum 1-9.

Bréf V, dags. 19.01.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, um hádegisbil hinn 25. desember 2019, ekið A á vegrið á Reykjanesbraut við Stapabeiði. M hafi slasast við atvikið og glími enn við afleiðingar þess. Í tjónstilkynningum M til V, dags. 6. janúar 2020 og 3. febrúar 2020 komi fram að M hafi misst stjórn á bifreiðinni vegna hálfu á veginum og hún hafnað utan vegar. Í lögregluskýrslu, sem rituð hafi verið um tíu dögum eftir slysdag, komi hins vegar fram að M hafi sagst vera þreyttur við aksturinn og sofnað undir stýri. Á grundvelli þess hafi V, með bréfi dags. 3. febrúar 2020 tilkynnt M um að bótaréttur hans úr slysatryggingu ökumanns A hafi verið skertur um helming vegna stórfellds gáleysis M, og hafi háttsemi hans strítt gegn 1. og 2. mgr. 44. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og 11. gr. skilmála vátryggingarinnar. M mótmælir þessari afstöðu og telur skilyrði til bótaskerðingar á grundvelli 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki uppfyllt. M hafni því að hann hafi sofnað, en fyrri framburð þess efnis megi væntanlega rekja til tungumálaörðugleika, og telji að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni vegna hálfublettar á veginum. Jafnvel þó M hefði ekið þreyttur á slysdegi verði ekki sjálfkrafa litið svo á að um stórfellt gáleysi sem leiði til skerðingar bóta hafi verið að ræða heldur þurfi heildstætt mat á atvikum að koma til og beri V alla sönnunarbyrði fyrir stórkostlegu gáleysi svo og orsakatengslum þess og slyssins. Því sé ekki til að dreifa hér enda telji M um óhappatilvik vegna hálfu að ræða. M hafi hvorki verið undir áhrifum fíkniefna né áfengis við aksturinn. Vísar M jafnframt til dómaframkvæmdar Hæstaréttar varðandi það að gáleysi þurfi að vera á afar háu stigi svo það teljist stórkostlegt og leiði til skerðingar bóta. Fallist nefndin hins vegar á það með V að skerðing bóta sé heimil sé helmingsskerðing í öllu falli úr hófi og vísar M til dóms Hæstaréttar 3. nóvember 2011 í máli nr. 689/2019 því til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í lögregluskýrslu dags. 3. janúar 2020 og í bráðamóttökuskra dags. sama dag sé vísað til þeirrar lýsingar M á atvikum að hann hafi sofnað undir stýri. Sú skýring að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni vegna hálfu sé ótrúverðug, enda komi hún fyrst fram eftir að hann leitaði til lögmanns og samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi engin hálfka verið á veginum. M hafi því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að aka bifreið þegar hann var ófær til þess vegna þreytu og svefnleysis. Hafi M því verið valdur að slysinu af stórkostlegu gáleysi og séu bætur til hans því skertar um helming með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga og 2. mgr. 21. gr. almennra vátryggingarskilmála félagsins.

Álit.

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga þegar um persónutryggingar aðrar en líftryggingar er að ræða. Við úrlausn á því hvort skerðing sé heimil skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Eins og fram kemur í málskoti er haft eftir M í lögregluskýrslu vegna atviksins að hann hafi verið þreyttur og sofnað undir stýri, við það hafi hann misst stjórn á bifreiðinni og hafnað utan í vegriði. Í bráðamóttökuskra, dags. 3. janúar 2020, kemur einnig fram að M hafi sofnað undir stýri. Það er því fyrst í tilkynningu til V, dags. 6. janúar 2020, sem fram kemur að M hafi misst stjórn á bifreiðinni sökum hálfu. Samkvæmt lögregluskýrslu var veður þurr og færð sömuleiðis, en engar frekari veðurfarslýsingar liggja fyrir nefndinni. Verður því ekki talið að tilefni sé til að líta framhjá atvikalýsingu eins og hún kemur fram í lögregluskýrslu, sem er frumgagn í málinu, og verður því byggt á því að M hafi verið þreyttur við aksturinn og sofnað undir stýri. Verður þar af leiðandi að telja, sbr. 1 og 2. mgr. 44. gr. þágildandi umferðarlaga, að M hafi verið svo á sig kominn vegna svefnleysis að hann hafi ekki verið fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Er því, með vísan til fyrrgreindrar 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, heimilt að lækka ábyrgð félagsins. Með hliðsjón af atvikum málsins þykir þó hæfilegt að bætur til M verði skertar um 1/3 hluta og hann beri því 1/3 hluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá V en skerða skal bætur til hans um 1/3 hluta.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 9/2021**M og
V v/ lausafjártryggingar.****Kvörtun vegna starfshátta V í tengslum við meðhöndlun bótakröfu.****Gögn.**

Málskot mótttekið 04.01.2021 ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir V, dags. 29. janúar 2021.
Bréf V dags. 05.02.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Einhvern tímann á tímabilinu 17.–20. september 2020 var, samkvæmt upplýsingum úr lögregluskýrslu dags. 23. september 2020, brotist inn í bifreið í eigu M og verkfærum, auk annarra muna, stolið úr henni.

Í málskoti gerir M athugasemdir við starfshætti V í tengslum við meðferð á kröfu hans um bætur úr váttryggingu hans hjá V. Þannig hafi hann fengið misvísandi og rangar upplýsingar um ýmis atriði, t.d. um að honum yrði útvegaður bílaleigubíll, sem honum hafi síðar verið sagt að hann þyrfti sjálfur að greiða fyrir. Þá hafi V upphaflega hafnað bótakröfu hans þar sem hinir stolnu munir hefðu ekki verið keyptir af fyrirtæki hans. Þá hafi V tjáð honum að váttryggingin tæki ekki til munarþjófnaðar úr bifreið. Enn fremur hafi V haldið því fram að váttryggingin næði aðeins til þjófnaðar á verkfærum en ekki öðrum munum og ekki tekið gild þau gögn sem M framvísaði til sönnunar á verðmæti munanna. Telur M viðskiptahætti V ólögmeta og óheildarlega og fer fram á að nefndin meti þau gögn sem hann leggi fram og kveði á um lögleg og siðleg málalok á ágreiningi aðila.

Í síðara bréfi sínu til nefndarinnar tekur M fram að V hafi greitt honum bætur að upphæð 900.000 kr. Hins vegar vilji hann halda máli sínu til streitu fyrir nefndinni þar sem hann telji viðskiptahætti V ekki í samræmi við lög, og sé í vafa um að hann hafi fengið sanngjarnar bætur í samræmi við þá skilmála sem gildi um váttryggingar þær sem hann hafi keypt af V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi tilkynnt tjón sitt í lausafjártryggingu sína hjá V. Framan af hafi M neitað að afhenda kvittanir vegna hinna stolnu muna, en eftir að ný gögn hafi borist hafi V bætt M tjónið. Samkvæmt váttryggingarskírteini lausafjártryggingar M hjá V sé váttryggingarfjárhæð 1.000.000 kr. og eigin áhætta 10%. M hafi fengið fullar bætur í samræmi við það, eða 900.000 kr. Að öðru leyti beri M sönnunarbyrði fyrir ásökunum sínum í garð V og sé þeim alfarið hafnað.

Álit:

Samkvæmt 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í síðara bréfi sínu til nefndarinnar fer M m.a. fram á afstöðu nefndarinnar til þess hvort hann hafi fengið bætur í samræmi við skilmála váttryggingar sinnar hjá V. Fyrirliggjandi er váttryggingarskírteini fyrir lausafjártryggingu M hjá V, en svo virðist sem ágreiningur aðila hvað bótagreiðslur varðar hafi aðeins tekið til þeirrar váttryggingar. Þar kemur fram að váttryggingarfjárhæð vegna innbrotþjófnaðar- og ránstryggingar sé 1.000.000 kr., en jafnframt að sjálfsábyrgð sé 10%, að lágmarki 33.100 kr., en að hámarki 330.600 kr. Fyrir liggur, og greinir aðila ekki á um það, að M hefur fengið 900.000 kr. greiddar úr váttryggingunni og verður því að líta svo á að hann eigi ekki frekari bótarétt úr henni.

Hvað varðar umkvartanir M vegna upplýsingagjafar af hálfu V, þá er nokkuð óljóst hvaða kröfur hann gerir í tenglum við þær eða hvort hann telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna meintrar vanrækslu V að þessu leyti. Í 12. gr. b. laga um váttryggingarsamninga er kveðið á um að váttryggingafélag skuli sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar. Engin frekari gögn um samskipti þau sem M kvartar undan fylgdu málskoti hans til nefndarinnar og er því ekki sýnt fram á að V hafi brotið gegn ákvæðum lögum um váttryggingarsamninga við meðferð máls M. Ber því að hafna kröfu hans hvað þetta varðar.

Jafnframt virðist M byggja á því að vinnubrögð V hafi ekki verið í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Ekki eru heldur lögð fram, af hálfu M, nein gögn er styðji þær fullyrðingar en rétt er að benda á að það er Fjármálaeftirlitið sem er eftirlitsstjórnvald með lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, en þar er, í 9. gr., að finna áskilnað um að váttryggingastarfsemi skuli rekin í samræmi við eðlilega og heilbrigða starfshætti, og fellur ágreiningur þar að lútandi því utan við starfssvið

nefndarinnar, sbr. og a-lið 4. gr. samþykktá hennar. Er umkvörtunum M hvað þetta varðar því vísað frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. áðurnefndra samþykktá fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Niðurstaða.

M hefur þegar fengið fullar bætur úr lausafjártryggingu sinni hjá V. Kröfu M vegna starfshátta V hvað varðar upplýsingagjöf til hans er hafnað. Að öðru leyti er máli þessu vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík 23. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 11/2021**M og
V v/ ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Garðskagavegi hinn 1. júlí 2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 07.01.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 22.01.2021 ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Hinn 1. júlí 2020 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B. Samkvæmt lögregluskýrslu sem gerð var um atvikið, dags. 2. júlí 2020, sagði M að B, sem var fyrir framan hana á veginum, hafi hægt mikið á sér og nánast verið stopp. Þegar hún hafi ætlað framúr hafi B verið beygt í veg fyrir hana. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi hægt á sér og nánast verið stopp til að beygja frá vinstri frá Garðskagavegi í átt að Leirunni, þegar A hafi keyrt í veg fyrir hann á vinstri akrein. Þá er haft eftir B að hann muni ekki hvort hann hafi gefið stefnuljós. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var 1/3 hluti sakar lagður á ökumann A fyrir að gæta ekki nægilega að sér við framúrakstur. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur í málskoti fram að fullbrotin lína hafi verið á veginum og framúrakstur því heimill. B hafi ekki gefið stefnuljós og ekið í veg fyrir A án nokkurrar aðvörunar, en ekki sé rétt haft eftir M í lögregluskýrslu að B hafi nánast verið stopp. B hafi ekið hægt og M því ekið fram úr honum, á hæfilegum hraða og með fyllstu aðgæslu. Þá hafi það ekki getað farið framhjá B að A var á eftir honum. Beri B því fulla sök á árekstrinum.

V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi gerir ekki sérstakrar athugasemdir vegna málsins.

Álit:

Af lýsingu á atvikum að dæma verður að byggja á því að B hafi hægt á ferð sinni vegna fyrirhugaðrar vinstri beygju. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber ökumanni sem hyggst beygja á vegamótum að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra og m.a. gæta sér í lagi að umferð sem á eftir kemur. Óumdeilt er að á vettvangi var fullbrotin miðlína á veginum og gefur það til kynna að framúrakstur sé heimill enda sé fyllstu varúðar gætt. Ökumaður sem hyggur á framúrakstur skal og gæta að ákvæðum 23.–25. gr. umferðarlaga, og huga að því að unnt sé að aka fram úr öðru ökutæki án hættu, sbr. 2. mgr. 23. gr. Verður að telja að hvorugur ökumanna hafa umrætt sinn sinnt nægilega þeim aðgæsluskyldum sem á þeim hvíldu við þessar aðstæður og ber því að skipta tjóni í hlutfalli við sök þeirra, sbr. 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Verður sök því skipt þannig að A beri 1/3 hluta sakar fyrir ógætni við framúrakstur og B beri 2/3 hluta sakar fyrir að hafa ekki gengið nægilega úr skugga um að unnt væri að beygja til vinstri án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra.

Niðurstaða.

A ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri og B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík 2. mars 2021
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 12/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs þann 14.10.2020.****Gögn.**

Málskot mótttekið 7.1.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1 dags. 22.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti M er atvikum lýst á þann veg að þann 14.10.2020 hafi M verið að aka bifreiðinni B eftir Gufunesvegi þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið hans. Í tjónstilkynningu M til V2, dags. þann sama dag, er atvikum einnig lýst á þá leið að bifreiðinni A hafi verið ekið aftan á bifreið hans með þeim afleiðingum að tjón varð á afturljósum, afturstuðara og skotti bifreiðarinnar. Þá segir í málskoti M að hann hafi haft samband við lögreglu, sem ekki hafi komið á vettvang.

M hefur krafist bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V1 vegna tjónsins sem hlaust á bifreiðinni B. Byggir M á því að skv. 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 skuli eigandi ökutækis bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Telur M að þar sem um var að ræða aftanákeyrslu falli tjón M undir lagaákvæðið.

V1 hefur hafnað bótaskyldu úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A á þeim grundvelli að um hafi verið að ræða sviðsettan árekstur. Vísar V1 m.a. til skýrslu sem það lét fyrirtækið Aðstoð og Öryggi (AÖ) vinna fyrir sig um málið. Þar komi fram að hluti þess tjóns sem er á bifreiðinni A, þ.e. tjón á vélarhlíf, stemmi ekki við ákomur á bifreiðinni B og að á afturstuðara bifreiðarinnar B megi sjá tvær ákomur, eftirprent af númeraplötu bifreiðarinnar A. Telur V1 að ákomurnar stangist verulega á við framburð M af málsatvikum og að ljóst sé að ekki hafi verið ekið aftan á bifreiðina tvisvar af slysi. Vísar V1 enn fremur til þess að skv. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar megi lækka eða fella niður bætur ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur af tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

M hafnar því alfarið að áreksturinn hafi verið sviðsettur og telur skýrslu AÖ um málið ekki hafa neitt sönnunargildi. Bendir M á að henni hafi verið aflað einhliða og án þess að gefa M færi á að koma að athugasemdum. Þá vísar M til þess að báðar bifreiðarnar séu komnar til ára sinna og því ljóst að á þeim geti verið eldri ákomur og að M geti ekki borið til um ástand eða fyrri ákomur bifreiðarinnar A.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort M, eigandi bifreiðarinnar, B, eigi bótarétt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Hefur tryggingafélagið V1 hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni með vísan til þess að framburður M um orsök árekstursins sé ótrúverðugur með hliðsjón af gögnum málsins og að áreksturinn hljóti að hafa verið sviðsettur.

Gögn málsins benda til þess að árekstur hafi orðið með bifreiðunum A og B, og er það í raun óumdeilt. Hins vegar er deilt um það með hvaða hætti áreksturinn varð, þ.e. hvort. Enn fremur er deilt um það hvort bifreiðarnar hafi lent saman einu sinni eða tvisvar.

Af gögnum málsins verður að teljast nægjanlega sannað að árekstur hafi orðið með bifreiðunum A og B vegna aftanákeyrslu. Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu verður hins vegar ekki fullyrt að um sviðsettan árekstur hafi verið að ræða. Enn fremur er ljóst að samkvæmt 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess og að samkvæmt 5. gr. laganna ber að skipta tjóni sem hlýst af árekstri ökutækja í réttu hlutfalli við sök þeirra sem eiga hlut að máli. Þá kemur fram í 1. mgr. 8. gr. laganna að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis skuli vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá váttryggingarfélagi og er félagið greiðsluskylt gagnvart tjónþola skv. 1. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 8. gr. Hafi váttryggingarfélag greitt bætur skv. 8. gr. getur félagið þó eignast endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Í máli þessu liggur ekki annað fyrir en að bifreiðinni A hafi verið ekið aftan á bifreiðina B. Með hliðsjón af framangreindum reglum laga um ökutækjatrýggingar ber V1 því að bæta eiganda B það tjón sem sannanlega varð á bifreiðinni við áreksturinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 13/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Takmörkun á ábyrgð vátryggingafélags vegna umferðarslyss 1. júní 2018.****Gögn.**

Málskot móttakið 7. janúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bref V til nefndarinnar, dags. 22. janúar 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var farþegi í bifreiðinni X þegar henni var ekið of hratt aftur á bak þannig að hún lenti upp á gangstétt og utan í kanti. Í ljós komi á vettvangi að ökumaður bifreiðar X var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og sýnir matsgerð lögreglu að svo hafi verið en ekki greindist áfengi í blóði eða þvagi ökumannsins. M var farþegi í aftursæti bifreiðarinnar og var ekki í öryggisbelti og hlaut líkamsmeiðsli þegar hún skall utan í annan farþega.

M telur að hún eigi rétt á fullum bóttum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X þar sem ekki sé sýnt að henni hafi verið kunnugt um ástand ökumanns bifreiðarinnar X. M hafi ekki vitað annað en ökumaðurinn væri fær um að aka bifreiðinni og ekki liggi fyrir skýrsla af henni sjálfri um atvikið. M mótmælir því að hafa tekið sér vísvitandi far með bifreiðinni vitandi af vímuefnaástandi ökumannsins og hafi háttsemi hennar því ekki falið í sér það verulega frávik frá því sem eðlilegt er til að geta talist stórkostlegt gáleysi.

V vísar til þess að matsgerð lögreglu hafi sýnt talsvert magn efna í blóði ökumanns. V telur sýnt af gögnum málsins að M hafi mátt vita um það ástand ökumannsins og vísar um það til frásagnar lögreglumanna af ástandi hans á vettvangi og þess að henni sjálfri hafi mátt vera kunnugt um einkenni vímuefnaneyslu sökum hennar eigin reynslu af slíkri notkun. Einnig telur V aukið gáleysi af hennar hálfu að hafa ekki spennt öryggisbelti við þessar aðstæður. V telur að takmarka eigi rétt M til bóta um 2/3 hluta heildartjóns hennar og vísar um það til þágildandi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ágreiningur sé um ástand ökumanns bifreiðar X þegar M slasaðist en af beggja hálfu er vísað til matsgerðar lögreglu um magn fíkniefna í blóði hans. Gögnum málsins fylgja engar sjálfstæðar skýrslur af M sjálfri um aðdraganda þess að hún þiggur far með ökumanni bifreiðarinnar, hvorki þær að hún hafi ekki vitað af því, né því að hún hafi ekki vitað af því. Frásögn lögmans í málskoti dugar ekki til sönnunar á því að M hafi engan veginn verið ljóst ástand hans, þegar engar skýrslur liggja fyrir af henni. Þegar gögn málsins eru hins vegar virt í heild verður ekki annað ráðið en M hafi mátt vera ljóst að ökumaður bifreiðar X hafi verið undir áhrifum vímuefna þegar hún tók sér far með bifreiðinni, að ekkert kemur fram um að þau hafi ekki þekkt eða samskipti þeirra hafi verið þannig að hún hafi ekki getað gert sér grein fyrir ástandinu. Því til viðbótar telst tjónið hafa orðið meira þar sem M spennti ekki á sig öryggisbelti við aksturinn. Verður því talið sannað að M hafi verið meðvöld að tjóni sínu vegna stórkostlegs gáleysis og á hún rétt til bóta sem nemur helmingi af heildartjóni hennar.

Niðurstaða.

M á rétt á bóttum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X en ábyrgð V takmarkast við helming af heildartjóni.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 14/2021**M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar lögmanna A og B****Ágreiningur um skaðabótaskyldu lögmanna vegna innheimtu kröfu.****Gögn.**

Málskot mótttekið 8.1.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 1.1.2021, ásamt fylgiskjali nr. 1.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 22. júní 2017 hafi M fallið á línuskautum með þeim afleiðingum að hún brotnaði illa á úlnlið. Þá kemur fram að hún taldi sig ekki hafa fengið rétta meðferð hjá heilbrigðiskerfinu í kjölfar slyssins. Í framhaldinu hafi hún því leitað til lögfræðistofunnar X til að kanna með rétt sinn vegna meintra læknastaka. Samkvæmt M bentu lögmenn stofunnar henni á að mögulega ætti hún ætti einnig bótarétt vegna sjálfs slyssins. Þann 13. september 2017 hafi hún því gefið lögmönnum stofunnar umboð bæði til að sækja kröfur vegna meintra læknastaka og aðrar kröfur sem hún kynni að eiga vegna slyssins. Er umboðið orðað með eftirfarandi hætti:

„[...]fullt umboð til að gæta hagsmuna minna gagnvart hverjum þeim sem málið kann að beinast að vegna frítímaslyss sem ég varð fyrir 22. júní 2017 þegar ég datt á línuskautum [...].

Í umboðinu kemur einnig fram að öðrum lögmönnum stofunnar X er veitt samskonar umboð til að gæta hagsmuna M. Gögn málsins bera með sér að lögmennirnir tilkynntu slysið í heimilistryggingu M og að uppgjör hafi farið fram úr þeirri tryggingu þann 26.7.2019. Gerðu lögmennirnir A og B hins vegar enga kröfu fyrir hönd M í slysatryggingu launþega.

M hefur krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu lögmanna A og B hjá V á þeim grundvelli að þeir hafi valdið henni fjártjóni, þar sem þeir hafi vanrækt að gera kröfu fyrir hennar hönd í slysatryggingu launþega. Vísar M til þess að þegar slysið varð hafi hún verið verkstjóri hjá tilteknu fyrirtæki og að kjör hennar hafi verið skv. kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Sambands stjórnenda, sem gilti frá 1. maí 2015 til 31. desember 2018. Þá vísar M til þess að á grundvelli kjarasamningsins hafi hún átt bótarétt vegna slysa í frítíma. Gerði M kröfu í slysatryggingu launþega árið 2020 en kröfunni var hafnað af tryggingafélaginu, með bréfi dag. þann 15. október 2020, á þeim grundvelli að rúmt ár væri liðið frá stöðugleikapunkti og að bótaréttur M væri því niður fallinn með vísan til 124. gr. laga nr. 30/2006.

V hefur hafnað kröfu M á þeim grundvelli að um hafi verið að ræða slys í frítíma og að hlutverk lögmanna skv. umboði hafi verið að sækja bætur fyrir M vegna frítímaslyss úr frítímaslysatryggingu M. Umboðið hafi hins vegar ekki náð til þess að sækja bætur úr slysatryggingu launþega. Í þessu sambandi vísar V til þess að starf M hafi ekki gefið til kynna að hún væri með slysatryggingu launþega í frítíma, eins og t.d. á við um opinbera starfsmenn. Þá hafi M ekki upplýst lögmennina um að hún væri með slíka tryggingu. Telur V því að háttsemi lögmanna geti ekki talist saknæm með hliðsjón af því hvers var sanngjarnt að ætlast til af þeim.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að M leitaði til lögmanna vegna meintra læknastaka. Þá kemur fram í málskoti M að lögmennirnir hafi upplýst M um að hún kynni einnig að eiga bætur vegna slyssins á öðrum forsendum, þ.e. úr slysatryggingum. Hafi því orðið úr að M hafi undirritað umboð til lögmanna til innheimtu bóta, bæði vegna meintra læknastaka og úr þeim slysatryggingum sem hún gæti átt bótarétt úr. Renna gögn málsins, orðalag umboðsins og sú staðreynd að lögmennirnir tilkynntu tjónið í heimilistryggingu M stöðum undir þessa frásögn M. Verður því að líta svo á að umboðið hafi byggt á samkomulagi/verksamningi milli M og lögmanna um að þeir myndu sækja bætur fyrir hennar hönd í slysatryggingar hennar, hvaða nafni sem þær nefnast.

Við mat á því hvort lögmennirnir hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við störf sín fyrir M verður að líta til þess að lögmenn eru sérfræðingar í innheimtu bóta og að um þá gilda reglur um sérfræðiábyrgð. Í því fellst að gera verður ríkari kröfur til þeirra en ella. Með hliðsjón af framangreindu að teknu tilliti til þess að lögmennirnir höfðu umboð frá M til að innheimta bætur vegna slyssins verður að líta svo á að almennt hafi M mátt gera þær kröfur til þeirra að þeir myndu kanna hvort slysatrygging hennar sem launþega næði einnig til slysa í frítíma. Þar sem fyrir liggur að lögmennirnir gerðu það ekki verður jafnframt að teljast sannað að

þeir hafi sýnt af sér vanrækslu við störf sín. Þá liggur fyrir að vanræksla þeirra að þessu leyti leiddi til þess að M hlaut fjártjón af. M á því bótarétt úr starfsábyrgðartryggingu lögmanna A og B hjá V.

Niðurstaða.

M á bótarétt úr starfsábyrgðartryggingu lögmanna, A og B hjá V.

Reykjavík, 23. febrúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur StefánMartinsson lögfr..

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 15/2021

V vegna ábyrgðartryggingar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á líkamsræktarstöð.**Gögn.**

Málskot dags. 10.01.2021 ásamt fylgiskjölum 1-9.

Bréf V dags. 22.01.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. febrúar 2019 hafi M verið við æfingar í líkamsræktarstöðinni A, þegar handfang á tæki sem hún var við æfingar á slitnaði af tækinu með þeim afleiðingum að hún féll aftur fyrir sig á gólfið. M tilkynnti A strax um slysið og er ekki deilt um atvik að baki því sem slík.

Í málskoti er vísað til þess að M hafi verið aum í baki og rassi eftir umrætt atvik. Hinn 22. apríl 2019 hafi M svo aðeins snúið upp á sig og þá „gerðist eitthvað í bakinu“ og hafi M verið óvinnufær frá 22. apríl til 13. maí 2019. Hún hafi fyrst fundið fyrir verki í mjóbaki en síðan hafi verkjaleiðni verið frá rassi og oft niður í hné og stundum niður í ökkla. M hafi leitað til læknis hinn 9. maí 2019 og aftur 22. maí 2019, og hafi hún fengið áverkavottorð og beiðni í sjúkrahjálfun. Vegna þessa hafi M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 9. júlí 2020, á þeim forsendum að M hafi ekki sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem hún reki til þess. M er ósammála þeirri afstöðu og tekur í málskoti fram að fyrir umrætt slys hafi hún aldrei glímt við bakverki, eða þurft að leita til sjúkrahjálfa. Þá liggja fyrir yfirlýsing heilsunuddara um meðferð M eftir umrætt slys en á tímabilinu frá maí 2019 og fram til janúar 2020 hafi M greitt fyrir 30 nuddtíma. Séu einkenni þau sem hún býi við því að rekja til umrædds slyss.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi fyrst leitað til læknis vegna einkenna sem hún reki til slyssins um þremur mánuðum eftir að það átti sér stað, og hafi ekki minnst á slysið eða slík einkenni þegar hún hafði samband við lækni hinn 7. mars 2019. M hafi fyrst fundið verulega fyrir einkennum sem hún reki til slyssins hinn 22. apríl 2019 og séu einkenni hennar almenns eðlis og hrjái fjölmarga án þess að slys hafi komið til. Þá liggja ekki fyrir ítarlegt vottorð bæklunarlæknis eða örorkumat sem staðfesti orsakatengsl milli slyssins og einkenna M. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum leitaði M fyrst til læknis vegna einkenna sem hún rekur til umrædds atviks hinn 9. maí 2019. Er einkennum hennar lýst svo að verkur hafi farið batnandi en komið aftur tveimur vikum fyrir komu til læknis, og sé verkurinn yfir lendarhrygg hægra megin með leiðni í rasskinn en sé að ganga til baka. Hinn 22. maí 2019 leitaði M aftur á heilsugæslu vegna bakverkja, og lýsti þá svipaðri sögu, en einnig því að frá 10. maí 2019 hafi verkjaleiðni aukist. Þá kemur fram að M hafi verið óvinnufær frá 22. apríl 2019 til 13. maí sama árs. Í tölvupósti M til viðkomandi læknis, dags. 22. maí 2019, kemur jafnframt fram að hinn 22. apríl 2019 hafi M verið „aðeins að snúa uppá“ sig og þá hafi eitthvað gerst í bakinu og hafi hún verið „freakar ónýtt“ síðan. Þá liggur fyrir beiðni um sjúkrahjálfun, dags. 22. maí 2019, þar sem fram kemur að M segist hafa verið aum í baki og rassi eftir slysið, svo versnað frá 22. apríl 2019, og búin að vera slæm síðan. Þá leitaði M til læknis hinn 7. október 2019 og var þá enn með einkenni frá baki. Samkvæmt myndgreiningu, dags. 10. október 2019, greindist M með slítbreytingar en brot eða önnur áverkamerki greindust ekki. Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að M leitaði ekki læknisaðstoðar vegna þeirra einkenna sem hún tengir við umrætt atvik fyrr en tæplega þremur mánuðum eftir að það átti sér stað. Þá liggur ekki fyrir læknisfræðilegt mat á orsökum núverandi einkenna hennar. Enn fremur liggur fyrir lýsing M sjálfra á því að „eitthvað hafi gerst“ í baki hennar rúmlega tveimur mánuðum eftir umrætt slys, en ekki liggur fyrir hvað það var eða hvort það tengist beint því atviki. Í tilvikum sem þessum er það tjónþola að sýna fram á orsakatengsl milli atviks og líkamlegra einkenna sem hann telur að af því hafi hlotist. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið, á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, að M hafi tekist slík sönnun og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 16/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys 30. janúar 2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 11. janúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 3. febrúar 2021, ásamt afriti af tölvupóstsamskiptum V og X og útdrætti úr leigusamningi.

Málsatvik.

Í gögnum málsins, þ.á.m. lögregluskýrslu og skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, kemur fram að M hafi slasast á höfði þegar rennihurð í vörumóttöku fór á höfuð hans. Í niðurstöðu rannsóknar Vinnueftirlitsins kemur fram að slys hans megi rekja til þess að ástandi innkeyrsluhurðar í vörumóttöku verslunar sem M starfaði hjá hafi verið ábótavant, þ.e. mikið slitin af notkun. Einnig er bent á að skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum liggi ekki fyrir.

M telur að X, eigandi húsnæðisins, beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hans vegna vanbúnaðar rennihurðar þeirrar sem M vann við. M telur að X hafi brotið gegn fyrirmælum laga nr. 46/1980 og reglugerða og reglna um húsnæði vinnustaða og hollustuhætti og hafi borið að hafa umrædda rennihurð í lagi. Einnig bendir M á að rík skylda hvíli á X sem eiganda húsnæðis og leigusala, skv. húsaleigulögum nr. 36/1994, sem og ákvæða í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

V telur að X, sem leigusali húsnæðis þess sem M starfaði í, beri ekki ábyrgð á líkamstjóni M þar sem starfsmenn X hafi ekki vitað um ástand rennihurðarinnar, auk þess sem leigusamningur sýni að leigutaki, vinnuveitandi M, hafi borið viðhaldsskyldur í þeirra samningsbandi, sbr. ákvæði 6.03, 8. og 9. gr. umrædds leigusamnings.

Álit

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að X sem eigandi og leigusali húsnæðis þess sem M starfaði í þegar hann slasaðist, hafi samið þannig við leigutaka að hinn síðarnefndi hefði tiltekna viðhaldsskyldur vegna húsnæðisins. Af gögnum málsins verður engan veginn ráðið að leigutaki hafi upplýst X um ástand rennihurðarinnar eða að X hafi mátt vera um það kunnugt. Verður af þeim sökum ekki talið sannað að X geti borið skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og því hefur ekki stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 17/2021

M og

V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.

Ágreiningur um hvort árekstri hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi sem skerði bótarétt.**Gögn.**

Málskot, móttakið 10.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.1.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis 31. júlí 2019 mun M hafa orðið fyrir meiðslum er hún ók bifreið sinni, A austur Vesturlandsveg í átt að hringtorgi á gatnamótum Blikastaðavegar og Úlfarsfellsvegar og lenti í árekstri við tvær bifreiðir. Í skýrslu lögreglu um slysið er haft eftir vitni, vinkonu M sem sat í hægri framsæti A við hlið M, að hún hafi verið að ræða við M er M hafi skyndilega dottið út eins og hún hafi verið að fá einhvers konar flog og hafi hún séð hvíta froðu koma úr munnviki hennar. Er hún sá að M hafi verið að beina A til vinstri hafi hún tekið í stýrið og beint bifreiðinni til hægri. Við það hafi M orðið mjög reið en svo hafi hún dottið alveg út og síðan hafi A verið ekið utan í tvær bifreiðir sem hafi verið ekið í sömu átt.

M var flutt á slysa- og bráðadeild Lanspítalans. Þar hafði lögregla tal af M. M kvaðst ekki muna neitt eftir atvikinu nema að hún hafi orðið reið þegar vinkona hennar tók í stýrið en síðan hafi hún alveg dottið út. M blés í áfengismæli og reyndist niðurstaða vera 0,00%. Lögreglumönnum fannst eins og M væri „lyfjuð“, hún hafi verið sljóg og áttavillt með samandregna augasteina. Hún hafi fengið kippi í andlitið sem hafi ýtt enn frekar undir grun þeirra um að mögulega væri hún undir áhrifum vímuefna eða lyfja. Aðspurð kvaðst M ekki hafa verið búin að taka inn nein lyf eða eiturlyf. Í þágu rannsóknar málsins voru tekin fjögur blóðsýni til rannsóknar.

Samkvæmt rannsóknnum sem framkvæmdar voru á slysa- og bráðadeild við komu M þangað reyndist í þvagprufum vera jákvæð svörun (pos.) fyrir amfetamíni, kókaíni og benzo. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, dags. 3. september 2019, mældust í blóði M 255 ng/ml af amfetamíni. Segir í matsgerðinni að efnið sé í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil séu á íslensku yfirráðasvæði. Ökumaður teljist því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar blóðsýni var tekið, sbr. 2. mgr. 45. gr. a þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum.

Í kjölfar slyssins gekkst M undir rannsóknir á höfði og í sjúkraskrá þann 16. ágúst 2019 er skráð að daginn fyrir slysið hafi hún drukkið áfengi og hafa fengið sér nokkra sopa af bjór áður en hún keyrði. Þá kveðst hún taka amfetamínskyllt lyf vegna ADHD, en neiti kókaínneyslu. Í bréfi sérfræðilæknis til M sama dag kemur fram að M hafi farið í segulómun af höfði sem sýni hnút í heilahimnum (meningioma) í sjónberkinum. Líklegt sé að þessi hnútur sé stór hluti fyrir floginu og sjóntruflunum sem hún hafi lýst. Hún hafi einnig farið í heilarit sem ekki hafi sýnt flogabreytingar.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að M hafi verið undir verulegum og miklum áhrifum fíkniefna við aksturinn og hafi því verið óhæf með öllu til að stjórna ökutækinu örugglega. Hún hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn umrætt sinn og því beri að fella niður bótarétt hennar.

Álit.

Vitni, vinkona M sem sat í framsæti við hlið M, lýsti tildrögum slyssins á þann veg að M hafi dottið út eins og hún væri að fá flog. Við læknisrannsókn eftir slysið greindist M með hnút í heilahimnum (meningioma) í sjónberkinum sem að álitu sérfræðilæknis hafi líklega að stórum hluta valdið flogakastinu. Ekki verður fram hjá því horft að flogakastið, sem að öllum líkindum orsakaðist að stærstum hluta af téðum hnút í heilahimnum, varð þess valdandi að M missti stjórn á A með þeim afleiðingum að A rakst á tvær aðrar bifreiðir.

Þá er enn fremur ljóst að nokkurt magn amfetamíns reyndist vera í blóði M. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 40/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006 um breytingu á þeim, sem í gildi voru á slysdegi, mátti enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann var undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Mældist ávana- og fíkniefni skv. 1. mgr. í blóði eða þvagi ökumanns taldist hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. sömu gr. Af þessu leiðir að M var að lögum óhæf til að stjórna A örugglega. Þá háttsemi M að stjórna A undir þessum kringumstæðum verður að virða til stórkostlegs gáleysis.

Þegar um slysatryggingu er að ræða má samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Hið sama á við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki útilokað að það magn amfetamíns sem greindist í blóði M hafi átt einhvern þátt í því ásamt þeim hnút sem síðar greindist í heilahimnum í sjónberkinum að hún missti stjórn á A vegna flogakastsins. Engin gögn liggja á hinn bóginn fyrir um það hver þáttur amfetamínsins hafi nákvæmlega verið í því að M missti stjórn á A. Eins og málið liggur fyrir verður að telja að ekki sé sannað að hnúturinn í heilahimnunni hafi verið einasta orsök þess að slysið varð og amfetamín í líkama M kunni einnig að hafa verið meðverkandi orsök. Verður að telja að M hafi sönnunarbyrði um að svo hafi ekki verið. Þá sönnunarbyrði hefur M ekki axlað og verður að telja að slysið megi jafnframt rekja til þess að M var undir áhrifum amfetamíns sem verður, eins og fyrr segir, að virða henni til stórkostlegs gáleysis. Slysið varð síðdegis á fjölförnum vegi þegar vænta má talsverðrar umferðar. Að gögnum málsins virtum og aðstæðum öllum þykir rétt af þessum sökum að skerða rétt M til bóta að helmingi og eigi því að sama skapi rétt til bóta að helmingi úr slysatryggingu þeirri sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 18/2021**M og
V1 v/ fasteignatryggingar M sjálfs og
V2 v/ húseigendatryggingar X****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns.****Gögn.**

Málskot mótttekið 14.1.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V1 dags. 28.1.2021.
Bréf V2 dags. 26.1.2021.
Bréf M dags. 31.1.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt M keypti hann íbúð í fjölbýlishúsi í desember 2020. Varð hann að sögn var við raka og bólur á málningu í baðherbergi fljótlega eftir kaupin. Þá kveður hann að við nánari skoðun hafi einnig komið í ljós að flísar voru farnar að losna auk þess sem rakaskemmdir hafi verið í innréttingu. Þar sem fyrri eigandi íbúðarinnar hafi enn verið með í gildi virka tryggingu hjá V1 þegar tjónið uppgötvaðist hafi fyrri eigandi tilkynnt tjónið í sínar tryggingar. Þá segir að M að skoðun tjónaskoðunarmanns frá V1 hafi leitt í ljós að lekinn stafaði af því að við notkun, X, íbúa á næstu hæð fyrir ofan, hafi lekið upp úr niðurfalli og niður í íbúð M. Var tjónið því jafnframt tilkynnt í tryggingar X hjá V2. Gerir M þá kröfu að tjónið verði bætt úr tryggingum V1 og/eða V2.

V1 telur ekki um að ræða lagnaleka heldur leka sem stafar af því að þegar niðurfallið yfirfyllist leki með þéttingu þar sem gólfefni mætir niðurfallinu. Telur V1 um að ræða bilun frá búnaði séreignar og að því sé ekki um að ræða sameiginlegt lagnatjón á ábyrgð allra eigenda, heldur sé um að ræða tjón vegna stíflu í niðurfalli sem X, íbúi efri hæðar, ber sjálfur ábyrgð á að losa. Telur V1 því að ábyrgð tjónsins liggja hjá X og að tryggingar X eigi að taka til tjónsins.

V2 telur um að ræða leka frá sameiginlegri lögn í skilningi 44., sbr. 6. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. V2 telur tjónið þó rakið til langvarandi raka eða vatnsleka og hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæða ábyrgðartryggingarinnar um að vátryggingin taki ekki til tjóna sem rakin verða til langvarandi raka eða vatnsleka.

Álit.

Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð að því leyti að ekki liggja fyrir myndir af tjóninu eða niðurfallinu sem um ræðir. Af gögnum málsins virðist þó óumdeilt að um er að ræða leka frá gegnumstreymisniðurfalli. Er því t.a.m. lýst í tjónstilkynningu að niðurfall hafi verið lélegt og að X hafi passað sig að láta ekki renna of lengi í vaskinn vegna hættu á að það flæddi upp úr niðurfallinu. Þá kemur fram í gögnum málsins að áður hafi lekið upp úr niðurfallinu og þá hafi verið kallaður til fagaðili sem losaði stíflu. Sá aðili hafi enn fremur upplýst X um að ef niðurfallið stíflaðist hefði það þær afleiðingar að það flæddi upp úr því og niður með ónýtum gömmu hring sem ætti að koma í veg fyrir að vatn leki úr niðurfallinu.

Að teknu tilliti til framangreinds er ljóst að um er að ræða atvik sem gerst hefur áður. Hins vegar verður ekki fullyrt út frá gögnum málsins að um sé að ræða tjón af völdum langvarandi leka eða raka. Þá verður ekki annað ráðið en að um sé að ræða leka sem rakin verður til bilunar í sameiginlegum lögnum fjöleignarhússins.

Samkvæmt 52. gr. laga um fjöleignarhús er húsfélag ábyrgt gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum vegna tjóns sem rekja má til bilunar á búnaði sameignar og sameiginlegra lagna. Húsfélagið ber því hlutlæga ábyrgð gagnvart M þar sem tjónið stafar af bilum á búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt, sbr. 3. tölul. 52. gr. Samkvæmt 56. gr. laga um fjöleignarhús eru húsfélög í öllum fjöleignarhúsum í krafti ákvæða laganna og ekki þarf að stofna þau sérstaklega eða formlega. Allir eigendur og aðeins þeir eru félagsmenn í húsfélagi viðkomandi fjöleignarhúss. Verður því að telja að umræddar vátryggingar V1 og V2 taki til hlutlægrar bótaábyrgðar vátryggðs á grundvelli lögbundinnar aðildar þeirra að slíku húsfélagi. Í vátryggingarskilmálum V1 er sérstaklega tekið fram í gr. 18.2 að bótaskylda úr ábyrgðarlið vegna sameiginlegrar ábyrgðar bætist aðeins í samræmi við eignarhlut vátryggðs. Þannig takmarkast bótaskylda V1 við hann sjálfan sem vátryggðan úr þeirri vátryggingu. Þar sem aðilar geta samkvæmt meginreglum skaðabótaréttarins ekki orðið skaðabótaskyldir gagnvart sjálfum sér stofnast því ekki til bótaréttar úr ábyrgðarlið Fasteignatryggingar V1

vegna málsins. Hvað varðar húseigendatryggingu V2 og vátryggingarskilmála þeirrar vátryggingar er ekki vísað til sambærilegs ákvæðis heldur gr. 17.9 þar sem kemur fram að vátryggingin bæti ekki tjón vegna langvarandi raka. Ekki hefur verið sýnt fram á það með nægilega skýrum hætti af hálfu V2 og verður því ekki byggt á því undanþáguákvæði. M á því fullan bótarétt úr ábyrgðarlið Húseigendatryggingar V2.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V2.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 19/2021**M og
V vegna ökutækisins A****Ágreiningur um skerðingu bóta.****Gögn.**

Málskot, dags. 14.01.2021 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 23.02.2021 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins voru málsatvik með þeim hætti að 24. október 2019 var M að aka bifreiðinni A vestur Kjóavelli við Keflavíkurflugvöll þegar bifreiðinni B var ekið af bifreiðastæði inn á akbrautina. Í lögregluskýrslu segir M að hún hafi skyndilega séð bifreiðina B koma inn á akbrautina og hafi hún ætlað að fara fram úr B en þá séð að annar bíll var að koma og á móti þannig að hún hafi farið utan í B með þeim afleiðingum að hún missti stjórn á A sem hafnaði á malarplani utan við akbrautina.

M fékk bætur úr slysatryggingu ökumanns A vegna afleiðinga slyssins en V skerti bæturnar um 1/3. Við ákvörðunina leit V til þess að M starfaði á tjónsdegi hjá bílaþjónustufyrirtæki og var að aka A, bifreið sem hún þekkti ekki, á vegum fyrirtækisins. Þar sem M hafi verið með tæplega árs gömul ökuréttindi og þekkti ekki til bifreiðarinnar hefði hún að mati félagsins átt að gæta sérstakrar varkárni við aksturinn. Þá var litið til þess að fyrirtækið Aðstoð & öryggi (A&Ö) hafi lesið árekstrargögn úr A þar sem fram kom að 4,5 sekúndur liðu frá því að A var komin á beinan kafla og ekki stigið á fóthemil fyrir en 0,5 sekúndum fyrir áreksturinn. Einni sekúndu fyrir áreksturinn hafi hraðinn verið 90 km/klst. en hámarkshraði á veginum sé 50 km/klst.

B fer fram á fullar bætur á þeim grundvelli að V hafi sent tilkynningu um skerðingu of seint þar sem hún hafi ekki komið fyrir en 15. janúar 2020 en M hafi sent tilkynningu og umboð til félagsins 20. nóvember 2019. Tjónanefnd váttryggingafélaganna hafi tekið ákvörðun í málinu 10. desember 2019 eða rúmum mánuði fyrir. Tilkynningar eigi að senda án ástæðulauss dráttar skv. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ella glati félagið rétti til þess að bera fyrir sig atviki, sbr. 2. mgr. 94. gr. laganna. Þá liggi sönnunarbyrði um að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi hjá V og það verði að gera ríkar kröfur til sönnunar atvika sem leiða eigi til skerðingar bótaréttar vegna líkamstjóns í umferðarslysum. Ekki liggi fyrir gögn sem sýna fram á stórkostlegt gáleysi þar sem skýrslu A&Ö var einhliða aflað af V og geti því ekki haft þýðingu í málinu. M hafi verið að reyna að koma í veg fyrir árekstur með því að aka fram úr bifreiðinni B sem kom fyrirvaralaust inn á Kjóavelli og hafi því aukið ökuhraðann til þess eins að forðast árekstur.

Álit.

Ekki er unnt að fallast á það með M að V hafi sent tilkynningu um skerðingu of seint skv. 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Félagið fékk öll gögn í hendurnar þar með talda ákvörðun tjónanefndar 10. desember 2010. Ætla verður félaginu ákveðin umþóttunartíma og ekki verður litið svo á að félagið hafi dregið að senda tilkynningu svo lengi að það hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig atvikin, sbr. 2. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Það liggur fyrir að M var ungur ökumaður á tjónsdegi og starfaði fyrir bílaþjónustufyrirtæki á Keflavíkurflugvelli þar sem hún ók bifreiðum í eigu annarra aðila. Það var því tilefni fyrir hana að gæta sérstakrar varkárni við aksturinn. Hámarkshraði á Kjóavöllum er 50 km/klst. Samkvæmt lögregluskýrslu sér M bifreiðina B skyndilega og ætlaði sér að aka fram úr henni en fer utan í hana og missir stjórn á A. Samkvæmt gögnum málsins og verksummerkjum á staðnum var M á mikilli ferð og langt umfram leyfilegan hámarkshraða þegar hún lendir á B og er það metið sem stórkostlegt gáleysi. Með vísan til atvika allra og ungs aldurs M þykir eðlilegt að meta skiptingu sakar þannig að hún beri sjálf 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

M skal bera 1/3 hluta sakar vegna bóta úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 20/2021

M og

V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar BSakarskipting vegna áreksturs strætisvagna við Hlemm 28. desember 2020.**Gögn.**

Málskot mótttekið 14. janúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 29. janúar 2021, ásamt upptökum úr myndavélum bifreiðar A.

Bréf V1, dags. 8. febrúar 2021, ásamt tjönstilkynningu og áliti Tjönaneftndar
váttryggingafélaganna í máli nr. 366/20.

Málsatvik.

Í tjönstilkynningu kemur fram að árekstur varð með strætisvögnunum A og B við Hlemm þannig að strætisvagninum A var ekið á undan strætisvagninum B og hliðarspegill og vinstra framhorn B lenti í hægri hlið A. Ökumaður A kvaðst hafa ekið frá hægri akrein og beygt til hægri inn á Rauðarárstíg í víðri beygju þegar hann heyrði skruðninga við áreksturinn. Ökumaður B kveðst hafa ekið af stað og verið að taka hægri beygju inn á Rauðarárstíg og stoppað og þá hafi áreksturinn orðið, hann kveðst hafa ætlað að skjóta sér til hægri inn á Rauðarárstíg þegar áreksturinn varð. Nefndin skoðaði myndefni úr strætisvagninum A þar sem sést vel að sá er á undan inn á Rauðarárstíg að bíða eftir grænu umferðarljósi þegar B er ekið hægri megin með A og áreksturinn verður þegar A er ekið af stað á gegn grænu umferðarljósi.

M telur að ökumaður A eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið á B kyrrstæðan. M vísar til þess að það sé grunnregla við akstur stórra bifreiða að ökumenn líti í hliðarspegla áður en þeir aki af stað og áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður A gerði það ekki. Einnig bendir M á að A hafi ekki verið með stefnumerki til hægri og þannig hafi ökumanni B ekki verið ljóst að A yrði ekið í hægri beygju en ekki beint áfram.

V1 telur að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið án aðgæslu frá biðstöð strætisvagna og þannig ekið gegn háttænisreglum í 21. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 varðandi aðgát við biðstöðvar og forgang þeirra sem eru á akbraut. V1 telur að ökumaður B hafi átt að veita ökumanni A færi á að aka áfram án þess að hindra för hans með því að aka að hægri hlið hans.

V2 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A fyrir að hafa ekki gætt að annarri umferð eða tekið hægri beygju frá hægri brún akbrautar þegar hann ók af stað úr kyrrstöðu í kyrrstæðan strætisvagn B.

Álit.

Nefndin hefur farið yfir það myndefni sem lagt var fyrir nefndina vegna málsins. Af því og öðrum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að strætisvagninum B hafi verið ekið á eftir strætisvagninum A og þannig við biðstöð strætisvagna upp að hægri hlið A, sem var þá kominn inn á Rauðarárstíg. Þar sem verið er að aka frá biðstöðvum strætisvagna inn á akbrautir verður að gera ráð fyrir því að sá sem á undan geti ekið áfram eftir akbraut án þess að sá sem á eftir er og er að aka út frá biðstöð hindri för hans. Með hliðsjón af myndefni því sem vitnað hefur verið til telst ökumaður B hafa ekið þannig að ökumanni A var ekki unnt að aka áfram án þess að árekstur yrði. Þær aðstæður verða ekki metnar ökumanni A til gáleysis. Öll sök á ökumann strætisvagnsins B fyrir að gæta ekki tillitssemi við akstur af biðstöð áleiðis inn á akbraut.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðarinnar B.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 21/2021

M og
V v/ ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á
Hlíðarbraut, Akurevri 13. september 2020.

Gögn.

Málskot móttakið 12.01.2021 ásamt fylgiskjölum 1-4.
Bréf V1, dags. 08.02.2021 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

Hinn 13. september 2020 varð árekstur milli ökutækja A og B, sem M ók umrætt sinn. Í málskoti lýsir M atvikum svo að A hafi verið ekið mjög hægt og þétt við hægri brún akbrautar. Hafi hann því talið óhætt að aka fram úr A, en þá hafi A, skyndilega og án þess að gefa stefnuljós verið beygt til vinstri og í veg fyrir hann. Í athugasemdum A við málskotið kveðst hún hafa ekið ökutækinu eins langt til hægri og unnt var með tilliti til annarrar umferðar í samræmi við umferðarlög en hafi ekki verið staðsett óeðlilega langt til hægri, hún hafi svo hægt á ferðinni í þeim tilgangi að beygja til vinstri inn að bensínstöð. Þegar bifreið sem kom úr gagnstæðri átt var komin framhjá hafi hún beygt til vinstri en þá hafi B, sem var við framúrakstur, ekið á A. A viðurkennir að hafa ekki gefið stefnumerki til marks um fyrirhugaða vinstri beygju.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var 1/3 hluti sakar lagður á ökumann A fyrir að gæta ekki nægilega að umferð sem á eftir kom en 2/3 sakar á M, ökumann B, fyrir ógætilegan framúrakstur. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur í málskoti fram að hann hafi alls ekki mátt gera ráð fyrir því að A hygði á vinstri beygju, enda sé gert ráð fyrir að vinstri beygja inn að versluninni sé tekin frá gagnstæðri akstursstefnu. Með því að gefa ekki stefnumerki hafi ökumaður A jafnframt sýnt af sér stórfellt gáleysi. Þá hafi aðstæður verið með þeim hætti að ekkert hafi mælt gegn framúrakstri.

V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, vísar til þess að sakarskipting Tjónanefndarinnar sé í samræmi við þá venju sem hafi skapast um að þegar um framúrakstur yfir hálfbrotna miðlínu sé að ræða sé meiri sök lögð á þann sem hefur framúrakstur við þær aðstæður. Þannig sé framúrakstur yfir hálfbrotna miðlínu óheimill nema með sérstakri varúð. Hins vegar sé rétt að A beri 1/3 hluta sakar þar eð hún hafi ekki gætt nægilega að umferð sem á eftir kom.

Álit:

Af lýsingu á atvikum að dæma verður að byggja á því að A hafi hægt á ferð sinni vega fyrirhugaðrar vinstri beygju. Þá liggur fyrir að A gaf ekki stefnumerki til marks um fyrirhugaða akstursstefnu. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber ökumanni sem hyggst beygja á vegamótum að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, gæta sér í lagi að umferð sem á eftir kemur og gefa stefnumerki til marks um fyrirhugaða akstursstefnu. Óumdeilt er að á vettvangi var hálfbrotna miðlína á veginum og gefur það til kynna að framúrakstur sé varhugaverður og óheimill nema með sérstakri varúð og hvílir því sérstök aðgæsluskylda á ökumönnum sem hyggja á framúrakstur við þær aðstæður. Ökumaður sem hyggur á framúrakstur skal og gæta að ákvæðum 23.–25. gr. umferðarlaga, og huga að því að unnt sé að aka fram úr öðru ökutæki án hættu, sbr. 2. mgr. 23. gr. Verður að telja að hvorugur ökumanna hafa umrætt sinn gætt nægilega að þeim aðgæsluskyldum sem á þeim hvíldu við þessar aðstæður og ber því að skipta tjóni í hlutfalli við sök þeirra, sbr. 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatriggingar. Þykir, með hliðsjón af öllum atvikum, sök réttilega skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 2. mars 2021
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 22/2021**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar vinnuvélarinnar B****Árekstur bifreiðar og vinnuvélar á Bjargargötu 1, Reykjavík, þann 14.12.2020.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, mótttekið 15. janúar 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 5. febrúar 2021.
Tölvupóstur V2, dags. 18. janúar 2021.

Málsatvik.

Þann 14. desember 2020 varð árekstur þegar A var ekið upp úr bílakjallara við Bjargargötu 1, í Reykjavík. A var ekið upp ramp úr bílakjallaranum og ók á gaffla, sem voru framan á B og sköguðu þvert inn á akstursleið A, en B stóð kyrrstæður á malarplani við enda rampsins. Gafflarnir voru í um meters hæð. Ökumaður B sagðist hafa reynt að lyfta göflunum þegar áreksturinn varð. M, sem var ökumaður A, segist hafa ekið upp úr bílakjallaranum en vinstra megin á rampinum hafi verið kyrrstæður stór flutningabíll sem neyddi M til að aka heldur mikið til hægri. Um leið og M hafi komið upp úr bílakjallaranum hafi hún ekið á gafflana, en hún hafi hvorki séð vinnuvélina né gafflana, enda vélin alveg falin bak við vegg rampsins.

M krafðist fullra bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V2 en V2 taldi að rétt væri að skipta sök til helminga þar sem A hafi verið ekið úr kyrrstöðu á B en að ökumaður B beri helming sakar fyrir að láta gaffla B standa út í umferð án nægjanlegrar aðgæslu, sbr. 28. gr. umferðarlaga. M telur að fella eigi alla sök á ökumann B þar sem B hafi verið staðsett þannig að ómögulegt hafi verið fyrir hana að sjá B og gafflana sem sköguðu inn á akstursleið A. Engar merkingar eða viðvörunarsljós hafi verið á staðnum, sem gáfu til kynna að þarna væri verið að vinna. Óumdeilt sé að B hafi verið kyrrstæð en samt hafi ökumaður B látið gafflana standa út á uppkeyrsluna. Í bréfi V1 kemur fram að meta verði ökumanni B það til sakar að hafa stöðvað vinnuvélina á þessum stað, meðvitaður um að gafflarnir náðu inn á útkeyrslu fyrir bifreiðar úr bílakjallaranum, sérstaklega með hliðsjón af því að hann gat ekki séð, eða fylgst með umferð er kom upp úr bílakjallaranum, ná gátu ökumenn bifreiða sem komu þar upp séð vinnuvélina. Því þyki ljóst að háttsemi hans hafi skapað mikla hættu fyrir aðra umferð.

Álit.

Ökumanni B mátti vera ljóst að staðsetning B og það að gafflarnir sköguðu inn á akbraut bíla sem komu upp úr bílakjallaranum skapaði mikla hættu fyrir bíla sem komu upp rampinn. Einnig liggur fyrir að engar viðvaranir voru settar upp af hálfu B. Af gögnum málsins má ráða að ökumaður A gat ekki séð með fullægjandi hætti vinnuvélina og að gafflar hennar hafi skagað inn á akstursbraut A upp úr bílakjallaranum. Þykir því rétt að leggja alla sök á ökumann B og á M því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu eiganda B hjá V2.

Niðurstaða.

M á rétt fullum bótum úr ábyrgðartryggingu sem eigandi B var með hjá V

Reykjavík, 25. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 23/2021**M og
V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort bótaréttur sé fallinn niður þar sem örorka var ekki metin innan þriggja ára frá tjónsdegi.****Gögn.**

Málskot, móttækið 15.1.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 12.2.2021.
Bréf V, dags. 2.2.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 10. mars 2017 fékk M slink á hægri öxl er hann var við störf á vegum A, vinnuveitanda síns. Á slysdegi hafði A í gildi slysatryggingu launþega hjá V. Tilkynnt var um slysið til V með bréfi, dags. 10. apríl 2018. Í kjölfarið var af hálfu M aflað vottorða frá læknum sem höfðu haft M til meðferðar vegna meiðslanna. Um leið var aflað gagna frá ýmsum aðilum í því skyni að varpa mætti ljósi á mögulega skaðabótaábyrgð A sem einnig hafði í gildi ábyrgðartryggingu vegna starfsemi sinnar hjá V. Um einhvern tíma fyrri hluta árs 2020 mun hafa verið beðið eftir umsögn A sem barst V 22. apríl 2020. Með bréfi V til lögmanns M, dags. 30. sama mánaðar, hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A. Í október 2020 mun lögmaður M hafa farið þess á leit við V að það myndi taka þátt í öflun sameiginlegrar matsgerðar á grundvelli skaðabótalaga á þeim afleiðingum sem M byggi við af völdum slyssins. Með tölvubréfi 30. október 2020 hafnaði V þátttöku í öflun slíks mats auk þess sem V upplýsti að tjón V hefði verið bótaskyldt úr fyrrgreindri slysatryggingu launþega en þriggja ára frestur til að meta læknisfræðilega örorku hafi runnið út 10. mars sama ár samkvæmt ákvæði gr. 13.2.5 í skilmálum vátryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt gr. 13.2.5 í skilmálum vátryggingarinnar skal örorkan að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.

Orðalag skilmálans er fortakslaust um að framkvæma skal örorkumat innan þriggja ára frá tjónsatburði. Í málinu verður að horfa til þess að V sem vátryggjandi hefur réttmæta hagsmuni af því að mat á örorku samkvæmt slysatryggingu fari fram innan hæfilegs tíma og greiðsluskylda félags liggja fyrir með endanlegum hætti. Þá verður að telja að M hafi átt alla möguleika á að kynna sér þá vátryggingarskilmála sem giltu um vátrygginguna, þ. á m. varðandi þau tímamörk sem vátryggðum eru sett til að fá örorkuna metna en ákvæði skilmálanna þar að lútandi verða ekki talin óvenjuleg eða óeðlileg, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar frá 27. maí 2004 í máli nr. 22/2004 og 7. júní 2018 í máli nr. 604/2017. Verður því ekki litið svo á að umræddu ákvæði verði vikið til hliðar með vísan til ákvæða 36. gr. og 36. gr. b. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Að öðru leyti verður heldur ekki séð að samskipti V og lögmanns M hafi verið með þeim hætti að V hafi skuldbundið sig til að víkja umræddu ákvæði skilmálanna til hliðar gagnvart M. M telst því ekki eiga rétt til bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögsm.

Jóhann T. Sigurðsson lögsm.

Mál nr. 24/2021

M og
V v/ slysatryggingar launþega AÁgreiningur um hvort tilkynnt hafi verið um slys innan tilkynningarfrests.

Gögn.

Málskot, móttakið 12.01.2021 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V, dags. 01.02.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 10. júní 2017 hafi M verið að störfum sem flugliði í flugi A. Lending flugvélarinnar hafi verið harkaleg og M hafi fengið hnykk á bakið. Hafi hún fyrst fundið fyrir einkennum nokkrum klukkustundum eftir atvikið og búi hún enn við þau einkenni. Hinn 13. júní 2017 leitaði M til trúnaðarlæknis A sem greindi hana með tognun í mjóbaki. M hafi leitað til sama læknis hinn 15. mars 2018, og kemur fram í samskiptaseðli vegna þeirrar komu að hún hafi verið slæm undanfarið og farið í sjúkraþjálfun vegna einkenna sem hún tengi við umrætt atvik. Þann dag fékk M einnig beiðni í sjúkraþjálfun. M sendi tjonstilkynningu til V vegna þessa dags. 9. desember 2019. Með bréfi dags. 23. janúar 2020 hafnaði V bótaskyldu á grundvelli þess að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hefði verið liðinn þegar V var tilkynnt um atvikið, enda hafi M mátt vera orðið fullljóst um afleiðingar þess hinn 15. mars 2018.

M mótmælir þeirri afstöðu og vísar til þess að í yfirlýsingu, dags. 13. júní 2017, til mannauðsstjóra A hafi trúnaðarlæknir þess mælt til þess að atvikið yrði skráð. Á þeim tíma hafi legið fyrir að M hafi orðið fyrir alvarlegum meiðslum um borð í loftfari. Þegar það lá fyrir hafi A borið að tilkynna slysið, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 763/2013 um störf rannsóknarnefndar flugslysa en samkvæmt skilgreiningu 5. tl. 3. gr. hafi verið um flugslys að ræða og tilkynningarskylda vegna slíkra atvika sé mun ríkari en leiði af lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem ekki eigi við um atvikið. Þá hafi M, þrátt fyrir að hafa ítrekað leitað til trúnaðarlæknis A, ekki verið leiðbeint um hugsanlegan bótarétt sinn. Þá sé ekki rétt að M hafi verið fullljóst um afleiðingar slyssins hinn 15. mars 2018, enda hafi hún á þeim tíma ekki gert sér grein fyrir að afleiðingar slyssins væru varanlegar. Telji M því rétt að miða upphaf tilkynningarfrests við 29. júlí 2019, þegar hún leitaði aðstoðar lögmanns vegna afleiðinga slyssins, enda sé um flókið mál að ræða og tjónþolar átti sig ekki almennt á því hvenær tjón sé varanlegt fyrir en læknisfræðimenntaðir einstaklingar bendi þeim á það.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu að árs tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn við tilkynningu. Í vottorði trúnaðarlæknis A, dags. 15. mars 2018, komi fram að þann dag hafi endurmat farið fram. Þar komi jafnframt fram að M hafi verið við vinnu frá slysi, en verið slæm undanfarið og tengi einkenni sín við umrætt slys. Því verði að líta svo á að þann dag hafi M mátt vera afleiðingar slyssins ljósar og hafi bótaréttur hennar því verið fallinn niður við tilkynningu. Þá telur V ekki sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M kunni að búa við í dag enda liggi ekki fyrir nein matsgerð þess efnis. Enn fremur sé þriggja ára matsfrestur samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar liðinn, en mat skuli í síðasta lagi fara fram þremur árum eftir slysdag. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. M varð fyrir umræddu slysi hinn 10. júní 2017 og tilkynnti V um það með tjonstilkynningu dags. 9. desember 2019, eða um tveimur og hálfu ári síðar. V telur að árs tilkynningarfrestur skv. ákvæðinu hafi byrjað að líða hinn 15. mars 2018 og hafi því verið liðinn þegar tilkynning barst. M telur hins vegar rétt að miða upphaf tilkynningarfrestsins við 29. júlí 2019, þegar M undirritaði umboð lögmanns. Verður ekki fallist á þann rökstuðning, og verður heldur ekki talið að hugsanleg vanræksla A á að tilkynna um slysið hafi áhrif þar á. Þannig verður að miða upphaf tilkynningarfrests við það tímamark sem M mátti vera ljóst að varanlegt heilsutjón hefði hlotist af atvikinu. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir í málinu verður ráðið að M hafi leitað tvisvar til læknis vegna afleiðinga umrædds atviks, þ.e. 13. júní 2018 og 15. mars 2019. Þá kemur fram að hún hafi leitað til sjúkraþjálfara en engin frekari gögn liggja fyrir um þá meðferð. Hefur M því ekki fært rök fyrir því að miða beri við að M hafi fengið vitneskju um þau atvik sem krafa hennar er reist á innan við ári áður en hún gerði kröfu á hendur V, og hefur það ekki verið gert líklegt með læknisfræðilegum gögnum. Verður því að miða

við að sú vitneskja hafi verið til staðar þegar M fór í annað sinn til trúnaðarlæknis A, hinn 15. mars 2018. Var umræddur frestur því runninn út þegar hún tilkynnti V um tjón sitt og ber því að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 23. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 25/2021**M og****V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á bifreiðastæði 15. janúar 2021.****Gögn.**

Málskot mótttekið 18. janúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1 til nefndarinnar, dags. 5. febrúar 2021, ásamt tjonstilkynningu.

Bréf V2 til nefndarinnar, dags. 8. febrúar 2021, ásamt tjonstilkynningu.

Bréf M, dags. 10. febrúar 2021.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B á bifreiðastæði við Krónuna á Akrabraut í Garðabæ þar sem báðum bifreiðum var ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins, þó þannig að bifreið B var ekið aftur á bak í hlið bifreiðar A. Í tjonstilkynningu vegna árekstursins kemur fram að bifreið A var ekið aftur á bifreiðastæðinu þar sem ökumaður hennar ætlaði að aka inn í stöðureit en bifreið B var ekið úr stöðureit á bifreiðastæðinu og þegar bifreið B lenti á bifreið A brá ökumanni bifreiðar B þannig að bifreið hennar var ekið áfram á þriðju bifreiðina. Vitni var að atburðinum sem lýsir atvikum þannig að hún hafi heyrt hljóð og séð að bifreið hafi verið í hlið annarrar og þeirri bifreið síðan inn í stöðureit og á aðra bifreið sem þar var fyrir.

M telur að hann hafi gætt nægrar varúðar þegar hann sjálfur sem ökumaður bifreiðar A ók aftur á bak og árekstur megi fyrst og fremst rekja til þess að bifreið B var ekið í hlið bifreiðar A. M bendir á að bifreið hans (A) hafi ekki verið ekið á bifreið B heldur öfugt.

V1 tekur undir með M og telur að m.v. framburð ökumanna og ákomur á bifreiðunum að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á árekstrinum.

V2 telur að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur ökumaður hafi gætt nægilega að hátternisreglu 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að gæta varúðar þegar ekið er aftur á bak.

Álit.

Af framburðum ökumanna og vitnis í tjonstilkynningu verður ekki annað ráðið en ökumenn beggja bifreiða hafi verið að aka aftur á bak í aðdraganda áreksturs og bar báðum að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig skv. fyrirmælum 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Af sömu framburðum og með hliðsjón af myndum af bifreiðunum og ákomu í hlið bifreiðar A verður þó að telja aðgæsluskyldu ökumanns bifreiðar B hafa verið ríkari þar sem bifreið A var fyrir aftan bifreið B þegar árekstur varð en bifreið B ekki beint fyrir aftan bifreið A. Þannig verður af ákomu á bifreið A ráðið að ökumaður bifreiðar B hefði átt að gæta ríkari varúðar við akstur sinn aftur á bak og verður áreksturinn eingöngu rakinn til þess en ekki til aksturslags ökumanns bifreiðar A. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðarinnar B.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 26/2021

M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingarÁgreiningur um gildissvið réttaraðstoðartryggingar.**Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 18. janúar 2021 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 1. febrúar 2021, ásamt fylgiskjali.

Bréf lögmanns M, dags. 6. febrúar 2021, ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Í desember 2020 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem dæmt var að ÍL-sjóði (áður Íbúðalánasjóður) hefði verið óheimilt að krefja lánþega um greiðslu uppgreiðslugjalds þegar þeir greiddu upp lán sín. M voru með sambærilegt lán hjá ÍL-sjóði, sem þau greiddu upp í júní 2014. M kröfðu ÍL-sjóð um endurgreiðslu uppgreiðslugjaldsins en sjóðurinn neitaði að taka afstöðu til kröfunnar að sinni. Því hafi M þurft að höfða mál á hendur sjóðnum. M eru tryggð í fjölskyldutryggingu hjá V og innifelur tryggingin réttaraðstoðartryggingu. M óskuðu staðfestingar á því að tryggingin tæki til málsins. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að í skilmálum komi fram að tryggingin taki ekki til mála er varði váttryggðan sem eiganda fasteignar.

M telja að ágreiningurinn varði endurkröfu vegna ólögmetra lánaskilmála og hafi ekkert að gera með að M séu eigendur fasteignar. Ágreiningurinn sé kröfuréttarlegs eðlis og rót hans séu lögskipti sem varði M sem lánþega þar sem óréttmætir skilmálar hafi verið í lánaviðskiptum. Tilgangurinn með lántökunni breyti engu um eðli ágreiningsins og grundvöll hans. M telur að úrskurður Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum í máli nr. 366/2013 eigi við í þessu máli en þar var krafa í réttaraðstoðartryggingu viðurkennd. Í því máli var ágreiningur um endurútreikning á gengistryggðum lánasamningi vegna bílaláns, en sambærilegt ákvæði má finna í skilmálum tryggingarinnar sem um var deilt þar sem fram kom að tryggingin tæki ekki til ágreinings sem varðaði váttryggðan sem eiganda vélknúns farartækis.

V telur lántakendur hjá ÍL-sjóði hafi þurft að uppfylla tiltekin skilyrði til að fá lán hjá sjóðnum og var eitt af þeim skilyrðum að um væri að ræða íbúðarlán, þ.e. lán til að kaupa fasteign og að sjóðurinn fái veð í viðkomandi fasteign. Ágreiningurinn varði lántöku M hjá ÍL-sjóði vegna fasteignaláns. Lántakan og ágreiningur um hana stafi þannig að atvikum sem varða M sem eiganda fasteignarinnar, sem var tilefni lántökunnar. Allt í tengslum við lántökuna sé því samofið eignarrétti M á tiltekinni fasteign. Samkvæmt meginreglu váttryggingaréttar skuli túlka ákvæði skilmála skv. orðanna hljóðan og skilmálar séu skýrir hvað það varðar að tryggingin taki ekki til ágreinings er varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar. Því beri að hafna bótaskyldu.

Í bréfi lögmanns M, dags. 6. febrúar 2021, er framangreindum röksemdum hafnað. Tilefni lántökunnar, aðdragandi hennar og skilyrði skipti í raun engu um ágreininginn. Ágreiningurinn varði ekki lánið sem slíkt, greiðsluskyldu M, veðtryggingu eða eignarrétt að veði, heldur eingöngu endurkröfu á ofteknu ólögmetu gjaldi.

Álit.

Skilmálar fjölskyldutryggingar eru staðlaðir samningsskilmálar, sem V setur einhliða og verður að líta til þess við mat á því hvort mál þetta varði M sem eiganda fasteignar. Ágreiningurinn snýst um meint oftekið uppgreiðslugjald láns, sem í þessu tilfelli var veitt til íbúðakaupa. Viðkomandi fasteign er hins vegar ekki andlag eða hluti af ágreiningnum og mun niðurstaða ágreiningsins um uppgreiðslugjaldið ekki hafa nein áhrif á fasteignina eða eignarhald hennar. Þá verður, í ljósi stöðu V, sem þess aðila sem einhliða semur váttryggingarskilmálana, að túlka vafa um efni þeirra váttryggingartaka í hag.

Að teknu tilliti til þess, og að ágreiningurinn varðar lögmeti tiltekens gjalds óháð eignarhaldi á fasteign og er því í raun eingöngu tengdur M sem eiganda fasteignar á grundvelli þess að lánið var upphaflega tekið til kaupa á fasteign, á M rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 27/2021

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um hvort varanlegt líkamstjón hafi hlotist við árekstur.

Gögn.

Málskot móttakið 19.01.2021 ásamt fylgiskjölum 1-26.

Bréf V dags. 04.02.2021 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að á árinu 2017 hafi M lent í tveimur umferðarslysum. Í fyrra skiptið, hinn 24. júlí 2017, hafi hún verið í öftustu bifreiðinni í þriggja bíla árekstri. Hafi verið gengið frá uppgjöri vegna þess tjóns en þar sem málin séu nátengd sé þó einnig vísað til gagna vegna fyrra atviksins. Síðara slysið hafi átt sér stað hinn 16. nóvember 2017, en þá hafi bifreið A, sem var vátryggð hjá V, verið ekið aftan á bifreið M þar sem hún var kyrrstæð á aðrein við Höfðabakka. Í kjölfar þessara slysa hafi M þjást af verkjum í hálsi, baki, höfði og víðar og sé nú óvinnufær. Vorið 2019 hafi verið komist að samkomulagi um að afleiðingar beggja slysa yrðu metnar saman. Í matsgerð, dags. 14. október 2019, hafi M verið metin til 5 stiga varanlegs miska og 9 % varanlegrar örorku vegna fyrra slyssins og 5 stiga varanlegs miska og 9% varanlegrar örorku vegna seinna slyssins. Á grundvelli þessa hafi V verið sent kröfubréf, en V hafi hafnað kröfunni með bréfi dags. 6. desember 2019, á grundvelli þess að félagið væri ósammála niðurstöðu matsgerðarinnar, enda hefði ekkert sjáanlegt tjón orðið á bifreiðinni A og hún ekki undirgengist viðgerð í kjölfar tjónsins þrátt fyrir að vera kaskótryggð. Hafi V í kjölfarið óskað eftir dómkvaðningu matsmanns til að reikna út hraða ökutækjanna við áreksturinn. Matsfundur hafi farið fram hinn 2. október 2020, en af einhverjum ástæðum liggi fundargerð hans ekki fyrir. Í kjölfar matsins, sem hafi verið háð ákveðinni óvissu, enda hafi matsmaður ekki haft önnur gögn en upplýsingar frá V að styðjast við, hafi V, hinn 4. desember 2020, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að líklegur ökuhraði A við áreksturinn hafi verið 6-8 kílómetrar á klukkustund. M kvartar yfir því að bótaskyldu sé hafnað eftir á á grundvelli slíkra útreikninga í bága við fyrirbyggjandi matsgerð. Ekki hafi verið um yfirmat á henni að ræða þar sem sömu atriði hafi ekki verið til skoðunar. V hafi á fyrri stigum ekki borið því við að varanlegar afleiðingar hefðu ekki getað hlotist af síðara slysinu, heldur verið ósammála því að matið væri jafnhátt vegna beggja slysa. Þrátt fyrir það hafi V ekki reynt að fá þeirri skiptingu hnekk með yfirmati. Þá geti hröðun haft verulega mismunandi áhrif á tjónþola, t.a.m. með hliðsjón af líkamlegu ástandi þeirra. Er þess því krafist að nefndin úrskurði um bótaskyldu V vegna líkamstjóns M.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að strax í upphafi hafi verið gerður fyrirvari við orsakatengsl árekstrarins og einkenna M. Við nánari athugun hafi svo komið í ljós að höggið á bifreið M hafi verið svo vægt að útilokað væri að það hefði orsakað varanlegt líkamstjón. Í því skyni að hnekkja fyrri matsgerð hafi V því óskað eftir því að dómkvaddur yrði sérfræðingur til að leggja mat á hraða A við áreksturinn. Niðurstaða hans hafi verið sú að hröðun hafi að hámarki verið 2,1 g. en til samanburðar geti þéttingsfast klapp á bakið valdið hröðun upp á 4.2 g. Einkennin sem M reki til seinna slyssins séu nákvæmlega þau sömu og hún reki til fyrra slyssins og sé því ósannað að seinni áreksturinn hafi leitt til varanlegs líkamstjóns M. M hafi ekki hnekk fyrrgreindu mati með yfirmati og verði að bera hallann af því. Þá vísar V til Landsréttardóms í máli 877/2018 um ágreining sem sé að öllu leyti sambærilegur þessum. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Fyrir liggur að í upphafi féllst V á bótaskyldu með fyrirvara um að orsakatengsl væru milli einkenna M og síðari árekstrarins. Í matsgerð, dags. 14. október 2019, kemur fram að seinna slysið, hinn 16. nóvember 2017, hafi verið töluvert vægara en hið fyrra, en að M tengi orkuleysi og andleg einkenni meira við seinna slysið. Þá er niðurstaða matsgerðarinnar sú að M búi við stoðkerfiseinkenni sem rekja megi til umræddra slysa, og að hún búi við skerta starfsgetu. Samtals er varanlegur miski talinn vera 10 stig, og varanleg örorka 18%. Er það jafnframt niðurstaða matsins að miski og örorka M skiptist jafnt á milli beggja slysa, án þess að í matinu sé að finna ítarlegri rökstuðning fyrir þeirri skiptingu. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ályktað að líkamleg einkenni M hafi tekið miklum breytingum eftir seinna slysið, og hvað varðar andleg einkenni hennar þá liggur fyrir að M átti einhverja sögu um kvíða og þróttleysi fyrir slysin. V felldi sig ekki við þá skiptingu sem fram kom í framangreindu mati og taldi útilokað að höggið sem bifreið M varð fyrir við seinni áreksturinn hefði leitt til varanlegs líkamstjóns. Fór V því fram á dómkvaðningu matsmanns til að reikna út hraða A. Samkvæmt niðurstöðu dómkvadds matsmanns, dags. 8. nóvember 2020, kemur fram

að líklegur hraði bifreiðarinnar A, þegar henni var ekið aftan á bifreið M, hafi verið 6-8 kílómetrar á klukkustund, og að líklegt hæsta gildi hröðunar ökutækis M hafi verið 2,1 g. Er því ljóst að um afar vægan árekstur var að ræða og verður því að gera kröfu um að sérstaklega sé sýnt fram á afleiðingar hans. Þó ekki sé útilokað að líkamstjón geti hlotist af svo vægum árekstri hefur því samkvæmt framansögðu ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli árekstrarins hinn 16. nóvember 2017 og einkenna þeirra sem M býr við í dag. M ber hallann af sönnunarskorti hvað það varðar og ber því að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 2. mars 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 28/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Slys í líkamsræktarstöð 3. desember 2019.****Gögn.**

Málskot móttakið 18. janúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 10. febrúar 2021.

Bréf lögmanns M dags. 17. febrúar 2021, ásamt tölvupóstsamskiptum frá 4. nóvember 2020.

Bréf V dags. 26. febrúar 2021, ásamt fyrirspurnarbréfi V til X dags. 25. ágúst 2020, svörum X ódags. og seinni svörum X dags. 25. febrúar 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið á leið í hóptíma í líkamsræktarstöð X hinn 3. desember 2019 og til þess þurft að fara um stiga í húsnæði stöðvarinnar. Þegar hún hafi verið að leið upp stigann hafi hún ekki hitt á tröppu sem hún ætlaði að stíga í og fallið á tröppu fyrir ofan og fengið mikið högg á vinstri fót sem leitt hafi til áverka og varanlegs taugaskaða.

M telur að umbúnaður í stiga líkamsræktarstöðvarinnar hafi verið ófullnægjandi og telur bæði að slæm lýsing hafi verið við stigann sem og að þrep stigans hafi verið svört að lit og ekki verið nægilega vel merkt. M vísar til ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 þar sem komi fram að gönguleiðir um stiga eigi að vera öruggar og birtuskilyrði góð og þessa hafi ekki verið gætt hjá X. Einnig vísar M til yfirlýsinga þriggja annarra einstaklinga um aðstæður á vettvangi dags. 11., 16. og 20. nóvember 2020 og afstöðu þeirra til mynda sem V byggði afstöðu sína um höfnun bótaskyldu á og að þær myndir sýndu ekki hvernig aðstaðan hefði verið á tjónsdegi. Einnig vísar M til þess að kvartað hafi verið yfir aðstæðum stiganum áður við starfsmenn X.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur aðbúnað stigans hafa verið fullnægjandi. V vísar til þess að engin eftirlitsaðili við byggingar- eða heilbrigðiseftirlit hafi gert athugasemdir við stigann og ekki hafi komið fram gögn um að tröppurnar uppfylli ekki fyrirmæli byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Einnig telur V ósannað að lýsing hafi verið ófullnægjandi. Aukinheldur bendir V á að X hafi ekki fengið upplýsingar um önnur sambærileg slys og að forsvarsmaður X kveðst ekki hafa fengið ábendingu um að það hafi þurft að bæta lýsingu við stigann.

Álit.

Ágreiningur er um hvort skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt um saknæma háttsemi starfsmanna X hvað varðar aðstæður í líkamsræktarstöð þar sem viðskiptavinir hennar þurfa að fara upp og niður stiga til að fara í tíma. Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem styðja þær fullyrðingar M um að stiginn uppfylli ekki fyrirmæli byggingarreglugerðar eða tengdra reglna. Ekki hafa heldur verið lagðar fram myndir af vettvangi sem sýna með ótvíræðum hætti að aðstæður hafi verið varhugaverðar í greint sinn. Þær yfirlýsingar sem liggja fyrir frá æfingafélögum M varðandi aðstæður á vettvangi eru orðaðar með nákvæmlega sama hætti og bera þess merki að ekki sé um sjálfstæða frásögn umræddra einstaklinga að ræða heldur forskrift sem þær skrifuðu allar undir. Dregur það verulega úr sönnunargildi yfirlýsinganna um aðstæður á vettvangi. Að framansögðu verður að leggja til grundvallar að líkamstjón M verði rakið til þess að hún hrasaði á leið upp stiga án þess að það sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á, heldur hafi tjónið komið til vegna óhappatilviks. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 29/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið sem var ekið á brotinn kantstein.****Gögn.**

Málskot, móttækið 20.1.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 2.2.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 10 að morgni 27. nóvember 2020 var bifreiðinni B í eigu M ekið austur Miklubraut og um hjáleið í átt að Reykjanesbraut til suðurs. Á leið um hjáleiðina rákust hjólbarðar B vinstra megin utan í kantstein með þeim afleiðingum að hjólbarðarnir sprungu og álitamál hvort felgur hafi einnig skemmt. Af ljósmyndum sem teknar voru á vettvangi má ráða brotnað hafi upp úr kantseini og kantmegin við niðurfallsrist í götunni skagi endi kantsteins lítið eitt út úr þeirri línu sem kantsteininum er ætlað að mynda meðfram götunni. Umrædd hjáleið mun hafa verið útbúin af hálfu A vegna framkvæmda á þess vegum á svæðinu.

M kveður engar merkingar hafa verið á hjáleiðinni til að vara við hættu vegna kantsteinsins. Einnig hafi kantsteinninn verið lagfærður eftir tjónsatvikið í kjölfar kvörtunar. Telur M að A beri ábyrgð á tjóni því sem varð á B umrætt sinn og hefur krafist bóta úr vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki mun vera ágreiningur um að tjónið á A hafi orðið á hjáleið sem útbúin hafi verið á vegum A vegna framkvæmda á þess vegum á svæðinu. Ekki kemur fram í gögnum málsins hvernig það kundi að hafa atvikast að umræddur kantsteinn virðist hafa skagað lítið eitt út úr þeirri línu sem hann átti að mynda meðfram akbrautinni. Þá er ekki ljóst hvort A hafi vitað eða mátt vita af þessari aflögun kantsteinsins áður en tjónið varð á B. Að öllu athuguðu verður ekki séð að tjónið á B megi rekja til vanrækslu af hálfu starfsmanna A varðandi merkingar á akbrautinni eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 30/2021**M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Slyshugtakið. Tannbrot vegna falls 11. desember 2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 20. janúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 2. febrúar 2021, ásamt váttryggingarskilmálum og tjönstilkynningu M til V dags. 14. desember 2020.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að hún hafi gengist undir hnéaðgerð að morgni 11. desember 2020 þar sem hún var svæfð. M var send heim eftir aðgerðina og um kl. 14 sama dag kveðst hún hafa rankað við sér á gólfi heima hjá sér eftir að hafa „... fallið beint á andlitið, væntanlega vegna yfirliðs (á væntanlega að standa yfirliðs) sökum svæfingarinnar.“. M lýsir afleiðingum fallsins með þeim hætti að tvær framtegnur hennar hafi brotnað við fallið og er það staðfest í áverkavottorði tannlæknis dags. 15. desember 2020.

M telur að fall hennar megi rekja til utankomandi atburðar þar sem það hafi verið bein afleiðing svæfingar. M telur yfirlið hennar vera vegna utanaðkomandi atburðar þar sem ekkert í hennar sjúkrasögu skýri yfirliðið. Þannig telur M að túlka eigi váttryggingarskilmála V með þeim hætti að fall hennar hafi verið bæði utankomandi og ófyrirsjáanlegt.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að skv. tjönstilkynningu hafi M misst meðvitund á heimili sínu með þeim afleiðingum að tennur brotnuðu og í áverkavottorði tannlæknis hafi verið haft eftir M að hún hafi fallið í yfirlið. V vísar til orðalags 4. kafla váttryggingarskilmála um slysatryggingu í frítíma fjölskyldutryggingar M þar sem komi fram að með orðinu slys sé át við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. V telur ekki sýnt að utanaðkomandi atburður hafi leitt til falls M heldur hafi það verið vegna innri orsaka, þ.e. yfirliðs hennar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi sjálf lýst aðdraganda líkamstjóns síns þannig við V í tjönstilkynningu dags. 14. desember 2020 að hún hafi „...misst meðvitund heima, datt á andlitið og braut tennur.“

Í váttryggingarétti er orðið slys gjarnan skýrt sérstaklega í váttryggingarskilmálum váttryggingafélaga með þeim hætti að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í 4. kafla skilmála slysatryggingar í frítíma fjölskyldutryggingar hjá V.

Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi váttryggingarskilmála. Af þeim dómum má einnig ráða að þegar fall sé rakið til svima, sjúkdóma eða annars ástands í líkama váttryggðs þá sé ekki um að ræða utanaðkomandi atburð m.t.t. hefðbundinnar skýringar á slyshugtaki váttryggingaréttar. Verður ekki annað sé en að meðvitundarmissir M í þessu máli verði rakinn til innra ástands í líkama hennar en ekki til utanaðkomandi atburðar. M á því ekki rétt á bótum vegna tannbrots úr slysatryggingu í frítíma fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu í frítíma fjölskyldutryggingar sinnar hjá V

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 31/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá VÁgreiningur um bótaskyldu er M slasaðist við störf hjá A.**Gögn.**

Málskot mótttekið 26.01.1021 ásamt fylgiskjölum 1-56.

Bréf V dags. 26.02.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 18. apríl 2017 hafi M slasast við störf sín hjá A, þegar hann datt fram af vörubretti. Í lögregluskýrslu komi fram að M hafi verið að vinna að uppsetningu á tjaldi í verslun A og við það staðið á brún vörubrettis og teygt sig upp í tjaldþakið. Hafi listi brotnað framan af þverborði brettisins með þeim afleiðingum að M féll í gólfíð, lenti illa og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna slyss síns en V hefur hafnað þeirri kröfu með bréfi dags. 18. mars 2020. M byggir á því að A hafi brugðist þeim skyldum sem lagðar séu á fyrirtækið með lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með því að tryggja ekki nægilega öryggi á vinnustaðnum og fullnægjandi vinnutæki, en vinnuveitandi beri ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma störf á þann hátt að ekki skapist hætta af. Þá hafi A einnig vanrækt að uppfylla þær leiðbeiningaskyldur sem lagðar séu á það, þar sem M hafi ekki fengið nauðsynlega kennslu og þjálfun í framkvæmd starfs síns. Þó M sé hvorki mælandi á ensku né íslensku verði að gera þær kröfur til vinnuveitenda að þeir komi leiðbeiningum á framfæri með þeim hætti að starfsmenn skilji hvað átt sé við. M byggir sérstaklega á því að hann hafi hvorki fengið þjálfun né skýringar á verklagsreglum og þjálfunarnámskeið á vegum A hafi verið haldið mánuði eftir slyss M. Hafi hann því ekki hlotið lögskylda þjálfun. Daginn sem slysið varð hafi vörubretti verið út um allt í húsnæði A og hafi starfsmenn nýtt sér þau en engin trappa eða stigi hafi verið til staðar. Engin önnur tæki en umrædd vörubretti hafi verið tiltæk og hafi því vírst viðurkennt verklag að starfsmenn A nýttu þau. Þá bendir M á að slyss hans hafi ekki verið rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins og verði A að bera hallann af sönnunarskorti sem af því hljótist, en óljóst sé af hverju vörubrettið brotnaði eða hvort um forsvaranlegt verklag, að mati Vinnueftirlitsins, hafi verið að ræða. Af öllu framangreindu leiði að það geti síst talist stórkostlegt gáleysi, sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993, af hálfu M að hafa nýtt vörubrettið með þessum hætti umrætt sinn. Sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að ekki sé ágreiningum um málsatvik sem slík. M hafi verið að vinna við uppsetningu á tjaldi og staðið á brún vörubrettis þegar listi á því brotnaði með þeim afleiðingum að M féll og slasaðist. Að setja upp tjald geti ekki talist hættulegt verk og alla jafna þurfi ekki sérstakan búnað til að sinna því. Samkvæmt frásögn A hafi M sjálfur ákveðið að nota umrætt vörubretti, en það hafi hvorki verið gert í samráði við A né verið í samræmi við fyrirliggjandi öryggisreglur, þar sem fram komi að tæki sem standi starfsmönnum til boða séu m.a. öryggisstigar, vinnukollar, venjulegir stigar og tröppur. Þá tekur V fram að samkvæmt ferilskrá M tali hann góða ensku, og er því þeirri staðhæfingu hans að hann tali hvorki ensku né íslensku hafnað. V tekur þá fram að Vinnueftirlitið hafi vissulega rannsakað vettvang slyssins, en ekki hafi verið skrifuð sérstök skýrsla um það þar sem eftirlitsmaður hafi verið þeirrar skoðunar að lögregluskýrsla vegna atviksins upplýsti nægilega um málavexti og hafi takmörkuð úttekt verið látin nægja. Með hliðsjón af framansögðu og fyrirliggjandi gögnum sé því ekkert sem bendi til þess að slyss M verði rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi A, starfsmanna þess eða annarra atvika sem það beri ábyrgð á og er bótaskylda því hafnað.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins, en ekki er ágreiningur um að slyss M sé að rekja til þess að vörubretti sem hann stóð á við störf sín brotnaði og hann féll illa í gólfíð. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slyss M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Er það M sem ber sönnunarbyrði fyrir því. Samkvæmt lögregluskýrslu um atvikið, dags. 19. apríl 2017, kom starfsmaður Vinnueftirlitsins á slyssað, og meðal gagna fyrir nefndinni er ódagssett skoðunarskýrsla Vinnueftirlitsins. Verða því ekki talin efni til að víkja frá almennum sönnunarkröfum á grundvelli þess að slyss M hafi ekki verið réttilega tilkynnt eða fyllilega rannsakað. Lagðar hafa verið fram í málinu leiðbeiningar A til starfsmanna, „öryggisafleiðsla“ fyrirtækisins, á íslensku, þar sem m.a. kemur fram að sé þörf á upphækkun við ákveðin verkefni skuli notast við kolla, tröppur, öryggisstiga, o.s.frv. Ekki liggur fyrir hvort M fékk þessar reglur afhentar, og er því raunar ekki beinlínis borið við í málalögunum hans að svo hafi ekki verið,

heldur lýtur málatilbúnaður hans að þessu leyti að því að leiðbeiningum hafi verið komið til hans með þeim hætti að hann hafi getað skilið hvað við sé átt, og þá hafi hann ekki sótt sérstakt námskeið um öryggismál fyrirtækisins. Ekki liggja þá fyrir yfirlýsingar vitna að atvikinu, eða þeirra samstarfsmanna M sem voru að störfum umræddan dag, en því er haldið fram í málskoti að það hafi verið viðtekin venja að starfsmenn nýttu sér vörubretti til að standa á við vinnu í hæð. Gegn neitun A er því ekki sýnt fram á að svo hafi verið eða að M hafi á einhvern hátt verið leiðbeint um að nýta bretti til upphækkunar umrætt sinn, en telja verður í sjálfu sér að varhugavert sé að nýta vörubretti, og þá sérstaklega brún þess, sem upphækkun. Þá liggur ekki fyrir fullnægjandi lýsing M á því af hverju hann þurfti að nýta upphækkun umrætt sinn, en það að setja upp tjald getur í sjálfu sér ekki talist hættulegt verk sem kalli á sértækar leiðbeiningar af hálfu vinnuveitanda. Samkvæmt framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni telst því ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika sem A verður kennt um og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 32/2021**M og
V v/ fasteignatryggingar íbúðarhúsnæðis.****Ágreiningur um bótaskyldu úr fasteignatryggingu vegna leka frá skólplögn.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.01.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, móttakið 08.02.2021 ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 09.02.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 1. september 2017, keypt íbúð á neðri hæð húss en áður hafi átt sér stað viðhaldsvinna við eignina, sem m.a. hafi falist í endurnýjun skólplagna sem tilheyri íbúðinni og séu því allar skólplagnir frá og í grunni fasteignar M nýlegar. M hafi svo orðið var við raka við útvegg og haft samband við vátryggingafélag sitt, V, hinn 21. febrúar 2019. Hinn 2. september 2019 hafi enn enginn af hálfu V skoðað tjónið og hafi M þá ítrekað erindið. Í kjölfarið hafi aðstæður verið skoðaðar en ekki komið í ljós hvað orsakaði tjónið, en líklegt að það stafaði frá efri hæð. Hinn 15. september 2020 hafi komið í ljós að skólplögn á efri hæð var stífluð án þess að orsök stíflunnar væri ljós, og flæddi úr henni með þeim afleiðingum að íbúð M hafi nánast eyðilagst á þessum tíma. Hinn 16. september 2020 voru lagnir myndaðar og kom þá í ljós að lagnir í íbúð M voru í lagi en rör á milli hæða hafi allt verið sprungið og það hafi verið orsökinn fyrir raka í fasteign M. V hafi hafnað bótakröfu M hinn 15. október 2020 með þeim rökum að rekja mætti skemmdirnar til frárennislagna í grunni fasteignarinnar en slíkt tjón sé undanþegið bótaskyldu samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar. M telur V byggja afstöðu sína m.a. á upplýsingum um að „mikið sig“ sé undir plötu. Því er sérstaklega mótmælt enda sé gólfíð í íbúð M nýlegt og ekkert sig í því, því sé líklegt að átt sé við plötu í íbúð efri hæðar. Er sérstaklega kvartað yfir því að upplýsingagjöf frá V varðandi skoðanir iðnaðarmanna á vegum V sé ófullnægjandi, en það sem fram hafi komið bendi til þess að upplýsingar sem V hafi um málið séu byggðar á röngum greiningum. Umrætt rör liggja þá ekki í gegnum vegg í fasteign M, heldur á bakvið vegg hjá honum og inni í sökkli efri hæðar og hafi ekkert með fasteign hans að gera. Er þá sérstaklega kvartað vegna þess dráttar sem orðið hafi á viðbrögðum V sem leitt hafi til meira tjóns en ella.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ekki sé ágreiningur um atvik að baki tjóninu sem slíku. Það sé að rekja til lekrar skól- og frárennislagnar sem hafi gefið sig vegna eðlilegs slits eða tæringar. Í skilmálum fasteignatryggingarinnar komi fram, í gr. 19.3, að vátryggingin bæti ekki tjón af völdum leka úr skól- eða frárennislöglum í grunni hinnar vátryggðu fasteignar sem rekja megi til missigs, eðlilegs slits eða tæringar, og telji V þessa undanþágu eiga við. Þannig sé íbúð efri hæðar mun stærri en íbúð neðri hæðar, og valdi það því að undirstöður hússins séu misháar og grunnur og sökklar undir íbúð á efri hæð séu því til hliðar við íbúð neðri hæðar. Lögnin sem um ræði liggja frá efri hæð og lóðrétt niður í fyllingu undir plötu efri hæðar þaðan sem hún beygi undir plötu neðri hæðar og tengist síðan fráveitukerfi sveitarfélagsins utan við húsið. Sé því ljóst að lögnin sé í grunni (fyllingu) hinnar vátryggðu fasteignar. Enginn ágreiningur sé um þetta og segi í málskoti að lögnin sé í fyllingu bakvið burðarvegg. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Af bréfi V til nefndarinnar verður ráðið að ágreiningur aðila snúist aðeins um hvort umrætt tjón falli undir fyrrgreinda undanþágu í skilmálum vátryggingarinnar, þ.e. að hún bæti ekki tjón af völdum leka úr skól- eða frárennislögnum í grunni hinnar vátryggðu fasteignar, sem rekja megi til missigs, eðlilegs slits eða tæringar. Þannig verður ekki séð að V telji uppi ágreining um orsök tjónsins sem slíka eða hvort umrætt tón falli undir bótasvið vátryggingarinnar. Máli sínu til stuðnings hefur V lagt fram handgerða teikningu af húseigninni, en ekki verður séð að um samþykka teikningu sé að ræða og virðist hún raunar stafa frá V sjálfu. Af myndinni má þá ráða að „gat“ á frárennislögninni sé á henni þar sem hún liggja með einhverjum hætti bak við útvegg íbúðar M. Það hvílir á V að sýna fram á að fyrrgreint undanþáguákvæði eigi við, og er í svari V byggt á því að umrædd lögn liggja „lóðrétt í grunni“ og vísað til fyrrgreindrar teikningar því til stuðnings. Engin frekari gögn, ljósmyndir, matsgerðir eða annað hafa verið lögð fram af hálfu V til stuðnings því að umrædd lögn sé í „grunni“ hinnar vátryggðu fasteignar og því eigi undanþáguákvæðið við. Verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á það, en fyrrgreind teikning hefur takmarkað sönnunargildi, og er bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 33/2021**M og
V v/ forfallatryggingarliðs greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna forfalla af völdum heimsfaraldurs kórónuveiru.****Gögn.**

Málskot, móttækið 26.1.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 10.2.2021.
Bréf V, dags. 8.2.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í október 2019 mun M hafa pantað hjá nánar tilgreindri ferðaskrifstofu ferð til Tenerife sem átti að vara frá 3. mars 2020 til 18. sama mánaðar. Í lok febrúar 2020, þegar kórónuveira sem veldur COVID-19 sjúkdóminum var farin að geisa víðsvegar í heiminum, afréð M að hætta við ferð sína til Tenerife. Í læknisvottorði heimilislæknis M, dags. 28. febrúar 2020, segir að vegna undirliggjandi heilsufarsvandamála sé M ráðið frá því að fara í umrædda ferð.

M hefur ekki fengið ferðakostnað sinn endurgreiddan hjá viðkomandi ferðaskrifstofu og hefur af þeim sökum krafist þess að fá ferðakostnaðinn bættan úr forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar sem hún hefur í gildi hjá V.

V kveður ljóst að M hafi ekki verið með kórónuveiruna þegar ferðin var afbókuð og forföllin séu því ekki að rekja til hennar, heldur undirliggjandi sjúkdóms sem M hafi glímt við. Kórónuveiran ein og sér geti ekki leitt til þess að forfallatryggingin eigi við ef váttryggður er ekki smitaður af henni. Hættan við að smitast ein og sér leiði því ekki til þess að bótaskylda stofnist úr váttryggingunni. Þá vísar V til ákvæðis í gr. 7.2.1 í skilmálum váttryggingarinnar sem mæli fyrir um að váttryggingin bæti ekki „tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem váttryggður þjádíst af og/eða var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. Óumdeilt sé að M hafi þjádíst af undirliggjandi sjúkdómi sem hafi verið ástæða þess að henni var ráðlagt að fara ekki í ferðina. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði verði ekki séð að M hafi á afbókunardegi verið veik eða þjádíst af öðrum sjúkdómi sem gæti hafa hamlað för hennar. Verði afbókun ferðarinnar rakin til þess að M hafi verið með undirliggjandi sjúkdóm sem hún hafi þjádíst af við bókun ferðarinnar og því sé tjónið ekki bótaskyldt með vísan til fyrrgreinds ákvæðis í gr. 7.2.1 í váttryggingarskilmálunum. Með vísan til framangreinds hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Skilmálar þeir sem gilda um forfallatryggingu þá sem hér er til skoðunar hafa ekki verið lagðir fram í málinu. Þá má engu að síður finna á heimasíðu V og eru þar sagðir gilda frá 1. júlí 2017. Samkvæmt grein 7.1.1 í skilmálunum bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að kr. 350.000 vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í ef ástæðan er m.a. veikindi. Ekki er um það deilt að M var af læknisráði ráðið frá að fara í umrædda ferð til Tenerife vegna undirliggjandi sjúkdóms. Þá greinir aðila heldur ekki á um að kostnaður M vegna ferðarinnar fékkst ekki endurgreiddur hjá viðkomandi ferðaskrifstofu. Skilyrði bótaskyldu úr váttryggingunni teljast því vera fyrir hendi nema einhver ákvæði skilmálanna sem takmarka ábyrgð félagsins geti átt við.

Í gr. 7.2 eru tilgreind ýmis tilvik sem leiða til takmörkunar á bótaskyldu úr forfallatryggingunni. Þannig kemur fram samkvæmt gr. 7.2.1 að félagið bætir ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem váttryggður þjádíst af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. Samkvæmt þessu undanþáguákvæði þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt svo félagið geti borið það fyrir sig. Annars vegar að váttryggður hafi þjádíst af veikindum og sjúkdómi á greiðsludegi staðfestingargjaldsins og hins vegar að hann hafi á sama tíma verið í meðferð vegna viðkomandi veikinda eða sjúkdóms. Óumdeilt er að M bjó við undirliggjandi sjúkdóm þegar hún greiddi staðfestingargjaldið í október 2019 og þannig telst fyrra skilyrðið uppfyllt. Hins vegar liggur ekkert fyrir í gögnum málsins um að hún hafi þá verið í meðferð vegna sjúkdómsins. Í málskoti staðhæfir M að hún hafi ekki verið í meðferð vegna þess undirliggjandi sjúkdóms sem hún var með þegar staðfestingargjaldið var greitt. Ekki verður séð að þessari staðhæfingu hafi verð mótmælt sérstaklega af hálfu V. Verður samkvæmt þessu að líta svo á að ósannað sé að M hafi verið í meðferð vegna sjúkdómsins þegar staðfestingargjaldið var greitt. Með því að þessu skilyrði hefur ekki verið fullnægt getur V ekki borið sig undanþáguákvæðið í gr. 7.2.1 í skilmálunum. Önnur ákvæði í gr. 7.2 sem takmarka ábyrgð V geta ekki komið til álita í máli þessu. M telst því eiga rétt á bótum úr forfallatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 34/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 18. júní 2018.****Gögn.**

Málskot, móttækið 27.01.2021, ásamt fylgiskjölum 1-10.

Bréf V, dags. 11.02.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 18.02.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 18. júní 2018 hafi bifreið sem M ók lent í árekstri við A sem hafi verið ekið aftan á hana. M hafi fengið hnykk á stoðkerfi við áreksturinn og leitað samdægurs til læknis. Hafi M þá lýst stífleika og verkjum í hnakka, öxl við herðablað og mjóbaki auk höfuðverkjar. Hafi hann verið greindur með hálstögnun og vöðvabólgu. Hinn 31. janúar 2019 hafi M aftur leitað á heilsugæslu vegna einkenna frá hnakka og baki og hafi hann þá fengið tilvísun í sjúkraþjálfun sem hann hafi stundað síðan. Hinn 29. janúar 2020 hafi V hafnað bótaskyldu vegna slyssins á grundvelli svokallaðra PC-Crash útreikninga. M krefst þess að úrskurðað verði um bótaskyldu V, enda hafi M allt frá upphafi lýst einkennum vegna umrædds slyss, og sé samfella í framburði hans hvað það varðar. M hafi þá verið hraustur fyrir slysið og ekki þjádust af neinum einkennum frá stoðkerfi. Þá megi ráða af skemmdum á bifreiðunum að um nokkuð kraftmikinn árekstur hafi verið að ræða. Sé því sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og einkenna M. Útreikningar sem V hafi aflað einhliða geti þá ekki haft neitt vægi gegn öðrum gögnum málsins þegar komi að sönnunarmati á orsakatengslum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að félagið telji ekki sýnt fram á að M hafi orðið fyrir varanlegu heilsutjóni af völdum árekstursins sem um ræði. Hins vegar hafi verið fallist á að greiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar fyrstu 10-12 vikurnar eftir atvikið vegna mögulegra tímabundinna einkenna. Fyrirliggjandi læknisvottorð byggja á þeirri frásögn M að A hafi líklega verið ekið á 40 kílómetra hraða á klukkustund við áreksturinn, en samkvæmt hraðaútreikningi hafi hraði hennar aðeins verið sex kílómetrar á klukkustund og hafi viðkomandi læknir því byggt mat sitt á forsendum sem ekki hafi verið í samræmi við önnur gögn málsins. Við mat á því hvort orsakatengsl séu til staðar þurfi að líta til þess hvort tjónið hafi verið það mikið að líklegt væri að það gæti leitt til varanlegt heilsutjóns, og það skilyrði sé ekki uppfyllt. Þá þurfi tjónþoli að lýsa einkennum fljótlega eftir slys. Það hafi M vissulega gert, en lýsing hans á atvikum hafi ekki samrýmt öðrum gögnum málsins og þá sé ekki samfella í sjúkrasögu M eftir umrætt atvik. Enn fremur séu lýsingar hans á einkennum ekki sértæks eðlis heldu almennar og geti slík einkenni stafað af ýmsum þáttum öðrum en umræddum árekstri. Sé samkvæmt öllu framansögðu ekki sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og einkenna M og er bótaskyldu því hafnað.

Með viðbótarathugasemdum sínum leggur M fram læknisvottorð bæklunarlæknis, dags. 4. febrúar 2021, þar sem m.a. kemur fram að við læknisskoðun hinn 4. febrúar 2021 lýsi M verk við aftursveigju á hálsi, verk vinstra megin í baki við framsveigju og hliðarsveigju til hægri, og sé með þreifiefmsli yfir vinstri sjalvöðva, við innanvert vinstra herðablað, og yfir langvöðva í brjóst- og mjóbaki.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 9. október 2017. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna. Eftir sem áður hvílir það á M að sýna fram á orsakatengsl milli þeirra einkenna sem hann rekur til umrædds áreksturs og árekstursins sjálfs. V hefur fallist á að greiða útlagðan kostnað vegna læknisþjónustu og lyfja fyrstu 10-12 vikurnar eftir atvikið en hafnar því hins vegar að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af því. Samkvæmt þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni leitaði M til heilsugæslu samdægurs eftir áreksturinn, og aftur hinn 31. janúar 2019. Jafnframt má ráða af fyrirliggjandi vottorði að hann hafi, í tengslum við gerð þess vottorðs, hitt bæklunarlækni hinn 4. febrúar 2021. Engin frekari læknisfræðileg gögn liggja fyrir nefndinni, og verður ekki séð að M hafi gengist undir neinar sértækar

rannsóknir vegna einkenna sinna, sem eru nokkuð almenns eðlis og ekki er meðal málganga að finna neinar frekari upplýsingar um sjúkraþjálfun þá sem M fékk tilvísun í. Af framansögðu verður ekki fallist á að M hafi sýnt fram á að einkenni þau sem hann býr við í dag verði rakin til umrædds áreksturs. Hefur hann því ekki sýnt fram á frekara tjón en það sem V hefur þegar fallist á að bæta honum og ber þar af leiðandi að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 35/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður féll úr tröppu við það að hnoð í tröppunni gáfu sig.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 25.1.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 5.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 27. nóvember 2019 var M, starfsmaður hjá A, að störfum uppi á um 2,5 m háum gámi. Til að komast upp á gáminn hafði M orðið sér úti um frístandandi tröppu til að komast upp á gáminn. Er M var á leið niður af gáminum og stóð í tröppunni gáfu sig hnoð í tröppunni sem leiddi til þess að hann féll til jarðar og varð fyrir meiðslum. Hann var frá störfum næstu tvo daga eftir slysið og leitaði til læknis um hálfum mánuði síðar.

M kveður slysið mega rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar og hættulegra aðstæðna á vinnustaðnum. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eigi vinnuveitandi að ganga úr skugga um og tryggja að fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé gætt á vinnustað og vísar M í því sambandi til 13., 14., 17, 41. og 42. gr. laganna auk 37. gr. Enn fremur vísar M til 1. og 2. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Kveður M að stiginn hafi ekki hentað til verksins og verið beinlínis hættulegur og rekja megi slysið til vanbúnaðar tröppunnar en hluti hennar hafi gefið sig þegar hann var á leið niður. Óumdeilt sé að stiginn hafi verið vanbúinn og því hafi M ekki gætt að ákvæðum 5., 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja auk þess sem vísað er til sérákvæða varðandi notkun stiga í greinum 4.2.1 og 4.2.2 í II. viðauka við reglugerðina þar sem er að finna ákvæði er varða notkun tækja á vinnustöðum. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins eins og skylt hafi verið samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Í ljósi framangreinds telur M að A beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hann hlaut í slysinu og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er um það deilt að hnoð í tröppunum hafi gefið sig með þeim afleiðingum að M féll til jarðar og slasaðist. Samkvæmt fyrirbyggjandi ljósmyndum og öðrum gögnum málsins má sjá að um er að ræða frístandi níu þrepa tröppu þar sem hnoð í lóm á efsta þrepi, sem tengir saman fætur tröppunnar, hafa gefið sig með fyrrgreindum afleiðingum. Ekki er dregið í efa að tröppurnar hafi verið tiltölulega nýjar. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að yfirmenn A að aðrir starfsmenn A hafi vitað eða mátt vita að hnoðin væru að gefa sig. Tröppurnar voru af viðurkenndri gerð og fullnægði EN131 öryggisstaðli. Efsta þrep tröppunnar hefur verið í lítið eitt lægri hæð en hæð sjálfs gámsins. en handrið eða handfesta í tröppunni náði nokkuð upp fyrir efsta þrepið. Ekki verður annað ráðið en trappa sú sem M notaði umrætt hafi verið fallið vel að því að komast upp á gáminn og niður af honum. Að öllu virtu verður ekki litið svo á að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustaðnum, ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem A getur borið skaðabótaábyrgð á. Þessu breytir ekki þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Samkvæmt þessu telst M ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V,

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 37/2021**M og****V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Sakarskipting vegna áreksturs 7. janúar 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið, 27.1.2021, ásamt fylgiskjölum 1-3.

Bréf V1, dags. 12.2.2021.

Bréf V2, dags. 11.2.2021.

Málsatvik.

Hinn 7. janúar 2021 varð árekstur milli ökutækjanna A og B rétt utan við innkeyrslu inn á bifreiðaplan við pizzastaðið Domino's að Undirhlíð 1. Í lögregluskýrslu er atvikum lýst á þá leið að bifreiðunum hafi báðum verið ekið austur Undirhlíð og að A hafi verið fyrir framan B. Þegar A nálgast innkeyrsluna við Undirhlíð 1 hafi ökumaður A beygt til hægri inn að innkeyrslunni. Í þann sama mund hafi bifreiðinni B verið ekið hægra megin fram hjá A. Bifreiðarnar hafi því lent saman. Akomu má sjá á hægri hlið og hægri framenda bifreiðar A og á vinstra framhorni B.

Í lögregluskýrslunni er haft er eftir ökumanni A að hann hafi ekið austur Undirhlíð og að hann hafi gefið stefnuljós til hægri áður en hann hugðist beygja inn á bifreiðaplanið. Þá er haft eftir honum að vegna staðsetningar bifreiðar sem var að koma út af bifreiðastæðinu hafi vegurinn verið þröngur fyrir ökutæki sitt, ameríska pallbifreið. Kvaðst hann því hafa þurft að beygja bifreið sinni örlítið til vinstri (norðurs) áður en hann beygði til hægri (suðurs) inn á bifreiðaplanið. Í þann mund sem hann hafi beygt til suðurs hafi bifreiðinni B verið ekið utan í hægri hlið bifreiðar sinnar.

Í framburðarskýrslu ökumanns B lýsir hann atvikum á þá leið að hann hafi ekið bifreið sinni austur Undirhlíð og að hann hafi ekið á sunnanverðri akbrautinni (hægra megin). Þá kveður hann bifreiðinni A hafa verið ekið á norðanverðri akbrautinni (vinstra megin) og að hann hafi vegna staðsetningar bifreiðarinnar talið að ökumaður hennar hafi ætlað að beygja til norðurs (vinstri). Kveðst ökumaður B hafa tekið eftir því að ökumaður A hafi gefið stefnuljós þegar hann var kominn upp að hægri hlið bifreiðarinnar. Hann hafi því reynt að bremsa til að koma í veg fyrir árekstur en án árangurs. Kvaðst M hafa ekið á um 30-40 km/klst. hraða.

Í málinu liggur einnig fyrir aðsendur framburður ökumannsins sem var að aka út af bifreiðastæðinu í þann mund sem áreksturinn varð. Lýsir vitnið atvikum á þá leið að A hafi gefið stefnuljós til hægri og að A hafi þurft að taka smá sveig til að komast inn í beygjuna við bifreiðaplanið. Ökumaður A hafi hægt á sér eins og hann hafi ætlað að hleypha bifreiðinni út af planinu en vitnið hafi gefið ökumanni A merki með handahreyfingu um að fara inn á planið á undan. Þegar hann hafi beygt til hægri hafi ökutæki B, sem einnig var með logandi stefnuljóst til hægri, nálgast og keyrt upp á kantinn og inn í hægri hlið A.

M, eigandi A, sættir sig ekki við niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna um að hvor ökumaður skuli látinn bera helming sakar. Vísar hann m.a. til þess að hann telur ökumann B hafa ekið of hratt m.v. aðstæður og ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig. V1 tekur undir með sjónarmiðum M. V2 telur meginorsök tjónsins hins vegar þá að ökumaður A hafi tekið vinstri beygju með röngum hætti.

Álit.

Í 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að við hægri beygju skuli aka sem næst hægri brún akbrautar og að beygjan skuli tekin eins kröpp og unnt er. Af gögnum málsins telst nægilega sannað að ökumaður A tók hægri beygjuna ekki til samræmis við framangreint ákvæði, heldur tók hann sveig til vinstri áður en hann beygði til hægri. Ber ökumaður A því nokkra sök á árekstrinum. Af gögnum málsins verður einnig ráðið að ökumaður B hafi ekki hagað akstri í samræmi við aðstæður. Gætti hann ekki nægilega að umferð fyrir framan sig og því að hafa nægilegt bil á milli bifreiða svo ekki skapaðist hætta á árekstri. Við þær aðstæður sem hér voru verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjetryggingar, verður að skipta sök þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík, 16. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 38/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar A og
V2 v/frjálsrar ábyrgðartryggingar B****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 28.01.21, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 03.02.21, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V2, dags. 19.02.2021.

Málsatvik.

Málsatvik voru með þeim hætti að M var á veitingastaðnum S sem stendur við H-götu þegar hún féll í stiga eftir að hafa farið á salerni á efri hæð staðarins og handleggsbrotnaði illa.

Bæði V1 og V2 höfnuðu bótaskyldu.

M byggir bótaskyldu á því að rekstraraðili (B) og húseigandi (A) beri sameiginlega og óskipta skaðabótaábyrgð á tjóni hennar. Telur hún að vinnuverndarlöggjöf eigi við í þessu sambandi þrátt fyrir að hún hafi ekki verið starfsmaður. Stiginn sé brattur og það hafi verið klessa í stiganum sem hún hafi hnotið um. Mikilvægt hafi verið að varað væri við stiganum og að það hafi átt að háлкуverkja þrep stigans með almennilegum og forsvaranlegum hætti. Þar að auki verði að gera auknar kröfur til rekstraraðila og húseiganda um öryggi viðskiptavina á veitingastað.

Í bréfi V1 kemur fram að ekki hafi verið sýnt fram á með neinum gögnum að stiginn sem M féll í hafi verið óforsvaranlegur eða að lýsingu hafi verið ábótavant. Þá kemur fram að ekki verði byggt á vinnuverndarlöggjöf þar sem M hafi ekki verið starfsmaður veitingahússins. Enn fremur hafi ekki verið sýnt fram á að slysið verði til saknæms vanbúnaðar fasteignarinnar heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða.

Í bréfi V2 kemur fram að ósannað sé að klessa hafi verið í tröppunum sem M hafi hnotið um. Fasteignin að H-götu sé byggð árið 1910 og ekki liggi annað fyrir en að stiginn hafi uppfyllt þær kröfur sem voru í gildi þegar húsið var byggt. Öll tilskilin leyfi séu fyrir hendi til að reka veitingastað án athugasemda um stigann. Því er mótmælt að lýsingu hafi verið ábótavant eða að hún sé hafi ekki verið eins og við megi búast á veitingastað. Því hafi ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til vanrækslu eða vanbúnaðar af hálfu rekstraraðila.

Álit.

Í málinu liggur fyrir bréf M til rekstraraðila þar sem atvikum vegna slyssins er lýst. Þess er getið að henni hafi fundið eins og hún hafi hnotið um klessu (vín eða gos sem er slímugt). Frekari gögn um hvort klessan hafi verið til staðar liggja ekki fyrir. Það liggur fyrir að stiginn er brattur og er í húsi sem er komið vel til ára sinna. Að öðru leyti liggja ekki fyrir frekari gögn um stigann en rekstraraðilinn hefur öll tilskilin leyfi til veitingarekstursins. Þá virðist lýsing við stigann ekki hafa verið öðruvísi en vænta má á veitingastað. Ekki verður því séð að slysið sé að rekja til saknæms vanbúnaðar í fasteigninni eða að það sé að rekja til vanrækslu eða vanbúnaðar af hálfu rekstraraðila. M mátti vera ljóst þegar hún fór upp stigann að hann var brattur og hefur ekki verið sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða þegar M féll í stiganum. Bótaskyldu V1 og V2 er því hafnað.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 né frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 25. mars 2021.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 39/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar eiganda sundlaugar.Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss af völdum háلكu á sundlaugarsvæði.**Gögn.**

Málskot, móttakið 29.1.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 16.2.2021.
Bréf V, dags. 15.2.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 17. febrúar 2019 varð M fyrir meiðslum er hún var á leið upp úr heitum potti í sundlauginni A sem er í eigu og rekin af B. Í málskoti er atvikinu lýst svo að hún hafi verið að fara úr heitum potti sem sé staðsettur upp við útvegg sundlaugarbyggingarinnar. Hafi hún sett hægri fót út fyrir pottinn og niður á steipt undirlag. Þegar hún hafi síðan verið að færa vinstri fót yfir og niður á steipta undirlagið hafi hún runnið aftur fyrir sig og skolið harkalega niður. Hafi hún komið niður á bakið og rekið höfuðið sömuleiðis í.

Tveimur dögum eftir atvikið, sendi M tölvubréf til A. Þar gerir hún grein fyrir því að hún hafi nokkrum sinnum áður runnið til á stéttinni á leið til og frá kvennaklefa. Þetta sé alltaf ákveðin áhættuganga fyrir hana og fleira fólk. Hafi hún verið hrædd um að það kæmi að því að hún myndi hrasa en umrætt atvik hafi verið mun harkalegra og fyrir vikið hafi henni verið brugðið. Með tölvubréfi A degi síðar var tölvubréfi M svarað. Í því bréfi kom fram að af hálfu A hafi verið staðið í ströngu „við að gera eitthvað við bakkann til að fá hann stamari. Allskyns efni hafa verið reynd og erum við enn að klóra okkur í hausnum yfir þessu hvímeiða og hættulega vandamáli. Við höldum áfram leit okkar að leið til að laga þetta og þangað til get ég bara vonað að fólk fari varlega og að enginn slasist.“

Hinn 22. janúar 2019 voru aðstæður á laugarsvæði A skoðaðar í reglubundnu eftirliti af hálfu heilbrigðiseftirlits B. Í skýrslu heilbrigðiseftirlitsins um skoðunina kom fram að á árinu áður hafi borist kvartanir vegna háلكu á laugarbökkum við útisundlaug. Settar hafi verið bláar mottur í kringum heitan pott en ekki á helstu gönguleiðum. Við skoðunina hafi verið búið að taka motturnar en setja öryggisskilti með háلكuviðvörðun á tveimur stöðum á gönguleiðum frá kvennaklefa að heitum potti.

Hinn 4. desember 2019 voru af hálfu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands framkvæmdar viðnámsmælingar á flísam á bökkum laugarinnar. Fóru mælingar fram á sex stöðum á laugarsvæðinu, bæði á undirlagi sem hafði verið „meðhöndlað með yfirborðsefni (silan?)“ og þar sem það var ómeðhöndlað og þar sem undirlagið var þurrt eða blautt. Samkvæmt sænskum viðmiðum var viðnám talið gott ef viðnámsstuðull (μ) væri $\geq 0,4$. Í öllum tilvikum mældist viðnám yfir sænska viðmiðunargildinu, eða 0,65-0,82, nokkur munur í mæligildum hafi verið eftir staðsetningu ásamt því hvort undirlag hafi verið meðhöndlað eða ekki. Var niðurstaða athugunarinnar að viðnámið hafi í öllum mælitilvikum mælst nægjanlega gott. Þó beri að hafa í huga að mikið ágengi geti haft neikvæð áhrif á viðnám og því ætti undirlag á slíkum stöðum að vera meðhöndlað.

M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu. Byggir V höfnun sína á því að M hafi ekki notað tröppur sem eru á tveimur stöðum er hún fór upp úr pottinum heldur hafi hún farið upp úr honum á óhefðbundinn hátt sem B geti ekki borið ábyrgð á. Háلكuviðvörðunum hafi verið komið fyrir víðsvegar um bakkann fyrir slysið, gönguleiðir séu saltaðar og snjóbræðslukerfi sé til staðar á svæðinu. Þá hafi háلكuviðnám verið metið fullnægjandi á öllum mældum yfirborðsflötum á laugarsvæðinu.

Álit.

Ekki er um það deilt að M rann á hálu yfirborði laugarsvæðisins er hún steig upp úr heitum potti. Viðnámsmæling á flísam fór ekki fram þar sem M fór upp úr pottinum. Ekki er ljóst hvernig yfirborð svæðisins var þar að öðru leyti en því að það var hált. Samkvæmt lýsingu B á aðstæðum hafði reynst erfitt að gera yfirborð laugarbakkans stamara og ekki fundist lausn til úrbóta á þessu „hvímeiða og hættulega vandamáli“. Vandamál og hætta sem stafaði af háلكu á umræddu svæði var starfsmönnum A ljós. Ekki verður ráðið af gögnum málsins hvernig staðið var að eyðingu háلكu við pottinn þar sem slysið varð. Ekki var svæðið girt af þrátt fyrir vitneskju um háلكuna sem erfitt mun hafa reynst að vinna bug á. Rík ábyrgð hvílir á eigendum og rekstraraðilum sundlauga að halda gönguleiðum við útilaugar frostfríum, sbr. m.a. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Að öllu virtu verður að virða það A til sakar að hafa ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að varna því að sundlaugargestir yrðu fyrir meiðslum vegna háلكu við pottinn. Af því leiðir að B sem eigandi A ber fébótaábyrgð á líkamstjóni því sem M varð fyrir umrætt sinn.

Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að M notaði ekki annan þeirra tveggja stiga sem unnt var að nota til að komast upp úr pottinum. Þá var henni kunnugt um þá hálfu sem víða mátti finna á laugarsvæðinu. Við þessar aðstæður bar henni að gæta ýtrustu varúðar er hún fór upp úr pottinum. Á það hefur skort og á hún því einnig nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að B beri ábyrgð á 2/3 hlutum þess líkamstjóns sem M varð fyrir umrætt sinn en M beri sjálf 1/3 hluta tjónsins vegna meðábyrgðar sinnar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann T. Sigurðsson lögm.

Mál nr. 40/2021

M1 og M2 og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um umfang bótaskylds tjóns er A var ekið á verslunarglugga M.

Gögn.

Málskot, dags. 28.01.2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 24.02.2021 ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 05.03.2021.

Málsatvik.

Hinn 20. febrúar 2020 var A ekið á framhlið verslunarhúsnæðis í eigu M1 með þeim afleiðingum að rúðugler brotnaði. Ekki er deilt um atvikið sem slíkt né að það sé í sjálfu sér bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A. Í málskoti kemur hins vegar fram að viðgerð hafi dregist mjög og ekki farið fram fyrr en 2. júní 2020. Í millitíðinni hafi viðarspjald verið í glugganum og hann ekki hentað til auglýsinga og útstillinga og því hafi húsnæðið ekki hentað til fyrirhugaðra nota. M1 hafi orðið fyrir tjóni sem leigusali vegna tapaðra leigutekna og M2, rekstraraðili verslunar í umræddu húsnæði sem það leigði af M1, hafi orðið fyrir tjóni vegna tapaðra viðskipta þar sem ásýnd verslunarinnar hafi gefið til kynna að hún væri lokuð. Með hliðsjón af framangreindu gerði M1, hinn 14. maí 2020, kröfu um bætur vegna leigugreiðsla sem því hefðu ella borið, en V hafnaði þeirri kröfu með bréfi dags. 19. maí 2020. Með bréfi dags 23. júní 2020, ítrekuðu M1 og M2 kröfur sínar og lögðu fram frekari gögn vegna sölu í versluninni og ljósmyndir af umræddum glugga. V hafnaði kröfunum með bréfi dags. 20. júlí 2020, á grundvelli þess að fjárhagslegt tjón væri ósannað, auk þess sem skilyrði skaðabótaréttar um sennilega afleiðingu væri ekki uppfyllt. M1 og M2 fella sig ekki við þá afstöðu og krefjast þess að úrskurðað verði um bótaskyldu V. M1 byggir kröfu sína á því að þar sem V og tjónvaldur hafi vanrækt að bæta úr skemmdum á glugganum hafi M1 sem leigusali ekki getað afhent húsnæðið í umsömdu ástandi þannig að það hentaði til verslunarnota og því hafi M1 ekki getað krafist M2 um leigugreiðslur. Tjón M2 verði svo rakið til vanhalda V og tjónvalds á því að lagfæra gluggann sem hafi leitt til verulega minni vörusölu en ella enda hafi ytri umbúnaður verslunarinnar verið fráhrindandi og fólk talið að hún væri lokuð. Bótaskylda tjónvalds sé hlutlæg og eigandi bifreiðarinnar fébótaskyldur og tjónið hafi samkvæmt framansögðu ekki eingöngu tekið til gluggans sem slíks. Þá sé augljóst að tjón M1 og M2 veri rakið til ákeyrslunnar á gluggann. Hvað varði skilyrðið um sennilega afleiðingu þá hljóti það, þegar um hlutlæga bótaábyrgð er að ræða, að standa tjónvaldi nær en tjónþola að bera tjónið. Þá hafi V krafist þess að sjá alfarið um viðgerðina og sé stjórnunarábyrgð þess alger, en ekkert liggi fyrir um að leitað hafi verið leiða til að flýta viðgerðinni. Jafnvel þó einhver töf á viðgerð kunni að hafa verið eðlileg verði að ætla að þau tímamörk sem hér um ræði hafi verið langt út fyrir það sem tjónþola verði ætlað að þola bótalaust. M1 og M2 hafi bæði sýnt fram á tjón sitt og lagt fram gögn um það og sé aðeins farið fram á viðurkenningu á því að tjónið skuli bætt úr ábyrgðartryggingu A, enda fjalli nefndin að öllu jöfnu ekki um bótafjárhæðir.

Í bréfi sínu til nefndarinnar krefst V í fyrsta lagi frávísunar, þar sem ágreiningur aðila snúi að því hvort meint tjón teljist sannað og hvort orsakatengsl séu milli þess og tjónsatviks. Geti nefndin því ekki komist að niðurstöðu um rétt M1 og M2 til bóta nema taka á sama tíma afstöðu til bótafjárhæða, enda sé ekki ágreiningur um að tjónþolar eigi rétt á að fá allt fjárhagslegt tjón sitt bætt. Þar sem V hafi ekki veitt samþykki sitt fyrir því að nefndin fjalli um bótafjárhæðir í málinu beri þar af leiðandi að vísa því frá. Verði ekki fallist á það vísar V til þess að um bótaábyrgðina fari eftir almennum reglum skaðabótaréttar og beri því tjónþola að sýna fram á fjárhagslegt tjón og orsakatengsl milli þess og bótaskyldrar háttsemi. Það hafi ekki verið gert. Hvað varði kröfu M1 þá hafi ekki verið sýnt fram á að ástand húsnæðisins hafi verið slíkt að það hentaði ekki rekstri M2 og að M2 ætti því rétt á niðurfellingu leigugreiðsla í heild eða að hluta, enda hafi verslun M2 verið í rekstri allan tímann sem um ræði. Hvað varði kröfu M2 þá hafi ekki verið sýnt fram á minnkaða sölu, enda sé um að ræða starfsemi sem sé eðli sinnar vegna háð sveiflum. Þá sé um nýja verslun að ræða og ekki liggi fyrir sölutölur vegna sömu mánaða á fyrri árum. Enn fremur hafi á sama tíma verið um að ræða almennan samdrátt vegna Covid-19 faraldursins sem hafi haft mikil áhrif á verslun. Á umræddu tímabili hafi því ríkt afar sérstæðar aðstæður. Ef sýnt væri fram á minni umsvif væri ólíklegt að þau væri að rekja til áakstursins, og viðarplötunnar í glugganum, enda hafi aðrir gluggar verið til staðar, auk þess sem hæglega hefði mátt setja filmu eða auglýsingaskilti á plötuna, en það sé alvanalegt hjá verslunum í sambærilegum rekstri að filmur séu á framhliðum þeirra. Verði þrátt fyrir þetta talið að sýnt hafi verið fram á tjón vegna áakstursins sé það svo afstaða V að það tjón sé ekki sennileg afleiðing hinnar bótaskyldu háttsemi og falli því utan skaðabótaábyrgðar. Þannig sé drátt á viðgerðinni að rekja til mistaka framleiðanda

og að litlu leyti til ágreinings milli framleiðanda og undirverktaka, og sé um að ræða ófyrirséða og tilviljunarkennda atburðarrás sem tjónvaldur verði ekki gerður ábyrgur fyrir. Þá vísar V til þess að tjónþola beri skylda til að takmarka tjón sitt og það hefði verið einfalt að gera það í því tilviki sem hér um ræði, t.a.m. með því að setja filmu eða auglýsingaskilti á tréplötuna. Væri bótaréttur M1 og M2 til staðar væri hann því fallinn niður á þeim grundvelli að þau hefðu ekki gripið til slíkra aðgerða í þeim tilgangi að takmarka tjón sitt.

Í viðbótarathugasemdom sínum hafna M1 og M2 því að ágreiningur aðila snúi aðeins að bótafjárhæðum, enda snúi hann að því hve víðtæk bótaskyldan sé og hvert bótasvið váttryggingarinnar sé. Verði ágreiningur um bótafjárhæðir sem slíkar sé unnt að leysa úr því með dómkvaðningu matsmanns en fyrst þurfi að staðreyna hver bótaskylda V sé. Hvað varði rekstrartjón þá hafi takmarkanir vegna Covid-19 ekki haft áhrif á reksturinn og hafi verslun verið góð eftir að viðgerð á glugganum lauk. Hvað varði takmörkun tjóns síns þá hafi tjónþolar ítrekað fengið þær upplýsingar frá V að nýtt gler væri væntanlegt og því ekki talið forsvaranlegt að leggja í vinnu og kostnað samfara því að setja upp skilti eða filmu. Hefðu þeir haft vitneskju um að viðgerð mundi taka rúma þrjá mánuði hefði hugsanlega verið lagt í slíka framkvæmd. Jafnframt sé hönnun auglýsinga tímafrek og kostnaðarsöm og ekki liggja fyrir að V hefði tekið þátt í slíkum kostnaði. Er því röksemdum V um að tjónþolar hafi ekki gætt að því að takmarka tjón sitt hafnað. Hvað varði umfjöllun V um það að tjón M1 og M2 sé ekki sennileg afleiðing bótaskyldrar háttsemi þá sé það einfalt framkvæmdaratriði að fá nýja rúðu og setja hana í. Hafi töf hlotist af mistökum framleiðanda og atvikum sem varði hann og/eða undirverktaka hljóti V að geta sótt bætur á þá aðila. Öll stjórnunarábyrgð á verkinu hafi legið hjá V og hafi tjónþolar ekki haft neina aðkomu að því, og hafi V hafnað umleitunum M1 um að fá sjálft að annast viðgerðina. Verði V að bera hallann af því.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki ágreiningur um það að V beri að bæta það fjárhagslega tjón sem hlaut af umræddu atviki að fullu. Verður ekki ráðið annað en að V telji að það hafi verið gert með því að lagfæra umræddan glugga. M1 og M2 telja hins vegar tjón sitt ná til fleiri þátta. Verður að líta svo á að ágreiningur aðila snúist ekki aðeins um bótafjárhæðir sem slíkar, og verður því ekki talið að vísa beri máli þessu frá með vísan til 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005. Verður því tekið til skoðunar hvort sýnt hafi verið fram á frekara tjón vegna umrædds atviks. Hvað varðar kröfu M2 um bætur vegna skerðingar rekstrartekna sem leiði af umræddu tjóni á framhlið verslunarinnar þá liggur fyrir samtölulisti fyrir bókhald sem sýnir sölutekjur pr. mánuð tímabilið mars-október 2020. Þar sem um nýja verslun var að ræða liggja ekki fyrir samanburðarhæfar tölur frá fyrri árum. Þá liggur ekki fyrir frekari greining á umræddum tölum, t.a.m. með hliðsjón af væntum árstíðarsveiflum í rekstri, eða greining á áhrifum Covid-19 faraldursins á rekstur af þessum toga. Verður því ekki talið af þessum gögnum að sýnt sé fram á að M2 hafi orðið fyrir rekstrartjóni né að það megi rekja til umrædds tjónsatburðar. Verður þá ekki talið að frekari ályktanir verði dregnar af upplýsingum úr rekstraráætlun M2 sem virðist hafa legið fyrir við opnun verslunarinnar og gerði ráð var fyrir jafnri sölu allt árið, en sala virðist sveiflast nokkuð milli mánaða, einnig eftir að viðgerð fór fram. Verður því ekki talið að M2 hafi sýnt fram á tjón að þessu leyti, og er kröfu M2 um bætur vegna tapaðra viðskipta því hafnað. Kemur þá til skoðunar krafa um bætur vegna tapaðra leigutekna. Í málskoti er hún í raun sett fram af hálfu beggja aðila, M1 og M2, þ.e. M1 fer fram á bætur vegna tapaðra leigutekna, og M2 fer fram á bætur vegna leigugreiðslna verði ekki fallist á kröfu M1 um bótaskyldu vegna tapaðra leigutekna. Ekki verður séð að aðilar hafi komist að samkomulagi um afslátt eða niðurfellingu leigugreiðslna, sbr. það sem segir í samkomulagi og umboði aðila til lögmanns þeirra, frá ágústmánuði 2020, þar sem fram kemur að aðilar nái ekki samkomulagi sín á milli hvað varðar kröfu M2 á hendur M1 um bætur vegna rekstrataps og niðurfellingu leigugreiðslna, enda sé það afstaða þeirra beggja að váttryggjandi A, þ.e. V, eigi að bæta tjónið. Verður því ekki talið að M1 hafi sýnt fram á tjón vegna þessa og er kröfu þess þegar af þeirri ástæðu hafnað. Rétt er að taka fram að það fellur utan við verksvið úrskurðarnefndarinnar, sbr. 3.gr. áðurnefndra samþykktu hennar, að taka afstöðu til einkaréttarlegra krafna M1 og M2 á hendur hvort öðru eða knýja með einhverjum hætti á um samninga þeirra á milli, og er það ekki á forræði nefndarinnar að meta hvort, og að hvaða leyti, M2 hafi átt rétt á niðurfellingu leigugreiðslna á grundvelli þess að húsnæðið hafi ekki hentað til fyrirhugaðra nota. Miðað við fyrirliggjandi gögn telst því heldur ekki sýnt fram á að M2 hafi orðið fyrir tjóni vegna leigugreiðslna og ber því einnig að hafna kröfu þess hvað þann þátt málsins varðar. Á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður því samkvæmt framansögðu ekki talið sýnt fram á að málskotsaðilar hafi orðið fyrir frekara tjóni vegna umrædds atviks en því sem V hefur þegar bætt þeim.

Niðurstaða.

M1 og M2 eiga ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 41/2021

M og
V vegna slysatryggingar launþega hjá XSlyshugtakið. Bakmeiðsli við að bera teppi 20. janúar 2020.**Gögn.**

Málskot dags. 1. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 12. febrúar 2021, ásamt vátryggingarskilmálum.

Bréf lögmans M til nefndarinnar dags. 17. febrúar 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið að flytja tvö teppi, sem búið var að rúlla saman í eitt, frá hóteli í þvottaaðstöðu X. Haft er eftir M í málskoti að teppin hafi verið þung og ekki hafi fengist aðstoð frá hótelfarismönnum við að bera teppin. M kveðst hafa notað rör af vatnsryksugu til að lyfta teppunum inn í bifreið en við það hafi rörið brotnað og M fengið slink á bakið. M leitaði á Læknavaktina sama dag vegna óþæginda í baki og síðar komi ljós að hann hafði fengið brjósklos í bak og tognun í kviðvegg hefur hann verið óvinnufær frá tjónsdegi.

M telur að líkamstjón hans hafi orðið vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar þegar rör af vatnsryksugu, sem notað hafi verið til að flytja þung teppi, hafi brotnað og þannig hafi hann fengið slink á líkamann sem leitt hafi til bak- og kviðmeiðsla. M vísar til yfirlýsingar samstarfsmanns síns sem staðfesti að tjónsatvikið hafi orðið með þeim hætti og að það verði að leggja þá yfirlýsingu til grundvallar umfram það sem komi fram í fyrstu tjónstilkynningum sem M hafi sjálfur undirritað, en þar hafi verið lýsing frá vinnuveitanda hans sem hann hafi ekki skilið sökum tungumálaerfiðleika.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til gr. 2 í vátryggingarskilmálum þar sem gildissvið slysatryggingar er skilgreint þannig að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs. V telur að M hafi ekki sýnt fram á að líkamsmeiðsli hans séu rakin til utanaðkomandi atburðar heldur sé um innri meiðsl að ræða sem verði rakin til rangrar beitingar og/eða ofreynslu og álags. V vísar einnig til þess að samtímagögn sýni að M hafi verið að lyfta þungu þegar hann fann fyrir meiðslum í baki og kviði og hafi einnig gefið þá lýsingu hjá lækni strax eftir atvikið sem og í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands. V telur aðra lýsingu sem fram hafi komið síðar af tjónsatburði vera ótrúverðuga og ekki hægt að leggja hana til grundvallar.

M mótmælir sjónarmiðum V í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar og ítrekar að fyrstu lýsingar á tjónatburði hafi verið því marki brenndir að sökum tungumálaerfiðleika hefðu réttar upplýsingar ekki skilað sér frá M og að hann hafi skrifað undir tilkynningu sem stafaði frá X án þess að gera sér grein fyrir hvað þar stóð.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að í fyrstu hafi upplýsingar sem hafðar voru eftir M um tjónsatburð verið þannig að hann hafi verið að lyfta teppi og færa það inn í bifreið verið gefnar annars vegar hjá lækni og hins vegar til X, sem skrifaði tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands um atvikið. M hefur síðar komið á framfæri ítarlegri upplýsingum um tjónsatburðinn og aðdraganda hans. Sú frásögn er staðfest með skriflegum upplýsingum frá samstarfsmanni M dags. 23. september 2020. Ekki hefur nokkuð komið fram í málinu sem gerir þá yfirlýsingu samstarfsmanns M ótrúverðuga og í ljósi þess að hún fer saman við sjálfstæða lýsingu M af atvikum verður að leggja til grundvallar að líkamsmeiðsli hans hafi komið til vegna utanaðkomandi atburðar, þ.e. að slynkur á líkama hans þegar ryksugurör brotnaði undir teppum sem hann var að bera. Ekki verður dregið í efa að tungumálaerfiðleikar og möguleg vanþekking M á því að skilja þýðingu þess að nákvæmar upplýsingar þyrfti til að ákveða hvort líkamsmeiðsli hans féllu undir gildissvið slysatrygginga almannatrygginga eða V. Við ákvörðun um bótaskyldu er einnig litið til afleiðinga líkamstjónsins, eins og þeim er lýst í læknisfræðilegum gögnum málsins. M telst því eiga rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V

Reykjavík, 9. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 42/2021**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna upplýsinga
á söluþfirliti vegna sölu fasteignar á árinu 2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 1. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 2. mars 2021.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 2. mars 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M keyptu fasteignina A með kaupsamningi dags. 27. maí 2020. Í söluþfirliti fyrir eignina komu fram upplýsingar um ástand fasteignarinnar A og textinn: „... skipt var um klóaklaginn c.a. 2005.“ Í sama söluþfirliti kemur fram eftirfarandi texti: „Söluþfirlit er samið af fasteignasala í samræmi við ákvæði laga nr. 70/2015. Þær upplýsingar sem fram koma í söluþfirliti þessu eru sóttar í opinberar skrár, til seljanda sjálfs og eftir atvikum til húsfélags. Seljandi veitir upplýsingar um eign í samræmi við upplýsingaskyldu laga um fasteignakaup nr. 40/2002. Fasteignasali sannreynir að þær upplýsingar séu réttar með sjónskoðun á eigninni. Fasteignasali getur ekki fullyrt um ástand og eiginleika þeirra hluta fasteigna sem ekki eru aðgengilegir og sjást ekki berum augum, t.d. lagnir, dren, skólþ og þak.“

M segir að í ljós hafi komið eftir afhendingu A í lok júlí 2020 að skólþlaginn hafi verið upprunalegar og það liggja fyrir að þær þurfi að endurnýja að fullu skv. mati veggja mismunandi pípulagningarfyrtækja. M telur að fasteignasalinn X beri skaðabótaábyrgð á því að því tjóni sem þau telja sig hafa orðið fyrir þar sem upplýsingar hafi ekki verið réttar á söluþfirliti og þannig hafi X brotið gegn skyldum sínum skv. 10.-12. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 70/2015. M telur að meta verði X það til gáleysis að hafa sett fram staðhæfingu um endurnýjun lagna í söluþfirliti án þess að kanna það sérstaklega. M telur að fyrirvari í söluþfirliti geti ekki undanskilið X ábyrgð skv. fyrrgreindum lögum. Einnig vísar M til úrskurðar nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

V telur með vísan til orðalags söluþfirlitsins, sem vitnað er til hér að ofan, ljóst að þær upplýsingar sem komu þar fram um ástand A stafi frá seljanda og hafi X sett þær fram með hliðsjón af því. X geti ekki borið ábyrgð á röngum upplýsingum seljanda því sé ekki sýnt að um gáleysi hafi verið að ræða af hennar hálfu í skilningi 12. gr. laga nr. 70/2015. Ekki sé um upplýsingar sem komi fram í opinberum gögnum að ræða þannig að það verði að miða við hvað góður og gegn fasteignasali mátti sjá við eðlilega sjónskoðun og á hann verði ekki lögð sú skylda að sannreyna ástand lagna sem ekki séu sýnilegar, sbr. ummæli í athugasemdum með frumvarpi til laganna. V telur ekki sýnt fram á að X hafi mátt vera ljóst að upplýsingar frá seljanda hafi verið rangar. Einnig vísar V til þess að ekki liggja fyrir hvort og þá hvert fjártjón M sé þar sem einungis liggja fyrir áætlun um kostnað og sú áætlun nái til fasteignar þeirrar sem A tilheyrir í heild. Ekki sé því sannað að M hafi orðið fyrir tjóni. V vísar auk þessa til veggja héraðsdóma og úrskurðar nefndarinnar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluþfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í 1. mgr. 12. gr. kemur m.a. fram að fasteignasali skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluþfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Enn fremur skal fasteignasali, sbr. 15. gr. laganna, í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar.

Í máli þessu liggur fyrir að skýrlega er tekið fram í söluþfirliti því sem liggur fyrir um A, að skipt hafi verið um klóaklaginn í húsinu. Þó seljandi skrifi undir söluþfirlitið kemur ekki skýrlega fram að umræddar upplýsingar stafi frá honum eingöngu. Ekki liggur heldur fyrir hvort eða hvaða upplýsingar komu fram í

yfirlýsingu húsfélags varðandi ástand fasteignarinnar í heild, en almennt má ætla að klóaklagirnir séu hluti af sameiginlegu lagnakerfi fasteignarinnar í heild.

Almennt verður að gera ráð fyrir ströngu sakarmati þegar fjallað er um skaðabótaskyldu sérfræðinga á borð við fasteignasala, sem hafa einkarétt á að veita tiltekna þjónustu, sbr. 2. gr. laga nr. 70/2015. Einnig kemur fram í 15. gr. laganna að fasteignasali eigi að gæta hagsmuna bæði seljenda og kaupenda. Verður því að gera þær kröfur til fasteignasala að þeir geti gefið skýringar á því hvaðan fullyrðingar um ástand lagna koma og að þeir geti ekki vísað til almenns fyrirvara í söluyfirliti um að þeir beri ekki ábyrgð á yfirlýsingum um lagnir eða annað sem ekki verður staðreynt með sjónskoðun. Verður að virða fasteignasala það til gáleysis að hafa ekki staðreynt að umræddar upplýsingar væru réttar en af söluyfirlitinu verður ekki skýrlega ráðið að staðhæfingin um klóaklagnaskipti stafi eingöngu frá seljanda. Hallann af því verður fasteignasalinn að bera og telst hann hafa sýnt gáleysi við gerð söluyfirlits.

Hvað varðar mögulegt tjón M vegna þessa er hins vegar fallist á með V að ekki liggur fyrir með skýrum hætti hver tjónsfjárhæð getur verið vegna þessa. Nefndin fjallar auk þess ekki um bótafjárhæðir án samþykkis allra aðila, sbr. 3. gr. samþykkta fyrir nefndina sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda. Verður því ekki tekin afstaða til mögulegrar tjónsfjárhæðar eða eftir atvikum hvort færa eigi hana niður vegna meðábyrgðar M.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V að því marki sem þau geta sýnt fram á fjárhagstjón vegna saknæmrar háttsemi við gerð söluyfirlits.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 43/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys í vöruhúsi 8. október 2019.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 29. janúar 2021, ásamt fylgigögnum og tölvupósti 6. apríl 2021.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 6. apríl 2021, ásamt fylgigögnum.
3. Myndbandsupptaka úr öryggismyndavél af tjónsatviki.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var við vinnu sína í vöruhúsi X ásamt öðrum starfsmönnum. Þegar M var að aka aftur á bak á tjakki með pallettur lenti hann á lyftara, sem ekið var áfram, og hlaut hann við það líkamstjón á fæti. Hluti af gögnum málsins er upptaka úr öryggismyndavél þar sem aðstæður eru greinilegar og sést hvernig M stendur á tjakki og er að aka fram og tilbaka á honum. Tjónsatvikið verður þegar M ekur aftur á bak og lendir þar á lyftara sem skömmu áður hafði verið ekið fyrir horn og stöðvaður rétt áður en M lenti á honum.

M telur að slys hans megi rekja til ógætni lyftarastjórnandans, sem sé starfsmaður X, og þannig beri X skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans. M telur að ekið hafi verið of hratt, lyftaranum hafi skömmu áður verið ekið fyrir horn og fleiri hafi verið við vinnu á svæðinu og því hafi stjórnanda lyftarans borið að gæta fyllstu varúðar. Einnig telur M að fyrirkomulag við vinnu á svæðinu hafi farið í bága við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Auk þess bendir M á að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og beri X því hallann af sönnunarskortum um atvik.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til myndbands af tjónsatvikinu og telur að það sýni að M hafi bakkað vörutjakki viðstöðulaust aftur á bak, án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig og þannig í veg fyrir lyftara sem var á ökuleið í gegnum húsið. V bendir á að á myndbandinu sjáist að lyftarinn hafi verið stöðvaður rétt áður en slysið varð og slys M sé eingöngu að rekja til þess að M fór aftur á bak án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig. V vísar einnig til framburðar stjórnanda lyftarans um að hann hafi séð M kyrrstæðan en skyndilega hafi hann ekið hratt aftur á bak inn á akleið og í veg fyrir lyftarann og ekki stöðvað þrátt fyrir að lyftarastjórnandinn hafi stöðvað og flautað. V vísar því á bug að rannsóknarhagsmunir hafi raskast vegna þess að Vinnueftirlitið hafi ekki verið kallað á staðinn strax og bendir á að M hafi harkað af sér fyrst og meiðsli hans hafi ekki strax verið ljós.

Álit.

Í málinu liggur fyrir skýr myndbandsupptaka af tjónsatviki því sem leiddi til líkamstjóns M. Verður því ekki lagt til grundvallar að ágreiningur sé um málsatvik og hefur það því ekki áhrif á sönnunarstöðu um málsatvik að slysið hafi ekki verið tilkynnt strax til Vinnueftirlitsins. Ágreiningur er um hvort stjórnandi lyftara sýndi gáleysi við akstur hans og hvort vinnuaðstæður í vöruhúsi X hafi verið ófullnægjandi. Sönnunarbyrði um það hvílir á M. Af framlögðum gögnum verður annað séð en að stjórnandi lyftara hafi stöðvað akstur sinn áður en M ekur rafmagnstjakki aftur á bak án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig. Ekki verður séð af sömu gögnum að skipulag vinnunnar hafi verið saknæmt af hálfu X. Ekki hefur því verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V. hjá X.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 44/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og umferðaróhapps 23. júlí 2020.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.01.2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 16.02.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var M fótgangandi á bifreiðastæði aftan við bifreiðina A þegar A sem hafði verið kyrrstæð, rann aftur á bak og rakst á vinstri hlið M. M leitaði til læknis daginn eftir vegna verkja frá vinstri öxl, hálsi og baki auk einkenna frá mjöðm og vinstra hné. Hinn 3. september 2020 hafði M aftur samband við lækni og lýsti þá bakverkjum sem hefðu ágerst. V hafnaði bótaskyldu vegna atviksins hinn 4. janúar 2021.

Í málskoti krefst M þess að úrskurðað verði um fulla bótaskyldu V vegna umrædds slyss. Fyrirliggjandi sé myndband af atvikinu sem sýni að A hafi rekist á M, sem þó hafi staðið af sér höggið. M byggir því á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar um að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þó tjónið verði ekki rakið til bilunar, galla eða ógætni ökumanns. M hafi leitað til læknis í kjölfar slyssins og undirliggjandi einkenni, sem hún hafi áður þjást af, hefðu ýfst upp auk þess sem hún fyndi fyrir nýjum einkennum vegna umrædds slyss. Erfitt sé að greina hvaða einkenni séu ný og hver gömul en ljóst sé að öll fyrri einkenni M hafi tekið sig upp að nýju. Það eitt og sér sýni fram á orsakatengsl milli slyssins og núverandi ástands M.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki sýnt af gögnum málsins að öll einkennin sem M reki til atviksins hafi raunverulega getað hlotist af því. Af myndbandi af atvikinu megi ráða að ekki hafi verið um eiginlegt högg að ræða þó hugsanlegt sé að smávægileg snerting hafi átt sér stað. M hafi við skoðun hjá lækni kvartað undan mjög víðtækum verkjum, og sé vandséð hvernig t.a.m. einkenni frá hálsi og baki geti stafað frá umræddu atviki. Sé það því mat félagsins að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli allra þeirra einkenna sem M lýsi og umrædds atviks og er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Af myndbandi sem liggur fyrir nefndinni má ráða að einhver snerting hafi orðið þegar A rann lítillaga aftur á bak og á M sem var að gangi aftan við hana, og er því nægilega sýnt fram á að atvik hafi verið með þeim hætti sem M og ökumaður A lýsa. Hins vegar má einnig ráða af myndabandinu að um vægt högg hafi verið að ræða og er þörf frekari gagna til að sýna fram á orsakatengsl milli þess og þeirra einkenna sem M býr við í dag. Læknisfræðileg gögn málsins eru fremur takmörkuð, og segir í læknisvottorði, dags. 21. september 2020, að aðeins sé óljóst hvað af áverkum sé nýtt og hvað gamalt en að eldri einkenni hafi að sögn M öll ýfst upp. Einkenni þau sem M lýsir í kjölfar atviksins eru töluvert víðfeðm og kemur fram í áðurnefndu læknisvottorði að í kjölfar þess hafi hún fundið fyrir einkennum frá vinstri öxl, hálsi, baki, báðum mjöðmum og vinstra hné. Þá kemur fram að M hafi sögu um hryggskekkju, þekktan fyrri áverka á vinstri öxl og olnboga, og sögu um einkenni frá vinstra hné. Ekki liggja þó fyrir ítarlegri læknisfræðilegri gögn um einkenni eða ástand M fyrir umrætt atvik eða frekara mat á orsakatengslum atviksins og einkenna hennar. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki fallist á að sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli umrædds atviks og einkenna M og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. mars 2021.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 45/2021**M og
V v/ réttaraðstoðartryggingarliðs fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu og hvort réttur til bóta hafi glatast.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1.2.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.2.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 31. janúar 2020 sendi lögmaður M tjónstilkynningu til V þar sem fram kom að með kaupsamningi 17. desember 2018 hafi M keypt nánar tilgreinda íbúð í fjöleignarhúsi A: Í kaupsamningnum hafi verið vísað í þinglýstan eignaskiptasamning þar sem fram komi að íbúðinni fylgi eitt herbergi í risi. M hafi hins vegar aldrei verið afhent umráð þessa herbergis og einn nágranni hans að A fullyrði að hann eigi herbergið samkvæmt kaupsamningi frá 25. október 2016. Hafi nágranninn tilkynnt M og húsfélaginu í A að hann hyggist selja herbergið til annars aðila í A. Kveður M að ágreiningur sé um eignarhald á umræddu herbergi og mikilvægt sé fyrir hann að fá skorið úr ágreiningnum fyrir dómstólum. Af því tilefni óskaði hann staðfestingar V á því að málskostnaðartrygging hans eða húsfélagsins að A tæki til málsins.

Með tölvubréfi V, dags. 31. janúar 2020, til lögmanns M var gerð grein fyrir skilmálum vátryggingarinnar þar sem m.a. komi fram að hægt sé að óska eftir réttaraðstoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Vátryggingin þurfi ekki að hafa verið hjá félaginu allan tímann, en hafi vátryggður haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fær hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða. Hafi vátryggður vátryggingu þegar ágreiningur kemur upp, en ekki haft hana í tvö ár, getur hann samt sem áður fengið réttaraðstoð ef að þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni hafa gerst eftir að réttaraðstoðartryggingin tók gildi. Taldi V að af gögnum málsins væri ljóst að skilyrðum um að vátryggingin hafi verið í gildi í tvö samliggjandi ár áður en ágreiningu kom upp væru ekki uppfyllt. Það var niðurstaða V að M ætti ekki bótarétt úr réttaraðstoðartryggingu hjá félaginu. Í lok bréfsins var á það bent að M gæti skotið afstöðu V til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum eða til dómstóla innan árs frá bréfinu. Annars félli krafan niður með vísan til „51. gr. og/eða 124. gr.“ laga um vátryggingarsamninga

Með tölvubréfi lögmanns M til V, dags. 12. febrúar 2020, var því haldið fram að atvik sem krafa M grundvallaðist á hafi gerst eftir að réttaraðstoðartryggingin tók gildi ganvart M, en hann hafi orðið eigandi íbúðarinnar og þar með vátryggður við undirritun kaupsamningsins. Með tölvubréfi V sama dag til lögmannsins áréttaði V fyrri afstöðu sína um höfnun bótaskyldu.

Með stefnu til héraðsdóms, þingfestri 17. desember 2020, höfðuðu húsfélagið að A og ellefu íbúðareigendur þar dómsmál á hendur M þar sem þess var m.a. krafist að ógild verði með dómi gildandi eignarhlutföll fyrir A og jafnframt að viðurkennt verði með dómi að eignarhlutföll fyrir A skuli vera samkvæmt skráningu í tiltekinni eignaskiptayfirlýsingu frá 17. september 2018, svo og að M verði gert að undirrita eignaskiptayfirlýsinguna.

Með tölvubréfi lögmanns M til V, dags. 8. janúar 2021, var félagið upplýst um málshöfðunina og að í hinni nýju eignaskiptingu væri gert ráð fyrir að eignarhlutur M í sameign yrði minni og fyrrgreint herbergi í risi tilheyrði ekki áfram íbúð hans. Var óskað eftir frekari rökstuðningi fyrir afstöðu V til bótaskyldu. Með tölvubréfi til lögmanns M 11. sama mánaðar kvað V afstöðu sína vera óbreytta og vísaði til fyrri svara.

Með málskoti M, sem móttakið var 1. febrúar 2021, var kvartað yfir því að 11. janúar 2021 hafi V hafnað að réttaraðstoðartrygging sem innifalin sé í fasteignatryggingu sem húsfélagið að A hafi í gildi hjá félaginu nái ekki til máls er varði ágreiningur um eignarhald á geymslu sem tilheyrir íbúð hans samkvæmt eignaskiptasamningi.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 11. febrúar 2021, er að því vikið að félagið hafi hafnað bótaskyldu í málinu 31. janúar 2020. Þar sem ágreiningur M við V varðandi höfnun á bótaskyldu hafi ekki verið skotið til úrskurðarnefndar innan árs frá því félagið hafnaði bótaskyldu hafi M glatað rétti til bóta úr réttaraðstoðartryggingunni, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 51 gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga glatar váttryggður rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. laganna innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu frá váttryggingafélagi um að kröfu hans væri hafnað. Í sömu málsgrein segir enn fremur að í slíkri tilkynningu sé skylt að geta framangreinds frests, með hvaða hætti unnt er að tjúfa hann og afleiðinga þess að ekki er aðhafst fyrir lok hans. Með úrskurðarnefnd skv. 141. gr. laganna er átt við úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem nú hefur fengið málið til úrlausnar.

Með tjonstilkynningunni 31. janúar 2020 gerði M kröfu um bætur úr réttaraðstoðartryggingu hjá V vegna réttarágreinings er laut að eignarhaldi herbergis í risi að A sem M taldi vera sína séreign. Samkvæmt því sem fram kom í tölvubréfi lögmanns M til V 8. janúar 2021 gerði ný eignaskiptayfirlýsing fyrir A, sem krafist var viðurkenningar á í dómsmálinu á hendur M, ráð fyrir að herbergið myndi ekki tilheyra hans séreign. Samkvæmt þessu og gögnum málsins verður að telja að ekki fari á milli mála að um sama réttarágreining er að ræða sem M tilkynnti til V 31. janúar 2020 og sem hann tilgreindi í tölvubréfinu 8. janúar 2021. V hafnaði því sannanlega með tölvubréfi til lögmanns M 31. janúar 2020 að M ætti ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingunni vegna þessa réttarágreinings. M lagði hins vegar þennan ágreining sinn við V ekki fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum fyrir en 1. febrúar 2021. Þá var liðinn sá eins árs frestur sem hann hafði til að leggja ágreininginn fyrir nefndina sem kveðið er á um í 2. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004. Er kröfunni var hafnað af hálfu V var tekið fram um þann frest sem M hafði til að höfða dómsmál eða leggja málið fyrir úrskurðarnefnd og hvaða afleiðingar það hefði ef ekkert væri aðhafst fyrir lok frestsins. Með því að skilyrðum 2. mgr. 51. gr. var fullnægt að öllu leyti af hálfu V hefur M glatað rétti til bóta úr réttaraðstoðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingarlið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 9. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 46/2021**M og
V vegna starfstryggingar M.****Ágreiningur um rétt til greiðslu bóta vegna óvinnufærni.****Gögn.**

Málskot, dags. 2. febrúar 2021, ásamt fylgiskjölum 1-23.
Bréf V, dags. 24. mars 2021, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamsárás hinn 22. júlí 2019. M hafi leitað á bráðamóttöku í kjölfar árásarinnar og þá verið greindur með tognun á háls hrygg, rifbeinum og bringubeini. Vegna áframhaldandi einkenna hafi hann leitað læknis daginn eftir og þá verið greindur með tognun á háls hrygg. Hafi M þá verið til áframhaldandi meðferðar eftir umræddan atburð og verið metinn óvinnufær vegna afleiðinga umræddrar líkamsárásar. Krefst M því bóta fyrir tímabundna örorku frá 22. júlí 2019 til 30. júní 2020, á grundvelli váttryggingarskírteinis með gildistíma frá 01. júlí 2019 til 30. júní 2020.

V hafi hafnað frekari bótakröfum vegna tímabundinni örorku með bréfi dags. 3. febrúar 2020. Þar er vísað til svohljóðandi ákvæðis í skilmálum váttryggingarinnar: „This insurance does not cover death or disablement directly or indirectly arising out of or consequent upon or contributed to by: You being incapable due wholly or partly to any condition caused by, prolonged by, or aggravated by any psychiatric, mental or nervous disorder, stress, anxiety or depression.“ Jafnframt kemur fram í höfnunarbréfinu að í skýrslu læknis, dags. 15. ágúst 2019, komi fram að læknir telji rót vandans fremur andlega en líkamlega.

V lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að ekki verði ráðið af fyrirliggjandi gögnum að M sé óvinnufær vegna líkamlegra einkenna sem rekja megi til meintrar líkamsárásar. Af fyrirliggjandi gögnum megi ráða að óvinnufærni M sé að rekja til samfallins hryggjarliðar, vefjagigtar, liðverkja, þunglyndis, kvíða og streituröskunar. Auk þess hafi M verið óvinnufær að hluta allt frá 1. mars 2004. Óvinnufærni sú sem M stríði við falli því utan bótasviðs skilmála umræddrar váttryggingar.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að V hafi greitt M bætur fyrir tímabundna örorku vegna tímabilsins 22. júlí 2019 til 16. september 2019, og verður því að líta svo á að ágreiningur aðila varði bótagreiðslur vegna tímabilsins frá 16. september 2019 til 30. júní 2020. Fyrirliggjandi eru læknisvottorð vegna óvinnufærni M. Hið fyrsta er ritað 23. júlí 2019 og kveður á um óvinnufærni frá og með 22. júlí 2019 en engin lokadagsetning er tilgreind. Orsök óvinnufærni er sögð „tognun á háls hrygg eftir árás að sögn viðkomandi“. Annað er ritað 8. ágúst 2019 og kveður á um óvinnufærni frá og með 22. júlí 2019 en engin lokadagsetning er tilgreind. Hið þriðja er ritað 16. júlí 2020 og kveður á um óvinnufærni frá 21. júlí 2019 en lokadagsetning er ótilgreind. Þar segir um orsök óvinnufærni „46 year old man still in treatment and physiotherapy since accident in July 2019“. Fyrirliggjandi er og beiðni um sjúkraþjálfun, dags. 15. ágúst 2019 en engin frekari gögn virðast liggja fyrir um þá meðferð. Af læknisvottorði vegna umsóknar um örorkubætur, dags. 9. mars 2021, má þá ráða að M hafi verið óvinnufær að hluta síðan 1. mars 2004, og eru þar taldar upp sjúkdómsgreiningar M, þ.e. samfallinn hryggjarliður, vefjagigt, liðverkir, þunglyndi, kvíði, alkóhólfíkn, áfallastreituröskun og verkir. Þá er tilgreint í umfjöllun um sjúkrasögu í sama læknisvottorði að eftir umrædda líkamsárás hafi M þjáðst af verulegum sjóntruflunum, kraftminnkun og ataxia. Þá hafi árásin haft mikil áhrif á andlega líðan og hafi hann upplifað mikinn kvíða ofan á áfall sem hann hafi orðið fyrir við að missa maka. Þá kemur fram í fyrirliggjandi gögnum að M hafi legið á sjúkrahúsi vegna lungnabólgu í júnímánuði 2020. Enn fremur má ráða að læknar hafi að einhverju leyti talið að einkenni M væri ekki að rekja til umrædds atviks, sbr. það sem fram kemur í læknisvottorði dags. 11. nóvember 2019, um læknisskoðanir sem framkvæmdar voru hinn 26. júlí 2019, 8. ágúst 2019 og 15. ágúst 2019. Af framangreindu leiðir að ekki er fyllilega ljóst hver orsök óvinnufærni M er, og hvort hún leiði af undirliggjandi sjúkdómum eða greiningum eða umræddu atviki hinn 22. júlí 2019, en ekki er að finna meðal gagna málsins neina heildstæða greiningu á afleiðingum þess. Hefur M því ekki sýnt fram á að tjón hans falli innan bótasviðs umræddrar váttryggingar og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari greiðslu bóta vegna óvinnufærni úr starfstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 49/2021**M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 28. janúar 2021 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 18. febrúar 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf lögmanns M, dags. 23. febrúar 2021, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

M gerði kröfu um bætur úr réttaraðstoðartryggingu, sem hann var með hjá V, vegna kröfu M um opinber skipti á dánarbúi móður M. Krafan um skiptin var gerð fyrir Héraðsdómi Suðurlands og málið rekið þar. V hafnaði bótaskyldu í málinu með tölvupósti þann 11. nóvember 2020 á þeim forsendum að málið væri ekki einkamál, sem væri skilyrði samkvæmt 30 gr. skilmála fjölskylduverndar 2.

M telur að þó svo málið sé svokallað Q-mál hjá dómstólum breyti það ekki almennri skilgreiningu váttryggingarskilmálanna á því hvaða mál eru einkamál. Í skilmálum komi skýrt fram að tryggingin taki til málskostnaðar í málum vegna ágreinings í einkamáli, sem tekur til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og sem kemur til úrlausnar héraðsdóms hér á landi. Í rafrænu lögfræðiorðasafni Árnastofnunar sé hugtakið einkamál skilgreint sem „mál sem einstaklingur eða lögpersóna höfðar á hendur öðrum einstaklingi eða lögpersónu til úrlausnar á réttarágreiningu um réttindi þeirra eða skyldur“. Ekki verði annað ráðið af þessu en að mál M falli undir þessa skilgreiningu, enda um að ræða mál sem M persónulega höfðar á hendur dánarbúi móður hans, til úrlausnar á réttarágreiningu varðandi ákvæði erfðaskrár og setu í óskiptu búi. Jafnframt megi sjá á heimasíðu dómstólasýslunnar að önnur mál en sakamál teljist einkamál. Augljóst sé að mál M sé ekki sakamál og teljist því einkamál. Jafnframt séu erfðamál og ágreiningur um opinber skipti ekki sérstaklega undanskilin í skilmálum tryggingarinnar. Þá sé ljóst að mál M uppfylli skilyrðið um að ágreiningur snerti váttryggðan sem einstakling sem og skilyrðið um að málið komi til úrlausnar héraðsdómstóls, enda málið rekið fyrir héraðsdómi Suðurlands.

V telur, í bréfi sínu frá 18. febrúar sl., að málið sé ekki einkamál. Annars vegar byggir það á því að krafa um opinber skipti teljist ekki til svokallaðra einkamála, heldur sé um að ræða svokallað Q-mál, þ.e. kröfu um að dómari úrskurði um að skipti á dánarbúi sé afgreitt með tilteknum hætti, þ.e. með opinberum skiptum. Hins vegar að ekki sé um að ræða ágreining sem snertir váttryggðan og kemur til úrlausnar héraðsdóms. Með úrskurði um að mál fari í opinber skipti sé ekki verið að leysa úr ágreiningu í einkamáli, heldur sé dómari að afgreiða beiðni um að mál M verði afgreitt með tilteknum hætti.

Álit

Ágreiningur málsins snýst um hvort mál M, þar sem M krefst opinberra skipta yfir dánarbúi móður sinnar, sé einkamál í skilningi skilmála fjölskyldutryggingar og sé þar með bótaskyld úr réttaraðstoðartryggingu skilmálanna. Skilmálar tryggingarinnar eru staðlaðir samningsskilmálar, sem V setur einhliða, og verður að líta til þess við mat á því hvort málið teljist einkamál í skilningi skilmálanna og hvort það uppfylli önnur skilyrði tryggingarinnar. Hugtakið „einkamál“ er ekki skilgreint í skilmálunum og verður því að horfa til almenns skilnings á hugtakinu sem og eðlis þess ágreinings sem uppi er. Hér er um að ræða kröfu einstaklings um að fram fari opinber skipti á dánarbúi móður hans og er það ákvörðun einstaklingsins að krefjast þessa fyrir dómstólum. Hér er því ekki um að ræða sakamál en í meginatriðum skiptast dómsmál í sakamál annars vegar og einkamál hins vegar, eins og t.d. kemur fram á heimasíðu dómstólasýslunnar. Fjöl margar aðrar tegundir mála eru hins vegar til en þar sem engin nánari skilgreining er í skilmálum tryggingarinnar verður að líta svo á að með hugtakinu „einkamál“ sé átt við öll önnur mál en sakamál, enda hefði V verið í lófa lagið að geta þess sérstaklega í skilmálum að með „einkamálum“ væri eingöngu átt við svokölluð E-mál. Þá fellur mál M ekki undir neinn af þeim 11 liðum þar sem talin er upp hvers konar mál falli ekki undir réttaraðstoðartrygginguna. Ljóst er að M uppfyllir önnur skilyrði, s.s. að málið varði hann sem einstakling sem og að málið komi til úrlausnar héraðsdóms. Jafnframt verður að líta svo á að verið sé

að leysa úr ágreining þar sem ágreiningurinn sem til úrlausnar er snýst eingöngu um kröfu um að búið verði tekið til opinberra skipta. M á því rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 50/2021**M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskylduþryggingar.****Gildissvið váttryggingarskilmála vegna eðlis réttarlegs ágreinings á árinu 2020.****Gögn.**

Málskot dags. 3. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 18. febrúar 2021, ásamt úrskurðum nefndarinnar í málum 51/2017, 45 og 56/2018.

Tölvupóstur lögmanns M til nefndarinnar dags 19. febrúar 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi stefnt tilteknu fjölmiðlafyrirtæki og ritstjóra fjölmiðilsins fyrir héraðsdóm og krafist þess að tiltekin ummæli sem birtust í þeim fjölmiðli á árinu 2020 verði dæmd dauð og ómerk. Í málskoti segir að í grein í þeim fjölmiðli hafi verið gerður að umfjöllunarefni „...kostnaður af störfum kvartanda sem óháðs kunnáttumanns..“, tengsl M við forstjóra þeirrar opinberu stofnunar sem skipaði M til þeirra starfa og látið veðri vaka að M hafi haft fjármuni af tilteknu fyriræki með ólögumætum hætti og „...þannig gefið í skyn að kvartandi hafi gerst sekur um alvarleg hegningarlögreglu.“ Einnig telur M að umfjöllun um hann í þeim fjölmiðli hafi verið jafnað við þjóðþekkt mál sem hafi verið í fjölmiðlum haustið 2019 sem varðar Samherja hf. og ætlaðar mútugreiðslur til embættismanna í Namibíu.

M telur að þau ummæli sem hann hefur fyrir dómi krafist að verði gerð dauð og ómerk séu þess eðlis að vera ærumeiðandi fyrir hann og birtingin feli í sér ólögmeta meingerð gegn honum sem persónu. M telur að málareksturinn varði ekki dagleg störf hans sem lögmaður. M bendir á að undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum V í gr. 3.2. í 10. kafla, að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðna sem eru í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur váttryggðs, eigi ekki við. M vísar til 36. gr. b í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 og telur að ákvæði váttryggingarskilmála sem V semur einhliða verði að túlka þröngt. M vísar til þess að engin undanþáguákvæði eigi við um mál sem varða meiðyrði eða æruvernd og V geti ekki túlkað réttarlegan ágreining M þannig að efni ásakana sem beint er að M skipti máli. Einnig bendir M á að það megi leiða líkum að því að flest dómsmála sem verði til vegna ærumeiðandi ummæla taki með einum eða öðrum hætti til starfa þess sem þau beinast að. M bendir einnig á að réttarlegur ágreiningur sé ekki milli hans og viðskiptavina hans heldur beinist að þriðja aðila sem hafi haft uppi ærumeiðandi ummæli sem M eigi rétt skv. stjórnarskrá að leita réttar síns vegna.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur undanþáguákvæði gr. 3.2 í 10. kafla váttryggingarskilmála fjölskylduþryggingar M eiga við. Það er að váttryggingin taki ekki til mála eða ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur váttryggðs. V bendir á að orðalag undanþáguákvæðisins sé opið í þeim skilningi að ágreiningur sem undanskilin sé þurfi að hafa verið „...í tengslum..“ við atvinnu eða embættisrekstur váttryggðs. V bendir á að þau ummæli sem M vilji fá dæmd dauð og ómerk verði með beinum hætti störf hans sem óháðs kunnáttumanns í tengslum við tiltekna sátt sem fyriræki gerði við opinbera eftirlitsstofnun. Ummælin séu um störf M og þau störf því forsenda þess að ummælin voru látin falla. V vísar til annarra úrlausna nefndarinnar, t.d. í máli nr. 51/2017, 45/2018 og 56/2018. V bendir á að ærumeiðingarmál geti verið margs konar en þegar þau verði ummæli um störf einstaklinga þá eigi fyrirnefnt undanþáguákvæði við.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að sá réttarlegi ágreiningur, sem M telur falla undir gildissvið réttaraðstoðartryggingar (málskostnaðartryggingar) í 10. kafla váttryggingarskilmála V, sé sá að hann krefst þess að tiltekin ummæli verði dæmd dauð og ómerk. Hlutverk réttaraðstoðartryggingar V er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum og skv. gr. 2.1 í váttryggingarskilmálum nær váttryggingin til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og leiddur er til lykta með ákveðnum hætti. Í gr. 3.2 kemur síðan fram að váttryggingin taki ekki til ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisreksturs váttryggðs.

Þegar litið er til efnis þeirra ummæla sem varða réttarlegan ágreining í máli M gegn tilteknum fjölmiðli og ritstjóra hans verður ekki annað séð en að þau ummæli verði störf hans sem sérstaklega skipaður

kunnáttumaður. Slíkur kunnáttumaður er skv. lögum skipaður til að hafa eftirlit með því að skilyrði tiltekinnar sáttar fyrirtækis við eftirlitsaðila séu uppfyllt. M var skipaður til þeirra starfa og ummæli þau sem hann hefur krafist að verði dæmd dauð og ómerk varða annars vegar það hvernig hann var skipaður og hvaða þóknun var greidd vegna þeirra starfa.

Þegar litið er til undanþáguákvæðis í gr. 3.2 í 10. kafla vátryggingarskilmála V verður ekki séð að þar sé um að ræða óskýrt orðalag eða að önnur ákvæði þeirra stöðluðu samningsskilmála séu þannig óskýrir að þeim beri að víkja til hliðar á grundvelli 36. gr. b í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936. Sá réttarlegi ágreiningur sem M stendur í telst ótvírætt vera í tengslum við störf hans þar sem ummæli þau sem hann hefur krafist að verði dæmd dauð og ómerk varða með beinum hætti störf hans. Það þýðir að undanþáguákvæði fyrrnefndrar gr. 3.2 telst eiga við og bótaskylda því ekki fyrir hendi úr fjölskyldutryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 51/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um skerðingu bótaréttar vegna líkamstjóns farþega í A.****Gögn.**

Málskot, dags. 04.02.2021, ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V, dags. 25.02.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Um hádegi hinn 7. desember 2019 varð M fyrir líkamsmeiðslum þegar A, sem hún var farþegi í, hafnaði á ljósastaur við Reykjanesbraut. X ók bifreiðinni en samkvæmt gögnum málsins var hún undir áhrifum lyfja við aksturinn, og samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði var fullvíst að hún hafi ekki getað stjórnað bifreið örugglega af þeim sökum. Samkvæmt lögregluskýrslu um atvikið, dags. 8. desember 2019, var X sljó í hreyfingum, göngulagi og tali og sviplítill í kjölfar atviksins. Þá sagðist hún hafa tekið Gabapentin, Seroquel, Truxal og Risodil, en um er að ræða svefnlyf, taugalyf og niðurtröppunarlyf, kvöldið áður. Á grundvelli þessa er það afstaða V að M þurfi að bera 2/3 hluta tjóns síns sjálf enda hafi það ekki getað dulist henni að X var undir áhrifum sljóvgandi lyfja við aksturinn og hafi M því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með X. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur að hún hafi ekki mátt vita að X var undir áhrifum sljóvgandi lyfja við aksturinn. X hafi sótt M og kærasta hennar á Keflavíkurlflugvöll og hafi M því ekki getað vitað hvaða lyfja X hafi neytt daginn áður, enda hafi M þá verið erlendis. Skilyrði fyrir skerðingu bótaréttar M séu þau að hún hafi vitað eða mátt vita af ástandi X og þar með sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með henni. Ástand X hafi alls ekki legið í augum uppi, X sé með MS, hafi sjálf ekki fundið fyrir áhrifum lyfjanna, og þann sljóleika X sem lýst er í lögregluskýrslu megi allt eins rekja til þess áfalls sem atvikið hafi haft í för með sér. Sé skerðing bótaréttar M því ekki heimil.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt fyrirbyggjandi sjúkragögnum hafi M sjálf verið þvoglumælt og virst undir áhrifum sljóvgandi lyfja. Þá liggja fyrir að X hafi sýnilega verið undir áhrifum sljóvgandi lyfja og ófær um að stjórna ökutækinu örugglega. Vísar V til nánar tilgreindra ákvæða núgildandi umferðarlaga nr. 77/2019 og 2. mgr. 45 gr. a. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Séu þá skýr orsakatengsl milli ástands X og slyssins. Þrátt fyrir að M og X hafi ekki verið saman fyrr um daginn hafi M ekki getað dulist að X var undir áhrifum sljóvgandi lyfja. Hafi M því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með henni, og sé því rétt, sbr. 4. mgr. 4. gr laga nr. 30/2019, að hún beri 2/3 hluta tjóns síns sjálf.

Álit.

Rétt er að taka fram að tjónsatvik það sem M krefst bóta vegna átti sér stað fyrir gildistöku umferðarlaga nr. 77/2019 og laga nr. 33/2019 um ökutækjatrýggingar, og verður því leyst úr ágreiningi aðila á grundvelli þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Í 1. mgr. 88. gr. þeirra laga segir að sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, en ákvæðið er samhljóða núgildandi ákvæði 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 23. desember 2019, var X óhæf til að stjórna bifreið með öruggum hætti vegna áhrifa af töku lyfja í lækningalegum skömmtum. Hins vegar liggur ekki fyrir að ástand X hafi verið slíkt að M hafi ekki getað dulist það að hún var ófær um að aka bifreið, og að þar með hafi M verið meðvöld að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi. Þannig verður ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að X hafi sótt M og kærasta hennar í flug skömmu fyrir umrætt atvik og liggur ekkert fyrir um tengsl þeirra eða að M hafi verið kunnugt um lyfjanotkun X, en ráða má af gögnum málsins að M og X hafi ekki hist í nokkurn tíma fyrir atvikið. Þá verður ekki talið að lýsing á ástandi X í lögregluskýrslu dags. 8. desember 2019, þ.e. að hún hafi verið „sljó í hreyfingum, göngulagi og tali“ og „í andliti var hún sviplítill að sjá“ leiði til þeirrar niðurstöðu að M hafi ekki mátt dyljast það að hún var ófær um að stjórna ökutæki örugglega. Engin frekari gögn um ástand X liggja fyrir, né nokkurs konar mat á því að það hafi verið slíkt að M hafi ekki getað dulist að hún var ekki hæf til aksturs ökutækis umrætt sinn. Það er V að sýna fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með X og hefur það samkvæmt framansögðu ekki tekist. Þar af leiðandi eru ekki efni til skerðingar bóta á grundvelli 2. mgr. 88. gr.

þágildandi umferðarlaga og á M því óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns þess sem hún hlaut við atvikið.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 52/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar a****Sönnun orsakatengsla líkamstjóns og áreksturs 11. júní 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.2.2021.

Bréf V, dags. 25.2.2021.

Bréf M, dags. 25.2.2021.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning sem gerð var af fyrirtækinu Aðstoð og öryggi (AÖ). Í tjónstilkynningunni kemur fram að um sé að ræða aðsent mál. Í atburðarlýsingu sem fulltrúi AÖ ritar kemur fram að þann 11.6.2019 hafi bifreiðinni A hafi verið bakkað úr stöðureit bifreiðastæðis við Mörkina 1 og í veg fyrir B sem ekið var eftir bifreiðastæðinu á sama tíma. Í tjónstilkynningunni kemur fram að M hafi verið ökumaður bifreiðarinnar B í umrætt sinn. Þá kemur fram að fulltrúi AÖ hafi tekið skýrslu af M í gegn um síma og skráir fulltrúi AÖ að símaframburður hafi verið tekinn þann 12.6.2019, kl. 14:29. Haft er eftir M að hann og kærasta hans hafi verið að aka eftir bifreiðastæðinu þegar bifreiðinni A var bakkað í veg fyrir bifreið þeirra með þeim afleiðingum að árekstur varð. Í skýrslunni er einnig að finna framburð ökumanns bifreiðarinnar A sem lýsir atvikum á sama veg.

Einnig liggur fyrir sjúkraskrá M þar sem finna má skráningu dags. 1.8.2019. Þar kemur fram að M hafi daginn áður (31. júlí 2019) fengið högg á hægri hendi. Þá segir að hann hafi verið í farþegasæti bifreiðar og haldið á síma í hægri hendi. Þegar bifreiðin snarhemaði hafi hann rekið medial hluta hægri handar fast í mælaborðið svo fast að síminn sem hann hélt á brotnaði. Var hann greindur með þverbrot í basis metecarpal 5. Þann 5.8.2021 er bókað í sjúkraskrá að M hafi óskað eftir því að það verði fært til bókar að áverkar sem hann leitaði á slysavardstofu vegna þann 1.8.2021 og hann sagði að væru eftir bílslys hefðu í reynd verið eftir árás barnsmóður gagnvart sér þann 31.7.2021.

Í gögnum málsins er að finna kröfubréf M til V þar sem fram kemur að M hafi verið farþegi í bifreiðinni B þegar árekstur varð þann 31.7.2019. Þá segir jafnframt í bréfinu að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum. Hefur M gert kröfu um að líkamstjón sem hann varð fyrir þann 31.7.2019 verði bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. V hefur hins vegar hafnað bótaskyldu með vísan til þess að ósannað verði að teljast að líkamstjón M verði rakið til áreksturs bifreiðanna A og B þann 11.6.2019. Enn fremur vísar V til þess að í sjúkraskrá liggja fyrir staðhæfing M sjálfs um að líkamstjónið verði ekki rakið til árekstursins, heldur til líkamsárásar.

Álit.

Nokkuð misræmi er í gögnum málsins, segir m.a. í tjónstilkynningu að áreksturinn hafi orðið þann 11.6.2019 en í kröfubréfi M til V og í umboði M til lögmanns segir hins vegar að áreksturinn hafi orðið þann 31. júlí 2019. Þá kemur fram í tjónstilkynningunni að M hafi verið ökumaður bifreiðarinnar B en í kröfubréfi M til V segir hins vegar að hann hafi verið farþegi í bifreiðinni. Að teknu tilliti til þess sem fram kemur í tjónstilkynningunni, m.a. að símaframburður hafi verið tekinn af M vegna málsins þann 12.6.2019 verður að teljast ljóst að áverkar sem M varð fyrir þann 31.7.2019 verða ekki raktir til umferðarslyss sem varð einum og hálfum mánuði áður en M slasaðist. Þá liggja engin gögn fyrir sem benda til þess að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum þann 11.6.2019. Að teknu tilliti til framangreinds verður að teljast ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum sem varð þann 11.6.2019. M á þar af leiðandi ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 53/2021**M og
V vegna ábyrgðatryggingar X****Fall í háلكu verkstæði****Gögn.**

Málskot dags. 9. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 23. febrúar 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið að fara með bifreið á verkstæði X þegar hún datt í háلكu við verkstæðið og hlaut af því líkamstjón. Þar eru líka myndir af vettvangi þar sem M bendir á þann stað sem hún kveðst hafa fallið.

M hefur gert kröfu um viðurkenningu bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V og telur að slys hennar sé hægt að rekja til ófullnægjandi og hættulegra aðstæðna á bílastæði verkstæðis X og að ríkar skyldur hvíli á eigendum fasteigna um að umferð um og við þær sé örugg fyrir vegfarendur. M vísar til þess í málskoti að henni hafi verið bent á að fara með bifreið sína á þann stað sem hún lagði henni, bak við hús en ekki við aðalinngang verkstæðisins. Í því skyni bendir M á yfirlýsingu starfsmanns tiltekins fyrirtækis, dags. 5. febrúar 2021, um þær leiðbeiningar. Þar kemur fram að sá starfsmaður hafi ekki verið starfsmaður X en tekið við lykklum af bifreið M og staðfestir að hann hafi bent henni á að fara með bifreið sína bak við hús.

V telur í fyrsta lagi ekki ljóst af þeim gögnum sem lögð hafi verið fram í málinu að M hafi slasast við inngang í verkstæði X, V telur heldur ekki sýnt að aðstæður við verkstæði X hafi verið ófullnægjandi og vísar því á bug að viðskiptavinum sé leiðbeint um að skila bifreiðar sínar eftir bak við hús og bendir á að sá starfsmaður sem kveðst hafa leiðbeint M um það, skv. yfirlýsingu dags. 5. febrúar 2021, hafi ekki verið starfsmaður X.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M hafi fallið í háلكu og snjó þegar hún fór með bifreið sína í viðgerð á verkstæði. Ágreiningur er um hvort M hafi verið leiðbeint um það af hálfu X að leggja bifreið sinni á tilteknum stað við verkstæðið. Þegar myndir af vettvangi eru skoðaðar verður ekki talið að leiðbeiningar, sem M kveðst hafa fengið, hafi haft úrslitaáhrif um fall M. Eins og aðstæður eru á myndum sem M hefur komið á framfæri við V og nefndina verður ekki annað séð en að hvar sem gengið sé um bifreiðastæðið sé ástæða til að gæta að sér vegna vetrarfæris. Ekki verður fallist á að aðstæður hafi verið þannig að X hafi borið að grípa til sérstakra ráðstafana vegna fallhættu. Bótaskylda er því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 54/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á gatnamótum Vatnagarða og Holtavegar
hinn 28. janúar 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 09.02.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 24.02.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hinn 28. janúar 2021 varð árekstur milli ökutækja A og B sem M ók. Samkvæmt skýrslu Aðstoðar & öryggis um atvikið voru A og B báðar með akstursstefnu í austur við gatnamót Vatnagarða og Holtavegar, Reykjavík. Samkvæmt framburði ökumanns A hafi hann ekið inn á gatnamótin gegnt grænu umferðarljósi til vinstri inn a Holtaveg og ekki orðið var við B. Hann rengi þó ekki að árekstur hafi átt sér stað en sól hafi verið lágt á lofti og því mögulega blindað. A finnst hann þó ekki hafa tekið óþarflega stóra beygju á gatnamótunum. Haft er eftir M að hann hafi verið á hægri akrein á Vatnagörðum og bifreið A á vinstri akrein, en B hafi verið á undan A að gatnamótunum. Hafi hann svo ekið samsíða A inn á gatnamótin, þar sem báðum bifreiðum hafi verið beygt til vinstri en A hafi tekið of víða vinstri beygju með þeim afleiðingum að árekstur varð. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var öll sök lögð á B fyrir að taka vinstri beygju með röngum hætti. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur í málskoti fram að aðeins sé ein akrein áður en komið er inn á vegamót Vatnagarða og Holtavegar. Því hafi báðar bifreiðar átt að vera á miðju vegarins en ekki hlið við hlið. Eigi því hægri réttur að gilda. B hafi verið á undan A að ljósunum og sé því um framúrakstur á gatnamótum af hálfu A að ræða, en A hafi ekið að hlið B og því sé óhugsandi að ökumaður A hafi ekki orðið B var.

V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en tekur fram að reynt hafi verið að kalla eftir myndefni úr öryggismyndavélum á svæðinu, en það ekki borið árangur.

Álit:

Engin vitni urðu að umræddum árekstri, en fyrirbyggjandi er skýrsla Aðstoða & öryggis, dags. 28. janúar 2021. Samkvæmt því sem þar er haft eftir ökumanni B var B á undan A að gatnamótunum og bifreiðarnar beygðu svo samsíða inn á Holtaveg, en þar eru tvær akreinar. Hafi A og B því verið hlið við hlið á Vatnagörðum við gatnamót Holtavegar, þrátt fyrir að þar sé sýnilega bara ein akrein. Ökumaður A, sem er vörubifreið, segist hins vegar aldrei hafa orðið B var en útilokar ekki í framburði sínum að hann hafi verið blindaður af sól. A varð að sögn ekki var við áreksturinn og er nokkuð óljóst hvernig eða hvar hann atvikaðist, og verður ekki fullyrt með vissu um það af ákomu á bifreiðarnar. Samkvæmt framansögðu verður ekki ráðið að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn og samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 16. mars 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 55/2021**M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um gildissvið málskostnaðartryggingar.****Gögn.**

Málskot, móttækið 09.02.2021 ásamt fylgiskjölum 1-8.
Bréf V, dags. 25.02.21, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í desember 2020 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem dæmt var að ÍL-sjóði (áður Íbúðalánasjóður) hefði verið óheimilt að krefja lánþega um greiðslu uppgreiðslugjalds þegar þeir greiddu upp lán sín. M og maki hennar voru með sambærilegt lán hjá ÍL-sjóði, sem þau greiddu upp hinn 2. ágúst 2014, og voru þau krafín um greiðslu uppgreiðslugjalds. M og maki hennar kröfðu ÍL-sjóð um endurgreiðslu uppgreiðslugjaldsins en sjóðurinn neitaði að taka afstöðu til kröfunnar að sinni. Því hafi M þurft að höfða mál á hendur sjóðnum. M er með fjölskyldutryggingu hjá V sem innifelur málskostnaðartryggingu og hefur M því farið fram á afstöðu V til þess hvort sú váttrygging taki til fyrirhugaðs málareksturs. V hefur hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að í skilmálum komi fram að tryggingin taki ekki til mála er varði váttryggðan sem eiganda fasteignar.

M telja að ágreiningurinn varði endurkröfu vegna ólögðra lánaskilmála og hafi ekkert að gera með að M séu eigendur fasteignar. Ágreiningurinn sé kröfuréttarlegs eðlis og rót hans séu lögskipti sem varði M sem lánþega þar sem óréttmætir skilmálar hafi verið í lánaviðskiptum. Tilgangurinn með lántökunni breyti engu um eðli ágreiningsins og grundvöll hans. M telur að úrskurður Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum í máli nr. 366/2013 eigi við í þessu máli en þar var krafa í réttaraðstoðartryggingu viðurkennd. Í því máli var ágreiningur um endurútreikning á gengistryggðum lánasamningi vegna bílaláns, en sambærilegt ákvæði má finna í skilmálum tryggingarinnar sem um var deilt þar sem fram kom að tryggingin tæki ekki til ágreinings sem varðaði váttryggðan sem eiganda vélknúins farartækis.

V byggir á því að eini tilgangur ÍL-sjóðs hvað einstaklinga varðaði hafi verið að veita þeim fasteignalán vegna kaupa á fasteign. Slík lán hafi verið veitt með veð í fasteigninni og hafi ekki getað komið til nema í tengslum við kaup fasteignar. Ekki sé hægt að líta framhjá því hver lánveitandinn sé og í hvaða tilgangi umrætt lán hafi verið veitt. Sérstök váttrygging, húseigendatrygging, feli einnig í sér málskostnaðartryggingu, sem taki til ágreinings sem varði váttryggðan sem eiganda fasteignar, og hafi bótaskylda úr slíkum váttryggingum verið viðurkennd vegna sambærilegra mála. Samkvæmt skilmálum séu hins vegar ágreiningsmál sem varða váttryggðan sem eiganda fasteignar undanþegin bótasviði fjölskyldutryggingar. Ágreiningur M við ÍL-sjóð sé eingöngu kominn til vegna eignarhalds hennar og maka hennar að tiltekinni fasteign og varði þ.a.l. þau sem eigendur fasteignar. Sé bótaskylda því ekki til staðar.

Álit.

Í skilmálaákvæðum umræddrar váttryggingar kemur m.a. fram, í gr. 18.9, að váttryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar. Við úrlausn á því hvort réttarágreiningur sá sem hér er til skoðunar falli undir umrætt undanþáguákvæði verður við túlkun þess að líta til þess að um er að ræða staðlaða samningsskilmála sem settir eru einhliða af V. Ágreiningur M við ÍL-sjóð snýst um meint oftekið uppgreiðslugjald láns, sem í þessu tilfelli var veitt til íbúðakaupa. Viðkomandi fasteign er hins vegar ekki andlag eða hluti af ágreiningnum og mun niðurstaða ágreinings um uppgreiðslugjald umrædds láns ekki hafa nein áhrif á fasteignina eða eignarhald hennar. Ágreiningur M við ÍL-sjóð varðar þannig lögmati tiltekens gjalds í skilmálum lánsamnings óháð eignarhaldi á fasteign. Þar sem ágreiningurinn er því í raun eingöngu tengdur M sem eiganda fasteignar á grundvelli þess að lánið var upphaflega tekið til kaupa á fasteign verður ekki talið að umþrætt undanþáguákvæði skilmálanna eigi við. Á M því rétt á bótum úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 56/2021**M og
V v/ slysatryggingar sjómanna.****Ágreiningur um hvort hælbrot sé að rekja til slyss í skilningi vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.2.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.2.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði í gildi slysatryggingu sjómanna hjá V vegna útgerðar tiltekins báts, A. Samkvæmt tjónstilkynningu M til V, dags. 29. nóvember 2019, var M hinn 22. sama mánaðar að taka A í slipp. Er A hafi verið kominn á land hafi M verið að fara úr A um stiga á skutnum og síðan stokkið niður og lent illa. Hann hafi strax fundið fyrir miklum sársauka í vinstri fæti og ekki getað staðið upp. Vitni hafi komið að og hjálpað honum í bifreið og ekið með hann á heilsugæslustöð. Í skýrslu lögreglu sem tekin var af M 16. nóvember 2020 vegna atviksins kemur fram að M hafi verið í bátnum og einhver óþolinmæði hafi verið í honum að bíða eftir að A yrði settur þangað sem hann átti að fara. Hann hafi ákveðið að fara frá borði og nota til þess stiga á skut bátsins. Hann hafi farið niður stigann aftur á bak, haldið sér og síðan hoppað niður af stiganum og niður á jörð. Um 170 cm hafi verið frá neðstu rim stigans og niður á jörð. Hann hafi lent illa og brotnað á vinstri hæl. Kvað M gott veður hafa verið og jörð hafi ekki verið frosin.

Í lögregluskýrslu er haft eftir vitni að atvikinu að A hafi verið kominn á þurrt og hafi M gengið aftur eftir bátnum og gert sig líklegan til að fara niður úr bátnum um stiga á skutnum. Þegar M hafi verið kominn niður í neðsta þrepið hafi hann hoppað niður. Greinilegt hafi verið að ekki væri allt með felldu og greinilegt að M hafi meitt sig við að lenda á jörðinni. Hafi svo farið að vitnið hafi ekið M á heilsugæslustöð til aðhlyningar. Aðspurt kvað vitnið að frá neðsta þrepi stigans niður á jörð hafi verið um 1,5 m.

M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við fallið úr fyrrgreindri slysatryggingu sjómanna hjá V. Kveður V að gögnum beri saman um að M hafi misstigið eða lent illa á vinstri fæti er hann stökk úr stiga á leið úr A. Sú atvikalýsing sem komi fram í gögnum málsins uppfylli ekki það skilyrði slyshugtaksins að teljast utanaðkomandi. Hefur V hafnað bótaskyldu úr slysatryggingunni.

Álit.

Samkvæmt skilmálum slysatryggingar þeirrar sem hér eiga við greiðir félagið bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir, eins og segir í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og skilmálunum. Þá segir í skilmálunum að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja að engum vafa sé undirorpið að M hafi stokkið niður á jörð úr neðsta þrepi í stiga á skut A og hafi fallhæðin verið allt að 1,7 m. Er fætur M skulu á jörðinni vildi ekki betur til en að hann brotnaði á vinstri hæl. Ekkert í gögnum málsins gefur til kynna að hælbrotið megi rekja til sjúkleika eða innra ástands í líkama M. Eins og málið liggur fyrir verður ekki annað ráðið en að höggkrafturinn við að lenda með fæturna á jörðinni hafi valdið brotinu. Þannig telst M hafa orðið fyrir meiðslunum af völdum skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Samkvæmt því hefur M orðið fyrir meiðslum í skilningi vátryggingarskilmálanna. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem gefur tilefni til að ætla að M hafi valdið slysinu af ásetningi eða af stórkostlegu gáleysi þannig að V beri ekki ábyrgð eða geti fellt niður eða takmarkað ábyrgð sína samkvæmt ákvæðum 89. eða 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, enda er slíku heldur ekki haldið fram af hálfu félagsins. Að svo vöxnu telst M eiga rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 57/2021**M og
V v/frjálsrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 03.02.21, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 24.02.21, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins voru málsatvik með þeim hætti að M féll niður af rampi á sorpeyðingarstöð hjá A og lenti á vinstri hlið og höfði þegar hún var að fara að henda viðarplötu í gám sem stóð við rampinn. Vindur kom á plötuna og féll M þá niður rampinn með plötunni. V hafnaði bótaskyldu.

M byggir bótaskyldu á því að slysið megi rekja til vanbúnaðar A þar sem vanrækt hafi verið að setja upp viðeigandi fallvarnir á rampinn þar sem M féll. Hvorki hafi verið handrið, grindverk né aðrar varnir. Fallið hafi reynst 1,6 metrar og fallvarnir hefðu komið í veg fyrir slysið. Þessar aðstæður séu langt umfram það sem gestir sorpeyðingarstöðvarinnar megi búast við. M telur að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga n. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Auk þess byggir M á því að sérstakar kröfur hvíli á rekstraraðilum sorpeyðingarstöðva að hafa forsvaranlegar aðstæður á svæðinu endi megi búast við miklum fjölda fólks þar. M segist ekki hafa fengið nein fyrirmæli um að aka upp á rampinn og því geti það ekki talist gáleysi af hennar hálfu að hafa gengið upp rampinn með plötuna. Þá bendir M á að hún hafi verið komin upp rampinn þegar slysið átti sér stað og því hefði ekki skipt máli hvort hún hafi gengið upp rampinn eða keyrt upp á hann því í báðum tilvikum hefði hún gengið með plötuna að gámnum þar sem slysið átti sér stað til þess að geta hent henni.

Í bréfi V kemur fram að ekki sé sýnt fram á að slys M hafi verði rakið til saknæms vanbúnaðar eða vanrækslu sem A verði látið bera ábyrgð á. Ekki hafi verið sýnt fram á að umbúnaður rampsins hafi brotið í bága við lágmarkskröfur laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Um sé að ræða akbraut upp á pallinn en ekki gangbraut og því sé gert ráð fyrir að fólk fari á bifreiðum upp á pallinn og fari út efst til að henda sorpi ofan þar til gerða gáma. V telur að slysið megi rekja til óhappatilviljunar eða eigin aðgæsluleysis M sem hafi ekki virst fara eftir leiðbeiningum sem henni höfðu verið veittar.

Álit.

Sorpeyðingarstöð A er athafnasvæði fyrir almenning þar sem gæta þarf að lágmarkskröfum skv. lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Ekki liggur fyrir að sérstakar merkingar hafi verið um það að ekki megi ganga upp rampinn en fram kemur í gögnum málsins að mælst sé til þess að fari á bifreiðum upp á rampinn. Þá voru ekki fallvarnir á rampinum. Fyrirkomulag á sorpeyðingarstöðinni þarf að vera hannað með öryggi almennings í huga sem er skyldaður til þess að ganga þar frá úrgangi. Þykir því eðlilegt að gera kröfu um skýrar og ótvíræðar merkingar ef ekki er gert ráð fyrir því að fólk gangi upp rampinn auk þess að verja rampinn betur vegna fallhættu fólks sem fer þar um. Með vísan til framangreinds er V bótaskyld.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 58/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 25. september 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 09.02.2021, ásamt fylgiskjölum 1-8.
Bréf V, dags. 25.02.2021.

Málsatvik.

Hinn 25. september 2019, á Ármúla í Reykjavík, varð þriggja bifreiða árekstur með þeim hætti að A var ekið aftan á B, sem lenti þá aftan á C, sem M ók. M leitaði samdægurs til læknis, og sagðist hafa fengið slink á brjóst- og hálsþrygg við áreksturinn. Kvartaði hún undan verkjum á því svæði og höfuðverk sem hún hefði ekki verið með fyrir áreksturinn. Var hún greind með tognun á háls- og brjósthrygg og spennuhöfuðverk. Fékk hún jafnframt beiðni í sjúkrahjálfun, og fyrirliggjandi er yfirlýsing sjúkrahjálfa dags. 4. september 2020, um meðferðina. Í kjölfarið átti M nokkrar komur á heilsugæslu vegna einkenna sem hún rakti til atviksins, sbr. læknisvottorð dags. 12. september 2020. Þá fékk M veikindavottorð vegna náms og vinnu fram til 1. nóvember 2019.

Hinn 13. febrúar 2020 hafnaði V bótskyldu vegna líkamstjóns á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á orsakatengsl milli einkenna M og umrædds atviks. M mótmælir þeirri afstöðu og telur bæði sýnt fram á tímabundnar og varanlegar afleiðingar slyssins. Fyrir umrætt slys hafi M ekki haft einkenni frá hálsþrygg, hnakka eða höfði, og hafi einungis sögu um bakverki. Einkenni hennar hafi ágerst auk þess sem hún finni fyrir nýjum einkennum. Læknisvottorð og greinargerð sjúkrahjálfa staðfesti það. Útreikningar sem V hafi aflað einhliða, og taki ekki tillit til mismundandi atgerfis og ástands ökumanna, geti þá ekki haft neitt vægi gegn öðrum gögnum málsins þegar komi að sönnunarmati á orsakatengslum. Telur M því bótskyldu úr ábyrgðartryggingu A fyrir hendi.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að samkvæmt svokölluðum PC-Crash útreikningum hafi höggið á C verið afar vægt og þyngdarhröðun bifreiðarinnar aðeins verið 0,44 gr. Þá hafi ekkert tjón orðið á bifreiðinni. Hafi kraftur árekstursins því ekki verið nægur til að valda líkamstjóni. Þá hafi M glímt við bakverki frá árinu 2012 og hafi hinn 19. janúar 2019 farið í segulómun af háls- og brjósthrygg þar sem slitbreytingar hafi komið í ljós. Virðist einkenni M því hafa verið svipuð fyrir slysið og ekki liggja fyrir neitt sérstakt læknisfræðilegt mat á því hvort líkamleg einkenni hennar verði rakið til árekstursins. Það sé M að sýna fram á tjón sitt og orsakasamband milli líkamlegra einkenna og umrædds atviks. Slík sönnun hafi ekki tekist og er bótskyldu því hafnað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 25. september 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V og þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna. Eftir sem áður hvílir það á M að sýna fram á orsakatengsl milli þeirra einkenna sem hún rekur til umrædds áreksturs og árekstursins sjálfs. Þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir nefndinni eru annars vegar læknisvottorð vegna komu M á Læknavaktina hinn 25. september 2019, og hins vegar vottorð frá heilsugæslu um komur hennar þangað í kjölfar árekstursins og fyrra heilsufar, en fyrir liggur að M á sögu um bakverki. Þá liggur fyrir greinargerð sjúkrahjálfa þar sem m.a. kemur fram að M hafi fundið fyrir nýjum einkennum í kjölfar atviksins. Engar frekari rannsóknir eða myndgreiningar virðast hafa farið fram né liggur fyrir ítarleg mats- eða álitsgerð um varanlegar afleiðingar atviksins. Af læknisvottorði má þó ráða að M hafi fengið skóla- og veikindavottorð til vinnuveitanda vegna tímabilsins 25. september 2019 til 1. nóvember 2019. Þykir því mega slá því föstu að M hafi hafi orðið fyrir einhverjum meiðslum og verið veik og óvinnufær umrætt tímabil og eigi því rétt á þjáningabótum sbr. 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Engin gögn liggja hins vegar fyrir í málinu um að M hafi orðið fyrir tekjutapi þann tíma sem hún var óvinnufær. Í ljósi þessa verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að hún eigi rétt á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón skv. 2. gr. laganna, varanlegan miska skv. 4. gr. eða varanlega örorku skv. 5. til 7. gr. laganna. Samkvæmt gögnum málsins virðist ekki ágreiningur um að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum, sbr. 89. gr. þágildandi umferðarlaga

nr. 50/1987. M telst samkvæmt framansögðu hafa sýnt fram á rétt sinn til þjáningabóta úr ábyrgðartryggingu A en ekki er sýnt fram á frekari bótarétt.

Niðurstaða.

M á rétt á þjáningabótum fyrir tímabilið 25. september 2019 til 1. nóvember 2019 úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Að öðru leyti er bótaréttur úr ábyrgðartryggingunni vegna líkamstjóns M ekki til staðar.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 59/2021**M og
V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort líkamsmeiðsl megi rekja til slyss í skilningi vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot, móttækið 11.2.2021, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V, dags. 25.2.2021.

Málsatvik.

M starfaði sem bifreiðarstjóri hjá A. Hann varð fyrir meiðslum í vinnu 17. mars 2020. Hann leitaði sama dag kl. 11 á bráðamóttöku á heilsugæslustöð. Í læknisvottorði, dags. 8. júní 2020, vegna þeirrar komu á heilsugælustöðina segir að hann hafi leitað þangað vegna verkja í baki. Um morguninn hafi hann fengið tak í bakið í vinnunni. Hafi hann verið að koma í veg fyrir að „palletta“ detti niður.

Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 13. maí 2020, sem undirrituð er af M og A, kemur fram að samkvæmt frásögn M hafi hann verið losa vörubretti í nánar tilgreindu fyrirtæki í Kópavogi. Við hlið vörubrettisins sem hann hafi verið að taka hafi verið bretti með háum vörustafli sem hafi fallið yfir hann.

A hefur í gildi slysatryggingu launþega hjá V. Í tilkynningu um slysið til V, dags. 2. júlí 2020, undirrituð af lögmanni fyrir hönd M, segir að M hafi verið að afferma vörubifreið sína á afgreiðslusvæði A í Reykjanesbæ þegar „palletur“ hafi fallið yfir hann.

Vegna misræmis í því sem fram kom um orsök meiðslanna, annars vegar í framangreindu læknisvottorði og hins vegar í tilkynningunum til Sjúkratrygginga Íslands og V gerði M grein fyrir því í tölvubréfi til lögmanns síns, dags. 15. júlí 2020, að læknirinn hlyti að hafa misskilið hann. Hann hafi verið að lyfta vörubretti („pallet“) þegar annað fór að falla á hann. Hann hafi ekki komist undan þannig að hann hafi ýtt því með brjóstkassanum upp að veggnum og fundið mikinn verk í bakinu.

Í málskoti hefur atvikum verið lýst svo af hálfu M að hann hafi verið við vinnu sína fyrir A á athafnasvæði fyrirtækis í Kópavogi. Hafi hann verið að lyfta þremur vörubrettum upp með handlyftu (tjakk) en staflinn af vörubrettum hafi verið um tveir metrar á hæð. Þegar hann lyfti vörubrettunum hafi efstu vörubrettin byrjað að falla á hann og hann brugðist þá við með því að ýta á móti vörubrettunum í átt að vegg. Við að ýta á vörubrettin hafi hann orðið fyrir miklum sársauka í bakinu.

M hefur krafist bóta vegna þeirra meiðsla sem hann varð fyrir úr fyrrgreindri slysatryggingu launþega hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem meiðslin hafi ekki orðið af völdum slyss í skilningi skilmála slysatryggingarinnar.

Álit.

Í 1. gr. í skilmálum V fyrir slysatryggingu launþega kemur m.a. fram að vátryggðir séu launþegar í starfi hjá vátryggingartaka og félagið greiði bætur vegna slyss sem vátryggður er verður fyrir og með orðinu ”slys“ sé í skilmálanum átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist sannanlega án vilja hans.

Í gögnum málsins gætur verulegs misræmis varðandi tildrög þess að M fann fyrir einkennum í baki í vinnu 17. mars 2020. Segir ýmist að atvikið hafi orðið á afgreiðslusvæði A í Reykjanesbæ eða á athafnasvæði tiltekins fyrirtækis í Kópavogi. Þá er ekki ljóst hvort það hafi verið vörubretti eða vörustafli við hlið þeirra vörubretta sem hann var að lyfta sem hafi fallið á hann eða verið í þann mund að falla á hann ellegar að það hafi verið efstu vörubrettin sem hann var að lyfta, eins og segir í málskoti, sem hafi verið að falla á hann þannig að hann hafi þurft að ýta þeim upp að vegg til að varna því að þau myndu falla yfir hann. Engin heildstæð mynd liggur þannig fyrir um það sem gerðist þannig að nægilega ljóst sé að bakeinkenni hans megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar líkt og áskilið er í skilmálum vátryggingarinnar svo um bótaskyld slys geti verið að ræða. Af þessu leiðir að M telst ekki eiga rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 60/2021**M og
V v/ slysatryggingar launþega hjá X.****Ágreiningur um hvort tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar tjón var tilkynnt.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.2.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.
2. Bréf V dags. 4.3.2021, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 5. nóvember 2018 var M stödd á Hótel Hilton í Reykjavík þegar hún hrasaði með þeim afleiðingum að illa snérist upp á vinstri fót hennar. Í fyrirliggjandi bráðamóttökuskrá frá LSH kemur fram að M hafi leitað á bráðamóttöku þann sama dag vegna slyssins. Skoðun leiddi í ljós að M var með brot á ökkla sem þarfnaðist aðgerðar. Var aðgerð framkvæmd daginn eftir, þann 6. nóvember 2018. Þá fór M í gipsskipti og saumatöku á LSH þann 21. nóvember 2018. Þann 19. desember 2018 var gipsið tekið af og M ráðlagt að fara í sjúkraþjálfun. Var M í meðferð hjá sjúkraþjálfara frá 27. desember 2018 til 26. febrúar 2019. Kveðst M hafa verið með óþægindi í fætinum vegna festibúnaðar, sem var fjarlægður í tveimur aðgerðum, fyrst ein skrúfa í janúar 2019 og svo restin með aðgerð 2. október 2019. Í fyrirliggjandi matsgerð kemur fram að M var metin óvinnufær með öllu tímabilið 4. nóvember 2018 til 8. febrúar 2019 og að hluta, þ.e. 50% óvinnufær, frá 11. febrúar 2019 til 11. maí 2019.

Fram kemur í málskoti M að hún hafi tilkynnt tjónið til síns tryggingafélags vegna eigin frítímaslysatryggingar þann 14. nóvember 2018. Þá kveðst hún, eftir að hafa leitað til lögmanns, hafa komist að því að slysatrygging launþega ætti einnig að ná til slyssins, þar sem mælt væri fyrir um það í kjarasamningi að sú trygging gildi jafnframt í frítíma. Lögmaður hennar hafi því sent tjónstilkynningu til V þann 18. maí 2020. Krefst M þess að tjónið verði bætt úr slysatryggingu X hjá V. Afstaða V er hins vegar sú að árs tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga verið liðinn þegar tjónið var tilkynnt. Vísar V í þessu sambandi til þess að tilkynningarfresturinn hafi byrjað að líða þegar M gekkst undir aðgerð þann 6. nóvember 2018 eða þegar M tilkynnti slysið í eigin frítímaslysatryggingu þann 14. nóvember 2018. Enda hafi henni þá mátt vera ljóst að afleiðingar slyssins væru varanlegar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, sbr. 4. gr. laga nr. 15/2015 um breytingu á þeim, glatar sá sem á rétt til bóta skv. slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingarfélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti.

Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf fyrningarfrests miðast ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjónþoli undirgengst aðgerð, eða við stöðugleikapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær tjónþola sjálfum mátti vera ljóst að hann hefði orðið fyrir varanlegu tjóni við slys. Þrátt fyrir að M hafi gengist undir aðgerð vegna beinbrots daginn eftir slysið er ekkert í gögnum málsins bendir til þess að hægt hafi verið að fullyrða að M myndi hljóta varanlegt líkamstjón af beinbrotinu. Þá verður heldur ekki fullyrt að M hafi vitað eða mátt vita um varanlegar afleiðingar slyssins þegar hún tilkynnti tjónið til síns tryggingafélags þann 14. nóvember 2018. Hvergi í gögnum málsins er að finna þá greiningu hjá læknum sem hún gekk til vegna meðhöndlunar á slysinu að það hafi átt að leiða til varanlegra afleiðinga fyrir M. Verður þar af leiðandi ekki fallist á það með V að fyrningarfrestur hafi byrjað að líða þegar hún undirgekkst aðgerðina eða þegar hún tilkynnti slysið í eigin frítímaslysatryggingu.

Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð var stöðugleikapunktur vegna slyssins talinn vera þann 5. maí 2019. Stöðugleikapunktur markar þann tímupunkt sem matsmenn telja að heilsufar M hafi verið orðið stöðugt og ljóst að hún myndi ekki ná frekari bata. Verður þó ekki fullyrt að M hafi á þessum tímupunkti mátt vera ljóst að hún myndi ekki ná fullum bata. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að árs tilkynningarfrestur hafi ekki verið liðinn þegar M tilkynnti tjónið þann 11. maí 2020. M á því rétt til greiðsla á bótum úr slysatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 61/2021**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda X****Ágreiningur um sönnun líkamstjóns vegna áreksturs 8. febrúar 2018.****Gögn.**

Málskot móttakið 15. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 25. febrúar 2021 ásamt höfnunarbréfi V dags. 13. nóvember 2020, PC-crash skýrslu dags. 8. október 2020 og úrskurði nefndarinnar í máli 354/2012.

Tölvupóstur M, dags. 2. mars 2021.

Öll gögn málsins hjá V send til nefndarinnar 10. mars 2021.

Málsatvik.

Hinn 8. febrúar 2018 ók M sem ökumaður bifreiðarinnar X aftan á aðra bifreið á Kársnesbraut. Í tjónstilkynningu kemur fram að merkt er við að M hafi slasast í árekstrinum. Í samskiptaseðli heilsugæslunnar dags. sama dag kemur fram að M leitaði til læknis og kvaðst hafa fengið verki í mjóbak um klukkustund eftir áreksturinn. Frekari læknisfræðileg gögn liggja fyrir um heimsóknir M til lækna bæði fyrir og eftir umrætt slys. Af hálfu V hefur verið lögð fram svokölluð PC-crash skýrsla þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að þyngdarkraftur sem leiðst hafi úr læðingi á bifreið þá sem M ók hafi verið 0.67 g.

M telur að sýnt sé að hann hafi hlotið líkamstjón sem hafi haft bæði tímabundin og varanleg áhrif. M lýsir í löngu máli samskiptum sínum við lækna, sjúkrapjálfa, vinnuveitanda sinn sem og V í málskoti og fylgigögnum.

V telur ósannað að M hafi meiðst í umræddum árekstri þannig að hann hafi sýnt fram á að skilyrði til greiðslu bóta séu uppfyllt. Einnig vísar V til skýrslu um ætlaðan þyngdarkraft við áreksturinn og að hann sé það lítilt að ekki sé mögulegt að M hafi hlotið líkamstjón í honum. V telur engan rökstuðning fylgja málskotinu og það eigi að vísa málinu frá nefndinni.

Álit.

Í gögnum málsins koma fram nægar upplýsingar til að taka efnislega afstöðu til þess sem nefndin telur efnislegan ágreining málsins, þ.e. hvort nægilega sannað sé með framlögðum gögnum að M hafi hlotið líkamstjón í árekstri 8. febrúar 2018. Nefndin tekur afstöðu til þeirra gagna sem liggja fyrir með málskoti og hjá váttryggingafélögum þegar mál eru lögð fyrir nefndina og í því skyni aflaði nefndin þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu hjá V og voru ekki send með málskoti eða bréfi V dags. 25. febrúar 2021 á grundvelli heimildar í 5. gr. samþykktu fyrir nefndina sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda. Málinu verður því ekki vísað frá nefndinni.

Hvað varðar efnislegan ágreining M og V verður að líta til fyrirliggjandi gagna. Þau sýna að M tilkynnti V um líkamstjón sitt með tjónstilkynningu og leitaði til læknis samdægurs vegna einkenna sem hann lýsir sem sviða í viðtali við læknakandidat heilsugæslunnar. Frekari gögn málsins sýna að M hefur leitað til lækna vegna stoðkerfiseinkenna eftir slysið en einnig fyrir það. Ekki liggur yfir álit læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns um læknisfræðilegar afleiðingar árekstursins 8. febrúar 2018 m.t.t. annarra stoðkerfiseinkenna sem M hefur leitað til lækna eða sjúkrapjálfa vegna. Verður því ekki af þessum gögnum fyllilega séð hvaða einkenni M má rekja til hans eða hvort þau hafi leitt til annað hvort tímabundins eða varanlegs tjóns í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993. M ber sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni og hvers eðlis það er og ber hann því hallann af sönnunarskorti. M á því, m.v. gögn málsins, ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 62/2021**M og
V vegna slysátryggingar.****Ágreiningur um sönnun líkamstjóns vegna falls úr tröppu í desember 2018.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 15. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 2. mars 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast 18. desember 2018 þegar hann féll úr tröppu. V hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingu þar sem það telur ósannað að óþægindi M nú stafi af því atviki.

M rekur í málskoti heilsufarssögu sína og meðal annars brjós-klos og aðgerð vegna þess árið 1995. Árið 2017 kveðst M hafi fengið aftur einkenni vegna brjós-kloss og verið í sjúkrahjálfun vegna þess, en aldrei losnað við seyðing niður í fótlegg vegna þess, en verið vinnufær þegar hann lenti í slysi í desember 2018. M segist hafa verið að stíga niður úr tröppu þegar fótur hans flæktist í slöngu og hafi hann fallið við það á jörðina, lent illa á hægri hlið, rekið höfuðið í gólf og misst við það meðvitund. M kveðst hafa verið í sjúkrahjálfunarmeðferð allt árið 2019 en leitar til læknis í nóvember það ár. M telur að með skýrslu sjúkrahjálfa sé sýnt fram á að einkenni hans séu að rekja til slysaáverka en ekki annarra kvilla. Einnig telur hann það stutt læknisvottorði dags. 5. júlí 2020. M lýsir gríðarlegum áhrifum slyssins á vinnufærni sína og telur ljóst að það hafi leitt til óvinnufærni hans nú.

V hefur, eins og áður segir, hafnað bótaskyldu og telur ekki fyllilega sannað að einkenni M sé hægt að rekja til slyss í desember 2018. V bendir á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til V fyrr en tæpu ári eftir að það átti sér stað, M sé einn til frásagnar um hvað gerðist og engum samtímagögnum sé til að dreifa til staðfestingar á líkamstjóni þann dag. V vísar einnig til þess að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en tæpum 11 mánuðum eftir þann dag sem hann kveðst hafa lent í slysi og þá með einkenni sem gætu tengst því atviki. Einnig sé það staðfest í læknisfræðilegum gögnum að læknirinn sem tók á móti M í nóvember 2019 minnst þess ekki að slysið hafi komið til umræðu. V telur að ódagsett skýrsla sjúkrahjálfa feli ekki í sér ótvíræða sönnun á afleiðingum mögulegs slysaatviks. V vísar til þess að ekkert læknisfræðilegt mat liggi fyrir um mögulegar afleiðingar slyss M og telur ósannað að þau óþægindi sem hann hefur í dag sé eingöngu hægt að rekja til þess.

Álit.

Í gögnum málsins kemur ótvírætt fram að M leitaði sér ekki læknisaðstoðar vegna afleiðinga þess falls sem hann lýsir að hafi átt sér stað hinn 18. desember 2018. Ekki voru vitni að atburðinum eða nokkur samtímagögn sem sýna hvaða afleiðingar fallið hafði. Skýrsla sjúkrahjálfa, sem var með M til meðferðar bæði fyrir og eftir atvikið, gefur einhverjar vísbendingar um að meðferð hafi verið öðruvísi háttað á árinu 2019 en áður en sú skýrsla felur ekki í sér ótvíræða sönnun um hvaða óþægindi M sé hægt að rekja til mögulegs slysaatviks og hvort og þá hvernig það geti tengst öðrum atvikum eða fyrra heilsufari. M leitaði ekki til læknis vegna einkenna sinna í um 11 mánuði eftir atvikið og ekki liggur fyrir ótvírætt læknisfræðilegt mat um sönnun orsakatengsla. M ber sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir tjóni við það atvik sem hann lýsir að hafi átt sér stað hinn 18. desember 2020 og ef svo er hvert mögulegt umfang þess tjóns getur verið. Hallann af sönnunarskortum um það ber M og verður ekki fallist á að fyrirliggjandi gögn nægi til sönnunar. M á því ekki, m.v. fyrirliggjandi gögn, rétt á bótum úr slysátryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 63/2021

M og

V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A

Ágreiningur um skerðingu bótaréttar vegna stórkostlegs gáleysis.**Gögn.**

1. Málskot, dags. 15.02.2021, ásamt fylgiskjölum 1-18.
2. Bréf V, dags. 08.03.2021.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15.03.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 19. febrúar 2020 hafi M slasast við árekstur á Vesturlandsvegi. Hafi M ekið bifreiðinni A í vesturátt en hafi verið að snúa við til austurs þegar vörubifreiðin B ók á hlið A með þeim afleiðingum að M slasaðist. V hafi fallist á bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A en skert bótarétt A um þriðjung á grundvelli þess að hann hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi. M mótmælir þeirri afstöðu. Í fyrsta lagi á grundvelli þess að V hafi glatað rétti til að bera fyrir sig að það væri laust úr ábyrgð að hluta eða öllu leyti, þar sem tilkynning um það hafi ekki verið send án ástæðulauss dráttar, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þannig hafi M gert kröfu í váttrygginguna með tölvupósti hinn 9. mars 2020, og daginn eftir hafi félagið tjáð honum að það hefði afrit af frumskýrslu lögreglu undir höndum. Tilkynning um bótaskerðingu hafi hins vegar ekki borist M fyrr en með tölvupósti dags. 29. maí 2020. Á grundvelli frumskýrslu lögreglu hefði V hæglega getað tilkynnt um takmörkun ábyrgðar sinnar í síðasta lagi í mars 2020. Í öðru lagi vísar M til þess að hvorki hafi verið um stórkostlegt gáleysi að ræða né orsakatengsl milli meints gáleysis og slyssins, enda hefði ökumaður B getað varnað árekstri hefði hann hagað akstri sínum á skynsamlegan máta. Jafnvel þó sýnt væri fram á stórkostlegt gáleysi og orsakatengsl ætti það ekki sjálfkrafa að leiða til skerðingar bótaréttar. Aðstæður á vettvangi hafi verið afar erfiðar og M slasast mikið við áreksturinn. Verði að líta til þess við mat á því hvort skerðing sé réttmæt.

Í bréfi V til nefndarinnar er rakið að M hafi ekið A í vesturátt frá höfuðborgarsvæðinu á leið í Kjós. Áður en komið var að Grundarhverfi hafi M og samferðarmenn hans ákveðið að snúa við vegna veðurs. Hafi M snúið A á miðjum veginum og A verið þversum á veginum þegar B, sem var einnig á vesturleið, ók á hana. Hafi tjónanefnd váttryggingafélaganna felld sök á ökumann A sem ekki hefði gætt nægilega að umferð áður en A var snúið við á veginum. V hafnar því að tilkynning um skerðingu bóta hafi dregist svo mikið að félagið hafi glatað rétti sínum til að bera atvikin fyrir sig, skv. 2. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga. Hinn 10. mars 2020, daginn eftir að krafa M barst, hafi V óskað frekari gagna, en frumskýrsla lögreglu hafi borist félaginu hinn 25. febrúar 2020. Frekari gögn hafi borist V hinn 15. maí 2020, og hafi verið tilkynnt um skerðingu bóta hinn 29. maí 2020, en þá hafi aðeins verið liðnir tveir og hálfur mánuður frá því krafa í váttrygginguna barst V. Hvað varði mat á stórfelldu gáleysi M þá liggi fyrir að veður var afar slæmt og veðurviðvaranir hafi verið gefnar út, og hafi M ekki átt neitt sérstakt erindi inn á Kjalarnes þar sem veðurskilyrði séu varasöm. Áreksturinn hafi þá átt sér stað eftir að M stöðvaði bifreiðina þvert á þjóðveg 1. Ákvörðun M um að snúa við á þessum stað og með þessum hætti hafi verið til þess fallin að skapa stórhættu fyrir hann, farþega í A og aðra vegfarendur. Skyggni hafi auk þess verið verulega skert og hálka á vettvangi, og hafi M því ekki getað dulist sú hætta sem þetta hefði í för með sér, en ekki verði séð að brýna nauðsyn hafi borið til að snúa bifreiðinni við á einmitt þessum stað. Þá verði ekki greint af gögnum málsins að áreksturinn verði á nokkurn hátt rakinn til ökuhraða eða aðgæsluleysis ökumanns B. Hvað varði skerðingarhlutfall verði þá byggt á því að saknæmisstig háttsemi M hafi verið hátt og hættan á stórfelldu líf- og líkamstjóni veruleg. Sé því hæfileg skerðing bótaréttar að 1/3 hluta.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að V hafi, sökum tómlætis, glatað rétti sínum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun. Þar sem skerðing bótaréttar hafi komið til álita af hálfu V þegar við móttöku frumskýrslu lögreglu hafi V borið að tilkynna M um að skerðing bótaréttar væri til skoðunar. Hafi skerðingin enda byggt á upplýsingum sem lágu fyrir í frumskýrslu lögreglu en þrátt fyrir það hafi ekki verið tilkynnt um hana fyrr en 29. maí 2020, eða rúmum þremur mánuðum eftir að hún lá fyrir. Þá sé fráleitt að M hafi, með hliðsjón af aðstæðum, sýnt af sér stórfellt gáleysi. V byggi á því að það hefði verið mun öruggara að snúa bifreiðinni við í Grundarhverfi eða á hliðarvegi, M hafi hins vegar, vegna veðurs og aðstæðna, ekki haft þá yfirsýn yfir möguleika sem auðvelt sé að benda á eftir á. Þá hafi B átt að haga akstri sínum á þann hátt að eigi væri hætta á árekstri þótt ökutækið sem á undan var staðnæmdist, enda sé það

grundvallarregla umferðarlaga. Enn fremur séu fordæmi fyrir því að fullur bótaréttur sé til staðar þrátt fyrir stórkostlegt gáleysi ökumanns. Beri því að fallast á fulla bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélagsins hafi váttryggður í slysáttryggingu eins og hér um ræðir valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Takmarkaðra samtímagagna nýtur við um aðdraganda umrædds árekstrar, þar sem M rekur ekki minni til þess hvernig hann atvikaðist og vitnisburðir farþega í A eru ónákvæmir. Þó virðist mega slá því föstu að M hafi ákveðið að snúa bifreiðinni A við á Vesturlandsvegi, við aðstæður, sem samkvæmt lýsingu í lögregluskýrslu voru erfiðar, myrkur, hálka og ísing á vettvangi auk þess sem aftakaveður virðist hafa verið með stormi og éljagangi. A hafi þá verið kyrrstæð þvert á akbrautina þegar B ók á hana. Verður að telja að M hafi ekki getað dulist að það að snúa bifreið við á veginum á Þjóðvegi 1, þar sem vænta megi mikillar umferðar, við þessar aðstæður, hefði í för með sér töluverða hættu. Telst M því hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og með hliðsjón af atvikum öllum telst hæfilegt að skerða bætur til hans að 1/3 hluta vegna þess.

Kemur þá til skoðunar hvort hvort V hafi réttilega sinnt tilkynningarskyldu sinni. Í 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að ef váttryggingafélag ætlar að bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að öllu leyti eða hluta skv. öðrum ákvæðum XIII. kafla laganna, þ.á.m. 90. gr. þeirra, þá verði það að tilkynna váttryggingartaka eða þeim sem eigi rétt til váttryggingarbóta skriflega um afstöðu sína og verður að senda tilkynninguna án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum skv. ákvæðum fyrirnefnds XIII. kafla. Ef váttryggingafélag sinnir þessu ekki þá missir það rétt til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun skv. 2. mgr. 94. gr. laganna. Ekki er tilgreindur sérstakur tímafrestur í þessu sambandi og verður því að meta eftir atvikum hverju sinni hvort tilkynning sé send innan ástæðulauss dráttar í skilningi 1. mgr. 94. gr. Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá V til lögmans M, dags. 10. mars 2020, þar sem óskað er eftir framburðarskýrslum og ljósmyndum, auk þess sem óskað er sjúkragagna svo unnt sé að taka afstöðu til bótaskyldu og/eða orsakatengsla. Þá er því ekki mótmælt að frekari gögn hafi fyrst borist V hinn 15. maí 2020, og fyrirliggjandi er tölvupóstur V dags. 29. maí 2020, þar sem tilkynnt er um takmörkun bótaréttar. Með hliðsjón af framansögðu, svo og því að þá voru ekki nema rúmlega tveir og hálfur mánuður frá því V fékk vitneskju um kröfu M, verður ekki talið að V hafi fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig atvik er leiði til skerðingar bótaréttar.

Niðurstaða.

M, á rétt til bóta úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda A, hjá V, en skerða skal bætur til hans um 1/3 hluta.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 64/2021

M og

V v/ húseigandatryggingar íbúðarhúsnæðis og innbústryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.02.2021 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V, dags. 04.03.2021 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. apríl 2020 hafi heitt vatn lekið úr lögnum í fasteign M, að Yrsufelli 14, Reykjavík, með þeim afleiðingum að umtalsvert tjón varð á fasteigninni og innanstokksmunum. Hinn 1. september 2020 hafi V hafnað bótaskyldu með þeim rökum að upptök lekans væru fyrir utan vegg hússins, þ.e. heimæð á heitu vatni hafi farið sundur fyrir utan húsið. M mótmælti þeirri afstöðu þar sem leki hafi komið að lögninni um tveimur metrum fyrir innan útvegg hússins. V hélt sig við fyrri afstöðu, með bréfi félagsins hinn 5. janúar 2021, þar sem þurft hefði að grafa niður fyrir utan húsið til að laga lekann, lekinn hafi átt sér stað fyrir utan stofnleka og undir gólfplötu. M telur hins vegar einsýnt að vatnslekinn hafi átt sér stað innan veggja hússins og því sé um bótaskyld tjón, samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar, að ræða. Skipti engu máli þó veitufyrirtæki hafi þurft að grafa niður fyrir utan hús M til að laga lekann, enda sé það ekki forsenda bótaskyldu að einnig þurfi að laga leka innan veggja hússins. Leki hafi komið á lögn sem var um tvo metra fyrir innan útvegg hússins. Ekki sé að finna sérstaka ábyrgðartakmörkun í skilmálum V sem leiði til þess að tjón bætist ekki ef grafa þarf utan við útveggi eða undir gólfplötu. Sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að ágreiningur aðila snúi að því hvort tjón það sem varð á fasteign M megi rekja til leka sem átti sér stað innan veggja hinnar vátryggðu húseignar. Samkvæmt verktökum hafi inntakið í húsinu gefið sig, en það komi inn í húsið í einhvers konar lagnastokki undir gólfplötunni. Aðilar á vegum veitufyrirtækis hafi grafið sig niður fyrir utan húsið til að laga lögnina. Í skilmálum húseigandatryggingarinnar, sem hafi að geyma tæmandi talningu á þeim atvikum sem falli undir hana, komi fram að vátryggingin bæti tjón af völdum vökva sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Sambærilegt ákvæði sé að finna í innbústryggingu. Hér sé um að ræða leka sem átti upptök sín undir botnplötu hússins, og sé í raun ekki deilt um það. Lagnir sem staðsettar séu langt undir botnplötu og tengist ekki húseigninni á nokkurn hátt geti ekki talist hluti af húseigninni sjálfri eða innan veggja hennar. Er bótaskylda því hafnað.

Álit.

Af framansögðu verður ráðið að aðila greini ekki á um að tjón M stafi frá leka sem eigi upptök sín undir botnplötu húseignar hennar, heldur aðeins um hvort slíkt tjón falli undir bótasvið þeirra vátrygginga sem hér eiga í hlut og sé af þeim sökum bótaskyld. Í skilmálum húseigandatryggingar þeirrar sem M er með hjá V, kemur m.a. fram í gr. 2.1 að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða af völdum vökva, sem eigi upptök sín innan veggja hússins, og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Í 1. kafla skilmála heimilistryggingar þeirrar, sem M er með hjá V og fjallar um innbústryggingu, er í gr. 4.4 að finna sambærilegt orðalag, þ.e. tiltekið er að bótasvið vátryggingarinnar nái til skemmda af völdum vatns, olíu og gufu sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins og á upptök sín innan veggja þess.

Við túlkun vátryggingarskilmála verður almennt að líta til þess að um er að ræða skilmála sem eru einhliða samdir af vátryggingafélaginu og rísi vafi um túlkun þeirra ber að túlka þá neytanda í hag, sbr. 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936. Við túlkun skilmála húseigandatryggingar, eins og hér um ræðir, verður enn fremur að skoða þá heildstætt, þ.á.m. innbyrðis samhengi ákvæða þeirra. Samkvæmt almennri túlkun verður orðið „veggir“ ekki skýrt svo rúmt að það nái einnig til botnplötu. Í skilmálum húseigandatryggingarinnar, um nánari afmörkun bótasviðs, í gr. 3.3, segir að vátryggingin bæti ekki tjón vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar, eða hafi á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógri undirbyggingu. Af ákvæði þessu má ráða að vátryggingin bæti tjón vegna grunnlagna af öðrum tjónsorsökum og því sé bótasvið vátryggingarinnar í raun ekki takmarkað við leka sem á upptök sín innan veggja hússins fyrir ofan botnplötu hússins heldur taki einnig til leka undir botnplötunni þegar hann á upptök sín innan sökkulveggja hússins. Í máli því sem hér er til úrlausnar verður að telja samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að ekki fari á milli mála að lekinn á upptök sín í grunni hússins innan sökkulveggja

Þess. Því er ekki borið við í málinu að tjónið verði rakið til þess að umrædd lögn hafi verið missigin, morkin eða hrörnuð vegna notkunar eða ónógrar undirbyggingar. Er tjón M því samkvæmt framansögðu bótaskyldt úr húseigandatryggingu hennar hjá V.

Í skilmálum heimilistryggingarinnar er ekki að finna ákvæði hliðstætt gr. 3.3 í skilmálum húseigandatryggingarinnar. Hvað sem því líður standa engin rök til þess að túlka ákvæði greinar 4.4 í skilmálum innbústryggingarinnar þrengra en sambærilegt ákvæði í skilmálum húseigandatryggingarinnar, líkt og rakið er hér að framan. Tjón M á innbúsmunum fellur því einnig undir bótaskyldu innbústryggingarliðs heimilistryggingarinnar.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr húseigandatryggingu sem og innbústryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 65/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar verktaka við vegagerð.**

Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið var ekið út af á merktri leið þar sem vegagerð fór fram.**Gögn.**

Málskot, móttækið 16.2.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 1.3.2021.

Málsatvik.

Að kvöldi 19. ágúst 2020 ók M bifreið sinni, A út af Reykjanesbraut að hann telur vegna mjög villandi vegmerkinga á veginum vegna vegaframkvæmda sem þar stóðu yfir. Við það hafi skemmdir orðið á hægra framhjólum A. Kvað hann atvikið hafa gerst við beygju út af Reykjanesbraut áleiðis að Vallahverfi í Hafnarfirði. M.a. með vísan til ljósmynda sem fylgdu málskoti kveður M að merkingarnar hafi verið mjög villandi og óskýrar og sýni í raun beygju á undan réttu beygjunni. Stikur utan vegar hafi valdið því að það hafi verið eins og fráreinin hafi komið fyrir en raunin hafi verið. Skömmu síðar hafi tveimur öðrum bifreiðum verið ekið sömu leið út af akbrautinni. Að morgni næsta dags hafi hann tekið eftir fjórðu bifreiðinni sem hafi orðið fyrir sams konar skemmdum og hans bifreið.

Vegaframkvæmdir sem þarna stóðu yfir voru á vegum verktakafyrirtækisins Ístaks hf. (B). M kveður B bera ábyrgð á hinum villandi vegmerkingum og hefur krafist bóta vegna þess tjóns sem varð á A úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð varðandi umrætt atvik. Af fyrirliggjandi ljósmyndum af aðstæðum á vettvangi verður ekki ráðið með vissu að vegmerkingar hafi verið með öðrum hætti en merkingaráætlun á vinnusvæðinu gerði ráð fyrir eða að það verði ráðið að öðru leyti að atvikið megi rekja til þess að merkingunum hafi verið ábótavant. Staðhæfingar M um akstur annarra bifreiða út af akbrautinni eða skemmdir á öðrum bifreiðum eru ekki studdar neinum gögnum og duga því heldur ekki til sönnunar þess að vegmerkingunum hafi verið áfátt. Að þessu virtu verður ekki talið að fyrir liggi sönnun þess að skemmdir á A megi rekja til ófullnægjandi vegmerkinga eða annarra atvika sem B getur borið ábyrgð á. Samkvæmt því fæst tjónið á A ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna tjóns á bifreiðinni A, úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 66/2021**M og
V v/ slysatryggingar launþega A.****Ágreiningur um hvort atvik falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 17.02.2021 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 11.03.2021 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18.03.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 27. mars 2019 hafi M, orðið fyrir slysi við störf sín hjá A. Hafi atvik verið með þeim hætti að M hafi verið að losa stálhandrið sem losnaði skyndilega með þeim afleiðingum að slinkur eða högg kom á hægri öxl hans. V hafi, með bréfi dags. 21. febrúar 2020 hafnað bótaskyldu með þeim rökum að áverkar M hafi komið til vegna átaks, en ekki skyndilegs, utanaðkomandi atburðar, enda verði ekki ráðið af gögnum málsins að slíkur atburður hafi komið til. M fellir sig ekki við þá afstöðu og tekur fram að Sjúkratryggingar Íslands hafi viðurkennt bótaskyldu á grundvelli sömu skilgreiningar á slyshugtakinu og notast sé við vátryggingarétti. V skilgreini slyshugtakið með of þröngum hætti og vísar M til dómafordæma því til stuðnings. Þá er því mótmælt að slysið hafi orðið vegna átaks M sjálfs eða rangrar líkamsbeitingar, heldur vegna þess að handriðið losnaði skyndilega og við það hafi M fengið högg á öxlina. Þá hafi fyrri einkenni sem M fann fyrir frá öxlinni lagast á nokkrum dögum, og ekki verið til staðar á slysdegi. Verði atvikið því ekki rakið til innra ástands M.

Í bréfi V til nefndarinnar er kröfu M hafnað á þeim grundvelli að skilyrði slyshugtaksins séu ekki uppfyllt enda þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð. Samkvæmt lýsingu í bráðamóttökuskra, sem sé eina samtímagagn málsins, hafi verið um álagsmeiðsli að ræða sem hafi átt sér stað innan líkama M þegar hann beitti átaki við að losa handriðið en ekki slys í framangreindum skilningi. Fyrst hafi verið byggt á því að handriðið hafi losnað skyndilega níu mánuðum eftir atvikið, og jafnvel þó handriðið hafi losnað „óvænt“ verði að telja að M hafi mátt eiga von á því enda hafi losun þess verið markmiðið. Engin fyrirliggjandi gögn styðji við það um hafi verið að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem hafi orsakað einkenni M, heldur hafi þau komið til vegna átaks hans sjálfs eða líkamsbeitingar. Það sé tjónþola að sýna fram á atvik við tjónsatburð og samkvæmt framansögðu sé ekki sýnt fram á að skilyrði slyshugtaksins, sbr. viðeigandi skilmálaákvæði, séu uppfyllt. Vísar V og til fordæma máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M hafi slasast þegar handriðið losnaði skyndilega og séu lýsingar í bráðamóttökuskra og tjónstilkynningu til V í grundvallaratriðum þær sömu hvað þetta varði, þ.e. að slysið hafi orðið vegna skyndilegs, utanaðkomandi höggs þegar fastur hlutur losnaði óvænt. Hafi þá ekki tekist að sýna fram á að tjón M verði rakið til sjúkdóma eða annars innra ástands í líka hans. Vísar M og til fordæma dómstóla og úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og telur með vísan til framangreinds skýrt að bótaskylda sé fyrir hendi.

Álit:

Í 1.3 gr. 1. kafla skilmála slysatryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Það hvílir þá á tjónþola að sýna fram á að tjónsatburður falli undir bótasvið viðeigandi vátryggingar, þ.e. í þessu tilviki að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum hans. Í bráðamóttökuskra, dags. 29. mars 2019, er atvikum lýst svo að M hafi skyndilega fengið slæman verk í hægri öxl tveimur dögum áður þegar hann hafi verið að reyna mikið á handlegginn við að reyna að losa hlut frá undirlagi sem hann var steypur við. Sú atvikalýsing að handriðið hafi losnað skyndilega frá með þeim afleiðingum að M fékk slink eða högg á öxlina kemur fyrst fram í tjónstilkynningu til V, dags. 6. desember 2019. Í þeirri tilkynningu, svo og í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 9. desember 2019, kemur fram að vinnufélagi M hafi verið sjónarvottur að umræddu atviki, en engar yfirlýsingar vitna liggja fyrir nefndinni. Þá kemur fram í bráðamóttökuskra að M hafi tveimur vikum áður fengið verk í hægri öxl við vinnu sína en hann hafi lagast á nokkrum dögum. Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um orsakir þeirra einkenna. Samkvæmt framansögðu verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á að um sé að ræða

meiðsli á líkama M sem rakin verði til utanaðkomandi atburðar, sbr. áðurgreint skilmálaákvæði og ber því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega A, hjá V.

Reykjavík 15. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 67/2021

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á gatnamótum Strembugötu og Dalavegar í Vestmannaeyjum þann 2.2.2021.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.2.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 1.3.2021, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2, dags. 4.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið eftir Dalavegi og beygt til hægri áleiðis inn á Strembugötu. Í sömu andrá var B ekið eftir Strembugötu og beygt til vinstri áleiðis inn á Dalaveg. Rákust þá saman hægra framhorn A og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa dregið úr hraða er hann beygði en var svo að „leggja af stað“ er hann sá B koma framan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 20 km hraða á klst. upp Strembugötu og tekið of krappa beygju. A hafi komið á móti inn á Strembugötu og árekstur orðið.

Álit.

Á gatnamótunum hvílir biðskylda á Dalavegi gagnvart umferð á Strembugötu. Af gögnum málsins má ráða að nokkrar skemmdir hafi orðið á framendum bifreiðanna.

Ökumaður B viðurkennir að hafa tekið of þrönga beygju áleiðis inn á Dalaveg sem varð til þess að leiðir bifreiðanna skárust. Verður að telja að það sé meginorsök þess að árekstur varð. Ökumaður B ber því meginorsök á árekstrinum.

Á ökumanni A hvíldi biðskylda gagnvart umferð á Strembugötu. Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður hafa sérstaka aðgát við vegamót. Þá ber ökumanni þegar ekið er inn á veg að veita umferð á þeim vegi forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu, sbr. 2. mgr. sömu gr. Ökumaður sem á að veita öðrum forgang skal jafnframt gefa greinilega til kynna að hann muni veita forgang með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar. Hann má því aðeins aka áfram að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir önnur ökutæki miðað við hvar þau eru á vegi og hver fjarlægð þeirra er og hraði sbr. 6. mgr. lagagreinarinnar.

Af gögnum málsins, einkum afstöðumynd af vettvangi á sameiginlegri tjonstilkynningu og ljósmyndum, má ráða að áreksturinn hafi orðið á gatnamótunum þegar B var í þann veginn að beygja inn á Dalaveg. M.a. í ljósi þessa verður að telja að ökumaður A hafi ekki gætt þeirrar sérstöku varúðar sem af honum mátti krefjast auk þess sem hann ók inn á gatnamótin þrátt fyrir það hversu langt B var komin áleiðis í beygjuna. Hefur ökumaður því ekki gætt þeirrar skyldu sem á honum hvíldi samkvæmt þeim lagaákvæðum sem að framan greinir og telst hann því einnig eiga nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum þykir rétt að ökumaður A beri 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A, ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B, ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 15. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 68/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar ökutækja.**

Umfang tjóns á bifreiðinni X vegna áreksturs 25. nóvember 2017.**Gögn.**

1. Málskot móttakið 15. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 11. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf lögmanns M dags. 16. mars 2021.
4. Tölvupóstur V, dags. 9. apríl 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðin X lenti í árekstri við bifreið sem vátryggð var með ábyrgðartryggingu hjá V hinn 25. nóvember 2017. Bótaskylda var viðurkennd hjá V og M leitaði til verkstæðis vegna viðgerðar á því tjóni sem varð á bifreiðinni. V greiddi kostnað M við viðgerðina skv. reikningi sem gefinn var út á M af hálfu bifreiðaverkstæðis Y, samtals 1.217.402 krónur í mars 2018.

M telur að viðgerð á bifreiðinni í mars 2018 hafi verið verulega áfátt og starfsmaður V hafi tekið undir það í samskiptum þeirra. M telur vanta upp á að tjón á bifreið hans sé fullbætt og vísar til þess að skv. reglum skaðabótaréttar eigi hann að vera eins fjárhagslega settur og ef tjónið hefði ekki orðið.

V hefur hafnað bótaskyldu og bendir á að skv. ökutækjaskrá hafi bifreiðin X verið tekið úr umferð 29. mars 2019, eftir að athugasemdir voru gerðar við rúður og virkni stöðuhemils í reglubundinni skoðun 16. nóvember 2018, en ekki vegna tjónsatviksins í nóvember 2017. Aukinheldur vísar V til þess að félagið hafi fullbætt tjón M með greiðslu reiknings verkstæðis sem framkvæmt hafi fullnaðarviðgerð á bifreiðinni og þar með bætt frumtjónið. V telur að M geti ekki átt frekari rétt til bóta og ef hann telji viðgerð ekki fullnægjandi þá hafi hann þann kost að krefja þjónustuveitanda, bifreiðaverkstæðið, um úrbætur t.d. með því að grípa til úrræða skv. lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 eða fara með málið fyrir úrskurðarnefnd þjónustukaupa, það sé annað tjón sem V beri ekki ábyrgð á. V samþykkti með tölvupósti sínum 9. apríl sl. að nefndin fjallaði um bótafjárhæðir í málinu.

M vísar til þess í viðbótarathugasemdum sínum að X hafi ekki verið tekið úr umferð vegna tjónsatviks þess sem V ber ábyrgð á en vísar til samskipta sinna við starfsmenn V um að viðgerð hafi ekki verið fullnægjandi. M hafnar því einnig að um tvö tjón sé að ræða og telur að um ágreining um bótaskyldu sé að ræða vegna þess tjóns sem varð í árekstri og telur M að það sé ekki fullbætt með viðgerð á verkstæði umboðsaðila bifreiðarinnar X, sem M telur V hafa vísað sér á að leita til.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir að ekki er ágreiningur um að M eigi að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V. Fallist var á bótaskyldu og greiddar bætur með greiðslu reiknings fyrir viðgerð á X. Ágreiningur er hins vegar um hvort með þeirri viðgerð hafi tjónið verið fullbætt og slíkur ágreiningur er um umfang tjónsins, eða bótafjárhæð. Í gögnum málsins liggur fyrir ódags. álit G hjá Z um ástand bifreiðarinnar. Í því kemur ekki með skýrum hætti fram hver kostnaður geti verið af frekari viðgerðum eða hvort það sem gera þurfi sé í tengslum við áreksturinn 25. nóvember 2017, viðgerðina sem framkvæmd var eða annað. Ekki liggur fyrir sérstakt mat á fjárhæð tjóns M umfram það sem V hefur greitt eða annað sem getur sýnt hver möguleg bótafjárhæð er. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M. Verður því af fyrirliggjandi gögnum ekki fallist á frekari bótagreiðslur af hálfu V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 69/2021

M og

V v/ sjúklingatryggingar og ábyrgðartryggingar læknastofu.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áverka á tönnum við barkapræðingu í svæfingu.**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 17.2.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 9.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 27. mars 2017 gekkst M undir aðgerð í svæfingu á nefi á A. Aðgerðina framkvæmdi B, háls-, nef- og eyrnalæknir og D, svæfinga- og gjörgæslulæknir annaðist svæfingu. Bæði B og D munu starfa hjá A. Í málskoti segir að við svæfinguna hafi verið ætlunin að nota svonefndan kokmaska (kokgrímu, larynx maska). Hins vegar hafi í aðgerðinni komið í ljós að maskinn passaði illa á andlit M og því verið óþéttur. Af þeim sökum hafi verið breytt um aðferð við svæfinguna og barkapræðing notuð í staðinn. Hafi barkapræðingin leitt til þess að kvarnaðist úr tönn nr. 21 og tönn 22 losnaði og datt úr munni. Enn fremur kemur fram í málskotinu að í júní 2011 hafi M lent í slysi m.a. með þeim afleiðingum að króna tannar nr. 21 hafi brotnað og tönn nr. 22 rótarbrotnað auk þess sem brotnað hafi upp úr horni tannkrónunnar. Tönn nr. 21 hafi verið byggð upp í plasti og tönn nr. 22 verið spelkuð við nágrannatennur. Viðgerðin hafi reynst vel og ekki þurft að gera neitt frekar.

M kveður aukna áhættu hafa fylgt barkapræðingu vegna á álags á tennur við þessa svæfingaraðferð. Því hafi verið nauðsynlegt að kynna honum þá áhættu og fá samþykki hans. Auk þess hefði D átt að kynna sér hvort tennur M væru veikar fyrir með tilliti til þess að hann hafi ætlað að leggja á þær mikið álag og mikil hætta væri á að tjón yrði, sérlega vegna þess að þær voru viðgerðar. Reyndar hefði hann við skoðun átt að sjá að tennurnar voru veikar fyrir. Hefði D því átt að hafa svæfingunni með öðrum hætti eða sýna sérstaka aðgát við svæfinguna. Það hafi brugðist og hafi athugunarleysi hans leitt til þess að tennurnar sem voru veikar fyrir hafi laskast við barkapræðinguna. Hafi því skapast bótaábyrgð á grundvelli sakarreglunnar. Jafnframt kveður M að tjónið sé bótaskyldt samkvæmt ákvæðum laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Hefur hann krafist bóta úr sjúklingatryggingu þeirri sem A hefur í gildi hjá V sem og ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga rétt til bóta samkvæmt lögunum sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklunga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Í 2. gr. laganna eru nánar tilgreint að hvaða skilyrðum fullnægðum réttur stofnast til bóta úr sjúklingatryggingu Þar segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.
3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.
4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Engin álits- eða matsgerð hæfra og óvillhallra aðila liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að svæfingarmedferðinni umrætt sinn hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Þegar af þeirri ástæðu geturt ekki komið til álita að réttur til bóta úr tryggingunni hafi stofnast á grundvelli 1. töluliðar. Ekkert hefur heldur komið fram samkvæmt gögnum málsins að tjón M megi rekja til bilunar eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður var við svæfingarmedferðina. Af því leiðir að bætur verða ekki reistar á 2. tölulið. Ekkert síðara mat hefur farið fram sem leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni

sem vól var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við svæfinguna í tilviki M. Bætur verða því ekki reistar á 3. tölulið. Takmarkaðra gagna nýtur við í málinu varðandi þá aðgerð í nefi sem M gekkst undir og var ástæða svæfingarinnar. Þannig liggja engar upplýsingar fyrir um það hversu brýn aðgerðin var eða hvaða heilsufarslegu hagsmunir voru í húfi ef M hefði ekki gengist undir aðgerðina. Á hinn bóginn verður ekki annað ráðið en að sjálf aðgerðin í nefi hafi tekist eins og að var stefnt. Tjón M er einvörðungu fólgin í kostnaði við viðgerð á þeim tveimur tönnum sem löskuðust við barkapræðinguna, en kostnaðinn kveður M nema hátt á níunda hundrað þúsund króna. Einhver hættu á tannskæða mun fylgja barkapræðingu. Þær tennur sem löskuðust við barkapræðinguna voru veikar fyrir eftir áverka sem þær urðu fyrir í slysi á árinu 2011. Þegar litið er til framangreinds verður ekki talið að umrædda tannáverka megi líta á sem fylgikvilla læknismeðferðina sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að M þoli hann bótaust. M á því heldur ekki rétt á bótum á grundvelli 4. töluliðar 2. gr. laganna.

Í 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000 er mælt fyrir um þá meginreglu að ákvörðun bótafjárhæðar samkvæmt lögnum fari eftir skaðabótalögnum sem og um lágmarks- og hámarksbætur fyrir hvert einstakt tjónsatvik. Samkvæmt 7. gr. laganna verður skaðabótakrafa ekki gerð á hendur neinum sem er bótaskyldur samkvæmt reglum skaðabótaréttar nema tjón hafi ekki fengist að fullu bætt skv. 5. gr. og þá einungis um það sem á vantar. Af þessu leiðir að með því að M telst ekki eiga rétt á bótum úr sjúklingatryggingu þeirri sem A hefur í gildi hjá V getur hann ekki gert skaðabótakröfu á hendur A eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Þegar af þessari ástæðu telst hann ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu eða ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 70/2021**M og
V vegna kaskótryggingar X.****Vinnuvél ekið á Bústaðavegsbrú 1. desember 2020.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 5. mars 2021.

Málsatvik.

Hinn 1. desember 2020 varð tjón á vinnuvél M, sem er hjólagrafa, þegar stjórnandi hennar rak gálga hjólagröfunnar upp undir Bústaðavegsbrú. Í lögregluskýrslu kemur fram að stjórnandi vinnuvélarinnar hélt að gálginn hefði verið niðri við aksturinn. V hefur samþykkt bótaskyldu úr kaskótryggingu V, en takmarkað bótafjárhæð um helming vegna stórkostlegs gáleysis stjórnanda við akstur, sbr. heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. samsömun með heimild í a-lið 2. mgr. 29. gr. sömu laga.

M telur að ekki séu forsendur til að takmarka ábyrgð V um helming og telur að ekki sé hægt að miða þekkingu stjórnanda vinnuvélarinnar við þekkingu þess sem hefur meiraprófsréttindi eða er atvinnubílstjóri. M bendir á að frágangur vinnuvéla sé ekki sambærilegur við frágang vörubifreiða og því sé ekki hægt að bera aðstæður saman við t.d. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 245/2016 eða 330/2016, sem V hafi vísað til. M telur að gáleysi stjórnanda vinnuvélarinnar hafi í mesta lagi verið einfalt og ekki falið í sér meiriháttar frávik frá því sem honum bar að gera. Munur á hæð vinnuvélarinnar og brúnni í þessu máli hafi t.d. verið mun minni en í hinum málunum og að hæð hennar hafi verið mæld 4,87 metrar.

V telur að stórkostlegt gáleysi stjórnanda vinnuvélarinnar hafi leitt til tjónsins og það hafi falist í því að ganga ekki úr skugga um að hæð vinnuvélarinnar væri ekki umfram lögboðna 4,2 metra hámarkshæð og vísar um það til 9. gr. reglugerðar nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja. V vísar til þess að tjónið verði einungis rakið til þess að vinnuvélin var töluvert yfir leyfilegri hámarkshæð skv. reglugerðinni. V vísar til mynda af vettvangi telur augljóst að stjórnanda vinnuvélarinnar hafi mátt vera ljós hættan af því að aka um með gálgann hjólagröfu uppi. V vísar um takmörkun ábyrgðar til stórkostlegs gáleysis og brots á varúðarreglu skv. gr. 17.6 í váttryggingarskilmálum, sbr. einnig 26. og 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Álit.

Í þessu máli liggur fyrir að vinnuvél M var ekið á Bústaðavegsbrú og í lögregluskýrslu kemur fram í framburði stjórnanda vinnuvélarinnar að hann „...hélt að gálginn hafi verið niðri við aksturinn.“, en jarðvegsþjappa var í skóflu vinnuvélarinnar við aksturinn. Ljóst er af gögnum málsins að hæð vinnuvélarinnar var nokkuð umfram þá 4,2 metra sem kveðið er á um sem hámarkshæð í 9. gr. reglugerðar nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja, en í 1. gr. reglugerðarinnar kemur fram að hún gildi m.a. um vinnuvélar. Í 3. gr. sömu reglugerðar kemur einnig fram að ökumaður skuli gæta sérstaklega að hæð ökutækis (þar með vinnuvélar) þegar ekið er undir brú. Þessa gætti stjórnandi vinnuvélar M ekki og af aðstæðum öllum að dæma verður það metið sem verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa. Telst háttsemi hans því stórkostlegt gáleysi.

Við mat á takmörkun ábyrgðar V, sbr. ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga, verður að líta til þess að sök stjórnanda vinnuvélar M var veruleg og skýr orsakatengsl eru milli háttsemi hans og tjónsins. Einnig má vísa til niðurstöðu Landsréttar í máli nr. 127/2018. Verður með vísan til þessa, sem og þess að ekki er ágreiningur um að samsömun hafi verið heimil, skv. 3. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga, að takmörkun V um helming bótafjárhæðar sé réttmæt. M á því ekki rétt á frekari bótum úr húftryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á hærri bótum en sem nemur helmingi heildartjóns úr kaskótryggingu vinnuvélar hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 71/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**Ágreiningur um hvort tjón verði rakið til notkunar bifreiðar.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 18.02.2020, ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Bréf V, dags. 25.02.2021 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15.03.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 6. nóvember 2018 hafi M, við störf sín hjá X, orðið fyrir slysi. Hafi slysið atvikast þannig að til stóð að hífa stórt grjót upp á vörubílspall A, sem er í eigu Y, með krana sem er á bifreiðinni. Keðja hafi verið sett utan um grjótið og hafi hún losnað af steininum við hífinguna og slegist í M. M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V með vísan til þess að slysið hefði átt sér stað við fermingu A, með krana sem áfastur sé A og gangi fyrir aflvél hennar. Því væri tjón hans að rekja til notkunar bifreiðarinnar A. Því hafi verið hafnað. Fyrir nefndinni byggir M á því að hífa hafi átt steininn upp á pall A, sem sé ferming bifreiðar. Til að koma steininum á pallinn hafi þurft að koma öðrum steini undir hann, svo hægt væri að koma keðjunni betur fyrir og hafi steininn því verið hífður upp svo minni steinn kæmist undir hann. Þá hafi keðjan losnað og slegist í M. Hafi ferming því staðið yfir þegar slys M átti sér stað og A í eðlilegri og venjubundinni notkun sem kranabifreið og megi því rekja tjón hans til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í lögregluskýrslu sé ekki haft eftir vitnum að þeir hafi verið að hífa grjótið upp á vörubílspallinn, heldur einungis að þeir hafi verið að hífa upp grjót með kranabifreið og keðju. Tjónið hafi hlotist af krana sem sé áfastur við vörubíl, áður en eiginleg ferming hófst og falli slíkt ekki undir notkunarhugtak 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga. Samkvæmt atvikalýsingu sem komi fram í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 26. mars 2019, en félagið telji rétt að byggja á henni, komi fram að hífa hafi átt stóra steininn aðeins frá jörðu til að koma öðrum minni undir hann svo keðjan kæmist undir þann stærra og hægt væri að hífa hann upp á pallinn. M hafi snúið baki í stóra steininn og verið að beygja sig eftir þeim minni til að koma honum undir stærra steininn þegar keðjan sem var aðeins að litlu leyti komin undir stóra steininn hrökk til og lenti á M. Ekki hafi verið ætlunin að setja minni steininn í keðju eða upp á pall bifreiðarinnar. Í þessari lyftu hafi ekki falist eiginleg ferming, heldur hafi ætlunin verið sú að slaka stærra steininum aftur niður á þann minni svo hægt væri að hagræða keðjunni áður en honum væri lyft á pallinn. Síðari lyftan hefði því verið liður í eiginlegri fermingu bifreiðarinnar en ekki sú fyrri, sem leiddi til slyss M. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að líta verði heildstætt á málsatvik. Verkefnið sem M hafi slasast við að inna af hendi hafi verið að koma keðjum undir steininn svo hægt væri að hífa hann á pall A. Hafi það verið liður í fermingu A og tjón M þar af leiðandi bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort tjón M sé að rekja til notkunar skráningarskylds vélknúins ökutækis, sbr. 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga, sem leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu þess. Í þeirri atvikalýsingu sem fram kemur í fyrirbyggjandi umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að hífa hafi átt stóra steininn aðeins upp frá jörðu til að koma öðrum minni undir hann svo keðjan kæmist betur undir þann stærra og hægt væri að hífa hann upp á pallinn. Þessi lýsing er sambærileg þeirri sem fram kemur í málskoti, þ.e. að hífa hafi átt stóra steininn aðeins upp frá jörðu til að koma öðrum minni steini undir hann svo hægt væri að hagræða keðjunni og hífa stærra steininn upp á pallinn. Verður að telja, sbr. og dóm Hæstaréttar 1998:3378 sem V vísar til í málalíbúnað sínum, að slys M hafi því átt sér stað við tilfæringu á steininum en ekki eiginlega fermingu hans á pall bifreiðarinnar. Hafi atvikið því átt sér stað áður en hin eiginlega ferming hófst og verði ekki fellt undir sérreglu 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga. Samkvæmt framansögðu er því ekki unnt að líta svo á að tjón M verði rakið til notkunar bifreiðarinnar A og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu hennar því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 72/2021**M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna upplýsinga á sölufirliti við sölu fasteignar 2020.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 15. mars 2021, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M til nefndarinnar, dags. 19. apríl 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M seldu fasteign sína með kaupsamningi dags. 6. febrúar 2020 til kaupenda eignarinnar og við kaupin var um það samið milli M og kaupenda að M veittu 1.500.000 króna afslátt af kaupverði, sbr. sátt sem gerð var við útgáfu afsals fyrir eignina. Umrædd sátt liggur fyrir í gögnum málsins óundirrituð, en þar kemur fram að afsláttur sé veittur vegna ágreinings sem upp kom í kjölfar sölu fasteignarinnar um ástand glugga og glers í eigninni.

M hafa krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X og byggja kröfu sína á því að rangar upplýsingar hafi komið fram í sölufirliti fyrir fasteign þeirra og hafi X gert mistök við sölu eignarinnar. M benda á að X hafi stuðst við upplýsingar frá þeim sjálfum áður en framkvæmdir við húseign þeirra hafi verið lokið og ekki sannreynt upplýsingar sem þar hafi komið fram með sjónskoðun á eigninni eftir þær framkvæmdir. M telja að upplýsingar í sölufirliti hafi ekki verið í samræmi við 12. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015 og það dugi ekki fyrir X að bera fyrir sig að hann hafi byggt á upplýsingum frá M, sbr. Hrd. 633/2013.

V telur skaðabótaábyrgð X ekki fyrir hendi og vísar til þess að upplýsingar um ástand glugga og glers í sölufirliti fyrir fasteign M hafi verið frá þeim sjálfum sem seljendum. V vísa til tölvupóstsamskipta milli M og fasteignasölu X 11. nóvember 2019 þar sem M er gefinn kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaðan texta sölufirlits og það hafi verið um 10 dögum áður en kauptilboð um fasteignina hafi verið undirritað. V telur einnig að erfitt hafi verið að greina við sjónskoðun hvað hafi verið endurnýjað af gluggum eða gleri og vísar til ljósmynda af eigninni. Þar að auki vísar V til dóms héraðsdóms Reykjavíkur frá 25. september sl. og vísar á bug að tilvísun til Hrd. 633/2013 eigi við þetta mál.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að nokkur samskipti hafi verið milli M vegna upplýsinga um fasteign þá sem X var með í sölumeðferð fyrir þau í nóvember 2019. Verður ekki séð að upplýsingar í sölufirliti hafi verið með öðrum hætti varðandi ástand glugga og glers en M sjálf gáfu upp. Ekki liggja fyrir afgerandi sönnunargögn um að X hafi mátt sjá með hefðbundinni sjónskoðun að þessar upplýsingar væru rangar, eða að ástand glers og glugga í sólskála væri með öðrum hætti en lýst var. Ákvörðun M um að veita afslátt af kaupverði vegna upplýsinga um fasteignina er ekki sjálfkrafa tjón sem rekja má til saknæmrar háttsemi X og hafa M því ekki sýnt fram á að þau eigi rétt til skaðabóta sem nemur afsláttarfjárhæðinni úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 73/2021**M og
V v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um líkamstjón falli undir bótaskvið slysáttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.2.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 2.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er váttryggð samkvæmt frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V. Samkvæmt tjónstilkynningu, sem mun hafa borist V 10. nóvember 2020, kveðst hún hinn 26. ágúst 2020 hafa ásamt syni sínum verið á leið út frá heimili sínu og gengið út um dyrnar og stigið í fyrstu tröppuna en muni ekki frekar hvað hafi gerst. Þá segir í tilkynningunni að hjartað hafi stoppað og „þess vegna datt ég út.“

M var flutt með sjúkrabifreið á bráðamóttöku Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá vegna komunnar þangað segir að M hafi dottið niður tröppur heima hjá sér, taldi sig hafa rotast og man ekki mjög vel eftir atvikinu. Við skoðun kom í ljós stór margúll („hematoma“) yfir vinstri augabrún og svólítil hruflsár á enni, en augnhreyfingar reyndust í lagi („intact“). Þá segir svo, orðrétt: „Helaum yfir með/lat epicondyl á vinstri olnboga. Getur ekki extenderað að fullu. Einnig svólítið aum caput radil. Ekki önnur eymsli yfir handlegg eða hendi.“ Vegna einkenna í vinstri olnboga var ráðgert að M gengist undir aðgerð væntanlega næsta dag. Hinn 10. september 2020 leitaði M til heimilislæknis. Á samskiptaseðli vegna þeirrar komu til læknisins segir svo, orðrétt: „Hún fékk yfirlíð fyrir 2 vikum. Datt og fékk mikið mar í andliti og brot á upphandlegg. Var gefinn tími í aðgerð en áður en að því kom þá leitaði hún á bráðamóttöku með hjartsláttaróreglu og reyndist vera í supraventricular tachycardiu. Innlögð. Búið að meðhöndla. Komin á Isoptin og búið að breyta Valsartan. Líklegt að þetta hafi valdið yfirlíðinu. Hún fór síðan í aðgerð, settar skráfur og plötur í handlegginn og var að losna núna úr meiri umbúðum.“

Með fyrrgreindri tjónstilkynningu hefur M krafist bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut við byltuna. Með bréfi V, dags. 13. nóvember 2020 hafnaði M bótaskyldu úr váttryggingunni. Í bréfinu kemur fram að samkvæmt skilmálum slysáttryggingarinnar sé með hugtakinu slys átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum sé þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Telur V að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að skilyrði bóta samkvæmt skilmálaákvæðinu sé ekki uppfyllt „þar sem ekkert skyndilegt né utanaðkomandi verður til þess að þú dettur á leið út af heimili þínu. Innri veiklun telst ekki vera skyndileg.“ Í athugasemdum V til nefndarinnar fellst félagið á að áverkni á vinstri olnboga sé bótaskyldur úr váttryggingunni en ekki áverkni á andliti eða höfði.

Álit.

Líkt og að framan greinir er með hugtakinu slys samkvæmt skilmálum slysáttryggingarinnar átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum sé þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja nægilega í ljós leitt að M hafi dottið í tröppum fyrir utan heimili sitt af völdum yfirlíðs sem að öllum líkindum má rekja til hjartsláttaróreglu. Verður því að telja að slysið verði ekki rakið til utanaðkomandi atburðar. Eins og slyshugtakið er skilgreint í váttryggingarskilmálanum verður því að telja að meiðsl á höfði falli utan bótaskviðs slysáttryggingarinnar. Meiðsl á vinstri olnboga falla á hinn bóginn undir slyshugtakið og teljast því bótaskyld úr váttryggingunni. Samkvæmt athugasemdum V við málskotinu hefur félagið endurskoðað afstöðu sína til bótaskyldu og fallist á að M eigi rétt á bótum úr slysáttryggingunni vegna áverkans sem hún hlaut á vinstri olnboga.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum vegna áverka á vinstri olnboga úr frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 74/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar AÁgreiningur um bótaskyldu vegna slyss M við störf hjá A.**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 23.02.2021 ásamt fylgiskjölum 1-17.
2. Bréf V dags. 11.03.2021.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16.03.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 13. desember 2018, orðið fyrir slysi við störf hjá A. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að M hafi haldið á naglabyssu sem staðið hafi á sér. Skyndilega hafi slaghamar byssunnar skotist fram og í fingur M. Enginn nagli hafi verið í byssunni umrætt sinn og hafi M aðeins verið að sýna starfsmanni á vinnusvæðinu hvernig byssan stæði á sér. Hafi M slasast töluvert við þetta og verið metinn til 14% varanlegrar örorku. M telur að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans enda megi rekja slysið til ófullnægjandi starfsaðstæðna. V hafi hins vegar hafnað kröfu hans með bréfi dags. 15. september 2020. M hafi fengið byssuna til afnota fyrir um morguninn, en hann hefði einungis notað hana einu sinni áður og þá án þess að fá sérstakar leiðbeiningar um notkun hennar, en X, yfirmaður M, hafi sagt honum fyrir verkum á slysdegi og sagt honum að reyna að vera fljótur við verkið. Byssan hafi svo stamað allan morguninn og M hafi látið Y, smið á sömu starfsstöð, vita af því. Þegar hann hafi svo ætlað að sýna Y byssuna hafi slaghamarinn skotist í fingur hans með fyrrgreindum afleiðingum. Slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu svo sem skylt sé samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og beri A hallann af sönnunarskoti um atvik málsins enda hafi það ekki hlutast til um rannsókn á atvikum og beri því að leggja frásögn M um atvik málsins til grundvallar. Beri A skaðabótaábyrgð á sakargrundvelli þar sem megi rekja slys M til ófullnægjandi starfsaðstæðna, en A hafi útvegað honum vinnutæki sem var í ófullnægjandi ástandi og þar með vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 46/1980 og reglum settum á grundvelli þeirra. Þá hafi þjálfun og leiðbeiningum til M verið ábótavant. Þá hafi eigandi A, Z, látið M hafa byssuna og látið hann vita að hún ætti það til að standa á sér, og hefðu forsvarsmenn A því vitað af því, en vanrækt að taka byssuna úr umferð. Hefði A sinnt þeim athafnaskyldum sem á fyrirtækinu hvíldu hefði mátt koma í veg fyrir umrætt slys. Sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að um óhappatívik hafi verið að ræða. Forsvarsmenn A hafi ekki vitað að byssan mundi standa á sér, og ekkert hafi bent til þess að það mundi gerast. Á slysdegi hafi M starfað í sex ár hjá A og unnið með ýmis verkfæri við störf sín. Þá starfi reynslumiklir verkstjórar hjá A, sem sinni kennslu við notkun verkfæra. Þá er því hafnað að Z hafi látið M hafa byssuna í flýti, enda hafi Z verið á leið erlendis þennan dag og því ekki verið á verkstað. Enn fremur kannist Z ekki við að neitt hafi verið athugavert við umrædda byssu. Þá hafi legið sérstaklega á að ljúka þessum verkþætti. Enn fremur hafi yfirmenn verið á staðnum, og hefði M getað leitað til þeirra hefði hann spurningar um verkið. Byssan sé þá enn í notkun, en hafi verið hreinsuð eftir atvikið, og bendi ekkert til bilunar í henni. Jafnvel þó um bilun hafi verið að ræða hefðu starfsmenn A ekki haft vitneskju um það. Er bótaskylda því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M hafi aðeins einu sinni áður unnið með naglabyssu, en það hafi verið daginn fyrir slysdag, og hafi hann þá ekki fengið neina kennslu eða leiðbeiningar. Þá hafi engir yfirmenn verið á staðnum, og sé það ástæðan fyrir því að M sýndi Y, sem var að störfum á svæðinu, byssuna. Þá er ítrekað að Z hafi látið M hafa byssuna og sagt honum að hún gæti staðið á sér og hefði því átt að vera búin að taka hana úr umferð.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að megi rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og það hvílir á M að sýna fram á það. Ekki liggur annað fyrir, samkvæmt atvikalýsingu í málskoti, en að M hafi einnig notað umrædda naglabyssu daginn fyrir slysið, án vandkvæða, en hún hafi hins vegar staðið á sér að morgni slyssdags. Gegn neitun A telst því ekki sýnt fram á að yfirmenn M hafi haft vitneskju um að byssan væri biluð og liggur í raun ekki annað fyrir en að hún sé enn í notkun og í lagi, en hafi verið hreinsuð eftir umrætt atvik. Verður það því ekki metið A eða starfsmönnum þess til sakar að M hafi verið fengin umrædd naglabyssu til afnota við störf sín. Ekki var tilkynnt um slys M til Vinnueftirlitsins í samræmi við 1. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en óumdeilt er að tilkynning barst ekki fyrir en 3. júní 2019. Verður

Þó ekki talið að sú staðreynd, sem leiðir til þess að A beri hallann af skorti á sönnun um þau atriði sem geti haft áhrif á sakarmat og talin eru óljós, breyti neinu um þessa niðurstöðu, enda greinir aðila í sjálfu sér ekki á um að orsök slyssins hafi verið sú að slaghamar byssunnar skaust óvænt í fingur M eftir að byssan hafði staðið á sér. Þá byggir M jafnframt á því að hann hafi fengið ónógar leiðbeiningar um notkun naglabyssu og verði það metið A til sakar. Við mat á því verður að líta til þess að M hafði á slysdegi starfað hjá A í rúmlega sex ár og hafði jafnframt unnið með umrædda naglabyssu daginn áður, án að því er virðist nokkurra vandkvæða. Verður því ekki talið sýnt fram á að meintur skortur á leiðbeiningum hafi orsakað slys hans og af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja verður helst ráðið að um hreint óhapp hafi verið að ræða. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni telst því ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika sem A verður kennt um og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík 15. apríl 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 75/2021**M og
X vegna réttar til bóta
vegna óþekkts ökutækis skv. umferðarlögum nr. 50/1987.****Ágreiningur um sönnun tjónsatviks 29. mars 2017 og gildissvið umferðarlaga.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur X til nefndarinnar, dags. 11. mars 2021.
3. Athugasemdir lögmanns M með tölvupósti dags. 12. mars 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hlotið líkamstjón þegar hann slasaðist að hans sögn vegna óþekkrar bifreiðar. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands lýsa M og vinnuveitandi hans atvikinu þannig: „Á leið til vinnu, var að fara að ganga yfir götu frá starfsmannXlastæði, þá kom bíll á mikilli ferð og hætti [M] þá við að fara yfir götuna og missteig sig á vinstri fæti.“ M leitaði strax á bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og þar kemur fram að M hafi hlotið tognun á ökkla.

M telur að X eigi að greiða bætur vegna líkamstjóns hans og vísar til 1. mgr. 94. gr. a. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og 20. gr. þágildandi reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008. M telur einnig að ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 eigi við um málsmeðferð hjá X, það sé félag í skilningi laganna og starfi einnig sem fulltrúi váttryggingafélaga hér á landi. Einnig bendir M á að X hafi vísað honum á að leggja afgreiðslu málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. M telur að X hafi ekki uppfyllt kröfur 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga þegar bótakröfu hans var hafnað. M telur að X hafi ekki greint frá fresti til að bera málið undir úrskurðarnefnd eða dómstóla eða hvaða lögfylgjur það hafi og það hafi brotið gegn réttindum M. M byggir á því að frestur hans til athafna sé ekki liðinn þar sem X hafi ekki tilkynnt afstöðu sína með réttmætum hætti. Einnig telur M að afstaða X til bótaskyldu sé efnislega röng. M vísar til þess að ekki séu gerðar strangar sönnunarkröfur í samskonar málum og vísar um það til dóms Hæstaréttar í máli nr. 228/2013 og máli nr. 165/2016 og 10/2015. M vísar til þess að hann hafi leitað strax til læknis, tilkynnt vinnuveitanda um atvikið strax og það hafi verið tilkynnt fljótt til bæði Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlitsins. Einnig vísar M til þess að hann hafi þremur vikum eftir atvikið leitað aftur til læknis. Einnig telur M að ekki sé unnt að líta svo á að í umferðarlögum eða reglugerð sé gert ráð fyrir því að bótaskylda byggist á því að bein ákoma óþekkts ökutækis hafi leitt til líkamstjóns.

X hefur hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M og telur að ekki sé sannað að líkamstjónið sé rakið til notkunar óþekkts ökutækis og þannig hafi ekki skapast bótakrafa á hendur X skv. reglum þar um. Til viðbótar telur X að lög um váttryggingarsamninga eigi ekki við þar sem X sé tjónsuppgjörsmiðstöð en ekki váttryggingafélag. Einnig vísar X til þess að „gerð hefur verið sú afdráttarlausa krafa að tjóni sé valdið með beinni ákomu ökutækis til að ábyrgð X myndist.“ X telur ekki sýnt að M hafi orðið fyrir ökutæki með þeim hætti og því sé ekki fyrir hendi bótaskylda.

Álit.

Í fyrsta lagi verða tekin af öll tvímæli um það að mögulegur bótaréttur M vegna líkamstjóns byggir á 2. mgr. 20. gr. þágildandi reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008, en reglugerðarheimild um skyldu váttryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óváttryggðra og óþekkra ökutækja var í 94. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og í 94. gr. a þeirra laga var kveðið á um að tjónsuppgjörsmiðstöð sem ráðherra viðurkennir greiði slíkar bætur m.a. til þeirra sem búsettir eru hér á landi. Ekki er um það deilt í málinu að X sinnti hlutverki tjónsuppgjörsmiðstöðvar í ljósi þess ákvæðis og ábyrgðaraðila skv 2. mgr. 20. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar hinn 29. mars 2017. Krafa M um greiðslu bóta byggir því með beinum hætti á ákvæði reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar og þágildandi umferðarlögum, en ekki á sérstökum váttryggingarsamningi. Ekki er því nauðsynlegt að fjalla frekar um lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 eða möguleg réttaráhrif 2. mgr. 51. gr. laganna, enda verður ekki séð að X hafi borið fyrir sig nokkurn tímafrest skv. því ákvæði.

Í öðru lagi snýst efnislegur ágreiningur málsins um það hvort sannað sé að skilyrði til greiðslu bóta séu fyrir hendi. Í áðurnefndri 2. mgr. 20. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar kemur fram að X skuli sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. Í ákvæðinu er hvergi fjallað um snertingu ökutækis og þess sem verður fyrir líkamstjóni heldur verður að líta til þess hvort líkamstjónið hafi „...hlotist af notkun óþekkts

vélknúins ökutækis..“ Það orðalag verður ekki túlkað það þröngt að snerting þurfi að hafa átt sér stað og verður þar litið til dómaframkvæmdar vegna túlkunar á notkunarhugtaki 88. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987.

Hvað varðar sönnunarkröfur skv. þessu ákvæði reglugerðarinnar er um þær m.a. fjallað í dómi Hæstaréttar í máli nr. 228/2013. Þegar litið er til þess að M tilkynnti strax um atvikið til vinnuveitanda síns og leitaði strax til læknis vegna óþæginda því tengdu og þess að þau óþægindi voru enn til staðar nokkrum vikum síðar, verður skilyrðið um að „ætla megi“ að líkamstjón M hafi hlotist af notkun óþekktis ökutækis. Á M því rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt hjá X, skv. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta hjá X.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 76/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss af völdum háلكu á sundlaugarsvæði.****Gögn.**

Málskot, móttækið 25.2.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 15. desember 2017 varð M fyrir meiðslum er hún rann við nuddpott í sundlaug A sem er í eigu og rekin af B. Í málskoti er atvikinu lýst svo að M hafi verið í sundi í A. Hún hafi gengið að nuddpotti sem á laugarsvæðinu og þegar hún hugðist fara ofan í pottinn steig hún á háلكublett sem myndast hafði við pottinn með þeim afleiðingum að hún féll og skall utan í rimla og kant. Lenti hún illa á vinstri hliðinni og sló hnakkanum í. Var M flutt rakleiðis með sjúkrabifreið á Landspítala. M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir úr ábyrgðartryggingu B hjá V á grundvelli saknæmrar vanrækslu á skyldum til háلكuvarna og varúðarmerkinga sem eru á ábyrgð B.

V hefur hafnað bótaskyldu. Byggir V synjun sína á því að verklag B varðandi háلكuvarnir sé skýrt og starfsmenn salti reglulega og eftir þörfum í kringum potta og laugar. Þá séu hitalagnir og sex varúðarskilti varðandi háلكu á laugarsvæði. Þá vísar V sérstaklega til þess að ósannað sé að M hafi runnið í háلكu þar sem fyrsta tjónstilkynning A ber með sér að svo virðist sem M hafi hugsanlega dottið um sinn eigin skó. Vekur V einnig athygli á að þann 10. október 2017, um tveimur mánuðum fyrir tjónsdag, hafi reglulegt eftirlit í A verið framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og engar athugasemdir gerðar varðandi merkingar eða háلكuvarnir. Engar frekari skýringar hafi verið gefnar og sönnunarbyrði hvíli á M.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu B eða starfsmanna þess, en það er skilyrði þess að bótaskylda sér til staðar. Meðal gagna málsins er er staðfest slysaskráning frá tjónsdegi þar sem fram kemur að M hafi dottið við nuddpott en ekki sé ljóst hvort hún hafi runnið í háلكu eða dottið um skóinn sinn. Þá liggur einnig fyrir eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, sem gerð var í kjölfar eftirlitsheimsóknar tveimur mánuðum fyrir umrætt atvik. Í skýrslunni eru ekki gerðar athugasemdir við öryggismerkingar.

Verður því talið ósannað hvort M hafi runnið í háلكu við nuddpott eða dottið um skóinn inn. Af því leiðir að ekki verður, m.t.t. þeirra ganga sem hafa verið lögð fram fyrir nefndina, og almennra sönnunarreglna, talið sýnt fram á að starfsmenn B hafi brotið gegn fyrirmælum í lögum eða reglugerðum eða á annan hátt vanrækt að gera ráðstafanir vegna háلكu. Ekki verður því lögð skaðabótaábyrgð á B vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 15. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann T. Sigurðsson lögm.

Mál nr. 77/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bónda.**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið er nautgripur slapp út á þjóðveg.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 22.2.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum og ljósmyndum af ristarhliði.
2. Bréf V, dags. 12.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu ók M síðdegis 14. nóvember 2020 bifreið sinni, A, vestur Snæfellsnesveg á 80-90 km hraða á klst. Er hann hafði ekið fram hjá bænum B í Eyja- og Miklaholtshreppi hafi nautgripur stokkið allt í einu í veg fyrir A. Kvaðst M ekkert hafa getað gert til að afstýra því að aka á nautgripinn. Hann hafi hvorki beygt né hemað þar sem atvik hafi gerst svo hratt. Umræddur nautgripur var í eigu D, bónda að B. Í lögregluskýrslu segir að myrkur hafi verið og olíumalarborið yfirborð vegarins hafi verið þurrt. Af fyrirliggjandi ljósmyndum sem teknar voru á vettvangi má þó ráða að hjart hafi verið en tekið að rökkva um það leyti sem atvikið varð. Miklar skemmdir urðu á framenda A.

D hefur borið því við að nautgripur sá sem rakst á A hafi ásamt öðrum nautgripum verið haldið í vel girtu hólfi auk þess sem skurður liggi heim undir útihús. Hafi gripirnir komið heim að bæ og dvalið þar en síðan rölt niður heimreiðina frá bænum, en við heimreiðina næst ristarhliði við þjóðveginn séu skurðir á báða vegu. Syni hans hafi síðan verið tilkynnt um að tveir gripir væru við veg. Hafi hann brugðist hratt við og er hann hafi verið kominn niður undir ristarhliðið hafi hann séð hvað gerst hafði. Er hann kom á staðinn hafi hinn gripurinn hlaupið yfir ristarhliðið og heim.

M kveður lausagöngu nautgripa hafa verið bannað og nautið hafi sloppið úr vörslu D. Af ljósmyndum sem liggja fyrir í málinu megi glögglega sjá að ástand girðingar hafi verið mjög lélegt og girðingarstaurar hafi legið nánast alveg á hlið á sumum stöðum. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu D hjá V vegna þess tjóns sem varð á A. V hefur hafnað bótaskyldu. Annars vegar telur félagið að M hafi ekki haft fulla athygli við aksturinn og ekki gætt nægilega að aðstæðum við veginn. Ef hann hefði haft fulla athygli við aksturinn hefði hann átt að sjá nautgripinn við veginn og draga úr hraða. Verði tjónið því rakið til ógætilegs aksturs M, a.m.k. að einhverju leyti ef ekki öllu. Í annan stað hafi nautgripirnir verið í hólfi á vegum D og hafi ástand girðingar kringum hólfið verið mjög gott að sögn D. Girðingar við veginn hafi verið í forsjá Vegagerðarinnar og tilheyri ekki því hólfi sem nautgripirnir voru í. Með því að þær girðingar tilheyru Vegagerðinni og voru hvorki í eigu né umsjón D verði slægt ástand þeirra ekki metið D til sakar. Nautgripirnir hafi hlaupið yfir ristarhliðið og því sé ekkert orsakasamband á milli ástands girðinga og óhappsins. Að þessu leyti verði tjónið heldur ekki rakið til saknæmrar háttsemi D, heldur óhappatilviljunar að gripirnir hafi komist óskaddaðir yfir ristarhliðið.

Álit.

Í svarbréfi oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps til lögreglu varðandi bann við lausagöngu nautgripa á slysstaðnum kemur fram að eftir því sem næst verði komist hafi lausaganga nautgripa og hrossa verið bönnuð með auglýsingu áður en sveitarfélögin voru sameinuð 1994. Enn fremur segir í bréfinu að eftir sameiningu „hefur ekki verið tekin slík ákvörðun en í lögreglusamþykktunum núna segir að það eigi að gera sér samþykktir um lausagöngu sem ekki hefur verið gert út frá nýju lögreglusamþykktunum.“

EKKI verður ráðið að sett hafi verið sérstök lögreglusamþykkt fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp. Gildir því í sveitarfélaginu reglugerð nr. 1127/2007 um lögreglusamþykktir, sbr. 2. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, en í 2. mgr. 30. gr. reglugerðarinnar segir að um lausagöngu búfjár fari samkvæmt vegalögum og lögum um búfjárhald o.fl. Með auglýsingu í Lögbirtingablaði 30. apríl 1991 var lausaganga nautgripa bönnuð í Miklaholtshreppi frá 1. maí 1991 á grundvelli þágildandi laga um búfjárrækt. Jafnvel þótt Miklaholtshreppur hafi síðar sameinast öðru sveitarfélagi verður ekki séð að bann þetta hafi fallið úr gildi varðandi þann hluta hins nýja sveitarfélags sem áður tilheyrði Miklaholtshreppi. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald skal nautum, sex mánaða og eldri, haldið í vörslu allt árið. EKKI verður séð að aðila greini á um að naut það er varð fyrir A hafi náð sex mánaða aldri. Þá verður ráðið af gögnum málsins að girðing meðfram veginum hafi verið reist á vegum Vegagerðarinnar sem hafi þá girt veginn báðum megin vegarins á grundvelli 51. gr. vegalaga nr. 80/2007. Lausaganga búfjár hefur því verið bönnuð samkvæmt 56. gr. laganna. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður að telja að lausaganga nautgripa hafi verið bönnuð á svæðinu þar sem óhappið varð og D sem eiganda þeirra hafi borið að tryggja öruggar vörslur þeirra.

Samkvæmt framburði D er ljóst að gripirnir hafi komist úr hólfinu heim að bæ og gengið þaðan niður heimreiðina í átt að veginum. Ekki verður með vissu ráðið hvernig nautgripur sá sem varð fyrir A slapp út á veginn. M telur að gripurinn hafi komist út á veginn með því að hafa farið yfir girðingar sem hafi að mestu legið niðri. D kveður á hinn bóginn að tveir nautgripir hafi komist klakklaust yfir ristarhlið á heimreiðinni og annar þeirra hafi orðið fyrir A en hinn farið sömu leið aftur til baka yfir ristarhliðið áfallalaust. Staðhæfing D um að nautgripurinn hafi komist áfallalaust yfir ristarhliðið er ekki studd neinum gögnum um að líkindi séu með því að svo hafi verið. Verður að telja öllu meiri líkur en minni að nautgripurinn hafi farið yfir girðingar þar sem þær lágu niðri og þannig komist út á veginn. Hvað sem þessu líður er þó ljóst að umræddur nautgripur komst óhindrað úr hólfi því sem hann átti að vera geymdur í niður heimreiðina og út á veg þar sem hann varð fyrir A. Verður það vart rakið til annars en að vörslur nautgripsins hafi verið ófullnægjandi og skiptir í því sambandi ekki máli hvort það verði rakið til lélegra girðinga eða ristarhliðs sem fullnægði ekki þeim kröfum að halda búfænaði frá veginum. Í ljósi banns við lausagöngu getur það ekki leyst D undan ábyrgð að viðhald á girðingum meðfram veginum hafi verið í höndum Vegagerðarinnar. Ber því D ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir við það að nautgripurinn lenti á A. Ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til ætla að tjónið megi að einhverju leyti rekja til ógætilegs aksturs M. Hann telst því eiga óskoraðan rétt til bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík, 15. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 78/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X.****Fall viðskiptavinar sjúkraþjálfunarstöðvar 25. mars 2019.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 15. mars 2021.
3. Bréf lögmanns M til nefndarinnar, ódags.

Málsatvik.

Hinn 25. mars 2019 kom M á bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri eftir að hafa fallið um ójöfnu í gólfi og var þar metinn með hásinaslit. Nánar tiltekið kemur fram í málskoti að M hafi verið að ganga úr sjúkraþjálfunarmedferð á leið í tækjasal á vegum X, þegar hann hrasar um lágt og ómerkt þrep inn í tækjasalinn.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hann hlaut þar sem engar merkingar hafi verið við þrepið sem hann féll um og líkamslegt ástand hans hafi verið þannig eftir sjúkraþjálfunarmedferð að hann hafi verið í meiri hættu að falla um umrætt þrep heldur en ella. Einnig bendir M á að hann hafi ekki þekkt aðstæður á þeirri hæð sem tækjasalur X hafi verið á og merking á þrepi hafi verið sett inn eftir slyshans. Þessu til viðbótar bendir M á að sjúkraþjálfari hans hafi bent á að þau hálsmeiðsli sem M hafi verið í sjúkraþjálfunarmedferð vegna hafi getað brenglað fjarlægðarskyn hans og upplifun.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M hafi sótt sjúkraþjálfun hjá X í nokkurn tíma og eigi því að þekkja húsnæði þjónustunnar, auk þess sem M hafi gengið oft um umrætt þrep. Einnig telur V að M hafi ekki veitt umhverfi sínu athygli, en munur sé á gólfefnum og þar sem M sé smiður ætti hann að veita umræddu þrepi athygli. Einnig bendir V á að skýrsla sjúkraþjálfara X sé tilkomin eftir að V hafnaði bótaskyldu og ekkert bendi til þess að húsnæðið hafi farið í bága við lög eða reglugerðir um búnað húsa.

Álit.

Í gögnum málsins er myndir af því þrepi sem M hrasaði um á leið sinni úr sjúkraþjálfunarmedferð inn í tækjasal sem X hefur komið upp fyrir notendur þjónustu sinnar. Í tölvupósti sjúkraþjálfara hjá X, dags. 27. apríl 2020, kemur fram að M sem hálssjúklingur hafi mögulega verið eitthvað utan við sig eða ringlaður og hafi ekki verið vanur að vera á því svæði sem hann slasaðist á. Í gögnum málsins kemur líka fram að umrætt þrep var merkt eftir atvikið með viðvörunarborða.

Í húsnæði X, þar sem boðið er upp á sjúkraþjálfunarmedferð, verður að gera ráð fyrir því að þeir sem ganga um húsnæðið séu almennt að glíma við einhver heilsufarsleg vandamál sem tengjast stoðkerfi. Það að búa svo um slíkt húsnæði að þar sé þrep frá almennu rými niður í tækjasal, án viðvörunar verður að teljast geta skapað einhverja hættu fyrir þá sem nefndir eru hér að ofan. Auðvelt hefði verið að vara við umræddu þrepi, eins og gert er nú, og verður að telja það til gáleysis eigenda og/eða forsvarsmanna X að gera ekki þær ráðstafanir þegar þessi hluti húsnæðisins var opnaður fyrir viðskiptavini. Ekki liggur fyrir að M hafi sýnt af sér gáleysi sjálfur og á hann rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 79/2021

M og

V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna banaslyss**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 1.3.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 12. janúar 2020 lést B, faðir M, í umferðarslysi á Reykjanesbraut í nánd við álverið í Straumsvík, er hann ók A Reykjanesbraut til suðurs sem hafnaði á snjóruðningstönn framan á snjóruðningsbifreið sem var ekið úr gagnstæðri átt. Áreksturinn varð á þeim helmingi vegarins sem er fyrir umferð til norðurs, þ.e. á þeim vegarhelmingi sem snjóruðningsbifreiðinni var ekið eftir. Í vettvangsskýrslu lögreglu kemur fram að aðstæður á vettvangi hafi verið mjög erfiðar, mikill vindur og snjócoma og talsverður þæfingur og hálka á akbrautinni. Hámarkshraði á veginum er 80 km á klst.

Eftir ökumanni snjóruðningsbifreiðarinnar er haft að hann hafi ekið á 50 km hraða á klst. Hann hafi séð ökumann A skyndilega missa stjórn á bifreiðinni sem hafi komið á hlið yfir á gagnstæðan vegarhelming. Hann hafi reynt að hemla en þetta hafi gerst á skotstundu.

Í þágu rannsóknar málsins var blóð- og þvagsýni úr B tekið til rannsóknar. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, dags. 24. febrúar 2020, reyndist magn etanóls í blóði B vera 3,01‰ og í þvagi 3,94‰.

Í skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa, dags. 18. mars 2021, um slysið segir um veg og umhverfi þegar slysið átti sér stað að vegurinn hafi verið beinn og breiður með bundnu slitlagi og lýsingu. Snjóþekja hafi verið 5-10 cm, vegurinn verið mjög háll og akstursaðstæður verið erfiðar. Vindur hafi verið af norðaustan 12 m/sek., hitastig -2°C, snjócoma, skafrenningur og myrkur. Samkvæmt skýrslunni voru eftirtalin fjögur atriði greind sem orsakir slyssins:

- B, ökumaður A, hafi verið ofurölvi.
- B hafi misst stjórn á A sem hafi runnið yfir á öfugan vegarhelming í veg fyrir vörubifreið með snjóruðningstönn.
- Ástandi A hafi verið ábótavant.
- Snjóruðningstönn vörubifreiðarinnar sé sérstaklega hættuleg gagnvart ákomum á hlið fólksbifreiðar.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V vegna missis framfaranda. Kveður M að ekki verði með óyggjandi hætti staðhæft hvert hafi verið áfengismagn í blóði B þegar blóðsýni var tekið og engu verði slegið föstu um það hversu ölvaður hann var þegar slysið varð. Áfengismagn í blóði B leiði eitt og sér ekki til þess að háttsemi hans teljist hafa verið stórkostlegt gáleysi í skilningi 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, enda ósannað að áfengismagn í blóði hans hafi valdið vátryggingaratburði í skilningi 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga auk þess sem skilyrði sama lagaákvæðis til skerðingar eða niðurfellingar bóta sé ekki uppfyllt.

V kveður ljóst að B hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að aka A undir áhrifum áfengis og missa stjórn á bifreiðinni þannig að hún rann yfir á rangan vegarhelming þar sem hún skall framan á snjóruðningstönn snjóruðningsbifreiðarinnar. Af þeim sökum hafni V bótum til M með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 sem og 26. gr. og 27. gr. laga nr. 30/2004.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skal hver ökumaður sem stjórnar ökutæki tryggður sérstakri slysatryggingu sem skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis, sbr. 4. gr. laganna. Að öðru leyti er í 9. gr. ekki vísað til 4. gr. Reglur þeirrar lagagreinar um skiptingu sakar, sbr. 4. mgr. lagagreinarinnar, eiga því ekki við í því tilviki sem hér um ræðir.

Um slysatryggingu ökumanns og eiganda gilda reglur III. hluta laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga sem fjallar um persónutjón. B telst vera sá sem er vátryggður í skilningi þessa hluta laganna, sbr. c-lið 13. tölul. 2. gr. laganna.

Um réttaráhrif þess að vátryggður hefur valdið vátryggingaratburði af stórkostlegu gáleysi fer eftir því sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 90. gr. laganna. Samkvæmt því ákvæði má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Hið sama á við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi

valdið því að váttryggingaraburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Þá segir í sama ákvæði að við úrlausn á þessum atriðum skuli litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaraburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands reyndist áfengismagn í blóði B vera 3,01%. Ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til að vefengja þessa niðurstöðu. B var því undir miklum áfengisáhrifum þegar slysið varð og taldist óhæfur til að stjórna ökutæki, sbr. 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Með tilliti til þessa, svo og niðurstöðu rannsóknarnefndar samgönguslysa, verður að telja hið mikla magn áfengis í blóði B meginástæðu þess að hann missti stjórn á A með þeim afleiðingum að hún skall framan á tönn snjóruðningstækis sem kom úr gagnstæðri átt. Verður þetta virt B til stórkostlegs gáleysis. Þegar metið er hver áhrif þess eigi að vera á ábyrgð V verður enn fremur að horfa til þess að aðstæður voru slæmar á vettvangi vegna vinds, snjókomu og háلكu á veginum, auk þess sem snjóruðningstönn telst hættuleg gagnvart ákomum á hlið fólksbifreiðar. Við slysið missti M, sem þá var tæplega tíu ára gamall, föður sinn. Að öllu virtu verður að telja rétt að bætur úr slysatryggingunni skerðist um helming, sem leiðir til þess að M eigi rétt á bótum fyrir missi framfæranda að helmingi úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum fyrir missi framfæranda að helmingi úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, hjá V.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 80/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns sem grunnskólakennari
varð fyrir af völdum nemanda.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21. mars 2017, er M var starfandi grunnskólakennari í Barnaskólanum á X og A sem er í eigu og er rekinn af sveitarfélaginu B, varð hún fyrir líkamsmeiðslum af völdum D í skólanum. M gaf sama dag skýrslu hjá lögreglu um atvikið. Þar lýsir M atvikum svo að hún M hafi verið í matsal nemenda í A og hafi hún séð D hlaupa á eftir öðrum strák um matsalinn, en samkvæmt reglum skólans sé ekki leyfilegt að hlaupa í matsalnum. Hafi M gripið í handlegg D til að fá hann til að láta af hlaupunum. Hafi D brugðist við með því að kýla M með krepptum hnefa í vinstri kjálka. Hafi M þá gripið um miðbúk D til að koma í veg fyrir meira ofbeldi. Hafi hún haldið D með bak hans við bringu sína, en D hafi barist um, klipið, sparkað, kýlt og klórað og mikið æði hafi runnið á hann. Hafi hún sagt við D að þau færu út og hafi M fært D út úr matsalnum. Er M var að koma með D úr matsalnum hafi þau komið að tröppum sem liggja upp á hæðina fyrir ofan. Þar hafi hún misst það vald sem hún hafði á D og misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig í tröppurnar og fengið D ofan á sig, en við fallið hafi hún ekki sleppt takinu á D. Hafi hún legið í tröppunum og beðið aðstoðar annarra starfsmanna meðan D hafi barist um og m.a. náð að skella hnakka sínum í andlit M. Við það högg hafi hún vankast, en er það gerðist hafi tveir samstarfsmenn komið og fært D yfir í öruggt umhverfi.

Í skýrslu samstarfskennara M vegna atviksins, dags. 15. október 2020, segir að þegar D hafi byrjað í skólanum hafi aukakennari verið ráðinn til að fylgja honum eftir. Það hafi gefið augaleið að D hafi átt við mikinn vanda að etja vegna þess að hann gat ekki verið í bekk með sínum bekkjarfélögum og það hafi þurft sérúrræði. D hafi hlaupið um skólann stjórnlaus og ekki farið eftir fyrirmælum og látið ekkert stöðva sig. Yngri nemendur hafi verið hræddir við D og reynt að forðast að mæta honum. Einn dag hafi hann verið með vasahníf í skólanum og reynt að stinga kennara sinn. Þegar fyrrgreint atvik hafi orðið hafi fylgdar- eða gæslumaður D ekki verið að fylgjast með og ekki brugðist við, „kom ekki nálægt þessu.“

Í skýrslu þroskaþjálfara, dags. 15. október 2020, sem starfaði við A, segir að í upphafi hafi D verið með sér kennara og ekki inni í bekk. Hann hafi ekki verið inni í málefnum D og viti ekki hvað fólst nákvæmlega í þeirri vinnu sem þar fór fram, en leitað hafi verið til Brúarskóla með ráðgjöf varðandi D. Kvaðst þroskaþjálfinn hafa orðið þess var að D hafi þurft á sérstökum úrræðum að halda, ramma, og var með manninn með sér í skólanum. Þá kvaðst þroskaþjálfinn hafa orðið vitni að því snemma haustið 2016 að D hafi dregið upp vasahníf og reynt að stinga kennara í lærið eftir að D hafði ráðist á kennara og kennarinn reynt að róa D.

Eftir atvikið í mars 2017 mun hafa verið útbúin sérstök öryggisáætlun um það hvernig bregðast skuli við þegar upp koma aðstæður sem D ræður illa eða ekki við.

Vegna þeirra meiðsla sem M hlaut við atvikið hefur hún verið metin til 10% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Hún kveður D eiga við fjölþættan vanda að etja, hann hafi ítrekað beitt starfsfólk ofbeldi og því þurft á sérstöku eftirliti að halda. Sá kennari sem átti að hafa sérstakt eftirlit með D hafi ekki sinnt því starfi þegar hann réðist á M. Hann hafi snúið baki í D og setið á spjalli við samstarfsmenn sem hafi valdið því að hann hafi verið síðastur á vettvang. Slysið megi því fyrst og fremst rekja til gáleysis kennarans sem hafi vanrækt eftirlitshlutverk sitt. Sérstakur starfsmaður hafi verið ráðinn til eftirlits með D en verklag varðandi þann þátt hafi verið ábótavant og öryggisáætlun hafi ekki verið útbúin fyrr en eftir slysið. Til stuðnings kröfu sinni hefur M vísað til ákvæða 5., 7. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, 12., 14., 37., 42. og 79.-81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og c-liðar 2. gr. I. kafla og 3. gr. II. kafla reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður V að sérþarfir D í skólanum hafi lotið að því að hann hafi átt við náms- og hegðunarörðugleika að stríða og þess vegna verið í sérkennslu. Hins vegar hafi hann ekki sýnt af sér ofbeldisfulla hegðun í skólanum og engin slík atvik hafi verið skráð í kerfi skólans þar um. Þá sé ekki rétt að D hafi ógnað með hnífi. Rétt sé að hann hafi verið með hníf í vasanum sem hafi verið tekinn af honum, en hann hafi ekki ógnað neinum með hnífnum. Kennari sem hafði verið með D í tíma hafði lokið sinni

kennslu og fylgt D til mötuneytis. Þegar atvikið varð hafði kennarinn lokið sinni kennslu og umsjón með nemendum hafi þá verið í höndum kennara og stuðningsfulltrúa. Enn fremur hafi ekki verið ástæða til að útbúa sérstaka öryggisáætlun vegna D fyrir en eftir umrætt atvik þar sem engin tilvik hafi áður verið skráð sem gáfu tilefni til slíks.

Álit.

Í máli þessu liggja engin skýr gögn fyrir um andlegt og líkamlegt heilbrigði D að öðru leyti en því að hann hafi þurft á sérkennslu að halda í A vegna náms- og hegðunarörðugleika án þess þó að um ofbeldishneigð hafi verið að ræða. Af hálfu V er því mótmælt að fyrir atvikið 21. mars 2017 hafi D sýnt af sér ofbeldisfulla hegðun þannig að tilefni hafi verið til að grípa til sérstakra ráðstafana, svo sem með gerð öryggisáætlunar, m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að hann myndi skaða sjálfan sig, aðra nemendur eða starfsfólk skólans. Gegn þessum mótmælum verður ekki talið nægilega sannað samkvæmt skýrslum samstarfsfólks M, samstarfskennara og þroskaþjálfara, að fyrir atvikið hafi D sýnt af sér slíka háttsemi að ástæða hafi verið fyrir stjórnendur skólans að grípa til öryggisráðstafana til að afstýra því að hann gæti ráðist á annað fólk innan skólans líkt og raunin varð í tilvik M. Þá liggja heldur engin gögn fyrir í málinu sem sýna fram á að skólastjórnendur hafi vitað eða mátt vita að hætta væri á að D beitti ofbeldi sem kallaði á að gerðar yrðu ráðstafanir vegna dvalar hans í skólanum. Að þessu athuguðu verður það ekki virt stjórnendum A til sakar að hafa ekki gert sérstakar ráðstafanir vegna D líkt og hér að framan greinir. Í ljósi þessa verður heldur ekki talið að sá starfsmaður A sem var D til fulltingis í náminu hafi átt að sinna sérstöku eftirliti með D á þeirri stundu er hann réðist á M í mötuneyti skólans. Verður því ekki talið að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi þessa starfsmanns.

Atvikið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins í samræmi við reglur 79. gr. laga nr. 46/1980. M gaf á hinn bóginn greinargóða skýrslu hjá lögreglu sama dag og slysið varð þar sem upplýst er um tildrög þess að D réðist á M og hvernig hún varð fyrir meiðslum af völdum D. Ekki verður séð að ágreiningur sé með aðilum um þá atvikalýsingu. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins að öðru leyti en að upplýst hafi verið um öll þau atriði sem hefðu fengist upplýst með vettvangsrannsókn af hálfu Vinnueftirlitsins strax í kjölfar atviksins. Er því ekki unnt að líta svo á að í málinu liggji fyrir umdeild atvik sem A verði að bera hallann af að ekki hafi verð upplýst.

Að öllu framangreindu virtu telst ósannað að M hafi umrætt sinn orðið fyrir líkamstjóni af völdum saknæmrar háttsemi starfsmanna A eða annarra atvika sem A getur borið skaðabótaábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B, eiganda og rekstraraðila A, hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B, hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 81/2021

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar ökutækjatrýggingar A
og
V2 vegna ábyrgðartryggingar B

Áræktur á bifreiðastæði Kringlunnar 1. febrúar 2021.**Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur V1 til nefndarinnar, dags. 26. mars 2021.
3. Bréf V2 til nefndarinnar, dags. 17. mars 2021.

Málsatvik.

Í málinu liggja fyrir tvær tjonstilkynningar, annars vegar frá áræktur.is og hins vegar tjonstilkynning sem ökumenn sjálfir fylla út skriflega. Í skýrslu frá áræktur.is er atvikum lýst þannig að ökumaður bifreiðar B hafi verið að koma sér fyrir í stöðureit á bifreiðastæði Kringlunnar þegar bifreið A var ekið um bifreiðastæðið. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa bakkað í stöðureit og síðan ekið aðeins áfram til að rétta bifreið síá af, síðan stoppað til að setja í bakkgríp og þá hafi bifreið A verið ekið á bifreið B. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið hægt við stöðureiti að leita að bílastæði þegar bifreið B hafi verið ekið út úr stöðureit á bifreið A. Í þeirri skýrslu er einnig getið framburðar vitnis, sem kveðst ekki þekkja ökumenn bifreiða A eða B, og það vitni segist hafa séð ökumann bifreiðar B bakka í stöðureit áður en hún hafi ekið áfram, stoppað, og ætlað síðan að bakka aftur inn í bílastæði þegar bifreið A var ekið á bifreið B kyrrstæða. Í skriflegri tjonstilkynningu ökumanna má til viðbótar sjá ökumann bifreiðar B skrifa á framhlið hennar, sem báðir ökumenn undirrita: „Ég var að leggja bílnum og rétta hann af og þá keyrðum við á hvor aðra.“

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi breytt framburði sínum frá því að tjonstilkynning var undirrituð og það sé ekki rétt að bifreið B hafi verið kyrrstæð. Einnig telur M að vitnisburður vitnis sé ekki réttur um að bifreið B hafi verið kyrrstæð.

V1 telur að leggja eigi sameiginlega tjonstilkynningu ökumanna til grundvallar um að báðar bifreiðar hafi verið á ferð þegar áræktur varð, en ekki breyttan framburð ökumanns bifreiðar B um hún hafi verið kyrrstæð í skýrslu frá áræktur.is. V1 telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B fyrir að hafa ekið frá bifreiðastæði, sbr. 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V2 telur að leggja eigi framburð ökumanns bifreiðar B og vitnis til grundvallar um að bifreið A hafi verið ekið á bifreið B kyrrstæða og eigi ökumaður bifreiðar A því að bera alla ábyrgð á árækturinum.

Álit.

Í gögnum málsins má sjá að ökumaður bifreiðar B segir í sameiginlegri undirritaðri tjonstilkynningu ökumanna að ökumenn hafi „...ekið hvor á aðra.“, en í skýrslu frá áræktur.is að bifreið hennar hafi verið kyrrstæð þegar áræktur varð og það fær stoð í framburði vitnis í þeirri skýrslu. Það er einnig ljóst af gögnum málsins að ökumaður bifreiðar B ók út úr stöðureit bifreiðastæðis rétt áður en árækturinn varð og bar að gæta við það fyllstu varúðar skv. fyrirmælum 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þegar einnig litið er til almennrar tillitsreglu í 4. gr. sömu umferðarlaga nr. 77/2019 verður að ætla að báðum ökumönnum hafi borið að sýna sérstaka aðgát við akstur við aðstæður sem eru í stóru bílastæðahúsi þar sem verður að taka tillit til þeirra sem eru að leita að bifreiðastæði sem og þeirra sem eru að leggja í slík. Þegar gögn málsins eru metin í heild verður ekki lagt til grundvallar að ökumaður bifreiðar B hafi stöðvað bifreið sína það löngu fyrir áræktur að hún hafi verið búin að gæta nægrar varúðar við aksturinn. Að sama skapi verður að telja að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi átt að sýna tillitsemi við aksturinn um bifreiðastæði, þar sem ökumenn sem koma úr stöðureitum hafa oft takmarkað útsýni, sem og verður að gefa þeim tækifæri til að leggja bifreiðum sínum þannig að ekki skapi óþægindi fyrir aðra umferð. Þegar þessi sjónarmið eru vegin saman teljast hvorug ökumanna hafa gætt nægilega að annarri umferð um bifreiðastæði þegar áræktur varð. Ekki eru efni til að skipta sök öðruvísi en til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 82/2021

M og
V v/ skipatryggingar A**Ágreiningur um eignarhald á skipsflaki og afstöðu til frekari bótaréttar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 02.03.2021, ásamt fylgiskjölum 1-15.
2. Bréf V1, dags. 15.04.2021.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21.04.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi rannsóknarskýrslu lögreglu sökk skipið X, sem var í eigu A, hinn 25. október 2020, í Stöðvarfirði. X var aftur komið á flot, og bundið við bryggju. Eftir nánari skoðun var skipið metið ónýtt og fyrirséð er að nokkur kostnaður muni hljóttast af förgun flaksins.

Í málskoti er fyrir hönd M rakið að kröfur þess séu aðallega sú að V teljist vera eigandi X, eða sé skylt að taka við eignarhaldi þess, með öllum þeim réttindum og skyldum sem því séu samfara en til vara sú að V sé greiðsluskylt gagnvart M vegna þess kostnaðar sem leiði af förgun flaksins, þ.á.m. hafnargjöldum, kostnaðar vegna eftirlits, flutnings og förgunar. V hafi ráðist í björgunaraðgerðir, og flaki X hafi verið komið fyrir við bryggju í stað þess að fjarlægja það. Þá hafi V greitt M bætur sem nemi vátryggingarfjárhæð skipsins. Það hafi hins vegar komið M á óvart að V teldi M enn vera eiganda X, og fari það gegn skilmálum vátryggingarinnar, þar sem segi í gr. 22.1 að V öðlist rétt vátryggðs til þess sem enn kunni að vera til af munum sem það hafi bætt. Ákvæðið sé skýrt og leiði til þess að V öðlist sjálfkrafa rétt til flaksins eftir að bótagreiðsla hafi farið fram. Það hvort slíkur eignaréttur stofnist geti ekki farið eftir hentugleika hverju sinni, þannig að ákvæðið virkist aðeins í sumum tilvikum. Það að V geti einhliða og í andstöðu við vilja M ákveðið að M sé eftir sem áður eigandi flaksins og þurfi að bera kostnað vegna þess valdi M enda verulegu fjártjóni og leiði til þess að það fái tjón sitt ekki að fullu bætt. Þá sé um staðlaða samningskilmála, sem V hafi samið einhliða, að ræða, og sé vafi á túlkun þessa ákvæðis beri að skýra það vátryggðum í hag. Verði ekki fallist á framangreinda aðalkröfu er þess til vara krafist að V bæti M það tjón sem kostnaður af förgun flaksins hafi í för með sér. Skilmálar vátryggingarinnar beri enda með sér að hún bæti allt tjón, þar með talinn kostnað, sem verði af því að skip farist, og er sérstaklega vísað til gr. 6.1., 6.7, og 6.8 í því samhengi. M hafi ekki haft neina ástæða til að ætla annað en að ef altjón yrði fengi það vátryggingarverðmæti X greitt og sæti ekki uppi með frekari kostnað tengdan flakinu. Hefðu skilmálar borið það með sér að sú væri ekki raunin hefði M enda tryggt X fyrir hærri fjárhæð. Sú fjárhæð sem hafi verið valin hafi tekið mið af því að M gæti, kæmi til altjóns, keypt sér sambærilegt skip. Eigi M að sitja uppi með þennan viðbótarkostnað leiði það hins vegar til þess að M verði að kaupa ódýrara skip. Við það að X sökk hafi það sjálfkrafa orðið að flaki sem ekki hafi fjárhagslegt gildi fyrir M, enda kosti 5 -7 milljónir króna að fara með skipið í brotajárn. Þegar svo var komið hafi M mátt ætla að það væri laust allra mála hvað flakið varðaði en fengi bætur sem næmu verði sambærilegs skips. Þá hafi V þegar greitt allan kostnað við að lyfta flakinu og vegna hreinsunar á olíu úr X úr höfninni. Með hliðsjón af framansögðu beri því að fallast á að V sé eigandi flaksins eða beri að minnsta kosti að greiða bætur vegna þess kostnaðar sem hljótist af förgun þess.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafi greitt bætur að fjárhæð 51.550.000 kr. vegna algers tjóns og auk þess björgunarlaunakröfu köfunarþjónustu og kröfu hafnarinnar vegna björgunarkostnaðar. V telur sig hvorki eiganda X né beri því að greiða bætur vegna förgunar þess. Því er hafnað að greiðsla fyrir algert tjón leiði til þess að V verði sjálfkrafa eigandi X á grundvelli skilmálagreinar 22.1, en tilgangur húftryggingar sé annars vegar að bæta skipið sjálft, með viðgerð eða greiðslu umsamdrar vátryggingarfjárhæðar, og hins vegar að greiða kostnað við björgun samkvæmt ákvæðum siglingalaga nr. 34/1985. Hún taki hins vegar ekki til annars tjóns eða kostnaðar sem leiði af því að skip verði fyrir algeru tjóni, en hægt sé að kaupa sérstakar tryggingar vegna þess. Orðalag 22. gr. sé skýrt og taki hún aðeins til muna sem kunna að vera til staðar að eftir að bætur hafi verið greiddar, þ.e. verðmæta sem enn sé hægt að bjarga, og leiði ekki skilyrðislaust til þess að eignarhald skips færist til V. Vísar M til Hrd. 37/1975 þessu til stuðnings. Í tilviki X séu engin verðmæti til staðar enda ágreiningslaust að skipið sé ónothæft og verðlaust. Því hafi V ekki öðlast neinn rétt til þess og sé þar af leiðandi ekki eigandi þess. Hvað varði varakröfu M er henni einnig hafnað. Tekið er fram að það hvíli skv. 35. gr. skilmálanna á M að sýna fram á að tjón falli undir húftrygginguna og vafa verði að skýra honum í óhag. Í 6. gr. skilmálanna sé mælt fyrir hvaða tjón henni sé ætlað að bæta og sé ljóst af orðalagi hennar að bótaskylda nái ekki til alls tjóns sem leiði af því að skip skemmist eða farist. Hvergi sé þar mælt fyrir um að V greiði kostnað við að farga skipi sem algert tjón hafi

orðið á. Hins vegar sé mælt fyrir um það, í gr. 17.1, sbr. b-lið gr. 20.1, að verði skip dæmt óbætandi, bæti V fyrir það með greiðslu váttryggingarverðs. Sé ábyrgð félagsins þá takmörkuð við váttryggingarverð skipsins. Annar kostnaður sem V hafi greitt vegna tjónsins, þ.e. björgunarlaun og kostnað vegna ráðstafana til að varna tjóni, falli hins vegar undir skilmálagrein 6.5, og hafi því ekkert með úrlausn þessa ágreinings að gera. Er frekari bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdom sem settar eru fram fyrir hönd M eru fyrri kröfur áréttáðar. Þá er tilvísun V til Hrd. 37/1975 sérstaklega mótmælt enda hafi ágreiningur aðila í því máli verið annars eðlis og ekki varðað þau atriði sem hér sé deilt um. Þá er því mótmælt að kostnaður sá sem V hafi þegar greitt teljist björgunarkostnaður í skilningi siglingalaga, ekki hafi verið um að ræða björgun skipsins heldur aðeins afleiðingu af því tjóni sem þegar var orðið. Þá hafi aðgerðir V sem lutu að því að ná flakinu upp og koma því í umráð M gengið gegn hagsmunum M, og geti því ekki fallið undir 38. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, enda sé í ákvæðinu fjallað um ráðstafanir sem hafa það að markmiði að forðast tjón sem fellur undir váttrygginguna. Þá telur M réttara að fella greiðslu á grundvelli altjóns undir 20.1.a en ekki 20.1 b eins og V geri.

Álit:

Aðalkrafa M lýtur að eignarrétti á X, og varðar túlkun á 22.1 gr. umræddra váttryggingarskilmála en hún er svohljóðandi: *Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir tjón öðlast það rétt váttryggðs til þess sem enn kann að vera til af munum er það hefur bætt, ásamt tiltækum skjölum og sönnunargögnum varðandi hið váttryggða.* Verður ekki fallist á að ákvæði þetta feli í sér að eignarhald flytjist skilyrðislaust til V í kjölfar bótagreiðslu, heldur verður að túlka ákvæðið sem svo að um sé að ræða yfirfærslu réttar til þeirra muna sem enn kunna að hafa eitthvað verðgildi. Þá verður ákvæðið ekki talið svo óljóst að almenn orðskýringartúlkun sé ótæk. Ekki virðist ágreiningur um það með aðilum að X sé ónothæft og verðlaust og verður því samkvæmt framansögðu ekki fallist á að rétt sé að líta á V sem eiganda flaks þess. Er aðalkröfu M, um að V sé skylt að taka við eignarhaldi X, þar af leiðandi hafnað.

Kemur þá varakrafa M, um að V sé skylt að greiða bætur vegna þess kostnaðar sem leiðir af vörslum og förgun flaksins, til skoðunar. Samkvæmt fyrirliggjandi váttryggingarskírteini var umsamin váttryggingarfjárhæð 51.550.000 kr. og óumdeilt er að V hefur greitt M þá fjárhæð. Í 17. tölulið 2. gr. laga um váttryggingarsamninga er váttryggingarfjárhæð skilgreind með þeim hætti að um sé að ræða þá fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarsamningi og hagsmunir eru að hámarki váttryggðir fyrir. Hins vegar geta ákveðin atvik leitt til þess að váttryggingafélagi beri að greiða hærri bætur en sem nemur umsamdri váttryggingarfjárhæð. Hér kemur helst til skoðunar hvort í skilmálum umræddrar váttryggingar sé kveðið á um bætur vegna þess kostnaðar sem deilt er um. Í 6. gr. umræddra skilmála er að finna upptalningu á því sem V bæti komi til tjóns. Þar kemur, í gr. 6.1, fram að félagið bæti algert tjón í nánar tilgreindum tilvikum sem nánar eru útlustuð í gr. 20.1, en fallist er á það með M að rétt sé að heimfæra tjónið undir gr. 20.1.a, um að bætur séu greiddar fyrir algert tjón ef skip ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það. Í skilmálaákvæðum 6.7 og 6.8 kemur fram að félagið bæti einnig kostnað sem óhjákvæmilega fylgi tjónsviðgerð, og kostnað vegna förgunar muna vegna bótaskyldrar viðgerðar, en M vísar m.a. til þessara ákvæða máli sínu til stuðnings. Ber þá að líta til þess að í ákvæðum þessum er tilgreindur kostnaður sem er samfara bótaskyldri viðgerð, en óumdeilt er að engin slík viðgerð fór fram í tilfalli X. Verður því ekki litið svo á að umræddar skilmálagreinar nái einnig til þess kostnaðar sem hlýst að vörslum og förgun skips sem altjón hefur orðið á og bætur verið greiddar til samræmis við það. Verður því jafnframt að hafna varakröfu M.

Niðurstaða.

M, á ekki frekari rétt til bóta úr skipatryggingu A hjá M vegna tjóns á X.

Reykjavík 4. maí 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 83/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um hvort varanlegt líkamstjón hafi hlotist af völdum umferðaróhapps.****Gögn.**

Málskot móttakið 3. mars 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 17. mars 2021 ásamt tjonstilkynningu vegna umferðaróhapps, ljósmyndum af ökutækjum og PC-Crash skýrslu dags. 27. júlí 2020.

Athugasemdir lögmans M dags. 23. apríl 2021.

Málsatvik.

Í tjonstilkynningu vegna umferðaróhapps, sem liggur fyrir í gögnum málsins, kemur fram að bifreið sem M var farþegi í hafi verið stopp við umferðarljós þegar bifreiðinni X var ekið aftan á hana. Tilgreind eru meiðsli á öikumanni þeirrar bifreiðar sem M var farþegi í á þar til gerðu svæði á tjonstilkynningunni en ekki getið um meiðsli M. Með gögnum málsins eru einnig ljósmyndir af bifreiðunum sem og svokölluð PC Crash skýrsla sem V hefur lagt fram þar sem kemur fram að höggkraftur árekstursins er metinn 1,01 g. Einnig liggja fyrir læknisvottorð dags. 1. febrúar 2021.

M telur sýnt að hann hafi hlotið líkamstjón í umræddum árekstri og vísar um það til læknisvottorðs sem liggur fyrir í málinu þar sem M sé greindur með hálsþnykk og tognun og ofreynslu á brjóstþrygg. Einnig vísar M til þess að vegna einhverfu og þroskahömlunar hans geti verið erfitt að meta einkenni og kvartanir sem geti leitt til þess að greining fari ekki strax fram á meiðslum M. Einnig er vísað til ítarlegra gagna um einhverfu og þroskahömlun M sem liggja fyrir í gögnum málsins. M telur PC Crash skýrslu V ekki tækt sönnunargagn og bendir á að niðurstaða skýrslunnar taki mið af þeim forsendum sem V láti setja inn í útreikning og þar sem auðvelt sé að breyta þeim forsendum verði ekki við skýrsluna miðað. M vísar einnig til þess að V hafi samþykkt bótaskyldu vegna líkamstjóns í máli öikumans sömu bifreiðar og M var farþegi í. Þar að auki vísar M til þess að ekki sé sýnt að hann hafi orðið fyrir öðru líkamstjóni sem geti skýrt óþægindi hans nú.

V hefur hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns og telur sýnt af ljósmyndum af bifreiðum eftir umferðaróhapp að mjög líkið högg hafi komið af árekstrinum. Einnig vísar V til höggkraftsútreiknings í PC Crash skýrslu þar sem komi fram að bifreiðinni X hafi verið ekið á bifreið þá sem M var farþegi í á hraðanum 19 km/klst. V vísar til þess að það hafi liðið fimm mánuðir frá umferðaróhappinu 4. maí 2020 þar til minnst hafi verið á stoðkerfisverki í sjúkraskrá M og þó tekið sé tillit til aldurs M og þeirra sjúkdóma sem hann glímir við verði ekki af læknisfræðilegum eða öðrum gögnum hægt að slá því föstu að hann hafi slasast í umferðaróhappinu. Ekki liggja heldur fyrir matsgerð eða önnur gögn sem sýni með óyggjandi hætti orsakatengsl milli umferðaróhappsins og þeirra verkja sem M kvarti undan í dag.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Auk sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns eru bótaþættir samkvæmt lögum tímabundið atvinnutjón (2. gr.), þjáningar (3. gr.), varanlegur miski (4. gr.) og varanleg örorka (5-9. gr.).

Fyrirgreindur PC Crash útreikningur sem var aflað af hálfu V er einhliða og hefur af þeim sökum takmarkað sönnunargildi við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum árekstursins. Útreikningarnir verða því ekki lagðir til grundvallar við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Af fyrirbyggjandi gögnum er ekki útilokað að M kunni að hafa orðið fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn 4. maí 2020 sem gætu veitt honum rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu. Þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu veita hins vegar mjög takmarkaðar upplýsingar um það líkamstjón sem M býr við og varpa ekki fyllilega ljósi á hvort þau megi rekja til umferðaróhappsins. Almennar upplýsingar um aðra sjúkdóma eða greiningar M sýna ekki með nægilega skýrum hætti að hvaða leyti hægt er að álykta um hvort þeir verkir sem getið er um í

sjúkraskrá M fimm mánuðum eftir umferðaróhappið sé hægt að rekja til umferðaróhappsins eða einhvers annars.

Þannig liggur ekki fyrir nein álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón hans af völdum þessa tiltekna umferðaróhapps eða getu M til að tjá sig um einkenni. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins þann 4. maí 2020.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 84/2021**M og
V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna andláts.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 04.03.2021 ásamt fylgiskjölum 1-16.
2. Bréf V, dags. 22.03.2021, ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20.04.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að eiginmaður M, X, hafi látist hinn 30. ágúst 2020, og gerir M kröfu um greiðslu dánarbóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar vegna þess þar sem andlát X sé að rekja til slyss sem hann hafi orðið fyrir hinn 11. ágúst 2020. Þann dag hafi X slasast á fæti og verið greindur með sinaslit við vinstra hné er hann leitaði á slysadeild daginn eftir. Hinn 13. ágúst hafi X gengist undir aðgerð vegna þess. Sökum mikilla verkja og óþæginda hafi X aftur leitað á slysadeild hinn 19. ágúst, og fékk hann þá nýja spelku, en skráningar í sjúkraskrá bendi ekki til þess að læknar hafi talið tilefni til frekari rannsókna. Hinn 27. ágúst hafi X mætt í gipstöku og endurmat og þá kvartað undan háum blóðþrýstingi og hjartsláttartruflunum en ekki hafi verið brugðist frekar við þeim umkvörtunum. Hinn 30. ágúst 2020, eftir að hafa kvartað undan hjartsláttartruflunum, hafi X látist á heimili sínu. Við krufningu hafi komið í ljós að dánarorsök hans var blóðsegarek til lungna sem olli algerri lokun á blóðflæði í lungnablóðrás. Sé því andlát X að rekja til þess áverka sem hann varð fyrir við umrætt slys, enda séu helstu orsakir fyrir segamyndun í æðum beinbrot, skurðaðgerðir og aðrir áverkar. Þá sé ljóst að andlát X hefði ekki borið að með þessum hætti hefði slysið ekki átt sér stað. M rökstyður kröfu sína nánar með því að andlát X, sem sé vátryggður samkvæmt skilmálum fjölskyldutryggingar, sé að rekja til frítímaslyss. X hafi fallið fram fyrir sig og orðið fyrir áverka á vinstri fæti sem leitt hafi til blóðtappamyndunar. Uppfylli atvikið skilyrði slyshugtaksins samkvæmt skilmálum V og sé slysið bein og eina orsök þess að X hafi látist. Breyti engu um það þótt hægt hefði verið að grípa frekar inn í með eftirfarandi meðferð. Vísar M og til dóms Hæstaréttar í máli 23/2019 til stuðnings kröfum sínum.

Í bréfi V er í fyrsta lagi tekið fram að enginn ágreiningur hafi verið kominn upp milli aðila er málskot þetta var lagt fyrir nefndina. Þannig hafi V, í kjölfar tjonstilkynningar og viðtöku gagna, sent lögmanni M fyrirspurn hinn 18. janúar 2021 en engin svör hafi borist við henni og séu engin frekari samskipti skráð við lögmanninn. Að virtum gögnum málsins sé það þó afstaða félagsins að réttur til dánarbóta sé ekki fyrir hendi. Í 18. gr. skilmála umræddrar vátryggingar sé það gert að skilyrði fyrir greiðslu dánarbóta úr frítímaslysatryggingu að slysið sé bein og eina orsök þess að vátryggður deyr. Ýmsir áhættuþættur séu til staðar vegna blóðtappamyndunar og þekkt að blóðtappi geti komið til í kjölfar skurðaðgerðar en einnig geti blóðtappi myndast án tengsla við slys eða lækningameðferð. Í tilviki X hafi hann þá bæði verið í yfirþyngd og með þekktan undirliggjandi bláæðaseglu-sjúkdóm. Í bréfi lögmanns M, dags. 11. janúar 2021, sem byggir á óundirrituðu læknisáliti, komi fram að vegna sögu M hefði átt að setja hann á blóðþynningu í lengri tíma en gert var vegna fyrri sögu hans. Virðist af þessu mega ráða að lögmaður M telji sjálfur að andlát X verði rakið til læknamistaka. Að öllum líkindum verði blóðtappamyndun rakin til aðgerðar þeirrar sem X gekkst undir svo og undirliggjandi áhættuþátta. Andlát hans verði því rakið til sjúkdóms eða fylgikvilla læknismeðferðar en ekki slyssins sem slíks. Þá hafi dómur Hæstaréttar í máli 23/2019 ekki fordæmisgildi, en ekki hafi reynt á þetta tiltekna skilmálaákvæði fyrir dómstólum.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að ekkert liggi fyrir um tengsl aðgerðar þeirrar sem X gekkst undir og andláts hans. Vissulega hafi dánarorsök í tjonstilkynningu verið sögð „blóðtappi út frá aðgerð“ en á þeim tíma hafi M ekki haft krufningarskýrslu undir höndum. Sé ljóst af henni að orsök andláts X hafi verið blóðsegi sem myndast hafi í vinstra hné hans vegna áverka sem hann varð fyrir við slysið, og runnuð þaðan til lungnanna. V hafi enda ekki lagt fram nein gögn er sýni framá annað. Þá telur M að málatilbúnaður V sé í mótsögn við orðalag 18. gr. viðeigandi skilmála, sem V túlki með of þröngum hætti, en leiki vafi á um túlkun þess beri að túlka slíkan vafa M í hag. Er og vísað til d-liðar 19. gr. skilmálanna en þar komi m.a. fram að vátryggingin bæti ekki slys sem verði vegna læknismeðferðar eða skurðaðgerðar, nema um slík meðferð sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss. Hafi umrædd aðgerð orsakað andlát X sé dauðfall hans því bótaskyld á grundvelli þess ákvæðis. Beri því að fallast á kröfu M um greiðslu dánarbóta.

Álit.

Ágreiningslaust er með aðilum að X hafi, sem maki M, verið vátryggður samkvæmt skilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V, sem meðal annars hefur að geyma slysatryggingu vegna frítímaslysa. Þá er heldur ekki ágreiningur með aðilum um að atvik það sem leiddi til meiðsla X er hann var í veiðiferð hafi verið slys í skilningi slyshugtaks vátryggingaréttar, eins og það er sett fram í 13. gr. umræddra skilmála. Samkvæmt sömu grein skilmálanna greiðir félagið bætur leiði slys til dauða vátryggðs. Í 18. gr. skilmálanna kemur þá fram að dánarbætur greiðist því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að vátryggður deyr. Þá segir m.a. í 20. gr. skilmálanna að ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðist ekki dánarbætur. Samkvæmt fyrirliggjandi krufningarskýrslu vegna krufningar sem framkvæmd var 2. september 2020, var dánarorsök X blóðsegarek til lungnanna. Þá kemur jafnframt fram í skýrslunni að sjúklegar breytingar séu segamyndun í djúpum bláæðum ganglima með kjölfarandi umfangsmiklu blóðsegareki til lungnablóðrásarinnar og algerrí lokun á blóðflæði þar um. Virðist af þessu mega draga þá ályktun að blóðtappi eða -tappar hafi myndast í vinstra fæti X og þaðan borist í lungu hans. Í krufningarskýrslunni kemur þó ekki fram hver orsök þessa hafi verið. Samkvæmt ódagsettu og óundirrituðu læknisfræðilegu mati, sem fylgdi gögnum frá V til nefndarinnar en virðist upphaflega hafa verið sent V af hálfu M er varpað fram þeirri spurningu hvort læknað hefðu átt að mæla D-Dimer og/eða gera ómskoðun á eymslasvæðinu í vinstra læri og einnig er það mat þess sem ritar að X hefði átt að vera á blóðþynnandi lyfjum lengur en í tíu daga vegna fyrri sögu og að svo virðist sem viðkomandi skurðlækni hafi ekki verið kunnugt um blóðtappa sem X fékk árið 2008. Óundirrituð og ódagsett gögn sem ekki er að fullu ljóst hvaðan stafa hafi eðli máls samkvæmt skert sönnunargildi. Hins vegar verður að líta til þess að í bréfi lögmans M til V, dags. 11. janúar 2021, er jafnframt byggt á þessu mati en þar segir að samkvæmt krufningarskýrslu sé andlát X vegna þess að hann hafi ekki fengið rétta læknisþjónustu. Verður þá jafnframt að miða við að þegar það bréf var ritað hafi lögmenn M haft krufningarskýrslu undir höndum. Samkvæmt framansögðu, og án frekari gagna, er ekki nægilega sýnt fram á hvort blóðtappamyndun í fótlegg X sé beinlínis að rekja til umrædds áverka og afleiðinga hans, undirliggjandi áhættuþátta hjá honum sjálfum eða lækni meðferðar, en sönnunarbyrði fyrir því að slysið sé bein og eina orsök andláts X hvílir á M. Kemur þá d-liður 19. gr. skilmálanna til skoðunar, en þar kemur m.a. fram að vátryggingin bæti ekki slys sem verði vegna lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema slíkt sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss. Ágreiningslaust er að skurðaðgerð sú sem X gekkst undir og eftirfarandi meðferð vegna hennar var framkvæmd vegna bótaskylds slyss. Þar sem ekki liggur samkvæmt framansögðu nægilega skýrt fyrir hvað olli blóðtappamyndun hjá X hefur þó ekki verið sýnt fram á að um hafi verið að ræða slys við slíka meðferð og hefur M því ekki sýnt fram á bótarétt á grundvelli þessa ákvæðis. Á grundvelli alls framanritaðs er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á dánarbótum vegna andláts X, úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 11. maí 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 86/2021**M og
V v/ kaskótryggingar ökutækis.****Tjón á útvarpsskjá í ökutæki 14. febrúar 2021.****Gögn.**

1. Málskot móttækið 2. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 18. mars 2021, ásamt tjónstilkynningu, myndum af tjóni og afstöðu félagsins með bréfi dags. 17. febrúar 2021.
3. Tölvupóstur M dags. 25. mars 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón varð á ökutæki M þegar 18 mánaða sonur hans henti síma í útvarpsskjá þess hinn 14. febrúar 2021.

M telur tjónið falla innan gildissviðs kaskótryggingar og vitnar til gr. 3.1. í váttryggingarskilmálum þar sem kemur fram að félagið bæti skemmdir á ökutækinu sjálfu eða eðlilegum aukahlutum. Einnig bendir M á að ekki sé hægt að skipta eingöngu um gler í útvarpsskjánum heldur þurfi að skipta um hann allan.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að í gr. 3 í váttryggingarskilmálum kaskótryggingar félagsins komi fram tæmandi talning á þeim tjónsorsökum sem falli undir trygginguna og að tjón M falli ekki þar undir þar sem ekki séu allar skemmdir bættar heldur einungis þær sem rekja megi til fyrrnefndra tjónsorsaka. Einnig bendir V á að í gr. 6.1 í skilmálum komi fram að félagið bæti ekki skemmdir er varða gler, annað en rúður. V telur að um sé að ræða tjón á glerskjá og því eigi undanþága einnig við.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning M til V þar sem kemur fram að sonur hans hafi hent síma í útvarpsskjá ökutækis hans með þeim afleiðingum að skjárinn brotnaði. Í gr. 3.1 í váttryggingarskilmálum V kemur fram að félagið bæti skemmdir á hinu váttryggða ökutæki og eðlilegum aukahlutum þess ef það skemmist af völdum þriðja aðila. Sonur M telst vera þriðji aðili í þessu samhengi og telst útvarpsskjár ökutækisins einnig eðlilegur aukahlutur hennar. Tjón á útvarpsskjánum fellur því undir gildissvið kaskótryggingarinnar skv. fyrrnefndri grein. Í gr. 6.1 í sömu skilmálum kemur fram að félagið bæti ekki skemmdir er varða gler, annað en rúður skv. gr. 3.5. Tjón M er skv. gögnum málsins það að (útvarps)skjár brotnaði. Það verður ekki lagt að jöfnu við að einungis gler hafi brotnað og verður sá vafi túlkaður M í hag, sbr. 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. M á því rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr kaskótryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 87/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs við Landmannahelli hinn 24. janúar 2021.****Gögn.**

1. Málskot, móttekið 04.03.2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 07.04.2021 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 15.04.2021, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 24. janúar 2021 varð árekstur milli ökutækja B, sem er í eigu M og X ók umrætt sinn, og A við Landmannahelli. Ökumenn fylltu út sameiginleg tjónstilkynningu þar sem á framhlið er hakað við að A hafi ekið fram úr og B beygt til hægri. Þá lýsir X atvikum svo á bakhlið tjónstilkynningarinnar að hann hafi verið að koma í Landmannahelli eftir botnlangaveginum meðfram húsunum. X hafi verið að stoppa til að taka mynd og þá hafi komið högg á B hægra megin að framan þegar A hafi ekið fram úr þeim megin. Jafnframt kemur fram að A hafi verið of nálægt og að framúrakstur eigi að vera vinstra megin. Lýsing ökumanns A er með þeim hætti að ökutæki B hafi beygt til hægri í veg fyrir ökutæki A sem hafi verið að fara út af bifreiðastæði við húsin, og hafi verið vitni að atvikum.

Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var öll sök lögð á B sem hefði ekki virt almennan umferðarrétt. X fellir sig ekki við það og áréttar í málskoti að A hafi komið á talsverðri ferð, þegar B var í þann mund að stöðvast, mjög þétt upp við og meðfram hægri hlið B. X leggur áherslu á ákvæði umferðarlaga nr. 77/2019, sér í lagi um að ökumaður eigi að halda öruggri fjarlægð frá næstu bifreið á undan og að taka eigi vinstra megin fram úr öðru ökutæki. Áreksturinn hafi þá ekki átt sér stað á bifreiðastæði, enda séu engin bifreiðastæði sem slík á þessu svæði auk þess sem hann hafi fylgt Landmannaleið sem sé í 50-100 metra fjarlægð frá umræddum húsum. Viða séu innkeyrslur frá veginum heim að skálunum en engin sérstök bílastæði nema alveg upp við húsin. Þá hafi X ekki verið að taka af stað eftir að hafa áður stöðvað bifreiðina, enda hafi B ekki beygt í veg fyrir A.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, segir að vitni að árekstrinum beri að B hafi staðnæmst, og síðan verið ekið af stað aftur í hægri beygju í veg fyrir A. Þá skipti ekki máli hvort vettvangur árekstursins hafi verið vegslóði eða bifreiðastæði enda gildi almennur umferðarréttur í báðum tilvikum og beri að veita umferð frá hægri forgang þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerist á vegamótum, opnum svæðum, eða svipuðum stöðum, sbr. 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Beri B því alla sök á umræddum árekstri.

V2, sem var vátryggjandi B tjónsdegi, gerir ekki sérstakrar athugasemdir vegna málsins.

Álit:

Á framhlið tjónstilkynningar sem ökumenn fylltu sameiginlega út er hakað við að A hafi ekið fram úr og B hafi beygt til hægri. Verður að byggja á því skjali sem frumgagni í málinu. Verður því, og einnig með hliðsjón af framburði vitnis, að telja að X hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga með því að gæta ekki að forgangi umferðar sér á hægri hönd, en það ákvæði á við óháð því hvort um bifreiðastæði eða vegslóða hafi verið að ræða, en ágreiningur er um það. Beri X því nokkra sök á umræddum árekstri. Hins vegar verður einnig að líta til þess að samkvæmt lýsingu á framhlið tjónstilkynningar aðila ók A fram úr B. Af teikningu aðila að ráða ók A hægra megin fram úr B í andstöðu við almennar reglur um framúrakstur, en skv. 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga skal aka vinstra megin fram úr ökutæki. Þá verður jafnframt að telja, með hliðsjón af áðurnefndri teikningu, að A hafi ekki gætt fyllilega að því að hafa nægilegt hliðarbil milli bifreiðanna, sbr. 3. mgr. sama ákvæðis. Verður því að telja að hann beri einnig nokkra sök á umræddum árekstri. Af framansögðu, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, verður sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík 27. apríl 2021
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 88/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á bifreiðastæði hinn 30. janúar 2021.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 04.03.2021 áamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 19.03.2021.
3. Bréf V2, dags. 15.03.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hinn 30. janúar 2021 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B, á bifreiðastæði við Hverafold, Reykjavík. Ökumenn fylltu ekki út sameiginleg tjónstilkynningu á vettvangi en sendu hvor um sig tjónstilkynningu til síns váttryggjanda. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd váttryggingafélaganna og var sök skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. Í málskoti og meðfylgjandi gögnum þess lýsir M atvikum sem svo að á tjónsstað hafi verið eitt bifreiðastæði á milli A og B. A hafi verið staðsett aftan við bifreið B og M hafi verið búinn að bakka henni úr stæðinu og verið að leggja af stað áfram þegar hreyfiskynjari A fór af stað. B hafi svo bakkað á A sem hafi verið kyrrstæð. Ákomur bifreiðanna sýni þá að A hafi ekki verið að bakka í aðdraganda áreksturs. Þá sé ekki allt rétt sem B haldi fram í sinni tjónstilkynningu.

Í tjónstilkynningu B sem er meðal gagna málsins kemur fram að hún hafi lagt í bifreiðastæði við hliðina á A. Ökumaður A hafi gengið að bifreiðinni og bakkað í burtu. B hafi verið skökk í stæðinu og hún því þurft að rétta bifreiðina af. Hún hafi litið í alla spegla og ekki séð A og því talið að henni hefði verið ekið burt. Hafi hún því bakkað B en þegar hún hafi verið við það að setja í fyrsta gir og aka aftur inn í stæðið hafi hún fundið högg þar sem A og B hafi rekist saman.

V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að ökumaður B beri alla sök á umræddum árekstri, og styðji staðsetning ákomu á A þá niðurstöðu. Þá hafi B verið fullmeðvituð um ökutæki A áður en hún hóf að bakka úr bifreiðastæðinu, en hafi haldið að A væri farinn. Hafi B því ekki sýnt af sér næga aðgæslu við akstur aftur á bak.

V2, sem var váttryggjandi B tjónsdegi, gerir ekki sérstakrar athugasemdir vegna málsins.

Álit:

Ökumenn fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Þrátt fyrir að ráða megi af frásögn beggja ökumanna að bifreiðar þeirra hafi í raun verið kyrrstæðar er árekstur varð er þó ljóst að báðum bifreiðum var ekið aftur á bak í aðdraganda hans. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Miðað við gögn málsins er ekki sýnt fram á annað en að hvorugur ökumanna hafi gætt að þessari varúðarskyldu, og ekki verður annað ráðið með vissu af staðsetningu tjóns á bifreiðunum eða fyrirliggjandi ljósmyndum. Verður því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík 20. apríl 2021
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 89/2021

**M og
V v/ vatnstjónstryggingarliðs fasteignatryggingar.**

Ágreiningur um umfang tjóns af völdum vatnsleka.**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 5.3.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 19.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 11. desember 2020 varð tjón af völdum vatnsleka í íbúð M, einkum baðherbergi. V hefur fallist á greiðslu bóta vegna tjónsins úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingar sem M hefur í gildi hjá V. Hefur V metið tjónið að fjárhæð 728.102 krónur þegar dregin hefur verið frá eigin áhætta vátryggðs og virðisaukaskattur af vinnuliðum vegna viðgerðar á skemmdum í íbúðinni. M kveður tjónið ekki vera að fullu bætt með því tjónsmati sem V hefur gert. Eftir standi að bæta tjón vegna fataskáps að fjárhæð 338.736 krónur, sturtuklefa að fjárhæð 209.912 krónur og baðinnréttingar að fjárhæð 204.571 króna. V telur að tjón á þessum þremur munum sé ósannað og hefur hafnað þessum kröfuleiðum.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Samkvæmt 3. mgr. úrskurðar nefndin hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að ágreiningur aðila varði fjárhæð þess tjóns sem varð af völdum vatnslekans í íbúð M. V hefur ekki fallist á að úrskurðarnefndin fjalli um bótafjárhæðir í máli þessu en það er skilyrði þess að nefndin geti fjallað um slíkan ágreining, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir nefndina. Við svo búið heyrir ágreiningurinn ekki undir nefndina og verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 90/2021**M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasala****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna upplýsinga um eign í sölumeðferð.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 22. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
3. Vitnaskýrsla fasteignasalans X fyrir héraðsdómi

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að löggilti fasteignasalinn X, sem starfar hjá M og er váttryggður með starfsábyrgðartryggingu fasteignasala M, fékk fasteign Y til sölumeðferðar í janúar 2018. Við sölu eignarinnar útbjó X sölufirlit dags. 5. mars 2018, skv. 10. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 77/2015 og var kauptilboð í eignina samþykkt 5. mars 2018. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 1428/2020, hinn 6. október 2020, var seljandi eignarinnar dæmd til að greiða kr. 1.462.300 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta, sem og málskostnað. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að hún byggir á því að seljandinn og „...þeir sem önnuðust um söluna fyrir hennar hönd.“ hafi ekki upplýst með nægilega skýrum hætti um rakavandamál í húsinu og ekki um skýrslu dómkvadds matsmanns frá árinu 2017 og þannig ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart kaupendum. Í dómsmálinu voru teknar skýrslur af aðilum málsins, sem og fasteignasalanum X og liggur hljóðupptaka af skýrslu X fyrir með gögnum málsins.

Seljandi hefur greitt fjárhæðina til kaupenda en hefur gert kröfu um greiðslu bóta í starfsábyrgðartryggingu M og telur V að greiða eigi bætur úr váttryggingunni en M hefur skotið þeirri ákvörðun váttryggingafélagsins til nefndarinnar.

M telur að seljandi eignarinnar hafi leynt fyrir X upplýsingum um matsgerð dómkvadds matsmanns frá árinu 2017 og sagt rangt frá um ástand eignar sinnar. M telur að X hafi að fullu rækt skyldur sínar skv. lögum nr. 70/2015 en seljandi, sem hafi setið í hússtjórn fasteignarinnar og verið fullkunnugt um tilvist matsgerðar og kröfur hússtjórnar á byggingarfélag það sem byggði fasteignina, hafi með því að leyna upplýsingum gert þeim sem sáu um sölu fyrir hennar hönd ómögulegt að upplýsa kaupendur um ástand eignarinnar. M bendir einnig á að ábyrgð fasteignasala upphefji ekki ábyrgð seljenda þegar komi að upplýsingaskyldu um ástand fasteigna við sölumeðferð og vitnar til tveggja héraðsdóma frá árinu 2020 þar sem fjallað er um ábyrgð fasteignasala og upplýsingaskyldu seljenda.

V vísar til þess að seljandi fasteignarinnar kvæðst, m.a. fyrir dómi, hafa upplýst X, um matsgerð dómkvadds matsmanns um ástand eignarinnar í heild frá árinu 2017. V vísar til þess að í sölufirliti vegna fasteignarinnar haf ekkert komið fram um að eignin væri haldin göllum eða framkvæmda þörf inni í íbúðinni. V vísar til þess að hins vegar hafi komið fram í yfirlýsingu húsfélags að það lægi fyrir skýrsla um ástand hússins síðan frá árinu 2014 og á opnu húsi vegna sölu fasteignarinnar lá fyrir yfirlýsing húsfélags, þar sem tilvísun var til matsgerðar frá árinu 2014, sem og útlistun á fjárhæðum sem átti að verja til framkvæmda í húsinu og þar hafi verið tilvísunin, „...skv. skýrslu matsmanns.“. Þetta hafi hins vegar ekki leitt til þess að X hafi aflað umræddra gagna í þeim tilgangi að upplýsa með skýrari hætti um ástand húseignarinnar þeirrar eignar sem var verið að selja. V vísar einnig til vitnaskýrslu X fyrir dómi þar sem kemur fram að X hafi vitað að lekavandamál hefðu verið í húsinu, þar sem hann hafi selt aðra íbúð í því og að vinur hans hafi leigt þar íbúð. Einnig kemur fram í vitnaskýrslunni að X hafi ekki kallað eftir skýrslu um ástand hússins, þrátt fyrir tilvísun til hennar í yfirlýsingu húsfélags og ekki kallað eftir skýrslu dómkvadds matsmanns frá árinu 2017 þrátt fyrir tilvísun til slíkrar skýrslu í fundargerð húsfélagsins, sem X hafi haft undir höndum og sýnt væntanlegum kaupendum í opnu húsi við sölu eignarinnar. V telur því að X hafi sýnt gáleysi þar sem hann hafi ekki aflað umræddra gagna og þannig upplýst væntanlega kaupendur betur um ástand eignarinnar á sölufirliti og beri því bótaábyrgð sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur þess snýr aðallega að því hvort seljandi fasteignar Y hafi upplýst X, sem fasteignasala eignarinnar, um tilvist skýrslu um ástand húseignarinnar í heild þannig að ekki hafi verið hægt að gefa fullnægjandi upplýsingar um ástand fasteignarinnar í sölufirliti. M telur að seljandinn hafi haldið upplýsingum um skýrsluna leyndum og það að seljandi hafi verið dæmdur til að greiða kaupendum tiltekna fjárhæð, vegna þess að upplýsingaskylda hafi ekki verið uppfyllt af hennar hálfu, þá sé það ekki á ábyrgð fasteignasalans heldur hennar sjálfar.

Í vitnaskýrslu, sem liggur fyrir með hljóðupptöku í gögnum málsins, kemur skýrt fram af hálfu X að hann hafi haft undir höndum bæði yfirlýsingu húsfélags og fundargerð hússtjórnar við sölu eignarinnar. Í sömu vitnaskýrslu kemur einnig fram að X hefði upplýst um skýrslur um ástand hússins ef honum hefði verið kunnugt um þær. Í báðum þeim skjölum er vísað til hér að ofan, þ.e. yfirlýsingu húsfélags og fundargerð hússtjórnar er vísað til þess að það liggi fyrir skýrsla eða skýrslur um ástand húseignarinnar Y. Verður að meta það X til sakar að hafa ekki kannað með ítarlegri hætti hvað kom fram í þeim skýrslum þannig að upplýsingar um ástand eignarinnar væru skýrari á söluyfirliti, sbr. tilvísun til j.liðar 11. gr. laga nr. 70/2015, þar sem sérstaklega er vísað til að upplýsa eigi um þau atriði sem kunnug eru í söluyfirliti, t.d. skýrslur um ástand fasteignar. Ekki stoðar að halda því fram að X hafi ekki verið upplýstur sérstaklega af seljanda um skýrslurnar þar sem upplýsingar um þær komu fram í skriflegum gögnum. Telst bótaskylda því fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala M hjá V.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala M hjá V.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 91/2021**M og
V vegna ábyrgðatryggingar B.****Ágreiningur um bótaskyldu er kennari slasast er hún féll í hálfu fyrir utan skóla****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 5. mars 2020 ásamt fylgigögnum og tölvupóstur M dags. 25.3.2021.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 22.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfar sem kennari í A í B. Í lok vinnudags kl. 16:30 þann 27. janúar 2020 var M á leið út úr skólanum um inngang sem unglíngadeildin notar austan megin við skólann. Hún er þannig að ganga niður gangstíg á aflíðandi brekku á lóð skólans þegar hún rennur í hálfu sem þar hafði myndast, féll í jörðina og varð fyrir meiðslum.

Samkvæmt skýrslu samstarfskonu, sem kom að M þar sem hún lá á gangstígnum, þá var stígurinn flugháll og hafði ekki verið saltaður eða sandur borinn á stíginn.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðatryggingu V vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir þar sem ekki hafi verið gerðar nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hálkumyndun á göngustígum á skólalóðinni. V kveður að ekkert í málinu bendi til þess að slysið sé að rekja til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi B eða starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem B beri ábyrgð á. Fyrir liggir að mikilli umgangur sé um stéttina og margir nemendur og starfsmenn fóru um stíginn án áfalla sama dag. Segir að svo virðist sem skyndileg hálfu eða snöggfrysting hafi myndast síðdegis á skólalóð þegar sólin settist á bak við Digraneshæðina. Því sé eingöngu um óhappatilvik sé að ræða og mögulega eigin óaðgæslu M að ræða.

Álit.

Í gögnum málsins eru engin gögn sem gefa til kynna að aðrir starfsmenn skólans eða nemendur hafi tilkynnt um hálfu á göngustígnum á sama degi en óumdeilt virðist að mikill umgangur var um stéttina og margir nemendur og starfsmenn fóru um stíginn þennan dag. Engin gögn liggja fyrir um önnur áföll. Þá liggur fyrir að aðstoðarskólalastjóri var á útivakt í hádeginu og þá var hvorki frost né ísing á göngustígum auk þess hitastig var yfir frostmarki frá morgni til kvölds á tjónsdegi.

Samkvæmt gögnum málsins verður því að telja ósannað að veðuraðstæður hafi verið með þeim hætti á tjónsdegi að starfsmenn A hafi sýnt af sér saknæma og ólögmatra háttsemi með því að hafa ekki varað við hálfu eða gripið til viðeigandi aðgerða. Verður því ekki talið sannað að skólalastjórnumendur A hafi vanrækt skyldur sínar varðandi hálfuvarnir.

M telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu B, hjá V.

Reykjavík, 15. apríl 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 92/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags, A.**Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið rakst utan í steipt blómakar við akbraut.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 10.3.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 31.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis 14. desember 2020 ók M bifreið sinni, B, eftir akleið til norðurs við tiltekna götu í A þar sem hún beygði til hægri áleiðis til austurs en við það mun hægri hlið B hafa rekist utan í steipt blómakar sem var staðsett á gangstétt fast á horni akleiðarinnar sem M ók eftir.

M kveður umrætt blómakar hafa skagað út í akleiðina og til þess verði óhappið rakið. Jafnframt kveður M að fleiri bifreiðum hafi verið ekið utan í blómakarið og búið hafi verið að kvarta undan staðsetningu þess við bæjaryfirvöld í A. Telur M að staðsetning blómakarsins hafi verið til þess fallin að valda tjóni þegar bifreiðum var ekið í beygju við það. Bæjaryfirvöld hafi ekki sinnt því að fjarlægja karið fyrir en eftir óhappið. Hefur M krafist bóta fyrir það tjón sem varð á B úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að í umrætt sinn hafi M ekið eftir frekar þröngri akleið til norðurs og tekið þrönga 90° beygju til austurs fast við blómakarið á hægri hönd. Þá má ráða að fleiri bifreiðum hafi verið ekið utan í karið og ekki er útilokað að það kunni að hafa skagað að einhverju leyti út í akleiðina. Hvað sem þessu líður þá verður ekki annað ráðið en að sú leið sem M ók eftir hafi verið akleið meðfram bifreiðastæðum framan við fjölbýlishús en síðan legið, þar sem óhappið varð, til hægri inn á akleið eða gangstíg stuttan spöl að bifreiðastæðum við næstu götu að austanverðu. Blómakarið var vel sýnilegt og ekki verður annað ráðið en með þeirri varkárni og aðgæslu sem krefjast má af ökumanni átti að vera unnt að taka umrædda beygju þrátt fyrir að aðstæður hafi verið þröngar og því fyllstu aðgæslu þörf. Á þessu hefur orðið misbrestur hjá M. Eftir atvikum öllum verða ekki talin næg efni til að leggja sök á A vegna staðsetningar blómakarsins. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 11. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jóhann T. Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 93/2021

M og
V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs við Hafnarfjarðarveg hinn 9. júlí 2020.**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.03.2021 áamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 17.03.2021 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 25.03.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 9. júlí 2020 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B. Í skýrslu Aðstoðar & öryggis sem gerð var um atvikið er haft eftir M að hún hafi ekið A á hægri akrein og B verið á þeirri vinstri, og þau hafi ekið inn á Hafnarfjarðarveg þegar B hafi ekið inn á hægri akrein. M hafi reynt að sveigja frá til hægri út af veginum en B haldið áfram og ekið á A. B lýsir atvikum svo að hann hafi ekið á hægri akrein niður Fjarðarhraun og inn á hægri akrein Hafnarfjarðarvegar þegar A hafi komið og ætlað framhjá honum hægra megin og hafi A í kjölfarið verið ekið á gras meðfram veginum og svo utan í frambretti B. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt til helminga þar sem ósannað þótti um stöðu ökutækjanna í aðdraganda áreksturs. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur í málskoti fram að B hafi ekið á A en ekki öfugt og hafi A því verið í fullum rétti. B hafi tekið fram úr A þannig að A hafi þurft að sveigja út fyrir veginn en þegar M hafi reynt að koma A aftur á akbrautina hafi B aukið hraðann og ekið á A.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram sú afstaða að B beri alla sök á umræddum árekstri, enda séu aðstæður á vettvangi með þeim hætti að útilokað sé að A hafi ætlað sér að taka fram úr hægra megin, utan vegar, enda sé steypur vegkantur í beygjunni auk þess sem staur með umferðarljósum og ljósastaurar séu við hægri vegbrún. Verði B því að bera hallann af sönnunarskorti í málinu.

V2, sem var vátryggjandi B tjónsdegi, gerir ekki sérstakrar athugasemdir vegna málsins.

Álit:

Af ofangreindu má ráða að töluverður ágreiningur er með aðilum hvað varðar atvik í aðdraganda áreksturs en engir framburðir vitna liggja fyrir um atvikið. Þannig heldur B því fram að hann hafi verið á hægri akrein þegar A hafi ekið fram úr honum, og ökumaður A heldur því fram að B hafi verið ekið í veg fyrir sig frá vinstri akrein sem hafi á endanum, þegar M reyndi að koma A aftur á akbrautina eftir að hafa sveigt til vinstri, valdið árekstri. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, verður að telja að ekki sé tækt að leggja frásögn annars ökumanns til grundvallar umfram frásögn hins og verða atvik málsins því að teljast ósönnuð. Ekki er því unnt að leggja meiri sök á annan ökumanna og skiptist hún þar af leiðandi til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B, bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík 20. apríl 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 94/2021

M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns við lagningu gólfefna við endurbyggingu fasteignar.****Gögn.**

Málskot, móttækið 11.3.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum og fylgigögnum.
Bréf V, dags. 18.3.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var á árinu 2016 hafist handa við framkvæmdir á fasteigninni A á Akureyri og hafi framkvæmdirnar falist í gagngerðri endurbyggingu A þar sem skrifstofu- og verslunarhúsnæði hafi m.a. verið endurskipulagt og endurgert. Vegna mikil umfangs framkvæmda á innra rými og innra skipulagi A, m.a. rýmingarleiðum, hafi verið um byggingarleyfisskylda starfsemi að ræða. Meðal þess sem hafi falist í umræddum breytingum hafi verið að skipta um gólfefni og setja upp milliveggi. Skráður byggingarstjóri fyrir framkvæmdinni hafi verið B. Skömmu eftir að framkvæmdum lauk hafi orðið vart við vandamál í tengslum við vinylparket sem hafi verið lagt á gólf á 2., 3. og 4. hæð. Hafi það byrjað að gliðna í sundur og rifur farið að myndast á milli strimla parketsins, bæði langs og þvers á öllum hæðunum.

M aflaði álits hjá D, nánar tilgreindri arkitekta- og verkfræðistofu, á tjóninu, orsökum þess og umfangi auk tillagna til úrbóta. Í minnisblaði tiltekins starfsmanns D, dags. 11. desember 2019, segir að þegar horft sé á hvernig gólfefnið sé lagt og hvernig gólfefnið hafi slitnað í sundur á mörgum stöðum og það borið saman við leiðbeiningar framleiðanda um lagningu gólfefnis sé að mati starfsmannsins ljóst að yfirgnæfandi líkur séu á að gallar sem upp hafi komið væru ekki til staðar ef leiðbeiningum framleiðanda gólfefnisins hefði verið fylgt hvað varðar stærðir og þensluraufar á milli „fleka“ sem hafi verið lagðir í heilu lagi.

M kveður B hafa brugðist eftirlitsskyldu sinni þegar gólfefnið var lagt og af þeim sökum beri hann ábyrgð á tjóni því sem varð vegna mistaka við lagninguna. Hefur M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal á hverjum tíma við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis vera einn byggingarstjóri sem er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Skal byggingarstjóri gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laganna, reglugerðar og samningi við eiganda. Þá er tekið fram í 5. mgr. 29. gr. laganna að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Enn fremur er tekið fram í 7. mgr. 29. gr. að byggingarstjóri beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis hans í starfi. Þó beri hann ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistarara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Samkvæmt byggingarleyfi útgefnu 15. nóvember 2016 var, m.a. með vísan til tiltekinnna ákvæða í mannvirkjalögum og byggingarreglugerð nr. 112/2012 og nánar tilgreindrar byggingarleyfisumsóknar, umsækjanda veitt byggingarleyfi til þess að gera viðbyggingu og breytingar á A. Umrædd byggingarleyfisumsókn liggur ekki fyrir í málinu. Enginn verksamningur um byggingarframkvæmdina liggur heldur fyrir né samningur milli eiganda A og B um starf B og starfssvið hans varðandi byggingarframkvæmdina. Ekki eru heldur nein gögn fyrirbyggjandi varðandi réttarsamband milli M og B vegna framkvæmdarinnar. Af gögnum málsins, þ. á m. byggingarsögu á grundvelli byggingarleyfisumsóknarinnar, verður ekki ráðið með skýrum hætti að starfssvið B hafi náð til þess að hafa eftirlit með lagningu gólfefnisins. Þá verður heldur ekki ráðið af fyrrgreindu minnisblaði D eða gögnum málsins að öðru leyti að B kunni að hafa bakað sér bótaábyrgð gagnvart M samkvæmt 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga. Eins og málið liggur fyrir á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 95/2021

M og
V v/ sjúklingatryggingar.**Ágreiningur um bótaskyldu vegna missis bragð- og lyktarskyns í kjölfar aðgerðar í nefi.**

1. Málskot, móttakið 11.3.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kveðst M hafa gengist undir aðgerð í nefi, svonefnda „FESS“, hjá A, háls-, nef- og eyrnalækni, hinn 10. desember 2015 sem hafði þær afleiðingar í för með sér að hann missti bæði bragð- og lyktarskyn. Kveður hann að aðgerðin hafi ekki verið nauðsynleg og að leita hafi mátt annarra leiða hvað meðferð snertir. Þá hafi hann ekki fengið upplýsingar um fylgikvilla aðgerðar og ekki hafi verið minnst á hættuna á að missa bragð og/eða lyktarskyn við aðgerðina. Telur hann sig eiga rétt á bótum úr sjúklingatryggingu sem A hefur í gildi hjá V á grundvelli annars vegar 1. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og hins vegar 4. tölul. sömu lagagreinar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Áður en M gekkst undir fyrrgreinda aðgerð hjá A hafði hann verið til meðferðar hjá háls-, nef- og eyrnalækninum B. M mun hafa komið til skoðunar hjá B á göngudeild 9. október 2015 og segir í nótu vegna þeirrar komu að hann sé með eftirfarandi fjórar greiningar: „Nasalpolyp, unspecified“ (J33.9), „Chronic tonsillitis“ (J35.0), „Chronic rhinitis“ (J31.0) og „Chronic sinusitis“ (J.32). Þá segir m.a. svo í nóttunni: „Sjá CT: Vökvaborð/froða ansi víða auk sepa og slh bólgu. Fer á Doxy 1 x 2 í 15 d og nefstera. Hringi eftir 2 v. FESS?“ Loks segir svo: „231015: Símtal: Losnað við heilmikinn þrýsting í höfði. Kemur til að fara yfir myndir og skoða FESS.“ Í göngudeildarnótu B, dags. 2. nóvember 2015 segir svo: „Farið yfir CT myndir. Er ansi þéttur. Nefbrot fyrir mörgum árum og fór í rhino (septo?) plastik circa 2010. Er með septumskekku fremst við megin. Slæmur í lungum. Plan: Fer til [A] vegna FESS+ethmoidect+etv septum.“ Í göngudeildarnótu B, dags. 10. sama mánaðar, kemur fram að M sé versnandi og sé kominn á lyfið Doxilin.

Hinn 16. nóvember 2015 kom M á stofu til A. Í vinnublaði A vegna þeirrar komu segir að M sé sjúklingur B vegna vandamála af völdum nefstíflu, lélegs lyktarskyns og „polypa“ í nefi. Einnig kemur fram að M sé með miklar stíflur báðum megin. Hann hafi verið heldur skárri þegar hann hafi tekið stera og hann sé á „lokal“ sterum. Þá segir í vinnublaðinu að það eina sem hægt sé að gera sé „FESS“ aðgerð. A hafi séð myndir og „það er víða í holum, þannig að það þarf FESS og taka polypa. Stefni á aðgerð 10.12. nk.“ Í vinnublaði A frá 10. desember 2015 segir svo: „Er með mikið af polypum í nefi. Í endoscopiu eru fjarlægðir polypar báðum megin. Þeir eru báðum megin við concha media. Hreinsa nefið. Opna ekki inn í max. sinusa. Ekki merki um sýkingu. Settur á post op. stera bæði per os og í spreyi. Eftirlit eftir 2 vikur.“ Hinn 30. sama mánaðar kom M til eftirlits hjá A og segir þá svo í vinnublaði hans: „Eftirlit eftir FESS, teknir polypar. Lítur vel út núna. Ráðlegg áfram lokal stera.“

Hinn 1. nóvember 2016 ritaði A læknavottorð til V. Þar kemur fram að M hafi verið vísað til hans frá B vegna „chroniskra“ nefvandamála. Við skoðun hafi komið fram að M hafi haft langvarandi vandamál með nefstíflur, með lélegt lyktarskyn og mikið af polypum í nefi og verið mjög stíflaður báðum megin. Þar sem hann hafi verið búinn að nota bæði „per os“ stera og „lokal“ stera án verulegs árangurs hafi aðgerð verið það eina sem hafi verið hægt að bjóða upp á. Hafi þeir, A og M, farið yfir aðgerðarmöguleika og ákveðið hafi verið að gera á honum hreinsun á „polypum“. Við aðgerðina 10. desember 2015 hafi komið í ljós að hann hafi verið með mikið af „polypum“ í nefi og með snerilhníf hafi þeir verið fjarlægðir eins og hægt var. Þeir hafi legið báðum megin við „concha media“. Hálfum mánuði eftir aðgerð hafi M komið til eftirlits á stofu hjá A og hafi nefið litið vel út eftir aðgerðina, en þá fannst honum að lyktarskynið hafi versnað eða horfið við aðgerðina. Þá kemur fram í vottorðinu að við skoðun á því sem skrifað hafi verið um lyktarskynstap við aðgerðir komi í ljós að um 2,5% geti misst lyktarskyn eftir hvaða nefaðgerð sem er. Við aðgerðina í desember 2015 hafi ekki verið komið nálægt því svæði þar sem lyktarskynstaugar komi inn í nefholið, en miðað við lýsingar og það sem skrifað hafi verið þá sé möguleiki að þetta geti gerst við hvaða nefaðgerð sem er. Þess beri þó að geta að M hafi haft lélegt lyktarskyn fyrir aðgerðina og það sé mjög algengt hjá sjúklingum sem eru með mikið af „polypum“ í nefi eins og M hafi haft.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

Annars vegar skv. 1. tölul. ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

Hins vegar skv. 4. tölul ef tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að M hafði um langt skeið búið við vandamál í nefi, þ. á m. vegna sepamyndunar. Læknir sá sem hafði haft M til meðferðar vegna þessara vandamála hafði vísað honum til A gagnert í því skyni að athuga með að framkvæma hina svonefndu „FESS“ aðgerð. Að mati A hafi slík aðgerð verið það eina sem hægt hafi verið að bjóða upp á. Eftir umræðu um aðgerðarmöguleika hafi aðgerðin verið framkvæmd. Engin haldbær gögn liggja fyrir sem benda til að upplýsingagjöf hafi verið áfátt í aðdraganda þess að aðgerðin var framkvæmd. Engin gögn, svo sem álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, liggja fyrir sem sýna fram á að aðgerðinni hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Hefur því ekki verið sýnt fram á að fullnægt sé skilyrðum bótaskyldu skv. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000.

Þá liggur ekkert mat fyrir um það hvert sé líkamstjón M metið til varanlegs miska af völdum lyktarskynstaps sem hann rekur til aðgerðarinnar, né heldur vegna taps á bragðskyni. Þegar litið er til þessa ásamt því að M bjó við skert lyktarskynstap fyrir aðgerðina verður ekki talið að M hafi orðið fyrir fylgikvillum af völdum aðgerðarinnar sem séu meiri en svo að sanngjarnt sé að hann þoli þá bótalaust þannig að réttur til bóta hafi stofnast skv. 4. tölul. 2. gr. laganna.

Í ljósi framangreinds telst M ekki eiga rétt á bótum úr sjúklingatryggingu þeirri sem A hefur í gildi hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 96/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys 14. október 2019.****Gögn.**

1. Málskot dags. 11. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur V til nefndarinnar, dags. 24. mars 2021, afstöðubréfi V dags. 18. febrúar 2021 og myndum af vettvangi.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu til V dags. 25. febrúar 2020 er atvikum þannig lýst að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar hann var að vinna við pípulagnir og fingur hans klemmdist á milli pípa og brotnaði. Í atvikaskráningu X kemur fram að M hafi tekið upp lóðréttan rörbút sem hafi runnið úr hendi hans og lent á hinni hendinni. Í óundirritaðri tilkynningu til Sjúkratrygginga kemur fram að M hafi fengið 100 kg járnör ofan á vi. baugfingur í vinnu og er atvikinu lýst með svipuðum hætti við lækni á bráðamóttöku, sbr. upplýsingar í bráðamóttökuskrá dags. 14. október 2019. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V og hefur V hafnað bótaskyldu.

M telur að slys hans sé hægt að rekja til óviðunandi vinnuaðstæðna og beri X skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans, verklag hafi verið ábótavant og öryggi hans ekki nægilega tryggt. M vísar til 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og telur að X hafi ekki gætt þess að vinnustaðurinn hafi verið í samræmi við fyrirmæli laganna eða frekari reglna settra með stoð í þeim lögum. Í málskoti er lagt til grundvallar að M hafi verið einn síns liðs að losa 110 mm rör sem hafi verið um 100 kg að þyngd og það að hann hafi verið við slíkt einn hafi ekki verið forsvaranlegt m.t.t. þeirra reglna sem vísað hefur verið til. Einnig bendir M á að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins fyrr en 17. október 2019 og þannig verði að leggja frásögn hans til grundvallar málsatvikum. M mótmælir því að rörið sem féll á fingur hans hafi verið 8-16 kg eins og V hafi haldið fram í höfnunarbréfi sínu, einnig bendir M á að vitni hafi verið að atburðinum og ekkert verklag hafi legið fyrir um hvernig ætti að vinna það verk sem M var að vinna, né heldur áhættumat sk. lögum nr. 46/1980.

V telur að M hafi ekki tekist sönnun á því að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans og vísar til þess að M hafi mjög langa reynslu af vinnu við pípulagnir og hafi verið að losa pottrör sem féll til hliðar, og hafi þannig klemmt fingur. V telur að M hafi ekki verið einn við vinnuna heldur hafi þrír aðrir verið að vinna með honum. Einnig er því vísað á bug að 100 kg. rör hafi fallið á M.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X þannig að hann fingurbrotnaði. Ekki var tilkynnt samdægurs um slys til Vinnueftirlits og upplýst er að enginn frá stofnuninni kom á slystað til úttektar. Í ljósi þess að M varð óvinnufær strax eftir slysið verður ekki annað séð en að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Með tilliti til dómaframkvæmdar verður því að leggja frásögn M af málsatvikum til grundvallar. Engin sjálfstæð lýsing liggur hins vegar fyrir af hálfu M um hvernig slysið atvikaðist, en lýsing lögmanns hans í málskoti verður ekki lögð að jöfnu við sjálfstæða lýsingu M sjálfs. Ekki liggur heldur fyrir lýsing vitnis eða annarra sem gætu varpað ljósi á það hvernig slys M atvikaðist eða byggt undir þær lýsingar sem koma fram í málskoti.

Vafi um málsatvik verður ekki jafnað til sönnunar skaðabótaábyrgðar, en fyrir liggur í málinu að M er pípulagningamaður og kominn yfir fimmtugt og má ætla að hann hafi nokkra reynslu af þeim störfum sem honum voru falin af hálfu X. Eins og gögn málsins liggja fyrir verður því ekki lagt til grundvallar að sönnun liggji fyrir um skilyrði skaðabótaábyrgðar X og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X því ekki fyrir hendi hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 97/2021**M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum sand- og malarfoks frá vörubifreið.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 15.3.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 15.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 28. júlí 2020 var bifreiðinni A, í eigu M, ekið vestur Suðurlandsveg við Sandskeið fram úr vörubifreiðinni B sem dró eftirvagn með malarfarm. Er A var ekið fram úr B mun sandur og mól frá B hafa drifið yfir A. Ökumaður A hafði samband við rannsóknarfyrtækið Aðstoð og Öryggi og gaf skýrslu um atvikið tæpum tveimur klukkustundum síðar. Þar kemur fram að það sjái á þaki, vélarhlíf og hægri hlið A. M mun hafa farið með A til skoðunar vegna tjónsins á bifreiðaverkstæði 21. september 2020. Í skoðunarskýrslu verkstæðisins segir svo, orðrétt: „Bíl er barinn frá framenda til skottloks, öll ljós eru skemmd ásamt öllu í framstuðara. ...en það ætti að sjást á myndum svakalegur steinbarningur á öllum stykkjum.“

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á A umrætt sinn og kveður, með vísan til síðastgreindrar skoðunarskýrslu, að umfang tjónsins sé mun meira en greinir í skýrslu Aðstoðar og Öryggis. V kveður hins vegar að umfang tjónsins sé ekki meira en fram kemur í skýrslu Aðstoðar og Öryggis og hefur hafnað bótum umfram það.

Álit.

Samkvæmt skilmálum kaskótryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V greiðir félagið vegna tjóns, eins og hér um ræðir, kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón.

Með úrskurði nefndarinnar 15. desember 2020 í máli nr. 380/2020 var komist að þeirri niðurstöðu varðandi rétt M til bóta úr ábyrgðartryggingu B að samkvæmt gögnum málsins hafi mátt ráða að A hafi verið um sex ára gömul og ekið hátt í 170 þúsund kílómetra um það leyti sem atvikið varð. Einnig hafi engin skýr gögn legið fyrir í málinu um það hvort eða hversu mikið A væri útleikin eftir grjótkast fyrir atvikið né heldur hvort eða að hve miklu leyti aðrir hlutar en þak, vélarhlíf og hægri hlið hafi orðið fyrir skemmdum við atvikið. Ljósmyndir af A sem lágu fyrir í málinu hafi ekki komið að gagni í þessu efni. M.a. að þessu virtu og gegn mótmælum ábyrgðartryggjanda B var talið ósannað að skemmdir hafi orðið á A við aksturinn fram úr B umfram það sem kom fram í skýrslu Aðstoðar & Öryggis sem var gerð strax í kjölfar atviksins.

Engin ný gögn liggja fyrir í þessu máli sem sýna fram á að tjón á A hafi verið meira en úrskurðað var um í máli nr. 380/2020. Við svo búið á M heldur ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingunni hjá V. Verður því úrskurðað um bótaskyldu í þessu máli á sama veg og í hinu fyrra máli.

Niðurstaða.

Bætur vegna tjóns á A, úr kaskótryggingu hjá V, takmarkast við tjón á þaki, vélarhlíf og hægri hlið.

Reykjavík, 15. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 98/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss M við störf hjá A hinn 24. apríl 2019.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.03.2021, ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V, dags. 07.04.2021, ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 24. apríl 2019, orðið fyrir slysi við störf hjá A. Atvik hafi verið þau að M hafi verið á lyftara að sækja þvottavél á vörubretti sem var staðsett á 2. eða 3. hæð í brettarekka. Þegar hann hafi verið að draga vélina út hafi komið í ljós að hún var á tveimur brettum, og það efra var minna en það efra. Efra brettið hafi ekki setið á rekknum sjálfum heldur ofan á því neðra sem M dró út, og hafi þetta valdið því að vélin var afar óstöðug. Þetta hafi þá verið í andstöðu við þær verklagsreglur að færa þvottavélar af þessum smærri brettum og yfir á stærri bretti. M hafi þá reynt að koma brettinu aftur á upphaflegan stað en það ekki tekist, og hafi brettið og þvottavélin fallið á lyftarann og M sjálfan sem hafi hlotið af því líkamstjón. M hafi fengið þær upplýsingar að myndbandsupptaka væri til af atvikinu en síðar hafi komið í ljós að henni hafi verið eytt. M telur að A beri ábyrgð á tjóni hans á grundvelli sakarreglu og meginreglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Þannig hafi A brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, enda hafi tilhögun vinnu og aðbúnaður á vinnustað ekki uppfyllt kröfur þeirra eða reglna setta á grundvelli þeirra. Ljóst sé þá að sá starfsmaður sem raðaði brettunum á þennan hátt í rekkann hafi ekki unnið verk sitt í samræmi við áskilnað laganna um öryggi á vinnustöðum, þegar hann setti lítið bretti með þvottavél ofan á tómt bretti í rekknum. Hafi verið ómögulegt fyrir M að átta sig á þessum ástæðum sem hafi skapað hættu og verið augljós slysaástand. M hafi sjálfur mikla reynslu af lyftarastörfum og hafi notað viðurkenndar aðferðir við verkið. Þá hafi A vanrækt að varðveita upptökur af slysinu, þrátt fyrir ítrekaðar óskir, og loford yfirmanna til M um að þær yrðu tiltækar, en M hafi strax tilkynnt yfirmönnum um slys sitt. Verði A að bera hallann af sönnunarskorti sem það hafi í för með sér og eins hallann af því að ekki var tilkynnt um slys M til Vinnueftirlitsins fyrr en 10. maí 2019, eða um tveimur vikum eftir slysið. Sé slys M því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Með bréfi, dags. 13. mars 2020, hafnaði V bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í tjonstilkynningu dags. 10. maí 2019 til Sjúkratrygginga Íslands, sem sé undirrituð af M og A komi fram að M hafi verið að laga bretti og hafi fengið þvottavél beint á öxl og olnboga. Sömu lýsingu sé að finna í tilkynning til Vinnueftirlitsins. Við komu á heilsugæsluna í kjölfar slyssins hafi atvikum svo verið lýst svo að M hafi dottið á þvottavél sem hann var að reyna að koma í veg fyrir að mundi detta úr hillu. Önnur og ítarlegri málsatvikalýsing hafi að lokum komið fram í kröfubréfi M til V og í málskoti til nefndarinnar. Enginn sjónarvottur hafi verið að atburðinum sjálfum, en samstarfsmaður M hafi komið að honum eftir atvikið, en sá muni ekki hvort bretti hafi verið á göfflum lyftarans eða á gólfinu eða annað sem máli skiptir. Þá kveði yfirmaður M að M hafi lýst atvikinu svo að þvottavélin hafi rekist upp undir þverbíta á lagerhillunni og því færst til á brettinu. Hafi M því farið frá stjórnækjum lyftarans, og undir brettið/gafflana og reynt að ýta vélinni til á brettinu með handaflí. Eingöngu liggi fyrir að þvottavélin hafi fallið af brettinu en ekkert liggi fyrir um orsakir þess. M byggir á því að vélin hafi verið óstöðug vegna aukabrettis sem ónafngreindur starfsmaður hafi gleymt að fjarlægja í andstöðu við vinnureglur. Engin frekari gögn styðji þá lýsingu, og samkvæmt forsvarsmönnum A séu engin minni bretti undir þvottavélum þegar þær eru teknar úr gámum. Þær séu einfaldlega teknar úr gámum og settar á bretti sem passi í rekkann. Þá sé hæð hvers rekkabils ekki meiri en svo að hefði vélin verið á tveimur brettum hefði hún ekki rúmast innan þess. Mun sennilegra sé því að vélin hafi rekist uppundir þverbíta og við það færst til og orðið óstöðug á brettinu. Þá hljóti M að hafa staðið nærri brettinu þegar vélin féll af því. Yfirmaður M hafi verið erlendis á slysdegi og því hafi atvikið ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins á þeim tíma. Hvað varði upptökur af atvikinu þá er því hafnað að M hafi óskað eftir þeim meðan þær voru enn til og sé upptökum eytt eftir tvær vikur. Ekki hafi legið fyrir í upphafi að um alvarlegar afleiðingar væri að ræða, og því hafi upptökurnar ekki verið skoðaðar á þessu tveggja vikna bili. Þó fallast megi á að A beri hallann af því að hafa ekki tilkynnt réttilega um atvikið og hlutast til um rannsókn þess, þá nái slík breyting á sönnunarstöðu aðeins til þeirra atvika sem unnt hefði verið að sýna fram á með slíkri rannsókn og ekki er mögulegt að staðreyna síðar. Í þessu tilviki sé enn mögulegt að reyna að koma þvottavél fyrir á tveimur brettum og athuga stöðugleika hennar og eins hvert svigrúm milli þverbíta er. Verði því ekki séð að sönnunarstaða M hafi skerst að þessu leyti. Jafnvel þó sýnt væri fram á að aukabretti hefði verið undir

vélinni og hún hafi af þeim orsökum verið óstöðug skýri það ekki hvernig M gat orðið undir vélinni og skorti verulega á frásögn M um atvik eftir að hann varð þess var að vélin var óstöðug. Sé því um að ræða óhappatilvik eða afleiðingar aðgæsluleysis M sjálfs og beri því að hafna kröfu hans.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Af gögnum málsins fyrir nefndinni má ráða að nokkur vafi ríkir um tildrög þess að M varð fyrir umræddu slysi. Ekki var tilkynnt um slys M til Vinnueftirlitsins í samræmi við 1. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þrátt fyrir að ráða megi af gögnum málsins að M hafi verið óvinnufær frá slysegi, en óumdeilt er að tilkynning barst ekki fyrr en 10. maí 2019. Þá verður jafnframt að telja að óvinnufærni M hafi gefið A fullt tilefni til að skoða umræddar myndbandsupptökur og hlutast til um varðveislu þeirra. Verður að telja að rannsókn Vinnueftirlitsins og umræddar upptökur hefðu leitt atvik máls þessa fyllilega í ljós. Verður A að bera hallann af skorti á sönnun sem af þessari vanrækslu leiðir og ber þar af leiðandi að leggja frásögn M um atvik til grundvallar. Verður því ekki byggt á lýsingu vinnuveitanda á atvikum, eins og hún kemur fyrir í tjónstilkynningu til V, um að M hafi rekið þvottavélina í þverbíta og síðan staðið undir göfflum lyftarans og með því sýnt af sér gáleysi, enda er sú staðhæfing ekki studd frekari gögnum. Verður því miðað við þá lýsingu M á atvikum að umrædd þvottavél hafi staðið á tveimur brettum, sem hafi gert það að verkum að hún var óstöðug og hafi bretti ásamt þvottavélinni fallið á lyftarann og M, en ekki er fallist á það með V að framlagðar ljósmyndir eða önnur gögn er stafa frá félaginu sýni fram á ómöguleika slíkrar atburðarásar. Verður jafnframt að telja, þar sem um þung tæki, sem ræðað er á fjórar hæðir vörurekka, er að ræða, að þörf sé á skýrum vinnureglum hvað frágangur á þeim varðar, en þær virðast ekki hafa verið til staðar. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á að slys M sé að rekja atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á, og er tjón hans því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu þess.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík 27. apríl 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 99/2021**M og
V v/ vatnstjónstryggingarliðs húseigandatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnsleka í baðherbergi.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.3.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 9.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M kveðst hafa látið endurgera og flísaleggja baðherbergi í fasteign sinni á árinu 2017 vegna skemmda að hann taldi vegna lélegs frágangs á klæðningu á veggjum í sturtu sem hafi borið merki um rakaskemmdir. Ári síðar hafi komið í ljós að flísar í sturtuklefa hafi verið að bóligna út og fúga að brotna upp auk rakaskemmda. Taldi M líklegast að frágangur múrara hafi ekki verið fullnægjandi. Hafi hluti baðherbergisins þá verið lagfærður. Einhverju síðar hafi komið í ljós skemmdir á sama stað í sturtunni sem höfðu magnast upp með tímanum. Á þeim tímapunkti hafi M talið afar ólíklegt að frágangi múrara væri um að kenna og því haft samband við V þar sem hann hafði í gildi húseigandatryggingu vegna fasteignarinnar. Múrari á vegum V hafi komið til að taka út skemmdirnar. Talið var að brjóta þyrfti upp vegg til að komast að lögnum til að finna orsök rakans.

Hinn 1. mars 2021 hafi M fengið múrara til að brjóta aftur upp í baðherberginu og þá hafi komið í ljós að leki hafi verið með öllum tengjum („fittings“) í kaldvatnsleiðslum sem hafi verið lítill en alltaf komið aftur þótt þurrkað væri í kring. Pípulagningamaður á vegum V hafi komið og staðfest að líklegast væri um galla að ræða í tengjunum sem hafi skemmt og þanið út vegg þannig að flísar og fúgur hafi brotnað frá sem aftur opni aðgang vatns frá sturtu inn í vegginn.

V hefur krafist þess að fá tjónið bætt út húseigandatryggingu sinni hjá V. V hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum vatnstjónstryggingarliðs húseigandatryggingar þeirrar sem hér er eiga við bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða af völdum vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. M þarf að sýna fram á að skilyrði bóta úr vátryggingunni séu fyrir hendi, þar á meðal að tjónið megi rekja til skyndilegs leka. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en leki úr vatnsleiðslum hafi varað um langt skeið, jafnvel allar götur frá árinu 2017. Hefur ekki verið sýnt fram á að um skyndilegan leka úr vatnsleiðslum hússins hafi verið að ræða eins og áskilið er svo bótaskylda úr vátryggingunni geti stofnast. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr vátryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingarlið húseigandatryggingar hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 102/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X.****Tjón á sumarhúsi í nóvember 2020.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 30. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
3. Tölvupóstur lögmanns dags. 6. apríl 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að altjón hafi orðið á sumarhúsi M í Grímsnesi í nóvember 2020. M rekur tjónið til þess að X hafi verið að vinna að breytingum á hitaveitukerfi sínu frá sumri 2020 til 9. október sama ár, þegar ný lög hafi verið tengd og þegar vatni hafi verið hleypt á hana hafi orðið til aukinn þrýstingur á hitaveitukerfið. Í málskoti kemur einnig fram að M hafi fengið tölvupóst 10 október 2020 frá formanni sumarhúsafélags á svæðinu um að líta til með sumarhúsi sínu og þá hafi allt reynst í lagi. Hinn 12. nóvember sl. hafi hins vegar uppgötvast að tengiloki hafi gefið sig með þeim afleiðingum að heit gufa og vatn hafi átt greiða leið inn í húsið.

Þegar röksemdir lögmanns M, fyrir þeirra hönd í málskoti eru teknar saman, er því haldið fram að umræddur tengiloki hafi verið í eigu X og líklega hafi aukinn þrýstingur á hitaveitukerfi leitt til þess að sá loki gaf sig við inntaksloka í sumarhús M og þannig hafi heitt vatn streymt um húsið með gífurlegu vatnstjóni. Þar kemur einnig fram að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjónsins þar sem það sé „...viðurkennd regla um sérleyfishitaveitur og margstaðfest æ skýrar í nýrri og yngri reglugerðum um slíkar veitur, að þær leggi og beri ábyrgð á lögnum að og í tengigrind, með mælum sínum og kranalokum til neytanda fyrir ofnalögn og neysluvatnslögn.“ Lögmaðurinn vísar um það til reglugerðar frá árinu 2013 um Skagafjarðarveitu og frá 2018 um HS veitu. Einnig vísar lögmaðurinn til dóms í máli nr. 152/2003 hjá Hæstarétti um að inntaksloki sé á ábyrgð veitu og að X hafi ekki gætt eftirlits- og viðhaldsskyldu sinni á þeim hluta lagnar sem gaf sig. Það leiði til hlutlægrar ábyrgðar á lögnum að inntaksloka og jafnvel lengra inn í hús og X verði því að bera tjónið. Einnig er vísað til þess að skv. reglugerð nr. 252/2001 um hitaveitu X, leggi X og kosti allar lagnir veitukerfisins sem og inntök inn fyrir vegg í húsnæði notanda. Viðhald búnaðar sé því á ábyrgð X en ekki M. Einnig er því vísað á bug að M beri ábyrgð á meðferð lagna innanhúss og telur það ekki í samræmi við ákvæði umræddrar reglugerðar.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur X ekki bera hlutlæga ábyrgð vegna tjónsins, en það sé hvorki mælt fyrir um slíka ábyrgð í reglugerð nr. 252/2001 um hitaveitu X eða í samningi M um hitaveitubjónustu eða yfirtökusamningi sem tengist hitaveitu þeirri sem áður var í sumarhúsabyggð þeirri sem M á sumarhús í. Einnig vísar V til dóma- og úrskurðarframkvæmdar sem staðfesti að hlutlæg ábyrgðarregla gildi ekki heldur þurfi sakarábyrgð til skaðabótaskyldu. V vísar einnig til þess að í 13. gr. reglugerðar nr. 353/2001 sé að finna tæmandi talningu á því hvaða hlutar af lagnakerfi húss séu í eigu hitaveitunnar og þar sé hvergi getið um inntakskrana eða tengingu heimlagnar við inntakskrana og sé slíkur búnaður á ábyrgð húseiganda. V bendir á að í umsögn pípulagningarmeistara dags. 2. desember 2020 hefi komið fram að grá inntakslögn komi upp úr gólfí sem tengist í inntakskrana í sumarhúsi M og verði 13. gr. reglugerðar nr. 252/2001 ekki skilin öðruvísi en að X eigi gráa lagnarörið sem nái inn fyrir vegginn en aðir hlutar í lagnakerfi hússins séu hins vegar eign húseiganda, að undanskildum rennismæli, síu og þrýsti mæli. Inntakskrani og tengið sem tengir hann við lögnum hitaveitunnar sé hins vegar á ábyrgð M. V mótmælir líka tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 152/2003 eða að hann hafi fordæmisgildi um mál M. V mótmælir því einnig að sannað sé að tjón M sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Afstaða V er sú að M sé eigandi inntakskrana og ábyrgð á viðhaldi og tengingu hitavatnslagnar við slíkan krana sé þar af leiðandi á ábyrgð M. Einnig bendir á að þó kraninn væri í eigu X sé ekki heldur sannað að starfsmenn X hafi vanrækt viðhald eða eftirlit með lögninni. Einnig bendir V á að ekkert bendi til þess að þrýstingur frá hitaveitukerfi X hafi farið yfir eðlileg mörk eða að tjón M verði að einhverju leyti rakið til þess að þrýstingur á hitaveitukerfi hafi verið of hár.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram að hann telji skýringu V á gildissviði 13. gr. reglugerðar nr. 252/2001 fráleita lögskýringu og V viðurkenni að inntaksloki X hafi gefið sig. Einnig er tilvísunum til úrskurða nefndarinnar vísað á bug.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um hvort X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð á sumarhúsi M, þegar heitt vatn flæddi um hann. Í umsögn pípulagningarmeistara um mögulegar orsakir tjóns M, dags. 2. desember 2020, kemur fram að líklegast sé að tengi sem tengt hafi verið við inntakskrana hafi ekki verið rétt þar sem notað hafi verið „...tengi sem notað er fyrir snjóbræðslurör en ekki heitt vatn, auk þess sem það sé eins og teflonteipi hafi verið bætt á svokallað innlegg sem er inn í rörið, sem bendi til þess að innleggið sé ekki af réttri stærð.“

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að tjón M megi rekja til þess að tengi við inntaksloka gaf sig, sbr. meðal annars lýsingu í málskoti M. Ekki liggur fyrir með nægilega skýrum hætti að umrætt tengi hafi verið í eigu X eða að starfsmenn X hafi vanrækt með einhverjum hætti eftirlits- eða viðhaldsskyldur vegna þessa. Ekki er heldur sannað að tjón á sumarhúsi M sé hægt að rekja til þess að þrýstingur á hitavatnskerfi hafi almennt verið óeðlilegur, enda liggur ekkert fyrir um tjón á öðrum húsum á svæðinu eða atvik sem leitt hefðu getað til slíks.

Í íslenskum skaðabótarétti er viðurkennt að hlutlæg skaðabótaábyrgð verður ekki lögð á nokkurn nema skýr lagaheimild liggja til grundvallar slíkri ábyrgð. Hvergi kemur fram í lögum eða reglum að slík hlutlæg ábyrgð hvíli á X. Ekki er fallist á bótagrundvöllur hlutlægrar ábyrgðar geti verið sá að mögulega sé kveðið á um slíka hlutlæga ábyrgð í öðrum reglugerðum en varða X, eða leiða megi slíka ábyrgð af dómaframkvæmd eða úrskurðarnefndarframkvæmd.

Af fyrirliggjandi gögnum verður því ekki talið sannað að tjón á sumarhúsi M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á og er bótaskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 103/2021**M og****V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifhjólans X.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna slyss á bifhjóli 10. júní 2020.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 6. apríl 2021, ásamt tjonstilkynningu, skjáskoti af facebooksíðu A og viðburðarsíðu sama aðila, skráningarsíða keppni á heimasíðu Mótörhjóra- og snjósleðasambands Íslands og leyfi til aksturskeppni dags. 8. júní 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast á svokölluðu Bolöldusvæði þegar bifhjólið X, sem hann ók, fór á hliðina hinn 10. júní 2020. Í málskoti kemur einnig fram að slysið hafi orðið á viðburði A svokölluðu „Miðvikudags Motocrossi“. Í gögnum málsins má sjá skjáskot af facebookviðburði 10. júní þar sem segir m.a. að um sé að ræða „Annað bikarmót ársins af þremur.“, ásamt textanum „ATH! Hjól þurfa að vera tryggð.“ Einnig liggur fyrir skjáskot af facebooksíðu vélhjólaiþróttaklúbbsins þar sem keppnishaldi ársins 2020 er lýst og miðvikudagurinn s10. júní tilgreindur sem einn af keppnisdögum. Sambærilegar upplýsingar þar sem orðið keppni kemur fyrir er á heimasíðu Mótörhjóra og snjósleðasambands Íslands sem og liggur fyrir afrit af leyfi lögreglustjórans á Suðurlandi fyrir aksturskeppni á vegum A vegna mótorkrosskeppni sem fyrirhugað er að halda miðvikudaginn 10. júní 2020. Umrætt leyfi er dags. 8. júní 2020.

M telur bótaskyldu fyrir hendi vegna líkamstjóns hans úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjólans X og vísar því á bug að hann hafi slasast í keppni. M telur að um æfingu og skemmtun hafi verið að ræða þar sem „...þátttakendum gafst kostur á að æfa sig í hópastarti og prófa tímatökur.“ M vísar um það til tölvupósts dags. 1. desember 2020 frá A þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram: „Varðandi Miðvikudags motocrossið þá er ekki um eiginlega keppni að ræða, engin verðlaun veitt fyrir árangur, heldur er þetta sett upp sem æfing eða skemmtun.“ M telur að líkamstjón hans falli ekki undir ákvæði b-liðar 2. mgr. 2. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, en þar kemur fram að lögin gildi ekki í þeim tilvikum „...þegar ökutæki tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum.“ Einnig telur M að atvikið falli ekki undir gr. 1.3. í vátryggingarskilmálum slysatryggingar ökumanns og eiganda V þar sem kemur fram að vátryggingin gildi ekki þegar bifhjól tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum. M telur að ekki hafi verið um formlega aksturskeppni að ræða, umrætt ákvæði í skilmálum og lögum sé undanþáguákvæði og verði því að skýra allan vafa M í hag, sbr. sjónarmið um svokallaða andskýringarreglu sem staðfest hafi verið í dómaframkvæmd. Einnig bendir M á að misskilnings hafi gætt um þátttöku hans í keppni þegar hann kom á bráðamóttöku.

V vísar til framlagðra gagna málsins, þ.e. upplýsinga á facebooksíðum, heimasíðum og leyfis Vélhjólaiþróttaklúbbsins Víkur til aksturskeppni umræddan dag. V vísar til gildissviðs 2. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 þar sem komi fram með skýrum og ótvíræðum hætti að lögin gildi ekki þegar ökutæki taki þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum. V bendir á lögskýringargögn þar sem komi fram að tilgangur ákvæðisins sé skýr j að undanskilja keppnisáhættu. Einnig vísar V til þess að M hafi sjálfur lýst því þannig þegar hann fór á bráðamóttöku vegna meiðsla hinn 10. júní 2020 að hann hafi verið að keppa.

Álit.

Í gögnum málsins, sem rakin eru hér að ofan, kemur fram að Vélhjólaiþróttaklúbburinn Vík auglýsti keppni í „Miðvikudags motocrossi“ á facebooksíðu sinni og sérstakri viðburðarsíðu. Upplýsingar þar um að viðburður sem átti sér stað 10. júní 2020 á svæði félagsins við Bolöldu hafi verið keppni og hluti af heildarkeppnishaldi koma líka fram þar. Skráning í keppni var síðan framkvæmd í gegnum sérstaka heimasíðu. Auk þessa liggur fyrir skriflegt leyfi lögreglustjórans á Suðurlandi um að heimilt sé að halda slíka keppni 10. júní 2020. Verður, þrátt fyrir ummæli í tölvupósti vélhjólaiþróttaklúbbsins dags. 1. desember 2020, ekki hjá því litið að um hafi verið að ræða aksturskeppni á lokuðu svæði sem þurft hafi leyfi lögreglustjóra skv. umferðarlögum. M slasaðist við akstur bifhjólans í slíkri keppni og fellur tjónsatvikið því ótvírætt undir b. lið 2. mgr. 2. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 þar sem kemur fram að lögin gildi ekki um það „þegar ökutæki tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum.“ Getur M því ekki byggt bótarétt sinn á 9. gr. laganna eða vátryggingarskilmálum um slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V og á því ekki rétt á bótum úr þeirri vátryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins X hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 104/2021**M og
V v/ sjúkdómatryggingar M hjá V.****Ágreiningur um hvort sjúkdómatrygging hafi verið í gildi á tjónstíma.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.03.2021 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 09.04.2021 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12.04.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að í nóvember 2016 hafi M greinst með krabbamein og farið í aðgerð vegna þess, og jafnframt hafi hann verið í lyfjameðferð á árinu 2018. M telur að V hafi ranglega sagt upp sjúkdómatryggingu hans þegar hann fór fram á uppsögn á líftryggingu. Ástæða uppsagnarinnar að sögn V sé sú að hann hafi ekki greitt afborgun af iðgjaldinu, en síðar hafi V tekið við fullri greiðslu. Þar sem V hafi tekið við greiðslu fyrir árið 2016 telur M sig eiga fullan bótarétt vegna sjúkdóma út árið 2016 og hafi uppsögn á samningnum ekki verið réttlætanager. Starfsmaður V hafi gert þau mistök að afskrá sjúkdómatryggingu M þegar hann óskaði eftir uppsögn á líftryggingu, og það hafi fyrst verið í samskiptum við þann starfsmann sem M hafi fengið upplýsingar um að váttryggingin hefði verið felld niður vegna vanskila. Hinn 13. maí 2016 hafi borist tvær greiðslur til V, sem geri það þá frekar ólíklegt að váttryggingin hafi verið felld niður vegna vanskila hinn 30. maí 2016.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi verið með sjúkdómatryggingu hjá V, en að hún hafi verið felld niður vegna vanskila. Tilkynning þess efnis að váttryggingin yrði felld úr gildi innan 14 daga bærist greiðsla ekki, hafi verið send til M og í kjölfarið hafi váttryggingin verið felld niður vegna vanskila eftir þá 14 daga hinn 30. maí 2016. Hinn 15. júní 2016 hafi M greitt vangoldin iðgjöld fram að niðurfellingardegi en ekki óskað eftir nýrri sjúkdómatryggingu. Hafi M aftur verið tilkynnt með tölvupósti hinn 21. júní 2016 að sjúkdómatryggingin væri fallin úr gildi og honum boðið að sækja um slíka váttryggingu að nýju. Það hafi hann ekki gert. Í nóvember 2016 hafi M sent nýja beiðni um sjúkdómatryggingu en þar sem umbeðin viðbótargögn hafi ekki borist hafi ekki verið unnt að afgreiða þá beiðni. Hafi því engin sjúkdómatrygging verið í gildi fyrir M hjá V frá 30. maí 2016.

Í viðbótarathugasemdum sínum tekur M fram að honum hafi ekki borist sú tilkynning sem V vísi til. Með því að skrá sig inn á heimasíðu V fái hann aðgang að upplýsingum um viðskipti sín við V og hvergi sé að finna tilkynningu um að váttryggingin falli niður innan 14 daga verði greiðsla ekki innst af hendi, og beri V hallann af sönnunarskorti um það. Greiðsla M eftir að umræddur uppsagnarfrestur átti að vera útrunninn sýni svo að honum hafi ekki verið ljóst að váttryggingin hefði verið felld úr gildi. Hafi verið brotið á rétti M með uppsögn á sjúkdómatryggingu hans og beri að ógilda þá ákvörðun V. Hér sé um það að ræða að starfsmaður V hafi gert þau mistök að ganga frá uppsögn á sjúkdómatryggingu hans þegar hann hafi aðeins sagt upp líftryggingu sinni. Aðrar ástæður séu svo dregnar fram til að firra V ábyrgð á þeim mistökum.

Álit:

Af gögnum málsins verður ráðið að gildistími umræddrar váttryggingar hafi verið frá 1. mars 2016 til 28. febrúar 2017, gjalddagi iðgjaldsins 1. mars 2016 og eindagi 31. mars 2016. Hinn 4. maí sendi V bréf, í samræmi við 1. mgr. 96. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, þess efnis að sjúkdómatrygging M félli niður yrði iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þess. Var váttryggingin í kjölfarið felld úr gildi. Samkvæmt greiðslufirliti sem liggur fyrir nefndinni og stafar frá M var iðgjald váttryggingarinnar, fyrir þann tíma sem hún var í gildi, þ.e. frá 1. mars 2016 til 30. maí sama árs, greitt hinn 15. júní 2016. Greiðsla vegna iðgjalds sjúkdómatryggingar M virðist hafa numið 2.600 kr., auk innheimtukostnaðar, og verður því ekki fallist á það með honum að iðgjald vegna alls ársins 2016 hafi verið greitt. Þær greiðslur sem M segist hafa innt af hendi hinn 13. maí 2016 virðast svo samkvæmt áður nefndu yfirliti hafa átt sér stað hinn 13. maí 2015, og verður því ekki ráðið af því að frekari greiðslur hafi átt sér stað vegna váttryggingarinnar á árinu 2016. Meðal gagna fyrir nefndinni eru tölvupóstamskipti milli M og V, en þar kemur m.a. fram, í tölvupósti V dags. 20. júní 2016, að sjúkdómatrygging M hafi verið felld niður vegna vanskila hinn 30. maí 2016. Sama dag kemur fram í tölvupósti frá V að ekki sé hægt að setja sjúkdómatrygginguna aftur í gildi án nýrrar beiðni frá M. Verður ekki annað ráðið af þessum samskiptum en að M hafi verið meðvitaður um framangreint og afþakkað nýja beiðni um sjúkdómatryggingu. Verður samkvæmt framansögðu að telja að umrædd váttrygging hafi verið fallin úr gildi er M greindist með krabbamein í lok október 2016 og að M hafi haft vitneskju um niðurfellinguna hennar vegna vanskila í síðasta

lagi hinn 20. júní 2016, enda sendi hann í nóvember sama ár beiðni um sjúkdómatryggingu til V. Er ekki fallist á það með M að niðurfellingu váttryggingarinnar sé að rekja til mistaka starfsmanna V. Verður samkvæmt öllu framansögðu að hafna kröfum hans.

Niðurstaða.

Sjúkdómatrygging M, hjá V, var fallin niður á tjónsdegi og á hann því ekki rétt til bóta úr henni.

Reykjavík 27. apríl 2021.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 105/2021**M og
V v/ fasteigna-og ábyrgðartryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns****Gögn.**

Málskot, móttakið 16.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir M, dags. 22. júlí 2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24. apríl 2020 vann starfsmaður á vegum M við að fylla laug, sem er sundlaug í sveitarfélaginu M, af vatni. Verkið hófst síðdegis 24. apríl 2020 með því að starfsmaður M skrúfaði frá vatni þannig að það byrjaði að renna í sundlauginu. Í málskoti segir að engar skriflegar verklagsreglur hafi verið til um verkið en almennt sé látið renna í lauginu yfir nótt og að venjulegum kringumstæðum taki það 15-17 klukkustundir að fylla aðalkei laugarinnar. Þá segir að umræddur starfsmaður hafi komið því þannig fyrir að eftirlitsferðir yrðu farnar um kvöldið en síðan kæmu starfsmenn til vinnu um morguninn en sundlaugin opnar kl. 06:30.

Þegar starfsmenn laugarinnar komu til vinnu að morgni 25. apríl 2020 kom í ljós að aðalkei sundlaugarinnar hafði yfirfyllst um nóttina og yfirfall í jöfnunartanki laugarinnar hafði flætt niður í sundlaugarkjallara. Af þessu hafi hlotist ýmis konar tjón, s.s. á dælum sundlaugarinnar, raki hafi komist í loftræstikerfi o.fl.

M telur að fyrir hendi sé ábyrgð á því tjóni sem varð af atvikinu. Í fyrsta lagi á grundvelli vatnstjónshluta húseigendatryggingar og í öðru lagi á grundvelli annarra ábyrgðartrygginga. M hefur hafnað því að tjónið falli undir skýrt orðalaga skilmála vatnstjónshluta húseigendatryggingarinnar og að tjónið sé rekið til stórfellds gáleysis starfsmanna M með því að skrúfa frá inndælingarbúnaði í gangi án nokkurs eftirlits. Loks hafi M ekki borist formlegar tjónstilkynningar eða kröfur í aðrar ábyrgðartryggingar og því beri að vísa þeim kröfum frá nefndinni. Hefur M krafist bóta fyrir það tjón sem varð vegna vatnstjóns úr vatnstjónshluta húseigendatryggingar A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gildissviði vatnstjónstryggingar M hjá V er í fyrsta lagi ljóst að tryggingin tekur aðeins til skemmda á vátryggðri húseign sem á upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum, sbr. a-lið 1 .gr. skilmálanna. Þá segir í b-lið 1.gr. að tryggingin bætir tjón sem verður þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum, frystikistum og kælikápum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og vatnsrúmum og fiskabúrum. Loks segir í c-lið 1.gr. skilmálanna að tryggingin bæti tjón á húseign vegna leka úr leiðslum í sameign. Af málsatvikum er ljóst at vatnstjónið varð þar sem starfsmaður M skrúfaði frá inndælingarbúnaði laugarinnar og lét vatnið renna yfir nótt án viðeigandi eftirlits. Verður þannig ekki séð að vatnstjónið falli undir framangreinda liði í vátryggingarskilmálum V vegna fasteignatryggingar, auk þess sem tæki sem tilheyrir sundlaug verði ekki felld undir hugtakið hreinlætistæki m.v. almenna skýringu orðsins í vátryggingaskilmálunum. Loks verður V ekki um það kennt að M hafi ekki gætt nægilega að því hvaða skilmálar gildi um vátryggingar M. Þá verður einnig að fallast á sjónarmið V um að telja verði það stórfellda vanrækslu starfsmanna M að hafa haft inndælingarbúnað í gangi yfir nótt án nokkurs eftirlits. Hvað varðar kröfur M í aðrar tryggingar hjá V þá verður ekki annað séð af gögnum málsins en að slíkar kröfur hafi ekki verið settar fram gagnvart V. Af því leiðir að vísa verður þeim kröfum frá nefndinni, sbr. 2. mgr. 5. gr. samþykktar nefndarinnar, en þar segir: „Áður en málskotsaðili getur leitað til nefndarinnar skal hann hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag. Málskot verður að hafa borist nefndinni innan árs frá því að málskotsaðili fékk skriflega tilkynningu vátryggingafélags um að kröfu hans væri hafnað.“ Enginn getur átt skaðabótakröfur á sjálfan sig og getur M ekki byggt kröfu um bætur á því að slíkt tjón greiðist úr eigin ábyrgðartryggingu. Kröfur um viðurkenningu bótaskyldu vegna mögulegra skaðabótakrafna annarra hafa ekki verið lagðar fyrir V miðað við þau gögn sem liggja fyrir hjá nefndinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónshluta húseigendatryggingar sinnar hjá V. Kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingar M hjá V er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann T. Sigurðsson lögm.

Mál nr. 106/2020**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns þann 7.1.2020.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 17.3.2021, ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags, 25.3.2021.
3. Bréf M, dags. 16.4.2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi keypt snjósleðaferð af ferðapjónustufyrirtæki sem X starfrækir. Var brottför fyrirhuguð frá bækistöð X við Geldingafell austan við Langjökul kl. 12:30 þann 7.1.2020 og lá fyrirhuguð leið þeirra að íshelli sem liggur við jökulssporðinn. Hópurinn sem M var hluti af mætti á bækistöðina kl. 12:00. Þá kemur fram í gögnum málsins að Veðurstofan hafi verið búin að gefa út gula veðurviðvörðun á svæðinu. Öllum öðrum sleðaferðum á svæðinu hafi því verið aflýst vegna veðurs. Var veðurspáin á þá leið að slæmt veður myndi skella á svæðinu um kl. 15:00 og hugðust skipuleggjendur ferðarinnar freista þess að fara ferðina þrátt fyrir slæma spá og ljúka ferðinni áður en veðrið skylli á.

Í málskoti M er því lýst að brottför hafi tafist um tuttugu mínútur af óviðráðanlegum orsökum. Forsvarsmenn ferðarinnar hafi þrátt fyrir tafirnar haldið sig við áætlun um að skoða íshellinn. Tók skoðun íshellisins einnig lengri tíma en áætlað var og var hópurinn því orðinn u.þ.b. 45 mín seinna á ferðinni en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Þegar hópurinn snéri til baka frá íshellinum var farið að bæta í vind og færð orðin erfið. Hópurinn fór því töluvert hægar yfir en venjulega. Ákvað aðalleiðsögumaður ferðarinnar að halda ekki áfram og bjó til skjól með sleðunum. Kallaði hann einnig til viðbúnaðarteymi frá X sem lagði af stað á bílum frá Flúðum og reyndi að nálgast hópinn. Þurftu þeir hins vegar frá að hverfa vegna ófærðar. Í kjölfarið var ákveðið að reyna að aka til móts við hópinn á snjótroðara sem staðsettur var í Skálpanesi. Ekki vildi betur til en að hann bilaði eftir nokkur hundruð metra akstur. Var fólkinu komið í skjól upp úr miðnætti og hafðist M við í bilaðri bifreið þar til hún var flutt af vettvangi. Um kl. 02:15 barst staðfesting frá viðbragðsaðilum að allir úr hópnum væru komnir af vettvangi. Var fólkið flutt í hópum á mismunandi farartækjum, fyrst að Geldingafelli og þaðan að Gullfosskaffi í fjöldahjálparstöð.

Lýsir M því að hún hafi þurft að halda kyrru fyrir við vélsleðana í ellefu klukkustundir og í kjölfarið u.þ.b. þrjár klukkustundir í óupphituðum bíl á vegum X. Þá kveðst hún hafa þurft að aðstoða unglingsdreng sem einnig var í ferðinni. Kveður hún aðstæðurnar og áraunina hafi orðið til þess að hún hafi hlotið ýmsa líkamlega áverka m.a. bakáverka, verki í brjóstakassa, kal á fingrum og tám, taugaverki, taugabólgu, vöðvaverki, streitu og áfallastreituröskun.

Hefur M gert þá kröfu að líkamstjón hennar verði bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með í gildi hjá V. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli þess að starfsmenn X hafi sýnt af sér gáleysi, þeir hafi verið meðvitaðir um veðurspár og gular viðvaranir en látið sér það í léttu rúmi liggja og þrátt fyrir það haldið í vélsleðaferðina.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að líkamstjón M verði ekki rakið til skyndilegs og óvænts atburðar. Vísar V til ákvæðis 3.1. gr. í viðeigandi skilmála en þar komi fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggða vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Enn fremur vísar X til þess að hvergi í atburðarrás þeirri sem M lýsir sé minnst á eitthvað eitt atvik sem valdið hafi líkamstjóni hennar, heldur sé aðeins talað um ferðina í heild og að óveðrið, færðin og aðstæðurnar hafi verið skyndilegar og óvæntar. Telur X þar af leiðandi að líkamstjón M verði hins vegar ekki rakið til skyndilegs og óvænts atburðar í skilningi váttryggingarskilmálans.

Álit.

Samkvæmt 3.1. gr. váttryggingarskilmála ábyrgðartryggingar þeirrar sem X hafði keypt hjá V tekur ábyrgðartryggingin til skaðabótaábyrgðar sem fellur á váttryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar, sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningslaust sé með aðilum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umræddri snjósleðaferð og að líkamstjón

hennar verði rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi X. Ágreiningur málsins snýr þar af leiðandi eingöngu að því hvort líkamstjón M verði rakið til skyndilegs og óvænts atburðar.

Fyrir liggur að skipuleggjendur ferðarinnar og leiðsögumenn vissu að von væri á slæmu veðri á svæðinu um svipað leyti og fyrrgreind snjósleðaferð var fyrirhuguð. Hugðust þeir samt sem áður freista þess að fara ferðina og ná til baka áður en veðrið skylli á. Óvæntar tafir leiddu hins vegar til þess að ferðatíminn var lengri en til stóð og lenti hópurinn þar af leiðandi í óveðrinu. Að mati nefndarinnar hefðu starfsmenn X með réttu átt að bregðast við þessum óvæntu töfum með því að aflýsa ferðinni eða flýta heimför. Það gerðu þeir hins vegar ekki og verður sú háttsemi þeirra metin þeim til gáleysis.

Við mat á því hvort líkamstjón M hafi orðið vegna skyndilegs og óvænts atburðar í skilningi vátryggingarskilmálans verður að líta til atburðarrásarinnar í heild sinni. Þrátt fyrir að starfsmenn X hafi vitað af yfirvofandi óveðri, metið aðstæður með röngum hætti, og teflt hópnum í tvísýnu er ekki þar með sagt að líkamstjón M hafi ekki hlotist af skyndilegum og óvæntum atburði. Segja má að líkamstjón M verði rakið til óvæntrar atburðarrásar, svo sem ófyrirséða tafa, þess að hópurinn fór hægar yfir en búist var við, bilunar á björgunarbúnaði, óvæntra aðstæðna á vettvangi og fleiri atvika sem óþarft er að telja upp. Atburðarás sú sem leiddi til líkamstjóns M var þannig óvænt, með því að starfsmenn X hafi vanmetið hættuna sem fylgdi því að fara í ferðina. Enn fremur er óhætt að fullyrða að aðstæðurnar sem leiddu til tjónsins hafi verið óvæntar fyrir M.

Þá verður ekki annað ráðið að veðrið hafi skolið á mjög skyndilega. Þegar litið er til þess að M var í aðstæðum sem hún hafði ekki möguleika til að bjarga sér frá sjálf verður að leggja til grundvallar að atburður sem leiddi til líkamstjóns hennar hafi verið skyndilegur og tekur sú túlkun á orðinu skyndilegt mið af sjónarmiðum sem hafa verið lögð til grundvallar við túlkun á sama orði í svokölluðu slyshugtaki vátryggingaréttar, en þar reynir einnig á túlkun orðsins skyndilegt í vátryggingarskilmálum.

Með hliðsjón af framangreindu og þrátt fyrir að hrakningar M hafi staðið yfir í næstum 14 klukkustundir verður að líta svo á að líkamstjónið sem hún varð fyrir verði rakið til skyndilegs og óvænts atburðar. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X, hjá V,

Reykjavík, 4. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 107/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um skerðingu bóta til farþega þar sem ökumaður var óhæfur til aksturs ökutækis.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 17.3.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 31.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Aðfaranótt 24. júní 2020 var M farþegi í bifreiðinni A er henni var ekið á steiptan kant á hringtorgi á Arnarnesvegi sem myndar brú yfir Reykjanesbraut. M varð fyrir meiðslum við atvikið.

Í lögregluskýrslu kemur fram að rökkur hafi verið, rigning og blautt færi. Eftir ökumanni A er haft að hann hafi ekið Reykjanesbraut til suðurs og aðreïn að hringtorginu á Arnarnesvegi þegar hann hafi misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hann hafi ekið á vegrið og steiptan kant. Hann vissi ekki hversu hratt hann ók. Þá kvað hann framdekk A hafa verið léleg. Þá segir í skýrslu lögreglunnar að ökumaður A hafi verið í annarlegu ástandi, verið sljór, jafnvægi óstöðugt, framburður ruglingslegur og málfar óskýrt. Aðspurður kvaðst ökumaðurinn vera með ADHD og sykursýki og hafa tekið Sobril um morguninn en neitaði að hafa neytt fíkniefna.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, dags. 24. júní 2020, mældust 155ng/ml af amfetamíni í blóði ökumannsins og 260 ng/ml af oxazepam. Um amfetamín segir í matsgerðinni að það sé í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. Ökumaður teljist því hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá segir um oxazepam að það sé róandi og kvíðastillandi lyf af flokki benzodíazepína. Það hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfið og dragi úr aksturshæfni í læknanlegum skömmtum. Styrkur lyfsins í blóði ökumannsins sé lágur, en það kunní að hafa dregið úr aksturshæfni hans.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í slysinu. V hefur fallist á bótaskyldu en kveður að skerða beri bætur um 2/3 hluta með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar þar sem hún hafi tekið sér far með ökumanni sem var undir áhrifum fíkniefna og/eða lyfja.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Á hinn bóginn má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 4. mgr. lagagreinarinnar.

Eins og líkamsástandi ökumannsins er lýst í lögregluskýrslu átti M ekki að geta dulist að hann væri vart í ökufæru ástandi. Hún sýndi því stórkostlegt gáleysi með því að þiggja far með honum. Takmarkaðra gagna nýtur við í málinu um samskipti M og ökumannsins áður en ökuferðin hófst. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skerða bætur um 1/3 og telst hún því eiga rétt á bótum að 2/3.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 108/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys 26. febrúar 2019.****Gögn.**

1. Málskot dags. 18. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 14. apríl 2021, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 20. apríl 2021, ásamt tölvupósti M dags. 8. október 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 26. febrúar 2019 verið að afferma steypumót af vörubíl með starfsfélögum sínum. Sérstakur krani hafi verið notaður við afferminguna og sé hann í eigu tilgreinds fyrirtækis, annars en X, og stjórnandi kranans á vegum þess fyrirtækis. M lýsir atvikum þannig að hvasst hafi verið í veðri og hafi komið sterk vindhviða sem hafi ýtt steypumóti í hífingu til hliðar þannig að M datt niður af palli bifreiðarinnar og hlaut við það líkamstjón.

M telur að vinnuveitandi hans, X, beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans þar sem engin þjálfun hafi átt sér stað um framkvæmd þess verkþáttar sem átti að framkvæma, eða því verklagi sem átti að viðhafa, auk þess sem M hafi verið gert að skrifa undir áhættumat eftir atvikið. Einnig telur M að varhugavert hafi verið að vinna verkið sem honum var falið að vinna í því hvassviðri sem hafi verið og vísar um það til gagna frá Veðurstofu Íslands um vindstyrk frá 15,3 til 18,9 m/sek í hviðum. M kveðst einnig hafa fengið þau skilaboð að verk sem þessi ættu að vinnast hratt og ekki hafi verið nægilega gætt að verkstjórn og aðbúnað á vinnustaðnum í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og fyrirmæli tengdum reglum. Einnig vísar M til þess að slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins þrátt fyrir óvinnufærni hans og þannig verið brotið gegn fyrirmælum um tilkynningarskyldu skv. 79. gr. laga nr. 46/1980.

V telur að M hafi ekki sýnt fram á að líkamstjón hans sé hægt að rekja til saknæms vanbúnaðar af hálfu X eða saknæmra mistaka starfsmanna X. V telur það rangt og ósannað að vindur hafi verið orsök slyss M með vísan til þess að þær einingar sem hafi verið hífðar hafi verið það þungar að vindur hafi ekki átt að geta hreyft við þeim, auk þess sem ekki sé minnst á vind í fyrstu gögnum málsins. V telur að orsök slyssins sé sú að M hafi ekki komið sér í skjól áður híft var og hann hafi fengið viðvörðun um hífingu áður en hún hófst. Einnig vísar V til þess að M hafi unnið hjá X í tæp tvö ár þegar hann slasaðist og hafi auk þess haft langa reynslu af vinnu á byggingarstað. V telur verkið hafa verið einfalt og ekki þurft umfangsmikla verkstjórn og að M hafi undirritað áhættumat vegna verkþáttarins. Auk þessa bendir V á að stjórnandi kranans hafi stýrt hífingu og sá sé ekki starfsmaður X.

Álit.

Í málinu liggur fyrir, m.a. í málskoti M sjálfs, að sá sem stjórnaði krana sem notaður var til að hífa steypumót eða forsteyptar einingar af vörubílspalli hafi ekki verið starfsmaður X. Þegar litið er til þess sem liggur fyrir um orsök líkamstjóns M verður ekki annað ráðið en að það hafi komið til við slíka hífingu, þannig að það sem híft var hafi ýtt við M með þeim afleiðingum að hann féll af palli vörubifreiðarinnar. Verður að ætla þeim sem stjórnar krana við slíka hífingu að gæta þess sérstaklega að hífingin sé framkvæmd án hættu fyrir samstarfsmenn kranastjórnandans. Verður ekki fullyrt m.v. fyrirliggjandi gögn að veðuraðstæður hafi verið þannig að X hefði átt að stoppa af hífingu, verkstjórn af hálfu samstarfsmanna M hjá X hafi verið ábótavant eða aðstæður á vinnustaðnum þannig að einhver slíkur hafi átt að grípa inn í atburðarásina. Skilyrði til skaðabótaábyrgðar X eru því ekki fyrir hendi og þannig á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 109/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys 23. nóvember 2018 á bifreiðaverkstæði.****Gögn.**

1. Málskot dags. 11. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 8. apríl 2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í tjonstilkynningu M og X til Sjúkratrygginga Íslands dags. 13. desember 2018 kemur fram að 23. nóvember sama ár hafi M slasast þegar skaft brotnaði af sleggju sem samstarfsmaður hans var að vinna með og endaði sleggjuhaus í andliti M. Í skriflegri tilkynningu X til Vinnueftirlitsins dags. 23. nóvember 2018 kemur fram að samstarfsmaður M hafi verið að vinna við rútu sem var uppi á bílalyftu með sleggju þegar skaft sleggjunnar brotnaði og haus sleggjunnar lenti í andliti M. Í tölvupósti frá Vinnueftirlitinu kemur fram að sú tilkynning X hafi ekki borist þangað fyrr en 28. maí 2019, en afrit tölvupósts starfsmanns X til embættisins liggur einnig fyrir í gögnum málsins, dags. 28. nóvember 2018.

M telur að slys hans megi rekja til þess að sá starfsmaður sem beitti sleggjunni þannig að skaft hennar brotnaði hafi ekki sýnt næga aðgæslu við störf sín. Einnig telur M að aðbúnaður á vinnustað X hafi ekki verið nægilega öruggur. M vísar til þess að honum hafi verið fyrirskipað að vinna í návígi við starfsmann sem beitti þungri sleggju og hafi skipulag vinnunnar ekki verið í samræmi við fyrirmæli 13., 14., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnuvinnu stöðum og að X hafi borið að útvega starfsmönnum sínum betri og öruggari tækjakost en þá sleggju sem var verið að nota. Einnig telur M að slys hans megi rekja til saknæms skorts á verkstjórn. M bendir þar að auki á að skrifleg tilkynning til Vinnueftirlits hafi ekki borist embættinu fyrr en 28. maí 2019 og hafi X því ekki farið eftir fyrirmælum 79. gr. laga nr. 46/1980 og ekki hafi verið unnt að rannsaka vettvang. Einnig hafi ekki verið hægt að rannsaka sleggjuna sjálfa og ástand hennar. Þessu til viðbótar vísar M því á bug að hann sjálfur hafi sýnt gáleysi við vinnu sína.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að starfsmaður sá sem beitti sleggju í umrætt sinn hafi sýnt gáleysi við þá beitingu eða að gáleysi hafi verið sýnt við eftirlit með tækjakosti fyrirtækisins. Ekki hafi verið ljóst að sleggjan sem notuð var í greint sinn hafi verið í slæmu ástandi og ekki hafi M verið gert að vinna nálægt þeim starfsmanni sem sleggjunnar beitti. V bendir einnig á að M hafi að sögn X ekki átt að vera á því svæði sem hann var á þegar hann slasaðist, hann hafi verið utan merktrar gönguleiðar og hafi því átt að vera ljóst að verið var að vinna við að nota sleggju, auk þess sem hann hafi haft um 5 ára starfsreynslu hjá X. V telur einnig að tilkynningaskyldu hafi verið fullnægt vegna slyssins, M hafi ekki greint yfirmönnum sínum frá því að hann hafi verið óvinnufær vegna slyssins lengur en slysdag, heldur að mögulega þyrfti að laga tennur hans. Einnig vísar V til þess að tölvupóstur hafi verið sendur til Vinnueftirlits 28. nóvember 2018 sem virðist hafa lent í ruslþósthólfi og komi fram í tölvupósti starfsmanns Vinnueftirlitsins viðurkenning á því. V telur að ekki hafi verið skýrt strax eftir slysið að líkamstjón M hafi verið þess eðlis að tilkynningarskylda hafi verið vanrækt af hálfu X. V telur slys M hafa orðið vegna tilviljunarkenndra atvika þegar haus sleggju hafi óvænt og fyrirvaralaust losnað af og skotist í gegnum þröngt op við hjólaskál rútu sem samstarfsmaður M var að vinna við viðgerð á og ekkert bendi til þess að ófullnægjandi tækjabúnaður, verkstjórn eða gáleysi starfsmanna X hafi orsakað tjónið.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um mögulega skaðabótaskyldu X á líkamstjóni M við vinnu þegar haus sleggju losnaði og lenti í andliti hans. Í gögnum málsins má sjá að læknavottorð um óvinnufærni er dagsett sama dag og slysið varð, en einungis fyrir þann dag. Einnig liggur fyrir vottorð dags. 26. nóvember 2018 um frekari óvinnufærni. Ekki var tilkynnt samdægurs um slys til Vinnueftirlits og upplýst er að enginn frá stofnuninni kom á slystað til úttektar. Í ljósi þess að M varð óvinnufær strax eftir slysið verður ekki annað séð en að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Með tilliti til dómaframkvæmdar verður því að leggja frásögn M af málsatvikum til grundvallar. Engin formleg skýrsla liggur fyrir um málsatvik frá M sjálfum en í tjonstilkynningu sem hann ritar undir til Sjúkratrygginga Íslands er atvikum þannig lýst að sleggjuhaus hafi losnað með þeim afleiðingum að hann lenti í andliti M. Sú frásögn hans verður því lögð til grundvallar, sbr. dómaframkvæmd um sönnunarstöðu þegar tilkynningarskylda hefur verið vanrækt. Í afstöðubréfum V og gögnum frá X er atvikum lýst með sama hætti og verður því ekki litið svo á að ágreiningur sé um málsatvik hvað það varðar að sleggjuhausinn lenti í andliti M.

Ágreiningur er hins vegar um háttsemi þess samstarfsmanns M sem beitti sleggjunni, ástand hennar, verkstjórn og staðsetningu M þegar hann slasaðist. Eins og áður segir liggur ekki fyrir skýrsla af M um ofangreint, ekki liggur fyrir skýrsla af þeim sem beitti sleggjunni eða annarra samstarfsmanna M um fyrirkomulag vinnu þeirra sem framkvæmd var á verkstæðinu. Ekki er því hægt að leggja framburð M til grundvallar til að varpa frekari ljósi á það. Í gögnum málsins að öðru leyti verður ekki séð að það bendi nokkuð til þess að verkstjórn hafi verið ábótavant eða eftirlit með handverkfærum hafi skort. Ekki liggur heldur fyrir að vinnubrögð samstarfsmanns M hafi verið gáleysisleg eða að ástand sleggjunnar hafi verið þannig að hún hafi ekki verið nothæf til þess verks sem hún var notuð í. Ekki verður lagt til grundvallar að skortur á sönnun þessara atriða leiði sjálfkrafa til skaðabótaskyldu X. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M því ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 110/2021**M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar X.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags vegna áaksturs 3. maí 2019.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 31. mars 2021, ásamt váttryggingarskilmálum og úrskurði nefndarinnar í máli 317/2020.
3. Tölvupóstur lögmanns M til nefndarinnar, dags. 6. apríl 2021, ásamt tölvupóstssamskiptum við V frá nóvember 2020-mars 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að síðdegis hinn 3. maí 2019 hafi bifreið M orðið fyrir tjóni með þeim hætti að henni var fyrst ekið aftan á aðra bifreið sem og með þeim hætti að ökumaður bifreiðar M missti stjórn á henni og hún hafnaði á vegriði. Í gögnum málsins kemur einnig fram að í blóði ökumanns bifreiðar M hafi mælst 0,61 prómill eftir atvikið og í lögregluskýrslu kemur fram að áfengisþef hafi legið frá vitum ökumannsins. Í úrskurði nefndarinnar, í máli nr. 317/2020, var fjallað um háttsemi ökumannsins og niðurstaða nefndarinnar sú að hann hefði sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn þar sem hann hefði annars vegar brotið gegn 1. mgr. 45. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kemur fram að óheimilt væri að stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki undir áhrifum áfengis og 2. mgr. sömu lagagreinar þar sem kemur fram að ökumaður telst ekki geta stjórnað ökutæki örugglega, ef vínandamagn í blóði hans nemur 0,50 prómillum en er minna en 1,20 prómill. Einnig taldi nefndin að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður og þannig gegn fyrimælum 1. mgr. 36. gr. þágildandi umferðarlaga, þar sem kveðið er á um að ökuhraði skuli aldrei vera meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað þá áður en kæmi að hindrun sem gera má ráð fyrir. Með vísan til ákvæðis 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 var ábyrgð váttryggingafélags vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar M takmörkuð um helming líkamstjóns ökumannsins. Bifreið M var kaskótryggð hjá V og er nú ágreiningur um hvort takmarka eigi rétt til greiðslu bóta út þeirri váttryggingu.

M telur að ósannað sé að ökumaður bifreiðar M hafi ekið of hratt og að áfengismagn í blóði hans hafi verið óverulegt þegar tjónsatburður varð og ekki sé því um stórkostlegt gáleysi að ræða, og með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga ekki unnt að takmarka ábyrgð V.

V telur að takmarka eigi ábyrgð þess að fullu úr kaskótryggingu vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðar M við aksturinn þar sem hann hafi ekið undir áhrifum áfengis og of hratt m.v. aðstæður. Þannig hafi ökumaðurinn brotið gegn varúðarreglu gr. 8.3 í váttryggingarskilmálum, þar sem komi fram að ökumaður megi ekki stjórna ökutæki undir áhrifum áfengis og sýnt stórkostlegt gáleysi með vísan til gr. 20.2 í sömu skilmálum. V vísar til þess að heimild félagsins til takmörkunar ábyrgðar í heild sé í annars vegar 26., sbr. gr. 17.2 í váttryggingarskilmálum, og hins vegar 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga. Einnig bendir V á að heimild til samsömunar sé skýr í gr. 21.1 váttryggingarskilmála.

Þessu til viðbótar heldur V því fram að M hafi fengið bréf um höfnun bótaskyldu hinn 19. júní 2019. Málskot vegna þessa máls hafi hins vegar ekki verið mótttekið fyrr en 18. mars 2021 og hafi því eins árs frestur M til að skjóta málinu til nefndarinnar verið liðinn, sbr. 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarskilmála. M bendir á í tölvupósti sínum dags. 6. apríl sl. að V hafi fallið frá því að bera fyrir sig umræddan ársfrest og vísar til tölvupóstssamskipta dags. 17. mars sl. við starfsmann V þar sem eftirfarandi kemur fram um fyrirhugað málskot til nefndarinnar: „Gætir fengið heimild frá eiganda og við föllum frá ársfresti til að skjóta málinu þangað sem er liðinn.“

Álit.

Í 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að váttryggður geti glatað rétt til bóta höfði hann ekki mál eða skjóti máli til nefndarinnar innan árs frá því að honum er sannanlega tilkynnt um að kröfu hans er hafnað. Ljóst er af gögnum málsins að V sendi sannanlega tilkynningu til M þar sem bótaskyldu er hafnað úr kaskótryggingu hinn 19. júní 2019. Einnig er ljóst að starfsmaður V sendi í tölvupósti sínum dags. 17. mars sl. yfirlýsingu um að félagið myndi falla frá umræddum ársfresti ef lögmaður ökumanns bifreiðar M fengi heimild frá M til að skjóta málinu til nefndarinnar fyrir hönd M. Þar sem það gekk eftir verður að miða við að V hafi fallið frá þeim ársfresti sem kveðið er á um í 2. mgr. 51.

gr. laga um váttryggingarsamninga og nefndin geti því fjallað um efnislegan ágreining, þ.e. hvort heimild sé til að takmarka ábyrgð V úr kaskótryggingu bifreiðar M.

Í váttryggingarskilmálum V fyrir kaskótrygging er heimild til samsömunar milli váttryggðs og ökumanns bifreiðar sem er kaskótryggð, sbr. gr. 21.1 og ekki er að sjá af gögnum málsins að ágreiningur sé um hvort sú heimild er fyrir hendi, sbr. a.liður 2. mgr. 29. gr., eða eftir atvikum 3. mgr. 29. gr laga um váttryggingarsamninga.

Til skoðunar hér er því hvort V hafi haft heimild til að takmarka ábyrgð sína úr kaskótryggingu M vegna háttsemi ökumanns bifreiðarinnar hinn 3. maí 2019 og ef svo er hvort heimild til takmörkunar sé í heild eða að hluta. Eins og kemur fram hér að ofan hefur nefndin í máli nr. 317/2020 fjallað um háttsemi ökumanns m.t.t. bótaréttar hans sjálfs í slysatryggingu ökumanns. Verður það mat nefndarinnar lagt til grundvallar við mat á sömu háttsemi þannig að háttsemin sé stórkostlegt gáleysi. Heimild V til takmörkunar á ábyrgð úr kaskótryggingu bifreiðar M vegna stórkostlegs gáleysis er í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga, sbr. fyrrnefnd heimild til samsömunar í 29. gr. sömu laga. Við mat á því hvort takmörkun sé í heild eða að hluta „...skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.“ Um er að ræða álíka orðalag og er í persónutryggingahluta laganna og 1. mgr. 90. gr. þeirra, sem reyndi á í máli nefndarinnar nr. 317/2020. Verður því sama takmörkun lögð til grundvallar, eða um helming heildartjóns M. Röksemdir V vegna brots á varúðarreglum varða eingöngu þá háttsemi ökumannsins sem telst til stórkostlegs gáleysis, þ.e. akstur undir áhrifum áfengis og verður því ekki lagt til grundvallar að það brot feli í sér umfram takmörkun á grundvelli 26. gr. laganna. M á því rétt á bótum vegna helmings tjóns á bifreið sinni hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum sem nema helmingi heildartjóns á bifreiðarinn X úr kaskótryggingu V

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 111/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar veitufyrirtækis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna rafmagnsleysis.****Gögn.**

Málskot, móttækið 18.3.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 10.6.2021.
Bréf V, dags. 13.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti og síðari athugasemdum M má ráða að M hafi orðið fyrir tjóni, m.a. á hráefni, af völdum rafmagnsleysis í verksmiðju M 5. ágúst 2020 vegna bilunar í tengivirki A á staðnum B.

Að beiðni A var tiltekin verkfræðistofa, D, fengin til að gera sérstaka skýrslu, svonefnda rötargreiningu, á orsökum rafmagnsleysisins. Í 2. kafla skýrslunnar er fjallað um atburðarásina. Þar kemur m.a. fram að kl. 9:23 að morgni 5. ágúst 2020 leysti aflrofi teinatengis út í tengivirkinu af ókunnum orsökum. Við þessa útleysingu varð rafmagnslaust í byggðarlögum í nágrenni A. Kl. 10:30 hafði ekki tekist að finna skýringu á útleysingunni. Var þá afráðið að færa spennu yfir á nýja tengingu sem unnið hafði verið að áður en atvikið varð. Þar sem aflrofi teinatengisins hafði þegar leyst út var ekki talin þörf á að framkvæma sum af fyrstu skrefum aðgerðarinnar og ekki var talin þörf á að uppfæra aðgerðarlista og framkvæmdalista vegna þessarar yfirfærslu. Mun yfirfærslan hafa hafist kl. 10:50 á því að aðgerðarstjóri fór yfir forsendur aðgerðar og allt væri klárt fyrir aðgerðina. Síðan segir svo í skýrslunni, orðrétt:

„Næsta skref samkvæmt aðgerðarlistanum var að opna skilrofa teinatengisins, það er að draga út rofavagn aflrofa teinatengisins til að fullrjúfa SP3. Aðgerðarstjórinn opnaði stýrimynd rofa og las upp KKS kóða hans. Þar sem réttur KKS kóði fyrir skilrofann er í aðgerðarlistanum er ljóst að aðgerðarstjórinn opnaði stýrimynd fyrir rangan skilrofa, það er skilrofa í teinunum, og las KKS kóða þess rofa úr stýrimyndinni... Rofastjórinn gerði athugasemd við kóðann nokkurn veginn á sama augnabliki og aðgerðarstjórinn gaf skipun um að opna skilrofann kl. 10:52... Rofastjórinn var staddur í rofasalnum fyrir framan næsta reit við teinatengisreitinn þegar hann áttaði sig á að rangur rofi einungis um 3 m frá honum... sá bjartan bjarma sem varð sífellt bjartari og svo varð sprenging. Hann missti andann og hneig niður í gólfð. Bjarminn stafaði af ljósboga sem myndaðist þegar annar teinaskilrofa 66 kV virkisins opnaðist með teininn undir spennu og álag að fara eftir teinunum, en slíkur rofi er ekki gerður til að opna undir álagi... Strax þegar teinaskilrofinn opnaðist bárust boð til stjórnstöðvar um að allir 66 kV rofar virkisins hefðu leyst út og einnig spennarnir á 132 kV og við það bættist straumleysi á... við það straumleysi sem fyrir var vegna þess að SP3 var úti. Til viðbótar leysti verksmiðjan hjá [M] út en kom fljótlega inn aftur. Aðgerðarstjórinn áttaði sig strax á að rangur rofi hefði verið tekinn út...“

Í 3. kafla skýrslu D, um það sem betur mátti fara, segir að atvikið hafi verið afleiðing raðar af atburðum: Í fyrsta lagi hafi áður ákveðinni aðgerð verið flýtt vegna útleysingar á SP3, í öðru lagi hafi rangur skilrofi verið opnaður í aðgerðinni, í fjórða lagi hafi millilæsingar skilrofans ekki verið virkar og í fjórða lagi hafi rofastjórinn staðið nálægt rofanum sem opnaðist. Enn fremur segir í þessum kafla skýrslunnar að ekkert hafi bent til annars en að aðgerðarlisti og framkvæmdalisti hafi verið réttir og ekki verði annað séð en að þeir hafi staðið fyrir sínu miðað við þær reglur sem giltu.

Í 4. kafla umræddrar skýrslu D er fjallað um tillögur til úrbóta og ábendingar. Þar kemur m.a. fram að passa þurfi upp á að starfsmaður sem hefur þurft að vinna meirihluta nætur fari ekki á vakt strax morguninn eftir. Enn fremur er lagt til að bætt verði inn í aðgerðarlista hverju sinni að bíða skuli staðfestingar rofastjóra á vali á rofa og einnig staðfestingar hans á að enginn sé á hættusvæði áður en rofi er hreyfður. Sömu leiðis verði bætt á framkvæmdalista að rofastjóri staðfesti að enginn sé á hættusvæðinu áður en rofi er hreyfður. Einnig er lagt til að millilæsingar allra 66 kV skilrofa verði yfirfarnar og í framhaldinu verði þær uppfærðar þannig að þær séu virkar við stýringu frá stjórnstöð og öðrum stjórnflötum eftir því sem ástæða þykir til. Millilæsingarnar verði svo prófaðar rækilega eftir að þeim hefur verið komið á.

Þá segir í 5. kafla skýrslunnar, lokaorðum, að meginorsök atburðarins hafi verið mannleg mistök þegar rangur skilrofi var opnaður. Óheppilegar aðstæður hafi leitt svo til þess að næstum varð slys á fólki. Viðbrögð eftir það hafi að langmestu leyti verið markviss og tekist vel þó svo að upplýsingagjöf hafi verið ábótavant og finnstilla hafi mátt nokkur atriði. Eftir aðgerðarstjóranum er haft að hann hafi verið svekktur yfir sínum dómgreindarbresti að hafa haldið áfram að vinna eftir að hafa unnið alla nóttina og

hann hafi greinilega ekki verið nógu vel fyrir kallaður. Hann væri hugsí yfir hvernig hann hafi gert umrædd mistök þar sem hann þekki þetta vel og kunni þetta allt.

M kveður samning milli sín og A vera í gildi um flutning og afhendingu rafmagns. M sé stórnotandi sem reiði sig á stöðugt rafmagn og ákvæði samningsins beri þess merki að rík áhersla sé lögð á afhendingaröryggi. Þannig sé m.a. í greinum samningsins fjallað um gæði eða öryggi þeirrar raforku sem A afhendir M, að skyldur M séu háðar því að staðið sé við afhendingu rafmagns eins og um hafi verið samið og að skylda A samkvæmt samningnum ná til afhendingar rafmagns öllum stundum og einu frávikin sem að þessu lúta varði nauðsynlegar aðgerðir sem verði jafnframt ekki framkvæmdar nema að undangengnu samráði við M. Rafmagnsleysi það sem olli tjóni hjá M hafi orðið af völdum stórkostlegs gáleysi af hálfu A. Er í því efni einkum vísað til fyrrgreindrar skýrslu D þar sem fram hafi komið að hlaupið hafi verið yfir sum af fyrstu skrefum aðgerðarinnar og með því hafi álag á mannskap aukist. Þegar kom að því að opna skilrofa teinatengis hafi aðgerðarstjóri opnað ranga stýrimynd og lesið upp rangan kóða. Á þessu tímamarki hafi aðgerðarstjóra orðið á augljós og alvarleg mistök, einkum í ljósi þess að ekki var beðið staðfestingar rofastjóra á vali á rofa, eins og eigi að gera og ekki hafi verið tryggt samræmi milli yfirferðar öryggisráðstafana í aðgerðarlista og framkvæmdalista. Einnig hafi millilæsingar skilrofa ekki verið virkar. Enn fremur hafi aðgerðarstjóri í stjórnstöð unnið meirihluta nætur áður en hann fór á vakt umræddan morgun. Þá hafi A borið samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að tilkynna um atvikið til Vinnueftirlitsins og hafi svo ekki verið gert verði A að bera hallann af því að ekki hafi verið fenginn óvilhallur aðili til að varpa ljósi á atvik og tildrög. Hafi samkvæmt þessu uppbyggingu og frágangi kerfis A verið verulega ábótavant og hinu sama gegni um verkferla, stjórnun, skipulag og framkvæmd. Hafi háttsemi A eða starfsmanna þess sem að framangreindu lýtur á öllum stigum falið í sér stórkostlegt gáleysi sem hafi valdið M tjóni. Hefur M krafist bóta fyrir það tjón sem hann kveðst hafa orðið fyrir úr ábyrgðartryggingu A hjá M.

V hefur hafnað bótaskyldu m.a. með vísan til ákvæðis í sérstökum skilmálum um afhendingu rafmagns til stórnotenda, en samkvæmt því ákvæði sé bótaábyrgð A takmörkuð við tjón sem rakin verða til ásetningsverknaðar eða stórkostlegs gáleysis. Ekkert í gögnum málsins bendi til að rafmagnsleysið megi rekja til stórkostlegs gáleysis og af þeim sökum geti ekki komið til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingunni. Enn fremur taki ábyrgðartryggingin einungis til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum, en engin gögn hafi komið fram sem sýna fram á að M hafi orðið fyrir kostnaði vegna líkams- eða munatjóns.

Álit.

Samkvæmt gr. 5.1 í skilmálum A um afhendingu rafmagns til stórnotenda, sem settir eru á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum og reglugerða settum á grundvelli laganna, skal hvor aðili um sig, að því er varðar skilmála þessa og viðkomandi flutningssamninga, aðeins bera ábyrgð á tjóni sem hann veldur hinum aðilanum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að óumdeilt sé með aðilum að ábyrgð A gagnvart M fari eftir þessu skilmálaákvæði.

Eftir atvikið í tengivirki A 5. ágúst 2020 hlutaðist A til um að D yrði fengin til að gera framangreinda rôtargreiningu á atvikinu. Af fyrirliggjandi skýrslu um greininguna má ráða að hún hafi fyrst og fremst tekið mið af þeirri heilsufarslegu hættu sem steðjaði að starfsmanni í tengivirkinu þegar ljósbogi myndaðist þar, en hún hafi ekki verið gerð beinlínis til að greina atvikið með tilliti til ágalla í tengivirkinu og verkferla hjá A með tilliti til afhendingaröryggis á raforku eða mögulegra úrbóta í því sambandi. Hefur skýrslan af þessum sökum takmarkað sönnunargildi hvað varðar þær bótakröfur sem M hefur uppi á hendur A samkvæmt málskotinu. Auk þess er í máli þessu fjallað um mjög flókin álitamál á sviði raforkudreifingar sem krefjast mikillar sérþekkingar við úrlausn þeirra. Sönnunarfærsla fyrir nefndinni tekur óhjákvæmilega mið af því.

Í rôtargreiningu D kemur fram að ekki hafi verið þörf á að framkvæma sum af fyrstu skrefum fyrirhugaðrar aðgerðar við að færa spennu yfir á nýja tengingu þar sem aflrofi teinatengis hafði þegar leyst út. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að nein saknæm háttsemi hafi falist í þessum þætti málsins.

EKKI er um það deilt að það var gáleysi af hálfu aðgerðarstjóra í stjórnstöð er hann opnaði ranga stýrimynd og las upp rangan kóða. Þá beið hann ekki eftir staðfestingu rofastjóra um að kóðinn væri réttur. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að um það hafi verið fyrirmæli í skráðum verkferlum eða öðrum ferlum þegar atvikið varð að aðgerðarstjórinn skyldi bíða eftir staðfestingu rofastjóra að réttur kóði hafi verið lesinn upp. Á hinn bóginn var að því vikið í skýrslu D að meðal tillagna til úrbóta var að bætt skyldi inn í aðgerðarlista að bíða skuli staðfestingar rofastjóra á vali á rofa og einnig staðfestingar hans á að enginn sé á hættusvæði áður en rofi er hreyfður. Í ljósi þessa þykir ekki hafa

verið nægilega sýnt fram á að háttsemi aðgerðarstjórans umrætt sinn verði virt honum til stórkostlegs gáleysis.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um skipulag vakta í stjórnstöð A, þ. á m. hvernig vaktafyrirkomulagi aðgerðarstjórans er að jafnaði háttað. Þótt aðgerðarstjórinn hafi verið á vakt um nóttina fyrir atvikið er ekkert í gögnum málsins sem gefur til kynna að hann hafi verið þreyttur eða illa fyrirkallaður þegar atvikið átti sér stað eða að það verði með öðrum hætti rakið til þess að hann hafi verið á vakt um nóttina. Verður samkvæmt þessu að telja ósannað að tjón M verði rakið til þess vaktafyrirkomulags sem aðgerðarstjórinn vann eftir eða að hann hafi verið á vakt nóttina fyrir atvikið.

Í gögnum málsins er ekki að finna neinar nákvæmar lýsingar á millilæsingum skilrofa og virkni þeirra. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að tjón M megi rekja til þess að millilæsingar skilrofa hafi ekki virkað.

Í 79. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er mælt fyrir um það að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Jafnframt skuli tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings um slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. Ekkert er um það í gögnum málsins að tilkynningarskylda hafi stofnast af hálfu A vegna umrædds atviks á grundvelli þessa lagaákvæðis. Hvað sem því líður þá geta möguleg vanhöld af hálfu A varðandi tilkynningu til Vinnueftirlitsins um slys á starfsmönnum ekki breytt þeirri stöðu að það sé M að sýna fram á að atvik hafi orðið með þeim hætti að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni því sem M kveðst hafa orðið fyrir.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að einstök atvik í atburðarás þeirri sem leiddi til rafmagnsleysisins hjá M eða atvikin í heild verði ekki rakin til stórfellds gáleysis af hálfu starfsmanna A eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á og verða virt fyrirtækinu til stórkostlegs gáleysis. Þá er í málinu heldur ekki að finna nein gögn sem sýna fram á að M hafi orðið fyrir tjóni sem fellur undir vátryggingu þá sem A hefur í gildi hjá V. Að þessu virtu verður ekki talið að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann T. Sigurðsson lögm.

Mál nr. 112/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss M við störf hjá A hinn 19. maí 2016.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 12.03.2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 09.04.2021, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótargögn M, dags. 14.04.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 19. maí 2016, orðið fyrir slysi við störf hjá A. Slysið hafi átt sér í stað í spennistöð sem sé í eigu X en Y leigi hana undir sinn búnað. Mikil tengsl séu milli A og Y, og sjái A m.a. um rekstur búnaðar Y í spennistöðinni. Inni í spennistöðinni hafi verið planki sem komið hafi verið fyrir milli stálvinkla og hafi verkstjórar notað hann til að stíga upp á við vinnu í hæð og sýnt nýjum starfsmönnum þennan planka. M hafi umræddan dag staðið á þessum planka við störf sinn en þegar hann hafi teygt sig fram hafi plankinn runnið undan honum með þeim afleiðingum að hann féll og úlnliðsbrotnaði. Umrædd spennistöð sé lítil og þröng og tröppurnar sem M hafi haft aðgang að hafi ekki komist fyrir þar. Þá hafi M, eins og aðrir starfsmenn A, talið að ekki væri heimilt að nota áltröppur þar inni. M telur að vinnuumhverfi í spennistöðinni hafi verið ófullnægjandi og sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A hjá V því fyrir hendi. Engin verklýsing eða áhættumat hafi verið til staðar vegna vinnu í spennistöðinni og beri A ábyrgð á því að umræddum plankanum hafi verið komið fyrir þar á þennan hátt. Hefði A ekki viljað að starfsmenn notuðu plankann í stað stiga hefði enda verið auðvelt að fjarlægja hann og koma fyrir litlum tröppum í staðinn, en það hafi verið gert í kjölfar slyssins. Augljós hætta hafi verið af því að standa á plankanum og þó hann væri ekki í mikilli hæð hefði verið augljóst að starfsmenn gætu slasast töluvert af því að detta af honum við þessar þröngu aðstæður. A hafi í öllu falli haft vitneskju um að plankinn væri notaður með þessum hætti og hafi látið það óatalið. Hafi A því brugðist þeim skyldum sem lagðar séu á vinnuveitendur með lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, um að leggja til öruggt vinnuumhverfi og hentug tæki til starfa. Þá vísar M til vitnaskýrsla sem teknar hafi verið af nokkrum núverandi og þáverandi starfsmönnum A og staðfesti framangreint. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 24. febrúar 2021, enda megi rekja tjón M til um óhappatilviks og eigin aðgæsluleysis.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi starfað sjálfstætt við ljósleiðaratengingar hjá A og hafi umrætt sinn verið að starfa í útseldri vinnu til Y. M hafi haft bíl til afnota og í honum hafi verið þau tæki og tól sem þörf var á vegna vinnunnar, m.a. áltröppur. Hafi það því fyrst og fremst verið á ábyrgð M sjálfs að gæta að öryggi sínu. Heimilt hafi verið að nota áltröppur í umræddu rými þar sem ekki sé um háspennistöð að ræða og engar athugasemdir hafi borist frá starfsmönnum A um að tröppur pössuðu ekki inn í rýmið. Plankinn hafi ekki verið settur í stöðina að undirlagi A og ekki notaður með vitneskju stjórnenda þess. Verði það ekki metið A til sakar ef einhverjir starfsmenn hafi nýtt plankann með þessum hætti í stað þess að sækja tröppur. Þess utan hafi plankinn verið ágætlega skorðaður og í lítilli hæð og því ekki stafað mikil hætta af notkun hans. Þá bendi ekkert til þess að starfsmenn A hafi gert athugasemdir við vinnuaðstöðu á spennistöðinni. Þá hafi ekki legið fyrir á slysdegi að um alvarleg meiðsl væri að ræða enda hafi M aðeins farið heim hluta úr degi og verið vinnufær eftir það. Verði það því ekki metið A til sakar að hafa ekki tilkynnt samstundis um atvikið til Vinnueftirlitsins og sé ekki rétt að mögulegur sönnunarfafi vegna þess að rannsókn hafi ekki farið fram verði metinn A í óhag. Hvað varði þá sönnunargildi vitnaskýrsla hjá lögreglu verði að líta til þess að rannsókn lögreglu hafi verið afar takmörkuð og aðeins verið rætt við takmarkaðan hóp starfsmanna sem hafi látið af störfum og geti hún því ekki legið til grundvallar ákvörðun um bótaskyldu. Verði umrætt atvik við slys M, þ.e. að plankinn hafi runnið undan M þegar hann hallaði sé fram, því ekki rakið til neins þess sem A beri skaðabótaábyrgð á og er bótaskylda hafnað.

Í viðbótargögnum frá M koma fram nánari upplýsingar um þá áverka sem M hlaut við slysið.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Af ljósmyndum og lýsingu á aðstæðum í spennistöðinni að dæma má ráða að um hafi verið að ræða planku, eða spýtu, sem skorðuð var milli veggja spennistöðvarinnar og verður að telja augljóst að slíkur útbúnaður henti illa sem trappa eða upphækkun. Þá

verður ráðið af fyrirbyggjandi vitnisburðum að plankinn hafi verið skorðaður með þessum hætti um langa hríð og notaður til upphækkunar við vinnu í spennistöðinni. Verður því að telja að A og forsvarsmenn þess hafi haft vitneskju um að plankinn væri nýttur með þessum hætti, þrátt fyrir að um varhugaverðar aðstæður hafi verið að ræða, en látið það óátalið. Þá virðist liggja fyrir að hægt hafi verið að haga aðbúnaði í stöðinni með öðrum og öruggari hætti, en eftir slys M hafi plankinn verið fjarlægður og tröppum komið fyrir í rýminu. Verður samkvæmt framansögðu að telja að slyshætta hafi verið af því að nota plankann með þessum hætti og að slys M megi því rekja til vanbúnaðar á vinnustað. Verður því að telja að A hafi ekki gætt nægilega að þeim skyldum sem lagðar eru á með lögum nr. 46/1980 en atvinnurekanda er skylt að tryggja aðbúnað og öryggi á vinnustað. Samkvæmt framansögðu er það mat nefndarinnar að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A hjá V sé fyrir hendi. Þá verður ekki séð af gögnum málsins að háttsemi M sjálfs teljist til stórkostlegs gáleysis, sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993, og eru því ekki skilyrði til að skerða bætur til hans.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík 4. maí 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 113/2021**M og
V v/ húseigandatryggingar atvinnurekstrar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna afnotamissis.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 18.03.2021 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13.04.2021 ásamt fylgiskjölum 1-4.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21.04.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að vatnstjón vegna leka frá upphvottavél í íbúð sem er í eigu M hafi uppgötvast þegar leigjandi flutti úr eigninni hinn 2. júlí 2020. Ekki hafi verið ágreiningur um að tjónið sem slíkt væri bótaskyldt en af ástæðum sem varði V hafi viðgerð dregist og ekki verið lokið fyrr en 3. október sama ár. Hafi íbúðin því ekki verið í leiguhæfu ástandi í þrjá mánuði, en með réttu hefðu úrbætur aðeins átt að taka viku. Gerir M því kröfu um að V greiði sér sem svarar þriggja mánaða leigugreiðslum, eða 660.000 kr., vegna afnotamissis, enda sé þessi óhóflegi dráttur á ábyrgð V sem hafi einhliða ákveðið að taka að sér úrbætur og velja aðila í það verkefni.

Í bréfi V til nefndarinnar er áréttað að ágreiningur aðila einskorðist við það hvort M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna afnotamissis og þá hvert umfang þess tjóns sé, en viðgerð hafi lokið 4. september 2020, en ekki 3. október eins og M haldi fram. Um afnotamissi sé fjallað í gr. 2.8 í skilmálum vátryggingarinnar og þar komi fram að bætur vegna afnotamissis séu aðeins greiddar vegna þess tíma sem viðgerð stendur yfir sé viðgerð svo umfangsmikil að nauðsynlegt reynist að flytja úr húsnæðinu á meðan. Bætur séu ekki greiddar vegna lengri tíma en sem nemur eðlilegum viðgerðartíma. Umrætt tjón hafi verið afmarkað við lítinn flöt af parketi íbúðarinnar og hafi íbúðin verið fyllilega nothæf þrátt fyrir tjónið. Þó sé fallist á að ekki hafi verið hægt að búa í íbúðinni þá daga sem viðgerð stóð yfir og hafi V boðið bætur til samræmis við það, eða 110.000 kr. Sönnunarbyrðin um það að íbúðin hafi verið ónothæf allt frá því tjónið uppgötvaðist hvíli á M. Enn fremur sé ekki sýnt fram á að húsnæðið hafi í reynd ekki verið í útleigu þennan tíma en verktaki á vegum félagsins segi í skýrslu um verkið að ekki hafi verið hægt að ljúka viðgerð vegna þess að „gestir voru að koma inn í rýmið“. Þá virðist tafirnar að einhverju leyti skrifast á M sjálfan. Er því hafnað að frekari bótaréttur en sem nemur því sem V hafi þegar boðist til að greiða sé fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum er tekið fram að viðgerð hafi ekki verið að fullu lokið fyrr en með lökkun gólfsins, hinn 3. október 2020, og áréttað að á meðan hafi íbúðin ekki verið í leiguhæfu ástandi. Þá er því sérstaklega mótmælt að tafir á framgangi verksins megi rekja til M. Enn fremur er áréttað að bætur vegna afnotamissis sem nemi tveggja vikna leigugreiðslu séu allsendis ófullnægjandi enda liggi fyrir viðurkenning V á því að verkið hafi tekið a.m.k. tvo mánuði, þó aðila greini á um hvenær verklok hafi verið.

Álit.

Af framansögðu leiðir að ágreiningur aðila tekur aðeins til umfangs þess tjóns sem M hafi orðið fyrir, en ekki er deilt um að tjónsatvikið sem slíkt sé bótaskyldt. Af gögnum málsins má ráða að V hafi verið tilkynnt um tjónið hinn 7. júlí 2020, en í ódagsettri skýrslu verktaka segir annars vegar að verki hafi verið lokið að fullu hinn 5. september það ár og hins vegar að enn eigi eftir að lakka stofugólf. Greinir aðila jafnframt á um hvenær verklok urðu en ljóst er að verkið tók nokkuð langan tíma þó nokkuð óljóst sé hve langan tíma viðgerð tók í raun og hvað hafi orsakað mögulegar tafir á henni. Í gr. 2.8 í viðeigandi vátryggingarskilmálum kemur m.a. fram að V greiði bætur sem nemi meðalleigu, fyrir tímabil sem svarar eðlilegum viðgerðartíma, sé viðgerð svo umfangsmikil að óhjákvæmilegt reynist að flytja úr húsnæðinu. Það hvílir á M að sýna fram á að umrætt tjónstilvik falli undir ákvæðið og umfang þess tjóns sem bæta skuli samkvæmt því. Þrátt fyrir að fallast megi á að örðugt kunni að hafa verið fyrir M að leigja íbúðina út undir þessum kringumstæðum hefur það ekki sýnt fram á að íbúðin hafi verið ónothæf í þrjá mánuði og bendir umfang tjónsins í raun ekki til þess. Þess utan hefur M ekki sýnt nægilega fram á tjón sitt en af skýrslu verktaka þess sem vann að viðgerð vegna tjónsins má jafnframt ráða að „gestir“ hafi á einhverjum tíma verið í eigninni og má af því ráða að einhverjar tekjur hafi komið til á þessu tímabili. Hefur M þar af leiðandi ekki sýnt fram á að bótaskyldt tjón þess, samkvæmt fyrrnefndri gr. 2.8 nemi hærri fjárhæð en V hefur þegar fallist á að greiða, þ.e. 110.000kr., vegna leigu í hálfan mánuð. Á M því, samkvæmt framansögðu, ekki rétt til frekari bóta en V hefur þegar fallist á að greiða.

Niðurstaða.

M, á ekki frekari rétt til bóta úr húseigandatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 11. maí 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 114/2021**M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifhjólsins A****Ágreiningur um skerðingu bótaréttar úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 23.03.2021, ásamt fylgiskjölum 1-5.
2. Bréf V, dags. 06.04.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

A, sem M ók, lenti í árekstri við bifreið að kvöldi hins 6. ágúst 2020. Í málskoti kemur fram að V hafi, með bréfi dags. 18. desember 2020, hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, með þeim rökum að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann ók A undir áhrifum áfengis og vímuefna. M telur sig, þrátt fyrir að blóðsýni sem tekið var úr honum skömmu eftir atvikið sýni fram á að hann hafi verið óhæfur til að stjórna ökutæki, eiga fullan rétt til bóta úr vátryggingunni. M vísar til ungs aldurs síns, greiningar sem hann hafi fengið og félagslegrar stöðu sinnar. Heimilt sé samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, að líta til atvika að öðru leyti, og komi þá jafnframt til skoðunar við mat á því hvort skerðing komi til álita hvort tjónþoli hafi dregið lærdóm af atvikinu. M hafi breytt líferni sínu, tekið sig verulega á og gangi vel í námi. Með hliðsjón af heildarmati á öllum málsatvikum telur M því óheimilt að fella niður bætur úr vátryggingunni.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til fyrirbyggjandi höfnunar félagsins, dags. 18. desember 2020, svo og afrits sektargerðar þar sem niðurstöður sýnatöku komi fram. Í höfnunarbréfi V til M kemur fram að samkvæmt umræddu sektarboði hafi vinnandamagn í blóði M mælst 1,5 prómill og magn MDMA 415 ng/ml. Hafi M því verið óhæfur til að stjórna ökutæki skv. ákvæðum umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt 21. gr. almennra skilmála félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga sé heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð félagsins hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að tjónsatburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella. Af lögregluskýrslu megi ráða að M hafi ekið gegn rauðu ljósi yfir gatnamót og hafnað á bifreið. M hafi þá mælst með mikið magn áfengis og MDMA í blóði. Hafi því verið um stórfellt gáleysi að ræða sem valda eigi því að ábyrgð félagsins falli niður og er bótaskyldu þar af leiðandi hafnað.

Álit.

Fyrir liggur að áfengismagn í blóði M mældist 1,5 prómill í kjölfar umrædds áreksturs. Þá mældust 415 ng/ml af MDMA í blóði hans, en samkvæmt 50 gr. viðauka 1 við reglugerð nr. 1240/2019 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim telst allt umfram 160 ng/ml vera „mikið magn“. Má af þessu ráða að M hafi verið undir umtalsverðum áhrifum áfengis og fíkniefna við aksturinn. Braut M því gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr., 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um bann við ölvunarakstri, og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 50. gr. sömu laga um bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Þá virðist orsök árekstursins hafa verið sú að M, sem sá ekki vel til vegna rigningar, keyrði yfir gatnamót gegnt rauðu ljósi, en auk þess var farþegi á bifhjólinu. Með aksturslagi sínu braut M því einnig gegn 1. mgr. 7. gr., um bann við akstri gegnt rauðu umferðarljósi, og 3. mgr. 45. gr., um bann við flutningi farþega við þessar aðstæður, umferðarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður að telja að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og að með hliðsjón af atvikum og þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni um alvarleika háttsemi hans sé heimilt að fella niður ábyrgð félagsins.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 115/2021**M og
V v/ líftryggingar.****Ágreiningur um rétt til að fella niður ábyrgð vegna rangra upplýsinga í líftryggingarumsókn.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.3.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 16.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með umsókn, dags. 26. janúar 2018, sótti A, sonur M, um líftryggingu hjá V. Í umsókninni svaraði A ýmsum spurningum m.a. varðandi heilsufar sitt og lífshætti. Þannig svaraði hann neitandi spurningu um hvort hann hafi haft við gerð umsóknarinnar eða áður „[g]eðsjúkdóma/vandamál, þar með talið þunglyndi eða kvíða“. Hann kvaðst sömuleiðis hafa verið fullkomlega heilsuhraustur og vinnufær þrjú undanfarin ár áður en hann sótti um váttrygginguna. Enn fremur kvaðst hann neyta áfengis sem næmi að meðaltali tveimur bjórum á viku. Á umsókninni var M tilgreind sem rétthafi líftryggingarfjárins kæmi til greiðslu þess.

Hinn 27. október 2019 lést A við fall af þriðju hæð á heimili sínu. Í kjölfarið krafði M V um greiðslu líftryggingarfjárins. Áður en V tók afstöðu til greiðsluskyldu sinnar aflaði félagið upplýsinga úr sjúkraskrá A allt að fimm ár aftur í tímann.

Samkvæmt fyrirleggjandi sjúkragögnum varðandi sjúkrasögu A árin fyrir andlátinu kom m.a. fram að hann hafi leitað til heimilislæknis 26. nóvember 2014 þar sem fram kom að hann hafi verið „[b]ungur skammdegis“ og hafi honum verið ávísað lyfinu Escitalopram (N06AB10) sem mun tilheyra flokki þunglyndislyfja.

Hinn 27. desember 2015 kom A í fylgd lögreglu á bráðaðþjónustu geðsviðs Landspítala háskólasjúkrahúss, en systkini A höfðu þá haft samband við lögreglu eftir að hann hafði sent þeim rafræna mynd þá um nóttina þar sem sjá mátti að hann hafði rispað sig á handlegg og þau ekki náð símasambandi við hann. Aðspurður í viðtali á bráðaðþjónustunni kvaðst honum vera alveg sama hvort hann sé lifandi eða dáinn. Hann hafi fundið fyrir þunglyndiseinkennum síðustu tvær vikur fyrir komuna, verið dapur, kvíðinn, einangrað sig og verið framtaks- og áhugalaus. Hvað sjálfsvígisáhættu snerti hjá A er skráð að hann hafi hugsað sig um að skera sig og leggjast í bað, en hræðsla við sársauka hafi stoppað sig af. Hann hafi hins vegar prófað deginum áður að skera sig í handlegg og ekki fundist það mjög sárt. Hann hafi hugsað um sjálfsvíg en neitað mótuðum plönum umrætt sinn. Var M ekki metinn í sjálfsvígshættu. Þá kom fram að hann hafi farið að finna fyrir þunglyndi sjö árum áður en verið mismunandi hversu lengi það hafi staðið yfir en komi gjarnan á þeim árstíma sem þarna var, þ.e. að vetri til. Þá hafi hann farið að einangra sig, átt erfitt með að umgangast fólk, helst ekki svarað síma, orðið dapur og kvíðinn og svefn orðið erfiður.

Daginn eftir kom A á bráðaðþjónustuna til endurmats með tilliti til sjálfsvígshugsana. Er líðan hans þá sögð hafa verið svipuð, hafi enn fundið fyrir vanlíðan en aukin von hafi verið þar sem hann hafi mögulega verið að fá aðstoð vegna líðan sinnar. Hann hafi oft fundið fyrir vonleysi, depurð og fengi dauðahugsanir en á þeirri stundu hafi hann ekki haft mótuð áform um að skaða sig. Þá hafi vanlíðan og vonleysi versnað í kjölfar áfengisdrykkju. Var A greindur með geðlægdarlotu, ótilgreinda, og skaðlega notkun alkóhóls.

Að fengnum framangreindum upplýsingum hafnaði V kröfu M á þeirri að forsendu að A hefði veitt rangar upplýsingar í váttryggingarumsókninni um geðheilsu sína og áfengisnotkun, en félagið hefði á grundvelli áhættumats hafnað umsókn A um líftryggingu ef réttar upplýsingar hefðu verið veittar í þessum efnun.

Álit.

Á meðan váttryggingafélag hefur ekki samþykkt að veita líftryggingu getur það samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem váttryggingartaki er haldinn eða hefur verið haldinn. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum. Skal váttryggingartaki, eins og í þessu tilviki, veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins.

Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laganna ber félagið ekki ábyrgð ef váttryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. og váttryggingaratburður hefur orðið. Hafi váttryggingartaki ella vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar, og skal þá við mat á ábyrgð félagsins litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökinn var mikill, með hvaða hætti váttryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.

Þegar litið er til þess sem að framan greinir varðandi sjúkrasögu A áður en hann sótti um líftrygginguna hjá V fer ekki á milli mála að hann veitti rangar upplýsingar um geðheilsu sína í umsókninni þegar hann svaraði því neitandi að hann hefði eða hefði haft geðsjúkdóm eða slík vandamál, þ. á m. þunglyndi eða kvíða. Réttar upplýsingar að þessu leyti hafa mikla þýðingu þegar lagt er mat á það hvort áhætta sé slík að félag telji sér fært að veita líftryggingu. Kemur það meðal annars fram í fyrirliggjandi svari frá endurtryggjanda V þar sem fram kemur að saga um sjálfsvígstilraunir ásamt áfengis- eða lyfjamisnotkun leiði til synjunar um líftryggingu.

A virti því ekki skyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004 að veita rétt og tæmandi svör við þeim spurningum sem að honum var beint í váttryggingarumsókninni. Vanræksla A í þessu efni var veruleg og hafði mikla þýðingu fyrir V, enda hefðu þær leitt til þess að V hefði synjað A um líftrygginguna, líkt og að framan greinir. Í ljósi þessa og með vísan til 2. mgr. 83. gr. laganna fellur ábyrgð V niður í heild. Af því leiðir að M á ekki rétt á greiðslu samkvæmt líftryggingunni.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á greiðslu líftryggingarfjár hjá V.

Reykjavík, 11. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr

Mál nr. 116/2021**M og
V v/ málskostnaðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna dómsmáls er varðar vinnu M fyrir son sinn.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.3.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 8.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M vann á árinu 2019 við framræslu á ræktunarlandi og hreinsun skurða á jörð sonar síns, A, einkum með vélavinnu. M gerði A reikning, dags. 5. júlí 2019, fyrir vinnuna sem nam 2.529.600 krónum. Sömdu M og A um að A mætti greiða skuldina með 17 mjólkurkúm. Gaf A út reikning fyrir kúnum, dags. 25. júlí 2019, og var reikningunum skuldajafnað í kjölfarið með áritun á þá. Með úrskurði héraðsdóms 11. desember 2019 var bú A tekið til gjaldþrotaskipta og höfðaði þrotabúið dómsmál á hendur M til riftunar á greiðslu þeirri sem hann fékk fyrir vinnu sína fyrir A.

M hefur krafist þess að fá málskostnað vegna málarekstursins bættan úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum málskostnaðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar þeirrar sem hér eiga við bætir váttryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Meðal undanþáguákvæða frá bótaskyldu samkvæmt váttryggingunni er ákvæði þar sem segir að váttryggingin bæti ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur váttryggðs.

M kveðst starfa sem kúabóndi og hafi einkum lífsviðurværi sitt af þeim rekstri. Margvísleg starfsemi fer fram á vegum bænda í tengslum við slíkan rekstur svo sem að halda jörð sinni við. Margs konar jarðvinna, þ. á m. vélavinna, er snar þáttur í tengslum við slík verk og telst óhjákvæmilegur þáttur í störfum bænda. M hafði unnið að framræslu á ræktunarlandi og hreinsun skurða á jörð A og þegið gjald fyrir. Eins og hér stóð á verður talið að ekki fari á milli mála að umrætt verk hafi verið unnið í tengslum við atvinnu M sem bónda. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis í váttryggingarskilmálunum á M ekki rétt á að fá málskostnað sinn vegna málarekstursins bættan úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 117/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum falls í útitröppum á vinnustað.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.3.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 15.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 18. mars 2019 var M á leið í kaffisamsæti á vinnustað sínum hjá A. Til að komast í samsætið þurfti M að ganga niður flísalagðar útitröppur. Vegna mikillar rigningar munu tröppurnar hafa verið blautar og hálar. Í neðsta þrepinu rann M skyndilega og datt illa með þeim afleiðingum að hún ökklabrotnaði á hægri fæti. Slysið mun ekki hafa verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins í samræmi við ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Slysið var því ekki rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins.

M kveður stigann hafa verið vanbúinn og að A beri ábyrgð á líkamstjóni því sem hún varð fyrir við fallið. Í því sambandi vísar hún m.a. til 13. gr., 1. mgr. 23. gr., 37. gr. og 42. gr. laga nr. 46/1980, 1. og 4. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða og 1. mgr. greinar 6.4.6 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Þá kveður M að vanræksla á að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins geti bitnað á A og vísar til nokkurra dóma í því efni. Hefur M krafist bóta fyrir tjónið úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er um það deilt að M hafi fallið í flísalögðum útitröppum við vinnustað hennar og að tröppurnar hafi verið blautar og hálar vegna rigningar. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum af tröppunum sést að handrið eru beggja megin við tröppurnar og efst í tröppunum er greinilegt skilti þar sem varað er við hálum tröppum. Þá verður ekki annað ráðið en flísar þær sem eru í tröppunum séu útiflísar af venjulegri og viðurkenndri gerð. Verður samkvæmt þessu að telja að umræddar tröppur fullnægi opinberum fyrirmælum, þ. á m. ákvæði 1. mgr. greinar 6.4.6 í byggingarreglugerð um að tröppur skulu gerðar úr traustum efnum og þannig gerðar að hættu á slysum sé haldið í lágmarki. Eins og málið liggur fyrir hagar þessu ekki þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu í samræmi við ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980, enda atvik upplýst með fullnægjandi hætti samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Samkvæmt þessu verður slysið ekki rakið til vanbúnaðar trappanna eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. M telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 4. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 118/2021**M og
V v/ ábyrgðartrygginga ökutækjanna
A og B****Áræktur á bifreiðastæði Kringlunnar 27. febrúar 2021.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur V til nefndarinnar, dags. 14. apríl 2021 ásamt tölvupósti með framburði ökumanns B dags. 28. mars 2021.

Málsatvik.

Í málinu liggja fyrir tvær tjónstilkynningar, önnur undirrituð af M sem ökumanni bifreiðar A þar sem kemur fram að hann hafi verið kyrrstæður á bílastæði Kringlunnar þegar bifreið B hafi verið ekið aftur á bak á bifreiða A. Nánar tiltekið segist M hafa ekið aftur á bak um einn metra út úr stöðureit og beðið eftir að komast lengra þegar ökumaður bifreiðar B hafi ekið á bifreið sína. Ökumaður bifreiðar B kveðst í sinni skýrslu hins vegar hafa verið að fara að leggja í stæði og ætlað að laga bifreið sína með því að aka aftur á bak og þá hafi ökumaður bifreiðar A hafa byrjað að aka aftur á bak og þau hafi bakkað á hvort annað.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B og lýsir samskiptum sínum við hana á vettvangi þar sem hún hafi gengist við því að bakka á bifreið hans, bifreið A eins og hún er nefnd í þessu máli. Daginn eftir hafi M verið í samskiptum við föður ökumanns bifreið B og eftir að skýrslu hafi verið skilað af hennar hálfu þá hafi komið í ljós að atvikum hafi verið lýst með öðrum hætti. M telur framburður í skýrslu ökumanns B rangan og vísar til þess að ákoma á hans bifreið styðji að hún hafi verið kyrrstæð við árækturinn.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir í tengslum við málskotið en kemur á framfæri athugasemdum sem sendar voru til félagsins f.h. ökumanns bifreiðar B. Þar kemur fram að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak þegar áræktur varð og farþegi geti staðfest frásögn hennar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að verulegur ágreiningur er um aðdraganda árækturs milli ökmanna bifreiða A og B. Ekki varð gerð tjónsskýrsla á vettvangi, eða kallaður til hlutlaus aðili til skýrslugerðar. Ekki liggja fyrir skýrslur af vitnum eða myndbandsupptaka sem getur staðfest skýrslu annars ökumanns frekar en hins. Ekki verður heldur með vissu ráðið af ákomum bifreiðanna að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar áræktur varð. Ekki er því annað unnt en að leggja til grundvallar að hvorugur ökmanna hafi sýnt næga aðgát við akstur aftur á bak á bifreiðastæði Kringlunnar í greint sinn og verður að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli eigenda ökutækjanna A og B

Reykjavík, 4. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 119/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys 18. desember 2017.****Gögn.**

1. Málskot dags. 25. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 15. apríl 2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína við pökkun á köldum mat hjá X þegar um 5 kg matarbakki féll úr um 180 cm hæð á ofanverðan hnakka M sem hafi verið að beygja sig niður í sömu mund. Í tilkynningu X og M til Sjúkratrygginga og Vinnueftirlits er atvikum lýst með þessum hætti, en til viðbótar í málskoti er tildrögum slyssins þannig lýst að samstarfsmaður M hafi verið að færa til bakka og þannig hafi hann fallið á höfuð M. Í bréfi V til nefndarinnar er lagt til grundvallar að sá samstarfsmaður hafi teygst sig í efri bakka í ofnarekka með þeim afleiðingum að bakki féll á höfuð M. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins samdægurs og ekki fór fram sérstök rannsókn á aðstæðum. Fyrir liggja ítarleg gögn um líkamstjón M, þar á meðal að hún hafi verið óvinnufær frá slysdegi.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M þar sem varhugavert hafi verið að koma stálbökkum fyrir í um 180 cm hæð sem og að samstarfsmaður M hafi ekki sýnt næga aðgát þegar hann færði bakka úr hillu og ekki geta dulist að M stóð fyrir neðan hann þegar það var gert. Einnig bendir M á að slys hennar hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og verði því að bera hallann af sönnunarskorti um að aðstæður hafi verið fullnægjandi.

V telur að verklag í eldhúsi X hafi verið í lagi og að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki hafi verið hægt að koma í veg fyrir með hefðbundnu eftirliti með aðbúnaði eldhússins.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir að M varð óvinnufær strax eftir að hún fékk stálbakka í höfuðið og ekki var hlutast til um að tilkynna slysið strax til Vinnueftirlitsins og verður með hliðsjón af upplýsingum um óvinnufærni M að leggja til grundvallar að tilkynningaskylda hafi verið vanrækt skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þegar þannig stendur á verður að leggja framburð tjónþola til grundvallar málsatvikum. Í þessu máli liggur ekki fyrir sjálfstæð skýrsla af M en þegar litið er til lýsinga á tjónsatburðinum, bæði í málskoti, tjónstilkynningum frá bæði M og X og lýsingum V í bréfi sínu til nefndarinnar, verður að leggja til grundvallar að samstarfsmaður M hafi verið að færa til bakka með þeim afleiðingum að hann missti einn úr höndum sér þannig að hann lenti á höfði M. Verður að ætla að ef bakkar sem þessir eru handleiknir rétt þá missi starfsmenn þá ekki niður og hefur ekki verið sýnt fram á að aðrar ástæður en skortur á aðgát hjá samstarfsmanni M hafi leitt til þessa. Telst X því bera skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni M sem rekja má til þess að hún fékk títtnefndan bakka í höfuðið. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 120/2021**M og
V v/ heimilistryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna frítímaslyss hinn 25. september 2018.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 25.03.2021 ásamt fylgigögnum 1-10.
2. Bréf V, dags. 03.05.2021.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 07.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 25. september 2018 hafi M slasast þegar spónaplata féll á tröppu sem hann stóð á, með þeim afleiðingum að hann féll niður og slasaðist á hné. Gerði M kröfu til bóta vegna frítímaslyss úr heimilistryggingu sinni hjá V vegna þessa en V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 23. mars 2020 á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á orsakatengsl milli atviksins og núverandi einkenna M. M bendir á að hann hafi leitað til lækna eftir slysið, og gengist undir aðgerð vegna þess. Þá sé vandséð hver önnur örsök geti verið fyrir einkennum hans og hafi bæklunarlæknir raunar staðfest að þau sé að rekja til umrædds slyss. Séu því klár orsakatengsl til staðar og er sérstaklega hafnað þeim röksemdum V að engin samtímagögn séu til staðar, en engin viðmiðunarregla sé varðandi það hve langur tími megi líða frá slysi og þar til leitað er lækni vegna þess, heldur fari það eftir mati og aðstæðum hverju sinni.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að engin samtímagögn liggja fyrir um atvikið. Vísað sé til samtals við heimilislækni hinn 6. febrúar 2019, eða rúmum fjórum mánuðum eftir umrætt atvik, og séu ekki skráðar komur til lækna vegna atviksins fyrir þann tíma. Það að vísað sé til atviksins í læknisvottorðum hafi ekki áhrif á mat á orsakatengslum enda séu vottorðin gerð á grundvelli frásagnar M. Séu því orsakatengsl milli slyssins og einkenna M ósönnuð og er bótaskyldu hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að í kjölfar slyssins hafi M ekki fengið tíma hjá heimilislækni sínum sem hafi leitt til þess að hann leitaði að lokum til bæklunarlækni. Þá er því sérstaklega mótmælt að sérfræðingur í bæklunarlækningum gefi út vottorð sem aðeins byggji á frásögn sjúklings og sé það faglegt mat þess lækni að umrætt slys hafi valdið áverkum M.

Álit.

Samkvæmt frásögn M átti umrætt tjónsatvik sér stað hinn 25. september 2018. Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að hann hafi fyrst leitað til heilsugæslu vegna einkenna sem hann rekur til þess hinn 6. febrúar 2019. Var þá send tilvísun til bæklunarlækni en raunar verður ekki séð að vísað sé til umrædds atviks þar heldur aðeins þess að M hafi verið með verk í hné. M sótti tíma hjá bæklunarlækni hinn 14. mars 2019 og er það fyrst þá sem atviksins er getið í læknisfræðilegum gögnum. Gekkst M undir aðgerð vegna rifu á liðþófa hinn 5. apríl sama ár. Þá virðist mega ráða af gögnum málsins að M hafi áður gengist undir aðgerð á hné og liðspeglanir. Verður samkvæmt framansögðu að fallast á það með V að engin samtímagögn séu fyrir hendi um umrætt atvik. Í greinargerð bæklunarlækni, dags. 3. júlí 2019, segir að viðkomandi læknir „telji að umrætt slys hafi valdið áverkanum“ og í læknaþréfi, dags. 5. apríl 2019, segir að liðþófinn hafi „líklega marist við fallið“. Með hliðsjón af því hve langur tími leið þar til M leitaði lækni, svo og fyrri sjúkrasögu hans, verður ekki talið að þessi ummæli sýni með nægilega afdráttarlausum hætti fram á hvað hafi orsakað líkamstjón M. Er samkvæmt framansögðu ósannað að um orsakatengsl sé að ræða milli einkenna M og umrædds atviks. M á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu heimilistryggingar sinni hjá V.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 121/2021**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans A****Ágreiningur um fyrningu bótakröfu.****Gögn.**

1. Málskot dags. 26.03.2021, ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V, dags. 14.04.2021 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að V hafi, hinn 2. mars 2021, hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu A á þeim grundvelli að krafa M sé fyrnd. Atvikum er í málskoti lýst svo að M hafi keypt fasteignina X, með kaupsamningi dags. 7. nóvember 2019. Eftir afhendingu hafi komið í ljós rakaskemmdir á eigninni, og samkvæmt ástandsskýrslu verkfræðistofu, dags. 30. apríl 2020, sé loftun húsnæðisins ófullnægjandi og ekki í samræmi við teikningar. Einnig liggi fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns sem staðfesti framangreinda vankanta á eigninni. Þá hafi lokaúttekt aldrei farið fram og hafi seljanda eignarinnar, X, mátt vera kunnugt um það enda hefði X fengið bréf, dags. 18. febrúar 2004, frá byggingarfulltrúa þar sem skorað var á X og eiginmann hennar að gera grein fyrir framkvæmdum. Ekki verði séð að því bréfi hafi verið svarað. Þar sem engin lokaúttekt hafi farið fram eigi byggingarstjórtrygging eignarinnar enn að vera í gildi. Fasteignin hafi ekki verið byggð í samræmi við teikningar, án fullnægjandi loftunar og frágangs og fullnægjandi úttektir hafi ekki farið fram. Gáleysi byggingarstjóra hafi því orsakað tjón kæranda og sé bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu A fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að foheldisvottorð hafi verið gefið út vegna fasteignarinnar hinn 9. desember 2002, og að hún hafi verið skráð á byggingarstig 7 hinn 29. september 2003, en í því felist að byggingin hafi þá verið fullgerð. Hafi fasteignin verið tekin í notkun á árinu 2004. V hafi því hafnað kröfu M með þeim rökum að kröfur á hendur A hafi í síðasta lagi verið fyrndar þegar tíu ár voru liðin frá því byggingin var skráð á byggingarstig 7 hinn 29. september 2003, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda en samkvæmt henni fyrnist skaðabótakröfur á tíu árum. Gera megi ráð fyrir því að almennt sé gengið frá loftun skriðkjallara fyrir fohheldi en í öllu falli hafi því verið lokið í september 2003. Þess utan hafi váttrygging A hjá V aðeins verði í gildi til loka árs 2002 og allar kröfur á hendur V því fyrndar í árslok 2012. Gildissvið váttryggingarinnar og reglur um fyrningu skaðabótakrafna séu tvö óskyld atriði. Þó váttryggingin sem slík kunni enn að vera í gildi sé bótasvið hennar háð skaðabótaábyrgð A. Sé skaðabótakrafa á hendur honum fyrnd sé bótaréttur úr váttryggingunni því ekki til staðar. Krafa í váttrygginguna hafi fyrst borist V hinn 8. febrúar 2021 og hafi krafan þá verið fyrnd, enda verði að miða við að tjónsatvik hafi orðið þegar tilteknir verkþættir voru unnir og byggingu hafi verið að fullu lokið í september 2003. Sagnæm háttsemi byggingarstjóra hafi því átt sér stað árið 2002 eða 2003. Þá vísar V til dóma Hæstaréttar í málum 1/2015 og 571/2016 því til stuðnings að miða upphaf fyrningar við það tímamark sem missmíði eigi sér stað. Er bótaskylda því hafnað.

Álit.

Rétt er að taka fram að um sama ágreining er að ræða og í máli 126/2021 fyrir nefndinni, en í því tilviki er málskotsaðili dánarbú seljanda fasteignarinnar. Hér reynir aðeins á það hvort krafa M sé fyrnd og koma önnur atriði þá ekki til frekari skoðunar. Af gögnum málsins má ráða að byggingu umræddrar húseignar hafi verið lokið á árinu 2003 og hún afhent á árinu 2004. Verður því að telja að hugsanleg bótaskyld háttsemi byggingarstjóra hafi átt sér stað fyrir það tímamark. Um ágreining aðila gilda eldri lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna stofnast skaðabótakrafa þegar hin bótaskylda háttsemi á sér stað og miðast gjalddagi kröfunnar við sama tímamark. Verður að miða við að fyrningarfrestur kröfu M hafi byrjað að liða í síðasta lagi þegar fasteignin var fullgerð, óháð því hvort lokaúttekt hafi átt sér stað, enda miðist upphaf fyrningarfrests samkvæmt framansögðu við það tímamark er hin bótaskylda háttsemi átti sér stað. Krafa á hendur A fyrndist á 10 árum, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905 og var því fyrnd þegar M gerði kröfu vegna ágalla á fasteigninni í febrúar 2021. Þrátt fyrir að váttrygging kunni enn að vera í gildi er það forsenda fyrir bótaskyldu að skaðabótaábyrgð A sé fyrir hendi. Með vísan til framangreinds á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V enda er skaðabótakrafan á hendur A fallin niður fyrir fyrningu.

Niðurstaða.

Krafa M, á hendur A, er fyrnd og á hún því ekki kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V.

Reykjavík 11. maí 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 122/2021

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um brottfall bótaréttar vegna líkamstjóns.**Gögn.**

1. Málskot, dags. 29.03.2021, ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V, dags. 29.04.2021 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið farþegi í A, sem X hafi ekið, þegar bifreiðin valt við Þingvallaveg að morgni hins 8. október 2020. M krefst fullra bóta vegna þess líkamstjóns sem hún hafi orðið fyrir við atvikið á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. V hafnaði kröfu hennar með bréfi dags. 5. febrúar 2021.

Í málalíbúnaði M kemur fram að hún hafi sannanlega verið farþegi í A þegar bifreiðin valt, en fyrirbyggjandi sé tölvupóstur frá X sem staðfesti það. Þá sé haft eftir X í lögregluskýrslu, dags. 8. október 2020, að ónafngreindur farþegi hafi verið í bifreiðinni, og að hann hafi leitað sér aðhlynningar á slysadeild um morguninn. Einnig komi fram í sjúkragögnum M, dags. 14. og 15. október 2020, að meiðsl hennar sé að rekja til bílveltu. Eftir umrætt atvik hafi M og X farið heim til X, og „dottið í það“. Um morguninn hafi M leitað á slysadeild en þá ekki viljað segja frá ástæðum áverka sinna vegna þessa „partístands“, og sagst hafa dottið á laupahjól. Ekkert liggja fyrir um að M hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna þegar slysið átti sér stað. Enn síður liggja nokkuð fyrir um að M hefði átt að vera ljóst að X væri ekki fær um að aka bifreið örugglega, enda hafi styrkur lyfja í blóði X, þegar blóðsýni var tekið um sjö klukkustundum eftir slysið, verið í samræmi við lækningalega skammta. Hann hafi þá ekki mælst undir áhrifum áfengis. Ekkert liggja því fyrir um það að M hafi verið meðvöld að tjóni sínu af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi þannig að heimilt sé að lækka bætur til hennar, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Vísar M til dómafordæma Hæstaréttar í málum 374/2020 og 55/2017 máli sínu til stuðnings. Jafnvel þó niðurstaðan yrði sú að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi leiði slíkt aðeins til þess að heimilt sé að fella niður bætur með hliðsjón af öllum atvikum. Það leiði sum sé ekki til fortakslausrar skerðingar eða niðurfellingar bóta enda væri slíkt í andstöðu við réttarframkvæmd. Er samkvæmt framansögðu gerð krafa um fullar bætur úr ökutækjatrýggingu A.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að upplýsingar um það hvenær umrætt slys hafi átt sér stað séu afar misvísandi, og sé það ýmist sagt hafa átt sér stað milli 5 og 6 um morguninn eða um miðnætti, þ.e. tólf tímum áður en lögregla hafði upp á meintum ökumanni og tók blóðsýni úr honum. Þá hafi upplýsingar frá M og X verið misvísandi á öllum stigum málsins, en þau hafi jafnframt vanrækt að tilkynna um slysið í samræmi við 14. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þrátt fyrir að atvikið hafi augljóslega verið alvarlegt. Eina mögulega skýring þessa sé þá sú að M og X hafi bæði verið í annarlegu ástandi og verði tjónið rakið til þess. Hafi því verið ótækt fyrir M að tryggja sér sönnun um málsatvik og verði hún að bera hallann af því. Sé þá ekki hægt að slá því föstu að M hafi verið farþegi í A, en ekki ökumaður, jafnvel þó sannað teljist að hún hafi lent í umræddu slysi. M hafi ekki sagt rétt frá orsökum áverka sinna þegar hún leitaði á bráðamóttöku 8. október 2020, og geti það allt eins bent til þess að hún hafi sjálf verið ökumaður. Í öllu falli bendi gögn málsins til þess að M og X hafi bæði verið með öllu óhæf til að stjórna ökutæki örugglega á slysstundu, og þá geri háttsemi þeirra í kjölfar slyssins það einnig að verkum að bótaskylda sé ekki fyrir hendi, þar sem þau hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Með hliðsjón af framansögðu, þ.e. því að málsatvik séu mjög á reiki og framburður aðila ótrúverðugur sé bótaskylda V því að fullu fallin niður með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum leitaði M á bráðamóttöku hinn 8. október 2020 vegna áverka sem hún sagði að rekja til falls á rafmagnshlaupahjól. Við komu á bráðamóttöku hinn 14. október 2020 og komu á göngudeild hinn 15. október 2020 mun hún hins vegar hafa dregið þá atvikalýsingu til baka og sagt að hún hafi verið farþegi í A og undir áhrifum áfengis og kókaíns þegar A valt að morgni hins 8. október 2020. Við skýrslugjöf hjá lögreglu sem fór fram símleiðis hinn 19. október 2020 sagðist M þá hafa verið farþegi í A. Jafnframt liggur fyrir að ekki var tilkynnt um umrætt atvik í samræmi við 14. gr. umferðarlaga, heldur barst lögreglu tilkynning frá vegfaranda um að yfirgefin bifreið væri utan vegar að morgni hins 8. október 2020. Í kjölfarið, eða um hádegi 8. október 2020, hafði lögregla uppi á X, sem þá var staddur á slysadeild,

og neitaði hann þá að gefa upp nafn farþega sem hafi verið með honum í A. Í skýrslutöku hjá lögreglu sagðist X ekki vita nafn farþegans, og aðspurður svaraði hann því neitandi að hann hefði farið á sjúkrahús með M enda væri það bara „kjaftæði og bull“. Á þeim tíma virðist lögregla þó hafa fengið þær upplýsingar frá M að hún hafi verið með X í bifreiðinni þegar slysið átti sér stað. Þá er tímasetning atviksins mjög á reiki, en það er ýmist sagt hafa átt sér stað um miðnætti eða snemma morguns. Verður samkvæmt framansögðu að telja að ekki liggi fyllilega fyrir hvenær eða hvernig umrætt atvik hafi átt sér stað, og verður einnig að teljast ósannað að M hafi verið farþegi í A á þeim tíma en M ber hallann af sönnunarskortum hvað þetta varðar. Af gögnum málsins er því ekki sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni sem hlotist hafi af notkun ökutækis, sbr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, og verður kröfu hennar hafnað þegar af þeirri ástæðu.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 123/2021

M og

V v/ innbrotsþjófnaðarliðs fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna innbrots í bifreið.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 29.3.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 15.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V sem m.a. felur í sér sérstaka vátryggingu vegna þjófnaðar við innbrot í læsta bifreið. Með tjonstilkynningu til V 10. mars 2020 tilkynnti M að hinn 7. febrúar sama ár hafi verið brotist inn í bifreið hans, að því er virðist við nánar tilgreinda götu í Hafnarfirði, með því að brotin hafi verið rúða í bifreiðinni og stolið verðmætum af ýmsu tagi að fjárhæð 800.000 krónur sem talin eru nánar upp í níu liðum í tjonstilkynningunni. Sama dag gaf hann einnig skýrslu hjá lögreglu, þar sem fram kom að þjófnaðurinn hafi verið framinn milli kl. 1 og 9 fyrir hádegi fyrrgreindan dag á bílastæði fyrir framan inngang að heimili hans við nánar tilgreinda götu í Garðabæ. Eftir nokkra eftirgangsmuni mun lögregla síðar í sama mánuði hafa tekið ljósmyndir af verksummerkjum á bifreiðinni, þ.e. brotinni rúðu í vinstri afturhurð.

Með tölvubréfi 1. apríl 2020 var bótakröfum M hafnað á þeim forsendum að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum lægi ekki fyrir að um „sannanlegt innbrot sé að ræða.“. Um leið var M bent á að unnt væri að skjóta afstöðu félagsins til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum eða til dómstóla innan árs frá tilkynningunni, en að öðrum kosti félli krafan niður með vísan til 51. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Með bréfi V 15. apríl 2021 til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum var áréttuð fyrri afstaða til bótaskyldu sem fram kom í tölvubréfinu 1. apríl 2020. Enn fremur kveður V að ljóst sé af málskoti M að það hafi verið móttakið hjá nefndinni 6. apríl 2021, sbr. áritun á forsiðu málskotsins. Frestur M til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar eða dómstóla skv. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi þar af leiðandi verið liðinn þegar málskotið barst nefndinni.

Álit.

Á málskot M sem barst úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er áritað af hálfu nefndarinnar að málskotið hafi verið móttakið 6. apríl 2021. Málið barst hins vegar nefndinni 29. mars 2021 og var M tilkynnt samdægurs um móttöku málskotsins. Hins vegar var starfsmaður nefndarinnar þá í leyfi og sá ekki að málskotsgjald var ógreitt fyrr en 6. apríl 2021 og var þá kallað eftir greiðslu sem var greitt samstundis.

Um málskotsgjald og greiðslu þess segir svo í 4. mgr. 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005: „Málskotsaðili skal greiða sérstakt málskotsgjald, sem ákveðið skal af þeim aðilum er standa að nefndinni. Miðað er við að málskotsgjald nemi u.þ.b. þriðjungu beins kostnaðar til nefndarmanna við meðferð máls. Málskotsaðili fær málskotsgjald endurgreitt falli mál honum að hluta eða öllu leyti í vil.“

Um frest vátryggðs til að grípa til lögfræðilegra aðgerða í kjölfar þess að vátryggingafélag hefur hafnað bótakröfu hans í heild eða að hluta segir svo í 2. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga: „Ef félagið hafnar kröfu vátryggðs í heild eða að hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað.“

Hvorki af þessum ákvæðum eða öðrum laga- eða stjórnvaldsfyrirmælum verður ráðið að það sé skilyrði þess að málskotsaðili teljist hafa krafist meðferðar fyrir nefndinni að málskotsgjald hafi þá um leið verið greitt. Í ljósi þessa og að greiðsla málskotsgjaldsins var innt af hendi strax og þess var krafist telst málskotið hafa borist nefndinni innan lögmælt frests og hefur M því ekki glatað rétti sínum til bóta.

Af fyrirbyggjandi gögnum, þ. á m. ljósmyndum sem lögregla tók af verksummerkjum á bifreiðinni verður að telja nægilega sannað að brotist hafi verið inn í bifreiðina og skilyrðum bótaskyldu samkvæmt því fullnægt. M telst því eiga rétt á bótum úr innbrotsþjófnaðartryggingunni hjá V, en engin afstaða er tekin til tjónsfjárhæðarinnar.

Þótt fyrirbyggjandi gögn virðast misvísandi um það hvar bifreið M hafi verið þegar innbrotið átti sér stað verður það ekki talið hafa áhrif á rétt M til bóta, enda verður ekki séð að leitað hafi verið eftir skýringum á þessu misræmi. M telst því eiga rétt á bótum úr innbrotsþjófnaðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr innbrotspjófnaðarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 11. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 124/2021**M og
V vegna foktryggingar húseignar.****Ætlað tjón á húseign vegna foks 14. febrúar 2020.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 29. mars 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. apríl 2021, ásamt frekari gögnum.
3. Athugasemdir lögmanns M, dags. 25. maí 2021.

Málsatvik.

Hinn 14. febrúar 2020 varð skv. málskoti nokkuð vont veður að X, þar sem M á húseignir. M kveðst hafa tilkynnt tjón á húseignum símleiðis til umboðsmanns V þannig að gafl á hlöðu hafi svignað inn og þakplötur á austurhlíð skemmu/verkstæðis hafi losnað og skemmt. Af hálfu V hafi átt að koma einstaklingur á vegum félagsins til tjónaskoðunar, en því hafi ekki verið komið við strax og M kveðst því hafa fest plötur í þeim tilgangi að koma í veg fyrir frekar tjón. Hinn 17. mars hafi M síðan gert ráðstafanir til að láta skoða tjónið og liggur skoðunarskýrsla hans fyrir þar sem segir m.a. að gafl í hlöðu hafi svignað inn, að það hafi skafið inn á þak á skemmu/geymslu/verkstæði og lekið mikið og „...plötur neðaná ónýtar...“. Í gögnum málsins liggur líka fyrir yfirlýsing frá nafngreindum einstaklingum dags. 20. janúar 2021 um að þak á hlöðu hafi verið mikið skemmt vegna veðurofsa 14. febrúar 2020 og að járnplötur hafi verið lausar á þaki á vélaskemmu. Einnig liggja fyrir myndir af vettvangi og tölvupóstur dags. 20. september 2020 frá forsvarsmanni byggingarfélags um hann minnst þess ekki að hafa séð skemmdir.

M telur að tjón hans falli undir gildissvið foktryggingar og vísar til þess að gögn málsins staðfesti að vindur hafi haft þau áhrif að gafl á húseign hans hafi svignað inn og þakplötur losnað frá þaki og hafi eftir að þær hafi verið festar aftur eftir tjónið verið sveigðar. Einnig komi fram í skoðunarskýrslu tjónaskoðunarmanns, sem V hafi samþykkt að skoðaði tjónið, að hlöðugafl hafi svignað inn. M vísar til mynda af vettvangi og gerir alvarlegar athugasemdir við starfshætti V að hafa ekki sent fulltrúa til að skoða tjónið þegar það var tilkynnt, en M kveðst sjálfur hafa þurft að sæta lagi til að fá slíka skoðun. Af því verði V að bera halla.

V telur ekki sýnt að vatnstjón á hinu tryggða af völdum úrkomu samfara óveðri hafi orðið vegna þess að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta húseigna M, sbr. orðalag gildissviðs vátryggingarskilmála. V telur að skoðunarskýrsla á vegum byggingarfélags staðfesti einungis það að snjór hafi fokið inn undir þakplötu og að húseignin hafi verið illa fari og í slæmu ásigkomulagi. V vísar til mynda af vettvangi sem sýni ekki rof á þaki og þess að skoðunarmaður hafi ekki kannast við skemmdir á húsinu í tölvupósti dags. 20. september 2020. Einnig vísar V til þess að yfirlýsingar tveggja nafngreindar einstaklinga dags. 20. janúar 2021 hafi ekki sönnunargildi þar sem þeirra sé aflað eftir að bótaskyldu hafi verið hafnað.

Álit.

Gildissvið foktryggingar M hjá V afmarkast af því að tjón á húseignum verði vegna óveðurs, sem skilgreint er með því að vindur mælist yfir 30 m/sek eða að almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu. Einnig er skilyrt að vatnstjón bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins, sbr. orðalag 1. gr. vátryggingarskilmála. Ekki verður séð af gögnum málsins að ágreiningur sé um hvort að óveður hafi verið 14. febrúar 2020 heldur einungis um hvort það óveður hafi haft þær afleiðingar að þak húseignar hafi rofnað, gluggar eða aðrir hlutar hennar.

Því er ekki mótmælt af hálfu V að M hafi tilkynnt tjón um leið og það varð. Engar skýringar hafa komið fram á því hvers vegna tjónið varð ekki skoðað sérstaklega eða gerðar ráðstafanir til að taka t.d. ljósmyndir strax af aðstæðum. M hefur lagt fram gögn, þ.á.m. yfirlýsingar tveggja nafngreindra einstaklinga um að þeir hafi séð að þak og/eða þakplötur hafi verið skemmdar á húseignum M eftir óveðrið. Einnig kemur fram í skoðunarskýrslu einstaklings sem kom á vettvang í mars 2020 að gafl á hlöðu hafi svignað inn og plötur séu ónýtar. Af þessum upplýsingum virtum telst M hafa sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni sem fellur undir gildissvið foktryggingar hans. V verður að bera hallann af sönnunarskorti um að tjón hafi orðið vegna annarra aðstæðna, eins og til dæmis bágs ástands húseignar, en V hefði verið í lófa lagið að tryggja sér slíka sönnun með tjónsskoðun strax og tjónið var tilkynnt. M á því rétt á bótum úr foktryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr foktryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 125/2021**M og
V v/frjálsrar ábyrgðartryggingar A
Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 26.03.21, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 19.04.21, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Málsatvik voru með þeim hætti samkvæmt málskotinu að M var að lyfta 300 kg þungri vél af vörubretti ásamt fjórum öðrum starfsmönnum A. Fjórir tóku sér stöðu við horn vélarinnar og hnikuðu henni fram af brettinu. Þegar vélin var komin hálf af brettinu var hún lögð niður. Síðan var vélinni lyft allri upp og þegar brettið var dregið misstu mennirnir takið á vélinni þannig að hún fór í gólfið. Í málskotinu kemur fram að M hafi við það fengið hnykk á bakið og hafi hann í kjölfarið leitað til læknis.

M telur að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi verkstjóra sem hafi fyrirskipað flutning vélarinnar sem starfsmennirnir hafi ekki ráðið við vegna þyngdar. Því beri A skaðabótaábyrgð gagnvart honum samkvæmt óskráðum reglum skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum sem starfsmaður hans hafi valdið með saknæmum eða ólögmætum hætti. Vísað er til laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, um að gæta skuli fyllsta öryggis og að verkstjóri skuli sjá um að öruggt skipulag sé ríkjandi á vinnustaðnum. Einnig er vísað til reglna nr. 499/1994, um öryggi og hollustu um það hvernig byrðar séu handleiknar og að yfirmaður A hafi átt að sjá til þess að verk væri unnið á réttan og skipulagðan hátt með videigandi hjálpartækjum til að gæta fyllsta öryggis. M telur að auðvelt hefði verið að skipuleggja verkið með öðrum hætti og að nota hefði átt videigandi hjálpartæki. Í stað þess að nota lyftara hefðu starfsmenn verið látnir lyfta gríðarlegri byrði sem þeir réðu ekki við. Þá hafi A ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits ríkisins og verði hann að bera halla af skorti á upplýsingum sem unnt hefði verið að afla ef lögmælt rannsókn hefði farið fram.

Í bréfi V kemur fram að ágreiningur virðist vera um það hvernig vörubrettinu var kippt undan vélinni þar sem málskostsaðili haldi því fram að vélinni hafi verið lyft upp en önnur gögn málsins segi að aðeins hafi þurft að lyfta öðrum enda vélarinnar. Vegna þessa ágreinings bendir félagið á að skv. 76. gr. laga nr. 46/1980 skuli tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um öll slys þar sem starfsmaður verði óvinnufær í einn eða fleiri daga en M hafi mætt til vinnu næstu þrjá daga eftir óhappið. Því sé ekki unnt að leggja einhliða frásögn M til grundvallar. Þá kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá A hafi vélinni verið lyft upp á 2. hæð húsnæðisins með aðstoð lyftara þar sem vélin var tekin af vörubretti. Ekki hafi verið unnt að koma lyftaranum sjálfum upp á 2. hæð. Samkvæmt atvikalýsingu vátryggingartaka og vitnisburði samstarfsmanna M hafi vélinni verið hnikað af vörubrettinu og sá endi lagður niður. Því næst hafi hinum endanum sem sat á vörubrettinu verið lyft örlítið upp svo hægt væri að taka vörubrettið undan. V telur að óhapp M sé ekki að rekja til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi A, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á og því sé ekki til staðar skaðabótaskylda úr ábyrgðartryggingu A vegna tjóns M.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um þá atvikalýsingu hvort vélinni hafi allri verið lyft upp þegar hún var færð af vörubrettinu eða hvort öðrum endanum hafi verið lyft upp svo unnt væri að taka vörubrettið undan. Ekki er þó ágreiningur um að vélinni hafði verið hnikað til af brettinu þannig að hún hafi verið komin hálf niður og annar endi hennar þannig kominn á gólfið. Með vísan til þess verður ekki séð að ástæða hafi verið til að lyfta allri vélinni upp til að draga vörubrettið undan. Þá liggur ekki fyrir í málinu að gefin hafi verið fyrirmæli um að starfsmenn lyftu allri vélinni til að draga vörubrettið undan. Það að M hafi fengið hnykk á bakið við verkið verður því ekki um að kenna ófullnægjandi verkstjórn eða rakið til annarra atvika sem A ber ábyrgð á. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður það ekki talið hafa áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu í samræmi við ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980. Bótaskylda V er því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 11. maí 2021.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 126/2021**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans A****Ágreiningur um fyrningu bótakröfu.****Gögn.**

1. Málskot dags. 22.03.2021, ásamt fylgiskjölum 1-2.
2. Bréf V, dags. 14.04.2021 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Kaupsamningur var gerður um fasteignina Y, dags. 7. nóvember 2019, en M er dánarbú seljanda hennar. Kaupandi, X, hafi neitað að inna af hendi greiðslu að fjárhæð 4.000.000 kr. vegna ágalla sem hún taldi vera á eigninni, og hafi niðurstaða skoðunar dómkvadds matsmanns, samkvæmt skýrslu dags. 26. nóvember 2020, verið sú að ágalla mætti rekja til þess að húsið var ekki byggt í samræmi við teikningar og hönnunargögn og loftun í skriðkjallara ófullnægjandi. M sé ekki sátt við að bera hugsanlegt tjón sem rekja megi til vanrækslu byggingarstjóra og hafi því krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að húsið hafi verið skráð á byggingarstig 7 hinn 29. september 2003 og krafa í starfsábyrgðartryggingu A því fyrnd. Engin lokaúttekt hafi farið fram á eigninni þrátt fyrir að hún hafi verið tekin í notkun á árinu 2004 og hafi A aldrei óskað eftir henni. Byggingarstjóri beri ábyrgð á því að óska eftir lokaúttekt og ef hann telji ágalla á eigninni beri honum að bæta úr þeim áður en úttekt á sér stað. Sé fallist á sjónarmið V hljóti það þá að vera í hag byggingarstjóra að óska ekki eftir lokaúttekt heldur bíða rólegir þar til fyrningarfrestur sé runninn út og ekki er lengur hægt að sækja í starfsábyrgðartryggingu þeirra vegna atriða sem hefði átt að lagfæra fyrir lokaúttekt. Í 15. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2020 segi að byggingarstjóri annist innra eftirlit eiganda allt þar til lokaúttekt hafi farið fram. Beri A því enn ábyrgð á eigninni og sé krafa í ábyrgðartryggingu hans því ekki fallin niður fyrir fyrningu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram M hafi ekki gert kröfu á hendur V, heldur hafi X, núverandi eigandi, gert kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu A. Höfnun V vegna þeirrar kröfu sé meðal gagna þessa máls. V byggir því í fyrsta lagi á því að M geti ekki gert kröfu um skaðabætur á hendur A enda sé mögulegt tjón sem rekja megi til saknæmrar vanrækslu byggingarstjóra tjón eiganda fasteignarinnar á hverjum tíma. Í öllu falli geti seljandi fasteignar ekki gert slíka kröfu nema hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til slíkrar vanrækslu, en ekkert liggja fyrir um það í þessu tilviki. Hvað varði kröfuna sem slíka þá telji V hana fallna niður vegna fyrningar. Fokheldisvottorð hafi verið gefið út vegna fasteignarinnar hinn 9. desember 2002, og hún hafi verið skráð á byggingarstig 7 hinn 29. september 2003, en í því felist að byggingin hafi þá verið fullgerð. Hafi fasteignin verið tekin í notkun á árinu 2004. V hafi því hafnað kröfu X með þeim rökum að kröfur á hendur A hafi í síðasta lagi verið fyrndar þegar tíu ár voru liðin frá því byggingin var skráð á byggingarstig 7 hinn 29. september 2003, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda en samkvæmt henni fyrnist skaðabótakröfur á tíu árum. Gera megi ráð fyrir því að almennt sé gengið frá loftun skriðkjallara fyrir fokheldi en í öllu falli hafi því verið lokið í september 2003. Þess utan hafi váttrygging A hjá V aðeins verði í gildi til loka árs 2002 og allar kröfur á hendur V því fyrndar í árslok 2012. Gildissvið váttryggingarinnar og reglur um fyrningu skaðabótakrafna séu tvö óskyld atriði. Þó váttryggingin sem slík kunni enn að vera í gildi sé bótasvið hennar háð skaðabótaábyrgð A. Sé skaðabótakrafa á hendur honum fyrnd sé bótaréttur úr váttryggingunni því ekki til staðar. Krafa í váttrygginguna hafi fyrst borist V hinn 8. febrúar 2021 og hafi krafan þá verið fyrnd, enda verði að miða við að tjónsatvik hafi orðið þegar tilteknir verkþættir voru unnir og byggingu hafi verið að fullu lokið í september 2003. Saknæm háttsemi byggingarstjóra hafi því átt sér stað árið 2002 eða 2003. Þá vísar V til dóma Hæstaréttar í málum 1/2015 og 571/2016 því til stuðnings að miða upphaf fyrningar við það tímamark sem missmíði eigi sér stað. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Rétt er að taka fram að um efnislega sama ágreining er að ræða og í máli 121/2021 fyrir nefndinni, en í því tilviki er málskotsaðili kaupandi eignarinnar. Af gögnum málsins má ráða að byggingu umræddrar húseignar hafi verið lokið á árinu 2003 og hún afhent á árinu 2004. Verður því að telja að hugsanleg bótaskyld háttsemi byggingarstjóra hafi átt sér stað fyrir það tímamark. Um ágreining um bótaskyldu gilda eldri lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna stofnast skaðabótakrafa þegar hin bótaskylda háttsemi á sér stað og miðast gjalddagi kröfunnar við sama tímamark.

Verður að miða við að fyrningarfrestur kröfu í starfsábyrgðartryggingu A hafi byrjað að líða í síðasta lagi þegar fasteignin var fullgerð, óháð því hvort lokaúttekt hafi átt sér stað, enda miðist upphaf fyrningarfrests samkvæmt framansögðu við það tímamark er hin bótaskylda háttsemi átti sér stað. Krafa á hendur A fyrndist á 10 árum, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905 og var því fyrnd þegar gerð var krafa í starfsábyrgðartryggingu hans vegna ágalla á fasteigninni í febrúar 2021. Þrátt fyrir að vátrygging kunni enn að vera í gildi er það forsenda fyrir bótaskyldu að skaðabótaábyrgð A sé fyrir hendi. Þegar af þeirri ástæðu er greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu A hjá V ekki fyrir hendi enda er skaðabótakrafan á hendur A fallin niður fyrir fyrningu. Koma þá önnur atriði málsins ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

Krafa á hendur A, er fyrnd og er bótaréttur úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V, því ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Mál nr. 127/2021**M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort skemmdir í vél bifreiðar eftir árekstur bætist úr kaskótryggingu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.3.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 16.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 9. febrúar 2020 rakst vinstra framhorn bifreiðarinnar A, í eigu M, utan í aftanverða hægri hlið annarrar bifreiðar á nánar tilgreindu hringtorgi í Kópavogi. Eftir áreksturinn var A tekin til viðgerðar á bifreiðaverkstæði B þar sem hún mun hafa verið til viðgerðar í tvo og hálfan mánuð. Að viðgerð lokinni kveðst M hafa fengið þær upplýsingar að vélin hökti vegna þess að það vanti skynjara og hann þurfi því að leita til D, umboðsaðila A hér á landi. Hafi M farið með A á verkstæði D þar sem reynt hafi verið að greina hvað valdi höktinu eða hikstinu í vélinni. Í því sambandi hafi verið skipt um mótörpúða án þess að það hafi leyst vandann.

Á útskrift reiknings vegna athugunarinnar og viðgerðarinnar hjá D er m.a. skráð svofelld athugasemd: „Eftir samráð við réttingarverkstæðið og eiganda þá á slystað þá var kælivökvi undir bílnum, og þegar réttingarverkstæði fær bílinn vantar á hann kælivökva ef bíll hefur eitthvað verið í gangi með engan kælivökva þá getur vél ofhitnað. Og þar skemmt vél.“

M hefur krafist bóta vegna þess tjóns sem varð á A við áreksturinn úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V, þ. á m. vegna skemmda á vél. V hefur fallist á bótaskyldu úr vátryggingunni að undanskildu tjóni á vél.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum V fyrir kaskótryggingu eru í 17 stafliðum (a-q) taldar upp þær tjónsorsakir sem vátryggingin tekur til, þ. á m. tjón vegna áreksturs hins vátryggða ökutækis og annars ökutækis, svo sem bifreiðar eða bifhjóls, sbr. staflið a. Eins og tjón það sem hér um ræðir bar að geta aðrar tjónsorsakir sem taldar eru upp í umræddu skilmálaákvæði ekki tekið til tjóns á vélinni í A. Í reynd er það í höndum vátryggðs, M í þessu tilviki, að sýna fram á umfang tjóns af völdum tiltekins tjónsatburðar. Engar ytri skemmdir munu vera sjáanlegar á vélinni. Í ljósi þeirrar athugasemdar sem átrituð var á reikning D verður að telja allar líkur á að kælivökvi hafi lekið af kælikerfi A við áreksturinn án þess þó að skemmdir hafi orðið á sjálfri vélinni. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að skemmd í vél A hafi orðið við áreksturinn. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr kaskótryggingu A.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A, vegna skemmda í vél bifreiðarinnar.

Reykjavík, 11. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 128/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á ökutæki.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 9.02.2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15.04.2021.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23.04.2021.
4. Bréf V, dags. 23.04.2021

Málsatvik.

M ók bíl sínum, B, yfir Fróðárheiði að morgni þann 26. júlí 2020. Þegar M var ekið af bundnu slitlagi yfir á malarveg, þar sem vegaf framkvæmdir voru í gangi, rakst steinn upp undir bílinn með þeim afleiðingum að olíuþanna brotnar auk fleiri skemmda. Vegaf framkvæmdirnar voru á vegum A, sem var með ábyrgðartryggingu hjá V. M tilkynnti tjónið til V en bótaskyldu var hafnað á þeim forsendum að ósannað væri að tjónið mætti rekja til saknæmrar háttsemi A.

M telur að A hafi borið að sjá til þess að hættulaust væri að aka um veg þar sem framkvæmdir standa yfir. A hefði átt að gæta þess að stórir steinar væru ekki á veginum áður en umferð var hleypt á hann. M telur jafnframt að eftirliti, framkvæmd, frágangi og merkingum við framkvæmdirnar á veginum hafi verið ábótavant og A beri ábyrgð á því. Mikil umferð hafi verið um Fróðárheiði á þessum tíma og einungis ein merking hafi verið, þar sem sýnt var að hámarkshraði væri 30 km á klst. Sú merking hafi verið rétt áður en bundnu slitlagi sleppti auk þess sem þetta hafi verið á blindhæð. Engin leið hafi verið til þess að sjá ástand vegarins og M hafi ekið eftir þessum leiðbeiningum niður heiðina. Ekki hafi verið tekið fram að vegurinn væri einungis fær fyrir stærri bíla en ekki fólksbíla.

Í bréfum V til nefndarinnar kemur fram að félagið mótmæli því að verklag, frágangur og merkingar hafi veið óforsvaranlegar. Engin gögn eða myndir fylgi málskotinu sem styðja við málatilbúnað M og því sé málatilbúnaðurinn ósannaður. V hafi aflað upplýsinga frá A þar sem fram hafi komið að öll framkvæmdir hafi verið í samræmi við verklýsingu og þær kröfur sem eru gerðar til slíkra verka. Hraði hafi verið tekinn niður á veginum þar sem vegurinn var byggður upp með grjóti og því ekki hjá því komist að hann hafi verið grófur.

Álit:

Samkvæmt reglum skaðabótaréttar ber M sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið verði rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Engin gögn hafa verið lögð fram um að merkingar hafi verið ófullnægjandi eða verklag og fyrirkomulag að öðru leyti. Að þessu virtu verður, gegn andmælum V, að telja ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi A eða annarra atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 129/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð verktakafyrirtækis vegna framkvæmda.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 29. mars 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. apríl 2021 ásamt myndum af akleið og innkeyrslu og deiliskipulag.
3. Tölvupóstur M, dags. 28. apríl 2021.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið á grjót sem starfsmenn X komu fyrir við bílastæði við byggingu Alvotech við Háskóla Íslands. Fram kemur að ökumaður bifreiðar X hafi ekið frá heimili sínu við Sæmundargötu, eins og hún kveður fleiri hafa gert, niður Ingunnargötu og inn á Sturlugötu um kl. 11.35 á sunnudagsmorgni 7. febrúar 2021. Þegar hún hafi komið tilbaka um kl. 15.00 sama dag hafi hún ekið á umrætt grjót sem hafi í millitíðinni verið komið fyrir á vegi. Ökumaður M lýsir aðstæðum þannig að engar merkingar hafi verið vegna grjótsins og sólarstaða hafi verið þannig að erfitt hafi verið að sjá grjótið. Í málinu liggja fyrir myndir frá tjónsdegi og aðstæðum á vettvangi.

M telur X bera ábyrgð á tjóni á bifreið sinni þar sem þess hafi ekki verið gætt að vara vegfarendur við hættu af því að koma grjóti fyrir á akstursleið, en dreifibréfi um fyrirhugaðar framkvæmdir og ónæði hafi verið dreift hinn 9. febrúar 2021 eða tveimur dögum eftir tjónsatburðinn. M bendir á að íbúar stúdentagarða hafi verið að nota bifreiðastæði milli stúdentagarða og byggingar Alvotech í um eitt og hálf ár þannig að akstursleið hafi verið þar sem grjótinu var síðan komið fyrir. Þannig hafi starfsmönnum X átt að hafa verið ljóst að merkja þyrfti lokun með skýrari hætti en gert var.

V telur að tjónsatburður hafi ekki verið á formlegri akbraut heldur á slóða sem liggur á milli bílastæðis við byggingu Alvotech og Ingunnargötu sem hafi verið hluti af vinnusvæði. Það að koma grjóti fyrir á slíku svæði hafi verið hluti af framkvæmdum á svæðinu og gögn um skipulag svæðisins sýni glögggt að svæðið sem bifreið M var ekið um sé skipulagt sem bílastæði en ekki akleið. Einnig hafnar V því að grjót sem komið var fyrir á umræddu svæði hafi verið óeðlilegt lágt auk þess sem íbúum stúdentagarða hafi verið sendur tölvupóstur 12. janúar 2021 um að Alvotech væri að hefja framkvæmdir á svæðinu sem myndu hafa í för með sér jarðvegsvinnu og ónæði.

Álit.

Af ljósmyndum frá vettvangi og öðrum gögnum um skipulag svæðis þess sem ökumaður bifreiðar M ók um verður ekki annað séð en að ekki sé um skipulagða akbraut að ræða. Ekki liggur annað fyrir um að umrætt svæði hafi verið notað til gegnumaksturs, heldur en upplýsingar frá M. Við mat á því hvort sönnun liggja fyrir um að þær ráðstafanir sem starfsmenn X gerðu sunnudaginn 7. febrúar sl. hafi verið til þess fallnar að skapa hættu fyrir umferð verður því að leggja til grundvallar að þær hafi verið gerðar á svæði þar sem vænta mátti framkvæmda, sbr. upplýsingar sem sendar voru út um slíkar framkvæmdir á svæðinu hinn 12. janúar sl., eða tæpum mánuði áður en bifreið M var ekið á grjót. Ekki liggja fyrir nægilega skýr sönnunargögn um að þær ráðstafanir sem gripið var til hafi verið ófullnægjandi og er skaðabótaskylda X því ekki fyrir hendi m.v. fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 130/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um hvort bótaskylda vegna falls í stiga á vinnustað sé til staðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 23.03.2021 ásamt fylgiskjölum 1-11.
Bréf V dags. 21.04.2021.

Málsatvik.

Að kvöldi hins 18. nóvember 2018, er hann var á heimleið eftir kvöldvakt á veitingastaðnum A, rann M í stiga í húsnæði þess og féll niður hann með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Í málskoti kemur fram að veður hafi verið slæmt og mikil bleyta og slabb í stiganum. Vitni beri að stiginn hafi verið rennandi blautur og að aðrir sem leið hafi átt um stigann þetta kvöld hafi kvartað undan því. Það sé ófullnægjandi sandpappírsvörn á tröppunum sem hafi eyðst í burtu og sé stiginn því ansi sleipur við þær aðstæður sem voru á slysdegi. Þá hafi vitni sjálft runnið í stiganum fyrr um daginn. M telur tjón sitt bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A enda sé það að rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar og hættulegra aðstæðna. Þá hafi A vanrækt að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins og beri hallann af sönnunarskortum vegna þess. Kröfu sinni til stuðnings vísar M til ákvæða laga um mannvirki nr. 160/2010, byggingarreglugerðar nr. 112/2012, laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 og reglugerðar nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sé vinnuveitanda þannig skyldt að sjá til þess að vinnustaður sé svo úr garði gerður að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar, þá skuli stigar og tröppur þannig hannaðar að þau séu örugg, og hægt sé að ganga um stiga, tröppur og þrep í og við byggingar án óþæginda og hættu á slysum. Það leysi A ekki undan ábyrgð að bleyta og slabb í vætutíð berist inn með skóbúnaði viðskiptavina, heldur beri því við slíkar aðstæður sérstök skylda til aðgerða til að verjast mestu hálkunni, ekki síst þar sem kvartað hafi verið undan því hve stiginn var sleipur þennan sama dag. Þá hafi sandborðinn á þrepum stigans verið eyddur og hafi A haft vitneskju um það. Lögð sé sérstaklega rík skylda á eigendur og umráðamenn staða sem almenningur sækir um að gera ráðstafanir til að gæta öryggis. Engin önnur leið hafi verið tiltæk og hafi M því verið tilneyddur til að fara um stigann, þrátt fyrir að aðstæður hafi verið hættulegar. Þá hafi þeim starfsmönnum A sem höfðu vitneskju um ástand stigans umrætt kvöld borið skylda til athafna með það að markmiði að draga úr slyshættu. Vísar M jafnframt til dóma Hæstaréttar í málum 230/2005 og 65/2010 máli sínu til stuðnings. Slyss M megi samkvæmt framansögðu rekja til vanrækslu A og sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess fyrir hendi. V hafnaði kröfu hans með bréfi dags. 19. janúar 2021.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að óhappið hafi orðið um miðjan nóvember, þegar snjór og bleyta var úti, og þó gera megi ríkar kröfur til vinnuveitenda um að viðhafa ráðstafanir til að varna tjóni, sé óhjákvæmilegt að bleyta berist frá skóbúnaði viðskiptavina á fjölförnum stað. Samkvæmt framburði vitnis hafi það sjálft runnið í stiganum fyrr um daginn og kvartanir hafi borist frá fleirum vegna aðstæðna í stiganum. Engin frekari gögn styðji þann vitnisburð og sé því alls ósannað að A hafi verið gert viðvart um aðstæður á slysdegi. Þá hafi M sjálfum, sem starfsmanni A, mátt vera fullljóst að bleyta og snjór bærust inn um dyrnar og á gólf og stiga, eins og veðri var háttað umræddan dag. Þá sé handrið við umræddan stiga sem M hefði verið í lófa lagið að nýta sér. Þrátt fyrir aðstæður hafi hann gengið, samkvæmt orðalagi í tjónstilkynningu, rösklega niður stigann. Almennt verði að ætla að menn kunni fótum sínum forráð og geti ekki varpað ábyrgð á eigin aðgæsluleysi yfir á aðra. Ekkert bendi til þess að aðstæður í umræddum stiga hafi verið verri en gerist og gangi eða að stiginn hafi verið í andstöðu við þær byggingarreglugerðir sem gildi um húsnæðið. Er bótaskylda því hafnað.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr frjálsri ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A. Fyrirliggjandi eru ljósmyndir af neðstu tröppum umrædds stiga, þ.e. þess hluta hans sem um ræðir. Má greina af þeim að veggur sé öðrum megin þrepanna og handrið hinum megin. Þá má jafnframt sjá að sandpappírsborði sem settur hefur verið á þrepin er töluvert eyddur á þeim miðjum. Ekki er um það deilt að M hafi fallið með þeim hætti sem lýst er og slasast við fallið. Hins vegar verður ekki ráðið af ljósmyndum eða lýsingu á stiganum að aðbúnaður hans hafi verið í andstöðu við ákvæði byggingarreglugerðar eða önnur ákvæði laga og reglna þeirra sem vísað er til í málskoti. Þá verður að telja óhjákvæmilegt, þegar veðurfar er með þeim hætti sem lýst er, að bleyta berist með skófatnaði, en M áætlar sjálfur í tjonstilkynningu sinni til V, dags. 29. september 2019, að 2-300 manns hafi farið um stigann þennan dag. Er því ekki talið sýnt fram á að bleytu í stiganum sé að rekja til vanrækslu af hálfu A eða starfsfólks þess. Verður jafnframt að telja að M, sem hafði starfað hjá A í um þrjú og hálf ár, hafi mátt vera kunnugt um að aðstæður sem þessar gætu skapast og því fullt tilefni til að sýna aðgæslu við ferð um stigann. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður það þá ekki talið hafa áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu í samræmi við ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980, enda atvik upplýst með fullnægjandi hætti samkvæmt fyrirliggjandi gögnum. Samkvæmt þessu verður slysið ekki rakið til vanbúnaðar stigans eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. M telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 11. maí 2021.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögmm..

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 131/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar Sýnar X.****Slys viðskiptavinar í verslun 14. mars 2019.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 31. mars 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. apríl 2021, ásamt myndum af vettvangi og tölvupósti V til lögmanns M dags. 2. apríl 2020.
3. Tölvupóstur frá fulltrúa M dags. 20. apríl 2021.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu sem send var í umboði M til V kemur fram að hinn 14. mars 2019 hafi M verið „...á leið sinni út úr verslun Vodafone þegar hún féll ofan í gryfju sem var með öllu óvarin, meðfram gluggalengju í versluninni.“ Í tjónstilkynningunni kemur einnig fram að ekki hafi verið hægt að sjá hæðarmun og í dag sé búið að verja „gryfjuna“ með stálgrindum. Í gögnum málsins liggja einnig fyrir ljósmyndir af vettvangi slyssins, bæði þegar slysið varð og eftir það.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar og að aðstæður í verslun X hafi verið ófullnægjandi á slysdegi. M vísar til þess að skv. upplýsingum frá starfsmönnum X hafi hennar slys ekki verið það fyrsta á sama stað og ekki hafi verið hægt að koma auga á hæðarmun. M bendir einnig á ákvæði nügildandi byggingareglugerðar um að mannvirki skuli þannig byggð að tryggt sé fullt öryggi fólks og sá hæðarmunur sem hafi verið við inngang í verslunina hafi skapað almenna hættu. Um hafi verið að ræða gryfju sem hafi verið varað nánar við eftir slys hennar með því að setja upp stálgrindur við gryfjuna, sbr. áskilnað í gr. 12.2.5 í byggingarreglugerð þar sem kveðið sé á um að opum eigi að loka með handriði.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M hafi fallið um þrep við útstillingarglugga í verslunarhúsnæði X. V vísar til ljósmynda af vettvangi þar em komi fram að gólf við glugga sé í öðrum lit en gólfefni í verslun, aðvörunarborði hafi verið límdur á brún þrepsins sem M hafi stigið niður af, auk þess sem varað hafi verið við þrepinu með gulu skilti. V telur aðstæðum ranglega lýst með orðinu gryfja heldur hafi gólf við glugga einungis verið einu þrepi lægra en gólf í versluninni. V vísar einnig til þess að nügildandi ákvæði byggingarreglugerðar eigi ekki við húsnæði X þar sem það hafi verið byggt löngu áður.

Álit.

Af ljósmyndum af vettvangi verður ekki annað séð en að gólf verslunar í húsnæði X hafi verið í öðrum lit en gólf sem tók við niður af þrepi sem viðskiptavinir þurftu að stíga niður af til að komast út úr versluninni. Þrepið var einnig varðað með sérstökum aðvörunarborða og skilti sem varaði við því. Þó sérstakar stálgrindur hafi verið settar upp við glugga síðar skapa þær ráðstafanir X fyrirtækinu ekki sjálfkrafa skaðabótaskyldu. Ekki hefur verið sýnt fram með sönnunargögnum að fleiri slys hafi orðið í versluninni þannig að X hafi átt að bregðast við með tilteknum hætti. Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V telst því ekki sönnuð vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 132/2021

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B og
V3 v/ábyrgðartryggingar C

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Reykjanesbraut hinn 5. apríl 2020.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 06.04.2021, ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V1, dags. 17.05.2021.
3. Bréf V2, dags. 20.04.2021 ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf V3, dags. 16.04.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 8. apríl 2020, varð árekstur milli A, B og C við Vogaveg, Reykjanesbraut hinn 5. apríl 2020. Akstursskilyrði samkvæmt skýrslunni voru erfið, skafrenningur, þæfingur og svell á akbrautinni og útsýni skert. Í skýrslunni er sú lýsing höfð eftir öikumanni A að hann hafi ekið á um 50 kílómetra hraða á klukkustund þegar hann missti stjórn á A, ók utan í vegríð og snerist um 90 gráður. Þá hafi B ekið í hlið A og síðar C aftan á A. Samkvæmt lýsingu öikumanns B sá hann þegar A fór að snúast á veginum og hafi hann þá reynt að hemla en rekist utan í A að framan. Þegar A og B höfðu staðnæmst hefði C ekið framan á B þar sem hún hefði snúist í 180 gráður á veginum. Samkvæmt framburði öikumanns C tók hún eftir því þegar A og B lentu saman og hafi hún þá ekið C yfir á vinstri akrein til að forða frekari árekstri. Það hefði þó ekki dugað til því A hefði snúist á veginum og hefði C lent á henni.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að B bæri sök vegna tjóns á vinstra framhorni A og sitt eigið tjón á hægri framhorni, en C bæri sök vegna tjóns á vinstri afturhlið A, vinstra framhorni B og sitt eigið tjón.

M, sem er eigandi C, fellir sig ekki við þá sakarskiptingu og kemur í málskoti fram að að hans mati beri A alla sök á tjóni C, en ella verði sök skipt milli A og B. Í öllu falli beri C enga ábyrgð vegna þess tjóns sem varð á A og B. Eftir að A hafi misst stjórn á ökutækinu og A og B rekist saman hafi ökumaður C fært sig yfir á vinstri akrein til að forða árekstri en þá hafi A og B lent á C. Niðurstaða tjónanefndar virðist á því byggð að A og B hafi báðar verið kyrrstæðar við áreksturinn. Það stangist á við önnur gögn málsins og segi raunar í viðbótarframburði öikumanns A að það hafi ekki verið fyrir en eftir þennan síðari árekstur sem A staðnæmst. Áreksturinn við C hafi orðið þegar A og B komu stjórnlaust frá hægri akrein. Ljóst sé því að ökumaður C, sem hafi reynt að hemla, og sveigja frá til að forða árekstri, beri enga ábyrgð á tjóni á A og B.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram að félagið telji rétt að byggja á frásögn aðila í lögregluskýrslu, en ekki síðar til komnum viðbótarframburði. Í lögregluskýrslu komi ekki annað fram en að A og B hafi verið kyrrstæðar þegar C lenti á þeim. Skylda hafi hvílt á öikumanni C um að haga akstri sínum þannig að hún hefði fullt vald á ökutækinu og gæti stöðvað það áður en kæmi að hindrun, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, og jafnframt hafi hvílt á henni sérstök skylda til að aka nægilega hægt miðað við aðstæður, þar sem umferðaróhapp hafði orðið á veginum og þar sem hálka var og takmarkað útsýni, sbr. o-lið, h-lið og b-lið 2. mgr. sömu greinar. Engin ábyrgð liggja hjá öikumanni A, sem hafi misst stjórn á ökutæki sínu og farið utan í vegríð en í kjölfar þess hafi B og C rekist á A og hvor aðra. A hafi þá ekki verið vanbúin miðað við aðstæður. Sé niðurstaða tjónanefndar í málinu því fullnægjandi.

V2, sem var váttryggjandi B tjónsdegi, og V3 sem var váttryggjandi C á tjónsdegi gera ekki sérstakrar athugasemdir vegna málsins.

Álit:

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, sem er frumgagn í málinu, kemur ekki fram í framburði A hvort A hafi staðnæmst áður en hún og C rákust saman. Í framburði B kemur hins vegar fram að C hafi ekið aftan á B eftir að A og B höfðu stöðvast. Framburður öikumanns C tekur aðeins til árekstrar A og C, en í síðar tilkomnum framburði hennar mun hún hafa sagst hafa lent á bæði A og B. Í framburði hennar segir að hún hafi farið yfir á vinstri akrein til að forðast að lenda líka í árekstri en að það hefði ekki dugað til því A „hefði snúist á veginum og hefði hún lent á henni“. Verður því ekki ráðið af framburði aðila í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu að A og B hafi enn verið á ferð þegar C rakst á þær. Í viðbótarupplýsingum frá öikumanni A kemur hins vegar fram að bifreið hans hafi ekki staðnæmst fyrir en eftir seinni áreksturinn, þ.e. eftir að A

og C rákust saman. Viðbótarupplýsingar frá ökumanni B eru ekki jafnskýrar hvað þetta varðar, en þar kemur fram að B hafi endað vinstra megin og „fengið“ C á bílinn hjá sér. Almennt verður ekki byggt á síðar til komnum framburði nema önnur gögn styðji við hann með afdráttarlausum hætti. Þrátt fyrir að atvikarás virðist öll hafa verið hröð verður því að miða við að árekstur A og B hafi verið afstaðinn þegar síðari áreksturinn átti sér stað. Samkvæmt framburði C í lögregluskýrslu ók hún á eftir A og B þegar hún varð vör við það að A missti stjórn á bifreið sinni og B ók á hana. Hafi C þá farið yfir á vinstri akrein til að forðast árekstur. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga hvílir sú skylda á ökumanni að haga akstri sínum þannig að hann geti stöðvað ökutæki sitt á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður, þegar útsýni er takmarkað vegna birtu eða veðurs, þegar vegur er blautur eða háll, og þar sem umferðaróhapp hefur orðið, sbr. b-lið, h-lið og o-lið 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Þá skal ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þó ökutækið á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess, og skal þess að jafnaði gætt að eigi taki minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna, sbr. 2. mgr. 18. gr. sömu laga. Samkvæmt lýsingu í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu svo og ljósmyndum af vettvangi má ráða að aðstæður hafi verið erfiðar, svell á veginum og útsýni skert. Verður samkvæmt framansögðu að telja að C hafi ekki gætt nægilega að framangreindum áskilnaði við aksturinn. Hvað C varðar er það því niðurstaða nefndarinnar að ökumaður hennar beri ábyrgð á því tjóni sem varð af árekstri A og C og B og C.

Niðurstaða.

Ökumaður C, ber sök vegna tjóns á vinstri afturhlið A, vinstra framhorni B og sitt eigið tjón.

Reykjavík 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 133/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort bótaskyld líkamstjón hafi orðið við bifreiðaárekstur.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 26.3.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 23.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 5. mars 2019 var bifreiðinni A ekið í hlið bifreiðar sem M ók á Reykjanesbraut við Bústaðaveg í Reykjavík.

Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkragögnum kemur fram að 29. ágúst 2013 hafi M leitað á slysadeild Landspítalans þar sem ekið hafi verið á bifreið sem hún ók og hafði stöðvað við biðskyldu nálægt Háaleitisbraut. Hafi hún fundið fyrir óþægindum í hálsi, herðum brjóstbaki, upphandleggjum og vinstra læri.

Hinn 2. júní 2017 leitaði M á heilsugæslustöð eftir að ekið hafði verið aftan á bifreið hennar deginum áður við gatnamót á Grensás. Var talið að hún hafi fengið tognun á hálsþrygg, brjósthrygg og mjólbaki. Hún hafi áður verið alveg góð í baki og aldrei haft nein sérstök einkenni.

Hinn 3. febrúar 2019 leitaði M á Læknavaktina eftir að hafa lent í umferðarslysi 31. janúar sama ár, en þá hafi strætisvagni verið ekið á bílstjórahurð bifreiðar sem hún ók. Við áreksturinn hafi hún fengið hnykk á háls, brjósthrygg og lendhrygg, einnig hafi hún verið með eymsli í efri útlimum og öxlum. Daginn eftir hafi hún fundið fyrir spennuhöfuðverk og eymslum í vinstra hné. Var hún m.a. greind með hálstögnun, tognun á brjósthrygg, tognun á lendhrygg og spennuhöfuðverk.

Hinn 28. mars 2019 leitaði M á heilsugæslustöð. Á samskiptaseðli vegna þeirrar komu er svofelld skráning: „Hún lenti í umferðarslysi 02.02 leitaði á Læknavaktina, sjá bréf þaðan, tognun á baki, hné, lenti síðan 05.03 í öðru umferðarslysi, förum ekkert nánar út í það og ekki skánaði henni við þetta, þarf sjúkraþjálfunarbeiðni, enn með verki í hnénu, höfuðverk, hálsþrygg milli herðablaðanna og í lendhryggnum, ráðlegg henni að panta sér tíma sérstaklega í skoðun vegna þessa.“ Var M þá greind með eftirstöðvar eftir slys, tognun/ofreynslu á hálsþrygg, tognun á lendarþrygg, tognun á brjósthrygg, höfuðverk og tognun á hné.

Samkvæmt greinargerð sjúkraþjálfara, dags. 7. desember 2020, mun M hafa leitað til sjúkraþjálfara hinn 16. apríl 2020 eftir tvö bílslys, 2. febrúar 2019 og 5. mars sama ár vegna margþættra einkenna frá stoðkerfi og hafi hún komið í sjúkraþjálfun í 22 skipti á tímabilinu frá 16. apríl til 20. ágúst 2020.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir við áreksturinn 5. mars 2019. V aflaði sérstaks útreiknings, svonefnds PC-Crash útreiknings, á þeim þyngdarkrafti sem verkaði á ökutækin við áreksturinn. Í skýrslu um útreikninginn, dags. 23. apríl 2020, kemur fram að samkvæmt tjónaskýrslu hafi sjáanlegar skemmdir á A verið á vinstri hlið og á bifreið þeirri sem M ók hafi skemmdir verið á hægri frambretti. Samkvæmt útreikningnum nam þyngdarkraftur á A 0,45 g og þyngdarkraftur á hina bifreiðina 0,43 g. Með bréfi V 29. apríl 2020 var bótaskyldu hafnað þar sem ósannað væri að orsakatengsl væru á milli slyssins og meintra líkamsáverka M.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal sá sem ber bótaábyrgð á líkamstjóni greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur, svo og skal einnig greiða bætur fyrir miska og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna, ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar. Í I. kafla laganna er nánar fjallað um ákvörðun bóta fyrir tímabundið atvinnutjón (2. gr.), þjáningar (3. gr.), varanlegan miska (4. gr.) og varanlega örorku (5.-9. gr.).

Gögn um það líkamstjón sem M kveðst hafa orðið fyrir við áreksturinn 5. mars 2019 eru mjög takmörkuð. Af fyrirliggjandi útreikningi á þyngdarkröftum sem verkuðu á bifreiðirnar við áreksturinn má ráða að áreksturinn hafi verið tiltölulega vægur og M sömuleiðis orðið fyrir frekar vægu höggi jafnvel þótt ekki verði fullyrt á grundvelli þessa útreiknings að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Fyrir umferðarslysið í marsbyrjun 2019 hafði M orðið fyrir meiðslum í stoðkerfi í þremur árekstrum, í ágúst 2013, júní 2017 og í lok janúar 2019. Engin álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggur fyrir í málinu þar sem lagt er mat á það líkamstjón sem M kann að hafa orðið fyrir við áreksturinn þannig að sýnt

sé fram á að hún eigi rétt til bóta samkvæmt þeim ákvæðum skaðabótalaga sem fyrr greinir. Við svo búið telst hún ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 134/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss hinn 17. október 2018.****Gögn.**

Málskot móttækið 26.03.2021 ásamt fylgiskjölum 1-7.

Bréf V dags. 22.04.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 30.04.2021

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 17. október 2018 hafi M fallið um fjóra metra niður af þaki og slasast alvarlega. M hafi á þessum tíma verið að störfum fyrir yfirverktakann A, en verið starfsmaður undirverktakans X, sem sjálfur hafi ekki verið með ábyrgðartryggingu. M telur að orsök slyssins hafi verið skortur á öryggisráðstöfunum, ófullnægjandi verkstjórn og því að ekkert áhættumat hafi verið til staðar og hefur því gert kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 27. nóvember 2020. Í málskoti eru atvik slyssins sögð þau að M hafi, ásamt samstarfsmanni sínum, þurft að koma upp skýli fyrir þakglugga og þegar hann hafi sett upp grindina hafi hann gengið okkur skref aftur á bak til að sjá hvort grindin sæti rétt. Þar sem engar fallvarnir voru á þakinu hafi M fallið aftur fyrir sig og til jarðar en fallið hafi verið um 3,7 metrar. Með því að láta M vinna umrætt verk án nokkurra fallvarna hafi A brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinustöðum og reglum settum á grundvelli þeirra, enda beri atvinnurekandi ábyrgð á því að tryggja góðan aðbúnað og örugg starfsskilyrði á vinnustað. Bendir M sérstaklega á 1. mgr. 17. gr. laga nr. 46/1980 sem kveði á um að þar sem fleiri atvinnurekendur eigi aðild að starfsemi á sama vinnustað beri þeir sameiginlega ábyrgð á þessu, og þar sem A hafi verið yfirverktaki beri fyrirtækið ábyrgð á öllum aðbúnaði. Þá hafi ekkert áhættumat legið fyrir vegna þessa verkþáttar og komi fram í skýrslu Vinnueftirlitsins að slysið megi rekja til þess. Beri A sem yfirverktaki ábyrgð á því að ekki hafi verið til staðar áhættumat í samræmi við lagaáskilnað þar að lútandi. Þá hafi verkstjórn verið ábótavant og komi fram í umsögn Vinnueftirlitsins að það hafi verið meðvirkandi orsök slyssins, en M hefði átt að fá fræðslu um öryggisreglur og viðeigandi fallvarnarbúnað. Þá sé það skilyrði þess að M beri sjálfur ábyrgð á slysinu að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, en engu slíku sé til að dreifa. Sú háttsemi M að ganga aftur á bak á þakinu hafi átt sér eðlilegar skýringar og kjarni málsins sé sá að hefðu fallvarnir verið til staðar hefði hann ekki fallið aftur fyrir sig og af þakinu. Einnig er því hafnað sem röngu og ósönnuðu að M hafi sjálfur haft verkstjórn með höndum. Þá sé hann ekki faglærður þrátt fyrir að hafa reynslu af smíðastörfum og hafi verið almennur starfsmaður X. Samkvæmt öllu framansögðu sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félaginu þyki ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til saknæmrar vanrækslu eða vanbúnaðar sem A verði látinn bera skaðabótaábyrgð vegna. M hafi áralanga reynslu af smíðum og hafi samkvæmt eigin sögn, að því er haft sé eftir honum í örorkumatsgerð dags. 12. febrúar 2020, starfað við verkstjórn hjá undirverktakanum X. Þær upplýsingar hafi einnig fengist hjá A að forsvarsmenn þess hefðu talið að M sinnti verkstjórn hjá X vegna þessa tiltekna verks. Röksemdir M um að ófullnægjandi verkstjórn hafi verið orsakapáttur við slysið beinist því í raun að honum sjálfum. Þá hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann bakkaði þó nokkra vegalengd á þakinu. Hvað varði skort á fræðslu til M verði jafnframt að telja að óþarft hafi verið að fræða reyndan aðila um hættu sem væri samfara því að vinna uppi á þaki enda hefði hún átt að vera augljós. Þá sé því hafnað sem ósönnuðu að A hafi brotið gegn nánar tilgreindum lagaákvæðum með því að fallvarnir hafi ekki verið til staðar, enda hafi vinnan átt sér stað á stórum fleti á flötu þaki og ekki sérstök fallhætta til staðar, enda hafi þakið verið hallalaust, áferð þakflatarins ekki varasöm og veðurskilyrði góð. Er bótaskylda því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að M hafi verið við verkstjórn umrætt sinn, enda sé það ósannað. M hafi verið ófaglærður starfsmaður X og nýtekinn til starfa á svæðinu. Þá bendi ekkert í skýrslum lögreglu eða Vinnueftirlitsins til þess að hann hafi haft verkstjórn með höndum. Liggi beinast við að verkstjórn hafi verið í höndum yfirverktakans A. Þá skuli vinna í mikilli hæð að jafnaði fara fram með hjálp með viðeigandi búnaðar, og sé ekki hægt að koma honum við skuli aðgangur vera greiður og festibúnaður notaður sbr. gr. 15.2 í B-hluta IV. viðauka reglna nr.

547/1996. Þrátt fyrir að M hafi haft reynslu af sambærilegum störfum hafi hann verið nýkominn á svæðið og ekki þekkt aðstæður. Hafi því verið nauðsynlegt að fræða hann um þær hættur sem voru til staðar og hefði áhættumat verið til staðar hefði verið hægt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys hans.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna umrædds slyss. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Óumdeilt er að M var að störfum fyrir X á slyssdegi en var ekki starfsmaður A. Ekki liggja fyrir nefndinni verklýsingar eða samningar um verkaskiptingu milli A og X eða annarra undirverktaka. Samkvæmt umsögn Vinnueftirlitsins um slysið, dags. 31. október 2018, hafði M verið að stilla upp grind fyrir skýli fyrir þakglugga og gekk hann svo aftur á bak til að sjá hvort grindin væri rétt. Hafi hann talið sig vera að ganga inn á þakið en hafi misreiknað sig og fallið um 3,7 metra niður á stéttina við húsið. Hafi uppslátturinn verið staðsettur um 4,5 metrum frá þakbrúninni. Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að orsök slyssins megi rekja til þess að við framkvæmd uppsláttarins hafi engar fallvarnir eða öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir fall verið til staðar. Þá hafi ekki legið fyrir skriflegt áhættumat og M hafi ekki fengið viðeigandi fræðslu um öryggisreglur fyrirtækisins. Fyrirmæli um úrbætur eru þau að gera skuli áhættumat fyrir alla viðhaldsvinnu á verkstað. Í kafla um vinnusögu í fyrirliggjandi örorkumatsgerð segir þá „Þegar slysið verður er hér um ræðir var hann í vinnu hjá fyrirtæki bróður síns, var þar í fullu starfi sem smiður og í verkstjórn.“ Hafi þjálfun og verkstjórn verið ábótavant verður að fella ábyrgð þess á X, en ekki A, enda verður að líta svo á að það sé atvinnurekandi sem ber ábyrgð á þjálfun sinna starfsmanna, sbr. 25. gr. reglugerðar 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum sem Vinnueftirlitið vísar til í umsögn sinni. Þá er það jafnframt atvinnurekandi sem ber ábyrgð á gerð áhættumats. Hvað varðar skort á fallvörnum verður einnig að telja, án frekari gagna um samninga milli undir- og yfirverktaka, að það hafi staðið X nær að sjá til þess að þær væru fullnægjandi. Þess utan verður að líta til þess að umrætt þak var slétt, en ekki hallandi og þá hefur ekki verið sýnt fram á að áferð þess eða veðurskilyrði umrætt sinn hafi skapað fallhættu, sbr. 31.1 gr. í IV. viðauka B hluta reglna nr. 547/1996, en í 31.6 gr. sömu reglna segir jafnframt að á flötum þökum upp í allt að 5 metra hæð yfir jörðu megi draga úr öryggisráðstöfunum ef kringumstæður leyfa. Hefur því samkvæmt öllu framansögðu ekki verið sýnt fram á að slys M sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem það ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 27. maí 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 135/2021**M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna
A og B****Árekstur á bifreiðastæði 10. mars 2021.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 7. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 28. apríl 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M ók bifreiðinni A um bifreiðastæði við Sundlaug Akureyrar þegar árekstur varð með bifreið A og B. Bifreið A var ekið suður bifreiðastæðið þegar bifreið B var ekið frá hægri. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið eftir akstursleið bifreiðastæðisins þegar bifreið B hafi verið ekið ógætilega yfir á hennar vegarhelming þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B segist hafa verið á litlum hraða þegar hún sá bifreið A og hafi náð að stöðva bifreið B, en ekki náð á bakka áður en árekstur varð.

M telur að það eigi að leggja sök á ökumanna bifreiðar B þar sem viðkomandi hafi skorið aksturslínu of mikið með þeim afleiðingum að bifreið B hafi verið á þeim vegarhelmingi sem bifreið A hafi réttilega ekið. M telur að bifreið A hafi ekki verið komin út fyrir horn þar sem stæði eru og hægri reglan eigi því ekki við.

V tekur ekki sérstaka afstöðu til bótaskyldu í athugasemdum sínum til nefndarinnar.

Álit.

Af ljósmyndum frá vettvangi og öðrum gögnum málsins má sjá að M, sem ökumaður bifreiðar A, ók eftir bifreiðastæði og var bifreið B ekið þannig að akstursleiðir bifreiðanna skárust þannig að M hafði bifreið B á hægri hönd. Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skuli sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang. Sú skylda hvíldi því á M sem ökumanni bifreiðar A. Ekki verður af gögnum málsins talið sannað að aksturslag ökumanns bifreiðar B hafi verið þannig að staðsetning bifreiðar B eða of hraður akstur hafi leitt til árekstursins. Hallann af þeim sönnunarskorti verður M að bera. Öll sök er lögð á M sem ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Öll sök á A.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 136/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns í vélarrúmi báts.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 08.04.2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 21.04.2021.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28.04.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur segir að tjón hafi orðið um borð í X, sem er bátur í eigu M, þegar skoðunarmaður á vegum A kom að yfirfara sjálfvirkan slökkvibúnað í vélarrúmi hans hinn 9. september 2020. Tveir sérfræðingar frá sitthvoru fyrirtækinu hafi komið og tekið út búnaðinn eftir atvikið og hafi hann reynst í lagi. Telji M því að starfsmaður A hafi gert mistök með þeim afleiðingum að eldvarnarbombur sprungu í vélarrúmi bátsins, en til að sprengja þær þurfi að snúa lykli og ýta á þrýstirofa. Vegna þessa geri M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en samkvæmt tjonstilkynningu A til V, dags. 7. desember 2020, er gerð bótakrafa vegna kostnaðar við að hreinsa, yfirfara og gera við vélarrúm í X. V hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 26. janúar 2021.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að við skoðun á vegum A hafi orðið óhapp sem fólst í því að slökkvikerfið hleypti slökkvimiðlinum af kerfinu með þeim afleiðingum að hann dreifðist yfir vélarrýmið. Búnaðurinn sé þannig að á tengikassa sé svokallaður svissrofi og rauður hnappur. Fyrst þurfi að snúa lyklinum og síðan þrýsta á hnappinn til að virkja kerfið. Sé lyklinum snúið gefi kerfið frá sér viðvörunarhljóð en útstreymi slökkvimiðils eigi ekki að hefjast fyrr en þrýst er á hnappinn. Starfsmaður A hafi snúið svissrofanum en ekki ýtt á hnappinn, en þrátt fyrir það hafi slökkvimiðillinn farið af kerfinu og yfir vélarrýmið. Hafi hann því talið kerfið í ólagi. Samkvæmt skoðun sem síðar hafi farið fram virki kerfið eðlilega, nema hvað einn rofi í tengiboxinu hafi stundum staðið á sér og ekki lokast. Með hliðsjón af frásögn starfsmannsins svo og því að búnaðurinn hafi í sumum tilvikum staðið á sér sé ósannað að starfsmaður A hafi gert mistök sem leiða eigi til bótaábyrgðar þess. Þess utan hafi ekkert munatjón orðið, en skv. 2. og 3. gr. videigandi váttryggingarskilmála taki váttryggingin aðeins til munatjóns. Kostnaður við þrif og tap á slökkvimiðli falli ekki þar undir. Þess utan sé í 3. gr. að finna takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar sem kveði á um að váttryggingin taki ekki til tjóns á munum sem váttryggður taki að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjónið verði af verkinu eða við það. Jafnvel þó atvikið sem slíkt teldist bótaskyld myndi tjón á þeim munum sem starfsmaður A var að vinna við falla undir þetta undanþáguákvæði. Samkvæmt öllu framansögðu er greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu A því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að umræddur starfsmaður hafi farið um borð X án leyfis og ekki framkvæmt skoðunina í samræmi við reglur.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna umrædds tjóns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjónið M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslum um athugun á búnaði virkar umrætt kerfi þannig að til þess að rofar 3 og 4 fái spennu þarf að snúa lykli og virkja með því rofa 1 og 2. Við að snúa lyklinum fari flauta í gang, en þrýsta þurfi á annan rofa til að afhleyping fari fram. Þá kemur fram í annarri skýrslunni að rofi 4 eigi það til að standa á sér, lokast ekki eða hleypa ekki spennu í gegnum sig. Haft er eftir starfsmanni A að hann hafi aðeins snúið svissrofanum en ekki þrýst á rofann sem hleypi slökkvimiðlinum út. Liggja engin gögn fyrir nefndinni er sýni fram á annað en að starfsmaður A hafi farið eftir verklagsreglum um prófun af þessu tagi. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, og gegn neitun starfsmanns A, en engin vitni urðu að atvikinu, er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til sakar A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Þegar af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M og koma þá önnur atriði ágreinings þessa, s.s. hvort um hafi verið að ræða tjón á munum í skilningi skilmála váttryggingarinnar, ekki til skoðunar.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík 18. maí 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 138/2021

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda.**Ágreiningur um rétt til að fella niður bætur vegna rangra upplýsinga við tjónsuppgjör.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.4.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 16.4.2021, ásamt fylgigögnum.
3. Frekari upplýsingar frá M ásamt viðbrögðum V við þeim upplýsingum.

Málsatvik.

M varð fyrir líkamstjóni í umferðarslysi 9. febrúar 2018 þegar hún missti stjórn á bifreið sinni sem hún ók lenti á vegriði á Reykjanesbraut í námunda við Hvassahraun. Bifreið hennar var tryggt samkvæmt slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V. Af hálfu A, lögmannsstofu sem gætti hagsmuna hennar vegna tjónsins, var útbúin sameiginleg matsbeiðni af hálfu M og V, þar sem tveir menn, B læknir og D lögmaður, voru fengnir til að meta þær afleiðingar sem M bjó við af völdum slyssins. Í matsbeiðninni var svarað neitandi sérstakri spurningu hvort M (tjónþoli) hafi áður orðið fyrir líkamstjóni eða örorka hennar verið metin af öðru tilefni en þeim tjónsatburði sem beiðnin varðaði, þ.e. umferðarslysinu 9. febrúar 2018. Umbeðin matsgerð lá fyrir 30. janúar 2020. Í matsgerðinni er vísað til læknaþreftiltekins heilsugæslulæknis frá 29. apríl 2019, þar sem fram kom að hinn 12. desember 2013 hafi M verið farþegi í strætisvagni sem hafi stöðvað skyndilega og hún henst fram í sætið fyrir framan og fengið höfuðhögg hægra megin. Hún hafi verið með gleraugu sem hafi meitt hana fyrir ofan eyrað. Hún hafi ekki misst meðvitund, en strax eftiróhappið fundið fyrir höfuðverk, ógleði og ljósfælni og kastað upp. Um tíma hafi hún glímt við afleiðingar þessa höfuðhöggs. Enn fremur kemur fram í matsgerðinni að á matsfundi 22. janúar 2020 með þeim B og D hafi M staðfest framangreindar heilsufarsupplýsingar auk þess sem tekið er fram í matsgerðinni að M kveðst ekki hafa lent í öðrum slysum en að framan greinir og hafi að öðru leyti verið almennt hraust fyrir slysið í febrúar 2018. Einnig hafi komið fram að hún hafi með tímanum alveg jafnað sig eftir slysið 12. desember 2013 og ekki hafi farið fram örorkumat vegna þess. Var niðurstaða matsmannanna sú að M byggi við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins 9. febrúar 2018 sem væru raktar til tognunar á háls-, brjóst- og lendhygg með tíðum álagsverkjum, eymslum og hreyfiskerðingu og áfallastreitueinkennum. Varanlegur miski var metinn 20 stig og varanleg örorka 17%.

Á grundvelli matsgerðarinnar var 7. febrúar 2020 af hálfu M gerð krafa um bætur úr slysatryggingunni samtals að fjárhæð 16.404.893 krónur að meðtöldum vöxtum.

Hinn 11. sama mánaðar sendi V matsmönnum matsgerð læknis og lögfræðings, dags. 10. október 2016, vegna slyssins 12. desember 2013, en samkvæmt því mati hafði M vegna þessa fyrra slyss verið metin til 15 stiga varanlegs miska og 15% varanlegrar örorku. Um leið var á það bent að ekki hafi verið óskað eftir afriti af þessari fyrri matsgerð né upplýsinga um niðurstöður samkvæmt henni auk þess sem ljóst sé að misfarist hafi að senda þessa matsgerð til matsmannanna. Þá var þeirri fyrirspurn beint til matsmannanna hvort eldri matsgerðin feli í sér endurskoðun á matsgerðinni frá 30. janúar 2021.

Í endurskoðaðri matsgerð þeirra A og B, dags. 20. maí 2020, kemur fram að matsmennirnir hafi enga ástæðu haft til að vefengja þær upplýsingar sem M veitti á matsfundinum 22. janúar sama ár, enda hafi þá ekki legið fyrir í málinu nein matsgerð vegna slyssins 12. desember 2013. Var niðurstaða matsmannanna að í matsgerðinni vegna slyssins í desember 2013 væri lýst mjög svipuðum einkennum og M hafi lýst á matsfundi með þeim 22. janúar 2020, þ.e. einkennum frá höfði og hálsi. Þó sé ljóst við samanburð á læknisskoðun á matsfundi 11. maí 2016 vegna fyrra slyssins og 22. janúar 2020 vegna síðara slyssins að hreyfiskerðing hafi heldur aukist bæði í hálsi og baki. Í ljósi þessa töldu matsmennirnir hæfilegt að meta varanlegan miska af völdum slyssins 9. febrúar 2018 til 5 stiga vegna versunar á einkennum frá hálsi og baki og andlegu ástandi auk þess sem varanleg örorka vegna þessa slyss væri hæfilega metin 5%. Aðrar niðurstöður matsgerðarinnar varðandi tímabundna þætti og stöðugleikapunkt væru óbreyttar.

Í kjölfar þess að hin endurskoðaða matsgerð lá fyrir var af hálfu M hinn 22. maí 2020 gerð á ný krafa um bætur úr slysatryggingunni, samtals að fjárhæð 5.639.855 krónur. Með bréfi V, dags. 25. júní sama ár, var kröfu M hafnað. Vísaði félagið til þess að þrátt fyrir að M hafi verið metin til varanlegrar örorku vegna slyssins 12. desember 2013 hafi hún í matsbeiðninni til B og D svarað því neitandi að hún hafi áður orðið fyrir líkamstjóni eða örorka hennar verið metin af öðru tilefni auk þess sem hún kvaðst hafa almennt verið heilsuhraust um ævina. Þá hafi hún á matsfundi hjá B og D fullyrt að hún hafi með tímanum jafnað sig eftir slysið 12. desember 2013 og ekki verið metin til örorku vegna þess. Með vísan til þessa var það afstaða V að M hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar um slysið 12. desember 2013 sem hún vissi eða hefði mátt

vita að gætu leitt til þess að greiddar yrðu út bætur sem hún átti ekki rétt til. Af þessum sökum hafi hún að öllu leyti fyrirgert rétti sínum til bóta samkvæmt 2. mgr. 120 gr. laga um váttryggingarsamninga.

M hefur gefið þá skýringu að hún hafi greinilega ekki alveg áttað sig á spurningunni vegna slyssins 12. desember 2013 sem fyrir hana var lagt á matsfundinum hjá B og D, en hún hafi einblínt á það að hún væri á matsfundi vegna slyssins 9. febrúar 2018. Þá sé ekki hægt að líta fram hjá því að hún sé pólsk og þrátt fyrir góða íslenskukunnáttu geti alltaf átt sér stað einhvers konar misskilningur tengdur tungumálaskilningi. Hinn 28. febrúar 2020 hafi M leitað til A og þá hafi verið skráð í málaskráningarkerfi lögmannsstofunnar: „Hefur lent áður í slysi í strætó, var þá metin, [V] greiddi þá, áverkar á höfði, finnur fyrir versnun núna, meira í baki núna.“ M kveðst sannanlega ekki hafa meðvitað veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar, þvert á móti hafi hún staðið í þeirri trú að allar nauðsynlegar upplýsingar lægju fyrir og vegna tungumálamisskilnings á matsfundi hafi hún hreinlega ekki áttað sig almennilega á spurningu matsmanna varðandi fyrra örorkumat. Það hafi aldrei verið ætlun hennar að leyna eldra slysinu. Þá hefur af hálfu A verið gefin sú skýring að fyrrgreind matsbeiðni hafi verið útbúin af starfsmanni A og ekki verið borin sérstaklega undir M áður en hún var send V til undirritunar og hafi M ekki haft neina aðkomu að gerð beiðninnar. Það hafi farið fram hjá starfsfólki A að M hafði áður gengist undir örorkumat og af þeim sökum hafi því verið svarað neitandi að M hafi áður orðið fyrir líkamstjóni eða örorka hennar verið metin af öðru tilefni.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga skal sá sem hyggst hafa uppi kröfu gegn váttryggingafélagi veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann á aðgang að og félagið þarf til þess að geta metið ábyrgð sína og greitt út váttryggingarfjárhæðina. Þá segir í 2. mgr. sömu lagagreinar að sá sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geta leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til glatar öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna sömu atvika. Sé háttsemin ekki alvarleg, hún varði einungis lítinn hluta kröfunnar eða ef sérstakar ástæður mæla með því getur hann þó fengið bætur að hluta.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki um það deilt að M hafi orðið fyrir meiðslum þegar hún lenti í umferðaróhappi í bifreið sinni 9. febrúar 2018. Hins vegar komu rangar upplýsingar fram í fyrrgreindri matsbeiðni til matsmannanna B og D varðandi það líkamstjón sem hún varð fyrir af völdum slyssins 12. desember 2013. Enn fremur komu ekki fram réttar upplýsingar á matsfundi hjá B og D um að hún hafi verið metin til örorku vegna fyrra slyssins. Hvað sem því líður þá mun M hafa við skráningu málsins hjá A hafa upplýst um slysið í desember 2013 og jafnframt að hún hafi fengið greiddar bætur frá V vegna þess. Ekki er efni til að vefengja að M hafi veitt lögmannsstofunni þessar upplýsingar. Þykir þannig mega ganga út frá að M hafi ekki ætlað að halda upplýsingum um fyrra slysið leyndum fyrir lögmanni sínum.

Sameiginleg matsbeiðni til B og D mun hafa verið útbúin af A og fyrir mistök starfsfólks A kom ranglega fram í beiðninni að M hafi ekki áður orðið fyrir líkamstjóni eða örorka hafi ekki verið metin af öðru tilefni en þeim tjónsatburði sem matsbeiðnin varðar og að M hafi almennt verði heilsuhraust um ævina. M er af erlendu bergin brotin en mun tala góða íslensku. Verður því ekki útilokað og að öllu virtu jafnvel taldar meiri líkur en minni að hún hafi misskilið spurningar matsmanna varðandi mat á örorku hennar af völdum slyssins 12. desember 2013. Samkvæmt þessu og að virtum gögnum málsins að öðru leyti verður ekki talið að fram sé komin nægileg sönnun þess að við undirbúning og framkvæmd matsgerðarinnar hafi M vísvitandi veitt rangar upplýsingar sem gátu leitt til þess að hún fengi hærra bætur en hún átti rétt til. Hún hefur því ekki glatað rétti sínum til bóta á grundvelli 2. mgr. 120. gr. laga nr. 50/1993 og telst því eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni fyrir það líkamstjón sem hún sannanlega varð fyrir í umferðarslysinu 9. febrúar 2018.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr slysatryggingu öikumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 139/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um umfang tjóns sem varð af árekstri 20. mars 2020.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 9.4.2021, ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V, dags. 10.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að A hafi, þann 20. mars 2020, verið ekið aftan á B, sem M ók, við Smiðjuveg í Kópavogi. A var talin bera fulla sök á árekstrinum en deilt er um hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn.

Í málskoti kemur fram að fulltrúi frá Árekstur.is hafi komið á staðinn og gert skýrslu um málið. M hafi þá þegar greint frá því að hann fyndi fyrir verkjum í hálsi og hafi síðar sama dag farið á bráðamóttöku Landspítalans þar sem hann lýsti því að hann væri orðinn stífur í hálsi. M leitaði næst til heimilislæknis 1. apríl 2020 og kvartaði yfir verkjum vegna aftanákeyrslunnar þann 20. mars 2020. Við skoðun hafi hann verið með eymsli í efra og neðra baki, ásamt hálsi. Mat læknis hafi verið tognun og var M ráðlagt að huga að hitameðferð, æfingum og teygjum, ásamt bólgueyðandi lyfjum. M leitað enn til heimilislæknis þann 18. maí 2020 og kom fram við skoðun að hann væri aumur í aftanverðum hálsi og herðum og yfir baki. Sett var upp áætlun með sjúkrahjálfa og bólgueyðandi lyfjameðferð. Líkamstjónið var tilkynnt til V þann 26. ágúst 2020 og var bótaskyldu hafnað þar sem talið var að umrætt atvik væri ekki til þess fallið að valda líkamstjóni. Munatjón hafi verið mjög lítið, engin innri skemmd hafi verið bak við stuðarann, sem bendi til lítils höggs. M sætti sig ekki við þá niðurstöðu. Höfnunin byggði, að því er virðist, á ágiskunum um höggkraft og mögulegar afleiðingar slíks höggkrafts, á grundvelli upphæðar viðgerðarkostnaðar á bílnum sem M ók. M telur að ómögulegt sé að draga ályktanir um líkamstjón M á grundvelli mynda og fjárhæða viðgerða, enda séu áhrif árekstra á öikumenn mjög mismunandi, t.d. vegna aldurs, líkamsstöðu við árekstur, vaxtarlags og líkamsbyggingar og ekki verði séð að eðlis- eða verkfræðimenntaður einstaklingur hafi komið að ákvörðun V. Þá fari niðurstaðan þvert gegn öllum læknisfræðilegum gögnum í málinu.

Í bréfi V til nefndarinnar er afstaða félagsins, sem fram kom í fyrirliggjandi bréfi félagsins frá 28. ágúst 2020, ítrekuð. Þar kom fram að viðgerð hafi einungis falið í sér plastviðgerð á stuðara að upphæð kr. 225.081,- og engin innri skemmd hafi verið bak við stuðarann, sem þá bendi til lítils höggs. Þá hafi engin beiðni komið fram um viðgerð á A, sem þó var með kaskótryggingu. Atvikið sé því ekki til þess fallið að valda líkamstjóni.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur aðila taki til þess hvort líkamstjón hafi orðið af umræddum árekstri Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Í málinu liggur fyrir að vegna árekstursins hinn 20. mars 2020 hafi M leitað samdægurs til bráðamóttöku Landspítalans og svo til heimilislæknis þann 1. apríl 2020 og aftur þann 18. maí 2020. Alltaf hafi umkvörtunarefnið verið eymsli í baki og hálsi vegna árekstursins og í lokin hafi verið gerð beiðni um sjúkrahjálfun ásamt bólgueyðandi lyfjameðferð. Þó ráða megi af ákomu á bifreiðarnar að um vægan árekstur hafi verið að ræða getur komið til þess að líkamstjón hljótist af slíkum árekstri. Af framlögðum gögnum að ráða telur nefndin því meiri líkur en minni á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Með hliðsjón af því telst M því eiga rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V, vegna líkamstjóns sem varð við áreksturinn.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 140/2021**M og
V vegna fasteignatryggingar.****Tjón á fasteign M tilkynnt 7. ágúst 2020.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 10. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 21. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
3. Ódagsett svör M við bréfi V til nefndarinnar.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M er ósátt við að V hafi „...ekki gert upp við tryggingakaupa vegna tjóns. Sérstaklega er varðar tjón er verktaki á þeirra vegum olli tryggingakaupa.“ Af gögnum málsins má ráð að raki hafi uppgötvast á heimili M og einstaklingur á vegum V hafi komið til að kanna mögulegar tjónsorsakir með þeim afleiðingum að brotið hafi verið inn í vegg og sprunga hafi komið í baðkar.

M telur að V beri ábyrgð á skemmdum sem óbættar séu á heimili hennar og telur að þær hafi komið til vegna vinnu starfsmanns V.

V telur að ósannað sé að sprunga í baðkeri sé vegna háttsemi starfsmanns V auk þess sem félagið hafi ekki hafnað því að gert yrði við göt í vegg sem gerð hafi verið við lekaleit á vegum V. Auk þessa vísar V til þess að bótaskylda sé ekki fyrir hendi vegna vatnstjóns úr fasteignatryggingu M hjá V þar sem skilyrði um skyndilegan leka úr leiðslum hússins hafi ekki verið fyrir hendi, sbr. gildissvið vátryggingarinnar skv. skilmálum hennar.

Álit.

Af þeim umfangsmiklu gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu verður ekki annað séð en að ágreiningur M og V snúist aðallega um hvort V beri ábyrgð á ætluðum skemmdum á baðkari á heimili M og hvort hún eigi enn fremur rétt á bótum vegna þess að göt voru gerð í vegg á heimili hennar til lekaleitar. Ekki liggur fyrir með nægilega skýrum hætti hvernig sprungur eða brot kom í baðker og verður M að bera hallann af slíkum sönnunarskorti. Ekki liggur heldur fyrir að þær skemmdir hafi komið til vegna vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum húss hennar, en það markar gildissvið vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar hennar hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar dags. 21. apríl sl er því lýst yfir að V hafi ekki hafnað því að ganga frá og gera við þau göt sem gerð voru í vegg við lekaleit. Verður af þeirri yfirlýsingu að ráða að V hafi viðurkennt bótaskyldu vegna þessa og eigi M því rétt til þess að fá tjón sitt bætt skv. ákvæði 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og geti krafist bóta í peningum skv. 3. mgr. þess ákvæðis.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni skv. 35. gr. laga um vátryggingarsamninga vegna viðgerðar á götum í vegg hjá V, en ekki vegna tjóns á baðkari.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 141/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingarliðs fasteignatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu er hurð á bílastæðahúsi var lokað og skemmdir urðu á bifreið.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 8.4.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 23.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu mun um hádegisbil 1. desember 2020 hurð á samtengdu bílastæðahúsi fyrir þrjár húseignir, A, hafa lokast á bifreiðina B, í eigu M, í sömu andrá og hún ók A út úr bílastæðahúsinu. Við það urðu skemmdir á loftneti og þaki A. Sá aðili er lokaði dyrum bílastæðahússins umrætt sinn mun vera leigjandi íbúðar utan A en með afnot að stæði í bílastæðahúsinu og mun hann hafa notað fjarstýringu til að loka dyrunum.

Sameiginlegt húsfélag að A er með fasteignatryggingu hjá V sem m.a. felur í sér ábyrgðartryggingu. Hefur M krafist þess að fá tjón það sem varð á A bætt úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt ákvæði í inngangi í váttryggingarskilmálum fasteignatryggingarinnar eru váttryggðir þeir sem eru þinglýstir eigendur hinnar váttryggðu fasteignar eða eignarhluta sem tilgreindir eru í váttryggingarskírteini. Þá segir í þeim kafla skilmálanna sem fjallar um ábyrgðartryggingarlið váttryggingarinnar að váttryggingin váttryggi gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu fasteignar eða eignarhluta váttryggðs í henni, eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum hússins og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans. Þá segir í c-lið 13. tölul. 2. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga að í ábyrgðartryggingum sé hinn váttryggði sá sem nýtur váttryggingaverndar á skaðabótaskyldri háttsemi sinni. Þegar framangreint er virt er það einungis þinglýstur eigandi váttryggðrar fasteignar sem nýtur verndar samkvæmt ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar þegar hann hefur sem eigandi fasteignarinnar eða hluta hennar bakað sér bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila. Í máli því sem hér er til umfjöllunar er það óþekktur aðili sem ekki mun vera meðal húseigenda í A sem M kveður að hafi valdið tjóninu á B. Þannig er ljóst að sá aðili telst ekki hafa verið meðal váttryggðra samkvæmt fasteignatryggingunni sem húsfélagið að A hafði í gildi hjá V. Þá liggja engin sönnunargögn fyrir um það með hvers konar háttsemi það hefur verið sem umræddur aðili ber skaðabótaábyrgð á tjóninu sem varð á B. Samkvæmt þessu fæst tjónið á B ekki bætt úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingarinnar hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 142/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss M við störf hjá A hinn 21. júní 2019.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 12.04.2021, ásamt fylgiskjölum 1-14.
2. Bréf V, dags. 26.04.2021.
3. Viðbótargögn M, dags. 28.04.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 21. júní 2019, orðið fyrir slysi við störf hjá A. Slysið hafi átt sér í stað með þeim hætti að M hafi verið að vinna við samsetningarvél og verið að setja saman tvö blikkrör þegar hann missti jafnvægið. Hafi hann þá gripið með vinstri hendi í hraðastýringu vélarinnar. Hafi vélin þá farið á meiri hraða og hægri hönd M farið með blikkstykkinu í átt að samsetningartönnunum sem læsi blikkrörunum saman. Litli fingur hægri handar M hafi lent milli tannanna og M slasast og hafi hann verið metinn til fimm stiga miska vegna þessa. M telur slysið að rekja til óforsvaranlegra aðstæðna á vinnustað og krefst því bóta úr ábyrgðartryggingu A. Í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 10. febrúar 2020, komi þannig fram að aðstæður við vélina hafi skapað fallhættu, þar sem gólfmotta við vélina hafi ekki verið réttilega frágengin, hún hafi verið á hvolfi og ekki réttilega sniðin að pedulum vélarinnar og því ekki náð inn á vinnusvæði M. Þá hafi gormar á vélinni verið orðnir gamlir og lélegir sem olli því að M þurfti að halda um blikkrörin með hægri hendi. Þá hafi ekkert áhættumat verið til staðar vegna þessa verkþáttar. Augljóst sé að M hafi misst jafnvægið vegna aðstæðna á slysstæð, við það hafi hann gripið í hraðastýringu sem olli því að vélin fór á meiri hraða, sem olli því að hann slasaðist á hægri hendi þar sem vélin virkaði ekki sem skyldi og hann þurfti að halda um blikkstykkið. Undir venjulegum kringumstæðum hefðu armar vélarinnar átt að halda blikkstykkinu uppi. Eftir slysið hafi vélinni verið skipt út, en þetta hafi verið í fyrsta og eina skiptið sem M notaði hana. Vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum kröfu sinni til stuðnings. V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 17. mars 2021.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að engin vitni hafi orðið að atvikinu og sé M því einn til frásagnar. Hvað varði ástand vélarinnar þá er haft eftir A að erlendur framleiðandi hennar annist eftirlit með henni og komi árlega á starfsstöðina til að yfirfara hana. Þá beri skýrsla Vinnueftirlitsins það ekki með sér að vélin hafi verið í ólagi og sé það ósannað. Það að A hafi skipt út tækjakosti að einhverju leyti breyti engu um það. Hvað varði ummæli í sömu skýrslu um að aðstæður við vélina hafi skapað fallhættu þá sé ekki þar með sagt að það hafi verið orsök slyssins, enda segi einnig þar að samkvæmt hinum slasaða hafi hann misst jafnvægið, en ekki komi þar fram að mottan hafi orðið til þess að hann missti jafnvægið. Það sé fyrst í málskoti sem því sé haldið fram. Sé því ekkert komið fram sem bendi til þess að umrædd motta hafi valdið slysinu. Samkvæmt ljósmyndum í skýrslu Vinnueftirlitsins hafi þá verið búið að taka úr mottunni fyrir fótstig og samkvæmt A hafi henni verið snúið á báða vegu eftir því hvað var verið að gera hverju sinni. Þá sé skortur á áhættumati ekki ástæða slyssins, enda fulllangt gengið að ætlast til að vinnuveitandi sjái fyrir að starfsmaður geti misst jafnvægið eða runnið til og að það valdi því að hann grípi í hraðastýringu vélarinnar með þeim afleiðingum að hönd hans dragist nær tönnum vélarinnar. Um óhappatilvik sé að ræða og er bótaskyldu því hafnað.

Meðfylgjandi viðbótarathugasemdum M er yfirlýsing samstarfsmanns hans um að vélin hafi verið hættuleg og óörugg, hún hafi ekki verið fest við gólfíð og armar hennar ekki hafi ekki haldið nægilega við málminn og hafi fjöldi starfsmanna kvartað vegna hennar.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slysið M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Sönnunarbyrðin fyrir því hvílir á M. Í fyrirliggjandi skýrslu Vinnueftirlitsins segir að aðstæður við vélina, þar sem gólfmotta náði ekki nægilega inn á vinnusvæði starfsmanns hafi skapað fallhættu. Í lýsingum M á atvikum kemur fram að hann hafi misst jafnvægið en ekki er að finna nánari lýsingu á því hvernig það atvikaðist, þ.e. hvað varð til þess að hann missti jafnvægið. Né heldur hefur verið sýnt fram á að A hafi borið ábyrgð á staðsetningu mottunnar, eða því að hún hafi verið á „hvolfi“ umrætt sinn. Hvað varðar hugsanlegan vanbúnað samsetningarvélarinnar, þ.e. að armar hennar hafi ekki haldið nægilega um blikkstykkinn og því hafi verið nauðsynlegt að halda um þau, þá liggur ekki fyrir neitt sérstakt mat á umræddri vél, né má ráða af skýrslu Vinnueftirlitsins að hún

hafi verið vanbúin að þessu leyti. Verður því, þrátt fyrir framlagða yfirlýsingu samstarfsmanns M, að telja ósannað að tjón M verði rakið til vanbúnaðar vélarinnar. Hvað varðar skort á skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði vegna þessa verkþáttar sem feli í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna hefur heldur ekki verið sýnt nægilega fram á að slys M verði rakið til skorts á slíkri áætlun eða með hvaða hætti. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til sakar A eða aðila sem það ber ábyrgð á. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík 18. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 143/2021

M og
V vegna ábyrgðartryggingar AÁgreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns.**Gögn.**

1. Málskot M, dags. 12.4.2021 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29.04.2021, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. ágúst 2020 var M að koma út úr verslun A í Borgarnesi er hún rekur tána í misfelli við brunnlok á gangstétt og fellur fram fyrir sig og slasast. Umrætt brunnlok hafði sigið niður og hellur í kring hafi verið ca. 3 cm hærri. Atvikið var skráð af starfsmönnum A og settar voru keilur þar sem slysið gerðist og um leið óskað eftir flýtimeðferð á lagfæringum á staðnum. M taldi að A bæri bótaábyrgð á tjóninu þar sem A hafi vanrækt þá ríku aðgæsluskyldu sem hvíldi á A. Því hafnaði V á þeim forsendum að starfsmenn A hafi ekki vitað af því að brunnlokið hefði sigið auk þess sem ekki verði séð að augljós slyshætta hafi stafað af brunnlokinu.

M fellir sig ekki við þau málalok og áréttar að hún telji bótaskyldu fyrir hendi. Vísar hún m.a. til dómafrankvæmdar sem leggi ríka ábyrgð á eigendur og umráðamenn verslunar- og þjónustuhúsnæðis máli sínu til stuðnings. Fyrirhafnarlítið hefði verið að tryggja fullnægjandi aðstæður, t.d. með því að afmarka svæðið þar sem misfellan var eða fara í lagfæringar strax. Vegna vanrækslu voru aðstæður fyrir utan verslunina óforsvaranlegar, sem hafi orsakað slys M. Fyrir liggja að slysið hafi orðið vegna misfellingunnar við brunnlokið og aðgengi fyrir umferð gangandi fólks varasöm af þeim sökum. Misfellan sé um 3 cm. á dýpt og verði að fallast á það með M að svo mikil misfella hafi verið til þess fallin að skapa hættu fyrir gangandi fólk. Misfellan sé staðsett í eðlilegri gönguleið þeirra sem fari fótgangandi að og frá versluninni. Starfsmönnum A hafi ekki getað dulist misfellan og að hún hafi falið í sér slyshættu og hafi borið að bregðast við. M vitnar til tveggja dóma, máli sínu til stuðnings, þar sem bótaskylda var viðurkennd. Í öðru tilfallinu var um að ræða brunnlok, sem stóð nokkru lægra en bílaplanið, sem það var á, en jafnframt stóð 4 cm. járnhald upp úr lokinu, auk þess sem engin sérstök lýsing var á staðnum þar sem brunnlokið var. Í hinu málinu var um að ræða niðurfalið í gólfi inni í húsi en niðurfallið stóð 2 cm lægra en gólfið en var samlit gólfinu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hvorki liggja fyrir hvenær né hvers vegna brunnlokið seig. Þá vissu starfsmenn A ekki að brunnlokið hefði sigið. Jafnframt telur V að ekki sé unnt að staðhæfa að augljóst hafi verið að mishæðin væri til staðar og að af henni hafi stafað slyshætta. Engin sambærileg tilvik hafi verið tilkynnt starfsmönnum A. Ekki liggja heldur fyrir hve há mishæðin var þar sem í slysskráningu A komi fram að hún sé sirka 3 cm og því sé um ágiskun að ræða. V telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á að tjónið megi rekja til skaðabótaskyldra athafna eða athafnaleysis A en það sé forsenda bótaskyldu.

Álit:

Fyrir nefndinni liggja ljósmyndir af umræddu brunnloki. Sjá má að brunnlokið stendur aðeins neðar en ætla má að önnur brunnlok á svæðinu standi en ekki er unnt að staðreyna hversu mörgum sentímetrum neðar það stendur. Af myndunum að dæma verður þó ekki séð að augljós slyshætta stafi af þessari misfelli. Aðstæður í dómum sem M vísar til voru ekki sambærilega við aðstæður í þessu máli. Í öðru tilfallinu var lýsing á bótavant og 4 cm járnhald stóð upp úr brunnlokinu en í hinu var misfellan samlit gólfinu og því erfitt að sjá hana. Í þessu máli stóð ekkert upp úr brunnlokinu, engar athugasemdir hafa verið gerðar við lýsingu og brunnlokið er í öðrum lit en hellurnar í kring og hefði misfellan því átt að vera sýnilegri en ella. Þá liggur ekki fyrir að starfsmenn A hafi vitað af misfellingunni og að mögulega hafi hætta stafað af henni. Samkvæmt framansögðu telst M ekki hafa sýnt fram á að sagnæm háttsemi starfsmanna A hafi orsakaða slysið og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3. júní 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 144/2021

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.Réttur til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993
áreksturs 25. apríl 2020.vegna**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið. 12. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 5. maí 2021.
3. Athugasemdir lögmans M, dags. 24. maí 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er fjallað um árekstur bifreiðar X við bifreið sem M ók suður Reykjanesbraut þegar bifreið X var ekið á bifreið hennar. Vitni ber þannig í lögregluskýrslu að bifreið X hafi verið ekið gegn rauðu ljósi vestur Bústaðaveg og að ökumaður bifreiðar X hafi virst í annarlegu ástandi. Ekki liggur fyrir framburðarskýrsla ökumanns bifreiðar X í málinu.

M telur að hún hafi orðið fyrir tjóni við áreksturinn vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðar X og hefur krafist V um miskabætur skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. M telur að háttsemi ökumanns bifreiðar X hafi verið verulegt frávik frá því sem eðlilegt getur talist í umferðinni og ökumaðurinn hafi sýnt algjört og vítavert gáleysi gagnvart umferðinni og öðrum vegfarendum. Einnig vísar M til þess að mat á því hvort háttsemi teljist stórkostlegt gáleysi eigi að ráðast af hlutlægum þáttum og það breyti ekki hvort gáleysið sé meðvitað eða ómeðvitað.

V bendir á að það hafi ekki tekið formlega afstöðu til bótaskyldu vegna kröfu um miskabætur skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og telur að slíka afstöðu sé ekki hægt að taka fyrir en frekari læknisfræðileg gögn liggi fyrir um líkamstjón M. Einnig bendir V á að það hafi ekki samþykkt að nefndin fjalli um bótafjárhæðir. V vísar einnig til þess að réttur til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga sé bundinn við það að bætur fyrir ófjárhagslegt tjón skv. I. kafla skaðabótalaga séu ekki fullnægjandi. V telur óljóst hverjar afleiðingar slyssins séu fyrir M og þannig sé ósannað að hún hafi orðið fyrir auknum afleiðingum vegna þess að ætlaður tjónvaldur hafi verið undir áhrifum áfengis eða lyfja, auk þess sem upplýsingar um niðurstöðu úr blóðprufu t.d. liggi ekki fyrir í málinu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða slíkar bætur. Nefndin telur að um ágreining um bótaskyldu sé að ræða varðandi gildissvið a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, en mun ekki taka afstöðu til bótafjárhæðar, þar sem ekki liggur fyrir samþykki allra málsaðila um að nefndin fjalli um fjárhæðir, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Þegar litið er til gagna málsins um það tjónsatvik sem leiddi til líkamstjóns M verður ekki annað séð en að vitni og M beri um að M hafi ekið gegn grænu ljósi suður Reykjanesbraut þegar árekstur varð við bifreiðina X, sem var ekið inn á gatnamót frá Bústaðavegi gegn rauðu ljósi og af ökumanni sem virst hafi í annarlegu ástandi. Þó frekari upplýsingar liggi ekki fyrir um framburð ökumannsins sjálfs telst ekki varhugavert að álykta að skýrsla vitnis beri með sér að háttsemi ökumannsins í þessu máli hafi falið í sér verulegt frávik frá því sem ætlast má til af ökumönnum.

Einnig er vísað til þess að V byggir ekki með beinum hætti á því í afstöðu sinni til nefndarinnar að háttsemi ökumanns bifreiðarinnar X sé ekki stórkostlegt gáleysi heldur byggir V aðallega á því að réttur til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga sé háður því að ófjárhagslegt tjón sé ekki fullbætt skv. I. kafla skaðabótalaga. Slíkum málalímbúnaði verður ekki fundinn stoð í dómaframkvæmd og má sem dæmi vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 558/2002 því til stuðnings. Meta verður skilyrði til greiðslu miskabóta sjálfstætt óháð ófjárhagslegu tjóni sem uppfyllir skilyrði 4. gr. skaðabótalaga til greiðslu bóta fyrir varanlegan miska og af ofangreindu verður fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi hjá V vegna kröfu M um miskabætur skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M, til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 145/2021

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X,**Réttur til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðbótalaga nr. 50/1993 vegna áreksturs 25. apríl 2020.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið. 12. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 5. maí 2021, ásamt tölvupóstsamskiptum lögmanns M og V.
3. Athugasemdir lögmanns M, dags. 24. maí 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er fjallað um árekstur bifreiðar X við bifreið sem M var farþegi í og var ekið suður Reykjanesbraut þegar bifreið X var ekið á bifreið hans. Vitni ber þannig í lögregluskýrslu að bifreið X hafi verið ekið gegn rauðu ljósi vestur Bústaðaveg og að ökumaður bifreiðar X hafi virst í annarlegu ástandi. Ekki liggur fyrir framburðarskýrsla ökumanns bifreiðar X í málinu.

M telur að hann hafi orðið fyrir tjóni við áreksturinn vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðar X og hefur kafið V um miskabætur skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðbótalaga nr. 50/1993. M telur að háttsemi ökumanns bifreiðar X hafi verið verulegt frávik frá því sem eðlilegt getur talist í umferðinni og ökumaðurinn hafi sýnt algjört og vítavert gáleysi gagnvart umferðinni og öðrum vegfarendum. Einnig vísar M til þess að mat á því hvort háttsemi teljist stórkostlegt gáleysi eigi að ráðast af hlutlægum þáttum og það breyti ekki hvort gáleysið sé meðvitað eða ómeðvitað.

V bendir á að það hafi ekki tekið formlega afstöðu til bótaskyldu vegna kröfu um miskabætur skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðbótalaga og telur að slíka afstöðu sé ekki hægt að taka fyrr en frekari læknisfræðileg gögn liggja fyrir um líkamstjón M. Einnig bendir V á að það hafi ekki samþykkt að nefndin fjalli um bótafjárhæðir. V vísar einnig til þess að réttur til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðbótalaga sé bundinn við það að bætur fyrir ófjárhagslegt tjón skv. I. kafla skaðbótalaga séu ekki fullnægjandi. V telur óljóst hverjar afleiðingar slyssins séu fyrir M og þannig sé ósannað að hún hafi orðið fyrir auknum afleiðingum vegna þess að ætlaður tjónvaldur hafi verið undir áhrifum áfengis eða lyfja, auk þess sem upplýsingar um niðurstöðu úr blóðprufu t.d. liggja ekki fyrir í málinu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðbótalaga. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða slíkar bætur. Nefndin telur að um ágreining um bótaskyldu sé að ræða varðandi gildissvið a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðbótalaga, en mun ekki taka afstöðu til bótafjárhæðar, þar sem ekki liggur fyrir samþykki allra málsaðila um að nefndin fjalli um fjárhæðir, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Þegar litið er til gagna málsins um það tjónsatvik sem leiddi til líkamstjóns M verður ekki annað séð en að vitni og ökumanni bifreiðar þeirra sem M var farþegi í beri um að þeirri bifreið hafi ekið gegn grænu ljósi suður Reykjanesbraut þegar árekstur varð við bifreiðina X, sem var ekið inn á gatnamót frá Bústaðavegi gegn rauðu ljósi og af ökumanni sem virst hafi í annarlegu ástandi. Þó frekari upplýsingar liggja ekki fyrir um framburð ökumannsins sjálfs telst ekki varhugavert að álykta að skýrsla vitnis beri með sér að háttsemi ökumannsins í þessu máli hafi falið í sér verulegt frávik frá því sem ætlast má til af öikumönnum.

Einnig er vísað til þess að V byggir ekki með beinum hætti á því í afstöðu sinni til nefndarinnar að háttsemi ökumanns bifreiðarinnar X sé ekki stórkostlegt gáleysi heldur byggir V aðallega á því að réttur til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðbótalaga sé háður því að ófjárhagslegt tjón sé ekki fullbætt skv. I. kafla skaðbótalaga. Slíkum málalímbúnaði verður ekki fundinn stoð í dómaframkvæmd og má sem dæmi vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 558/2002 því til stuðnings. Meta verður skilyrði til greiðslu miskabóta sjálfstætt óháð ófjárhagslegu tjóni sem uppfyllir skilyrði 4. gr. skaðbótalaga til greiðslu bóta fyrir varanlegan miska og af ofangreindu verður fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi hjá V vegna kröfu M um miskabætur skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðbótalaga.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M, til miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 146/2021

M og
V vegna ábyrgðartryggingar.**Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna vinnu við fasteign 18. nóvember 2020.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 15. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 26. apríl 2021, ásamt frekari gögnum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 4. maí ásamt tölvubréfi lögmanns M dags. 9. mars 2021 til V ásamt viðhengi og tölvubréfi V sama dag til lögmanns M.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var að vinna við viðgerð á fasteign (hér eftir kölluð fasteignin X) hinn 18. desember 2020. Atvikum er þannig lýst af hálfu M að eigandi hluta fasteignarinnar X hafi orðið fyrir tjóni vegna vatnsleka sem hafi orðið vegna rigningarvatns, þegar óvænt rigning hafi komið, þar sem M hafi „...ekki gengið nægjanlega vel frá við vinnu sína sem olli því að vatn komst í íbúð í kjallara.“ Annars staðar í málskoti kemur fram að „...ekki hafi verið gengið frá á verkstað með viðunandi hætti...“ og að hann hafi „...með stórkostlegu gáleysi valdið húseigandanum tjóni sem hann ber ábyrgð á.“

Í tjónstilkynningu sem M skilaði inn til V dags. 8. janúar 2021 kemur fram að M hafi verið að vinna við stækkun 3. hæðar fasteignarinnar X þegar tjón varð, enginn vitni hafi verið að tjóninu og merkt við svarið „nei“ á tjónstilkynningareyðublaði þar sem spurt var hvort einhver sérstakur beri ábyrgð á að tjónið varð. Í frekari upplýsingum frá M til V kemur m.a. fram að orsök tjóns hafi verið vont veður og rigning og „...Ef einhverjum er að kenna þá er ‘þessi sem lætur rigna á okkur‘...“.

M hefur krafist þess að V viðurkenni bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu M vegna tjóns eiganda fasteignarinnar X og vísar til ofangreindra sjónarmiða henni til stuðnings, sem og bréfs dags. 3. janúar 2021 til M varðandi tjón eiganda fasteignarinnar X.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur gögn málsins af skornum skammti og telur engin gögn um ætlað tjón hafi komið fram né heldur orsakir þess. V bendir einnig á að ekki hafi komið fram hvernig frágangi M hafi verið áfátt og að fullyrðingar um slíkt stangist á við svör í tjónstilkynningu um að tjónið hafi ekki orðið vegna ófullnægjandi vinnubragða.

M telur sýnt að krafa hafi komið fram af hálfu eiganda fasteignarinnar með kröfubréfi dags. 3. janúar 2021. Einnig telur M að svör V við höfnun bótaskyldu séu ekki þau sömu í bréfi til M eins og þegar málið var komið fyrir nefndina og telur V bundið við fyrri málsástæður. Einnig eru gerðar athugasemdir við að V hafi ekki skoðað aðstæður sem og athugasemdir við form þar sem starfsmaður V sé varamaður í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Álit.

Í samþykktum sem gilda fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og birtar eru með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005 kemur fram í 1. gr. að nefndin starfi á grundvelli samkomulags Viðskiptaráðuneytisins (nú Fjármála- og efnahagsráðuneytið), Samtaka íslenskra tryggingafélaga (nú Samtök fjármálafyrirtækja) og Neytendasamtakanna og skv. 2. gr. sömu samþykta er fjallað um að hver þessara tilnefni aðal- og varafulltrúa til setu í nefndinni. Um sérstakt hæfi er fjallað í 9. gr. samþykktanna þar sem vísað er til 5. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um slíkt hæfi. Nefndin telur að skilyrði vanhæfis séu ekki fyrir hendi við afgreiðslu málsins.

Þegar farið er yfir gögn málsins kemur hvergi fram með skýrum hætti hvaða háttsemi starfsmaður eða starfsmenn M viðhöfðu í tengslum við viðgerð á fasteigninni X, sem leiddi til tjóns á henni. Ekki kemur fram hvers konar frágangur var viðhafður á verkstað eða hvernig hann hefði átt að vera til þessa að viðunandi hefði verið. Ekki kemur heldur fram að M hafi greitt skaðabætur til eiganda fasteignarinnar X og í kröfubréfi dags. 3. janúar 2021 frá honum kemur ekki heldur nokkuð fram um atvik málsins.

Á M hvílir sönnunarbyrði um að háttsemi starfsmanna hans hafi verið saknæm eða önnur atvik eigi að leiða til skaðabótaábyrgðar hans. Í þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina hafa ekki komið fram skýrar upplýsingar um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. M ber hallann af slíkum sönnunarskorti og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu M því ekki fyrir hendi. Ekki er heldur fallist á að röksemdir V á fyrri stigum málsins hafi leitt til viðurkenningar á bótaskyldu.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 147/2021**V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 23. september 2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.04.2021, ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V, dags. 14.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 23. september 2019 hafi bifreiðinni A verið ekið í hlið bifreiðarinnar B, en M var farþegi í B. Hafi M orðið fyrir meiðslum og leitað samdægurs á slysadeild vegna þeirra. Hafi hún þá verið greind með tognun á lendarhrygg og í kjölfarið leitað til heimilislæknis og sjúkraþjálfara vegna afleiðinga slyssins. V hafi hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns sem M rekur til árekstursins með bréfi dags. 17. apríl 2020. M mótmælir afstöðu V og telur sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Höfnun V byggir á hraðaútreikningi sem hafi verið einhliða aflað af félaginu og geti ekki gefið rétta mynd af þeim afleiðingum sem hefðu getað hlotist af árekstrinum, enda sé ekki tekið tillit til áhrifa þátta á borð við kyn, aldur, heilsufarssögu eða líkamsstöðu tjónþola á það hverjar afleiðingar áreksturs séu fyrir þá. Jafnvel þó árekstur teljist vægur geti hann valdið líkamlegum einkennum. Sýnt sé fram á með læknisfræðilegum gögnum að M hafi fundið fyrir einkennum eftir áreksturinn, og sé það þá í höndum matsmanna, en ekki félagsins, að meta afleiðingar hans. Af framlögðum gögnum megi ráða að M hafi sannanlega orðið fyrir líkamstjóni og sé bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er vísað til þess að samkvæmt hraðaútreikningum hafi höggð af árekstrinum verið mjög lítið auk þess sem nánast ekkert tjón hafi orðið á B. Þá er röksemdum M um ótrúverðuleika PC-Crash skýrsla alfarið hafnað. Í bráðamóttökuskra komi fram að eftir áreksturinn hafi M lýst nokkuð almennum einkennum, sem hafi ekki leitt til óvinnufærni eða sérstakrar læknismeðferðar strax í kjölfar hans. Þá liggja fyrir að M hafi áður lent í tveimur slysum og verið með bakverk til lengri tíma í kjölfar þeirra. Ekkert sérstakt læknisfræðilegt mat liggja fyrir varðandi það hvort líkamleg einkenni M verði rakin til árekstursins og verði að telja að M hafi glímt við sömu einkennum fyrir áreksturinn. Meginreglur skaðabótaréttar geri ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á tjón sitt og leggi fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Það hafi M ekki gert og er bótaskylda því hafnað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn hinn 23. september 2019. Hvað varðar svokallaða PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, og þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að fremur lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og einkenna sem M reki til hans. Gögn um líkamlegt ástand og einkenni M fyrir nefndinni eru takmörkuð. Fyrirliggjandi er bráðamóttökuskra vegna komu M á slysa- og göngudeild hinn 23. september 2019. Þar kemur fram að M lýsi verk í mjóbaki. M var greind með tognun á lendarhrygg og fékk ráðleggingar um bólgueyðandi meðferð og sagt að panta tíma á heilsugæslu ef verkir reyndust viðvarandi. Ekki verður séð að M hafi gengist undir frekari rannsóknir. Þá liggur ekki fyrir hvort M hafi verið óvinnufær til lengri eða skemmri tíma vegna einkenna sem hún reki til árekstursins. Í málskoti segir að M hafi leitað til heimilislæknis og sótt sjúkraþjálfun vegna afleiðinga árekstursins en engin frekari gögn liggja fyrir um þá meðferð. Þá má ráða af bráðamóttökuskra að M hafi lent í tveimur árekstrum áður og verið með bakverki í kjölfar þeirra, en frekari gögn um einkenni hennar fyrir áreksturinn hinn 23. september 2019 liggja ekki fyrir. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, og þá sérstaklega með hliðsjón af því hve gögn eru af skornum skammti, verður því að telja að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds áreksturs og tjóns þess sem M telur sig hafa orðið fyrir. Er kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 148/2021**M og****V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 23. september 2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.04.2021, ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V, dags. 14.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 23. september 2019 hafi bifreiðinni A verið ekið í hlið bifreiðarinnar B, sem M ók. Hafi M orðið fyrir meiðslum og leitað samdægurs á slysadeild vegna þeirra. Hafi hann þá verið greindur með tognun á lendarhrygg og mar á mjöðm og í kjölfarið leitað til heimilislæknis og sjúkraþjálfara vegna afleiðinga slyssins. V hafi hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns sem M rekur til árekstursins með bréfi dags. 17. apríl 2020. M mótmælir afstöðu V og telur sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Höfnun V byggir á hraðaútreikningi sem hafi verið einhliða aflað af félaginu og geti ekki gefið rétta mynd af þeim afleiðingum sem hefðu getað hlotist af árekstrinum, enda sé ekki tekið tillit til áhrifa þátta á borð við kyn, aldur, heilsufarssögu eða líkamsstöðu tjónþola á það hverjar afleiðingar áreksturs séu fyrir þá. Jafnvel þó árekstur teljist vægur geti hann valdið líkamlegum einkennum. Sýnt sé fram á með læknisfræðilegum gögnum að M hafi fundið fyrir einkennum eftir áreksturinn, og sé það þá í höndum matsmanna, en ekki félagsins, að meta afleiðingar hans. Af framlögðum gögnum megi ráða að M hafi sannanlega orðið fyrir líkamstjóni og sé bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er vísað til þess að samkvæmt hraðaútreikningum hafi höggið af árekstrinum verið mjög lítið auk þess sem nánast ekkert tjón hafi orðið á B. Þá er röksemdum M um ótrúverðugleika PC-Crash skýrsla alfarið hafnað. Séu slíkar skýrslur einn liður í sönnunarfærslu líkt og þau gögn sem M aflí. Þá er gerð athugasemd við ummæli í bráðamóttökuskra um að B hafi verið töluvert skemmd, enda sé það ekki rétt og byggir mat viðkomandi læknis því á röngum forsendum. Þá liggja ekki fyrir hvort M hafi sögu um sambærileg einkenni fyrir umrætt atvik, og ekki verði ráðið af gögnum málsins að hann hafi verið óvinnufær eða þarfnast sérstakrar læknismeðferðar í kjölfar þess. Meginreglur skaðabótaréttar geri ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á tjón sitt og leggi fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Það hafi M ekki gert og er bótaskylda því hafnað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn hinn 23. september 2019. Hvað varðar svokallaða PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, og þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að fremur lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og einkenna sem M reki til hans. Gögn um líkamlegt ástand og einkenni M fyrir nefndinni eru takmörkuð. Fyrirliggjandi er bráðamóttökuskra vegna komu M á slysa- og göngudeild hinn 23. september 2019. Þar kemur fram að M lýsi verk vinstra megin í mjóbaki og upp allan hrygginn. M var greindur með tognun á lendarhrygg og fékk ráðleggingar um bólgueyðandi meðferð og hvíld. Ekki verður séð að M hafi gengist undir frekari rannsóknir. Þá liggur ekki fyrir hvort M hafi verið óvinnufær til lengri eða skemmri tíma vegna einkenna sem hann reki til árekstursins. Í málskoti segir að M hafi leitað til heimilislæknis og sótt sjúkraþjálfun vegna afleiðinga árekstursins en engin frekari gögn liggja fyrir um þá meðferð. Þá liggja ekki fyrir neinar lýsingar eða gögn um heilsufar M fyrir umræddan árekstur. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, og þá sérstaklega með hliðsjón af því hve gögn eru af skornum skammti, verður því að telja að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds áreksturs og tjóns þess sem M telur sig hafa orðið fyrir. Er kröfu hans því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2021.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 149/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Austurvegi á Selfossi til móts við hús nr. 22 þann 12.3.2021.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 18.4.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 7.5.2021, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2, dags. 3.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið austur Austurveg þar sem hún rakst á kerru aftan í B sem hafði verið lagt í bifreiðastæði sem liggja skáhallt á akbrautina að sunnanverðu. Skemmdir urðu á hægri framhorni og aftanverðri hægri hlið A. Ákoma var á vinstri afturhurð og vinstra afturhorni B. Tjón varð einnig á kerrutengi og ákoma var á hægri hlið kerrunnar. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Umferð á Austurvegi er sögð hafa verið mikil.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið fremur rólega vegna mikillar umferðar á götunni. Hún hafi verið nýbúin aka yfir gangbraut þegar hún hafi skyndilega ekið á kerru sem hafi staðið út í götuna.

Eigandi B og kerrunnar sem B dró kvaðst hafa lagt B í bifreiðastæði fyrir framan hús nr. 22. Hann hafi verið með kerruna í eftirdragi og hafi því átt í „örlitlum vandræðum“ með að leggja í bifreiðastæði. Hann hafi reynt að leggja eins nálægt gangstéttinni og hann gat en vildi þó ekki fara upp á hana. Kvað ökumaðurinn þetta hafa verið „mögulega tæpt“ hversu langt kerran náði út í götuna en taldi þó að kerran hafi ekki verið það nálægt akbrautinni að ekið yrði á hana.

Í lögregluskýrslu er haft eftir vitni sem gaf sig fram á vettvangi að það hafi nánast verið búið að aka á kerruna og þurft að sveigja fram hjá kerrunni þar sem hún hafi náð langt inn á akbrautina. Kvað vitnið það hafa verið tímaspursmál hvenær einhver myndi aka á kerruna. Þá hafi töluverð umferð verið þegar óhappið varð.

Í niðurlagi lögregluskýrslu er frá því greint að miðað við lengd kerrunnar hafi mátt gera ráð fyrir að hún hafi náð inn á akbraut Austurvegar að einhverjum hluta.

Álit.

Af gögnum málsins verður að telja nægilega ljóst að ökumaður B lagði bifreiðinni í bifreiðastæði við götuna þannig að kerra sem var í eftirdragi skagaði að nokkrum hluta út í götuna. Óhappið varð síðdegis þegar mikil umferð var um götuna. Með því að leggja B þannig að kerran skagaði út í götuna skapaði ökumaður B mikla hættu fyrir aðra umferð og braut alvarlega gegn 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, en samkvæmt því ákvæði má eigi stöðva ökutæki eða leggja því þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð. Telst þetta vera meginorsök þess að árekstur varð. Hins vegar gætti ökumaður A ekki þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast og telst hann einnig eiga nokkra sök. Þykir rétt að ökumaður A beri 1/3 sakar og ökumaður B 2/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A, ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B, ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 3. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 150/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X.****Íbúi fjöleignarhúss féll á vinnusvæði við heimili sitt 15. janúar 2021.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 19. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 29. apríl 2021.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 30. apríl 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 15. janúar 2021 verið á leið með ruslapoka frá íbúð sinni í ruslageymslu þegar hún hrasaði þar sem hellur höfðu verið fjarlægðar úr stétt við fjöleignarhús það sem hún býr í og hlaut við það líkamstjón.

M telur að frágangur X vegna framkvæmda við fjöleignarhúsið hafi verið ófullnægjandi í greint sinn. Takmörkuð útlýsing hafi verið á svæðinu, hellur hafi verið fjarlægðar þannig að myndast hafi hola og engar merkingar hafi verið settar upp af hálfu starfsmanna X sem hafi mátt búast við umgangi íbúa á þeim stað sem framkvæmdir voru. Einnig bendir M á að merkingar hafi verið settar með keilum eftir slysið. Einnig vísar M til yfirlýsingar íbúa í húsinu dags. 25. apríl 2021 um að frágangur X hafi verið ófullnægjandi og slyshætta vegna frágangs hellulagnar við inngang hússins.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ekki sé nákvæmlega ljóst hvar M féll við og því ekki sannað að það hafi gerst á vinnusvæði X. Einnig telur V að ekki hafi myndast hola þar sem hellur hafi verið fjarlægðar og lítil mishæð hafi verið vegna þess, auk þess sem starfsmenn X hafi verið við vinnu í tvo daga áður en M varð fyrir tjóni og þannig hafi henni ekki mátt dyljast að hún þyrfti að fara varlega á óupplýstu svæðinu að kvöldi til.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir myndir af vettvangi og framburður M um að hún hafi fallið þar sem teknar voru hellur úr stétt við gangveg að ruslageymslu fjöleignarhússins sem hún býr í. Óumdeilt er að atvikið varð í janúar að kvöldi þar sem vænta má að birtuskilyrði séu takmörkuð og því hefur ekki verið mótmælt að lítil lýsing sé á vettvangi. Í málinu liggur einnig fyrir yfirlýsing fleiri en eins nágranna M um að slyshætta hafi verið vegna frágangs starfsmanna X hinn 15. janúar sl. Þegar litið er til þessa í samhengi við að auðvelt hefði verið að gera ráðstafanir til að merkja vettvang, eins og starfsmenn X gerðu eftir slysið, telst slys M rakið til ófullnægjandi ráðstafana sem X ber ábyrgð á. Hins vegar verður litið til þess að fólk verður almennt að gæta að sér þegar gengið er um óupplýst svæði og þess að framkvæmdir höfðu hafist daginn áður en M slasaðist. Telst tjón hennar því einnig hægt að rekja til gáleysis hennar sjálftrar. Með tilliti til aðstæðna allra telst X því bera ábyrgð á helmingi heildartjóns M.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum vegna helmings tjóns síns úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 151/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys í eldhúsi 28. ágúst 2019.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 19. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. apríl 2021 ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur f.h. lögmans M, dags. 21. maí 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var við störf hjá X við smurbrauðsgerð þegar hún féll við eftir að hafa runnið í bleytu í vinnsluherbergi eldhúss hinn 28. ágúst 2019. Samkvæmt læknisvottorði varð M óvinnufær vegna afleiðinga slyssins 2. september 2019. Í yfirlýsingu samstarfskonu M dags. 23. febrúar 2021 kemur fram að upphvottavél í eldhúsi X hafi verið biluð dagana í kringum slys M og það haf leitt til þess að bleyta lak frá vélinni á gólfíð í eldhúsinu.

M telur að aðstæður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi og ekki í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem yfirmenn M hefðu ekki gætt að því að láta laga upphvottavél sem þeir hefðu vitað að væri biluð. M bendir á að viðgerðaraðili hafi verið fenginn á staðinn eftir slys hennar og ekkert liggi fyrir um að vélin hafi þá verið í lagi. M vísar til þess að klútar hafi verið lagðir við vélina sem sýni að hætta hafi verið á því að vatn rynni frá henni og þannig hafi aðstæður verið ófullnægjandi. Einnig vísar M til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og eigi því að leggja frásögn hennar til grundvallar varðandi málsatvik.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að aðstæður hafi verið ófullnægjandi á vinnustaðnum. V hefur eftir starfsmönnum X að umrædd upphvottavél hafi ekki verið biluð og klútar hafi verið hafðir við hana einungis til að taka við eðlilegu smiti sem gæti komið frá slíkri vél. Einnig vísar V til þess að M hafi ekki leitað læknis fyrr en 10 dögum eftir slysið og þannig hafi tilkynningarskylda til Vinnueftirlitisins skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 ekki stofnast á slysdegi eða daginn eftir.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um málsatvik. Ekki verður séð af gögnum málsins að tilkynningarskylda hafi stofnast hjá X vegna vinnuslyss M skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Frásögn M verður því ekki lögð til grundvallar málsatvikum eins og dómaframkvæmd ber með sér þegar slík tilkynningarskylda hefur verið vanrækt. Yfirlýsing samstarfskonu M í febrúar á þessu ári verður ekki talin fela í sér sönnun um bilun upphvottavélar og að yfirmönnum hafi mátt vera það ljóst og þannig hafi þeir átt að grípa til sérstakra ráðstafana. Slys M telst því vera óhappatívik sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á og á því ekki rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 152/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns.**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 19.04.2021 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 17.05.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. janúar 2021 hafi uppgötvast vatnstjón á sumarhúsi í eigu M, greinilega vegna frosts. A sé eigandi lagnarinnar og hafi um tíu árum áður skipt um kaldavatnsleiðslur að húsinu. Þessi framkvæmd hafi verið á ábyrgð og að frumkvæði A en enginn annar hafi komið að þessum leiðslum. Húseignin sé eingöngu tengd köldu vatni og á hverju hausti hafi M tekið vatnið af húsinu, með því að skrúfa fyrir krana sem sé úti og annan krana inni í húsinu. Þegar M hafi komið í húsið hinn 24. janúar 2021 hafi komið í ljós að krani úti í brunninum var ónýtur og mikið vatnstjón orðið á eigninni, en skápar og gólfefni og undirlag í tveimur herbergjum séu ónýt. Þá hafi vatn flætt út úr eldhússkáp þar sem hinn vatnskraninn var staðsettur. A hafi hafnað kröfunni án þess að líta á skemmdirnar, þar sem A telji engin mistök hafa átt sér stað af þeirra hálfu.

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að ekki liggi fyrir hvað hafi valdið umræddum leka, en samkvæmt upplýsingum frá A virðist hafa komið vatn inn í lokann og hann frostsprungið, en hugsanlega hafi útilokinn ekki verið tryggilega lokaður. Sönnunarbyrðin fyrir því að tjón M að sé að rekja til atvika sem A beri ábyrgð á hvíli á M. Þar sem ekki liggi fyrir hvað olli umræddu tjóni hafi ekki verið sýnt fram á að orsök þess sé á ábyrgð A. Þar sem ósannað sé að M hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi A er bótaskyldu hafnað.

Álit.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að töluvert vatnstjón hafi uppgötvast á fasteign M hinn 24. janúar 2021. Hins vegar liggja ekki fyrir gögn er sýni nægilega fram á orsakir þess tjóns. Þannig liggur ekki fyrir hvort útilokinn hafi bilað eða gefið sig og þá hvað hafi valdið því, eða hvort tjónið megi rekja til þess að ekki hafi verið lokað fyrir hann með fullnægjandi hætti fyrir veturinn. Er þannig ekki sýnt fram á hvort, og þá með hvaða hætti, umrætt tjón megi rekja til framkvæmda A við leiðslur að húsinu fyrir um tíu árum, eða síðari athafna eða athafnaleysis A en ekki liggur neitt fyrir um að A hafi komið að framkvæmdum við lagnirnar frá því skipt var um þær. Í málum sem þessum hvílir það á tjónþola að sýna fram á að tjón hans megi rekja til atvika sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á, þ.e. að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu vátryggingartaka, atvika eða aðstæðna sem hann beri ábyrgð á. Samkvæmt framansögðu hefur slík sönnun ekki tekist og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 153/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X.
Tjón á bifreið í febrúar 2020.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 19. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. maí 2021, ásamt hita og vindmælingum og upplýsingum frá Veðurstofu Íslands.
3. Athugasemdir lögmanns M, dags. 3. júní 2021.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, sem er hluti af gögnum málsins, kemur fram að M tilkynnti hinn 19. febrúar 2020 um tjón sem hafði orðið á bifreið hans 13.-14. febrúar 2020 þar sem mól og drulla hafi fokið á bifreiðina í fárviðri sem var þá daga. Í lögregluskýrslunni eru myndir af bifreiðinni og upplýsingar um að henni hafi verið lagt á bifreiðastæði við Fjörubraut 1228 í Reykjanesbæ.

M rekur tjón á bifreiðinni til framkvæmda á vegum verktaka og X og skurðar sem grafinn hafi verið nálægt bifreiðastæðinu í janúar 2020. M telur að ekki hafi verið gengið nægilega vel frá yfirborði skurðsvæðisins eftir framkvæmdirnar þannig að mól, steinar og grjót hafi legið laust á svæðinu með tilheyrandi hættu fyrir vegfarendur og íbúa í nágrenni framkvæmdarinnar. M telur að rekja megi tjón á bifreið hans til stórkostlegs gáleysis starfsmanna X vegna frágangs á framkvæmdasvæðinu og hafi hann ekki verið í samræmi við skráðar háttænisreglur X sjálfs þar sem komi fram að frágangur skuli vera þannig að vegfarendum eða starfsmönnum stafi ekki hættu af. Einnig komi þar fram að ganga skuli þannig frá að slys geti ekki hlotist af. Einnig vísar M til þess að það sé verulegt gáleysi að hafa hafið framkvæmdir með skurðgreftri í janúar þar sem veður væru á þeim tíma óútreiknanlegt og hægt að gera ráð fyrir slæmu veðri með tilheyrandi roki. Ekki sé hægt að tyrfa skurðsvæði á þessum tíma og vegna frosts í jörðu sé erfiðara að þjappa jarðveg. Einnig vísar M því á bug að grjót hafi lent á bifreið hans annars staðar frá. Einnig vísar M til þess að í váttryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar V sé fjallað um tiltekna takmarkanir á bótaskyldu í gr. 5.1 og vont veður sé ekki eitt af því. Einnig vísar M til þess að hann telji rökstuðning V ekki standast varðandi höfnun bótaskyldu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að tjón M verði helst rakið til fárviðris sem varð aðfararnótt 14. febrúar 2020 þar sem vindhraði náði um 40 m/sek þegar mest var. Einnig vísar V til þess að allur frágangur, á svæði því sem framkvæmdir á vegum X voru á, hafi verið í samræmi við verklagsreglur, gengið hafi verið frá skurðsvæði með þeim hætti að fyllt hafi verið upp í skurð með jarðvegi og vísar til ljósmynda af vettvangi. V telur ekki sýnt fram á að frágangur hafi átt að vera með öðrum hætti og ekki hafi verið óeðlilegt eða varhugavert að vinna að framkvæmdum á þessum árstíma, auk þess sem ekki hafi verið losarabragur á vinnubrögðum X vegna frágangs, þ.e. ekki hafi verið óvarðar moldarhrúgur, óþjappaður jarðvegur eða annar slíkur óforsvaranlegur frágangur á svæðinu.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir greinargóðar myndir af frágangi á því svæði sem framkvæmdir á vegum X voru á í janúar 2020. M lagði bifreið sinni á bifreiðastæði þar nálægt í febrúar 2020 þegar fárviðri var. Í gögnum málsins kemur ekki fram að annað eignatjón hafi verið tilkynnt vegna þessa og ekki liggja fyrir ótvíræð sönnunargögn um að það jarðefni sem virðist hafa lent á bifreið M hafi komið frá því svæði sem X var með framkvæmdir á stuttu áður. Fyrirnefndar ljósmyndir eða önnur gögn sýna ekki heldur að frágangur svæðisins hafi verið í andstöðu við almenn fyrirmæli í verklagsreglum X.

Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans beri sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt vegna slíkrar ábyrgðar. Sönnunarbyrði hvílir því á M að sýna fram á að frágangur á framkvæmdasvæði X hafi verið með þeim hætti að hætta hafi stafað af. Gögn málsins, þ.á.m. myndir af vettvangi, sýna ekki með ótvíræðum hætti að frágangi hafi verið ábótavant, eða að hann hafi verið í ósamræmi við verklagsreglur X eða aðrar háttænisreglur. Verður M að bera hallann af slíkum sönnunarskorti, í samræmi við fyrirnefndar sönnunarreglur. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 154/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss hinn 27. maí 2016.**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20.04.2021 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 12.05.2021 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 27. maí 2016 hafi M orðið fyrir slysi við störf sín hjá A. Hann hafi verið að aðstoða samstarfsmann sinn við að bera sófa úr flutningabifreið fyrirtækisins þegar kústskaft sem notað var til að halda hlera bifreiðarinnar opnum, en pumpa sem átti að nýtast í þeim tilgangi var ónothæf, féll niður með þeim afleiðingum að hlerinn slóst í enni M. Hafi M verið metinn til 8% læknisfræðilegrar örorku vegna afleiðinga þessa, en telji raunar afleiðingarnar umfangsmeiri en það mat gefi til kynna. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns síns en V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 20. apríl 2020. M telur að slys hans sé að rekja til ófullnægjandi starfsaðstæðna en ríkar skyldur hvíli á atvinnurekendum að tryggja öryggi og góðan aðbúnað á vinnustöðum, sbr. nánar tilgreind ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur settar á grundvelli þeirra. Öryggi viðkomandi sendibifreiðar, sem hafi verið vinnustaður M á slystíma, hafi ekki verið tryggt, og það að koma skafti fyrir við hlerann með þessum hætti hafi verið ófullnægjandi ráðstöfun. A hafi mátt vera ljóst að töluverð slysaætla gæti hlotist af slíkum frágangi, og hefði verið auðvelt að tryggja öryggi starfsmanna með því að gera við pumpuna eða útvega aðra bifreið. Er og áréttað að M hafi ekki verið bílstjóri umræddrar bifreiðar, og því verði ekki byggt á því að hann hafi borið neina ábyrgð á aðbúnaði hennar. Þá hafi umrætt slys ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við áskilnað 79.-81. gr. laga nr. 46/1980 og verði A að bera hallann af sönnunarskorti sem af því leiði.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að A hafi ekki haft vitneskju um ástand umrædds hlera. A hafi látið af starfsemi en náðst hafi í fyrrverandi yfirmann sem upplýst hafi um að það hafi verið hlutverk bílstjóra að yfirfara bifreiðarnar og láta vita af bilunum. Það hafi ekki verið gert. Hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá hafi það ekki legið fyrir á slysdagi að M yrði óvinnufær eða að líklegt væri að hann hefði orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, enda hafi meiðsl hans í fyrstu ekki virst alvarleg. Hafi því ekki stofnast skylda til að tilkynna Vinnueftirlitinu um atvikið. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna umrædds slyss. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Óumdeilt er að pumpa sem halda átti hlera fyrir ofan lyftu umræddrar vörubifreiðar var biluð. Jafnframt er óumdeilt að einhvers konar skaft hafi verið notað til að halda hleranum opnum umrætt sinn. Verður að telja að slík ráðstöfun hafi í sjálfu sér falið í sér augljósa slysaætlu. Fram kemur í málatilbúnaði V að það hafi verið í höndum bifreiðarstjóra að yfirfara bifreiðarnar og tilkynna um bilanir á þeim. Það hafi ekki verið gert í þessu tilviki. Fyrir nefndinni liggur yfirlýsing X, dags. 19. apríl 2021, þar sem hann staðfestir að hann hafi verið bifreiðarstjóri þeirrar bifreiðar sem um ræðir, og að M hafi farið með honum umrætt sinn í þeim tilgangi að aðstoða við affermingu. Verður samkvæmt framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni að telja að það verði metið X til sakar að hafa ekki látið vita af umræddri bilun og að hafa notað skaft til að skorða hlerann með þessum hætti. Á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar A er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M, á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík 3. júní 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 155/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á snjóbræðslu**Gögn.**

Málskot, móttekið 23.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 31.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 12. október 2020 voru verktakar á vegum A við vinnu við X, sem er í eigu M, við lagfæringar á kantsteini. Við framkvæmdina kom gat á lögna í snjóbræðslu og lak vökvi úr kerfinu. Við nánari skoðun kom í ljós að snjóbræðslulögn hafði verið lögð undir kantsteininn, þ.e. á landi í eigu A en án aðkomu og vitundar A.

M telur að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni á snjóbræðslunni. Þannig hafi starfsmenn á vegum A unnið tjón á snjóbræðslunni þegar þeir voru að lagfæra kantsteina við innkeyrslu plans. Um sé að ræða sérhannað hús með þarfir hreyfihamlaðra að leiðarljósi. M telur að starfsmenn A hafi sýnt af sér gáleysi með því að kynna sér ekki betur staðhætti og afla sér upplýsinga um möguleika þess að snjóbræðsla fyrir hreyfihamlaða væri með öðrum hætti. Hefur M krafist bóta fyrir það tjón sem varð á snjóbræðslunni úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirbyggjandi gögnum í málinu er ljóst að snjóbræðslulagnir við fasteign M voru lagðar út fyrir lóðarmörk M og yfir á lóðamörk A án aðkomu A. Slík framkvæmd er leyfis skyld og hvorki var óskað eftir samþykki A né A upplýst um framkvæmdirnar. Af því leiðir einnig að upplýsingar um að snjóbræðslulagnirnar bárust aldrei A og voru því ekki merktar inn á Borgarvefsjá. Þá ber aðilum sem sinna framkvæmdum á vegum A að huga að umhverfi sínu og gera það sem þeir geta til að valda ekki röskun á tjóni annarra. Þannig fá allir aðilar sem vinna verk fyrir hönd A upplýsingar úr Borgarvefsjá þar sem allar lagnir eru merktar, einmitt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tjón eins og þarna varð. Að öllu virtu verður ekki ráðið að tjónið megi rekja til gáleysis aðila á vegum A enda verður þeim ekki um það kennt að M hafi hvorki fengið leyfi fyrir snjóbræðslulögninni út fyrir lóðamörk og inn á land A né tilkynnt eða upplýst A um framkvæmdina. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum vegna tjónsins á snjóbræðslulögninni úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jóhann T. Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 157/2021**M og****V v/ ábyrgðartryggingar X og slysatryggingar ökumanns fólksflutningabifreiðar.****Slys þegar hleri farangursrýmis bifreiðar féll á höfuð ökumanns 1. október 2018.****Gögn.**

Málskot móttakið 19. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 11. júní 2021, ásamt fyrirspurnarbréfi V til X dags. 27. apríl 2021, ódags. svari X við fyrirspurnarbréfi og upplýsingum frá Veðurstofu Íslands.

Athugasemdir lögmans M dags. 27. ágúst 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist á höfði þegar hún fékk hlera farangursrýmis, nánar tiltekið lestrarlúgu fólksflutningabifreiðar, í höfuðið. M starfaði sem ökumaður fólksflutningabifreiðar sem ók með fólk og farangur til og frá Keflavíkurflugvelli. Í lögregluskýrslu er atvikum þannig lýst að lögreglumenn hafi hitt M fyrir í flugstöðvarbyggingunni í Keflavík. Í samskiptum lögreglumanna og M kom fram að M ynni fyrir X og hafi hún slasast þegar hún var að setja farangur í farangursgeymslu við það að vindhviða feykta hlera/lestrarlúgu til þannig að hann lenti á höfði hennar. Í lögregluskýrslunni kemur fram að M hafi verið með góða meðvitund og samskipti hafi farið fram í gegnum samstarfsfélag hennar á pólsku þar sem M sjálf tali litla ensku og íslensku. Í lögregluskýrslunni kemur enn fremur fram að M hafi verið spurð að því hvort hleri hafi verið bilaður og hún hafi sagt að hann hefði ekki verið það. Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands dags. 30. október og undirrituð er af M og fulltrúa X er atvikum slyssins þannig lýst að M hafi verið „...að hlaða bilinn og hún var að setja töskur frá þeim voru síðust inni bilinn og þarna um morguninn var mikill vindur og lestarlúgan fór í höfuðið á henni þegar hún var stíga út frá bilnum. [...] Ekki er grunur um að búnaðurinn hafi verið í ólagi.“

M telur að bæta eigi henni líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X vegna skaðabótaábyrgðar X. M vísar til þess að búnaður bifreiðar hafi gefið sig og feli það í sér bilun á búnaði sem X hafi átt að vera ljóst að skipti miklu máli fyrir M að væri í lagi. M vísar til þess að búnaður sá sem bilaði hafi verið þess eðlis að hann hafi átt að festa uppi hlera á farangursrými sem M hafi þurft að ganga um til að sinna starfi sínu og samskipti hennar á vettvangi slyssins verði að meta með hliðsjón af því tungumálaerfiðleikar gætu haft áhrif á það sem komi fram í fyrstu skýrslum. Með því að X viðurkenni að slíkur búnaður sé ekki notaður hjá fyrirtækinu lengur, heldur bifreiðar þar sem svokallaðar lestarlúgur opnast upp en ekki út, sýni að vinnuáðstæður M hafi verið ófullnægjandi. Einnig bendir M á að ekki stóði fyrir X að vísa til þess að bifreiðin hafi ekki verið í eigu X því X geti ekki framselt ábyrgð hvað varðar öryggisbúnað til þriðja aðila. M telur einnig að bótaréttur úr slysatryggingu ökumanns sé fyrir hendi þar sem vinna við að ferma og afferma það bifreið sem M starfaði sem ökumaður á sé hluti af notkunarhugtaki þágildandi umferðarlaga.

V hefur hafnað bótaskyldu úr báðum vátryggingum og telur í fyrsta lagi að tilkynning um slys M hafi borist til Vinnueftirlits frá lögreglu á slysdegi og sé því ekki um vanrækslu á tilkynningarskyldu X skv. 1. mgr. 79. gr. að ræða. V bendir einnig á að líklegasta skýring þess að festingarbúnaður á farangursrými fólksflutningabifreiðarinnar gaf sig sé að hvasst hafi verið í veðri en ekki að hann hafi bilað. Einnig telur V að þó X notist ekki við bifreiðar með samskonar búnaði í dag þá þýði það ekki sá búnaður sem hafi verið á þeirri bifreið sem M ók í greint sinn hafi verið ófullnægjandi og að X beri skaðabótaábyrgð vegna þess. Einnig vísar V á bug að líkamstjón M sé ekki hægt að rekja til notkunar bifreiðar í skilningi 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og þess vegna hafi ekki stofnast réttur til greiðslu úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar.

Álit.

Enginn ágreiningur er milli aðila um að líkamstjón M hafi komið til vegna þess að hleri, eða lestarlúga á farangursrými fólksflutningabifreiðar sem hún starfaði sem ökumaður á, lenti á höfði hennar hinn 1. október 2018. Í skýrslum af vettvangi slyssins verður ekki séð að nokkur sönnunargögn styðji það að búnaður bifreiðarinnar hafi verið bilaður eða að aðrir starfsmenn X hafi vitað um slíkar aðstæður. Ekki kemur heldur fram í gögnum málsins að gerðar hafi verið athugasemdir af hálfu starfsmanna X við vinnuáðstæður þegar um var að ræða lestarlúgur eða hlera sem opnuðust út en ekki upp, eins og búnaður bifreiða X er nú. Það eitt að slíkar bifreiðar séu nú vinnutæki starfsmanna eins og M telst ekki sýna með óyggjandi hætti fram á að það að nota bifreiðar

Þar sem lestarlúgur eða hlerar opnast út hafi verið bersýnilega hættulegt fyrir starfsmenn. Verður því ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M og bótaskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Slysatrygging ökumanns bifreiðarinnar, sem vátryggð var hjá V á slysdegi, felur í sér vátryggingarvernd skv. 2. mgr. 92. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 fyrir ökumenn þegar þeir eru við stjórn bifreiðar og ef líkamstjón verður við notkun bifreiðarinnar í skilningi notkunarhugtaks 1. mgr. 88. gr. sömu laga. Við skýringu á því notkunarhugtaki í dómaframkvæmd hefur verið litið til þess að tjón sem verður við fermingu og affermingu bifreiðar geti talist til notkunar hennar. Það sem þarf einnig að vera til staðar er það að orsakatengsl séu á milli fermingar eða affermingar og þess að tjón verður. Við mat á þessu verður að líta til þess að sönnunargögn sem lögð hafa verið fram í málinu benda ekki til annars en að það hafi verið vindhviða sem feykta hlera eða lestarlúgu úr þeirri stöðu sem henni var ætlað að vera en ekki hættueiginleikar bifreiðarinnar sem slíkrar. Slíkar aðstæður falla utan notkunarhugtaks þágildandi umferðarlaga, sbr. áhrif snjóflóðs í dómi Hæstaréttar í máli nr. 761/2009.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X eða slysatryggingu ökumanns bifreiðar hjá V.

Reykjavík, 15. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 158/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu tjóns af völdum leka frá heitavatsinntaki sem gaf sig.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 19.4.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 1.6.2021, ásamt fylgigögnum.
3. Síðari athugasemdir M, dags. 7.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 10. nóvember 2020 gáfu lagnir í heitavatsinntaki í bílskúr í húseign M að A í B með þeim afleiðingum að tjón varð á innbúsmunum í bílskúrnum. Hitaveita í B mun vera í eigu og rekin af B. M kveður að í júní eða júlí 2020 hafi þurft að lagfæra heitavatsinntak í næsta nágreppi við A og til hafi staðið þá um sumarið að skipta um inntaugar í A og tvö önnur hús sem tilheyra sömu raðhúsalengju. Viðgerð hafi dregist á langinn og að endingu hafi ekki verið farið í endurnýjun á lögnunum þar sem Hitaveita B hafi ekki treyst sér í verkið vegna sumarleyfa starfsmanna og ekki væri unnt að sjá af mannskap í verkið.

M fékk hluta tjóns síns bætt hjá sínu vátryggingafélagi en það sem óbætt er hefur hann krafist að fá bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V kveður starfsmenn Hitaveitunnar ekki hafa vitað að hitaveitunntak í A gæti gefið sig á þessum tímapunkti og aldrei hafi verið haft samband við Hitaveituna vegna inntaksins sem hafi verið staðsett í bílskúr í B, svo sem vegna þess að það væri farið að ryðga og að skipta þyrfti því út. Einnig sé bent á að í öðrum tilvikum þar sem lagnir hafi farið í sundur hafi það verið utandyra en ekki inni í bílskúr eins og í tilviki M.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn sem renna stoðum undir þá staðhæfingu M að sumarið 2020 hafi staðið til að skipta um inntaugar í B og önnur hús í sömu raðhúsalengju þar sem þær væru orðnar lélegar og jafnvel ónýtar. Ekki liggja heldur fyrir nein gögn sem staðreyna að starfsmenn Hitaveitu B hafi vitað eða mátt vita að heitavatsinntakið í B hafi verið í slíku ástandi að þeim hafi borið að endurnýja lagnir í inntakinu áður en þær gáfu sig 10. nóvember 2020. Eins og mál þetta liggur fyrir verður gegn mótmælum V að telja ósannað að tjón M verði rakið til vanrækslu starfsmanna Hitaveitu B eða annarra atvika sem Hitaveitan getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B, hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jóhann T. Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 159/2021

M og

V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um hvort líkamstjóni við árekstur hafi verið valdið með stórkostlegu gáleysi.**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 16.4.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvubréf V, dags. 7.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 8 að morgni 4. maí 2020 var bifreiðinni A ekið vestur Nýbýlaveg í Kópavogi. Skammt frá gatnamótum þeirrar götu og Þverbrekku var henni ekið aftan á bifreið B sem var kyrrstæð á götunni í sömu akstursstefnu. Eftir aftanákeysrluna hafnaði A á öfugum vegarhelmingi miðað við akstursstefnu en í sömu andrá var annarri bifreið D, sem M stjórnaði, ekið austur Nýbýlaveg og skullu þá saman framandar A og D. Samkvæmt lögregluskýrslu var hjart af degi og þurr færi þegar áreksturinn varð. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á A og D, en lítið á B.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið á vestur Nýbýlaveg á 40-50 km hraða á klst. þegar hann hafi séð B kyrrstæða á akbrautinni. Hann hafi séð B seint og ætlað að komast hjá því að aka aftan á hana en ekið á vinstri hlið afturstuðara B og farið svo yfir á öfugan vegarhelming þar sem hann hafi lent framan á D

Eftir M, ökumanni D, er haft að hún hafi ekið austur Nýbýlaveg en ekki vitað hversu hratt hún ók. Þá hafi hún séð A koma á miklum hraða vestur götuna og að ökumaður A hafi verið að reyna að komast hjá því að aka aftan á B og beygt snögglega í veg fyrir sig þannig að A hafi hafnað framan á D.

Farþegi í D, dóttir M, mun hafa tjáð sig um atvikið á svipaðan veg og M, þ.e. ökumaður A hafi tekið snögga beygju og farið yfir á „þeirra vegarhelming“ og hafnað framan á D.

Eftir vitni á vettvangi er haft að A hafi verið ekið aftan á B sem síðan hafi kastast yfir á rangan vegarhelming og hafnað framan á D.

Við áreksturinn varð M fyrir meiðslum. Hún kveður ökumann A hafa ekið yfir á rangan vegarhelming í því skyni að koma í veg fyrir að aka aftan á B og í því efni skipti ekki máli þótt A hafi strokist við B á leið sinni yfir á rangan vegarhelming. Með þeirri háttsemi að ætla að aka yfir á rangan vegarhelming hafi hann valdið líkamstjóni M með stórkostlegu gáleysi. Af þeim sökum krefst hún miskabóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V með vísan til a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. V hefur hafnað bótakröfunni.

Álit.

Ekki er um það deilt að ökumaður A telst eiga alla sök á þeim árekstri bifreiðanna sem að framan greinir, sbr. 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. M á því rétt á að fá líkamstjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A samkvæmt ákvæðum I. kafla skaðabótalaga.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga er heimilt að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni greiða miskabætur til þess sem misgert er við. Gögn um áreksturinn og tildrög hans eru takmörkuð við það sem fram kemur í lögregluskýrslu og getið er hér að framan. Samkvæmt henni mun ökumaður A hafa ætlað að komast hjá því að aka aftan á B án þess að fram komi með hvaða hætti hann hugðist koma í veg fyrir áreksturinn. Lenti A á vinstra afturhorni B og fór síðan yfir á rangan vegarhelming. Utanaðkomandi vitni kvað A hafa verið ekið aftan á B og síðan kastast yfir á rangan vegarhelming þar sem árekstur varð milli A og D. Þrátt fyrir frásögn M og dóttur hennar um tildrög árekstursins verður af gögnum málsins ekki fullyrt að ökumaður A hafi ekið hraðar en heimilt var, tekið ákvörðun um að sveigja bifreið sinni yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir aðvifandi umferð eða á annan hátt vikið svo verulega frá gildandi háttætnisreglum í aðdraganda árekstursins sem honum bar að hlíta að virt verði honum til stórkostlegs gáleysis. Skilyrðum til greiðslu miskabóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga er því ekki fullnægt. Af því leiðir að M á ekki rétt á miskabótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á miskabótum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 160/2021

M og

V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um hvort líkamstjóni við árekstur hafi verið valdið með stórkostlegu gáleysi.**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 16.4.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvubréf V, dags. 7.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 8 að morgni 4. maí 2020 var bifreiðinni A ekið vestur Nýbýlaveg í Kópavogi. Skammt frá gatnamótum þeirrar götu og Þverbrekku var henni ekið aftan á bifreið B sem var kyrrstæð á götunni í sömu akstursstefnu. Eftir aftanákeyrsluna hafnaði A á öfugum vegarhelmingi miðað við akstursstefnu en í sömu andrá var annarri bifreið D, sem M var farþegi í, ekið austur Nýbýlaveg og skullu þá saman framendar A og D. Samkvæmt lögregluskýrslu var hjart af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á A og D, en lítið á B.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið á vestur Nýbýlaveg á 40-50 km hraða á klst. þegar hann hafi séð B kyrrstæða á akbrautinni. Hann hafi séð B seint og ætlað að komast hjá því að aka aftan á hana en ekið á vinstri hlið afturstuðara B og farið svo yfir á öfugan vegarhelming þar sem hann hafi lent framan á D

Eftir ökumanni D, er haft að hann hafi ekið austur Nýbýlaveg en ekki vitað hversu hratt hann ók. Þá hafi hann séð A koma á miklum hraða vestur götuna og að ökumaður A hafi verið að reyna að komast hjá því að aka aftan á B og beygt snögglega í veg fyrir sig þannig að A hafi hafnað framan á D.

M, farþegi í D og dóttir ökumannsins, mun hafa tjáð sig um atvikið á svipaðan veg og ökumaður D, þ.e. ökumaður A hafi tekið snögga beygju og farið yfir á „þeirra vegarhelming“ og hafnað framan á D.

Eftir vitni á vettvangi er haft að A hafi verið ekið aftan á B sem síðan hafi kastast yfir á rangan vegarhelming og hafnað framan á D.

Við áreksturinn varð M fyrir meiðslum. Hún kveður ökumann A hafa ekið yfir á rangan vegarhelming í því skyni að koma í veg fyrir að aka aftan á B og í því efni skipti ekki máli þótt A hafi strokist við B á leið sinni yfir á rangan vegarhelming. Með þeirri háttsemi að ætla að aka yfir á rangan vegarhelming hafi hann valdið líkamstjóni M með stórkostlegu gáleysi. Af þeim sökum krefst hún miskabóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V með vísan til a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. V hefur hafnað bótakröfunni.

Álit.

Ekki er um það deilt að ökumaður A telst eiga alla sök á þeim árekstri bifreiðanna sem að framan greinir, sbr. 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. M á því rétt á að fá líkamstjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A samkvæmt ákvæðum I. kafla skaðabótalaga, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga er heimilt að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni greiða miskabætur til þess sem misgert er við. Gögn um áreksturinn og tildrög hans eru takmörkuð við það sem fram kemur í lögregluskýrslu og getið er hér að framan. Samkvæmt henni mun ökumaður A hafa ætlað að komast hjá því að aka aftan á B án þess að fram komi með hvaða hætti hann hugðist koma í veg fyrir áreksturinn. Lenti A á vinstra afturhorni B og fór síðan yfir á rangan vegarhelming. Utanaðkomandi vitni kvað A hafa verið ekið aftan á B og síðan kastast yfir á rangan vegarhelming þar sem árekstur varð milli A og D. Þrátt fyrir frásögn M og dóttur hennar um tildrög árekstursins verður af gögnum málsins ekki fullyrt að ökumaður A hafi ekið hraðar en heimilt var, tekið ákvörðun um að sveigja bifreið sinni yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir aðvifandi umferð eða á annan hátt vikið svo verulega frá gildandi háttættisreglum í aðdraganda árekstursins sem honum bar að hlíta að virt verði honum til stórkostlegs gáleysis. Skilyrðum til greiðslu miskabóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga er því ekki fullnægt. Af því leiðir að M á ekki rétt á miskabótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á miskabótum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 162/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamsmeiðsla af völdum aftanákeyrslu.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 21.4.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 11.5.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins mun M hafa lent í umferðaróhappi hinn 29. júlí 2020 á Vesturlandsvegi til móts við verslun Bauhaus. Engin skýrsla liggur fyrir um óhappið en ráða má að lögregla hafi komið á vettvang og gert skýrslu um það. Svo virðist sem bifreiðinni A hafi verið ekið aftan á bifreiðina B sem M ók.

Samkvæmt bráðamóttökuskrá Landspítalans frá 29. júlí 2020 mun M hafa leitað þangað þann dag eftir aftanákeyrslu fyrr um daginn. Hún hafi verið kyrrstæð í öikumannssæti þegar A hafi verið ekið aftan á hana og hafi hún verið að stífna svólítið upp eftir áreksturinn. Aðallega hafi hún kvartað undan verk í hálsi og öxl ásamt dofatilfinningu fram í vinstri fót. Dofinn hafi verið til staðar fyrir áreksturinn vegna brjóskaðaþerðar en henni finnist dofinn hafa versnað eftir slysið. Í niðurlagi skráningarinnar kemur fram að ekki séu ummerki um bráða áverka eftir umrætt slys, en búast megi við því að hún verði örlítið stífari næstu daga. Hún sé í meðferð hjá sjúkrahjálfa vegna fyrri brjóskaða og vefjagigtar. Þá var henni bent á endurkomu á bráðamóttökuna ef einkenni myndu versna.

Hinn 20. maí 2020, eða rúmum tveimur mánuðum fyrir umferðaróhappið, mun M hafa gengist undir liðspeglunaraðgerð á vinstri öxl.

Í sérstökum útreikningi á þeim þyngdarkrafti sem á að hafa verkað á ökutækin við áreksturinn, svonefndum PC Crash útreikningi, dags. 16. mars 2021, kemur fram að þyngdarkraftur sem hafi verkað á A hafi numið 0,89 g og þyngdarkraftur á B hafi numið 1,09 G.

M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni af völdum aftanákeyrslunnar og hefur krafist bóta vegna þess tjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V mun hafa greitt kostnað vegna fyrstu komu til læknis en hafnað bótaskyldu að öðru leyti.

Álit.

Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir málinu, þ. á m. varðandi fyrir heilsufarssögu M, umfram það sem að framan greinir. Þá liggur heldur ekki fyrir nein álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila varðanda það líkamstjón sem M kann að búa við af völdum árekstursins. Eins og málið liggur hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem veiti henni rétt til bóta samkvæmt ákvæðum I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993. Við svo búið á hún ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 164/2021**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss 3. september 2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 21.04.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 12.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 3. september 2019 hafi M verið að skera lambaskrokka með kjötsög við vinnu hjá A og lambaskrokkurinn hafi runnið til vegna vanbúnaðar í kjötsöginni með þeim afleiðingum að M lenti með höndina í söginni og sé að glíma við afleiðingar slyssins þar sem sin hafði skorist sundur við löngutöng vinstri handar. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 4. september 2020.

Í málskotinu er bótaskylda byggð á því að kjötsögin hafi ekki uppfyllt þær öryggiskröfur sem settar er í lögum og reglum, meðal annars ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vélin sé ekki gerð fyrir það að saga stóra kjötskrokka og hafi því ekki hentað í verkið, sbr. reglum um öryggisbúnað tækja nr. 492/1987 þar sem meðal annars komi fram komi að vél skuli þannig úr garði gerð að starfsmenn komist ekki óviljandi í sneringu við hættulega hluti á hreyfingu og að hafðar skuli hlífar á slíkum vélum sem hindra að unnt sé að komast á hættusvæði. Þá telur M að verkstjórn hafi verið áfátt þar sem M hafi verið fyrirskipað að vinna við hættulega vél án þess að hafa fengið fullnægjandi leiðbeiningar og hann þannig verið settur í hættu. Í þessu sambandi vísar M til 13., 14., 20.-23., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 þar sem meðal annars kemur fram að haga skuli vinnu þannig að öryggi starfsmanna sé tryggt, að atvinnurekandi skuli upplýsa starfsmenn sína um notkunarskilyrði tækja og að verkstjóri beri ábyrgð á því að öruggt skipulag ríki á vinnustað. Þá vísar M til þess að slysið sé að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanns A þar sem leiðbeina átti M um hvernig ætti að skera búkana. Auðvelt hefði verið að framkvæma verkið með öðrum hætti og gera ráðstafanir til að auka öryggi starfsmanna eins og nota sög sem hentaði í verkaði eða láta M saga búkinn fríhendis. Enn fremur bendir M á að það að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins þegar það átti sér stað og því hafi A ekki sinnt lögboðinni skyldu sinni þar að lútandi. A verði að bera hallan af slíkri vanrækslu og skorti á upplýsingum sem ætla megi að unnt hefði verið að afla hefði lögmælt rannsókn farið fram. Að lokum bendir M á að þótt hann hafi haft reynslu af sambærilegu starfi geti váttryggingartaki ekki fríað sig þeirri ábyrgð sem á honum hvílir þegar unnið er við tæki á vinnustað varðandi leiðbeiningar og þjálfun starfsmanna. M hafi sjálfur tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins og í kjölfar athugasemda þess um að land, rennisleði eða hlífðarbúnaði hafi verið áfátt hafi sögin verið tekin til hliðar. Það hafi því verið orsakatengsl á milli vanbúnaðar vélarinnar og slyssins. Í fyrsta lagi vegna þess að sögin hentaði ekki í verkið þar sem hún er finsög og í öðru lagi hafi hún verið vanbúin og því tekin úr umferð.

Í bréfi V kemur fram að lýsing vitnisins, sambýliskonu M í tölvusamskiptum við A sé í samræmi við drög að tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sem A var send þar lýsingin var þannig að kanturinn sem stýrir kjötinu inni í söginni hafi gefið sig þannig að skrokkurinn hafi færst til og festst einhvern veginn en blaðið ekki stoppað og M hafi runnið með höndina í blaðinu á söginni, Lýsingin sé hins vegar ekki í samræmi við seinni frásögn M sem birtist í bréfi lögmanns M og seinni tilkynningu hans til Sjúkratrygginga Íslands þar sem fram kemur að sögin sé of lítil og biluð, þar sem rennibekkurinn hafi alltaf verið að festast en það hafi verið ástæða þess að hann lenti með hendina í sagarblaðinu. Einnig kemur fram að notkun vélarinnar hafi verið bönnuð eftir úttekt Vinnueftirlitsins þar sem vantaði rofa á hana til að gangsetja og stöðvar og neyðarstopprofa en engar athugasemdir hafi verið gerðar við vélin varðandi öryggisbúnað, rennisleða eða land. V fellst því ekki á þá fullyrðingu M að vélin hafi verið vanbúin. Ekkert sé komið fram í málinu sem styðji þá fullyrðingu að vélin sé ekki gerð til að saga heila kjötskrokka eða henti ekki til slíkra verka. Samkvæmt A sé búnaður/land á vélinni eingöngu notaður við finsögun á smærri bitum en ekki við grófhlutun á heilum skrokkum. Ef skrokkar eru grófhlutaðir í kjötsög fyrir útbeiningu þurfi að saga kjötið fríhendis, þ.e. halda skrokknum og ýta honum með handafli að sagarblaðinu. Landið og rennibúnaður sé ekki notaður við slíka grófhlutun eins og M virðist hafa gert og þótt að kjötiðnaðarmenn viðhafi mismunandi aðferðir við vinnu sína muni þessi aðferð ekki vera í samræmi

við það vinnulag sem tíðkast hefur í sláturhúsinu. Eðli málsins samkvæmt verði kjötið að vera ófrosið svo unnt sé að úrbeina það. Þeirri fullyrðingu M um að sögin sem venjulega sé notuð í verkið hafi verið biluð og því hafi þessi sög verið notuð sem eingöngu sé ætluð til finsögunar eigi sér ekki stöð í neinum gögnum og er hafnað af A. Þá kemur fram að ekki sé unnt að vísa til þess að vanbúnaður hljóti að hafa verið hendi úr því að slysið átti sér stað. Einnig kemur fram að M hafi verið fengin til starfa þennan eina dag til að unnt væri að meta handbragð hans áður en til frekari ráðninga kæmi. A hafi verið fullvissaður um að M væri alvanur slíkum störfum enda hefði hann unnið sambærileg störf í sláturhúsi. Á grundvelli þessara upplýsinga hefði verkstjóri metið það svo að ekki væri þörf á sérstökum leiðbeiningum eða eftirliti með starfsháttum hans. Þá liggi fyrir að slysið hafi orðið í lok dags og megi ætla að hann hafi þá lokið við að saga og úrbeina hina skrokkana en ekki liggi fyrir hversu stóran hluta hann var að saga þegar slysið bar að og hvernig hann bar sig að. Kjötsagir séu í eðli sínu hættuleg tæki ef fyllstu varúðar er ekki gætt og virðist slysið hafa orðið vegna þess að bitinn hafi runnið til í höndum A eða vegna þess að hann hafi notað sögina ranglega (ekki frihendis) og ekki gætt nægjanlega að eigin öryggi við sögunina.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna umrædds slyss. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Óumdeilt er að M var að störfum fyrir A þar sem hann var að skera lambaskrokk með kjötsög. Ekki liggja fyrir í málinu nein gögn um það að kjötsögin sé ekki gerð til að skera lambaskrokka eða henti ekki til slíkra verka. Hjá V kemur fram að ef kjötið er grófskorið fyrir úrbeiningu þurfi að saga kjötið frihendis og að landið og rennibúnaður sé ekki notuð til verksins. M virðist hafa notað þann búnað að en þó er ósamræmi í frásögn hans þar sem annars vegar kemur fram að kanturinn sem stýrði kjötinu hafi færst til og festst og M því runnið með höndina í blaðið á sögina og hins vegar að kjötsögin hafi verið vanbúin og enginn stuðningur hafi verið við kjötið og því hafi lambaskrokkurinn runnið til með þeim afleiðingum að M lenti með höndina í söginni. Aðilum málsins ber því ekki saman um hvernig slysið bar að. Samkvæmt úttekt Vinnueftirlitsins vantaði á vélina rofa til að gangsetja og drepa á henni og einnig vantaði á hana neyðartopp rofa. Sá búnaður vélarinnar sem M vísar til í aðdraganda slyssins var því ekki áfátt. M var vanur úrbeiningamaður og var fengin til verksins vegna þess og þótt hann hafi ekki áður unnið á þessari vél þá ber hann sönnunarbyrði fyrir því að slysið sé að rekja sakar A. Með vísan til framangreinds hefur ekki verið sýnt fram á að slysið sé að rekja til sakar A og er V því ekki bótaskyld gagnvart M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 10. júní 2021.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 165/2021

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A**Ágreiningur um skerðingu bótaréttar úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 21.04.2021, ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V, dags. 10.05.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirleggjandi lögregluskýrslu, dags. 30. ágúst 2020, ók M bifreiðinni A, pallbifreið með eftirvagni, eftir Sandgerðisvegi hinn 28. ágúst 2020 þegar hann missti stjórn á henni og hún hafnaði utan vegar. Við skýrslugjöf hjá lögreglu sagðist M hafa fundið fyrir þreytu og lokað augunum við aksturinn, en opnað þau aftur þegar hann fann að hann var að missa stjórn á eftirvagninum. M varð fyrir meiðslum við atvikið en V tilkynnti með tölvupósti dags. 24. september 2020 að það hygðist skerða bætur til hans um ¼ á grundvelli þess að hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn, sbr. 21. gr. almennra skilmála og 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur ósannað að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn, þannig hafi hann ekki verið ófær um að stjórna bifreiðinni vegna þreytu og svefnleysis þegar hann hóf aksturinn, enda hafi hann sofið eðlilega nóttina áður og ekki fundið til sérstakrar þreytu. Hann hafi skyndilega orðið þreyttur við aksturinn og dottað í örstutta stund. Sé með öllu ósannað að hann hafi verið ekki verið í ástandi til að stjórna bifreið og verði að skoða framburð hans í lögregluskýrslu með hliðsjón af því að hann sé ekki mæltur á íslenska tungu. Hafi það að dotta skyndilega við akstur ekki verið talið fela í sér stórkostlegt gáleysi. Mikið þurfi að koma til svo háttsemi teljist fela í sér stórkostlegt gáleysi og því sé ekki til að dreifa hér. Jafnvel þó svo væri leiði stórkostlegt gáleysi ekki fortakslaut til skerðingar bóta, enda þurfi að líta heildstætt til þeirra atriða sem tiltekin séu í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Í öllu falli sé skerðing bóta um ¼ úr hófi, og telji nefndin að réttur til óskertra bóta sé ekki til staðar er farið fram á að skerðingarhlutfall verði lækkað, enda geti háttsemi M ekki talist fela í sér alvarlegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en þar segi að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er svo á sig kominn að hann sé ekki fær um að stjórna því örugglega, t.a.m. vegna svefnleysis. Er þá vísað til almennra skilmála félagsins og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga. Fram komi í lögregluskýrslu að M hafi verið mjög sljór og sagst vera þreyttur. Bendi það til þess að M hafi ekki verið ástandi til að aka ökutækinu örugglega. Þá virðist að framburði M sem hann hafi verið meðvitaður um þreytu sína en haldið áfram akstri engu að síður. Með því hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Þá sé skerðing um ¼ fremur væg.

Álit.

Samkvæmt fyrirleggjandi lögregluskýrslu voru aðstæður til aksturs ákjósanlegar og A búin góðum heilsárshjólborðum. Samkvæmt framburði vitnis sá það þegar M missti stjórn á eftirvagninum sem hafi verið út um alla akbraut. Í kjölfarið hafi M misst stjórn á bifreiðinni, sem hafi farið yfir á öfugan vegarhelming og hafnað utan vegar. Verður samkvæmt framansögðu að ætla að eina orsök slyssins hafi verið sú að M sofnaði undir stýri. Í fyrirleggjandi sjúkragögnum kemur fram að M hafi skyndilega fundið fyrir þreytu en muni þó eftir öllum atvikum. Ekkert í þeim gögnum bendir til þess að það að M dottaði sé að rekja til annars en þreytu, en t.a.m. neitaði M því að hafa fengið flog. Þá er haft eftir M í lögregluskýrslu að hann hafi verið mjög þreyttur og um stund lokað augunum er hann var að aka bifreiðinni. Jafnvel þó litið sé til þess að skýrslugjöf fór fram á ensku verður að líta svo á að M hafi haldið áfram akstri þrátt fyrir að finna fyrir mikilli þreytu og hafi lokað augunum við aksturinn. Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fikniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Með hliðsjón af framansögðu telst M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og er því heimilt að lækka ábyrgð V til samræmis við það. Með hliðsjón af atvikum öllum er rétt að M beri ¼ hluta tjóns síns sjálfur, en fallist er á það með V að sú skerðing sé ekki úr hófi.

Niðurstaða.

M, á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, hjá V, en skerða skal bætur til hans um ¼.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 166/2020**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið af völdum steinkasts.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 26.4.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 14.5.2021, ásamt fylgiskjali nr. 1.
3. Bréf V2, dags. 25.5.2021.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins er að finna framburð M, ökumanns bifreiðar B. Þar kemur fram að hún hafi verið að keyra frá Egilstöðum og þegar hún var komin 7,3 km. frá afleggjara Egilstaðaflugvallar hafi hún mætt vörubifreið með malarvagn og að þar sem ökutækin mættust hafi verið ójafna á veginum sem olli því að sandur hrundi af malarvagninum. Hún hafi því ekið í gegn um rykský og heyrt þegar sandur glumdi á bifreið hennar. Eftir að þetta gerðist hafi hún snúið við og reynt að ná vörubifreiðinni en ekki náð því. Hún hafi þá farið að Steypustöðinni og fengið upplýsingar um hvaða vörubifreið hafi verið um að ræða. Kveðst hún hafa hringt í eiganda vörubifreiðarinnar og mælt sér mót við hann á tilteknum stað, þar sem þau fóru yfir málið.

Í lögregluskýrslunni er einnig að finna framburð ökumanns vörubifreiðarinnar A. Kveðst hann hafa verið að flytja steypusand í umrætt sinn frá Jökuldal að steypustöðinni í Fellabæ. Þá kemur fram að hann telur að tjónið verði ekki rakið til vörubifreiðarinnar þar sem efnið sem hann var að flytja sé ekki svo gróft að það geti skemmt svo mikið út frá sér, það sé einungis 0-12 mm á stærð. Þá kvað hann vagninn þannig hlaðinn að efnið ætti ekki að geta farið upp fyrir skjólborð hans og út á veg. Kvaðst hann ekki hafa tekið sérstaklega eftir því þegar hann mætti bifreiðinni B á hringveginum.

Málskotinu fylgdu myndir sem M hafði tekið af ökutæki sínu og af vettvangi. Þá fylgdu myndir lögreglu af vörubifreiðinni A og malarvagninum.

Álit.

Gögn málsins og framburður aðila staðfestir að bifreiðunum var ekið gengt hver annarri á þeim stað og á þeim tíma sem M kveður að umferðaróhappið hafi átt sér stað. Þá bera myndir af vettvangi með sér að á veginum eru laus jarðefni, sandur og fingerð mól. Þá er óumdeilt að ökumaður vörubifreiðarinnar notaðist ekki við yfirbreiðslu til að sporna því að ryk, sandur eða mól gæti fallið af ökutækinu. Braut hann þar með gegn ákvæðum 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008 um hleðslu, frágang og merkingu farms.

Með hliðsjón af framangreindu, framburði aðila og gögnum málsins telst nægilega sannað að jarðefni frá vörubifreiðinni A hafi kastast yfir ökutæki B þegar ökutækin mættust í umrætt sinn. M á þar af leiðandi bótarétt úr ábyrgðartryggingu A vegna þess tjóns sem rekja má til óhappsins.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V1.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 167/2021**M og
V v/ slysatryggingar launþega A****Ágreiningur um hvort bótaskylda úr slysatryggingu launþega sé til staðar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 26.04.2021 ásamt fylgiskjölum 1-11.
2. Bréf V dags. 11.05.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir vinnuslysi hinn 30. apríl 2019. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að M var að ganga inn í verslun, í erindagjörðum fyrir A, þegar hann rak fótinn í spýtu sem stóð upp úr gangstétt sem verið var að gera við, með þeim afleiðingum að hann datt fram fyrir sig og slasaðist. Hafi M verið metinn til 23% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna slyssins. A sé einkahlutafélag í eigu M og eiginkonu hans og á slysdegi hafi verið það verið með tvær váttryggingar í gildi hjá V sem taki til þessa atburðar, þ.e. slysatryggingu þar sem M var hinn váttryggði og slysatryggingu launþega, en samkvæmt henni hafi einn starfsmaður A verið váttryggður. V hafi greitt bætur úr slysatryggingunni en hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu launþega, enda telji V hana ekki hafa verið keypta vegna M heldur starfsmanna í vinnu við rafvirkjun hjá A. M hafi hins vegar keypt váttrygginguna í þeirri trú að hún næði til hans, enda ekki öðrum starfsmönnum til að dreifa við rafvirkjun hjá A. Ársverk í A hafi verið 1,5 en auk M sé eiginkona hans í hálfu starfi en hún sjá um bókhald og reikningagerð félagsins. Taki slysatrygging launþega þar af leiðandi til M.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hefði átt að vera ljóst að slysatrygging launþega tæki ekki til hans. Frá árinu 2013 hafi A greitt fyrir almenna slysatryggingu vegna M, og á tímabilinu 2013 til 1. janúar 2020 hafi A jafnframt greitt fyrir slysatryggingu launþega. Váttryggðir samkvæmt henni séu launþegar í starfi hjá A, en um sé að ræða tryggingu sem keypt sé á grundvelli áskilnaðar í kjarasamningum. Snemma árs 2020 hafi slysatrygging launþega verið felld niður að beiðni M þar eð hann væri ekki lengur með starfsmann í vinnu, og hefði ekki verið í nokkurn tíma. Hinn 14. febrúar 2020 hafi verið skráð í tölvukerfi félagsins vegna slysatryggingar launþega hjá V að enginn stafsmaður væri lengur starfandi og virðist M því ekki hafa litið svo á að slysatrygging launþega næði til hans sjálfs. Tilkynning um slysið hafi réttilega verið bókuð sem tjón í almenna slysatryggingu og uppgjör bóta farið fram á þeim grundvelli. Hins vegar hafi þau mistök átt sér stað af hálfu V að sendur var rangur staðlaður tölvupóstur sem varðaði slysatryggingu launþega og hafi þessi mistök ekki uppgötvast fyrr en tjónið var gert upp úr slysatryggingu M í desember 2020. Í ljósi samskipta sinna við V hefði M þó átt að vera ljóst að hann félli ekki undir slysatryggingu launþega A hjá V.

Álit:

Samkvæmt framansögðu snýr ágreiningur aðila að því hvort M hafi verið váttryggður samkvæmt slysatryggingu launþega A. Ekki virðist ágreiningur um það að umrætt tjónsatvik falli undir slyshugtak umræddrar váttryggingar, eins og það er skilgreint í 2. gr. viðeigandi skilmála um váttryggingarvið hennar og ágreiningslaust er að umrædd váttrygging var í gildi á tjónsdegi. Í skilmálum váttryggingarinnar kemur einnig fram að váttryggðir séu launþegar í starfi hjá váttryggingartaka. Samkvæmt fyrirliggjandi útskrift úr staðgreiðsluskrá Skattsins fékk M 5.360.000 kr. í launagreiðslur frá A á árinu 2019. Þá má ráða af samskiptum viðskiptastjóra hjá V við M að skráðar launagreiðslur A m.t.t. frjálsrar ábyrgðartryggingar þess hafi verið 7.984.353 kr. til allra starfsmanna á ársgrundvelli árið 2019. Samkvæmt váttryggingarskírteini vegna slysatryggingar launþega hjá A tók váttryggingin til 52 vikna, eða eins starfsmanns í fullu ársstarfi, og tiltekið er í váttryggingayfirliti, dags. 25. nóvember 2019, að hún taki til starfsmanna við rafvirkjun hjá A. M byggir á því að eina starfsfólk A hafi verið hann og eiginkona hans, sem hafi verið í hlutastarfi, og að hann sjálfur hafi verið eini starfsmaðurinn sem starfað hafi við rafvirkjun. Er samkvæmt framansögðu ekkert í fyrirliggjandi gögnum málsins sem gefur annað til kynna, enda virðast fyrirliggjandi tölur um launakostnað samræmast því. Þá er ekki sýnt fram á að slysatrygging launþega geti ekki tekið til eiganda fyrirtækis, enda þiggi hann laun frá því og sé ekki skýrlega undanskilinn váttryggingarvernd. Er það því mat nefndarinnar, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að M hafi á slysdegi verið váttryggður samkvæmt slysatryggingu launþega og að bótaskylda sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M, á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega A, hjá V.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 168/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingarliðs fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum leka frá inntaksröri raðhúss.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 27.4.2021, ásamt fylgigögnum og viðbótarathugasemdum, dags. 7.6.2021.
2. Bréf V, dags. 11.5.2021 og viðbótarathugasemdir, dags. 31.5.2021

Málsatvik.

Með tjónstilkynningu 10. júní 2020 til V um tjón á húseign sinni A, þar á meðal í garði við húsið, vegna gats á röri í kaldavatnsinntaki hússins. Við frekari eftirgrennslan mun hafa komið í ljós að rörið sem lak tilheyrði kaldavatnsinntaki raðhúss við hliðina B.

M kveður eiganda B bera ábyrgð á því tjóni sem hann varð fyrir af völdum bilunar í búnaði og lögnum í kaldavatnsinntaki B. Byggir M á því að um sé að ræða ábyrgð samkvæmt sakarreglunni þar sem tjónið hafi orsakast af gáleysi eiganda B vegna skorts á viðhaldi inntaksrörsins og þar af leiðandi bilun á lögnum. Einnig kveðst M byggja á því að eigandi B beri sem húseigandi hlutlæga ábyrgð á tjóni M af völdum húseignar hans. Í því sambandi er bent á að A og B séu raðhús og teljist vera fjöleignarhús í skilningi 4. tölul. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Inntaksrörið sem olli lekanum teljist til séreignar B og því beri eigandi hennar ábyrgð gagnvart M samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 51. gr. laganna. Í ljósi þessa hefur M krafist bóta vegna tjóns á A úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús er eigandi séreignar ábyrgur gagnvart öðrum eigendum húss og afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af bilun á búnaði séreignar og lögnum þótt eiganda verði ekki um það kennt.

A og B eru samtengd raðhús. Samkvæmt 4. tölul. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 26/1994 gilda lög m.a. um raðhús og önnur sambyggð og samtengd hús, bæði eingöngu til íbúðar og að einhverju leyti eða öllu til annarra nota, allt eftir því sem við getur átt. Geta lögin því átt við um raðhús „allt eftir því sem við getur átt.“

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 26/1994 segir að með húsi í lögum þessum sé átt við byggingu sem varanlega er skeytt við land og stendur sjálfstæð og aðgreind frá öðrum húsum eða skilur sig þannig frá þeim þótt sambyggð eða samtengd séu að eðlilegt og haganlegt sé að fara með hana samkvæmt lögum þessum sem sjálfstætt hús. Enn fremur segir í 2. mgr. sömu greinar að þótt sambyggð eða samtengd hús teljist tvö sjálfstæð hús eða fleiri skv. 1. mgr. þá gildi ákvæði laganna eftir því sem við getur átt um þau atriði og málefni sem sameiginleg eru, svo sem lóð ef hún er sameiginleg að öllu leyti eða nokkru og um útlit og heildarsvip ef því er að skipta. Sama gildir einnig ef því er að skipta um sameiginleg málefni sjálfstæðra ótengdra fjöleignarhúsa og/eða annars konar húsa.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja að ekki sé um það deilt að rörið í kaldavatnsinntaki sem olli tjóninu teljist til séreignar B. Bilun í röri í kaldavatnsinntaki að B getur því ekki talist meðal þeirra atriða eða málefna sem eru sameiginleg með A og B þannig að um eitt hús sé að ræða samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 3. gr. laganna. Af því leiðir að A og B teljast ekki vera séreignir í sama húsi sem er skilyrði þess að ábyrgðarreglur 51. gr. laganna geti komið til álitá í máli þessu. Bótaábyrgð eiganda B gagnvart M sem eiganda A verður í máli þessu því ekki byggð á þeirri ströngu ábyrgðarreglu sem kveðið er á um í 3. tölul. 1. mgr. 51. gr. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að skemmd á rörinu megi rekja til ófullnægjandi eftirlits eða viðhalds eiganda B á kaldavatnsinntakinu eða annarra atvika sem hann getur með öðru móti borið sakarábyrgð á. M telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar B, hjá V.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 169/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs 5. apríl 2020.****Gögn.**

Málskot dags. 26.04.21 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 17.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni A hafi verið ekið harkalega inn í hlið bifreið M 5. apríl 2020 með þeim afleiðingum að M hafi orðið fyrir meiðslum. M hafi leitað til læknis tveim dögum síðar vegna verkja í hálsi og herðum og síðan leitað læknis reglulega vegna viðvarandi verkja og hafi síðan þá verið til meðferðar hjá sjúkrahjúfara vegna afleiðinga slyssins. V hafnaði bótaskyldu, meðal annars með vísan til þess að PC-Crash skýrsla sýndi að áreksturinn væri ekki líklegur til að hafa valdið M líkamstjóni.

Í málskotinu kemur fram að V sé ekki stætt á því að hafna bótaskyldu á grundvelli PC-Crash skýrslu sem sé einhliða unnin skýrsla af hálfu V. Það sé ekki á færi forritsins að skera úr um það hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss séu fyrir einstaklinga. M bendir á að um töluvert högg hafi verið að ræða og skv. skaðabótalögum þurfi að fara fram heildarmat á því hvaða afleiðingar sé hægt að tengja við umferðarslys. Vísað er til héraðs- og hæstaréttardóma um að einhliða gögn eins og eins PC-Crash skýrslur hafi lítið sem ekkert vægi. Þá bendir M á að læknisfræðileg gögn sýni fram á að hann hafi hlotið áverka slysinu og því séu orsakatengsl milli slyssins og einkenna hans. Enn fremur bendir hann á að þótt ákomur á bifreiðum séu ekki stórkostlegar þurfi það ekki að endurspeglu líkamstjón viðkomandi þegar tjón eigi sér stað.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafni röksemdum M. Þá kemur fram að gögn málsins beri ekki með sér að ekið hafi verið harkalega inn í bifreið M og að augljóst sé af myndum að mjög litlar skemmdir hafi verið á ökutækjunum. Félagið hafnar málátlúnaði M um ótrúverðuleika PC-Crash skýrslna og bendir á athugun Fjármálaeftirlitsins þar sem ekki var gerð athugasemd við skýrslurnar. Fram komi í skýrslunni að lítill munur hafi verið á hraða bifreiðanna og verði að horfa til þess að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. Það er afstaða félagsins að ósannað sé að orsakasambengi sé á milli árekstursins og varanlegra einkenna M og samkvæmt meginreglum um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti verði M að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Slíkt sönnun hafi ekki tekist.

Álit:

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 5. apríl 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki lítið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V, og þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að lítið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M.

Af þeim læknisfræðilegum gögnum sem liggja fyrir nefndinni kemur fram að M hafi leitað til læknis tveimur dögum eftir áreksturinn vegna verkja í hálsi og síðast hafi hann leitað til læknis 28. maí 2020. Óumdeilt er að sök liggur hjá öikumanni A vegna árekstursins en samkvæmt reglum skaðabótalaga ber M að sýna fram á tjón sitt af völdum árekstursins. Ekki liggja fyrir nein gögn um tjón M hvorki að því er varðar atvinnufærni né álits- eða matsgerð óvilhallra aðila varðandi það líkamstjón sem M kann að búa við af völdum árekstursins. Eins og málið liggur hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem veiti honum rétt til bóta samkvæmt ákvæðum I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993. Við svo búið á hann ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 22. júní 2021.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 170/2021

M og
V vegna húftryggingar skipsins A.**Skaðabótaábyrgð vegna áreksturs skipa 11. júlí 2020.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 29. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14. maí 2021 ásamt afriti málgagna.
3. Tölvupóstur M, dags. 18. maí 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón varð á skipinu B, sem er í eigu M, þegar það var við togveiðar á makríl við suðurströnd Íslands, á svokölluðum Mýrargrunni. Tjónið varð þegar skipinu A, var siglt þannig nálægt skipinu B að flottroll þess fór í „asidikstautinn“ á skipinu B og varð M við það fyrir tjóni. Afrit skipsdagbóka liggur fyrir í gögnum málsins og frásögn skipstjórnarmanna af atvikum. Í gögnum málsins kemur einnig fram að veðurskilyrði og sjólag hafi verið ágætt og sjónlína milli skipanna A og B hafi verið óskert þegar tjónið varð.

M hefur krafist V um fullar bætur fyrir viðgerð á skipinu B og V hefur viðurkennt bótaskyldu þar sem skipstjórnarmenn skipsins A hafi ekki gert nægjanlegar ráðstefanir til þess að forða hættu og beinlínis farið gegn siglingareglum með því að breyta stefnu um 10° á bakborða í átt að skipinu B.

V telur hins vegar að M verði að bera helming tjóns síns sjálf þar sem „...tjónið verið einnig rakið til sakar stýrimanns [skipsins B]“. V vísar til þess að skv. 2. gr. laga nr. 7/1975 gildi hér á landi alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstur skipa. V telur að 15. gr. þeirra reglna eigi við og eigi hún samsvörun í svokallaðri „hægri reglu“ í umferðarlögum þannig að það skip skuli víka sem hefur hitt á stjórnborða. Einnig vísar V til 16. gr. reglnanna þar sem kemur fram að því skipi sem skylt er að víkja skuli í tæka tíð beita stjórnökum sem um munar og duga til að víka og veita nóg rúm. Einnig vísar V til 158., sbr. 162. gr. siglingalaga nr. 34/1985 þar sem beri að líta til þess hvaða tíma skipstjórnarmenn hafi haft til þess að gera sér grein fyrir aðstæðum og grípa til ráðstafana. V telur að í mesta lagi 40 mínútur hafi liðið frá því að skipstjórnarmenn skipsins B hafi upplýst um að þeir séu að fara að hífa þar til veiðarfæri skipsins A hafi farið undir skipið B. V telur að líta verði til þess að bæði skip hafi verið með veiðarfæri úti og „...hæfni þeirra til stefnubreytinga því skert auk þess gæta þurfti að för fleiri skipa á svæðinu.“ Einnig telur V að stýrimanni skipsins B hafi verið unnt að fresta hífing veiðarfæra um 30 mínútur til að skipið A kæmist framhá eða að sýna meiri aðgát og halda meiri fjarlægð. Þannig telur V að skipstjórnarmenn beggja skipa hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar við stjórn skipanna og samskipti milli þeirra hafi ekki verið nægjanlega nákvæm.

M telur að V eigi að greiða bætur að fullu úr húftryggingu skipsins A þar sem tjónið verði að öllu leyti rakið til mistaka af hálfu skipstjórnarmanna skipsins A. Einnig telur M að fleiri siglingareglur geti átt við, t.d. e.liður 8. gr. alþjóðlegra siglingareglna um að draga skuli úr ferð skipa eða stöðva þau ef nauðsynlegt reynist til að forðast árekstur. M leggur áherslu á að stýrimaður skipsins A hafi haft betri tækifæri til að bregðast við áður en skipin lentu það nálægt hvort öðru að tjón varð.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir að V hefur viðurkennt bótaskyldu á grundvelli sakarábyrgðar skipstjórnarmanna skipsins A, en telur að tjón á hagsmunum M sé einnig hægt að rekja til saknæmrar háttsemi skipstjórnarmanna skipsins B.

Samkvæmt almennum sönnunareglum í skaðabótarétti verður sá sem viðurkennt hefur skaðabótaskyldu en telur að tjón sé að einhverju leyti hægt að rekja til eigin sakar (meðábyrgðar) tjónþola að bera sönnunarbyrði um að atvik séu með þeim hætti. Það þýðir að V ber sönnunarbyrði um að atvik og aðstæður á miðunum á Mýrargrunni hafi verið með þeim hætti að tjón á skipi M megi með einhverjum hætti rekja til saknæmrar háttsemi skipstjórnarmanna þess skips.

Þegar litið er til gagna málsins, bæði skipsdagbóka, upplýsinga um siglingaleið skipanna og upplýsinga um samskipti skipstjórnarmanna verður ekki annað séð en að áhöfn skipsins B hafi látið vita af áformum sínum um að hífa flottroll skipsins upp og taka afla um borð. Þau samskipti sem lýst er í sömu gögnum sýna ekki með óyggjandi hætti að skipstjórnarmenn skipsins B hafi gefið rangar upplýsingar eða brugðist við með einhverjum þeim hætti að það feli í sér gáleysi af þeirra hálfu, eða að þeir hafi farið gegn siglingareglum. Hallann af sönnunarskorti um slíka háttsemi ber V. Verður því fallist á að M eigi rétt á bótum fyrir heildartjón sitt úr húftryggingu skipsins A hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á fullum bótum úr húftryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 171/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er gámhurð fauk á olnboga starfsmanns.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 29.4.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 7.7.2021.
Bréf V, dags. 7.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands og tilkynningu um slysið til Vinnueftirlitsins mun M, starfsmaður A, kl. 4 að morgni 10. febrúar 2018 hafa verið að opna dyr á gámi til að geta tekið sliskju frá gáminum. Er hann hafði ýtt hurðinni frá dyrunum og snúið sér við mun hurðin hafa fokið til baka og slegist í upphandlegg hans. M hafi haldið áfram vinnu, en síðar hafi komið fram að hann hafi orðið fyrir áverka á handleggnum. Þá segir í umræddum tilkynningum að band hafi ekki verið sett á hurðina þar sem „snjór og klaki á króknum“ hafi gert það erfitt. Mikill vindur mun hafa verið á staðnum þegar slysið varð. Í tilkynningunni til Sjúkratrygginga Íslands kemur fram að M hafi hafið störf hjá A í júlí 2006 og hafði samkvæmt því starfað hjá fyrirtækinu í rúmt 11 ½ ár þegar slysið varð.

M kveðst ekki hafa getað fest hurðina á krók með bandi þar sem engin stormbönd hafi verið til staðar og verkferlar A hafi á slysdegi ekki kveðið á um slíkt verklag. Í kjölfar slyssins hafi verkferlum hins vegar verið breytt og nú sé skylt að binda hurðir við þær aðstæður sem þá voru og útveguð bönd sem höfð eru til taks á vinnustaðnum. Útbúnar hafi verið leiðbeiningar af þessu tilefni þar sem m.a. komi fram að þegar hvasst er sé hætt á að gámhurðir fjúki upp, til að koma í veg fyrir það sé búið að láta útbúa bönd til að binda þær niður og þegar gámur er opnaður skuli alltaf binda hurðir niður. Jafnframt kveður M að á A hvíli ríkar skyldur samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og hafi A m.a. verið skylt að tryggja að gætt væri fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna. Einnig er vísað til 14., 37. og 42. gr. laganna. M kveður A bera ábyrgð á slysinu og hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu. Í bréfi V er tildrögum slyssins lýst svo samkvæmt samtímaskráningum hjá A að M sem stjórnandi lyftara hafi verið að flytja vörubretti með framleiðsluvöru A inn í vörugáma til lestunar um borð í skip til útflutnings. Hann hafi lokið við að fylla einn gáminn af brettum og því þurft að taka sliskju frá gáminum svo unnt væri að loka honum. Til að koma lyftaranum að sliskjunni í því skyni að fjarlægja hana hafi hann þurft að opna betur aðra gámhurðina og hafi því farið út úr lyftaranum, ýtt hurðinni frá með handaflí og snúið sér við til að fara aftur í lyftarann. Þá hafi gámhurðin hins vegar fokið til baka og slegist í olnboga M, en mikill vindur hafi verið utandyra. M hafi haldið störfum áfram og ekki verið frá vinnu vegna slyssins fyrr en mánuði síðar. V kveður að samkvæmt upplýsingum A hafi nær allir gámar sem notaðir hafa verið til þessara vöruflytninga til langs tíma verið búnir krókum og lykkjum svo unnt sé að krækja hurðirnar aftur. Í samtímaskráningu um slysið, sem hafi verið skráð í samráði við M, komi skýrt fram að krókur og lykkja hafi verið á umræddum gámi sem ætluð hafi verið til að festa gámhurðina til að varna því að hún fyki upp, en M hafi ekki sett band á krókinn vegna þess að snjór og klaki hafi verið fyrir króknum og því erfitt að koma þeim fyrir. Rétt sé að eftir slysið hafi skriflegir verkferlar verið uppfærðir varðandi vinnu við gáma á útsvæðum og keypt sérstök stormbönd og þau gerð aðgengilegri. Telur V að sök verði ekki byggð á því einu að bætt hafi verið í öryggisráðstafanir og skriflega ferla eftir á í því skyni að koma í veg fyrir frekari slys.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki ráðið að aðila greini á um tildrög slyssins, þ. á m. þá lýsingu málsatvika sem lýst er í bréfi V og getið er hér að framan. Samkvæmt samtímaskráningu A sem tekin var upp í tilkynningar þess til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlitsins má ráða að búnaður hafi verið á þeim gámi sem M var að vinna við í umrætt sinn til að festa hurðirnar aftur þannig að þær myndu ekki valda slysum eða öðrum óþægindum þegar unnið var við að koma vörum fyrir í gáminum. Þá er ekki dregið í efa að nokkur vindur var þegar slysið varð og því ljóst að hurðin gat fokið til baka ef hún var ekki tryggilega skorðuð. Í ljósi aldurs og starfsreynslu átti M að vera þetta ljóst. Þá var verk það sem M vann við umrætt sinn tiltölulega einfalt og átti M að geta hagað verkinu þannig að ekki myndi stafa hætt af hurðinni, m.a. að hún myndi fjúka til baka eins og raunin varð. Þótt sérstakar verklagsreglur hafi verið settar eftir slysið um að binda skuli gámhurðir aftur þegar unnið væri við

gáma og útveguð sérstök stormbönd í því skyni verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á samkvæmt gögnum málsins að slysið verði rakið til vanbúnaðar gámsins eða ónógra öryggisráðstafana þegar M var að störfum við hann þannig að felld verði skaðabótaábyrgð á A. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 172/2021

M og
V vegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar A.Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss í heimahúsi hinn 11. október 2019.**Gögn.**

1. Málskot dags. 03.05.2021 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 12.05.2021 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þegar hún var gestkomandi á heimili A hinn 11. október 2019, og að aðstoða við frágang eftir matarboð. Slyshennar hafi atvikast með þeim hætti að hún hafi haldið á flöskum og ætlað að setja þær í flöskupoka sem var geymdur í kompu í húsinu. M hafi hins vegar ekki fundið flöskupokann þar sem hann átti að vera, þ.e. á pallinum innan við hurðina að kompunni, en hún hafi löngu síðar fengið upplýsingar um að hann hafi í raun verið staðsettur í fjærhorni pallsins. M hafi ekki verið upplýst um aðstæður, þ.e. að brattar, steinsteypar tröppur niður í kjallara hússins væru staðsettar innan við hurðina að kompunni. Hafi M opnað dyrnar að kompunni og þreifað fyrir sér eftir ljósrofa en niðamyrkur hafi verið þar. Hafi hún þá rekið tana í misfellu og fallið niður tröppurnar. Telji M líklegast að hún hafi stigið á mjóa sillu eða vegg við hlið trappanna, þ.e. kverk þar sem sillan hafi tekið við af gólfinu, og misst jafnvægið við það. Hafi hún ætlað að styðja sig við handrið en þá gripið í tómt. Hafi M slasast alvarlega við fallið. M telur bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A fyrir hendi, enda hafi hún ekki verið upplýst um aðstæður í kompunni þegar hún var að aðstoða við frágang. Hafi A þannig ekki tjáð henni að steinsteypar tröppur án handriðs lægju niður í kjallara hússins, en mikilvægt hefði verið að greina frá því, ekki síst þar sem M var með fangið fullt af flöskum og myrkur í kompunni. V hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 4. febrúar 2021.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ákveðið misræmi í frásögn M. Upprunaleg lýsing hennar á atvikum hafi verið sú að hún hefði verið að teygja sig til að kveikja ljós en við það rekið tana í misfellu. Á síðari stigum, eftir að bent hafi verið á að engin misfella, þröskuldur eða neitt slíkt væri til staðar, hafi M talið sig hafa misst jafnvægið vegna sillu sem var til hliðar við tröppurnar. Sé þá ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til saknæmrar vanrækslu af hálfu A eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann verði látinn bera skaðabótaábyrgð á, en sönnunarbyrði þess hvíli á M. M hafi ekki verið beðin um að fara með flöskur og dósir í kompuna heldur hafi hún sjálf viljað gera það og farið af stað eftir að hafa spurt hvað dósapoki væri geymdur. M hafi þá sjálf kosið að halda leið sinni um kompuna áfram án þess að kveikja ljós til að sjá fram fyrir sig og bendi gögn málsins til þess að slysið verði rakið til aðgæsluleysis hennar sjálfrar eða óhappatilviljunar. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega hafnað að um misræmi í frásögn hennar hafi verið að ræða. Það hafi ekki verið fyrr en við skoðun á ljósmyndum af vettvangi sem M hafi áttað sig á að misfellan sem hún steig á hafi að líkindum verið umrædd silla. Það geti þó ekki talist aðalatriði málsins heldur það að A hafi ekki varað við aðstæðum.

Álit:

M byggir kröfu sína á því að A hafi, með því að vara ekki við aðstæðum í umræddri kompu, skapað sér skaðabótaábyrgð, og sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hans því fyrir hendi. Samkvæmt skilmálum viðkomandi vátryggingar greiðast bætur falli skaðabótaskylda samkvæmt íslenskum lögum á vátryggðan. Óumdeilt er að M var ekki sérstaklega beðin um að ganga frá flöskum eða dósnum eftir matarboðið, heldur hafi hún spurt húsráðanda um staðsetningu flöskupoka og svo haldið af stað að kompunni. Af fyrirliggjandi ljósmyndum og teikningu að dæma er hurð að kompunni staðsett í forstofu íbúðarinnar, og innan við hurðina er stigapallur og í framhaldi hans steinsteypar tröppur og umrædd silla til hliðar við þær. Þá verður einnig ráðið af ljósmyndum að ljósrofi sé staðsettur á vegg rétt innan við hurðina, en M ber að myrkur hafi verið í forstofunni og kompunni. Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að M hafi misst jafnvægið við að stíga á silluna sem er til vinstri við stigapallinn. Verður ekki talið samkvæmt framangreindu að aðstæður verði slíkar að sérstök skylda hafi hvílt á A að vara sérstaklega við þeim, enda verði svo ríkar skyldur ekki lagðar á húsráðendur einkaheimila. Er þá jafnframt litið til þess að umrædd ferð M í kompuna virðist hafa verið að eigin frumkvæði hennar. Af gögnum málsins verður því að telja ósannað að slysið verði rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á og verður að telja að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingar A, hjá V,.

Reykjavík 3. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 173/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 15. október 2020.**Gögn.**

1. Málskot, dags. 29.04.2021, ásamt fylgiskjölum 1-13.
2. Bréf V, dags. 19.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. október 2020 hafi bifreiðinni A verið ekið í hlið bifreiðarinnar B, sem M ók, á gatnamótum Holtstveggar og Sæbrautar, Reykjavík. Hafi M orðið fyrir meiðslum og leitað til læknis daginn eftir vegna þeirra. Hafi hún síðan leitað reglulega til læknis vegna viðvarandi verkja í háls hrygg og baki. V hafi hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns sem M rekur til árekstursins með bréfi dags. 10. nóvember 2020. M mótmælir afstöðu V og telur sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Höfnun V byggir á því að þar sem tjón á bifreiðunum hafi verið lítið hafi umrætt slys ekki verið til þess fallið að valda líkamstjóni. M bendir á að tjón á B hafi numið tæplega 700.000 kr. samkvæmt tjónaskýrslu og hafi rispast töluvert og beyglast á nokkrum stöðum. Um nokkurt högg hafi því verið að ræða. Þá sýni læknisfræðileg gögn fram á að M hafi hlotið áverka í slysinu, en jafnvel þó ákomur á bifreiðar séu ekki miklar þurfi það ekki endilega að endurspeglar líkamstjón tjónþola, enda geti önnur atriði haft þar áhrif. Samkvæmt framansögðu séu orsakatengsl til staðar og bótaskylda fyrir hendi.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er vísað til þess að samkvæmt fyrirbyggjandi ljósmyndum hafi ákoma á B verið lítil, og tjónskostnaður liggja fyrst og fremst í varahlutum sem hafi verið dýrir og segi ekki til um umfang tjónsins. Bifreiðarnar hafi nuddast saman við áreksturinn en M lýsi í kjölfarið umfangsmiklum einkennum. Með hliðsjón af því að um vægan árekstur hafi verið að ræða sé þörf á frekari læknisfræðilegum gögnum til að sýna fram á orsakatengsl hans og einkenna M. M hafi lent í umferðarslysi á árinu 2018 og verið metin til varanlegra einkenna vegna þess, en ekkert liggja fyrir um þau einkenni. Fyrirbyggjandi gögn sýni því ekki fram á orsakatengsl, og ekki sé hægt að fullyrða um þau án þess að sérstakt mat á mögulegum afleiðingum árekstursins liggja fyrir. Er bótaskylda því hafnað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn hinn 15. október 2020. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum af B má sjá að hún hefur rispast nokkuð sem samræmist því að bifreiðarnar hafi nuddast saman en ekki verða greindar neinar stórvægilegar beyglur eða dældir á bifreiðinni. Þá liggur ekkert fyrir um að tjón hafi orðið á A við áreksturinn. Með hliðsjón af því verður að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og einkenna sem M reki til hans. Fyrir liggur að M leitaði á heilsugæslu hinn 16. október 2020, og kvartaði þá yfir höfuðverk og verk í hálsi. Í kjölfarið var hún send í myndgreiningu til að útiloka brot, og kom ekkert óeðlilegt í ljós. Hinn 12. nóvember 2020 leitaði M aftur til læknis og kvartaði þá einnig undan verkjum í baki. Þá liggja fyrir tvær beiðnir um sjúkraþjálfun, dags. 27. október og 12. nóvember 2020. Utan þessara samskiptaseðla, og niðurstöðu myndgreiningar, liggja ekki fyrir nein frekari læknisfræðileg gögn, heildstæð læknisvottorð eða mat á einkennum M. Þá liggur ekki fyrir nein greinargerð sjúkraþjálfara. Í tjónstilkynningu til V, dags. 2. nóvember 2020, þar sem M lýsir einkennum frá hálsi, baki, vinstri öxl og handlegg, kemur fram að M hafi áður verið metin til 6 stiga örorku vegna umferðarslyss. Ekkert liggur hins vegar fyrir um fyrri sjúkrasögu eða einkenni hennar í kjölfar þess slyss. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að sýnt sé fram á orsakatengsl milli árekstursins 15. október 2020 og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Er kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 174/2021**M og
V v/slystryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort tjónsatvik hafi átt sér stað.****Gögn.**

Málskot, dags. 29.04.2021, ásamt fylgiskjölum 1-12.

Bréf V, dags. 17.05.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 19.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 23. ágúst 2018 hafi M ekið A aftan á aðra bifreið, B, við gatnamót Víkurvegjar og Gagnavegar í Reykjavík. Ökumenn hafi sammælt um að skila hvor sinni tjónstilkynningu vegna atviksins. M hafi sent V ódagsetta tjónstilkynningu hinn 19. september 2019 en svo virðist sem B hafi aldrei tilkynnt um tjónið. Hafi M slasast við áreksturinn og strax leitað til heimilislæknis vegna afleiðinga hans. Með bréfi dags. 16. júlí 2020 hafi V hafnað kröfu M um bætur úr slystryggingu ökumanns og eiganda A þar sem félagið teldi ósannað að slysið hefði átt sér stað og að ekki væri sýnt fram á orsakatengsl milli þess og einkenna M. M byggir á því að atvik séu sönnuð, þar sem hann hafi verið stöðugur í frásögn sinni af atvikum og hafi leitað til læknis samdægurs. Í dómafrankvæmd sé talið fullnægjandi að tjónþoli leiti til læknis fljótlega eftir tjónsatvik og lýsi þar einkennum sem samræmst geti lýsingu á atvikum. Vísar M til dómafordæma þessu til stuðnings. Hvað orsakatengsl varði þá hafi M verið greindur með tognun á háls hrygg í kjölfar árekstursins, og hafi hann leitað nokkrum sinnum til heimilislæknis vegna einkenna sinna, auk þess sem hann hafi verið til meðferðar sjúkrahjálfa. M hafi áður leitað til læknis vegna eymsla í háls hrygg, þ.e. á árinu 1999 og aftur 2013. Hann hafi þó verið búinn að ná sér af þeim einkennum á slysdegi, enda þá liðin nokkur ár frá því hann leitaði síðast læknis vegna þeirra. Gögn málsins sýni fram á að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við áreksturinn hinn 23. ágúst 2018 og sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að M verði að bera hallann af því að hafa hvorki haft samband við lögreglu né Aðstoð & Öryggi þrátt fyrir að hafa að sögn orðið fyrir líkamstjóni í umferðarslysi. Sé slík háttsemi einnig í andstöðu við 2. mgr. 10. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 sem kveðið hafi á um skyldu til að tilkynna umferðarslys til lögreglu svo fljótt sem auðið væri. M hafi einnig vanrækt að fylla út sameiginlega tjónstilkynningu með ökumanni þeirrar bifreiðar sem hann segist hafa ekið á, og virðist heldur ekki hafa tekið niður nafn eða símanúmer ökumanns eða númer ökutækisins. Eina gagnið sem sýna eigi fram á að tjónsatvik hafi átt sér stað sé tjónstilkynning sem M hafi fyllt út einhliða rúmu ári síðar. Þá hafi án árangurs verið kallað eftir ljósmyndum af A, sem sé enn í eigu eiginkonu M. Liggi því ekkert fyrir um að skemmdir hafi orðið á A. Krafa M sé því aðeins byggð á læknisfræðilegum gögnum, en fyrir liggi að hann hafi leitað til læknis hinn 23. ágúst 2018 og þá sagst hafa lent í umferðarslysi fyrr um daginn. M hafi aftur leitað til læknis hinn 19. september og 21. nóvember sama ár vegna sömu einkenna en um sé að ræða ósértæk einkenni frá hálsi. Þá liggi fyrir að M hafi leitað til læknis vegna sams konar einkenna fyrir slysið, síðast í mars 2013. Þá telur V að dómafordæmi þau sem M vísi til eigi ekki við í málinu, enda hafi þar ýmist verið um að ræða tjón af völdum óþekktis ökutækis þegar tjónþoli hafi haft takmörkuð úrræði til að færa sönnur á tjónsatvik, eða tilvik þar sem mjög trúverðugar skýringar voru á því að ökutæki hefði ekki orðið fyrir sjáanlegu tjóni við tjónsatvik. Því sé ekki til að dreifa hér. Með vísan til alls þessa sé umrætt tjónsatvik ósannað svo og orsakatengsl milli þess og einkenna M og er bótaskylda því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega mótmælt að 2. mgr. 10. gr. þágildandi umferðarlaga eigi við í málinu, enda geti það ákvæði ekki átt við um hefðbundnar aftanákeyrslur þar sem meiðsli komi alla jafna ekki fram strax. Þá hafi þau dómafordæmi sem vísað er til fullt fordæmisgildi, enda sönnunarstaðan hin sama og þegar um óþekkt ökutæki sé að ræða. Í þeim tilvikum sem ekki takist að skila inn tjónstilkynningu séu samtíma læknisfræðileg gögn lögð til grundvallar.

Álit.

Meðal gagna málsins er tjónstilkynning sú sem M fyllti út og sendi V hinn 19. september 2019. Í dálknum sem ætlaður er fyrir upplýsingar um ökutæki B stendur aðeins að vátryggingartaki sé „kona?“ og ökutækið af gerðinni Volkswagen. Þá segir í málskoti að aðilar hafi sammælt um að þeir mundu skila tjónstilkynningum vegna slyssins hvor í sínu lagi. Má af því ráða að aðilar hafi átt í einhverjum

samskiptum. Í málskoti vísar M til fordæma Hæstaréttar í málum 228/2013 og 165/2016, en í báðum tilvikum var um það að ræða að tjónþolar urðu fyrir líkamstjóni við það að óþekkt ökutæki rakst á þá, annars vegar á reiðhjól og hins vegar fótgangandi. Tækifæri tjónþola til að færa sönnur á atburðarás í slíkum tilvikum eru eðli máls samkvæmt afar takmörkuð, en ekki verður talið að sambærileg sjónarmið eigi við hér, þar sem fyrir liggur að ökumenn ræddu saman. Verður því að telja að M hafi haft færi á því að afla frekari upplýsinga um ökumann eða ökutæki B, svo sem með því að skrá hjá sér bílnúmer eða nafn ökumanns. Þá liggur ekkert fyrir um að tjón hafi orðið á A við umrætt atvik. Þá vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2582/2020, en í því máli var niðurstaða um bótaskyldu vátryggingafélags m.a. byggð á því að slysið samkvæmt lýsingu tjónþola gæti mjög líklega hafa haft þær afleiðingar sem tjónþoli rakti til þess í för með sér. Í því máli sem hér um ræðir eru einkenni tjónþola hins vegar ekki mjög sértæk, og þó fyrir liggi að M hafi leitað til sjúkraþjálfara í nokkur skipti í febrúar 2019, samkvæmt fyrirbyggjandi yfirliti um meðferð, segir aðeins í því yfirliti að um „almenna meðferð“ hafi verið að ræða. Verður samkvæmt framansögðu ekki talið að fyrirbyggjandi gögn sýni nægilega fram á að umrætt atvik hafi átt sér stað eða að einkenni M sé að rekja til þess. Eins og atvikum er háttað verður M að bera hallann af sönnunarskorti í málinu og verður samkvæmt framansögðu að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 175/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 15. október 2020.**Gögn.**

1. Málskot, dags. 29.04.2021, ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V, dags. 19.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. október 2020 hafi bifreiðinni A verið ekið í hlið bifreiðarinnar B, sem M var farþegi í, á gatnamótum Holtsvegur og Sæbrautar, Reykjavík. Hafi M orðið fyrir meiðslum og leitað til læknis daginn eftir vegna þeirra. Hafi hún síðan leitað reglulega til læknis vegna viðvarandi verkja í háls hrygg, baki og öxl. V hafi hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns sem M rekur til árekstursins með bréfi dags. 10. nóvember 2020. M mótmælir afstöðu V og telur sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Höfnun V byggir á því að þar sem tjón á bifreiðunum hafi verið lítið hafi umrætt slys ekki verið til þess fallið að valda líkamstjóni. M bendir á að tjón á B hafi numið tæplega 700.000 kr. samkvæmt tjónaskýrslu og hafi rispast töluvert og beyglast á nokkrum stöðum. Um nokkurt högg hafi því verið að ræða. Þá sýni læknisfræðileg gögn fram á að M hafi hlotið áverka í slysinu, en jafnvel þó ákomur á bifreiðar séu ekki miklar þurfi það ekki endilega að endurspeglar líkamstjón tjónþola, enda geti önnur atriði haft þar áhrif. Samkvæmt framansögðu séu orsakatengsl til staðar og bótaskylda fyrir hendi.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, er vísað til þess að samkvæmt fyrirliggjandi ljósmyndum hafi ákoma á B verið lítil, og tjónskostnaður liggja fyrst og fremst í varahlutum sem hafi verið dýrir og segi ekki til um umfang tjónsins. Bifreiðarnar hafi nuddast saman við áreksturinn en M lýsi í kjölfarið umfangsmiklum einkennum. Með hliðsjón af því að um vægan árekstur hafi verið að ræða sé þörf á frekari læknisfræðilegum gögnum til að sýna fram á orsakatengsl hans og einkenna M. Ekkert mat óvilhalls aðila um að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum við áreksturinn liggja fyrir. Fyrirliggjandi gögn sýni því ekki fram á orsakatengsl, og ekki sé hægt að fullyrða um þau. Er bótaskylda því hafnað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn hinn 15. október 2020. Af fyrirliggjandi ljósmyndum af B má sjá að hún hefur rispast nokkuð sem samræmist því að bifreiðarnar hafi nuddast saman en ekki verða greindar neinar stórvægilegar beyglur eða dældir á bifreiðinni. Þá liggur ekkert fyrir um að tjón hafi orðið á A við áreksturinn. Með hliðsjón af því verður að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og einkenna sem M reki til hans. Í tjónstilkynningu til V, dags. 4. nóvember 2020, lýsir M einkennum frá hálsi, baki, hægri öxl og handlegg. Fyrir liggur að M leitaði á Læknavaktina hinn 16. október 2020, og kvartaði þá undan höfuðverk og verk í hálsi. Þá liggur fyrir beiðni um sjúkráþjálfun, dags. 2. nóvember 2020, en þar kemur fram að M hafi strax fundið til í hægri handlegg og hálsi en að verkur í mjóbaki hafi komið fram nokkrum dögum eftir atvikið. Ekki liggja fyrir nein frekari læknisfræðileg gögn, heildstæð læknisvottorð, upplýsingar um fyrra heilsufar, rannsóknir eða mat á einkennum M, þrátt fyrir að í málskoti komi fram að hún hafi reglulega leitað til læknis vegna viðvarandi einkenna. Þá liggja ekki fyrir nein gögn um sjúkráþjálfun M. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að sýnt sé fram á orsakatengsl milli árekstursins 15. október 2020 og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Er kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 176/2021**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Sakarskipting vegna áreksturs við Flatahraun og Haukahraun 16. apríl 2021.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 4. maí 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1. dags. 18. maí 2021.
3. Bréf V2. dags. 26. maí 2021, ásamt niðurstöðu Tjónanefndar í máli nr. 108/21.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna áreksturs bifreiðanna A og B kemur fram að ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið fyrir aftan bifreiðina B vestur Flatahraun. Ökumanni bifreiðar A sýndist að ökumaður bifreiðar B ætlaði að fara að beygja til vinstri og hafi því haldið áfram en þá hafi ökumaður bifreiðar B ekið til hægri í vinstri hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á undan bifreið A og ætlað að beygja til hægri norður Haukahraun. Hann kveðst hafa tekið stóra beygu þar sem kantur hægri megin hafi verið brotinn og hann á breiðum bíl, en þá hafi ökumaður bifreiðar A smeygt sér framhjá hægri megin og farið í hlið bifreiðar B. Samkvæmt ljósmyndum af vettvangi er akreinum skipta á Flatahrauni þannig að sérakreini er fyrir þá sem ætla að taka vinstri beygu.

M telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi farið yfir á vinstri akreini áður en hann tók beygu til hægri. Einnig bendir M á að kantur sem ökumaður bifreiðar B lýsir sem brotnum hafi ekki verið það og því hafi hann ekki þurft að taka hægri beygu með þeim hætti sem hann gerði. Einnig vísar M til þess reynsluleysi ökumannsins, sem var með mánaðar gamalt ökuleyfi hafi haft áhrif á akstur hans.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að framburður ökumanns bifreiðar B um hættu vegna brots kants sé ekki réttur. Einnig telur V1 að ökumaður bifreiðar B hafi tekið hægri beygu frá vinstri akreini og þannig ekið í veg fyrir bifreið A.

V2 telur að ökumaður bifreiðar A hafi ekki ekið í samræmi við 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem komi fram að aka skuli vinstra megin framúr ökutæki og einungis hægri megin ef ökumaður bifreiðar á undan undirbýr greinilega vinstri beygu. V2 telur ósannað að ökumaður bifreiðar B hafi gefið til kynna að hann hafi ætlað að beygja til vinstri áður en hann tók hægri beygu og vitnar til framburðar ökumanns bifreiðar A í lögregluskýrslu um að henni hafi sýnst að ökumaður bifreiðar B hafi ætlað að beygja til vinstri og telur alla sök hvíla á ökumanni bifreiðar A.

Álit.

Í framburði ökumanna, sem hafður er eftir þeim í lögregluskýrslu, kemur skýrlega fram að bifreið B var ekið til hægri í víða beygu. Í ljósi akreinaamerkinga á vettvangi og ákomu á bifreiðum, sem og ljósmynda af stöðu bifreiða eftir áreksturinn, verður að leggja til grundvallar að orsök árekstursins sé annars vegar hægt að rekja til aksturslags ökumanns bifreiðar B sem bar að taka hægri beygu frá hægri brún akbrautar, sbr. 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Ekki liggur hins vegar fyrir með nákvæmum hætti hver staða bifreiðar B á akbrautinni var þegar hann hóf hægri beygu, eða að hann hafi verið að undirbúa vinstri beygu með skýrum hætti. Ekki var vitni á vettvangi sem getur borið um stöðu bifreiðanna og ljósmyndir sýna stöðu þeirra einungis eftir áreksturinn. Verður þannig ekki fullsannað að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi mátt ætla að ökumaður bifreiðar B ætlaði að aka til vinstri. Að virtum gögnum málsins verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 177/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum aftanákeysrslu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf M, dags. 7.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir V, dags. 9.9.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 9.9.2021.

Málsatvik.

Hinn 21. janúar 2018 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem M ók og var kyrrstæð á gatnamótum Jaðarsels og Seljabrautar í Reykjavík. Um miðjan febrúar sama ár leitaði M til B, heilsunuddara, styrktar- og einkaþjálfara, vegna verkja í hálsi og herðum. Mun M hafi verið í meðferð hjá B fram í apríl sama ár. Samkvæmt vottorði D, kírópraktors, dags. 13. apríl 2021, leitaði M til D, í ágúst 2018 vegna verks og stífleika sérstaklega í hálsi og einnig í brjóstbaki. Var M í meðferð hjá D í sex skipti á árinu 2018 og mun meðferð hafa verið haldið áfram til þess dags er vottorðið var ritað.

M mun hafa leitað til E, heimilislæknis á heilsugæslustöð, og samkvæmt vottorði E, dags. 2. janúar 2020, leitaði M til hans 20. desember 2018 vegna tognunarástands eftir aftanákeysrslu í janúar á sama ári. Verkir væru í aðlægum vöðvum að hálsi og efri hluta „thorax“. Hreyfigeta í hálsi væri skert um 45 gráður, bæði til hægri og vinstri, en hann náði að snerta höku við bringu. Hann væri alltaf verkjaður og orðinn stirður og skert hreyfing. Hann hafi farið til kírópraktors en væri einungis betri í stutta stund. Hann ynni við tölvu allan daginn og væri verkjaður. M hafði símasamband við E í janúar og mars 2019 vegna einkenna sem hann rakti til aftanákeysrslunnar. Hann kom svo aftur til skoðunar hjá E 28. mars 2018 vegna verks aftan í hnacka og skertra hreyfinga í hálsi. Í fyrrgreindu vottorði segir í tengslum við þessa komu að M hafi eitthvað þurft að skerða vinnuframlag en reyni að klára.

Í mars 2019 leitaði M til F bæklunarskurðlæknis og mun einnig hafa komið í svonefnda lokaskoðun hjá læknum í september sama ár. Í læknisvottorði F, dags. 19. september 2019, segir í ályktarorðum m.a. að þrátt fyrir ýmis konar meðferð hafi hann enn, tveimur árum eftir áreksturinn, einkenni sem há honum í daglegu lífi og geri það að verkum að hann eigi í erfiðleikum með mörg störf. Enn fremur hafi afleiðingar slyssins haft áhrif á frítíma hans og svefn. Taldi læknirinn að M gæti þurft á sjúkrahúsfun að halda í framtíðinni, að minnsta kosti annað veifið.

Undir rekstri málsins fyrir úrskurðarnefnd var af hálfu M aflað matsgerðar varðandi þær afleiðingar sem M búi við af völdum umferðarslyssins 28. janúar 2018. Matsgerðin, dags. 25. ágúst 2021, var unnin af G lækni og H lögmanni. Í samantektar- og álitskafla matsgerðarinnar segir m.a. að talsverðar skemmdir hafi orðið á báðum bifreiðum sem hlut áttu að máli. Fljótlega eftir slysið hafi farið að bera á óþægindum frá hálsi og efri hluta mjóbaks og hafi M leitað til heilsunuddara um miðjan febrúar 2018 og verið í meðferð hjá honum í nokkur skipti án mikils árangurs. Hann hafi því einnig leitað til hnykkjara og stundað þessar meðferðir á víxl meira og minna frá slysinu auk þess sem hann hafi tekið bólgueyðandi- og verkjastillandi lyf og reynt að þjálfast sig eftir megni samkvæmt leiðbeiningum meðferðaraðila. Fyrir slysið hafi hann ekki gengist undir meðferð hjá heilsunuddara eða hnykkjara eða öðrum meðferðaraðilum. M hafi ekki sögu um fyrri slys eða alvarlega sjúkdóma og eftir umrætt slys hafi hann reynt að harka af sér og haldið áfram störfum í þeirri trú að einkennin myndu rjátlast af honum sem þau hafi ekki gert. Eftir slysið sé hann með þrálát óþægindi einkum frá hálsþrygg sem há honum í daglegu lífi sem skerði starfsgetu hans og almenna vellíðan að einhverju leyti. Töldu matsmenn ljóst af gögnum málsins að M, sem hafi verið hraustur og einkennalaus fyrir slysið, hafi í slysinu hlotið hnykk á líkamann sem hafi leitt til tognunareinkenna frá hálsi og einnig frá brjósthrygg en þau síðarnefndu gengið til baka. Þá töldu þeir meiri líkur en minni að orsakasambandi sé á milli núverandi einkenna M og umferðarslyssins. Var mat þeirra að M byggi við 8 stiga varanlegan miska og 4% varanlega örorku af völdum slyssins.

M hefur krafist V bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A. V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður V að samkvæmt dómaframkvæmd sé talið grundvallarskilyrði þess að orskatengsl teljist sönnuð milli slyss og einkenna að fyrir liggja skjalfest læknisfræðileg staðfesting á áverka frá því skömmu eftir slys, sérstaklega þegar um er að ræða almenn einkenni sem allir geti þjást af óháð slysi eins og hér sé staðan. Staðfesting heilsunuddara og einkaþjálfara geti almennt séð ekki jafngilt skráningu í sjúkraskrá

og greiningu læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns. Niðurstaða fyrirliggjandi matsgerðar virðist fyrst og fremst byggja á því að M eigi ekki skráðar komur til læknis vegna stoðkerfiseinkenna. Það sé algeng rökvilla í matsfræðum að ætla allt sem gerist eftir slys verði rakið til slyssins. Staðreyndin sé sú að meiri hluti vinnandi fólks þjáist af vöðvabólgu í hálsi og herðum óháð slysi og ekki síst fólk sem sinnir skrifstofuvinnu líkt og M. Niðurstöðu matsgerðarinnar sé því hafnað.

Álit.

Fyrir liggur að M leitaði til B um miðjan febrúar 2018 eða rétt rúmum hálfum mánuði eftir áreksturinn. Af gögnum málsins má ráða að einhver kunningssskapur kunni að hafa verið á milli M og B. Hvað sem því líður og jafnvel þótt B teljist ekki til heilbrigðisstarfsmanna verður að telja nægilega í ljós leitt að á því tímamarki sem M leitaði til B hafi hann haft einkenni frá hálsi og brjósthrygg sem hann kvað hafa komið fram við slysið og þetta hafi verið sömu einkenni sem hann var með þegar hann leitaði til hnykkjara í ágúst sama ár. Í málinu liggur fyrir matsgerð sem unnin er af einum lækni og einum lögmanni. Í matsgerðinni er sjúkdóms- og meðferðarferill M rakinn. Líkt og áður getur er niðurstaða matsmanna að meiri líkur en minni séu á því að einkenni þau sem M býr við megi rekja til umferðarslyssins 28. janúar 2018 og að einhverju leyti sé um varanleg einkenni að ræða. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir, svo sem skoðunar- eða álitsgerð, sem með einhverju móti draga þessar niðurstöður matgerðarinnar í efa. Við svo búið eru ekki fyrir hendi nægilegar forsendur til að ganga fram hjá þeirri niðurstöðu fyrirliggjandi matsgerðar að M búi við varanleg einkenni af völdum slyssins þótt engin afstaða sé að öðru leyti tekin til þess hvert sé umfang hinna varanlegu einkenna. Samkvæmt þessu telst M hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 178/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið sem var ekið á loftblásara í bílastæðahúsi.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 5.5.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 11.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 9. febrúar 2021 ók M bifreið sinni af gerðinni B inn í bílastæðahús í eigu A og hugðist leggja B í tiltekinn stöðureit þar. Rakst þá þak og vindskeið aftast á B í loftblásara sem hékk niður úr loftinu. Við innakstur í bílastæðahúsið er viðvörunarmerki um 2,2 m hæðartakmörkun í húsinu. Við athugun mun hins vegar hafa verið tæpir 1,86 m undir lægsta punkt loftblásarans.

M kvaðst ekki hafa séð loftblásaranum sem var beint fyrir ofan stöðureitinn sem hann hugðist leggja í. Hann kvað ekki unnt að treysta þeim hæðarmerkingum sem voru við innkeyrsluna. Hefur hann krafist bóta fyrir það tjón sem varð á B úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Loftblásari sá sem B var ekið á virðist af fyrirliggjandi myndum að dæma vera yfir tveimur stöðureitum, þeim reit sem M hugðist bakka í og öðrum reit sem kemur í beinu framhaldi haf honum. Ekki er ljóst hversu margir loftblásarar af þessari gerð eru í bílastæðahúsinu en af ljósmyndum sem sýna a.m.k. hluta hússins er ekki að sjá fleiri slíka blásara. Umræddur blásari er sívalur, nokkuð langur og þvermál hans allnokkurt og á að sjást greinilega þegar ekið er um bílastæðahúsið að því er ráða má af ljósmyndum og gögnum málsins að öðru leyti. A er jeppabifreið og talsvert hærri en venjulegar fólksbifreiðar. Þótt 2,2 m hæð sé víðast hvar í bílastæðahúsinu verður ekki hjá því komist að á stöku stað kunni lofthæðin að vera minni. Ökumenn bifreiða sem eru tiltölulega háar, eins og B í því tilviki sem hér um ræðir, verða af þeim sökum að gæta sérstakrar varúðar þegar ekið er í bílastæðahúsum þar sem lofthæð er lítil. Eins og áður greinir var umræddur loftblásari vel sjáanlegur og átti M að geta varist hann ef hann hefði gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast, jafnvel þótt hann hafi ekið aftur á bak í stöðureitinn. Að öllu virtu verður ekki ráðið að óhappið verði rakið til vanbúnaðar í bílastæðahúsinu, skorts á varúðarmerkingum eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. Þessu haggar ekki þótt lagðar hafa verið fram gögn um ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ekið sé undir steiptan bita í öðru bílastæðahúsi. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum vegna tjónsins á B úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jóhann T. Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 179/2021

M og
V vegna slysatryggingar sjómanna A.Ágreiningur um hvort atvik falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála.**Gögn.**

1. Málskot dags. 05.05.2021 ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Bréf V dags. 21.05.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Á málskoti kemur fram að hinn 12. nóvember 2020, hafi M, er hann var að störfum í skipi A, orðið fyrir meiðslum. Nánar er tildrögum atviksins lýst svo að M hafi verið að sjóbúa með þriggja hæða sjóbúnings stöng. Um sé að ræða 5 kg stöng sem krækja eigi í 10x15 cm gat í stæðu sem sé þá um 6,2 metrum ofan við vinnuhæð starfsmanns. M hafi teygt stöngina upp og reynt að krækja henni í gatið en ekki hitt. Hafi stöngin þá tekið að hallast til vinstri og M ekki tekist að halda taki á henni. Hafi M fengið snúningsáverka á vinstri olnboga undan þunga stangarinnar þegar hún féll til hliðar. M hafi verið óvinnufær frá slysegi. Slysið hafi verið tilkynnt til V í febrúar 2021 en V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 8. apríl 2021, með þeim rökum að umrætt atvik félli ekki undir slyshugtak viðkomandi skilmála. M er ósammála þeirri afstöðu, enda sé ekki um það að ræða að hann hafi fengið verk í handlegginn við það eitt að lyfta stönginni. Meiðsl hans sé þá ekki að rekja til ofálags, veikleika, rangrar líkamsbeitingar eða annað sem geti talist „innra ástand í líkama hans“. Þvert á móti hafi það verið hreyfing stangarinnar, sem sneri upp á handlegg M, sem orsakaði slysið og sé þar um að ræða óvænta og skyndilega utanaðkomandi orsök. Breyti engu þar um að M hafi, í aðdraganda slyssins, mistekist að festa stöngina. Sé því ljóst að umrætt tilvik falli undir slyshugtak vátryggingarinnar og bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að í sjúkraskrá, í komunótu 17. nóvember 2020, sé að finna greinargóða lýsingu á atvikum. Þar komi fram að stöngin hafi sigið til hliðar og M teygt út vinstri hendi til að stöðva fall hennar. Megi af því ráða að hafi áfram haldið í stöngina, eða jafnvel gripið í hana aftur þegar hún tók að síga til hliðar sem megi rekja til eigin líkamsbeitingar M, þegar hann hitti stönginni ekki á sinn stað. Um hefðbundið verk, sem M hafi verið vanur að framkvæma, hafi verið að ræða, og ekkert utanaðkomandi hafi rekist í stöngina. Megi og reikna með því þegar 5 kg þungri stöng er lyft í svo háa hæð að hún geti tekið að halla og hafi M þurft að vera viðbúinn því. Ekki hafi verið um skyndilegan eða óvæntan atburð að ræða og ekkert utanaðkomandi sem hafi truflað M við verkið. Sé því ekki um slys í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála að ræða og er bótaskylda því hafnað.

Álit:

Í skilmálum viðeigandi vátryggingar, gr. 2.3 er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem er vátryggður og gerist án vilja hans. Sönnunarbyrði fyrir því að atvik falli innan þessarar skilgreiningar hvílir á M. Af gögnum málsins má ráða að það hafi verið venjubundið verkefni að hengja sjóbúnaðarstöng með þessum hætti í gat í gámastæðu. Verður að telja að meiðsl M hafi hlotist af líkamsbeitingu hans sjálfs, eftir að honum mistókst að krækja stönginni í umrætt gat, en við það hafi stöngin tekið að halla og hann þá reynt að ná taki á henni með þeim afleiðingum að hann meiddist á handlegg. Verður ekki talið að það feli í sér utanaðkomandi atburð í skilningi umræddra skilmála að stöngin hafi tekið að halla með þessum hætti, enda verði að telja það eðlilega afleiðingu þess að ekki tókst að festa hana en umrædd stöng er 5kg. að þyngd og nauðsynlegt að lyfta henni í töluverða hæð við þennan starfa. Er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna A, hjá V.

Reykjavík 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr

Mál nr. 181/2021**M og
V vegna sjúklingatryggingar X.****Gildissvið reglunnar um vinnuveitendaábyrgð vegna tjóns við lyfjagjöf.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 23. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. maí 2021, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir lögmanns M með tölvupósti dags. 4. júní 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var til meðferðar hjá læknastofunni X vegna gigtarsjúkdóms og þar hjá tilteknum sérfræðingi, hér eftir nefndur læknirinn Y. Í febrúar 2019 leiddu rannsóknir í ljós að M bjó við járnskort var því ákveðið að gefa henni járn í æð. Í málskoti er atvikum þannig lýst að nál hafi hafi verið sett í handarbak M til lyfjagjafar af hálfu hjúkrunarfræðings, en skömmu eftir að lyfjagjöfin hófst hafi handleggur M bólgað upp og blánað. Einnig kemur fram í þessari lýsingu að hjúkrunarfræðingurinn hafi verið annars huga í síma á meðan á þessu stóð og hafi ekki brugðist við fyrr en eftir að handleggur hafi verið orðinn bólgin og blár. M lýsir verkjum og litabreytingum á handlegg eftir þetta. Í greinargerð læknis hjá X dags. 19. janúar 2021 kemur fram að hinn 14. febrúar 2019 hafi M verið skráð í lyfjagjöf af hjúkrunarfræðingi og 7. október 2019 hafi M komið til læknisins Y til skoðunar vegna meintra mistaka við lyfjagjöf. Við þá skoðun kom fram að læknirinn sá húðbreytingar á um 2/3 hlutum framhandles. Í sömu greinargerð læknis X dags. 19. janúar 2021 kemur skýrt fram f.h. X að óumdeilt teljist að M eigi rétt á bótum vegna líkamstjóns sem tengja megi við lyfjameðferð 14. febrúar 2019, en að læknirinn Y beri „...fulla ábyrgð á meðferð viðkomandi hjúkrunarfræðings líkt og hann sjálfur hafi veitt meðferðina beint.“

M telur að hún eigi rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V og vísar til þess að það virðist óumdeilt að hjúkrunarfræðingur X hafi framkvæmt þá lyfjagjöf sem fór úrskotið og að verði að ætla að það felist í starfsskyldum hjúkrunarfræðinga X að sinna þeim sjúklingum sem þangað leita. M vísar til þess að váttryggingarskylda hvíli á X skv. 10. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 og beri X ábyrgð á störfum launþega sinna. M bendir á að við veitingu heilbrigðisþjónustu sé ekki sambærileg við lán á starfsmönnum á byggingarstað og ósannað sé að það fyrirkomulag hafi verið við lýði milli X og Y að boðvald væri eingöngu hjá Y. Einnig vísar M til þess að á heimasíðu X komi fram að Y sé einn af eigendum læknastofunnar og tengist henni því ekki eingöngu á þann hátt að hann leigi þar aðstöðu. M bendir á að markmið og tilgangur laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og hagsmuna tjónþola við mat á því hver beri vinnuveitendaábyrgð á háttsemi tjónvalds. X megi gera ráð fyrir því að hjúkrunarfræðingar sem starfi hjá þeim sinni sjúklingum og aðstoði sérfræðinga og þess vegna hafi X sínar eigin váttryggingar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X og vísar til þess að um sé að ræða starfstöð sjálfstætt starfandi sérfræðinga sem sjálfir hafi í gildi váttryggingar vegna vinnu sinnar. Læknirinn Y hafi sjúklingatryggingu hjá öðru váttryggingafélagi og hafi M verið í meðferð hjá honum þegar tjón varð. Mat V er að hjúkrunarfræðingur hafi farið út fyrir starfsskyldur sínar þegar lyfjagjöf átti sér stað og meginreglan sé sú að þegar um sé að ræða lán á starfsmönnum þá beri lántakinn ábyrgð á tjóni háttsemi þess starfsmanns sem hann fékk til að láni, eða til að vinna að framgangi hagsmuna lántakanda. V vísar til 16. kapitula Þjófabálks Jónsbókar sem og Hrd. 549/2011.

Álit.

Í málinu er óumdeilt að M fór til lyfjagjafar á læknastofu X hinn 14. febrúar 2019 þar sem hjúkrunarfræðingur kom fyrir nál í handarbaki M, en við inndælingu lyfs bólgaði handleggur M sem og blánaði og hefur hún haft verki og litabreytingar á handlegg síðan.

Í greinargerð læknis f.h. X kemur fram að það sé hans mat að réttur sjúklings til greiðslu bóta skv. lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 sé fyrir hendi og telst af lýsingum af tjónsatvikum því ekki varhugavert að leggja til grundvallar að tjón M megi að öllum líkindum rekja til þess að meðferð hjúkrunarfræðings hjá X hafi ekki verið hagað eins best var á kosið, sbr. 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Í 9. gr. sömu laga kemur fram að allir sem veita heilbrigðisþjónustu, innan stofnana sem utan beri bótaábyrgð skv. lögum og skv. c.lið sömu greinar eru þar nefndar heilbrigðisstofnanir, án tillits til þess hver beri ábyrgð á rekstri. Í 10. gr. laganna er síðan kveðið á um váttryggingarskyldu bótaskyldra aðila skv. 9. gr.

Í þessu máli liggur fyrir að X keypti sjúklingatryggingu vegna starfsemi sinnar hjá V og var hún í gildi hinn 14. febrúar 2019. Í váttryggingarskírteini vegna þeirrar váttryggingar er starfsemi X skilgreind sem „læknastofur“ og nánari skilgreining felur í sér að nefndir eru 2 hjúkrunarfræðingar og einn læknafræðingur.

Verður því að gera ráð fyrir því að X hafi að einhverju leyti keypt váttryggingavernd vegna heilbrigðisstarfsmanna sem sinna störfum hjúkrunarfræðinga hjá X, en ekki virðist vera gert ráð fyrir því að lækna séu váttryggðir í sjúklingatryggingu X. Í gögnum málsins er einnig að finna leigusamning Y við X vegna leigu á læknastofu í húsnæði X, af orðalagi hans verður ekki annað ráðið að þar sé fyrst og fremst um að ræða samningum um leigu húsnæðis og aðgang að sameiginlegri aðstöðu á vegum X. Ekki er þar fjallað um þjónustu hjúkrunarfræðinga X við Y. Ekki liggur heldur fyrir greinargerð vegna málsins af hálfu læknisins Y eða þess hjúkrunarfræðings sem kom að meðferð M. Ekki telst því fyllilega upplýst um það fyrirkomulag sem tíðkaðist milli X og þeirra sérfræðilækna sem leigja aðstöðu hjá X og hvort hjúkrunarfræðingar starfi undir boðvaldi hvers og eins læknis undir boðvaldi X.

Þegar litið er til eðlis þeirrar þjónustu sem M hlaut á læknastofu X verður hallinn af sönnunarskorti um fyrirkomulag vinnu lækna og hjúkrunarfræðinga hjá X ekki lagður á M, sem sótti þjónustu hjá X og var sú þjónusta veitt af einum af hjúkrunarfræðingum X. Frekari sönnunargögn geta leitt í ljós að læknirinn Y hafi í umrætt sinn haft ótvírætt boðvald vegna starfa hjúkrunarfræðingsins, en þau liggja hins vegar ekki fyrir í þessu máli. Í ljósi þess að læknirinn Y kom ekki með beinum hætti að framkvæmd sjálfrar lyfjagjafarinnar og slíkt er almennt innan starfsskyldna hjúkrunarfræðinga, verður að ætla að hjúkrunarfræðingurinn hafi starfað undir boðvaldi X í greint sinn þegar kom að þjónustu við M. Verður því fallist á að X beri ábyrgð skv. lögum um sjúklingatryggingu á líkamstjóni M og hún eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 182/2021

M og
V v/ slysatryggingar launþega A hjá V.

Ágreiningur um hvort atvik falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27.04.2021 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 31.05.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir vinnuslysi hinn 22. október 2020. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að M var að vinna á blautu og sleipu undirlagi við að negla rafmagnsdósir í plötu. Hann hafi verið í þungum vinnugalla með áhöld hangandi utan á sér. Hafi hann farið á hækjur sér, og svo ætlað niður á hnén til að ná betur til að negla dósirnar en þá runnið til og fallið á hnén og síðan með skrokkinn á gólfið. Hafi hann fengið sáran verk í bakið er hann féll á hnén og aftur er hann féll í gólfið og í kjölfarið verið greindur með tognun og ofreynslu á lendhrygg. V hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega með bréfi dags. 19. febrúar 2021, á grundvelli þess að atvikið uppfyllti ekki skilyrði slyshugtaksins eins og það væri sett fram í skilmálum félagsins, þ.e. að um skyndilegan utanaðkomandi atburð væri að ræða. M fellir sig ekki við þá afstöðu. Hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í tengslum við vinnu sína, vegna aðstæðna á vinnustað. Hann hafi misst jafnvægið við þær aðstæður sem hann var í og þar af leiðandi hafi verið um skyndilegan atburð að ræða. M hefði ekki getað tognað vegna innra ástands eingöngu en í bráðamóttökuskra hafi atvikalýsing ekki verið höfð rétt eftir honum. Hvað varði hugtakið „utanaðkomandi“ atburð, þá sé það hugtak óljóst og órætt, ekki skilgreint í skilmálum V, og sé í raun um að ræða ólögmetta hlutlæga ábyrgðartakmörkun, en farið er fram á að nefndin taki hugtakið til skiljanlegrar úrlausnar. Umræddir skilmálar séu þá samdir einhliða af V, sem verði að bera hallann af óskýru orðalagi þeirra og óskýrleika þessa tiltekna hugtaks. Í öllu falli verði því að túlka alla óvissu hvað þetta varðar M í hag. Sé réttur M til bóta úr slysatryggingu launþega samkvæmt framansögðu fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í tjónstilkynningu, dags. 15. desember 2020, hafi atvikum verið lýst þannig að M hafi verið að vinna á blautu og sleipu undirlagi þegar hann sat á hækjum sér og hallaði sér fram til að negla niður rafmagnsdósir. Við það hafi hann runnið til, dottið fram fyrir sig og fengið verk í bakið við fallið. Hins vegar segi í bráðamóttökuskýrslu dags. 22. október 2020 að M hafi skyndilega fengið bakverk þegar hann beygði sig fram og það hafi leitt til þess að hann féll fram fyrir sig. V vísar þá til 8. gr. viðeigandi skilmála en þar segi að með „hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem er vátryggður og gerist án vilja hans.“ Sé þessi skilgreining í samræmi við slyshugtak vátryggingaréttar og verði öll skilyrðin að vera uppfyllt svo tilvik falli undir gildissvið vátryggingarinnar. M hafi áður fengið brjós-klos eða þursabit og miðað við frumgögn málsins sé orsök tjóns hans fremur að rekja til innra álags eða veikleika. Þá verði ekki byggt á síðar til kominni málsatvikalýsingu, sem hafi komið fram í tjónstilkynningu lögmanns M til V, heldur verði fyrstu lýsingar M á atvikum lagðar til grundvallar. Ekkert liggi því fyrir sem sýni fram á að slys M sé að rekja til utanaðkomandi atburðar og er kröfu hans því hafnað.

Álit:

Í bráðamóttökuskra dags. 22. október 2020 er atvikum lýst svo að M hafi verið að beygja sig niður til að negla þegar hann fékk skyndilega verk í mjóbak og féll fram fyrir sig. Sambærilega lýsingu er að finna í meðferðarseðli bráðadeildar dags. 22. október 2020, þ.e. að M hafi verið að beygja sig niður í vinnunni þegar hann fékk skyndilega verk í mjóbakið. Það er ekki fyrr en með tjónstilkynningu lögmanns M til V, dags. 15. desember 2020, sem atvikum er lýst á þann veg að bakverkurinn hafi ekki komið til fyrr en eftir að M missti jafnvægið og féll fram fyrir sig. Hvað atvikalýsingu varðar verður að byggja á upphaflegri lýsingu M og frumgögnum málsins nema frekari gögn, t.a.m. læknisfræðileg gögn eða framburðir vitna, styðji afdráttarlaust við síðar til komna atvikalýsingu. Því er ekki til að dreifa í þessu máli. Af upphaflegri atvikalýsingu má þá helst ráða að orsök slyss M sé að rekja til innra álags eða veikleika, þ.e. að hann hafi skyndilega fengið bakverk er hann beygði sig niður, og er ekki að sjá að neinn utanaðkomandi atburður hafi valdið því. Hvað varðar þá staðhæfingu M að greining um tognun á lendhrygg geti ekki komið til vegna innra ástands eingöngu þá er hún ekki studd neinum frekari gögnum, og jafnframt er hakað við það í læknisvottorði, dags. 22. október 2020, að óvinnufærni M sé að rekja til sjúkdóms, en ekki vinnuslyss eða slyss. Á grundvelli þessa verður ekki talið að umrætt atvik uppfylli það skilyrði slyshugtaksins að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Jafnvel þó það hugtak sé ekki skilgreint sérstaklega í umræddri

skilmálagrein verður þó að túlka það sem svo að meira þurfi að koma til en innri hreyfing tjónþola við að beygja sig niður, og verður að líta svo á að bakmeiðsl hans hafi komið til áður en hann missti jafnvægið og féll. Er kröfu hans þar af leiðandi hafnað.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega A, hjá V.

Reykjavík 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 183/2021

**M og
V v/ réttaraðstoðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna málskostnaðar í tengslum við dómsmál til endurheimtu fyrirframgreiðslu vegna verksamnings um framkvæmdir á lóð við fasteign.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 4.5.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 21.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M eru eigendur A, nánar tilgreindrar fasteignar. Samkvæmt ódagsettum verksamningi við M tók B, nafngreint einkahlutafélag, að sér ýmsar framkvæmdir í lóð B. Hinn 30. september 2020 greiddu M 1.500.000 krónur fyrir fram inn á verkið sem mun hafa átt að hefjast sama dag. Úr því varð ekki og varð ekkert úr framkvæmdum af hálfu B. Fór svo að í desember 2020 riftu M verksamningnum við B og með bréfi lögmanns M til B, dags. 20. janúar 2021, var krafist endurgreiðslu á fyrirframgreiðslunni ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Var B gefinn vikufrestur til að greiða kröfuna ella yrði hún innheimt með aðstoð dómstóla.

Með tjónstilkynningu 3. febrúar 2021 var af hálfu M gerð krafa um bætur úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem M höfðu í gildi hjá V. V hafnaði bótaskyldu með vísan til undanþáguákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar þar sem segir að vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Álit.

Ekki er um það deilt að M riftu verksamningi við B vegna framkvæmda í lóð A, fasteignar í eigu M, en verksamningurinn mun hafa verið vanefndur að öllu leyti af hálfu B. Dómsmál það sem M hyggjast höfða gegn B er til endurheimtu fyrirframgreiðslu vegna verksamningsins. Með því að verksamningurinn lýtur að fasteign M verður ekki hjá því komist að líta svo á að dómsmálið varði M sem eigendur A. Af því leiðir, með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálunum, að vátryggingin tekur ekki til þessa dómsmáls og eiga M því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M, eiga ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 184/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Háholti í Hafnarfirði til móts við hús nr. 21 þann 20.4.2021.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.5.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvubréf V1, dags. 14.5.2021.
3. Bréf V2, dags 20.5.2021.

Málsatvik.

A var ekið út á Háholt frá bifreiðastæði við hús nr. 21. Í sömu andrá var B ekið eftir Háholti til vesturs og rakst framendi B í aftanverða hægri hlið A. Samkvæmt lögregluskýrslu er mikið sjáanlegt tjón sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Yfirborð götunnar er malbikað. Hámarkshraði á Háholti, þar sem áreksturinn varð, er samkvæmt lögregluskýrslu 30 km á klst. Af hálfu V1 var aflað sérstaks útreiknings samkvæmt svonefndu PC Crash forriti á hraða bifreiðanna þegar árekstur varð. Samkvæmt útreikningnum er hraði A sagður hafa verið 12 km á klst. og hraði B 38 km á klst. Ökumaður A kvaðst hafa ekið aftur á bak út frá bifreiðastæðinu þegar hann taldi óhætt að fara út á veginn, en þá hafi mikið högg komið á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 30 km hraða á klst. Hann hafi blindast af sólinni þegar hann ók út götuna og hann hafi ekki orðið þess var að A hafi verið bakkað frá bifreiðastæðinu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann ekur ökutæki aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Þá skal ökumaður samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laganna veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði. Þessa gætti ökumaður A ekki er hann ók út á akbrautina í veg fyrir B sem kom aðvífandi. Telst ökumaður A bera meginsök á árekstrinum.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft að ökumaður B ók a.m.k. á hámarkshraða og hafði blindast af sól þannig að hann sá ekki til ferða A fyrir en árekstur varð. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga skal vegfarandi sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum og þannig að eigi trufla eða teffji umferð að óþörfu. Einnig skal jafnan miða ökuhraða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Skal ökumaður þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 36. gr. laganna. Þá er tekið fram í b-lið 2. mgr. 26. gr. að sérstök skylda hvíli á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður þegar útsýni er takmarkað vegna birtu eða veðurs. Þessara ákvæða laganna gætti ökumaður B ekki og telst því eiga nokkra sök á því hvernig fór.

Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B beri 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B, ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 185/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss af völdum háлку á sundlaugarsvæði.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 3.5.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 6.7.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 13. maí 2019 varð M fyrir meiðslum er hún rann til og datt þegar hún var að stíga upp úr sundlaug A sem rekin er af B. Í málskoti er atvikin lýst svo sem að M hafi verið í sundi í A. Hún hafi verið að stíga upp úr lauginni og um leið og hún hafi reist sig upp til að ganga af stað þá hafi verið eins og hún lenti á hálkubletti með þeim afleiðingum að fóturinn rann aftur og hnéð skall í bakkann. Var M flutt með sjúkrabíl á Landspítala. Lenti M illa og hnéskelsbrotnaði. M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir úr ábyrgðartryggingu B hjá V á grundvelli saknæmrar vanrækslu á skyldum til hálkuvarna og varúðarmerkingu sem eru á ábyrgð B, auk þess sem síðar hafi verið skipt um gólfefni sem notað var í kringum laugina vegna fjölda hálkuslysa.

V hefur hafnað bótaskyldu. Byggir V synjun sína á því að M hafi stigið upp úr lauginni á stað þar sem ekki er ætlast til að fólk fari upp úr lauginni í stað þess að nota tröppur. Þá hafi gólfefnið verið notað víða og það að A hafi ákveðið að bera frekara hálkuvarnarefni á allan bakkanna feli ekki í sér viðurkenningu á bótaskyldu. Þá hafi starfsmenn sundlaugarinnar sett upp viðvörunarmerki vegna háлку og gert aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir háлку á bökkum laugarinnar. Einnig hafi verið til merkingar sem vöruðu við háлку, bæði á bakkanum þar sem M datt við sem og áður en haldið er til laugar. Þá vísar V til þess að M gæti ekki hafa dulist að gólf geti verið blaut í sundlaugum og M hafi ekki sýnt fram á að gólfíð á umræddum stað hafi verið hálla en vænta megi á sundlaugarbökkum. Þá hafi M verið mjög kunnug aðstæðum og vissi vel af aðstæðum í sundlauginni.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu B eða starfsmanna þess, en það er skilyrði þess að bótaskylda sér til staðar. Af gögnum málsins er ljóst að M steig upp úr lauginni en notaði ekki þar til gerðar tröppur. Þá liggur fyrir að á sundlaugarbökkum voru merkingar og viðvörunarmerki sem vöruðu við háлку á bökkum laugarinnar. Í málinu liggja engin gögn, s.s. frá heilbrigðiseftirliti, sem sýna að öryggismerkingar eða það eldra gólfefni, sem var á sundlaugarbakka á tjónsdegi, uppfylltu ekki kröfur eftirlitsaðila. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að aðbúnaður sundlaugarinnar hafi verið í samræmi við gildandi lög á reglur á þeim tíma þegar tjónið var. Þá liggur ekki annað fyrir en að M hafi ekki nýtt sér þar til gerða gönguleið og varað var við háлку á sundlaugarbökkum með merkingum og viðvörunarmerkjum.

Af því leiðir að ekki verður séð að atvikið megi rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi B, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem B ber ábyrgð á. Hér virðist því um að vera samspil óhappatilviks og eigin óaðgæslu. M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmn.

Jóhann T. Sigurðsson lögmn.

Mál nr. 186/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðarslyss 27. september 5. apríl 2020.****Gögn.**

Málskot dags. 03.05.21 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 28.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tildrög slyssins hafi verið með þeim hætti að M hafi verið í teiti og verið þangað sótt af ökumanni bifreiðarinnar A undir morgun. Þegar þau hafi verið nýlega lögð af stað hafi ökumaðurinn misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti á skilti og vegkant. M hafi í slysinu orðið fyrir meiðslum. V hyggst skerða bótarétt M um 2/3 hluta þar sem hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa tekið sér far með ölvuðum ökumanni.

Í málskotinu kemur fram að A hafi alls ekki dottið í hug að ökumaðurinn hefði neytt áfengis heldur hafi hún gert ráð fyrir því að hann væri allsgáður þar sem hann var að sækja hana á bifreið. Þá sé ekki réttlætanlegt að skerða bótarétt hennar um 2/3 hluta með vísan til þess að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Munurinn á einföldu gáleysi og stórkostlegu gáleysi hafi alltaf verið talinn stigsmunur og ekki alltaf glöggur. M leggur áherslu á að atviksbundið mat á aðstæðum fari fram og að hefðbundinn sjónarmið um sakarmat gildi. Vísað er til þess að A hafi ekki vitað að ökumaðurinn hafi neytt áfengis þegar hann kom og sótti hana. Um mjög stutta leið hafi verið að ræða og engin leið fyrir A að gera sér grein fyrir því að ökumaðurinn hefði neytt áfengis áður en hann sótti hana enda hafi hann verið undir mjög litlum áhrifum áfengis. Áfengismagn hans hafi aðeins mælst 1,03 prómill og sé miðað við að ef áfengismagn í blóði fari yfir 1,2 prómill teljist viðkomandi ófær um að aka.

Í bréfi V kemur fram að í lögregluskýrslu hafi strax vaknað grunur um að ökumaður væri ölvaður. Skv. áfengismagni í blóði hafi hann ekki getað stjórnað ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M geti því ekki byggt á því að hafa ekki haft tíma til að átta sig á að ökumaðurinn væri ölvaður. Farþegi beri ábyrgð á að taka sér far með ökumanni og það sé mat hans hvort hann geri það eða ekki. Þá komi það málinu ekki við hvort ökumaður segist ekki hafa fundið fyrir áfengisáhrifum þegar hann ók bifreiðinni.

Álit:

Í lögregluskýrslu kemur fram að það hafi vaknað strax grunur um ölvun ökumanns í viðræðum við hann. Í öndunarprófsmæli mældust í honum 0,84 prómill. Í framhaldinu var tekin blóðprufa þar sem hann greindist með 1,03 prómill. Var honum því óheimilt að stjórna ökutæki í umrætt sinn, skv. 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem ökumanni er bannað að stjórna ökutæki sé hann þannig á sig komin að hann sé ekki fær um að stjórna því örugglega., sbr. 1. mgr., sbr. 3. mgr. 49. gr. um bann við ölvunarakstri og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. umferðarlaganna.

Með vísan til þess að það vaknaði strax grunur um ölvunarakstur ökumannsins þegar lögreglan kom á vettvang og þess að A segir sjálf að hún hafi verið undir áhrifum áfengis eins og ökumaðurinn þegar hún fer á læknavaktina að kvöldi slysadags telur nefndin að hún hafi vitað eða mátt vita um ölvun ökumannsins. M telst því hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að taka sér far með ökumanni A og þannig verið meðvöld að tjóni sínu. Með vísan til atvika allra þykir rétt að bætur hennar skerðist um 1/3 hluta, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V en skerða skal bætur hennar um 1/3 hluta.

Reykjavík 8. júlí 2021.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 187/2021

**M og
V v/ fasteignatryggingar.**

Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna tjóns af völdum vatnsleka. Frávísun.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8.5.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Tölvubréf V, dags. 21.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 25. janúar 2021 varð tjón á húseign M af völdum leka frá uppþvottavél í eldhúsi og vatn lak í vaskaskáp, undir sökkul innréttingar og að hlið innréttingarinnar sem snýr að stofu í íbúðinni. Ekki er deilt um bótaskyldu og ekki virðist heldur deilt um að skipta þurfi um framhlið („front“) eldhúsinnréttingarinnar. Á hinn bóginn hefur ekki tekist samkomulag um hver bótafjárhæðin eigi að vera þannig að tjónið teljist bætt í samræmi við skilmála vátryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Í 3. mgr. sömu greinar segir að nefndin úrskurði hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Í máli þessu hefur af hálfu V ekki verið veitt samþykki fyrir því að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir. Samkvæmt því og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktanna verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum

Reykjavík, 10. júní 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr

Mál nr. 188/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um skerðingu bótaréttar vegna líkamstjóns við árekstur bifreiðar og hlaupahjóls.**Gögn.**

1. Málskot, dags. 28.04.2021, ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V, dags. 25.05.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti segir að aðfarnótt hins 29. ágúst 2020 hafi M farið yfir gangbraut á gatnamótum Laugavegs og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík á rafmagnshlaupahjólum þegar A ók í veg fyrir hann. Slasaðist M við atvikið og þar sem hann telji slysið að rekja til ógætni ökumanns A hafi hann farið fram á bætur úr ábyrgðartryggingu A. V hafi hins vegar, með bréfi dags. 10. nóvember 2020, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að M hafði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins, en hann hafi verið ölvaður og hjólað yfir gangbrautina gegnt rauðu ljósi. M mótmælir þessari afstöðu en hann muni atvik ekki nákvæmlega enda hafi hann hlotið höfuðhögg. Í framburði hans hjá lögreglu komi þó fram að honum finnst mjög skritið hafi hann farið yfir gegnt rauðu ljósi en hann þekki staðhætti vel og slík háttsemi sé ólík honum. Engar löggæslumyndavélar séu á vettvangi og því sé ekki til staðar upptaka af atvikinu. Það sé því ósannað að M hafi farið yfir götuna gegnt rauðu umferðarljósi. Jafnvel þó svo hefði verið feli það ekki sjálfkrafa í sér stórkostlegt gáleysi, enda hafi slysið orðið um hálfþrjú að nóttu og engin umferð verið. Hvað varði ölvun M þá hafi ekki verið sýnt fram á að hann hafi vegna ölvunar ekki getað stjórnað hjólinu örugglega, sbr. 6. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Svo bótaréttur M verði skertur vegna ölvunar verði að liggja fyrir ótvíræð sönnun þess að svo hafi verið. Sé því ósannað að orsakatengsl séu milli ölvunar M og umrædds atviks. Það sé V að sýna fram á stórkostlegt gáleysi og orsakatengsl milli þess og slyssins. Slík sönnun hafi ekki tekist og sé því full bótaskylda fyrir hendi. Með heildstæðu mati á aðstæðum megi ráða af gögnum málsins að slysið verði rakið til háttsemi ökumanns A fremur en M enda hafi hún ekki sýnt af sér nægilega aðgát er hún ók yfir gatnamótin heldur ekið áfram án þess að gæta að aðvifandi umferð og ekki veitt M athygli fyrr en hann lenti á A. Jafnvel þó ekki verði fallist á óskertan bótarétt sé niðurfelling hans í öllu falli úr hófi, og er því til vara farið fram á bætur að hluta.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ökumaður A og tveir farþegar hennar staðfesti að bifreiðinni hafi verið ekið yfir gatnamótin gegnt grænu ljósi, og sé því ljóst að M hafi farið yfir gangbrautina gegnt rauðu umferðarljósi. Þá liggi fyrir að áfengismagn í blóði M hafi mælst 1,86 prómill. Hafi M því verið verulega ölvaður og ekki hæfur til að stjórna hjólinu örugglega, sbr. 6. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Þá virðist M hafa verið á töluverðum hraða og ekki gætt að háttisreglu 3. mgr. 43. gr. umferðarlaga um að hjólreiðarmaður sem þverar akbraut skuli gæta þess að hjóla eigi hraðar en sem nemi venjulegum gönguhraða. Framangreind háttsemi feli í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og sé slysið alfarið að rekja til þess. Alls ósannað sé að ökumaður A hafi ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu. Verði ekki fallist á að bótaréttur M skuli felldur niður að öllu leyti er þess krafist að honum verði gert að bera $\frac{3}{4}$ hluta tjóns síns sjálfur.

Álit.

Fyrirliggjandi er lögregluskýrsla um umrætt atvik, dags. 30. ágúst 2020. Samkvæmt framburði ökumanns A og tveggja farþega í bifreiðinni fyrir lögreglu ók A yfir gatnamótin gegnt grænu ljósi. Þá kváðu farþegar A ljósin fyrir umferð gangandi hafa verið rauð þegar M fór á hlaupahjólum yfir gangbraut við Kringlumýrarbraut til austurs. Við skýrslutöku hjá lögreglu, hinn 10. desember 2020, kvaðst M ekki muna eftir slysinu eða tildrögum þess. Eru þá engin frekari gögn fyrir nefndinni sem leiða til þess að frásögn A eða vitna um stöðu umferðarljósa verði dregin í efa. Verður því að telja nægilega sýnt fram á að M hafi farið yfir gangbrautina gegnt rauðu ljósi umrætt sinn og með því brotið gegn ákvæði 3. gr. 7. gr. umferðarlaga. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum mældist áfengismagn í blóði M 1,86 prómill einni klukkustund eftir umrætt slys. Má af því ráða að hann hafi verið töluvert ölvaður, en samkvæmt 6. mgr. 49. gr. umferðarlaga má enginn hjóla eða reyna að hjóla ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis að hann geti ekki stjórnað hjólinu örugglega. Verður að telja samkvæmt framansögðu að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og að orsök slyssins sé að rekja þess að hann hafi ekið rafmagnshlaupahjólum undir áhrifum áfengis yfir gangbraut gegnt rauðu umferðarljósi. Ekkert í gögnum málsins rennir hins vegar stoðum undir það að ökumaður A hafi sýnt af sér gáleysi í aðdraganda atviksins, og ekki liggur annað fyrir en að hún hafi ekið á löglegum hraða og gegnt grænu umferðarljósi. Samkvæmt framansögðu er V því, á

grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, heimilt að fella niður bætur til M. Er kröfu hans því hafnað.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 189/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Slys viðskiptavinar verslunar 11. ágúst 2020.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7. maí 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. maí 2021.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram M hafi verið á leið inn í verslun og veitingastað þegar hún rak fótinn í um 1 cm upphækkun og datt fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hún hlaut höfuðhögg sem hand- og fótleggsbrot. Í gögnum málsins liggja fyrir myndir af vettvangi þar sem kemur fram að við inngang í verslunina er skorið úr parketi þar sem búið er að koma gúmmimottu fyrir.

M telur að aðbúnaður í húsnæði X við inngang í verslun hafi verið ófullnægjandi, þar sem um 1 cm misfella hafi verið frá gúmmimottu upp á gólf verslunarinnar, sem ekki hafi verið varað sérstaklega við. M bendir á að í gr. 12.2.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 komi fram að á gólffleti skuli hvorki vera óvæntar mishæðir né hindranir og séu aðstæður í húsnæði X ekki í samræmi við þau fyrirmæli. Einnig vísar M til reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 þar sem komi fram í 14. og 16. gr. að húsnæði skuli vera þannig að fólki sé ekki stefnt í slyshættu. Einnig bendir M á að gerðar séu strangar kröfur til umbúnaðar fasteigna þar sem boðið er upp á þjónustu sem ætla má að fjöldi fólks sækir.

V hefur hafnað bótaskyldu og bendir á að X komi ekki að rekstri í húsnæði því sem M slasaðist í heldur hafi gert húsaleigusamning við tiltekinn rekstraraðila þar sem komi fram að sá sjái um viðhald innandyra, m.a. á gólfefnum og sé það X því óviðkomandi. Einnig vísar V til þess að ákvæði byggingareglugerðar frá 2012 eigi ekki við þar sem húsið hafi verið byggt árið 1996. Auk þessa vísar V til þess að augljós litamunur hafi verið á mottu og gólfefni og að 1 cm upphækkun af mottu sé minniháttar og ekki sýnt fram á að hún sé í ósamræmi við lög eða reglugerðir, auk þess sem ekki sé vitað af öðrum slysum á sama stað.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir skýrar ljósmyndir af aðstæðum á vettvangi þar sem svört gúmmimotta er við inngang í húsnæði X og síðan tekur við annað viðarlitað gólfefni. Sá litli hæðarmunur sem er á milli gólfmottu og annars gólfefnis er skýrlega afmarkaður með stálbrík. Í húsaleigusamningi milli X og rekstraraðila húsnæðisins er skýrlega kveðið á um í 3. gr. að viðhald innanhúss, þar á meðal vegna gólfefna, annist rekstraraðili. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að óumdeilt sé að X annist ekki rekstur í húsnæðinu. Ekki liggur fyrir með nægilega skýrum hætti að slíkur umbúnaður húsnæðis brjóti í bága við gildandi lög og byggingareglugerðir þegar hús X var byggt. Verður því ekki fallist á að skaðabótaskylda sé fyrir hendi af hálfu X, sem eiganda húsnæðis, og því á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 190/2021**M og
V v/ innbústryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um gildissvið innbústryggingar vegna vatnstjóns sem tilkynnt var í mars 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10. maí 2021, ásamt fylgigögnum og athugasemdum dags. 24. júní 2021.

Bréf V, dags. 22. júní 2021, ásamt útprentuðum samskiptum M og V og vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi geymt hluta innbús síns í geymslurými þar sem ofn. Þegar M kom í geymsluna í mars sl. áttaði hún sig á því að ofninn hafið sprungið og vatn sprautast úr honum. M tilkynnti tjón sitt til V símleiðis og síðan með skriflegri tjónstilkynningu ásamt því að senda myndir af tjónsmunum til V, ásamt lista yfir tjónsmuni.

M telur að hún eigi rétt á því að fá tjón sitt bætt úr innbústryggingu sinni hjá V og vísar til þess að hún hafi tilkynnt um tjón um leið og hún varð lekans vör. Einnig kemur fram í málskoti að M komi sjaldan í geymsluna þannig að hún viti ekki nákvæmlega hvenær ofninn sprakk, en þegar hún kom þangað eftir það þá hafi verið mygluskán yfir innbúinu. M vísar því á bug að tjón hafi orðið af vangá hennar.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur tjónið ekki ná undir gildissvið innbústryggingar þar sem leki hafi verið langvarandi og skv. gr. 3.4. í vátryggingarskilmálum bæti V eingöngu tjón vegna vatns sem streymir skyndilega úr leiðslum húss. Einnig telur V að gildissvið innbúskaskótryggingar nái ekki til tjónsins þar sem skv. gr. 3.1 í þeim hluta vátryggingarskilmála þurfi tjón að hafa komið til vegna skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utankomandi atvika og tjón sem rekja megi til myglu séu sérstaklega undanskilin skv. gr. 3.5. í innbúskaskóhluta vátryggingarskilmála. V telur að ljóst sé á myndum að um langvarandi leka hafi verið að ræða og M lýsi tjóninu sjálf sem myglutjóni.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að orsök tjóns á innbúi M sé það að ofn í geymslurými hafi sprungið. Ekki er ljóst hvenær það gerðist en af sömu gögnum verður ekki annað ráðið að slík tjónsorsök sé til þess fallin að valda tjóni á innbúsmunum fljótlega. Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu V að tjónsorsök sé af öðrum ástæðum en þeim að ofninn sprakk og verður að leggja til grundvallar að M hafi fullnægt sönnunarkröfum með því að tilkynna um slíkt tjón. V gerði ekki reka að því að kanna aðstæður á vettvangi eða sýna fram á að tjón hafi orðið vegna annarrar ástæðu eða langvarandi leka. Verðu því að leggja til grundvallar að tjón M falli undir gr. 3.4 í innbústryggingarhluta fjölskyldutryggingar hennar og er þegar af þeirri ástæðu óþarfi að fjalla frekar um ákvæði í innbúskaskóhluta hennar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 191/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um fyrirkomulag á viðgerð og bifreiðarleigu í kjölfar áreksturs.**Gögn.**

1. Málskot, dags. 10.05.2021, ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V, dags. 25.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 19. apríl 2021 hafi orðið árekstur milli A og B, sem sé í eigu M. Ekki sé ágreiningur um að A beri ábyrgð á þeim árekstri. B varð ókufær við áreksturinn þar sem hjólabúnaður hennar skemmdist, en einnig hafi komið fram ýmsar beyglur á B. M kvartar undan samskiptum við V sem hafi gengið hægt og illa og sé V ekki reiðubúið að mæta kröfum hennar á neinn hátt. M hafi verið án bifreiðar í fjóra daga eftir atvikið, en hafi fengið bílaleigubíl til afnota 23. apríl. Þá hafi staðið til að gera við hjólabúnaðinn og beyglurnar á B í einu lagi og var viðgerð áætluð 17. maí. Þann dag hefði sá tími sem M bauðst að hafa bílaleigubíl til umráða verið liðinn og hafi M bent á það. Hafi V þá breytt fyrirkomulagi viðgerðarinnar, þannig að gert yrði við hjólabúnað bifreiðarinnar hinn 10. maí, en viðgerð vegna annarra skemmda færi fram hinn 26. maí, þar sem varahlutir vegna hennar væru væntanlegir. Frá upphafi hafi legið fyrir að M hygðist fara í ferðalag um landið hinn 11. maí 2021. M er ósátt við að V hafi ætlað henni að fara í slíkt ferðalag á klesstum og illa förnum bíl, á þeim grundvelli að þar sem viðgerð á hjólabúnaði væri lokið væri bifreiðin ökufær. Telur M að eðlilegra hefði verið að viðgerðin færi fram í einu lagi og að hún fengi bílaleigubíl til afnota meðan á ferðalaginu stæði. Telur M sig ekki hafa fengið sanngjarna meðferð hjá V sem ekki hafi viljað koma til móts við kröfur hennar og takmarka með því tjónið. Þá kvartar M einnig undan því að hún hafi ekki fengið bifreið sambærilega B á leigu. Hún þurfi mikið að ferðast milli staða starfa sinna vegna og nýti B til að flytja dót milli staða. Hafi hún því ekki getað stundað hluta af vinnu sinni þann tíma sem hún hafi ekið um á bílaleigubíl. Óskar M eftir afstöðu nefndarinnar til þess hvort hún hafi fengið munatjón sitt bætt með fullnægjandi hætti.

Í svörum V kemur fram að félagið telji ósannað að M hafi orðið fyrir frekara tjóni vegna afnotamissis en nemi þeim afnotamissi sem V hafi lýst sig reiðubúið til að bæta, þ.e. með því að greiða fyrir bílaleigubíl frá 23. apríl til 10. maí 2021 og aftur í þrjá daga vegna síðari hluta viðgerðarinnar hinn 26. maí 2021. Ekki sé til staðar neinn lögvarinn réttur tjónþola til að fá greiddar bætur vegna afnotamissis lendi hann í árekstri, heldur sé hvert mál metið sérstaklega á grundvelli atvika og með tilliti til meginreglna skaðabótaréttar um að tjónþola beri að takmarka tjóns sitt og að skaðabótaábyrgð takmarkist við sennilega afleiðingu tjóns. V sé reiðubúið að greiða vegna afnotamissis í allt að 21 dag án þess að tjónþoli sýni fram á raunverulegt fjártjón. Þá telur V að því sé heimilt að takmarka tjón sitt með því að láta viðgerð fara fram í tveimur áföngum, og sé það jafnframt tjónþola til hagsbóta þar sem hann fái þá bifreið sína ökufæra til afnota við fyrsta mögulegt tækifæri. Annað tjón á B sé minniháttar og varði aðeins útlit hennar og er því alfarið hafnað að nokkurt fjárhagslegt tjón geti falist í því að aka um á bifreið með rispur og smávægilegar beyglur á frambretti og framhurð í 16 daga. M hafi á engan hátt sýnt fram á að hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni á grundvelli þess að ákveðið hafi verið að framkvæma viðgerð í tveimur áföngum. Hvað varðar seinni lið kvörtunar M, þ.e. að bílaleigubíllinn hafi ekki verið sambærilegur B, þá hafi M ekki sýnt fram á að aðstæður hennar séu með þeim hætti að hún hafi þurft að hafa stærri bifreið til afnota né að hún hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af því að hafa aðeins bifreið af minnstu stærð til afnota meðan B var óökufær. Er það samkvæmt framansögðu afstaða V að M eigi ekki rétt á frekari bótum vegna afnotamissis.

Álit.

Af málatilbúnaði M verður ráðið að athugasemdir hennar við að viðgerð á B hafi farið fram í tvennu lagi byggji helst á því að henni þyki ekki eðlilegt að vera gert að fara í ferðalag á klesstum og illa förnum bíl sem ekki sé fyllilega búið að gera við. Ekki liggur annað fyrir en að B hafi verið ökufær eftir viðgerðina hinn 10. maí 2021 og virðist ekki byggt á því í málskoti að notkun hennar hafi verið einhverjum annmörkum háð vegna þeirra beygla og rispa sem enn hafi átt eftir að gera við. Meðal gagna fyrir nefndinni er ein ljósmynd af vinstri framhlið B og má greina af henni töluverðar rispur á hjólafelgu, rispur á frambretti og rispu fremst á bílstjórahurð. Í tölvupóstsamskiptum aðila er því haldið fram að M hafi átt erfitt með að opna bílstjórahurð vegna ákoma á bifreiðina, en engin frekari gögn liggja fyrir um það né virðist á því byggt í málskoti. Er það afstaða nefndarinnar að V hafi verið heimilt að takmarka tjón sitt með því að láta viðgerð á B fara fram í tveimur áföngum, og að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni með því að fá

B ökufæra til afnota í þá 16 daga sem liðu milli viðgerða á henni. Hvað varðar hugsanlegt tjón M vegna þess að hún hafi haft minni bifreið til afnota þá segir í málskoti að hún ferðist um á bíl í vinnunni og þurfi að flytja dót á milli staða í bifreið sinni, og hafi vegna þessa ekki getað stundað hluta vinnu sinnar. Er ekki að finna nánari útlitun á þessum atriðum, né nein gögn er sýni fram á að M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna þessa. Er samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á annað en að M hafi fengið munatjón sitt að fullu bætt.

Niðurstaða.

M, á ekki frekari rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V, vegna fyrirkomulags á viðgerð og afnotamissis B.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 192/2021**M og****V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og****V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Áræktur á Biskupstungnabraut skammt austan afleggja að Reykjavöllum þann 21.2.2021.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 11.5.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 28.5.2021.

Málsatvik.

A var ekið eftir afleggja frá Reykjavöllum og beygt til hægri inn á Biskupstungnabraut áleiðis til austurs. Á sama tíma var B ekið austur Biskupstungnabraut og hafnaði aftan á A. Samkvæmt sameiginlegri tjónstilkynningu sem ökumenn útfylltu og undirrituðu á vettvangi mun hægra framhorn B hafa rekist á vinstra afturhorn A. Þegar árækturinn varð mun hafa verið bjart af degi og þurr færi.

Að sögn ökumanns A var B ekið aftan á A um 30-40 m frá gatnamótunum. Hafði hann séð B koma yfir hæð á veginum vinstra megin við afleggjarann.

Ekkert er haft eftir ökumanni A í gögnum málsins að öðru leyti en því að á sameiginlegri tjónstilkynningu sem ökumenn útfylltu á vettvangi er af hálfu ökumanns B hakað í reit þar sem fram kemur að B hafi verið ekið aftan á A sem var ekið á sömu akrein og í sömu átt.

Álit.

Á afleggjaranum frá Reykjavöllum hvílir biðskylda gagnvart umferð á Biskupstungnabraut. Ökumanni A bar því að veita umferð á Biskupstungnabraut forgang áður en hann ók inn á hana, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt afstöðumynd af vettvangi sem er rissuð upp í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna er sýnt að brot úr bifreiðunum hafi fallið á akbrautina rétt austan við afleggjarann frá Reykjavöllum. Af þessu verður ekki dregin önnur ályktun en sú að árækturinn hafi orðið í sömu andrá og í beinu framhaldi af því að A var ekið inn á Biskupstungnabraut. Af fyrirliggjandi ljósmyndum verður önnur ályktun heldur ekki dregin. Hefur ökumaður A því brotið gegn forgangsrétti B og telst hann því eiga sök á árekstrinum. Samkvæmt gögnum málsins verður að telja ósannað að ökumaður B hafi ekið hraðar en heimilt var eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að unnt sé að virða það honum til sakar. Er því ekki efni til að leggja sök á ökumann B vegna árækturs þessa. Verður öll sök því felld á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 193/2021**M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna líkamstjóns 25. júní 2019..****Gögn.**

1. Málskot, dags. 11. maí 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 19. maí 2021 ásamt leikmannaskýrslu og vátryggingarskilmálum.
3. Tölvupóstur f.h. lögmans M, dags. 21. maí 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið á fótboltaæfingu með íþróttafélaginu Vestri þegar hann slasaðist og í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hann hafi verið að hlaupa og fengið „...högg/klafs í spili..“. Hásin slitnaði í fæti M við þetta.

M telur að gildissvið slysatryggingar fjölskyldutryggingar hans nái yfir afleiðingar líkamstjónsins þar sem hann hafi slasast þegar um „...hefðbundna æfingu...“ hafi verið að ræða en ekki undirbúning fyrir keppni. Auk þess vísar M til þess að hann hafi verið sanningslaus við íþróttafélagið og því verið við „...almenningsþátttöku í æfingum...“.

V telur að undanþáguákvæði í 25. gr. vátryggingarskilmála eigi við þar sem kemur fram að félagið bæti ekki slys sem verða við iðkun keppnisíþróttar, þ.e. keppni og æfingar fyrir keppni í einstaklings og liðsíþróttum, sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga og samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi. Einnig vísar V til þess að ekki sé sýnt að M hafi orðið fyrir slysi skv. skilgreiningu 19. gr. vátryggingarskilmála þar sem ekki hafi utanaðkomandi atburður leitt til líkamstjóns hans.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir að gildissvið 19. gr. vátryggingarskilmála V nær til meiðsla á útlimum sem verða við skyndilegan atburð. M hlaut meiðsli á fæti, sem er sannarlega útlimum skv. hefðbundinni orðskýringu og teljast meiðsli hans því falla undir gildissvið fjölskyldutryggingar hans. Í 25. gr. sömu skilmála kemur fram undanþáguákvæði í a.lið þeirrar greinar þar sem segir að félagið bæti ekki slys sem vátryggðir 16 ára og eldri verða fyrir við keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. V ber sönnunarbyrði um að M hafi verið á æfingu til undirbúnings fyrir keppni hinn 25. júní 2019. Upplýsingar um þátttöku M í keppni frá árinu 2006-2018 felur ekki í sér sönnun um að hann hafi verið við keppni á árinu 2019 eða að þátttaka hans í æfingum hafi verið til undirbúnings fyrir keppni. Hallann af sönnunarskortum um að skilyrði undanþáguákvæðis a. liðar 25. gr. vátryggingarskilmála V sé uppfyllt ber V. M á því rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 194/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um bótafjárhæðir.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11. maí 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. maí 2021, ásamt tjónsmötum.
3. Tölvupóstur M, dags. 27. maí 2021.
4. Tölvupóstur V, dags. 11. júní 2021.

Málsatvik.

Af málskoti og tölvupósti M dags. 27. maí 2021 má ráða að M hafi orðið fyrir tjóni og ágreiningur sé um hvaða fjárhæð eigi að greiða fyrir það tjón. Í tölvupósti V dags. 11. júní 2021 kemur fram að V sé ábyrgðartryggjandi X og ekki sé ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni, en ágreiningur sé um bótafjárhæð og að V samþykki að nefndin fjalli um þann ágreining, en áskilið er slíkt samþykki allra málsaðila skv. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005.

Í málinu liggja fyrir tvenns konar tilboð, annars vegar frá A að fjárhæð 6.061.000 kr. sem M aflaði. Hins vegar liggur fyrir tilboð frá B sem hljóðar upp á samtals 2.674.635 kr., en það er lagt fram af hálfu V.

Af málatilbúnaði M verður helst ráðið að þær bætur sem V hefur boðið vegna tjóns hans nái ekki til að bæta tjónið og lýsir því að hafa boðið V að greiða 5.000.000 kr. til að ljúka málinu. M telur að mat B nái ekki yfir kostnað við viðgerð.

V vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um fjárhæð tjóns síns og ekki dugi að leggja einhliða fram tilboð frá einum aðila sem ekki sé nægilega sundurliðað eða rökstutt. V telur rétt að leggja mat frá Aftaki ehf. til grundvallar upp á 2.674.635 kr. á meðan ekki liggja fyrir önnur sönnunargögn um tjónið.

Álit.

Í málinu liggur ekki fyrir sérstakt mat á þeim skemmdum sem urðu á eignum M vegna tjóna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni beri sönnunarbyrði um fjárhæð þess tjóns. Í málinu liggja fyrir tilboð frá tveimur mismunandi fyrirtækjum með einhverri sundurliðun á efnis- og vinnuliðum, en ekki er hægt að bera þau tilboð saman við mat á þeim skemmdum sem urðu. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. V hefur samþykkt að miða bætur til M við tiltekna fjárhæð og telst M ekki hafa sýnt fram á með nægilega skýrum gögnum að tjón hans hafi orðið meira en sem þeirri fjárhæð nemur. M á því ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 195/2021**M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna upplýsingagjafar fasteignasala.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 13.05.2021 ásamt fylgiskjölum 1-13.
2. Bréf V dags. 21.05.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M keypti íbúð á efstu hæð þríbýlishúss fyrir milligöngu A, með kaupsamningi dags. 31. janúar 2020. Í upphaflegu söluyfirliti vegna eignarinnar hafi komið fram að ástand þaks væri ekki vitað. M gerði athugasemdir við það þar sem hann hefði fengið þær upplýsingar frá seljanda að búið væri að skoða þak og það væri í lagi og að hann vildi fá það skriflegt. Í kjölfarið fékk M tölvupóst frá A þar sem sagði að þak væri nú sagt „í lagi“ á söluyfirliti. Tölvupóstinum fylgdi jafnframt tölvupóstur frá dóttur seljanda þar sem m.a. sagði: „Varðandi þakið þá sagði ég kaupendum að hinir tveir eigendurnir fóru upp á þak síðasta sumar og máluðu það að hluta og mátu það sem svo að þakið væri í lagi. Ég sagði kaupendum líka að þakið er upprunalegt og eftir minni bestu vitund er ekkert að þakinu eins og það er í dag.“ Hinn 25. febrúar 2020 tilkynnti M um að leki hefði fundist frá þakinu, auk þess sem leki væri á suðurgafli hússins. Hafi M í kjölfarið fengið framsendan tölvupóst sem fulltrúi seljenda sendi A hinn 2. október 2019, en í honum kom m.a. fram að lekið hefði frá suðurgafli í svefnherbergi á neðstu hæð. Samkvæmt mati sé kostnaður sem falli á M vegna þessara atriða áætlaður 1.677.946 kr. Seljendur hafi hins vegar þegar veitt afslátt að fjárhæð 450.000 vegna ofangreinds og dragist hann frá. Hins vegar bætist við kröfuna kostnaður vegna matsgerðar og útkalls rafvirkja vegna leka frá þaki. Samtals nemur krafa M því 1.359.846 kr.

M byggir kröfu sína á því að seljendur og A beri hlutlæga ábyrgð vegna leka frá þaki, enda hafi verið veittar rangar upplýsingar um ástand þess þegar lýsingu á þaki í söluyfirliti var breytt. Breyti engu um það að seljendur hefðu ekki vitað af umræddum leka. M hefði ekki keypt umrædda fasteign án fyrirbyggjandi ábyrgðaryfirlýsingar um að þakið væri í lagi. Hvað varði leka frá suðurgafli þá liggi fyrir að seljendur og A hafi vitað af honum en vanrækt að upplýsa M um hann. Sé bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu A því til staðar. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga um fasteignakaup nr. 40/2002 og laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015 auk dómafordæma.

Í álitgerð lögmanns sem V sendi nefndinni vegna málsins kemur fram að umrætt hús hafi verið byggt um 1960 og verði ekki betur séð en að ástand þess sé upprunalegt. Orðalagi í söluyfirliti hafi verið breytt sérstaklega samkvæmt beiðni kaupenda, kaupendur hafi jafnframt haft vitneskju um að þakið væri upprunalegt þó ekki væri betur vitað en að það væri í lagi. Í ljósi þessa aðdraganda verði ekki litið á breytt orðalag í söluyfirliti sem ábyrgðaryfirlýsingu. Hvað varði lýsingu á suðurgafli í söluyfirliti hefði vissulega farið betur á því að segja frá leka um glugga. Hins vegar hafi í söluyfirliti verið vakin athygli á því að „talað hefði verið um að láta skoða suðurgafli og þetta glugga í öðru svefnherberginu“. Áætlaður kostnaður vegna þessa þáttar sé þá óverulegur, eða 200.000 kr. sem skiptist milli eigenda samkvæmt hlutfallstölu, og langt innan þeirra marka sem M hefði mátt búast við í ljósi þess að ekkert hefði verið gert við þessa hlið hússins. M geti þá undir engum kringumstæðum krafist nýs þaks en fyrirbyggjandi kostnaðartölur séu miðaðar við algerar endurbætur á þaki. M hafi þegar fengið 450.000 kr. í afslátt og verði að telja hann vel riflegan, jafnvel þó litið sé svo á að orðalagið „þak í lagi“ gefi eitthvert tilefni til bóta af hálfu seljenda eða A. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að í söluyfirliti skuli koma fram upplýsingar um ástand eignar, þ.á.m. um galla sem seljanda/og eða fasteignasala er kunnugt um a eigninni. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðipjónustu.

Fyrir liggur að í upphaflegu söluyfirliti sagði að ástand þaks væri ekki vitað. Ágreiningslaust er að M fékk síðar þær upplýsingar frá fulltrúa seljanda að tveir eigenda hússins hefðu farið upp á þak, málað það að hluta og metið það sem svo að þak væri í lagi, en þakið væri upprunalegt. Sagðist fulltrúi seljenda þá ekki vita betur en að þakið væri í lagi. Á grundvelli þessa kallaði M eftir því að þak væri sagt „í lagi“ á söluyfirliti. A varð við því en vísaði jafnframt til ofangreinds fyrirvara seljanda, sbr. tölvupóst A til M dags. 28. janúar 2020. Ágreiningslaust er að seljendur höfðu ekki vitneskju um umræddan leka enda varð hans ekki vart fyrr en M hugðist hefja framkvæmdir á eigninni. M hafði samkvæmt framansögðu vitneskju um að umrætt þak var upprunalegt á húsi sem var um 60 ára gamalt. Þá hafði hann vitneskju um að engin sérstök úttekt hefði farið fram, heldur væri um að ræða mat tveggja íbúa, en ekki liggur fyrir að þeir búi yfir einhverri sérfræðipækkingu um byggingar, sem fóru upp á þak í þeim tilgangi að mála hluta þess. Verður í ljósi þessarar forsögu og fyrirvara ekki litið svo á að það að segja „þak í lagi“ á breyttu söluyfirliti hafi falið í sér sérstaka ábyrgðaryfirlýsingu. Þá er helsti tilgangur söluyfirlits, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 50/2015, að vera, ásamt öðru, grundvöllur ákvörðunar kaupanda um hvort hann kaupir eign og þá á hvaða verði. Fyrir liggur að M gerði tilboð í eignina hinn 21. janúar 2020, á grundvelli upphaflegs söluyfirlits þar sem ástand þaks var sagt „ekki vitað“, en breytt söluyfirlit var ekki afhent M fyrr en 29. janúar sama ár. Verður að telja að við tilboðsgerð hafi M haft allar ofangreindar upplýsingar um vitneskju seljenda um ástand þaksins og að breytt orðalag í söluyfirliti breyti í raun engu þar um. Er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A vegna þessa þáttar því ekki fyrir hendi.

Hvað varðar leka frá suðurgafli hússins, þá liggur fyrir að í söluyfirliti sagði að engar framkvæmdir hefðu verið ákveðnar á húsinu en að talað hefði verið um að „láta skoða suðurgafli og þetta glugga í öðru svefnherberginu“. Hins vegar liggur jafnframt fyrir að hinn 2. október 2019 sendi fulltrúi seljenda tölvupóst til A þar sem fram kom að ljóst væri að gera þyrfti við suðausturgafli, þar sem það læki í herbergi á neðstu á hæð. Þá teldi eigandi íbúðar á miðhæðinni að leki hjá honum stafaði af því að gluggi í íbúð M væri ekki nógu þéttur. Ágreiningslaust er að A upplýsti M ekki um efni þessa tölvupóstar umfram það sem fram kom í söluyfirliti. M sendi A fyrirspurn, m.a. um framangreint, hinn 26. janúar 2020, en virðist þá aðeins hafa fengið þær upplýsingar að ekki hefði verið tekin ákvörðun um að fara í framkvæmdir vegna ástands hússins að utan. Verður að telja hvað þennan þátt varðar að upplýsingar í söluyfirliti hafi reynst ófullnægjandi, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015, og leiði það til bótaábyrgðar vegna tjóns sem því sé samfara, sbr. 27. gr. sömu laga. Hins vegar liggur fyrir kostnaðaráætlun vegna þessa þáttar og má ráða af henni að heildarkostnaður vegna viðgerða á ytra byrði vegna leka sé 200.000 kr., sem skiptist svo milli eigenda eftir tiltölu. Þá liggur fyrir að seljendur veittu 450.000 kr. afslátt af kaupverði eignarinnar „vegna þaks og gafls“. Verður því að líta svo á að M hafi þegar fengið tjón sitt vegna þessa að fullu bætt. Er kröfu hans því hafnað.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 196/2021**M og
V v/ málskostnaðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skorts á aðild að dómsmáli.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.5.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 20.5.2021, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2, dags. 2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti mun A, sonur M, og B, þáverandi sambýliskona A, hafa keypt tiltekna húseign, D, á árinu 2018. Húseignin þarfnadist mikillar vinnu við endurbætur. Með samningi milli M annars vegar og A og B hins vegar hafi M tekið verkið að sér sem hafi falist í því að rífa hraunáferð af veggjum, sandspartla alla veggi og mála, taka upp gólfefni, fræsa upp úr gólfum, leggja lagnir, steypa ofan í það sem fræst hafði verið og síðan flota. Kveðst M hafa leigt út tæki og tól vegna verksins og greitt stóran hluta efniskostnaðar.

Í febrúar 2019 hafi A og B slitið sambúðinni og í kjölfarið hafi B höfðað skiptamál vegna sambúðarslitanna og krafist þess að eignarhluti hennar í D væri meiri en 50% auk þess sem hún hafi hafnað því að greiða fyrir vinnu M við húseignina sem hafi átt að koma til móts við eignarhluta A í eigninni. M fór þess á leit hinn 17. febrúar 2020 að fá málskostnað greiddan úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V. Í tilkynningu M til V um kröfuna segir m.a. svo, orðrétt: Ég fékk mér lögmann, sama og sonur minn, en lögmaðurinn hefur nú farið fram á beiðni um dómkvaðningu matsmanns til að leggja mat á þá vinnu sem ég lagði til í húsinu en ég tel þörf á að fá vinnu mína við húsið bættu. Ætla lögmaður minn að fara fram á að vinna mín í húsinu verði greidd með dómi.“ Með tölvubréfi V til M, dags. 28. febrúar 2020, kemur fram að félagið „viðurkennir bótaskyldu úr málskostnaðarlið tryggingarinnar vegna dómsmáls um kröfu til greiðslu vegna vinnuframlags við framkvæmdir á fasteigninni [D], sbr. tjonstilkynning [svo] þín þar um.

Með matsbeiðni A, sem lögð var fram 20. nóvember 2019 í héraðsdómi í skiptamáli B gegn A, var þess beiðst að dómkvaddur yrði matsmaður til að skoða og meta annars vegar hver væri „hæfilegur og sanngjarn tímafjöldi miðað við umfang og eðlis [svo] verksins og hvort verkin séu fullnægjandi unnin“ og hins vegar hver væri „efniskostnaður hæfilegur og sanngjarn miðað við umfang og eðli verksins.“ Með matsgerð dómkvadds matsmanns, dags. 21. mars 2020, var svarað þeim spurningum sem lagðar voru fyrir matsmanninn. Kostnaður vegna matsgerðarinnar mun hafa verið greiddur úr málskostnaðartryggingunni hjá V.

Hinn 24. febrúar 2021 var gerð dómsátt í héraðsdómi í fyrrgreindu skiptamáli B gegn A þar sem fram kom að aðilar væru „sammála um að [A] taki að sér að greiða kostnað vegna viðgerða á [D] samkvæmt matsgerðinni, skiptakostnað og beri einn kostnað vegna matsgerðar.“

M hefur krafist þess að fá lögmannskostnað, sem hann kveður á sig hafa fallið vegna dómsmálsins, greiddan úr málskostnaðartryggingunni hjá V. V hefur hafnað frekari greiðsluskyldu úr váttryggingunni. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu, einkum með tilliti til þess að V hafi fallist á greiðsluskyldu úr váttryggingunni, greitt kostnað vegna fyrrgreindrar matsgerðar auk þess sem niðurstaða dómsáttarinnar hafi að öllu leyti snúist um þá fjárhæð sem átti að greiða honum fyrir vinnuna í D ásamt efniskostnaði.

Álit.

Í inngangi málskostnaðartryggingar í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar þeirrar sem hér á í hlut segir að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Um bótasvið málskostnaðartryggingarinnar segir í skilmálunum að váttryggingin bæti málskostnað „[v]egna ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þá segir í ákvæði skilmálanna um ákvörðun bóta að félagið greiði vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem váttryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt.

Framangreind ákvæði váttryggingarskilmálanna verða skilin svo að því aðeins á váttryggður rétt til bóta úr málskostnaðartryggingunni að hann hafi átt aðild að einkamáli sem hefur verið leyst úr með dómi, úrskurði eða dómsátt fyrir héraðsdómi, Landsrétti eða Hæstarétti. Ljóst er að M átti ekki aðild að framangreindu dómsmáli sem var til lykta leitt með dómsátt af hálfu málsaðilanna, A og B, 24. febrúar 2021. Rekstur þessa dómsmáls veitir því M ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingunni.

Af orðalagi tjonstilkynningar þeirrar sem M sendi V 17. febrúar 2020 var vart unnt að skilja á annan veg en þann að M hygðist sjálfur höfða dómsmál eða eiga beina aðild að dómsmáli til að fá viðurkennda kröfu þá sem hann átti að því er ætla verður á hendur bæði A og B vegna vinnu hans við endurbætur á D. Ekki verður séð að aðrar forsendur hafi ráðið því að V viðurkenndi greiðsluskyldu sína úr málskostnaðartryggingunni. Eins og málið liggur fyrir verður því ekki talið að V sé bundið af yfirlýsingu sinni sem það gaf í tölvubréfi sínu til M 28. febrúar 2020, þegar í ljós kom að M átti ekki aðild að dómsmálinu milli A og B.

Ekki er ljóst hvað bjó að baki þegar V féllst á að greiða M útlagðan kostnað vegna öflunar matsgerðar vinnu hans við endurbætur á D. Eins og atvikum máls er háttáð verður þó ekki dregin sú ályktun að með greiðslu kostnaðar við öflun matsgerðarinnar hafi V skuldbundið sig til að greiða frekari kostnað vegna málsins.

Engin gögn liggja fyrir í máli þessu um þann ágreining sem B lagði fyrir héraðsdóm og leyst var úr með dómsáttinni 24. febrúar 2021, nema sjálf dómsáttin. Þótt í téðri dómsátt hafi verið leyst úr því hvort A eða B skuli greiða kostnað vegna endurbótanna á D felur það ekki í sér að M hafi átt aðild að dómsmálinu þannig að hann geti átt rétt til bóta úr málskostnaðartryggingunni.

Samkvæmt því sem hér að framan hefur verið rakið telst M ekki eiga rétt á bótum úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 198/2021**M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasala.****Ágreiningur um afstöðu vátryggingafélags um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 31.5.2021, ásamt fylgigögnum, þ.e. bréfi húsfélags til kaupenda dags. 13.10.2020 og húsfundargerð og fylgigögn dags. 16.10.2019.

Athugasemd M með tölvupósti dags. 14.6.2021.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi gögnum kemur fram að M tók í sölu fasteignina X, sem er í fjöleignarhúsi, í júlí 2019, en sölu hennar var síðan frestað til vorsins 2020. Sumarið 2019 og á haustmánuðum sama ár fór fram skoðun á fjöleignarhúsinu og vann tiltekin verkfræðistofa drög að skýrslu um ástand hússins. Stjórn húsfélags fjöleignarhússins fundaði í október 2019 um þau skýrsludrög og liggur fyrir umfjöllun um samskipti við verkfræðistofuna um niðurstöður þeirrar skýrslu og óánægju íbúa með skýrsluna. Hinn 22. júní 2020 var undirritaður kaupsamningur um fasteignina X og þá lá fyrir söluyfirlit fyrir eignina, sem útbúið var af M, sem tilgreindi ástand eignarinnar með eftirfarandi hætti: „Gallar: Undir horngluggum í tveimur svefnherbergjanna má sjá rakaskemmdir, einnig eru gluggar farnir að láta á sjá. Reikna má með að laga þurfi eða skipta um hluta af gluggum blokkarinnar á næstu árum.“ Í yfirlýsingu húsfélags dags. 19. júní 2020 kemur fram að fyrirhugað sé viðhald glugga og með því fylgdu húsfundargerðir frá því í október 2019 sem og aðalfundargerðir frá mars 2020 og apríl 2019. Í þeim húsfundargerðum koma fram, eins og áður segir, upplýsingar um þá skýrslu sem verið var að vinna á þeim tíma um ástand fjöleignarhúss þess sem fasteignin X er í.

V hefur samþykkt bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu M vegna tjóns kaupenda að hafa ekki haft þær upplýsingar sem þau máttu vænta í söluyfirliti vegna fasteignar. V byggði afstöðu sína á því að ástandsskýrsla sem fjallað var um á fundum húsfélags fjöleignarhússins í október 2019 hefði legið fyrir hjá M við gerð söluyfirlits og hefði M því átt að koma þeirri skýrslu áleiðis til kaupenda. Máli sínu til stuðnings vísar V til j-liðar 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa, þar sem segir að í söluyfirliti skuli auk lýsingar á fasteign, m.a. koma fram önnur atriði sem kunnugt er um, svo sem skýrslum um ástand eignar sem gerðar hafa verið. V hefur ekki samþykkt að nefndin fjalli um bótafjárhæðir vegna málsins. V telur einnig ósannað að kaupendur hafi verið upplýstur um skýrslu verkfræðistofu sem gerð hafi verið haustið 2019 með öðrum hætti.

M telur skilyrði skaðabótaskyldu ekki fyrir hendi og vísar til þess að umrædd skýrsla verkfræðistofunnar hafi ekki verið fullunnin og stjórn húsfélagsins hafi hafnað að leggja hana til grundvallar við mat á viðhaldþörf. Einnig vísar M til þess að skýrslan hafi ekki verið notuð til grundvallar ákvörðunum um viðhald á vegum húsfélagsins og vitnar til yfirlýsingar formanns þess því til stuðnings. Einnig vísar M til þess að kaupendum hafi verið sagt frá skýrslunni af hálfu seljanda og fyrir liggur yfirlýsing seljanda dags. 14. júní 2021 þar sem kemur fram að seljandi kveðst hafa sagt kaupendum frá skýrslunni. Einnig vísar M til þess að kaupendur hafi fengið upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir, bæði þær sem samþykktar höfðu verið og þær sem væru ekki samþykktar. Einnig vísar M til þess að fyrirhuguð gluggaskipti geti aukið verðmæti fasteignarinnar auk þess sem ekki sé sýnt að tjón hafi hlotist af því fyrir kaupendur að hafa ekki fengið skýrslu verkfræðistofunnar í hendur. M telur því ekki unnt að fallast á að skaðabótaskylda sé fyrir hendi af hálfu fasteignasölnunar og fer fram á það við nefndina að hún komist að þeirri niðurstöðu að bótaskylda sé ekki fyrir hendi.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að í söluyfirliti skuli koma fram upplýsingar um ástand eignar, þ.á.m. um galla sem seljanda/og eða fasteignasala er kunnugt um á eigninni. Í j-lið sömu greinar kemur orðrétt fram að fasteignasali skuli upplýsa um „önnur atriði sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið.“ Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 27. gr. laganna

segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðiþjónustu.

Í þessu máli liggur fyrir að húsfélag fjöleignarhúss sem fasteignin X er í hafði fengið verkfræðistofu til að taka út ástand fasteignarinnar í júlí 2019. Það sumar og haust kom fram óánægja með skýrslu sem gerð var af hálfu verkfræðistofunnar um ástand hússins og var ákveðið á húsfélagsfundi að leita annarra leiða við ákvörðun um viðhald fjöleignarhússins. Þrátt fyrir þessa ákvörðun húsfélagsins bar M að gæta þess að upplýsingar um þau gögn sem voru til um ástand hússins kæmu fram í söluyfirliti þannig að væntanlegir kaupendur fasteignarinnar X gætu kynnt sér þau. Gildir einu að húsfélagið aflaði frekari gagna til að meta viðhaldsþörfina. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að starfsmenn M hafi haft aðgang að fundargerðum þar sem fjallað er um umrædda skýrslu og þar sem orðalag j-liðar 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 er afdráttarlaust um að upplýsa skuli um ástandsskýrslur, verður að meta þeim það til gáleysis að upplýsa ekki sérstaklega um þær. Verður að ætla að þessi vanræksla M hafi leitt til einhvers tjóns fyrir M en nefndin tekur ekki frekari afstöðu til fjárhæðar þess. Hlutverk nefndarinnar er skv. samþykktum hennar að taka afstöðu til bótaskyldu, en hún tekur ekki afstöðu til bótafjárhæða nema allir aðilar málsins séu sammála um það. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir af hálfu V. Nefndin getur því ekki fjallað sérstaklega um fjárhæð bóta í málinu. Afstaða nefndarinnar er hins vegar sú að skaðabótaábyrgð hafi stofnast af hálfu X gagnvart M og bótaskylda því viðurkennd úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V.

Niðurstaða.

Tjón kaupanda fasteignar er bótaskyld úr starfsábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 199/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys 18. september 2019.****Gögn.**

Málskot dags. 7. maí 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 3. júní 2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína við störf í mötuneyti hjá X þegar hún rann fyrirvaralaust í oliupollu á gönguleið á tjónsdegi. Í skráningu M á slysi/atviki á tjónsdegi segir M að hún hafi runnið í feiti í eldhúsi. Segir að orsakir atviksins/slysins séu að gólfíð hafi verið fitugt, hún hafi runnið í feitinu og dottið án fyrirvara. Einnig segir að vitni hafi verið að atvikinu. Í tilkynningu X og M til Sjúkratrygginga og Vinnueftirlits segir að starfsmaður hafi runnið í feiti í mötuneyti. Gólfíð hafi verið fitugt og starfsmaður hafi dottið í feitinu án nokkurs fyrirvara. Í upplýsingabréfi skólastjóra er haft eftir vitninu, samstarfsmanni X, að slysið hafi orðið með þeim hætti að M hafi farið að ná í eitthvað, það hafi verið mikil ferð á henni, hún runnið og legið kylliflöt á gólfinu. Hún hafi staðið upp og haldið áfram að vinna. Segir vitnið að atvikið hafi átt sér stað í hádeginu og líklega hafi bleytan eða olían á gólfinu skvest upp úr ofnbökkum með matnum þegar hann var tekinn úr ofninum. Þannig sé ekki eiginleg eldavel í eldhúsinu heldur blástursofn. Í málskoti M er byggt á því að M hafi dottið þar sem oliupollur hafi myndast við eldavel í eldhúsi mötuneytis hjá X sem bendi til þess að um bilun á eldavel hafi verið að ræða sem hafi valdið olíuleka. Er byggt á því að M hafi aldrei áður unnið í kringum þessa eldavel og aldrei áður orðið var við slíkan olíuleka. Fyrir liggja ítarleg gögn um líkamstjón M sem hafa ekki sérstök áhrif á sakarmat. M telur X bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M þar sem aðbúnaður á vinnusvæði hafi ekki verið með ásættanlegum hætti. Slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanns X og til skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Þá byggir M á því að ábyrgð X, sem vinnuveitanda, sé fyrir hendi og sé hlutlæg þar sem X hafi ekki tryggt öryggi M við vinnu með nægilega traustum hætti. V hefur hafnað bótaskyldu og telur að um óhappatilvik og eigin óaðgæslu sé að ræða.

Álit.

X ber ábyrgð á því tjóni sem rakið verður til saknæmrar háttasemi eða vanrækslu starfsmanna sinna. Svo X geti talist bótaábyrgt vegna atviks M verður að sýna fram á að starfsmaður X hafi valdið því með saknæmum og ólögnum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun starfsmanns X og raski hagsmunum sem njóta verndar skaðabótaréttar. Í gögnum málsins liggja fyrir samtíma tilkynningar, undirritaðar af M, sem tilgreina að M hafi runnið og dottið í feiti sem skvest hafi á gólf í eldhúsi þegar verið var að reiða fram hádegismat í mötuneyti hjá X. Fær það stuðning í framburði vitnis að atburðinum og þeirrar staðreyndar að ekki sé eiginleg eldavel í eldhúsinu heldur blástursofn. Í þessu máli verður því að leggja til grundvallar að M hafi fallið við þegar hún steig í fitublett á gólfi í eldhúsi hjá X. Þá liggja engin gögn fyrir sem sýna að bilun á tæki hafi nokkuð haft með atvikið að gera auk þess sem ekki er að finna eiginlega eldavel í eldhúsi hjá X. Af því leiðir að hér verður að leggja til grundvallar að um að ræða samspil óhappatilviks og eigin óaðgæslu. Telst M því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 201/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum aftanákeyrslu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.5.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 4.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir kl. 21 að kvöldi mánudagsins 4. nóvember 2019 var lögreglu tilkynnt um árekstur á afrein frá Vesturlandsvegi að Rafstöðvarvegi í Reykjavík, þar sem bifreiðinni A af gerðinni Skoda Fabia hafði verið ekið aftan á bifreiðina B af gerðinni Volvo V50. Samkvæmt skýrslu lögreglu um atvikið var rökkrur, rigning og blautt færi. Þá segir að engin hemlafi hafi verið sjáanleg fyrir aftan A. Lítið sjáanlegt tjón hafi verið á A eða dæld á höggvara að framan. Mikið sjáanlegt tjón hafi verið á B, afturhöggvari hafi verið skemmdur, afturljós vinstra megin brotið og afturrúða brotin. M, sem er af erlendu bergi brotinn, mun hafa verið farþegi í hægra framsæti í B og hafði verið fluttur á sjúkrahús ásamt öðrum farþega í bifreiðinni þegar lögregla kom á vettvang.

Eftir öikumanni A er haft í lögregluskýrslu að hann hafi verið annars hugar við aksturinn þegar hann hafi ekið eftir fráreininni að Rafstöðvarvegi og tekið of seint eftir B sem hafi verið kyrrstæð við gatnamótin. Hann hafi ekið á um 50 km hraða á klst. en náð að hemla niður í 30 km hraða á klst. áður en áreksturinn varð.

Eftir öikumanni B er haft að hann hafi stöðvað við biðskyldu á gatnamótunum þegar högg hafi skyndilega komið aftan á bifreiðina. M hafi verið með félagasinn, M, í fremra farþegasætinu og hafði hann fengið nokkuð högg.

Síðar um kvöldið var haft símasamband við M sem kvaðst verkja í háls, brjóst og öxl.

Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði heimilislæknis, dags. 20. mars 2021, kom M á slysadeild Landspítalans að kvöldi slysdags. Samkvæmt lýsingu hafi hann fengið hnykk á hálsinn og snúið upp á vinstri fót. Við skoðun hafi hann verið aumur neðan við hægra viðbein, yfir brjóstvöðva sömu megin, yfir vinstri öxl og sjalvöðvanum vinstra megin. Einnig hafi verið eymsli yfir vinstri ökkla. Hann hafi hreyft axlarliði óhindrað og einnig í hálsi. Að skoðun lokinni hafi hann verið útskrifaður til síns heima og talinn hafa tognað á herðum og í vinstri ökkla. Tveimur dögum síðar leitaði M að nýju á slysadeildina. Að skoðun lokinni var hann útskrifaður heim. Greiningar vegna slyssins voru tognun og ofreynsla á háls hrygg (S13.4), tognun og ofreynsla á brjóst hrygg (S23.3), tognun á ökkla (S93.4) og tognun á úlnliði (S63.5).

Hinn 8. sama mánaðar leitaði M til læknis á tiltekinni heilsugæslustöð vegna verkja í hálsi og baki og var ávísað verkjalyfjum. Hann leitaði að nýju til sama læknis 21. sama mánaðar vegna áframhaldandi verkja og var þá gerð sjúkraþjálfunarbeiðni og einnig skrifuð út verkja- og bólgueyðandi lyf.

Hinn 9. janúar 2020 leitaði M á aðra heilsugæslustöð til þess læknis sem ritaði læknisvottorðið. Óskaði M eftir að sækja um endurhæfingarlífeyri og fékk hann nýjan tíma 13. sama mánaðar í því skyni, en þá var vottorð ritað og sent Tryggingastofnun ríkisins. Kom fram að hann hafi verið í sjúkraþjálfun frá því í mánuðinum áður. M leitaði aftur á dagvakt á heilsugæslustöðinni 11. mars 2020 vegna verkja í hálsi. Hann hafi verið að gera teygjuæfingar eins og hann væri vanur, en eftir æfingarnar hafi hann fengið mikinn verk vinstra megin í háls og niður í vinstri öxl með leiðni niður í brjóstbak. Hafi hreyfigeta verið skert og hafi hann fengið verkjalyf útskrifuð. Hann hafi svo komið til viðtals hjá læknum 7. maí sama ár. Hann hafi þá verið kominn á endurhæfingarlífeyri og væri í sjúkraþjálfun einu sinni til tvisvar í viku. Hann væri heldur betri en í byrjun árs en væri áfram með verki og eymsli í hálsi, herðum og brjóst hrygg auk verkja í vinstri úlnliði og ökkla. Þá kom fram að hann hafi fengið lyf hjá lækni í sínu heimalandi vegna þunglyndis og kvíða og hafi lyf vegna þessa verið endurnýjuð. M kom svo aftur til viðtals hjá læknum 15. september og 9. desember 2020 vegna endurnýjunar á endurhæfingavottorðum. Í síðara skiptið var hann einnig með bréf frá lækni í sínu heimalandi varðandi vinstri ökkla, en hann væri áfram verkjaður þar eftir áreksturinn í nóvember 2019 og óskaði eftir að komast til bæklunarlæknis. Þá segir í vottorðinu að upplýsingar séu takmarkaðar varðandi fyrra heilsufar M þar sem hann hafi flutt til landsins fimm til sex árum áður og eldri sjúkraskrá hans væri ekki til staðar. Í endurhæfingavottorðum væri þó tekið fram að hann hafi lent í slysi við 16 ára aldur og fengið áverka á hægri fót þar sem sinar og taugar hafi skaddast. Hann hefði einnig sögu um þunglyndi og kvíða og verið á lyfjameðferð vegna þess.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hann kveðst hafa hlotið við áreksturinn úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu einkum með vísan til þess að ákomur á A komu ekki heim og saman við þær ákomur sem voru á B.

Af hálfu V var aflað sérstaks útreiknings, svonefnds PC Crash útreiknings, á þeirri þyngdarhröðun sem verkaði á ökutækin við áreksturinn. Í skýrslu um útreikninginn, dags. 10. nóvember 2019, kemur fram að líklegasta gildi þyngdarhröðunar sem verkaði á A hafi verið -6,58 g og líklegasta gildið sem verkaði á B hafi verið 4,72 g. Hvað lokaniðurstöður snertir varðandi áreksturinn segir í skýrslunni að þegar áreksturinn hafi verið settur í útreikningsforritið hafi ekki fengist rökréttar niðurstöður miðað við það sem fram hafi komið í lögregluskýrslu. Það sem ekki hafi passað hafi í fyrsta lagi verið að A hafi verið mun léttari og hefði átt að skemmast mun meira en B og m.a. grill og vélarhlíf hafi átt að losna frá brettum og brotna illa. Í öðru lagi hafi sú orka sem hafi þurft til að valda skemmdunum á B hafi ekki verið í samræmi við þá orku sem A hafi fengið við höggið. Í þriðja lagi hafi engin glær glerbrot verið á tjónsstað heldur utan við malbik 16 metrum ofar. Í fjórða lagi hafi ákomusvæði B (afturljós og gafl) ekki verið í samræmi við að einungis væri ákoma á stuðara A sem líklega hefði átt að ýta grilli upp í vélarhlíf og skekkja hana lítillga. Slíkt tjón ætti að vera orsök af höggi sem væri nálægt 1,5 g en ekki 6,58 g eins og útreikningurinn hefði gefið upp. Ekki hafi verið að sjá slíka ákomu á grilli og vélarhlíf A. Þá hefði dráttarkrókur á B átt að valda miklum skemmdum hægra megin sem hefði leitt til þess að plaststuðarakápa A hefði skemmt illa og losnað frá hægra frambretti. Í fimmta lagi hefði bil milli A og B átt að vera rúm 3 metrar hafi ökumaður A verið í hemlun þar sem B hefði átt að kastast 4,5 metra áfram við útreiknað högg. Loks í sjötta lagi hefði A getað runnið áfram þar sem halli hafi verið niður á við, ef ökumaðurinn hefði sleppt hemlum eftir áreksturinn. En þá hefði A átt að vera lengra til hægri aftan á B og vera með afturendann til vinstri en ekki til hægri eins og tiltekin mynd í lögregluskýrslu sýni.

M hefur andmælt niðurstöðu útreikningsins, einkum með vísan til þess að hans var aflað einhliða af hálfu V auk þess sem hann byggist á ýmsum forsendum sem ekki sé víst að hafi átt sér stoð í raunveruleikanum, svo sem hraði A í þann mund sem árekstur varð, stærð dekkja sem A var á, undir hvaða horni áreksturinn varð og hvaða skemmdir hafi nákvæmlega orðið á A.

Álit.

Auk framangreindrar lögregluskýrslu og útreiknings á þeirri þyngdarhröðun sem verkaði á ökutækin við áreksturinn liggja fyrir ljósmyndir af þeim skemmdum sem urðu á B við áreksturinn. Samkvæmt gögnum málsins mun A hafa verið fargað skömmu eftir áreksturinn og einu ljósmyndirnar af skemmdum á þeirri bifreið sem liggja fyrir eru þær ljósmyndir sem teknar voru af lögreglu á vettvangi. Hvað sem því líður verður samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslu um skemmdir á bifreiðunum, bæði hvað varðar umfang skemmda á þeim og hvar þær hafa orðið fyrir höggi, að telja með miklum ólíkindum að sá höggþungi sem hlýtur að hafa valdið skemmdunum á B hafi getað orsakast af því að A hafi verið ekið aftan á B. Þá verður með engu móti séð að ákomustaðir á B fái samrýmst við ákomustaði á A sem er einungis dæld á framhöggvara. Meðal annars með tilliti til þess hvernig fyrrnefnds útreiknings á þyngdarhröðun var aflað telst hann ekki vera einhlítt sönnunargagn um það hvort tjón á bifreiðunum hafi orsakast í árekstrinum sem mál þetta snýst um. Engu að síður styður útreikningurinn þá niðurstöðu að með ólíkindum sé að tjónið á B hafi hlotist við það að A var ekið aftan á hana.

Þá er til þess að líta að læknisfræðileg gögn um það líkamstjón sem M kveðst hafa hlotið við áreksturinn eru mjög takmörkuð, eða einungis framangreint læknisvottorð frá 20. mars 2021. Í vottorðinu er engu slegið föstu um ástæður þess að hann nýtur endurhæfingarlífeyris. Þá verður heldur ekki með skýrum hætti ráðið af þessu læknisvottorði að meiðsl M leiði til þess að hann eigi rétt til bóta samkvæmt I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993, svo sem bóta vegna tímabundins atvinnutjóns eða varanlegra afleiðinga. Ekki liggur heldur fyrir nein skoðunar- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um að sjúkdómseinkenni M megi rekja til umrædds áreksturs. Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið nægilega sannað samkvæmt fyrir liggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum þess að A hafi verið ekið aftan á B að kvöldi 4. nóvember 2019. Samkvæmt því á M ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 203/2021

M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda A**Ágreiningur um brottfall bótaréttar úr slysatryggingu ökumanns vegna ölvunar.****Gögn.**

Málskot, dags. 08.05.2021 ásamt fylgiskjölum 1-7.

Bréf V, dags. 04.06.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi, um klukkan hálfþrjú aðfararnótt hins 28. febrúar 2021, ekið bifreiðinni A úr samkvæmi í Breiðholti, en tveir farþegar, X og Y, hafi verið með í för. Þegar M beygði frá frárein Nýbýlavegar á Reykjanesbraut til norðurs hafi bifreiðin runnið til, að hann telji vegna rigningar eða háلكu, farið á kant við veginn og þaðan á ljósastaur. Með bréfi dags. 23. apríl 2021, hafi V tilkynnt um að bótaréttur M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A félli niður á grundvelli þess að hann hafi verið ölvaður við aksturinn. Því er mótmælt af hálfu M, enda liggja fyrir yfirlýsingar M, X og Y, dags. 8. maí 2021, þess efnis að bifreiðin hafi runnið til vegna háلكu/rigningar og sé því um óhappatílvik að ræða sem ekki verði rakið til ölvunar M. Auk þess kemur fram í yfirlýsingum X og Y að ekkert við aksturslag M hafi bent til þess að hann væri undir áfengisáhrifum. Þá kemur fram í yfirlýsingu M að ekkert í hegðun hans eða aksturslagi hafi bent til þess að hann hefði neytt áfengis fyrir umrætt atvik og hafi hann haft fullkomna stjórn á A. Sé bótaréttur á grundvelli framangreinds því til staðar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að áfengismagn í blóði M hafi mælst 2,08 prómill í blóðsýni sem var tekið klukkan 4:01 en 1,92 prómill í sýni sem tekið var klukkustund síðar. Megi því ætla að áfengismagn í blóði hans hafi verið a.m.k. 2,24 prómill er atvikið átti sér stað. Þá hafi tetrahýdrónkannabínól að magni 1,6 ng/ml greinst í blóði M. Hafi M því verið undir áhrifum fíkniefna auk þess að vera allverulega drukkinn. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið, dags. 28. febrúar 2021, sé þá haft eftir X og Y að þeim hafi ekki fundist M vera í ökuhæfu ástandi. Síðari yfirlýsingar þeirra um annað hafi ekkert vægi í málinu. Samkvæmt 9. gr. sameiginlegra skilmála félagsins, sbr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, sé heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð félagsins hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að tjónsatburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella. M hafi umrætt sinn verið undir gríðarlega miklum áhrifum er hann náði ekki beygju, ók á ljósastaur og hafnaði á umferðareyju. Sönnunarbyrði þess að atvikið megi rekja til annars en ástands M hvíli á honum og hafi slík sönnun ekki tekist. Í skýrslu lögreglu komi fram að veður hafi verið þurr, vegir blautir en ekkert komi fram um að háلكu. Þá segi ekkert í skýrslunni um skriðför, bremsuför eða annað sem styðji við lýsingar M á atvikum. M hafi ekki tekist að hnekkja fyrirliggjandi skýrslu lögreglu að neinu leyti og engin haldbær gögn hafi verið lögð fram er styðji þá fullyrðingu að hann hafi ekki talið sig vera undir áhrifum. Hafi M með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum umferðarlaga og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til umrædds tjóns. Eigi það að leiða til þess að bótaréttur hans falli niður.

Álit.

Fyrir liggur að áfengismagn í blóði M mældist 2,08 prómill í blóðsýni sem tekið var um einni og hálfri klukkustund eftir umrætt atvik. Þá mældust 16 ng/ml af tetrahýdrónkannabínóli í blóði hans. Braut M því gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr., 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um bann við ölvunarakstri, og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 50. gr. sömu laga um bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna og var ástand hans slíkt að hann var samkvæmt framangreindum ákvæðum óhæfur til að stjórna ökutæki. Þá er haft eftir M í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að hann hafi ekið á um 60-70 kílómetra hraða á klukkustund og það hafi líklega verið of hratt fyrir beygjuna og því hafi ökuferðin endað svona. Í lögregluskýrslu er einnig haft eftir X og Y að M hafi ekið greitt og þeir beðið hann um að draga úr hraðanum, en hann hafi þá aukið hraðann. Þeir hafi þá beðið M um að stöðva bifreiðina en hann ekki heldur orðið við því. Hafi ökuferðin þá endað með því að M hafi ekki náð beygjunni og ekið á ljósastaur. Ekkert kemur fram í lögregluskýrslunni um að M eða farþegar hans telji að A hafi runnið til vegna háلكu eða rigningar. Líta verður á lögregluskýrsluna og frásögn aðila á vettvangi sem frumgagn í málinu, og verður því ekki byggt á síðari yfirlýsingum aðila hvað varðar aðdraganda umrædds atviks. Af framangreindu verður að telja að orsakatengsl séu milli ástands M við akstur A og þess að tjón varð.

Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um váttryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður að telja að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og að með hliðsjón af atvikum og þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni sé heimilt að fella ábyrgð V að fullu niður.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V

Reykjavík, 9. júlí 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 204/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um skerðingu bótaréttar vegna líkamstjóns.**Gögn.**

Málskot, dags. 08.05.2021 ásamt fylgiskjölum 1-7.

Bréf V, dags. 04.06.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að X hafi, um klukkan hálfþrjú aðfaranótt hins 28. febrúar 2021, ekið bifreiðinni A úr samkvæmi í Breiðholti, en tveir farþegar, M og Y, hafi verið með í för. Þegar X beygði frá frárein Nýbýlavegar á Reykjanesbraut til norðurs hafi bifreiðin runnið til, farið á kant við veginn og þaðan á ljósastaur. Með bréfi dags. 16. apríl 2021, hafi V tilkynnt um að bótaréttur M úr ábyrgðartryggingu A yrði skertur um 2/3 hluta á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, þar sem X hefði verið ölvæður við aksturinn og M því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með honum. Því er mótmælt af hálfu M, enda þurfi að sýna fram á að farþega hafi mátt vera ölvun ökumanns ljós svo slík skerðing komi til álitu. M, X og Y hafi vissulega verið í sama samkvæminu fyrr um kvöldið, en þó nokkur fjöldi hafi verið þar saman kominn og engin samskipti milli M og Y annars vegar og X hins vegar, enda hafi X verið á annarri hæð hússins meðan á samkvæminu stóð. M hafi sjálfur einungis drukkið einn bjór í samkvæminu, og það hafi verið fjórum klukkustundum áður en umrædd ökuferð hófst. Ástæðan fyrir því að M hafi ekki ekið sjálfur hafi verið sú að hann sé alfarið mótfallinn ölvunarakstri, jafnvel eftir litla áfengisneyslu, og því hefði hann aldrei þegið far með X vitandi af ölvun hans. X hafi ekki upplýst M og Y um ölvunarástand sitt og talið sig fullfæran um að aka bifreið. Þá hafi bifreiðinni aðeins verið ekið um þrjá kílómetra þegar umrætt atvik átti sér stað. Sé því ekkert sem gefi til kynna að M hafi verið kunnugt um áfengisneyslu X og verði bótaréttur vegna líkamstjóns hans ekki skertur á grundvelli þess.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að áfengismagn í blóði X hafi mælst 2,08 prómill í blóðsýni sem var tekið klukkan 4:01 en 1,92 prómill í sýni sem tekið var klukkustund síðar. Megi því ætla að áfengismagn í blóði hans hafi verið a.m.k. 2,24 prómill er atvikið átti sér stað. Þá hafi tetrahýdrónkannabinól að magni 1,6 ng/ml greinst í blóði M. Hafi M því verið undir áhrifum fíkniefna auk þess að vera allverulega drukkinn og þar af leiðandi óhæfur til að stjórna ökutæki. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið, dags. 28. febrúar 2021, sé þá haft eftir M og Y að þeim hafi ekki fundist X vera í ökuhæfu ástandi áður en ökuferðin hófst. Síðari yfirlýsing M, dags. 8. maí 2021, sem byggt sé á í málskoti, sé hins vegar á þann veg að hann hafi ekki gert sér grein fyrir ölvun X. Er málatilbúnaði hans hvað það varðar hafnað, enda hafi M og X verið saman í samkvæmi um kvöldið og X verið svo verulega drukkinn að M hafi ekki getað dulist ölvun hans, eins og megi raunar ráða af upphaflegum framburði M. Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar sé heimilt að lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón hafi tjónþoli af stórkostlegu gáleysi verið meðvaldur að tjóninu. Hafi M með þeirri háttsemi að taka sér far með ökumanni sem honum gat ekki dulist að var undir verulegum áhrifum sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og sé því rétt að skerða bótarétt hans um 2/3 hluta.

Álit.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að mikla áfengislykt hafi lagt frá X, lögreglumanni hafi þá sýnst hann reikull í spori og heyrst málfar hans óskýrt. Fyrir liggur að áfengismagn í blóði X mældist 2,08 prómill í blóðsýni sem tekið var um einni og hálfri klukkustund eftir umrætt atvik. Þá mældust 16 ng/ml af tetrahýdrónkannabinóli í blóði hans. Braut X því gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr., 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um bann við ölvunarakstri, og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 50. gr. sömu laga um bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna og var ástand hans slíkt að hann var samkvæmt framangreindum ákvæðum óhæfur til að stjórna ökutæki. Þá er í lögregluskýrslu haft eftir M og Y að þeim hafi ekki fundist X í ökuhæfu ástandi áður en ökuferðin hófst. Líta verður á lögregluskýrsluna og frásögn aðila á vettvangi sem frumgagn í málinu, og verður því ekki byggt á síðari yfirlýsingu M hvað þetta varðar. Verður samkvæmt framansögðu, og þá einnig með hliðsjón af því áfengismagni sem mældist í blóði X, að telja að M hafi ekki getað dulist ástand hans. Með vísan til þess telst M hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að taka sér far með X í því ástandi sem hann var og þannig hafi hann

verið meðvaldur að tjóni sínu. Þykir rétt að bætur til hans skerðist um 2/3 hluta á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V en skerða skal bætur til hans um 2/3 hluta.

Reykjavík, 9. júlí 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 205/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um skerðingu bótaréttar vegna líkamstjóns.**Gögn.**

Málskot, dags. 08.05.2021 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Bréf V, dags. 04.06.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að X hafi, um klukkan hálfþrjú aðfararnótt hins 28. febrúar 2021, ekið bifreiðinni A úr samkvæmi í Breiðholti, en tveir farþegar, M og Y, hafi verið með í för. Þegar X beygði frá frárein Nýbýlavegar á Reykjanesbraut til norðurs hafi bifreiðin runnið til, farið á kant við veginn og þaðan á ljósastaur. Með bréfi dags. 16. apríl 2021, hafi V tilkynnt um að bótaréttur M úr ábyrgðartryggingu A yrði skertur um 2/3 hluta á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, þar sem X hefði verið ölvaður við aksturinn og M því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með honum. Því er mótmælt af hálfu M, enda þurfi að sýna fram á að farþega hafi mátt vera ölvun ökumanns ljós svo slík skerðing komi til álita. M, X og Y hafi vissulega verið í sama samkvæminu fyrr um kvöldið, en þó nokkur fjöldi hafi verið þar saman kominn og engin samskipti milli M og Y annars vegar og X hins vegar, enda hafi X verið á annarri hæð hússins meðan á samkvæminu stóð. M hafi sjálfur verið mjög ölvaður þegar X hafi boðið honum far í annað samkvæmi. M hafi þá talið að X og Y væru báðir allsgáðir og ekki tekið eftir neinu sem benti til þess að X hefði neytt áfengis. X hafi ekki upplýst M og Y um ölvunarástand sitt og talið sig fullfæran um að aka bifreið. Þá hafi bifreiðinni aðeins verið ekið um þrjá kílómetra þegar umrætt atvik átti sér stað. Með hliðsjón af því, svo og ölvunarástands M, sé því hafið yfir allan vafa að M hafi ekki getað gert sér grein fyrir áfengisneyslu X umrætt kvöld og verði bótaréttur vegna líkamstjóns hans ekki skertur á grundvelli þess.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að áfengismagn í blóði X hafi mælst 2,08 prómill í blóðsýni sem var tekið klukkan 4:01 en 1,92 prómill í sýni sem tekið var klukkustund síðar. Megi því ætla að áfengismagn í blóði hans hafi verið a.m.k. 2,24 prómill er atvikið átti sér stað. Þá hafi tetrahýdrónkannabinól að magni 1,6 ng/ml greinst í blóði M. Hafi M því verið undir áhrifum fíkniefna auk þess að vera allverulega drukkinn og þar af leiðandi óhæfur til að stjórna ökutæki. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið, dags. 28. febrúar 2021, sé þá haft eftir M og Y að þeim hafi ekki fundist X vera í ökuhæfu ástandi áður en ökuferðin hófst. Síðari yfirlýsing M, dags. 8. maí 2021, sem byggt sé á í málskoti, sé hins vegar á þann veg að hann hafi ekki gert sér grein fyrir ölvun X. Er málatilbúnaði hans hvað það varðar hafnað, enda hafi M og X verið saman í samkvæmi um kvöldið, og X verið svo verulega drukkinn að M hafi ekki getað dulist ölvun hans, eins og megi raunar ráða af upphaflegum framburði M. Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar sé heimilt að lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón hafi tjónþoli af stórkostlegu gáleysi verið meðvaldur að tjóninu. Hafi M með þeirri háttsemi að taka sér far með ökumanni sem honum gat ekki dulist að var undir verulegum áhrifum sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og sé því rétt að skerða bótarétt hans um 2/3 hluta.

Álit.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að mikla áfengislykt hafi lagt frá X, lögreglumanni hafi þá sýnst hann reikull í spori og heyrst málfar hans óskýrt. Fyrir liggur að áfengismagn í blóði X mældist 2,08 prómill í blóðsýni sem tekið var um einni og hálfri klukkustund eftir umrætt atvik. Þá mældust 16 ng/ml af tetrahýdrónkannabinóli í blóði hans. Braut X því gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr., 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um bann við ölvunarakstri, og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 50. gr. sömu laga um bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna og var ástand hans slíkt að hann var samkvæmt framangreindum ákvæðum óhæfur til að stjórna ökutæki. Þá er í lögregluskýrslu haft eftir M og Y að þeim hafi ekki fundist X í ökuhæfu ástandi áður en ökuferðin hófst. Líta verður á lögregluskýrsluna og frásögn aðila á vettvangi sem frumgagn í málinu, og verður því ekki byggt á síðari yfirlýsingu M hvað þetta varðar. Með hliðsjón af framburði M á vettvangi, og þá einnig með hliðsjón af því áfengismagni sem mældist í blóði X, að telja að M hafi ekki getað dulist ástand hans. Í yfirlýsingu M, dags. 8. maí 2021, segir að hann hafi verið nokkuð ölvaður og undir talsverðum áhrifum áfengis, og í málskoti segir að hann hafi verið mjög ölvaður. Í lögregluskýrslu kemur hins vegar fram að M og Y hafi virst

lögglumanni allsgáðir. Þrátt fyrir að dómgreind M kunni að hafa verið skert vegna áhrifa áfengis dregur það ekki úr ábyrgð hans á eigin gerðum. Með vísan til þess telst M hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að taka sér far með X í því ástandi sem hann var og þannig hafi hann verið meðvaldur að tjóni sínu. Þykir rétt að bætur til hans skerðist um 2/3 hluta á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V en skerða skal bætur til hans um 2/3 hluta.

Reykjavík, 9. júlí 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 206/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum aftanákevrslu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir kl. 21 að kvöldi mánudagsins 4. nóvember 2019 var lögreglu tilkynnt um árekstur á afrein frá Vesturlandsvegi að Rafstöðvarvegi í Reykjavík, þar sem bifreiðinni A af gerðinni Skoda Fabia hafði verið ekið aftan á bifreiðina B af gerðinni Volvo V50. Samkvæmt skýrslu lögreglu um atvikið var rökkur, rigning og blautt færi. Þá segir að engin hemlafið hafði verið sjáanleg fyrir aftan A. Lítið sjáanlegt tjón hafði verið á A eða dæld á höggvara að framan. Mikið sjáanlegt tjón hafði verið á B, afturhöggvari hafði verið skemmdur, afturljós vinstra megin brotið og afturrúða brotin. M, sem er af erlendu bergi brotinn, mun hafa verið ökumaður B og hafði verið fluttur á sjúkrahús ásamt öðrum farþega í bifreiðinni þegar lögregla kom á vettvang.

Eftir ökumanni A er haft í lögregluskýrslu að hann hafi verið annars hugar við aksturinn þegar hann hafi ekið eftir fráreininni að Rafstöðvarvegi og tekið of seint eftir B sem hafi verið kyrrstæð við gatnamótin. Hann hafi ekið á um 50 km hraða á klst. en náð að hemla niður í 30 km hraða á klst. áður en áreksturinn varð.

Eftir M er haft að hann hafi stöðvað við biðskyldu á gatnamótunum þegar högg hafi skyndilega komið aftan á bifreiðina. Hann hafi verið með félaga sinn í fremra farþegasætinu og hafði hann fengið nokkuð högg. Unnusta félaga hans hafi setið í aftursæti B.

Samkvæmt fyrirliggjandi bráðamóttökuskra bráðamóttöku Landspítalans leitaði M á bráðamóttökuna strax að kvöldi slysdags. Kemur fram í skránni að M hafi ekki rekið höfuðið í né misst meðvitund. Hann hafi verið með verki í hálsi og herðum og í mjóbaki. Engin leiðni hafi verið út í hendur eða niður í fætur og ekki máttmínnkun eða skyntruflun. Einnig hafi hann verið með verki í hnjám og telur sig hafa rekið þau í mælaborðið. Hann hafi neitað verkjum frá brjóstakassa og kvið, sem og sljóleika, ógleði og uppköstum. Við skoðun hafi M almennt verið skýr, fulláttaður og ekki bráðveikindalegur. Hann hafi verið þreifiaumur yfir háls hrygg og í herðum beggia vegna og umhverfis herðablöðin. Göngulag hafi verið eðlilegt. Hann hafi beitt báðum handleggjum eðlilega og kraftar í útlimum verið eðlilegir. Engar skyntruflanir hafi verið. Væg þreifiefmsli hafi verið yfir hnjám en stígi í og framkvæmi allar hreyfingar án vandræða. Ekki hafi verið að sjá bólgu, mar, sár eða eymsli. Ekki var grunur um beináverka eða áverka á höfði eða brjósthol- eða kviðarholslíffærum Var M greindur með tognun og ofreynslu á háls- og lendahrygg. Að lokinni lækni skoðun var M útskrifaður. M leitaði á ný á bráðamóttökuna tveimur dögum síðar, 6. nóvember, vegna verkja í hnakka, brjóstbaki, mjóbaki og hnjám og ætti erfitt með að snúa í hálsi. Við skoðun hafi hann verið stífur og aumur í hryggjarvöðvum „cervicalt, thoracalt og lumbalt“, en ekki bankaumur. Örlítið aukinn vökví hafi verið í vinstra hné, en ekki að merkja neitt við skoðun á liðböndum. Var M greindur með tognun og ofreynslu á háls hrygg (S13.4), lendahrygg (S33.5) og á brjósthrygg (S23.3) auk innri brenglunar í hné, ótilgreint (M23.9).

M fór í átta meðferðarviðtöl hjá sálfræðingi á tímabilinu 29. maí 2020 til 25. mars 2021. Samkvæmt greinargerð sálfræðingsins, sem mun hafa verið rituð síðastgreindan dag, var M vísað til hans af heimilislækni um hálfu ári eftir áreksturinn og þá hafi M tjáð mikla depurð, kvíða og stöðuga verki. Hann fyndi fyrir miklu áhugaleysi og væri farinn að draga sig mikið í hlé. Einnig að hann fyndi fyrir kvíða við akstur og ætti erfitt með að vera í kringum stóran hóp af fólki. Í samantektarkafli greinargerðarinnar segir að verkir þeir sem M væri að kljást við hafi haft þau áhrif að hann ráði ekki við samskonar verk eða athafnir og líkamlega hraust fólk og hafi það haft töluverð áhrif á sjálfsmyndina og kallað fram einkenni um bæði kvíða og depurð og uppfylli hann greiningarskilmerki um áfallastreituröskun ásamt einkennum um kvíða og þunglyndi. Líðan hans hafi þó batnað mikið eftir að meðferð hófst en hann þurfi á frekari aðstoð að halda til að setta sig við þessar breytingar og vinna betur úr slysinu.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hann kveðst hafa hlotið við áreksturinn úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu einkum með vísan til þess að ákomur á A komu ekki heim og saman við þær ákomur sem voru á B.

Af hálfu V var aflað sérstaks útreiknings, svonefnds PC Crash útreiknings, á þeirri þyngdarhröðun sem verkaði á ökutækin við áreksturinn. Í skýrslu um útreikninginn, dags. 10. nóvember 2019, kemur fram að líklegasta gildi þyngdarhröðunar sem verkaði á A hafi verið -6,58 g og líklegasta gildið sem verkaði á B hafi verið 4,72 g. Hvað lokaniðurstöður snertir varðandi áreksturinn segir í skýrslunni að þegar áreksturinn hafi verið settur í útreikningsforritið hafi ekki fengist rökréttar niðurstöður miðað við það sem fram hafi komið í lögregluskýrslu. Það sem ekki hafi passað hafi í fyrsta lagi verið að A hafi verið mun léttari og hefði átt að skemmast mun meira en B og m.a. grill og vélarhlíf hafi átt að losna frá brettum og brotna illa. Í öðru lagi hafi sú orka sem hafi þurft til að valda skemmdunum á B hafi ekki verið í samræmi við þá orku sem A hafi fengið við höggið. Í þriðja lagi hafi engin glær glerbrot verið á tjónsstað heldur utan við malbik 16 metrum ofar. Í fjórða lagi hafi ákomusvæði B (afturljós og gaffl) ekki verið í samræmi við að einungis væri ákoma á stuðara A sem líklega hefði átt að ýta grilli upp í vélarhlíf og skekkja hana lítilega. Slíkt tjón ætti að vera orsök af höggi sem væri nálægt 1,5 g en ekki 6,58 g eins og útreikningurinn hefði gefið upp. Ekki hafi verið að sjá slíka ákomu á grilli og vélarhlíf A. Þá hefði dráttarkrökur á B átt að valda miklum skemmdum hægra megin sem hefði leitt til þess að plaststuðarakápa A hefði skemmst illa og losnað frá hægra frambretti. Í fimmta lagi hefði bil milli A og B átt að vera rúm 3 metrar hafi ökumaður A verið í hemlun þar sem B hefði átt að kastast 4,5 metra áfram við útreiknað högg. Loks í sjötta lagi hefði A getað runnið áfram þar sem halli hafi verið niður á við, ef ökumaðurinn hefði sleppt hemlum eftir áreksturinn. En þá hefði A átt að vera lengra til hægri aftan á B og vera með afturendann til vinstri en ekki til hægri eins og tiltekin mynd í lögregluskýrslu sýni.

M hefur andmælt niðurstöðu útreikningsins, einkum með vísan til þess að hans var aflað einhliða af hálfu V auk þess sem hann byggist á ýmsum forsendum sem ekki sé víst að hafi átt sér stoð í raunveruleikanum, svo sem hraði A í þann mund sem árekstur varð, stærð dekkja sem A var á, undir hvaða horni áreksturinn varð og hvaða skemmdir hafi nákvæmlega orðið á A.

Álit.

Auk framangreindrar lögregluskýrslu og útreiknings á þeirri þyngdarhröðun sem verkaði á ökutækin við áreksturinn liggja fyrir ljósmyndir af þeim skemmdum sem urðu á B við áreksturinn. Samkvæmt gögnum málsins mun A hafa verið fargað skömmu eftir áreksturinn og einu ljósmyndirnar af skemmdum á þeirri bifreið sem liggja fyrir eru þær ljósmyndir sem teknar voru af lögreglu á vettvangi. Hvað sem því líður verður samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslu um skemmdir á bifreiðunum, bæði hvað varðar umfang skemmda á þeim og hvar þær hafa orðið fyrir höggi, að telja með miklum ólíkindum að sá höggþungi sem hlýtur að hafa valdið skemmdunum á B hafi getað orsakast af því að A hafi verið ekið aftan á B. Þá verður með engu móti séð að ákomustaðir á B fái samrýmst við ákomustaði á A sem er einungis dæld á framhöggvara. Meðal annars með tilliti til þess hvernig fyrirnefnds útreiknings á þyngdarhröðun var aflað telst hann ekki vera einhlítt sönnunargagn um það hvort tjón á bifreiðunum hafi orsakast í árekstrinum sem mál þetta snýst um. Engu að síður styður útreikningurinn þá niðurstöðu að með ólíkindum sé að tjónið á B hafi hlotist við það að A var ekið aftan á hana.

Þá er til þess að líta að læknisfræðileg gögn um það líkamstjón sem M kveðst hafa hlotið við áreksturinn eru mjög takmörkuð, eða einungis framangreind brádamóttökuskra og greinargerð sálfræðings. Af þessum gögnum verður heldur ekki með skýrum hætti ráðið að meiðsl M leiði til þess að hann eigi rétt til bóta samkvæmt I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993, svo sem bóta vegna tímabundins atvinnutjóns, þjáninga eða varanlegra afleiðinga. Ekki liggur heldur fyrir nein skoðunar- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um að sjúkdómseinkenni M megi rekja til umrædds áreksturs. Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið nægilega sannað samkvæmt fyrir liggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum þess að A hafi verið ekið aftan á B að kvöldi 4. nóvember 2019. Samkvæmt því á M ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 207/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum aftanákeyrslu.****Gögn.**

Málskot, móttækið 11.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir kl. 21 að kvöldi mánudagsins 4. nóvember 2019 var lögreglu tilkynnt um árekstur á afrein frá Vesturlandsvegi að Rafstöðvarvegi í Reykjavík, þar sem bifreiðinni A af gerðinni Skoda Fabia hafði verið ekið aftan á bifreiðina B af gerðinni Volvo V50. Samkvæmt skýrslu lögreglu um atvikið var rökkur, rigning og blautt færi. Þá segir að engin hemlafið hafi verið sjáanleg fyrir aftan A. Lítið sjáanlegt tjón hafi verið á A eða dæld á höggvara að framan. Mikið sjáanlegt tjón hafi verið á B, afturhöggvari hafi verið skemmdur, afturljós vinstra megin brotið og afturrúða brotin. M, sem er af erlendu bergi brotin og var á 39. viku meðgöngu, mun hafa verið farþegi í aftursæti í B og hafði verið flutt á sjúkrahús ásamt öðrum farþega í bifreiðinni þegar lögregla kom á vettvang.

Eftir ökumanni A er haft í lögregluskýrslu að hann hafi verið annars hugar við aksturinn þegar hann hafi ekið eftir fráreininni að Rafstöðvarvegi og tekið of seint eftir B sem hafi verið kyrrstæð við gatnamótin. Hann hafi ekið á um 50 km hraða á klst. en náð að hemla niður í 30 km hraða á klst. áður en áreksturinn varð.

Eftir ökumanni B er haft að hann hafi stöðvað við biðskyldu á gatnamótunum þegar högg hafi skyndilega komið aftan á bifreiðina. M hafi verið með félaga sinn í fremra farþegasætinu og hafði hann fengið nokkuð högg. M, unnusta félaga hans, hafi hins vegar setið í aftursæti B.

Síðar um kvöldið var haft símasamband við M sem kvaðst verkja í brjóstakassa og bak auk þess sem hún hafi verið skoðuð af læknum á fæðingadeild.

M var flutt á bráðamóttöku kvenna á Landspítalanum og skoðuð þar af lækni. Samkvæmt fyrirliggjandi samskiptaseðli spítalans mun ekkert hafa komið fram sem hafi haft áhrif á meðgönguna. Hún mun einnig hafa verið skoðuð að öðru leyti að því er virðist á göngudeild og bráðamóttöku spítalans. Samkvæmt gögnum þaðan mun M hafa fundið til aðeins hægra megin í hálsi og baki og aðeins efst í hægri brjóstakassa. Einnig hafi hún fundið fyrir túrverkjaseiðingi yfir kúlu eftir atvikið en verið laus við hann fljótlega eftir komu á spítalann. Hún hafi fundið fyrir mjög góðum hreyfingum, kúla hafi verið mjúk, ekki samdrættir og ekki „vaginal“ blæðing. Við skoðun hafi kviður verið mjúkur og eymslalaus, ekki þreifeymsli yfir háls hrygg, væg þreifeymsli yfir hálsvöðvum hægra megin, engin þreifeymsli yfir hryggjartindum en væg þreifeymsli yfir vöðvum efst í brjósthrygg. Að skoðun lokinni mun M hafa verið útskrifuð. Hún leitaði að nýju á bráðamóttökuna 6. nóvember. Kemur þá fram að fljótlega eftir atvikið hafi hún fengið verk í háls hrygg, á herðasvæði hægra megin og í brjósthrygg hægra megin. Hún hafi ekki fundið fyrir dofa eða máttleysi, en verið versnandi af verkjum á ofangreindum svæðum. Við skoðun hafi ekkert athugavert verið að finna á höfði og á hrygg hafi ekki greinst mar, bólga eða roði. Væg þreifeymsli hafi verið til staðar yfir „C7“ en ekki neðar eða ofar en það. Hún geti „hreyft til 45 gráða hæ og vinstri og extenderað og flecterað að fullu“ en þó séu verkir til staðar við hreyfingu. Þreifeymsli sé að finna yfir „paraspinalvöðvum“, sérlega „trapezius pars superior“ hægra megin og minna yfir „rhomboid“ hægra megin. Kraftar „proximalt og distalt“ hafi verið eðlilegir og skyn „proximalt og distalt“ með léttri snertingu eðlilegt. Á „thorax“ hafi ekki verið mar, bólga, roði og engin þreifeymsli. Var M greind með tognun og ofreynslu á háls hrygg (S13.4) og brjósthrygg (S23.3).

Í fyrirliggjandi vottorði lækni á heilsugæslustöð, dags. 8. nóvember 2019, segir að M hafi orðið fyrir minni háttar meiðslum í umræddum árekstri sem trufla hana í hennar daglegu athöfnum og ekki sé ljóst hversu lengi þessi meiðsl komi í veg fyrir að hún geti unnið eða leitað sér að vinnu. Þungun hennar er einnig að gera þessa stöðu erfiðari en ella.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hún kveðst hafa hlotið við áreksturinn úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu einkum með vísan til þess að ákomur á A komu ekki heim og saman við þær ákomur sem voru á B.

Af hálfu V var aflað sérstaks útreiknings, svonefnds PC Crash útreiknings, á þeirri þyngdarhröðun sem verkaði á ökutækin við áreksturinn. Í skýrslu um útreikninginn, dags. 10. nóvember 2019, kemur fram að líklegasta gildi þyngdarhröðunar sem verkaði á A hafi verið -6,58 g og líklegasta gildið sem verkaði

á B hafi verið 4,72 g. Hvað lokaniðurstöður snertir varðandi áreksturinn segir í skýrslunni að þegar áreksturinn hafi verið settur í útreikningsforritið hafi ekki fengist rökréttar niðurstöður miðað við það sem fram hafi komið í lögregluskýrslu. Það sem ekki hafi passað hafi í fyrsta lagi verið að A hafi verið mun léttari og hefði átt að skemmast mun meira en B og m.a. grill og vélarhlíf hafi átt að losna frá brettum og brotna illa. Í öðru lagi hafi sú orka sem hafi þurft til að valda skemmdunum á B hafi ekki verið í samræmi við þá orku sem A hafi fengið við höggið. Í þriðja lagi hafi engin glær glerbrot verið á tjónsstað heldur utan við malbik 16 metrum ofar. Í fjórða lagi hafi ákomusvæði B (afturljós og gafli) ekki verið í samræmi við að einungis væri ákoma á stuðara A sem líklega hefði átt að ýta grilli upp í vélarhlíf og skekkja hana lítillaga. Slíkt tjón ætti að vera orsök af höggi sem væri nálægt 1,5 g en ekki 6,58 g eins og útreikningurinn hefði gefið upp. Ekki hafi verið að sjá slíka ákomu á grilli og vélarhlíf A. Þá hefði dráttarkrókur á B átt að valda miklum skemmdum hægra megin sem hefði leitt til þess að plaststuðarakápa A hefði skemmst illa og losnað frá hægra frambretti. Í fimmta lagi hefði bil milli A og B átt að vera rúmir 3 metrar hafi ökumaður A verið í hemlun þar sem B hefði átt að kastast 4,5 metra áfram við útreiknað högg. Loks í sjötta lagi hefði A getað runnið áfram þar sem halli hafi verið niður á við, ef ökumaðurinn hefði sleppt hemlum eftir áreksturinn. En þá hefði A átt að vera lengra til hægri aftan á B og vera með afturendann til vinstri en ekki til hægri eins og tiltekin mynd í lögregluskýrslu sýni.

M hefur andmælt niðurstöðu útreikningsins, einkum með vísan til þess að hans var aflað einhliða af hálfu V auk þess sem hann byggist á ýmsum forsendum sem ekki sé víst að hafi átt sér stoð í raunveruleikanum, svo sem hraði A í þann mund sem árekstur varð, stærð dekkja sem A var á, undir hvaða horni áreksturinn varð og hvaða skemmdir hafi nákvæmlega orðið á A.

Álit.

Auk framangreindrar lögregluskýrslu og útreiknings á þeirri þyngdarhröðun sem verkaði á ökutækin við áreksturinn liggja fyrir ljósmyndir af þeim skemmdum sem urðu á B við áreksturinn. Samkvæmt gögnum málsins mun A hafa verið fargað skömmu eftir áreksturinn og einu ljósmyndirnar af skemmdum á þeirri bifreið sem liggja fyrir eru þær ljósmyndir sem teknar voru af lögreglu á vettvangi. Hvað sem því líður verður samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslu um skemmdir á bifreiðunum, bæði hvað varðar umfang skemmda á þeim og hvar þær hafa orðið fyrir höggi, að telja með miklum ólíkindum að sá höggþungi sem hlýtur að hafa valdið skemmdunum á B hafi getað orsakast af því að A hafi verið ekið aftan á B. Þá verður með engu móti séð að ákomustaðir á B fái samrýmst við ákomustaði á A sem er einungis dæld á framhöggvara. Meðal annars með tilliti til þess hvernig fyrrnefnds útreiknings á þyngdarhröðun var aflað telst hann ekki vera einhlítt sönnunargagn um það hvort tjón á bifreiðunum hafi orsakast í árekstrinum sem mál þetta snýst um. Engu að síður styður útreikningurinn þá niðurstöðu að með ólíkindum sé að tjónið á B hafi hlotist við það að A var ekið aftan á hana.

Þá er til þess að líta að lækisfræðileg gögn um það líkamstjón sem M kveðst hafa hlotið við áreksturinn eru mjög takmörkuð, eða einungis framangreindar samskiptaskrár frá Landspítalanum og lækisvottorð heilsugæslulæknis frá 8. nóvember 2019. Samkvæmt þessum gögnum verður heldur ekki með skýrum hætti ráðið að meiðsl M leiði til þess að hún eigi rétt til bóta samkvæmt I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993, svo sem bóta vegna tímabundins atvinnutjóns, þjáninga eða varanlegra afleiðinga. Ekki liggur heldur fyrir nein skoðunar- eða matsgerð hæfra og óvillhallra aðila um að sjúkdómseinkenni M megi rekja til umrædds áreksturs. Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið nægilega sannað samkvæmt fyrir liggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum þess að A hafi verið ekið aftan á B að kvöldi 4. nóvember 2019. Samkvæmt því á M ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 208/2021**M og
V og Æ vegna frjálstrar ábyrgðatryggingar X og A****Ágreiningur um bótaskyldu er einstaklingur slasaðist er hún féll við strætóskyli****Gögn.**

Málskot, móttakið 19. apríl 2021, ásamt fylgigögnum og tölvupóstur M dags. 15.6.2021.

Bréf Æ til nefndarinnar, dags. 4.6.2021.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 9.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Málsatvikum er þannig lýst í málskoti að M, sem er 82 ára gömul, hugðist taka strætisvagn að kvöldi 1. ágúst 2020. Hún hafi gengið að biðskýli á Kleppsvegi við Hrafnistu og leitað skjóls í skýlinu. Þegar vagninn kom hugðist hún stíga út úr biðskýlinu og inn í vagninn en hrasaði þá um þær misfellur sem gerðar voru í tengslum við jarðvegsframkvæmdir við biðskýlið. M féll við og slasaðist.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V og Æ þar sem X og A beri sameiginlega ábyrgð á líkamstjóni M enda sé slysið afleiðing af óforsvaranlegum aðbúnaði við umrætt biðskýli og vanrækslu fyrirsvarsmanna eiganda og umsjónarmanna þess að tryggja öryggi við framkvæmdirnar þannig að gangandi vegfarendum stafi ekki hætta af. Fyrir liggir að á tjónsdegi hafi framkvæmdir staðið yfir við biðskýlið þannig að biðskýlið hafi staðið nokkru neðar en gangstéttin, um 10 sm bil hafi verið frá gólfi biðskýlisins yfir á gangstéttina, snúror og lausafjarmuni hafi legið í biðskýlinu og engar merkingar hafi verið við biðskýlið. Biðskýlið hafi staðið opið og óvarið.

V kveður að ekkert í málinu bendi til þess að slysið sé að rekja til saknæmrar eða ólögmastrar háttsemi X eða starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á. Fyrir liggir að framkvæmdir hafi staðið yfir við biðskýlið þar sem M datt. Framkvæmdirnar hafi verið unnar af A á grundvelli tímabundins og takmarkaðs afnotaleyfis af borgarlandi. Leyfið hafi verið veitt til að A gæti ráðist í framkvæmdir við að setja niður víðeigandi festingar fyrir ný biðskýli. Þá sýni myndir, sem lagðar hafi verið fram með málskoti, að augljóst hafi verið að um vinnusvæði hafi verið að ræða og framkvæmdir yfirstandandi, s.s. með því að setja keilur og borða til að auðkenna og afmarka vinnusvæðið. Þannig hafi ekkert komið fram í málinu sem sýni fram á að slys M megi rekja til saknæmrar eða ólögmastrar háttsemi starfsmanna X.

Æ kveður að aðstæður á framkvæmdastað hafi uppfyllt allar þær kröfur sem gerðar eru til verktaka við framkvæmdir af þessu taki. A hafi sett upp keilur og borða í því skyni að vara við aðstæðum á verkstað og varna því að vegfarendur notuðu biðskýlið. Þá hafi framkvæmdirnar mátt vera augljósar öllum þar sem finna mátti stafla af hellum sem átti eftir að leggja við biðskýlið, biðskýlið hafi staðið opið og óvarið fyrir veðri og vindum.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að X hafði gefið A leyfi til afnota af borgarlandi vegna framkvæmda við biðskýli þar sem M féll við og slasaðist. Af myndum sem fylgdu málskoti má sjá að framkvæmdir voru við það biðskýli þar sem M féll og slasaðist. Þá má sjá fjórar keilur, stafla af hellum, biðskýlið stóð opið og óvarið. Hins vegar virðist sem strengdir borðar hafi verið slitnir eða fallið niður þegar myndir eru teknar daginn eftir slysdag. Þá kemur einnig fram í málsatvikalýsingu í málskoti að M hafi falið þegar hún gekk út úr bílskýlinu.

Af gögnum málsins verður í fyrsta lagi ráðið að A hafi fengið tímabundið og afmarkað afnotaleyfi vegna framkvæmdanna og farið yfir kröfum X. Þá verður af myndum af bílskýlinu að telja að augljóst var að um vinnusvæði var að ræða og framkvæmdir yfirstandandi. Loks verður að horfa til þess að slysið varð þegar M gengur úr bílskýlinu en af því leiðir að M hefur gengið inn í biðskýlið án áfalla þrátt fyrir að biðskýlið hafi staðið um 10 sm neðar en gangstéttin. Verður að telja að M hafi þá átt að vera ljósar aðstæður í biðskýlinu.

Með vísan til þessa verður að telja að ekkert hafi komið fram sem sýni fram á að slys M hafi orsakast af saknæmri háttsemi starfsmanna X. Með sama hætti verður að telja að A, sem afnotaleyfishafi og framkvæmdaraðili, hafi sinnt merkingum í samræmi við kröfur X.

M telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V eða úr ábyrgðartryggingu Æ hjá A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V eða úr ábyrgðartryggingu A hjá Æ.

Reykjavík, 5. ágúst 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 209/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort líkamsmeiðsl megi rekja til tiltekins bifreiðaáreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttækið 17.5.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 18.6.2021.
Bréf V, dags. 9.6.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti mun bifreiðinni A hafa verið ekið aftan á bifreið M hinn 27. júlí 2017 þar sem hún hafi verið kyrrstæð á gatnamótum Sæbrautar og Langhóltsvegur í Reykjavík. Hafi A verið ekið aftan á bifreið hans á nokkuð miklum hraða og miklar skemmdir orðið á bifreiðinni. Hafi höggið því verið töluvert. Við áreksturinn hafi M fengið áverka á bak og háls og fingur hægri handar. Bakverkir, einkum í mjóbaki, hafi ágerst með tímanum og rúmum þremur vikum eftir slysið hafi hann leitað á heilsugæslustöð auk þess sem hann hafi leitað sér meðferðar hjá sjúkraþjálfara.

Samkvæmt fyrirbyggjandi samskiptaseðli heilsugæslulæknis, dags. 24. ágúst 2017, leitaði M þann dag á viðkomandi heilsugæslustöð þar sem honum hafi verið illt í baki sjö til tíu daga fyrir komuna á heilsugæslustöðina. Fyrst eftir áreksturinn hafi hann ekki verið slæmur í baki en fundið að fingur 2 á hægri hendi hafi bólгнаð upp. Það hafi jafnað sig en enn þá sé verkur í MCP lið er hann réttir úr fingrinum. Að sögn M hafi hann ekki verið áður slæmur í baki en eigi nú erfitt með að sitja lengi og í vinnu sinni í álveri. Í álitskafla samskiptaseðilsins kemur fram að lækninum finnist einkennin koma nokkuð seint fram miðað við tognun í tengslum við árekstur og spurning hvort þau séu að hluta álagseinkenni. Þó sé ekki hægt að útiloka að slysið sé „triggerinn“. Var M ráðlagt að taka paratabs og ibufen og ekki lyfta þungu eða reyna á bakið á meðan hann sé að jafna sig að mestu.

M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir í framangreindum árekstri úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit.

Gögn málsins um líkamstjón það sem M kveðst hafa orðið fyrir við áreksturinn 24. júlí 2017 eru afar takmörkuð eða einungis framangreindur samskiptaseðill vegna komu á heilsugæslustöð 24. ágúst sama ár. Engin álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggur fyrir um þær heilsufarslegu afleiðingar sem M býr við og rekja má til árekstursins. Eins og málið liggur fyrir eru engin sönnunargögn fyrir hendi sem sýna fram á að M eigi rétt á bótum samkvæmt I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993, svo sem bóta fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningar, varanlegan miska eða varanlega örorku. Með vísan til þessa telst M ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 210/2021**M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna slyss 31. mars 2017.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 18. maí 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. júní 2021, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 4. júní 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 12. maí 2017 tilkynnti M um slyss sem hún varð fyrir hinn 31. mars sama ár. Afstaða V til bótaskyldu var send með tölvupósti 6. júní 2017 og þar kemur fram að félagið fallist á hana og hverjir helstu bótaþættir úr vátryggingu hennar séu. Þar segir varðandi mat á varanlegum afleiðingum að örorkumat geti í fyrsta lagi farið fram einu ári eftir slyss og í síðasta lagi þremur árum eftir slyss, sem og tilvísun til vátryggingarskilmála á heimasíðu félagsins.

M telur að víkja eigi frá þriggja ára fresti til mats á varanlegri örorku hennar þar sem lokamat Tryggingastofnunar ríkisins vegna líkamstjóns M muni ekki liggja fyrir fyrr en á árinu 2022. Einnig vísar M til þess að starfsmaður V hafi verið upplýstur um heilsufarslegar afleiðingar slyss M reglulega og ekki hafi verið vakin sérstök athygli á að mat Tryggingastofnunar og V færi ekki saman. M gerir athugasemdir við að samtöl við starfsmann um þetta hafi ekki verið skráð og telur að leggja eigi til grundvallar það sem kom fram um liðan M og stöðu máls hennar í þeim samtölum. Þannig eigi ekki að beita þriggja ára fresti í máli hennar.

V vísar til 21. gr. vátryggingarskilmála slysatryggingar fjölskyldutryggingar M þar sem komi fram að örorkumat skuli undantekningarlaust framkvæma í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. V bendir á að M hafi verið upplýst um þetta í tölvupósti dags. 6. júní 2017 og séu skráð samskipti milli M og V síðan í janúar 2018 þegar V sendi upplýsingar um dagpeningagreiðslur úr vátryggingunni til Tryggingastofnunar ríkisins vegna umsóknar M um endurhæfingarlífeyri hjá þeirri stofnun. V vísar einnig til dómaframkvæmdar Hæstaréttar Íslands hvað varðar sambærilegt ákvæði og 21. gr. vátryggingarskilmála þess, þar sem staðfest er að mat sem kemur til eftir umrædd þrjú ár sé ekki hægt að leggja til grundvallar bótagreiðslum.

Álit.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um það frá M sjálfri að afleiðingar slyss M frá 31. mars 2017 eru þess eðlis að ekki liggur fyrir endanlegt mat hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna þeirra. Hér er hins vegar ágreiningur um greiðslu bóta skv. vátryggingarsamningi, þar sem M er vátryggð með slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá vátryggingafélaginu V. Þessi vátryggingarsamningur er óháður öðrum bótakerfum, eins og t.d. greiðslu endurhæfingar- eða örorkulífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins og verður framkvæmd þeirrar stofnunar því ekki lögð til grundvallar við ákvörðun um rétt M til bóta úr vátryggingunni.

Samkvæmt nágildandi 12. gr. b. í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að vátryggingafélag skuli sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar. Í þessu máli var M upplýst um umræddan þriggja ára frest til að láta framkvæma örorkumat, í tölvupósti V dags. 6. júní 2017 og þar var vísað til vátryggingarskilmála á heimasíðu félagsins.

Ákvæði 21. gr. vátryggingarskilmála V, um þriggja ára frest frá tjónsdegi til að láta framkvæma örorkumat er skýrt og í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, t.d. í máli nr. 604/2017 kemur fram að ákvæði, sem er sambærilegt ákvæði því ákvæði og felur í sér þriggja ára frest til að framkvæma örorkumat, sé í vátryggingarviðskiptum ekki ósannjarnt í skilningi 36. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936.

Engar staðfestar upplýsingar liggja fyrir í gögnum málsins um innihald munnlegra samskipta M við starfsmann V um heilsufar og endurhæfingu hennar á síðastliðnum árum. Þegar þannig háttar verður ekki talið sannað M hafi getað haft réttmætar væntingar um að V myndi ekki beita ákvæði 21. gr. vátryggingarskilmála í máli hennar. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu fjölskylduaftryggingar hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 211/2021**M og
V vegna sjúklingatryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna sármeðferðar 2019-2020.****Gögn.**

Málskot, dags. 19.5.2021, ásamt fylgigögnum og bréfi dags. 16. júní 2017 (sic).
Bréf V til nefndarinnar, dags. 11.6.2021 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M sé vistmaður hjá X og hafi leitað meðferðar vegna sára á tímabilinu september 2019 fram í febrúar 2020. Í ítarlegum gögnum um heilsufar M koma fram upplýsingar um þá meðferð sem M hlaut hjá X og tilkynnti X til embættis Landlæknis um óvænt atvik, sbr. 10. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 vegna M hinn 26. febrúar 2020. Í bréfi Landlæknis til X dags. 19. mars 2020 kemur fram að læknir á X hafi greint bláæðasár á ökkla M í september 2019 og næstu mánuði hafi meðferð verið veitt í samræmi við þá, m.a. með vafningum og hálegu fótár. Kom drep í sárið með þeim afleiðingum að M leið miklar kvalir áður en kom í ljós með rannsóknnum að um þrengingu í slagæð var að ræða og í janúar sl. hvar framkvæmd víkkun í æðaþræðingu. Í sama bréfi landlæknis kemur fram að M hafi verið upplýstur af X um ranga greiningu og meðferð sársins og honum veittur stuðningur, sem og að ný verklaagsregla um sármeðferð hafi verið gefin út, auk þess sem atvikið yrði tekið fyrir á fundi sárateymis X til að draga af því lærdóm. Niðurstaða landlæknis er sú að röng greining slagæðasárs sem bláæðasárs hafi valdið því að röng meðferð hafi verið veitt M um margra mánaða skeið og töf hafi verið á rétttri greiningu. Landlæknir telur að í upphafi hafi átt að standa betur að greiningu fótasárs M, auk þess sem rétt hefði verið að endurskoða greininguna þegar sárið svaraði ekki meðferð.

M hefur krafist þess að bótaskylda verði viðurkennd úr sjúklingatryggingu X hjá V og vísar til 1. og 2. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 og vísar til þess að gæðastjóri X viðurkenni í tilkynningu til Landlæknis að mistök hafi verið gerð hjá X við meðferð á sári M. Einnig hefur verið gerð krafa um skaðabætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V með þeim rökum að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi við störf sín. M bendir á að starfsmenn sárateymis X séu starfsmenn X.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklinga- og ábyrgðartryggingu X með þeim rökum að tjón M hafi ekki komið til vegna háttsemi starfsmanna X heldur vegna rangrar greiningar af hálfu lækna sjálfstæðs verktaka sem sinni læknismeðferð vistmanna hjá X en ekki vegna háttsemi starfsmanna X. V vísar til þjónustusamnings milli X og verktakans um að sá skuli sjá til þess að læknar hans séu tryggðir og vísar til þess að greining á sári hafi verið framkvæmd af tilteknum lækni á vegum verktakans. V bendir einnig á að læknar þess verktaka séu ekki sammála niðurstöðu Landlæknis um að greining hafi verið röng í upphafi og að það hafi lagast í upphafi en versnað aftur vegna athafna M sjálfs. Einnig vísar M til þess að hjúkrunarfræðingar X hafi farið eftir fyrirmælum lækna sjálfstæða verktakans og hafi því ekki sýnt saknæma háttsemi við meðferð M.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem uppfylli skilyrði 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 eða skilyrði um skaðabótaábyrgð og hvort X beri ábyrgð á því tjóni og sérstaklega hvort háttsemi starfsmanna X hafi leitt til slíkra aðstæðna eða eingöngu háttsemi sjálfstæðs verktaka sem X fékk til að framkvæma einhver læknisverk vegna vistmanna X.

Í vátryggingarskírteini X hjá V um sjúklingatryggingu kemur fram að tiltekinn fjöldi heilbrigðisstarfsmanna sé vátryggður og þar eru tilgreindir bæði læknar, hjúkrunarfólk og sjúkraliðar ásamt öðrum starfsmönnum X. Ekki liggur fyrir afrit af samningi X við sjálfstæðan verktaka vegna læknisþjónustu, en í bréfi X til V dags. 10. júní 2021 kemur fram að ákvæði sé í þeim samningi um að hinn sjálfstæði verktaki skuli sjá til þess að læknar séu tryggðir „líkt og þeir væru starfsmenn heimilanna...“ Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fyrirkomulag læknisþjónustu milli X og verktakans, en í sama bréfi er vísað til þess að meðferð skjólstæðinga X sé „...teymisvinna milli fagstétta og byggir á greiningu og mati læknis auk álits hjúkrunarfræðinga og sérhæfðri þekkingu og upplýsingagjöf vegna einkenna íbúa.“ Einnig kemur fram í sama bréfi að hjúkrunarfræðingar starfi við hlið lækna og bera ábyrgð á þætti hjúkrunar og að viðbrögð við versnun einkenna M hefði mátt bregðast við fyrr með tilvísun á sáramiðstöð og síðar bráðamóttöku.

Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 segir m.a. svo um umræddan tölulið: „Ákvæði þessa töluliðar tekur til allra mistaka sem verða við rannsókn, meðferð o.s.frv. Orðið mistök er hér notað í mun víðtækari merkingu en almennt tíðkast í lögfræði. Ekki skiptir máli hvernig mistökin eru.“ Orðalag 2. gr. laganna „að öllum líkindum“ vísar til þess að slakað er á hefðbundnum sönnunarkröfum í skaðabótarétti, sjúklingi í hag.

Þegar öll gögn málsins eru virt er ljóst að M hlaut meðferð hjá heilbrigðisstarfsfólki sem voru ýmist starfsmenn X og vátryggðir sem slíkir í sjúklingatryggingu X, sem og komu að meðferð hans lækna sjálfstæðs verktaka. Í svörum X til V vegna málsins kemur fram að meðferð skjólstæðinga X byggist á teymisvinnu, bæði álitni lækna og hjúkrunarfræðinga. Í álitni embættis Landlæknis frá 19. mars 2020 vegna tilkynningar X um óvænt atvik við meðferð M kemur fram það mat embættisins að í upphafi hafi átt að standa betur að greiningu fótasárs M, auk þess sem rétt hefði verið að endurskoða greininguna þegar sárið svaraði ekki meðferð. Þessu mati hefur ekki verið hnekkkt með álitgerðum lækna eða frekari gögnum. Verður ekki annað séð af gögnum málsins en að sú meðferð sem M hlaut t.d. í sárateymi X hafi verið framkvæmd af starfsmönnum X og viðbrögð þess teymis þegar sárið svaraði ekki meðferð hefði getað verið með öðrum hætti. Ekki er hægt að sjá af gögnum málsins með óyggjandi hætti að fyrirkomulag starfa milli heilbrigðisstarfsfólks á vegum X og hins sjálfstæða verktaka hefi verið þannig að X geti varpað ábyrgð á meðferð á sári M alfarið yfir á einn tiltekinn lækni þess verktaka eða lækna hans eingöngu. Hallann af þeim sönnunarskorti ber X.

Af öllu ofangreindu telst niðurstaða embættis Landlæknis með bréfi dags. 19. mars 2020 bera með sér að skilyrði 1. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt vegna starfsmanna X og sjúklingatrygging X hjá V ná því til tjóns M, að því marki sem sýnt er fram á hvert umfang þess tjóns er. Ekki liggja fyrir upplýsingar um umfangið og tekur nefndin ekki afstöðu til þess og með vísan til 7. gr. sömu laga telst bótaskylda úr ábyrgðartryggingu ekki fyrir hendi þar sem ekki er sýnt að umfang tjóns fari yfir hámarksfjárhæð laga um sjúklingatryggingu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfr.

Mál nr. 212/2021**M og
V v/ ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar A hjá V****Ágreiningur um hvort bótaskylda sé til staðar vegna sprungu við helluborð.****Gögn.**

Málskot dags. 19.05.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 04.06.2021 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 05.06.2021.

Málsatvik.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingarlið heimilistryggingar A hjá V. Í málskoti kemur fram að A hafi verið að fíflast með ketilbjöllur í eldhúsi á heimili M og hafi misst aðra þeirra á borðplötuna sem hafi þá sprungið í hornunum út frá helluborðinu. V hafi hafnað kröfunni með vísan til þess að um óhappatilvik hafi verið að ræða, en ekki mistök eða vanrækslu. M telur um orðhengilshátt að ræða af hálfu V sem túlki það einhliða sér í vil hvaða hugtök nái yfir háttsemi A. Það hljóti að hafa verið mistök að lyfta ketilbjöllum í eldhúsi þar sem hvorki var staður né stund fyrir slíkt. Ásetningur A hafi vissulega ekki verið til þess að valda tjóni en það standist ekki að mistök samkvæmt túlkun V leiði til bótaskyldu en óhöpp ekki.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að umrætt tjón hafi átt sér stað hinn 2. maí 2021, á heimili M en A sé sonur hans. M hafi sent V tjonstilkynningu, dags. 10. maí og hafi þar sagt að ketilbjalla hafi fallið með nokkrum þunga á steinplötu í eldhúsi. Hafi V óskað eftir frekari lýsingu á atvikum og hafi A þá lýst því með eftirfarandi hætti „Ég var að færa ketilbjöllur til í byrjun mánaðar og var með eina bjöllu í sitthvorri hendinni. Önnur bjallan rennur til í höndunum á mér þegar ég er að leggja þær niður og skellur niður smá þunga á borðið og það myndast sprungur í sitthvort hornið út frá helluborðinu.“ Í þessu felist ekki saknæm háttsemi af hálfu A, sem sé skilyrði fyrir skaðabótaskyldu heldur hafi einfaldlega verið um óhapp að ræða. Það eitt og sér að leggja ketilbjöllu frá sér á eldhúsbekk feli þá ekki í sér gáleysi og saknæma háttsemi. Er bótaskylda því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M áréttar hann áður fram komnar röksemdir sínar og hafnar því að hægt sé að túlka umrætt atvik sem óhapp án þess að gáleysi komi þar við sögu. Gáleysi og óhapp séu náskyld hugtök og ótækt að V geti túlkað þau á þennan hátt sér í vil.

Álit:

Í skilmálum þeim sem eiga við um umrædda váttryggingu A hjá V segir í gr. 3.1 í 2. kafla um bótasvið váttryggingarinnar að váttryggt sé gegn þeirri skaðabótaskyldu sem falli á váttryggða samkvæmt íslenskum lögum enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum og munum og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Við mat á því hvort skaðabótaábyrgð sé almennt til staðar þarf að líta til þess hvort tjóni hafi verið valdið með saknæmum hætti, og tjónið megi þannig rekja til ásetnings eða gáleysis tjónvalds. Verður hann með öðrum orðum að hafa sýnt af sér sök. Fyrirliggjandi er lýsing A á atvikum og af henni eða öðrum gögnum málsins verður ekki talið sýnt að hann hafi sýnt af sér gáleysi í aðdraganda tjónsatburðar, heldur virðist hafa verið um óhappatilvik hafi verið að ræða, þ.e. að ketilbjallan hafi runnið til í höndunum á honum. Það er tjónþoli, M, sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að tjón hans sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu váttryggingartaka, atvika eða aðstæðna sem hann beri ábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur slík sönnun ekki tekist og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar A hjá V.

Reykjavík 24. Júní 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 213/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um bótaskyldu vegna falls á hjólastíg.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.5.2021, ásamt fylgigögnum og bréf M dags. 30.6.2021.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 11.6.2021.

Málsatvik.

Málsatvikum er þannig lýst í málskoti að M hafi verið að hjóla í Elliðaárdalnum þann 7. október 2016 á leið sinni á Landspítalann í Fossvogi hvar hann starfaði. Þá segir í málskoti að þegar M hafði komið að krossgötum þriggja stíga hafi kanína hlaupið í veg fyrir M þannig að M missti stjórn á hjólinu og hafnaði á tré. M missti meðvitund, var fluttur á slysadeild og slasaðist alvarlega.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V þar sem X beri ábyrgð á líkamstjóni M enda beri M ríka ábyrgð á aðstæðum hjólastíga borgarinnar. Enn fremur hvíli skylda til að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um göngu- og hjólreiðastíga X. Þannig telur M að slysið megi rekja til nokkurra þátta sem X beri ábyrgð á. Í fyrsta lagi hafi verið afar slæm lýsing á slysstað, ljósastaurar ekki nægilega háir og mikill trjágróður á svæðinu. Fullyrðir M að með betri lýsingu hafi hann komið auga á kanínuna sem hljóp í veg fyrir hann. Í öðru lagi megi rekja slysið til þess að kanínan hafi hlaupið fyrir og ljóst sé að X hafi lengi verið meðvitað um kanínufaraldurinn sem verið hefur á svæðinu án þess að aðhafast nokkuð fyrr en eftir slysið.

V kveður að ekkert í málinu bendi til þess að slysið verði rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi starfsmanna X, ófullnægjandi öryggisráðstafana eða saknæmrar vanrækslu af hálfu X. V vísar til þess að í samtímagögnum, þ.e. lögregluskýrslu og sjúkraskrárfærslu, sé hvergi minnst á kanínur og telur V þannig ósannað að kanína hafi hlaupið í veg fyrir M. Þar segi eingöngu að M hafi verið að hjóla á fleygiferð niður brekku í Elliðaárdal, fipast og lent á tré. Þá er hvergi í samtímagögnum talað um varhugaverðar aðstæður á hjólastígnum. Þá segi í lögregluskýrslu að stígurinn hafi verið blautur og er ekkert annað athugavert við stíginn. Telur V því að ástandi stígsins verði ekki kennt um óhappið. Loks mótmælir V því sem ósönnuðu að lýsingu hafi verið óbótavant og að slysið hafi í raun gerst við krossgötur þriggja stíga. Þá sé stígurinn, þar sem slysið varð, bæði göngu- og hjólreiðastígur og því verði að gera þá eðlilegu kröfu til hjólreiðamanna að gæta varúðar þegar farið er niður stíginn og hafa hraða eftir aðstæðum hverju sinni. Fyrir liggur að stígurinn hafi verið blautur og því hafi M átt að gæta aukinnar varúðar. Loks vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 121/2017.

Álit.

Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að M hafi verið að hjóla á göngu- og hjólreiðastíg á leið niður brekku þann 7. október 2016. Þá má ráða af samtímagögnum að stígurinn hafi verið blautur, engar aðrar athugasemdir eru um stíginn í lögregluskýrslu og hvergi er þess getið að kanína hafi hlaupið fyrir M í lögregluskýrslu eða sjúkraskrá. Þá verður að gera þá kröfu til hjólreiðamanna að þeir gæti að aðstæðum hverju sinni og sýni varúð þegar farið er í bleytu niður brekku á stíg sem einnig er ætlaður gangandi vegfarendum. Einnig liggur ekkert fyrir í málinu um hvernig lýsing hafi verið á slysstað og ber M hallann af því sem og öðrum vafa í málinu, en krafa var fyrst gerð í ábyrgðartryggingu rúmum þremur árum eftir slysstað. Verður ekki talið, eins og mál þetta liggur fyrir, að slysið verði rakið til ófullnægjandi lýsingar á stígnum eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Með vísan til þessa verður að telja að ekkert hafi komið fram sem sýni fram á að slys M hafi orsakast af saknæmri eða ólögmætri háttsemi starfsmanna X, ófullnægjandi öryggisráðstafana eða saknæmrar vanrækslu af hálfu X. M telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Má ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 214/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.**

Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna tjóns á bifreið.**Gögn.**

Málskot, móttækið 25.5.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 10.6.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins mun árekskur hafa orðið á milli bifreiðanna A og B þannig að framstuðarakápa á B rispaðist framan við vinstra framhjól. Enn fremur verður ráðið að ekki sé um það deilt að tjónið sé af völdum þess er ók A og tjón á B eigi því að bætast úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Reikningur vegna viðgerðarinnar á B mun hafa borist V, sem sundurliðast svo: Yfirbyggingarvinna af/á kr. 54.626, annað efni (varahlutir) kr. 2.682, málningarvinna kr. 71.869, málningarefni kr. 22.837, efni af lager kr. 3.824, akstur kr. 5.200 og bílaleigubíll (þrjú dagar samþykktir) kr. 18.300, eða samtals kr. 179.338 og að viðbættum 24% virðisaukaskatti alls kr. 222.380. M sem eigandi A og váttryggingartaki hjá V hefur vefengt að tjónið á B geti numið þessari fjárhæð. Var M afhent eftirrit reikningsins þar sem afmáðar hafa verið upplýsingar um bifreiðaverkstæði það sem reikningurinn stafaði frá sem og persónugreinanlegar upplýsingar.

Af málskoti má ráða að kvörtun M beinist að því að tjónið á B geti ekki hafa numið framangreindri fjárhæð. Þínulítill dæld hafi verið á B, tjónið samkvæmt fyrirliggjandi reikningi sé „algjörlega furðulegt“ og eins og bifreiðin öll hafi verið sprautuð. Að mati M passi þetta „hreinlega ekki“. V hefur samþykkt að nefndin fjalli um bótafjárhæðir í máli þessu, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir nefndina, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum af skemmdum á B má ráða, líkt og áður getur, að framstuðarakápa á B hafi rispast lítið eitt framan við vinstra framhjól. Vissulega er um smávægilegt tjón að ræða. Hvað sem því líður hefur ekkert haldbært komið fram í málinu sem gefur tilefni til að ætla að viðgerðarkostnaður samkvæmt framangreindri sundurliðun ásamt afnotamissi í þrjú daga, samtals að fjárhæð kr. 222.380 að meðtöldum virðisaukaskatti, teljist vera óhæfilega hár. Að öllu virtu telst tjónið samkvæmt gögnum málsins ekki of hátt metið.

Niðurstaða.

Tjón vegna skemmda á B samtals að fjárhæð kr. 222.380 telst ekki of hátt metið.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 215/2021**M og****V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs hinn 14. apríl 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 21.05.2021 áamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V1, dags. 10.06.2021.

Bréf V2, dags. 11.06.2021.

Málsatvik.

Hinn 14. apríl 2021 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B, í Skógarhlíð á Akureyri. Ökumenn fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu dags. 16. apríl 2021, en jafnframt er fyrirbyggjandi myndbandsupptaka af atvikinu. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. Í málskoti lýsir M atvikum svo að hún hafi verið að snúa bifreið sinni við með því að keyra inn hliðargötu og bakka til baka inn á Skógarhlíð. B hafi þá bakkað af bifreiðastæði og inn á akbrautina, og hafi M ekki átt möguleika á að sjá bifreið B fyrir en við áreksturinn en þá hafi A verið kyrrstæð. B hafi því ekki gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak, en það eigi ekki við um A.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að ökumaður B beri alla sök á umræddum árekstri. Þannig hafi A verið komin inn á akbrautina þegar B ók aftur á bak úr bifreiðastæði við heimili sitt. B hafi verið alveg kyrrstæð þegar M hóf akstur aftur á bak, og segist M hafa litið vel í kringum sig áður og ekki séð neina bifreið fyrir aftan sig. B hafi mátt vera ljóst að A var fyrir aftan hana á akbrautinni, og hafi með aksturslagi sínu ekki gætt nægilega að ákvæðum 1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V2, sem var vátryggjandi B tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að sök skuli skipt til helminga, en framhlið tjónstilkynningar sem aðilar fylltu sameiginlega út beri með sér að hvorug bifreiðanna hafi verið kyrrstæð í aðdraganda árekstursins. Þá megi ráða af fyrirbyggjandi myndbandsupptöku að A hafi einungis verið kyrrstæð í um eina sekúndu áður en árekstur varð, og eigi það því ekki að hafa áhrif á mat á sakarskiptingu. Á báðum ökumönnum hafi hvílt sú skylda að gæta að því að unnt væri að aka aftur á bak án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Hvorugur ökumanna hafi tekið eftir ferðum hins og hafi því báðir vanrækt þessa skyldu.

Álit:

Á fyrirbyggjandi myndbandsupptöku má sjá að þegar B er gangsett á bifreiðastæði er A þegar að bakka af hliðargötu og inn á Skógarhlíð. Þegar B ekur út af bifreiðastæðinu og inn á Skógarhlíð, um tveimur til þremur sekúndum fyrir áreksturinn, er A kyrrstæð á Skógarhlíð eftir að hafa beygt aftur á bak inn á hana af hliðargötu. Verður því að líta svo á að B hafi ekki gætt nægilega að umferð á akbrautinni fyrir aftan sig áður en hún hóf akstur aftur á bak en samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þá segir í 3. mgr. 26. gr. sömu laga að ökumaður skuli veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði utan vegar eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið, vegöxl eða yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg. Verður að líta svo á að B hafi ekki heldur gætt að áskilnaði þess ákvæðis. Í ljósi framangreindra atvika við áreksturinn er ekki talið tilefni til að leggja hluta sakar á A, og ber B því alla sök á árekstri A og B.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 9. júlí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 216/2021**M og
V v/ starfábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um hvort skaðabótaskylda sé fallin niður vegna fyrningar.****Gögn.**

Málskot, móttækið 14.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að beiðni M, eiganda húseignarinnar A, gerði matsmaðurinn B svokallað ástandsmat, dags. í september 2013, á A vegna leka í þaki hússins. Segir í niðurstöðu matsgerðarinnar að mögulegt geti verið að leki sé um lofttúðu nálægt SA-horni hússins en hún sé beint fyrir ofan lekasvæðið. Sjáanlegt sé rof í þéttingu við rör túðunnar. Það að vatn komist niður í gegnum steyppta plötuna geri það að verkum að taka þurfi upp þakið og koma í veg fyrir það. Samkvæmt hönnun skuli vera tvöfalt asfalt pappalag á steyptri þakplötunni og vatn sem komist niður í gegnum einangrun á að komast út aftur og ef það er ekki til staðar þurfi að koma því fyrir. Þetta geti leitt til þess að endurgera þurfi þakið. Frágangur þaksins sé ekki samkvæmt teikningu hönnuðar. D, byggingarstjóri A, hafði í gildi lögmeta starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V. Með tjonstilkynningu, dags. 18. nóvember 2013, gerði M kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingunni. Mun V hafa greitt bætur vegna þessa tjóns í ársbyrjun 2014.

Með tjonstilkynningu 2. júní 2014 gerði M kröfu á ný um bætur úr ábyrgðartryggingu D hjá V. Kemur fram í tilkynningunni að leki sé á þaki en á öðrum stað en lekinn sem bættur hafði verið um veturinn. M fylgdi tjonstilkynningunni eftir með tölvuskeyti til V 5. sama mánaðar en þar kom fram að smá leki hafi komið upp helgina áður. Tjón hafi orðið árinu áður og það verið gert upp í ársbyrjun 2014 en nú hafi lekinn komið upp á allt öðrum stað. Undir lok mánaðarins áttu aðilar í tölvuskeytasamskiptum er lutu að ósk M um að skoðunarmenn á vegum V myndu meta tjónið.

Hinn 19. nóvember 2019 sendi M nýja tjonstilkynningu til V. Í þeirri tilkynningu er vikið að fyrrgreindum vatnsleka frá árinu 2013, en fljótlega eftir viðgerðina hafi sést ummerki í lofti í svefnherbergi og að hugsanlega gæti vatn verið undir einangrun á þaki. Þá hafi ekki lekið og sá aðili sem hafi lagt þakið hafi eftir skoðun sagst engar áhyggjur hafa. Í desember 2018 hafi vatn hins vegar farið að koma inn í húsið. Í júní 2019 hafi þakið verið opnað og þá komið í ljós að einangrun hafi verið gegnblaut og ljóst að skipta hafi þurft um einangrun og pappalag á 1/3 til 1/2 þaksins. Mjög líklegt sé að þessi bleyta hafi verið búin að vera þarna undir frá því fyrst lak inn. Þá hafi aðeins verið gert við þann stað þar sem lekinn átti greinilega upptök en ekki hafi verið farið í það að skoða einangrunina og ástandið á henni.

Í málinu liggur fyrir bréf E, byggingartæknifræðings hjá verktaka þeim sem annaðist viðgerð á þakinu, dags. í janúar 2021, þar sem fram kemur að uppbygging þaksins hafi verið þannig að ekkert rakavarnarlag hafi verið undir einangruninni þannig að raki innan frá hafi átt greiða leið upp í einangrunina, þést á milli plötu og einangrunar og lekið niður í húsið. Einangrunin hafi verið blaut (rök), hægt hafi verið að nota hluta hennar aftur en vantað á að þykktin væri rétt og sett hafi verið viðbót til að leiðrétta þykktina. Þá var það mat E að fyrri viðgerð á kanti og niðurfalli hafi verið algerlega ófullnægjandi, lekinn hafi haldið áfram á austurhluta hússins og hafi þessi hluti einnig verið endurnýjaður.

Með bréfi V, dags. 5. desember 2019, hafnaði V kröfu M með vísan til þess að fjögurra ára fyrningarfræstur samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda væri liðinn. Þaklekans varð vart á árinu 2013 og þá hafi M, eigandi fasteignarinnar, haft þær upplýsingar sem hafi átt að gefa tilefni til að skoða allt þakið og hafi honum borið að gera það. Þá hafi á árinu 2014 áfram orðið vart við ummerki þess að vatn hefði lekið um þak A án þess að brugðist hafi verið við því.

M hefur ekki fallist á höfnun V. Við skoðun á þakinu á árinu 2019 hafi komið í ljós mikill raki í einangrun þaksins og ljóst að viðgerðin 2013 hafi mögulega ekki verið fullnægjandi. Þegar þessar upplýsingar hafi legið fyrir hafi hann sent V fyrrgreinda tilkynningu 19. nóvember 2019. Kveður M afstöðu V ranga þar sem málgögn beri með sér að um nýtt tjón sé að ræða en ekki frekari afleiðingar eldra tjóns 2013. Hann hafi fengið fagmenn til að skoða þakið ítalega í lok árs 2020 og þá hafi komið í ljós að frágangur á rakavarnarlagi í þaki hússins hafi verið rangur þannig að raki innan úr húsinu hafi þéttst fyrir ofan einangrun þaksins og valdið því að raki hafi safnast í einangrunina. Þess galli sé staðfestur með fyrrgreindu álitu E.

Álit.

Samkvæmt fyrri málsli. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist krafa um skaðabætur, eins og hér um ræðir, á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laganna er fyrningu slitið með málssókn kröfuhafa á hendur skuldara til að fá dóm fyrir kröfunni. Einnig er fyrningu slitið þegar kröfuhafi leggur mál fyrir kær- og úrskurðarnefndir sem settar eru á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann á aðild að eða með þátttöku þeirra, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna.

Í fyrrgreindu ástandsmati sem B framkvæmdi á árinu 2013 kom m.a. fram að mögulega hafi lekið um lofttúðu í SA-horni hússins, frágangur þaksins hafi ekki verið í samræmi við teikningu hönnuðar og þar sem vatn hafi komist í gegnum einangrun geti það leitt til þess að endurgera þurfi þakið. Í bréfi E frá janúar 2021 er á hinn bóginn að því vikið að uppbygging þaksins hafi verið þannig að ekkert rakavarnarlag hafi verið undir einangruninni og raki innanfrá hafi því átt greiða leið upp í einangrunina, þéttt á milli plötu og einangrunar og lekið niður í húsið. Samkvæmt þessu virðist mega ráða að í upphafi hafi ekki verið gjörla ljóst hvað olli vatnslekanum en engu að síður hafi það verið sama tjónsorsök sem olli vatnslekanum 2013, 2014 og svo aftur 2019. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður ekki annað ráðið en að það tjón sem M tilkynnti um til V 19. nóvember 2019 í kjölfar viðgerðar á þakinu þá um sumarið sé hið sama og hann varð var við á árinu 2014 og hann tilkynnti um til V 2. júní það ár. Á því tímamarki hafði M fullnægjandi upplýsingar um tjónið og þann sem bar ábyrgð á því, jafnvel þótt sjálf tjónsorsökin hafi þá ekki að fullu verið leidd í ljós. Verður samkvæmt þessu að telja að fyrningarfrestur samkvæmt 9. gr. laga nr. 150/2007 hafi þá byrjað líða. Þá verður ekki séð að M hafi gripið til neinna úrræða til að slíta fyrningu áður en fyrningarfrestur leið. Krafa M telst því hafa verið fallin niðurvegna fyrningar þegar málið var lagt fyrir úrskurðarnefnd 14. maí 2021. Þessu fær ekki hagg að þótt V hafi í höfnunarbréfi til M ekki getið um ársfrest til að höfða mál eða krefjast meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, enda á slík aðvörun einungis við þegar kröfu váttryggðs hefur verið hafnað en í máli þessu hefur M ekki stöðu váttryggðs.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu byggingarstjórans B hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 217/2021**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys starfsmanns í grunnskóla 7. september 2020.****Gögn.**

Málskot, dags. 20.5.2021, ásamt fylgigögnum og tölvupósti dags. 23. júlí 2021.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 15.7.2021 ásamt umsögn X dags. 8.7.2021 og athugasemdum V til nefndarinnar í máli nr. 413/2020.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi slasast illa við vinnu sína sem skólaliði þann 7. september 2020 í einum af grunnskólum X. Atvikum málsins er þannig lýst af hálfu M að hún hafi verið í ræstikompu skólans með tvær fullar fötur af vatni og þegar hún hafi opnað hurð það hafi hún gengið beint ofan í op í gólfinu þar sem hleri hafi verið opinn vegna vinnu í rýminu.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins þar sem X sem vinnuveitanda hafi borið að gæta þess að umferðarleiðir væru öruggar og stórkostleg hætta hafi verið af opnum hlera á venjulegri leið starfsmanna. Þannig hafi X ekki gætt fyrirmæla laga nr. 46/1980 og fyrirmæla í reglum um húsnæði vinnustaða. Einnig er vísað til þess að X sem eigandi fasteignar þeirrar sem M gekk um hafi borið að gæta þess að merkja vinnusvæði þegar X kallaði til aðila til að vinna í húsnæði skólans og geti ekki sloppið undan ábyrgð vegna vinnu verktaka á svæðinu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að skaðabótaábyrgð sé ekki fyrir hendi þar sem upplýst sé í málinu að verktaki hafi verið á svæðinu þegar M slasaðist sem hafi verið að sinna viðhaldi í kjallara og þeir hafi opnað hlera í gólf í án þess að láta skólastjórnendur eða aðra starfsmenn X vita af ferðum sínum. Í umsögn lögmanns X kemur fram að í útboðs- og verklýsingu vegna viðhaldsverkefna sem umræddur verktaki hafi tekið að sér að honum hafi borið að tilkynna sig hjá umsjónarmanni eða forstöðumanni fasteigna áður en vinna hæfist. Upplýst er um hver umræddur verktaki var af hálfu X og skólastjórnendur eða starfsmenn X í umræddum skóla hafi ekki haft upplýsingar um að verktakinn væri kominn í skólahúsnæðið til að framkvæma einhvers konar vinnu. Því verði sök ekki lögð á þá vegna slyssins.

Álit.

Málið hefur áður komið til kasta nefndarinnar, en var vísað frá með máli nr. 413/2020 og hlaut því ekki efnismeðferð. Í málinu liggja fyrir staðfestar upplýsingar um að M hafi verið við vinnu sína hjá X þegar hún slasaðist. Einnig liggur fyrir af hálfu X að tiltekinn verktaki hafi verið við vinnu í skólahúsnæðinu og hafi starfsmenn hans opnað þann hlera sem M féll niður um. Af gögnum frá X verður ekki annað ráðið en að um hafi verið samið milli X og verktakans að störf hans hafi verið þannig skipulögð að verktakinn hafi átt að tilkynna starfsmönnum X þegar hann mætti í skólahúsnæðið til að fara yfir framkvæmd og tryggja öryggi áður en vinna hæfist. Ekki er upplýst í málinu að starfsmenn X hafi vitað um að verktakinn væri á svæðinu þegar M slasaðist og ekki er að öðru leyti upplýst í málinu að starfsmenn X hafi haft ráðrúm til að gera sérstakar ráðstafanir til að vara við hættu af opnum hlera. Að því sögðu verður ekki séð að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyss M og á hún því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 218/2021

**M og
V v/ persónutryggingarinnar „Wealth insuring“.**

Ágreiningur um gildissvið váttryggingar og rétt til greiðslna.**Gögn.**

Málskot móttakið 3. mars 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf lögmanns V, dags. 3. ágúst 2021, ásamt váttryggingarskilmálum.
Athugasemdir lögmanns M með tölvupósti dags. 10. ágúst 2021.

Málsatvik.

Hinn 17. mars 2020 rann M í hálfu og missteig sig með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á vinstri ökkla. M var óvinnufær í sex mánuði og hefur eftir það haft eymsli í ökkla og býr við hreyfihömlun skv. matsgerð sem M hefur aflað sér dags 21. apríl 2021. Þar kemur fram að varanleg læknisfræðileg örorka M sé metin til 10 miskastiga skv. miskatöflum örorkunefndar. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hafi fengið greiddar bætur úr váttryggingu sinni hjá V vegna óvinnufærni samtals 7.700 evrur.

M krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda V úr váttryggingu hans og telur að greiða eigi honum bætur vegna varanlegra afleiðinga slyssins. M vísar til aa-liðar 24. gr. váttryggingarskilmála og telur að skv. því ákvæði sé V skylt að greiða M bætur ef hægt sé að meta stig varanlegrar örorku frá læknisfræðilegu sjónarmiði og vísar M til matsgerðar dags. 21. apríl 2021 þar sem slík örorka hafi verið metin 10 stig. Sú matsgerð liggja fyrir hjá V og hafi V einnig verið sent afrit matsbeiðni áður en matið var framkvæmt.

V hefur hafnað frekari greiðsluskyldu og telur bætur að fullu greiddar með greiðslu 7.700 evra skv. gr. 24.1 b) í váttryggingarskilmálum váttryggingar M þar sem fjallað sé um bætur fyrir „daily allowance“ í samræmi við bóatöflu sem sé hluti sömu skilmála, nánar tiltekið gr. 171 í þeirri töflu. Þar komi fram að staðlaðar bætur miðað við þann áverka sem M hlaut miðist við 110 daga og hver dagur bætist með sem nemi 1% af váttryggingarfjárhæð sem hafi verið 70.000 evrur hjá M. Bætur til M voru greiddar í samræmi við þetta, eða samtals 7.700 evrur. Hvað varðar frekari greiðslur vísar V til gr. 24.1 f) þar sem komi fram að bætur sem greiddar hafi verið vegna eins bótaþáttar í váttryggingu M dragist frá þeim bótum sem hann gæti átt rétt á fyrir annan bótaþátt. V telur að hámark þeirrar greiðslu sem M gæti átt rétt á vegna varanlegra afleiðinga sé 5.950 evrur og þar sem sú fjárhæð sé lægri en það sem M hefur þegar fengið greitt komi ekki til frekari greiðslna frá V.

Álit.

Í gögnum málsins er gerð grein fyrir váttryggingarsamningi þeim sem M gerði við V, sem er erlent váttryggingafélag sem býður upp á þjónustu hér á landi. Í umræddum váttryggingarskilmálum er samið sérstaklega um gildissvið váttryggingarinnar og bótafjárhæðir. Af lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 verður ekki annað ráðið en að sammingsfrelsi ríki um gildissvið váttryggingarsamninga hvað varðar við hvaða aðstæður bætur verði greiddar og hvort bætur skv. tilteknum bótaþætti í samningnum geti komi til frádráttar öðrum. Í þessu máli liggur fyrir að í váttryggingarskilmálum V er kveðið á um í gr. 24.1.f) að bætur sem váttryggður kann að eiga rétt á í skilningi gr. 24.2 aa) dragist frá öðrum bótum sem hann hefur fengið og telst það því vera hluti af gildissviði þess váttryggingarsammings sem gildi milli V og M þegar hann slasaðist. Óumdeilt er að M hafi fengið greiddar 7.700 evrur úr váttryggingu V og ekki liggur fyrir að réttur hans til bóta vegna varanlegra afleiðinga hefði farið yfir þá fjárhæð. Hefur M því ekki sýnt fram á. m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu, að hann eigi frekari bótarétt úr váttryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 219/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar pípulagningaverktaka.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum vatnsleka.****Gögn.**

Málskot, móttækið 17.5.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 14.6.2021.
Bréf V, dags. 8.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins mun pípulagningamaður (A) á vegum pípulagningaverktakans B, hafa verið fenginn 11. maí 2021 til að setja upp hreinlætistæki og nýjan ofn í baðherbergi á heimili M. Eftir að ofninn var tengdur var vatn sett á ofnakerfið til að fá hita á ofninn. Við það verk lak vatn út um opinn stút í svefnherbergi og olli þar tjóni, m.a. á gólfteppi, að því er M kveður.

Í tjónstilkynningu til V segir m.a. að starfsmaður B hafi ekki athugað eldri lagnir og þegar vatni var hleypt á kerfið hafi um leið vatn farið að leka í svefnherberginu.

Í skýrslu A um atvikið segir m.a. að hann hafi spurt hvort baðherbergisofninn sé eini ofninn sem fylla þurfi og hafi húseigandinn, M, svarað því játandi. Þegar A hafi haft á orði að honum fyndist vera full lengi að renna inn á kerfið hafi M sagt að þrýstingur væri lítill og þess vegna tæki þetta svona langan tíma. M hafi svo beðið A að biðja konu sína að athuga með aðra stúta sem væru inni í herbergi og eldhúsi. Við það hafi A strax stöðvað að fylla á kerfið og spurt M nánar út í þetta. Hafi M sagt að þetta væri allt í lagi þar sem rörin séu töppuð. Svo hafi ekki reynst vera og vatn komið inn í svefnherbergið.

M kveður það ósannindi að hann hafi sagt að leiðslurnar væru lokaðar. Hefur hann krafist bóta vegna þess tjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir af völdum vatnslekans úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en A hafi einungis unnið við að setja upp hreinlætistæki og nýjan ofn í baðherbergi á heimili M í aðdraganda þess að vatnslekinn varð í svefnherberginu. Að öðru leyti hafi hann ekki unnið við lagnir í húsinu. Þannig verður ekki ráðið að A hafi vitað eða mátt vita að lögn væri opin í svefnherberginu áður en vatni var hleypt á ofnakerfið. Við svo búið verður að telja ósannað samkvæmt gögnum málsins að tjónið verði rakið til vanrækslu eða annars konar saknæmrar háttsemi af hálfu A. Verður B sem vinnuveitandi A því ekki gerður ábyrgur fyrir því tjóni sem kann að hafa orðið af völdum vatnslekans. Gegn mótmælum V verður heldur ekki talið að sýnt hafi verið fram á samkvæmt gögnum málsins að M hafi orðið fyrir tjóni sem hann getur krafist úr hendi B. M telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 5. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 220/2021**M og
V vegna sjúklingatryggingar X****Gildissvið laga um sjúklingatryggingu vegna augasteinaskipta árið 2014.****Gögn.**

Málskot dags 25. maí 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 24. júní 2021.
Bréf lögmanns M, dags. 4. ágúst 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M leitaði til læknisins X síðari hluta árs 2014 vegna hrakandi sjónar. Í lok október 2014 voru framkvæmdar aðgerðir sem fólu í sér ísetningu gerviaugasteina og í málskoti er það sömuleiðis rakið að læknisfræðileg gögn málsins sýni að skoðanir í nóvember 2014 og apríl 2015 hafi leitt til þess mats lækna að bati væri eðlilegur, en í apríl 2015 kvarti M yfir óþægindum. Í júní 2019 hafi M síðan leitað til X og þá kom í ljós að myndast hafði kölkun eða kalkútfelling á hinum nýju augasteinum sem rekja mætti til ágalla á þeim og sjón M farið hrakandi. Í október og desember 2019 hafi síðan verið framkvæmdar aðrar aðgerðir til að skipta út þeim augasteinum sem ágalla höfðu og nýjum komið fyrir. M lýsir einkennum eftir þá aðgerð, t.d. sjóndepru og skýjaðri sjón.

M hefur gert kröfu um að fá tjón sitt bætt úr sjúklingatryggingu og hefur málið verið skráð í sjúklingatryggingu X hjá V. M telur að tjón hennar falli undir bótaskilyrði 3. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 þar sem gerviaugasteinar sem græddir hafi verið í augu hennar hafi verið haldnir ágalla og hafi M haft af því þjáningar, auk geðræns tjóns. M vísar því á bug að óþægindi hennar sé hægt að rekja til annars en ágalla á gerviaugasteinum og telur V ekki hafa fært fram gögn því til sönnunar. Einnig telur M ljóst af læknisfræðilegum gögnum málsins að hún hafi haft óþægindi af þeim gerviaugasteinum sem haldnir hafi verið ágalla þó sjón hennar kunni að vera örlítið betri eftir að þeim var skipt út vegna ágallans. M telur því til viðbótar að gerviaugasteinar hljóti að vera búnaður sem notaður er við sjúkdómsmeðferð auk þess að þeir teljist til ígræðanlegra lækningatækja í skilningi 16. tl. b. laga nr. 132/2020 um lækningatæki. Einnig vísar M til ummæla í læknisvottorði annars augnlæknis en X um að erfitt sé að skilja hvers vegna voru ekki settir fjölfocus gerviaugasteinar í M í upphafi.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X og vísar til þess að ekki sé ljóst að M hafi orðið fyrir varanlegu tjóni þegar sem hún sé með betri sjón í dag heldur en hún var fyrir augasteinaskipti á á árinu 2019. V telur að 2. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu eigi við um lækningatæki eða búnað þeim tengdum en ekki líffæri eða gervihluti sem settir eru í fólk eins og gerviaugasteina, gervifætur, hjartalokur eða þess háttar. Einnig telur V að aðrir tölulíðir 2. gr. eigi ekki við um mál M.

Álit

Rétt er að geta þess að mál M hefur áður komið til kasta úrskurðarnefndar þar sem M gerði kröfu um að bótaskylda yrði viðurkennd úr ábyrgðartryggingu lækningafyrirtækisins Y hjá V vegna skaðsemisábyrgðar, en X er einn af læknum þess fyrirtækis. Því máli M var vísað frá nefndinni með úrskurði í máli nr. 186/2020 með vísan til 7. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar um mögulegan bótarétt M úr sjúklingatryggingu. Þar kom hins vegar fram það mat nefndarinnar að þegar M gekkst undir aðgerðir hjá X hafi hún verið sjúklingur í skilningi 1. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 og ná bótareglur þeirra laga því til hennar aðstæðna

Þegar tekin er afstaða til þess hvort sú meðferð sem M hlaut hjá X sé þess eðlis að einhver að bótaskilyrðum laga um sjúklingatryggingu eiga við verður að hafa í huga að í þeim lögum er gert ráð fyrir sönnunarmati sem felur í sér að tjón sé að öllum líkindum hægt að rekja til einhverra þeirra skilyrða sem kveðið er á um í sérstökum bótareglum í 2. gr. laganna. Í 2. tl. 2. gr. laganna kemur fram að ef að öllum líkindum má rekja tjón sjúklings til bilunar eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á eigi sjúklingur rétt á bótum skv. lögnum. Í úrskurði í máli 186/2020 misritaðist að um væri að ræða 3. tl. 2. gr. laganna en tilvísun til efni tölulíðarins stendur, þar sem vísað er til bilunar eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður var við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð M.

Þegar litið er til umfjöllunar í frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu, sbr. þskj. nr. 836 á 125. löggjafarþingi 1999-2000, má sjá við skýringar á 2. tl. 2. gr. sérstaklega að vísað er til þess að sá töluliður geti náð til lækningatækja, auk þess sem minnst er á að reglur um skaðsemisábyrgð geti einnig átt við, en skaðabótaréttur þriðja aðila vegna þess geti takmarkast af 7. gr. laganna. Markmið löggjafans með ákvæðinu var því að tryggja sjúklingi bótarétt með hlutlægri bótareglu ef hann yrði fyrir tjóni vegna ágalla á lækningatæki.

Miðað við þessa umfjöllun og að öðru leyti með vísan til laga um sjúklingatryggingu og lögskýringargagna verður ekki annað ráðið en að augasteinar geti fallið undir hugtakið „annar búnaður“ sem vísað er til í 2. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu.

Þessu til stuðnings verður einnig vísað til þess að í ákvæðum sérlaga um lækningatæki, að minnsta kosti frá árinu 2001 með þágildandi lögum nr. 16/2001 og núgildandi lögum nr. 132/2020 er hugtakið lækningatæki skilgreint sérstaklega með þeim hætti að það geti t.s. verið hvers kyns hlutur sem komi í stað líffæris eða lífeðlislegrar starfsemi. Einnig kemur fram í lögskýringargögnum vegna sérlaga um um lækningatæki að tæknileg þróun sé töluverð á því sviði þannig að skilgreiningar um hvað teljist til lækningatækja hverju sinni séu háðar slíkri þróun.

Frá því lög um sjúklingatryggingu voru sett árið 2000, og þar vísað sérstaklega til þess í frumvarpi að 2. tl. 2. gr. þeirra laga nái til lækningatækja, hefur löggjafinn sett ákvæði í lög sem skilgreinir lækningatæki með ofangreindum hætti, þ.e. að þau geti verið ígræðanleg og er það í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins um það hvernig lækningatæki eru skilgreind. Verður skýra ákvæði 2. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu í samræmi við þær skilgreiningar þó þær hafi komið síðar fram í lögum, en lögum um sjúklingatryggingu hefur ekki sérstaklega verið breytt þrátt fyrir að þær skilgreiningar hafi verið orðaðar með ítarlegri hætti í sérlögum um lækningatæki.

Ljóst er af umfjöllun í gögnum málsins að augasteinar þeir sem M fékk við læknismeðferð hjá X voru haldnir ágalla og af sömu gögnum verður ráðið að það hafi að minnsta kosti leitt til tímabundinna óþæginda fyrir M. Á M því rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X á grundvelli 2. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu að því marki sem hún getur sýnt fram á tjón umfram lágmarksfjárhæð laganna.

Niðurstaða.

Bótaréttur M er viðurkenndur úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 221/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um orsakatengsl milli umferðaróhapps og líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.5.2021 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, móttakið dags. 5.7.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið þann 20. apríl 2020 þegar M var farþegi í strætó á leið nr. 2 sem stöðvaði skyndilega með þeim afleiðingum að M skaust til í sætinu og skallaði með andlitið og höfuð í sætin. Við höggið eyðilögðust gleraugu M. Í málinu liggur annars vegar fyrir myndskleið sem sýnir tjónið og hins vegar staðfesting vagnstjóra X þess efnis að hann hafi þurft að nauðhemla þar sem ökutæki á undan hafi tekið af stað á ljósum en síðan snarstoppað aftur. M leitaði á Læknavaktina samdægurs og segir í læknisvottorði að M sé rauð og aum yfir kinnbeini auk þess sem M er greind með hálstögnun.

M telur að um sé að ræða bótaskyld atvik sem falli undir ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V og sé til þess fallið að valda M varanlegu líkamstjóni. Fyrir liggja læknisfræðileg gögn sem renni stoðum undir að svo kunni að vera.

V telur með öllu ósannað að slysið hafi valdið málskostsaðila varanlegum afleiðingum og því er hafnað að fyrirliggjandi gögn renni stoðum undir að svo kunni að vera. Þannig sé það, að mati V, ómögulegt að M hafi orðið fyrir varanlegum líkamstjóni í kjölfar atburðarins. V telur því ekki skilyrði til bótaréttar úr lögboðinni ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst af myndbandsupptöku að M var farþegi í strætisvagni sem snarhemlaði með þeim afleiðingum að M skallaði fyrir í sætið fyrir framan sig og svo aftur í höfuðpúða í sætinu sem hún sat í. Þá liggur fyrir að hún leitaði samdægurs til læknis og samkvæmt læknisvottorði var hún rauð og aum og greindist með hálstögnun. Þó ekki liggja fyrir upplýsingar um umfang líkamstjóns M verður að telja sannað að hún hafi orðið fyrir einhverju slíku tjóni við ofangreint atvik og er því tjón hennar bótaskyld úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V að því marki sem henni tekst að sýna fram á umfang slíks tjóns.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bótaskyld úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 222/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar byggingarfyrirtækis A.**Ágreiningur um bótaskyldu er byggingaverkamaður féll niður af þaki húsbýggingar.****Gögn.**

Málskot, móttækið 27.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.7.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Á milli kl. 8 og 9 að morgni 21. nóvember 2020 féll M ofan af þaki þar sem hann var að störfum fyrir byggingarfyrirtækið A. M er af er af erlendu bergi brotinn og í frásögn hans af atvikinu, sem rituð er á ensku, kemur fram að hann hafi verið flokksstjóri (e. team leader) yfir þeim samstarfsmönnum sem hafi verið að vinna með honum auk þess sem hann hafi verið almennur starfsmaður (e. normal worker). Þeir hafi einungis haft stiga til að klifra upp á þakið. Auk stigans hafi þeir einnig haft lítinn vinnupall sem hafi verið notaður til að koma niðurfallsrörum upp á þakið, en verið of lítill til að nota við að klifra upp á þakið. Umræddan morgun hafi hann ákveðið að athuga ástand þaksins, hvort þeir gætu farið upp á þakið og byrjað að vinna. Þeir hafi verið undir pressu að ljúka þakvinnunni þar sem búist hafi verið við vondu veðri. Hann hafi byrjað á því að fara upp á þakið og athuga með ísingu. Þakið hafi verið blautt en ekki nein ísing. Samstarfsmenn á jörðu niðri hafi komið verkfærum til hans. Hann hafi verið að koma verkfærum fyrir á þakinu og allt hafi verið tilbúið til að hefja störf, en þá hafi hann runnið og fallið niður af þakinu.

Við fallið hlaut M áverka á báðum fótlimum og var óvinnufær a.m.k. um nokkurra mánaða skeið eftir slysið að því er ráða má af gögnum málsins. Í málskoti kveður M að A hafi brugðist skyldum sínum með því að hafa ekki tryggt nægilegar öryggisráðstafanir á vinnustaðnum. Vísar M í því efni 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt er bent á ákvæði gr. 31.1. í IV. viðauka í reglum nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, en þar segi að ef framkvæma skal vinnu á þaki, sem vegna halla þaksins, áferðar þakflatarins eða vegna veðurskilyrða getur orsakað það, að starfsmenn falli niður, má ekki hefja vinnuna fyrr en nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar, svo ekki sé hætta á, að menn eða efni falli niður. A hafi átt að sjá til þess að viðunandi öryggisráðstafanir væru gerðar til að varna falli af þakinu, en skortur á slíkum öryggisráðstöfunum hafi brotið í bága við greind ákvæði. Sömu leiðis hafi verkstjórn verið áfátt umrætt sinn. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu og í því efni er einkum vísað til þess að M hafi verið flokksstjóri á staðnum og hafi því haft stöðu verkstjóra á verkstað þótt hann hafi ekki verið með stöðu yfirmanns yfir verkinu. Þetta fyrirkomulag sé alþekkt í byggingariðnaði og á öðrum sviðum atvinnulífsins. Sem flokksstjóra á verkstaðnum hafi það staðið M næst að gæta að eigin öryggi og annarra er þar störfuðu. Þá hafi A upplýst að á verkstað hafi allur öryggisbúnaður og fallvarnir verið til staðar.

Álit.

Engin lögregluskýrsla liggur fyrir í málinu og slysið mun ekki hafa verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Ekki liggja heldur fyrir í málinu neinar formlegar tilkynningar um slysið af hálfu A, svo sem til Sjúkratrygginga Íslands eða til V. Þrátt fyrir það virðist ekki um það deilt að M hafi orðið fyrir ofangreindu slysi er hann var að störfum í þágu A. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slyss þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Eins og málið liggur fyrir er engum vafa undirorpið að tilkynningarskylda samkvæmt þessu lagaákvæði brást af hálfu A. Hefur það í för með sér í ljósi dómafordæma að A hefur sönnunarbyrði um að tildrög slyssins og aðstæður á slysstað hafi verið með öðrum hætti en M heldur fram. Engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu A eða V um halla þaksins sem M var að vinna á umrætt sinn, áferð þakflatarins eða veðurskilyrði þannig að ekki hafi verið þörf á fallvörnum í samræmi við fyrrgreint ákvæði í IV. viðauka við reglur nr. 547/1996. Engin gögn hafa verið lögð fram sem staðreyna að á verkstað hafi verið til staðar fullnægjandi öryggisbúnaður og fallvarnir sem M hafi átt þess kost að nota til að koma í veg fyrir slysið. Þá hefur enginn ráðningarsamningur eða annars konar gögn verið lögð fram í málinu sem sýna fram á að það hafi verið þáttur í sérstökum starfsskyldum M að sjá til þess að nauðsynlegur öryggisbúnaður, þ. á m. fallvarnir, væri notaður á verkstað og öryggi starfsmanna að

öðru leyti væri tryggt. Að þessu virtu verður ekki hjá því komist að líta svo á að slysið verði rakið til ófullnægjandi fallvarna á þakinu sem A ber ábyrgð á. Af því leiðir að A ber ábyrgð á líkamstjóni því sem M varð fyrir við fallið ofan af þakinu. M á því rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 224/2021

**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna B og C****Gögn.**

Málskot, móttakið 27. maí 2021, ásamt fylgigögnum

Tölvupóstur V1, dags. 13. júlí 2021.

Bréf V2, dags. 14. júní 2021, ásamt lögregluskýrslu, niðurstöðu Tjónanefndar í máli 127/21 og úrskurði nefndarinnar í máli 299/2020.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðinni B var ekið með aðra bifreið (C) í togi vestur Arnarnesveg með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri inn á aðrein að Hafnarfjarðarvegi til suðurs þegar bifreiðinni B var nauðhemlað vegna þess að bifreið A var ekið austur Arnarnesveg. Aðspurður sagði ökumaður bifreiðar B, og ökumaður bifreiðar C tók undir það, að bifreið A hefði verið ekið gegn rauðu ljósi en grænt beygjuljós hefði logað fyrir þeirra akstursstefnu. Í framburði ökumanns bifreiðar A kemur hins vegar fram að hún hafi verið að aka Arnarnesveg í austurátt „...að hún hélt að grænu umferðarljósi...“ og hún hafi ekið inn á gatnamótin og hemlað og flautað á ökumenn annarra bifreiða og síðan haldið för sinni áfram. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram framburður tveggja vitna sem óku bifreið í sömu akstursátt og bifreið B og annað þeirra kveður grænt ljós hafa logað í akstursátt þeirra yfir gatnamótin og hitt vitnið fullyrðir að grænt beygjuljós hafi logað í þeirra akstursátt og bifreið B, sem hafi verið fyrir framan þeirra bifreið hafi þurft að nauðhemla vegna aksturs bifreiðar A.

M telur sök á tjóni á bifreiðum B og C hafa verið rangleg sett á ökumann bifreiðar A þar sem ekki hafi verið árekstur milli bifreiða A og B (eða C) og tjón megi rekja til þess ökumenn þeirra bifreiðar hafi ekki brugðist rétt við. V1 tekur undir þessi sjónarmið og bætir við að ekki sé fyllilega sannað að bifreið A hafi verið ekið gegn rauðu ljósi og þó svo væri ætti að skipta sök þar sem ökumaður bifreiðar C sem bifreið B hafi dregið hafi ekki ekið í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V2 telur sannað með framburði vitna að bifreið A hafi verið ekið inn á gatnamót gegn rauðu ljósi og eigi ökumaður þeirrar bifreiðar því að bera alla sök á tjóni á bifreið B og C.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um stöðu umferðarljósa þegar bifreið A var ekið inn á gatnamót á Arnarnesvegi þannig að bifreið B, með C í drætti, hemlaði þannig að bifreið C lenti á bifreið B. Framburður vitna í lögregluskýrslu er með þeim hætti að annað vitna fullyrðir að grænt beygjuljós hafi verið fyrir akstursstefnu bifreiða B og C og hitt vitnið ber um grænt ljós yfir gatnamótin. Framburður ökumanns bifreiðar A er að einhverju leyti óljós um stöðu umferðarljósa á meðan bæði ökumenn bifreiða B og C telja ljóst að hún hafi ekið gegn rauðu ljósi. Með hliðsjón af almennum sönnunarreglur telst framburður vitna nógu skýr til að leggja til grundvallar að bifreið A hafi ekið gegn rauðu ljósi og viðbrögð ökumanna bifreiða B og C hafi ekki verið með þeim hætti að þeir hafi sýnt gáleysi við aksturinn. Ökumaður bifreiðar A ber því alla sök á tjóni á bifreiðum B og C.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber ábyrgð á tjóni á bifreiðum B og C.

Reykjavík, 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 225/2021**M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna ágreinings um greiðslu skuldar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28. maí 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 10. júní 2021.
Tölvupóstur lögmans M, dags. 10. júní 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið stefnt til greiðslu skuldar skv. reikningi dags. 6. desember 2019 vegna viðgerðar á tiltekinni vinnuvél hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í sölu vinnuvéla (hér eftir nefnt A), en M hafði fest kaup á vélinni hjá sama fyrirtæki á árinu 2017. Í greinargerð M, dags. 7. febrúar 2021, vegna þess dómsmáls kemur fram að málið sé sprottið af kaupum M á svokölluðum liðléttingi hjá A og að hugtakið liðléttingur sé notað yfir litla og meðfærilega vinnuvél, sem gjarnan sé notuð inni í fjárhúsum við mokstur og heyflutninga. Einnig kemur fram í þeirri greinargerð að M sé sauðfjárbóndi og hafi fest kaup á liðléttingnum „...í þeim tilgangi að sinna búrekstri.“ Í gögnum málsins kemur ekki fram að dómsmálinu sé lokið með dómi eða öðrum hætti.

V hefur hafnað bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar og telur að undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum eigi við, nánar tiltekið gr. 18.5, þar sem segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað „Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.“ V telur að um sé að ræða ágreiningu um kaup á liðléttingi, sem sé landbúnaðartæki, og það sé nýtt í landbúnaðarrekstri M á jörð sinni. V telur að tæki sem keypt er í þeim tilgangi verði ekki sjálfkrafa að almennu heimilistæki þó M kaupi það í eigin nafni.

M telur að gildissvið vátryggingar sinnar nái yfir kostnað vegna dómsmáls um greiðslu reiknings A. M bendir á að ágreiningur í dómsmálinu sé ekki varðandi atvinnurekstur M heldur sé um hefðbundið gallamál sem sé neytendaréttarlegs eðlis. M bendir á að hann hafi keypt liðléttinginn til persónulegra nota hans sjálfs en ekki annarra og enginn annar vinni á heimili hans. Vélin sé notuð til að moka og flytja hey og sé því sambærileg við sláttuvélar og önnur slík heimilistæki. M telur að V hafi sönnunarbyrði um að ágreiningur tengist atvinnurekstri og telur málið ekki sambærilegt við .t.d. vinnuslysamál eða kjaradeilur og bendir á 3. mgr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936.

Álit.

Í gögnum málsins, þar á meðal á bls. 2 í greinargerð M sjálfs í dómsmáli því sem lýst er hér að ofan, kemur fram að kaup á vinnuvél, svokölluðum liðléttingi, hafi tengst búrekstri hans á bújörð. Þar kemur nánar tiltekið fram að hann „hafi fest kaup á umræddri vél í þeim tilgangi að sinna búrekstri.“ Verður kaupum á slíkum vélum ekki jafnað til þeirra sem fylgja jafnan almennu heimilishaldi heldur verður að leggja til grundvallar þá skýringu M sjálfs að tilgangur kaupanna hafi verið að sinna búrekstri. Slíkur rekstur telst falla undir undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum V í gr. 18.5 þar sem kemur skýrt fram að félagið bæti ekki málskostnað sem sé í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. Búrekstur M verður að telja til atvinnu hans og á hann því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. júlí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 226/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 7. febrúar 2019.****Gögn.**

Málskot, móttækið dags. 30.06.2021, ásamt fylgiskjölum 1-15.
Bréf V, dags. 11.06.2021.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 13.08.2021 ásamt matsgerð.
Viðbótarathugasemdir V, dags. 23.08.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 7. febrúar 2019 hafi bifreiðin A ekið á hægri hlið B sem M ók eftir Réttarholtsvegi, Reykjavík. Við áreksturinn hafi M fengið mikinn slink, m.a. á háls en höfuð hennar hafi kastast til hliðar við áreksturinn. M hafi verið með brjós-klos fyrir og hafi einkenni þess farið versnandi í kjölfar árekstursins. Hún hafi stífnast upp og hreyfingar í háls- og brjósthrygg orðið mjög skertar, auk þess hún hafi fundið fyrir miklum vöðvaeymslum milli herðablaða og í kringum axlagrind og upp í háls. Einnig hafi M farið að finna fyrir mígreniseinkennum. Vegna afleiðinga slyssins, en hún búi við stöðuga verki, hafi hún orðið að minnka við sig vinnu. Ekki sé deilt um það að ökumaður A hafi átt alla sök á árekstri bifreiðanna og geri M því kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns síns. V hafi, með tölvupósti dags. 15. október 2020, hafnað bótaskyldu með vísan til útreikninga á hraða ökutækjanna í svokallaðri PC-Crash skýrslu og þess höggkraftar við áreksturinn bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hefði getað hlotist af honum. M fellir sig ekki við þessa afstöðu enda hafi PC-Crash skýrsla sem vátryggingafélag afli einhliða ekkert sönnunargildi. Þá verði mat á orsakatengslum að byggja á læknisfræðilegu mati en ekki verkfræðilegu og læknisfræðilegt mat sé á þá leið að líklegast sé að slysið hafi orsakað einkenni M.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans séu ósönnuð. Höggið af árekstrinum hafi verið mjög vægt, og raunar fremur um að ræða hliðarstroku en eiginlegt högg sbr. ljósmyndir af ákomu á B og niðurstöður PC-Crash skýrslu. Hafi því áhrifin á líkama M verið hverfandi, en ljóst sé að hún hafi þjást af verulegum einkennum frá stoðkerfi fyrir umrætt slys. Þá hafi M hvorki aflað ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða mats á meintum varanlegum afleiðingum árekstursins.

Með viðbótarathugasemdum sínum lagði M fram matgerð bæklunarlæknis, dags. 10. ágúst 2021. Er niðurstaða þess sú að „matsmaður telur orsakasamband á milli þeirra áverka sem greindir hafa verið eftir slysið meiri en minni“. Þá er varanlegur miski M metinn til 10 stiga og kemur fram að við matið sé tekið tillit til fyrri sögu M.

Í andsvörum sínum lýsir V þeirri afstöðu að umrætt mat tryggi M ekki sönnun um að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Í fyrsta lagi hafi matsins verið einhliða aflað af M án aðkomu V en slíkar matsgerðir hafi lítið ef nokkuð sönnunargildi. Þá hafi matsmaður ekki haft til hliðsjónar áður nefnda PC-Crash skýrslu og hafi hann einungis haft lýsingar M á atvikum til hliðsjónar. Byggi matsgerðin því á röngum forsendum. Enn fremur hafi M þjást lengi vegna sömu einkenna og hún reki til árekstursins og í ljósi þess að nær ekkert högg hafi hlotist af umræddum árekstri verði að telja að í raun sé um sömu einkenni að ræða. M hafi því ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni við áreksturinn og er bótakröfu hennar hafnað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins hinn 7. febrúar 2019 og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki lítið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að lítið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M. Fyrir liggur að tjónstilkynning vegna umferðarslyss barst V 16. mars 2020 og ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að M hafi leitað

læknis vegna þeirra einkenna sem hún rekur til árekstursins fyrir en hinn 25. maí 2020. Í skýrslu sjúkraþjálfara, dags. 5. ágúst 2020, kemur fram að M hafi þegar verið í sjúkraþjálfun vegna brjós-kloss í mjóbaki þegar áreksturinn átti sér stað, en að afleiðingar hans hafi fljótt komið í ljós og því hafi meðferðartímanum meira og minna verið varið í að kljást við þær. Um það bil þremur vikum eftir áreksturinn hafi M stífnað upp og því hafi fylgt hreyfiskerðing í háls- og brjóstþrygg og vöðvaeymsli milli herðablaða, í kringum axlagrind og upp í háls, sér í lagi vinstra megin. Þá séu einkenni hennar viðvarandi. Samkvæmt fyrirbyggjandi samskiptaseðlum úr sjúkraskrá, sem ná aftur til ársins 2006, hefur M þurft að kljást við ýmis einkenni frá stoðkerfi um árabil. M.a. kemur þar fram að M hafi farið úr axlarlið á árinu 2009, að hún hafi á árinu 2010 sótt sjúkraþjálfun m.a. vegna verkja frá hálsi, að hún hafi á árinu 2015 leitað læknis vegna langvinnra vöðvaverkja í hnakka og herðum sem hefðu ágerst, sér í lagi vinstra megin, að hún hafi hlotið áverka á baki á árinu 2016 og aftur á árinu 2018, og að hún hafi á árinu 2018 greinst með brjós-klos. Þá kemur fram í fyrirbyggjandi matsgerð bæklunarlæknis, dags. 10. ágúst 2021, að M hafi áður verið metin til örorku vegna afleiðinga áverka á vinstri öxl og vinstra hné. Þar kemur einnig fram að um þremur vikum eftir áreksturinn hafi M leitað á heilsugæslu vegna þess að hún festist í hálsi. Engin frekari gögn liggja hins vegar fyrir um þá heimsókn og verður ekki séð að hennar sé getið í fyrirbyggjandi samskiptaseðlum. Í matsgerð kemur jafnframt fram að við skoðun komi í ljós nokkuð skert hreyfing í hálsi, þreifueymsli í hnakkafestum og niður eftir hálsvöðvum og út á báða sjalvöðva, meira vinstra megin. Þá sé hreyfing í öxlum skert aðallega vegna sársauka í hálsi og herðum. Niðurstaða matsgerðarinnar er sú að orsakasamband á milli þeirra áverka sem greindir hafa verið eftir slysið „meiri en minni“ og að varanlegur miski M vegna þeirra sé 10 stig. Við mat á vægi umræddrar matsgerðar verður að hafa í huga að hennar er einhliða aflað af M og verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Þá verður ekki séð að heildstæð sjúkrasaga M hafi legið til grundvallar við matið, sbr. það sem að framan er rakið. Verður þá ekki talið að rökstuðningur matsins fyrir því að orsakatengsl séu milli árekstursins og einkenna M sé mjög afdráttarlaus. Af heildstæðu mati á öllum fyrirbyggjandi gögnum verður því ekki talið sýnt fram á orsakatengsl milli einkenna M og árekstursins. Verður kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 15. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 227/2021**M og
V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs hinn 25. mars 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 02.06.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 16.06.2021 ásamt fylgiskjölum 1-4.
Bréf V2, dags. 16.06.2021 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

Hinn 25. mars 2021 varð árekstur milli ökutækja A og B, sem M ók umrætt sinn, við gatnamót Flugvallavegar og Bústaðavegar í Reykjavík. Ökumenn fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu og á framhlið hennar kemur fram að A hafi ekið aftan á B. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir M atvikum svo að hún hafi verið að koma að gatnamótum og bílar fyrir framan hafi skyndilega hægt á sér. Til að varna árekstri hafi hún, eftir að líta í hliðarspegil og baksýnisspegil, ákveðið að fara yfir á vinstri akrein. A hafi greinilega gert það líka, en á meiri hraða, þannig að A hafi lent aftan á B. A lýsir atvikum svo að hann hafi verið á hægri akrein og tvær bifreiðar á undan honum. Fremri bílinn hafi skyndilega hægt á sér og gefið stefnumerki til hægri. Hafi A þá litið í hliðarspegil og séð bíl töluvert fyrir aftan sig og því náð að skipta um akrein til vinstri. Hafi B, sem var fyrir framan hann, þá beygt snögglega í veg fyrir A, líklega til að forða árekstri við fremri bifreiðina. Hafi A þá lent aftan á B. Ákomur á bifreiðarnar voru á hægri framhorni A og vinstra afturhorni B. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd váttryggingafélaganna og var öll sök lögð á B sem ekki hefði gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig fyrir akreinaskipti. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og segir í málskoti að A og B hafi skipt um akrein á sama tíma, enda hafi hún séð A í baksýnisspegli B áður en hún skipti um akrein. Hefði A haldið eðlilegu bili milli bifreiða hefði enda ekki átt að koma til áreksturs, jafnvel þó A og B skiptu um akrein á sama tíma. Telur M því að þar sem um aftanákeyrslu hafi verið að ræða eigi A að bera alla sök á árekstrinum.

V1, sem var váttryggjandi A tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að ökumaður B beri alla sök á umræddum árekstri. Þannig megi ráða af frásögnum aðila og gögnum málsins að A hafi þegar verið búinn að skipta um akrein þegar B beygði skyndilega yfir á sömu akrein án þess að gefa það til kynna með stefnumerki. Hafi B því ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig, sbr. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga áður en hún skipti um akrein.

V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að ökumaður A beri alla sök á umræddum árekstri. A og B hafi reynt að forða árekstri við bifreiðar fyrir framan þær með því að skipta um akrein. A hafi verið á meiri ferð og ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli sín og B, sbr. 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit:

Samkvæmt framangreindum framburði A hafði hann þegar skipt um akrein til vinstri þegar B beygði einnig til vinstri með þeim afleiðingum að A ók aftan á B. Af framburði B má hins vegar ráða að A og B hafi skipt um akrein á sama tíma. Ber ökumönnum því ekki að fullu saman um tildrög árekstursins. Af framhlið tjónstilkynningar sem er undirrituð af báðum ökumönnum, svo og af fyrirbyggjandi ljósmyndum má sjá að ákomur eru á hægri framhorni A og vinstra afturhorni B. Samræmast þær þannig þeirri atvikalýsingu að A hafi þegar verið búinn að skipta um akrein þegar B beygði til vinstri fyrir framan hann. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga ber ökumanni, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt framansögðu, og með hliðsjón af ákomum á bifreiðarnar, telst B ekki hafa gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni þykja þá ekki efni til að A beri hluta sakar vegna árekstursins.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 17. ágúst 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 228/2021**M og
V/ ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss hinn 23. ágúst 2018****Gögn.**

Málskot móttakið 28.05.2021 ásamt fylgiskjölum 1-10.
Bréf V dags. 18.06.2021 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 23. ágúst 2018 hafi M orðið fyrir slysi við störf sín hjá A. Atvik hafi verið þau að hann hafi verið að hífa steypueiningar upp á flatvagn og hafi staðið á flatvagnspallinum þegar honum skrifaði fótur og féll á jörðina með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Hafi lögregla og Vinnueftirlitið komið á vettvang og samkvæmt umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 30. apríl 2019, sé slys M að rekja til þriggja atriða: þess að skipulagi við verkið hafi verið ábótavant, staðsetningar stjórnanda á bílkrana við hífingu og þess að skort hafi á fullnægjandi fallvarnir. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns síns en V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 6. maí 2021. M telur að slys hans sé að rekja til þess að atvinnurekandi hafi vanrækt að tryggja öryggi á vinnustaðnum, sbr. 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá vísar M til 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 sem leggi þá skyldu á atvinnurekendur að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota hafi ekki í för með sér hættu gagnvart heilsu þeirra eða öryggi. Þetta hafi A vanrækt með því að gæta ekki að því að fallvarnir væru til staðar. Þá hafi verklagi við hífingar verið ábótavant en það sé verkstjóri sem beri ábyrgð á því, sbr. 21. gr. laga nr. 46/1980. Ljóst sé að engar vinnureglur hafi verið til staðar og heldur engar fallvarnir sem hefðu getað komið í veg fyrir slys M. Sérstaklega er áréttað að M hafi ekki séð um skipulag verksins, heldur hafi hann fengið fyrirmæli frá verkstjóra um að vinna það. Sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A, á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð, því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að atvik málsins séu óljós. Engin vitni hafi orðið að slysinu og M sjálfur muni ekki atvik þess, en í sjúkragögnum sé atvikum ýmist lýst þannig að M hafi fengið aðsvif og dottið aftur fyrir sig af pallinum eða gengið aftur á bak fram af honum. Tjón M verði þannig rakið til aðsvifs hans eða óhappatilviljunar, en ekki saknæmrar vanrækslu A, enda hvíli sönnunarbyrði um slíka vanrækslu á M og hafi honum ekki tekist að sýna fram á í hverju hún geti falist. Hvað varði skýrsla Vinnueftirlitsins sé félagið þá ekki sammála því að orsakir slyssins sé að rekja til þeirra atriða sem þar séu talin upp. Verklag hafi verið hefðbundið og í samræmi við það sem sé eðlilegt og viðurkennt og þá hafi M áralanga reynslu af verkum sem þessum. Þá hafi honum verið nauðsynlegt að standa á palli bifreiðarinnar við verkið. Auk þess hefði fallvörnum ekki verið komið fyrir á pallinum þar sem steypueiningar á honum hefðu útilokað það. Því standist skýrsla Vinnueftirlitsins, hvað varði orsakir slyssins, ekki skoðun. Það sé þá rétt að M hafi fengið fyrirmæli frá yfirmanni um að vinna umrætt verk, en hann hafi sjálfur séð um skipulag og stjórn þess. Slys M verði ekki rakið til saknæmrar vanrækslu A og er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna umrædds slyss. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og sönnunarbyrðin hvað það varðar hvílir á M. Í áður nefndri skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að orsök slyssins megi rekja til þess að skipulagi við hífingar hafi verið ábótavant, til staðsetningar M og til þess að fullnægjandi fallvarnir hafi skort. M byggir á því að með vísan til þessa hafi A brugðist skyldum sínum og beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Engin vitni urðu að því þegar M féll af vagninum og samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslu, dags. 30. ágúst 2018, mundi M ekki hvernig slysið atvikaðist. Þá er ekki fyllilega ljóst af öðrum fyrirliggjandi gögnum hvað gerðist, en í tilkynningu til Sjúkratrygginga, dags. 14. janúar 2019, sem M staðfestir með undirritun sinni, kemur fram að hann hafi gleymt sér augnablik, stigið af vagninum og fallið til jarðar. Í brádamóttökuskra, dags. 23. ágúst 2018, kemur einnig fram að M hafi bakkað út af pallinum en að hann neiti aðsvifi í aðdraganda þess. Í sjúkraskrá LSH, dags. 23. ágúst 2018, kemur hins vegar fram að M hafi fengið

aðsvif og dottið aftur fyrir sig. Virðist því helst sem um óhappatilvik hafi verið að ræða. Hefur samkvæmt framansögðu ekki verið sýnt nægilega fram á orsakatengsl þeirra atriða sem tiltekin eru í skýrslu Vinnueftirlitsins og tjóns M eða að orsakir tjónsins verði raktar til saknæmra athafna eða athafnaleysis A. Verður því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 229/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar veitufyrirtækis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns er loki í vatnsveitulögn gaf sig.****Gögn.**

Málskot, móttækið 3.6.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 21.7.2021.
Bréf V, dags. 29.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 25. maí 2020 var af hálfu A unnið við skipti á loka á vatnslögn þegar vatn fór að renna frá vinnusvæðinu inn í húseign M með þeim afleiðingum að tjón varð á húsnæðinu. M telja að tjónið hafi orsakast vegna vinnu starfsmanna hjá A þegar þeir unnu við skipti á lokanum og að mistök hafi orðið hjá starfsmönnum við framkvæmd verksins. Einnig hafi það verið mistök hjá A að loka ekki fyrir vatnið meðan á framkvæmdinni stóð. Þá efist M um að það hafi verið fyrir tilviljun að lokinn hafi gefið sig nákvæmlega á þessum tímamarki óháð gröfuvinnu og umfangsmiklum framkvæmdum á vegum A. Hafa M krafist bóta fyrir það tjón sem þau urðu fyrir af völdum vatnslekans úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Í tölvuskeyti verkstjóra hjá A til V, dags. 3. júní 2020, kemur fram að unnið hafi verið við að moka frá loka sem átti að skipta út daginn eftir, eða 26. maí 2020, þegar tæmistútur hafi gefið sig. Lokinn hafi verið frá 1990. Utan um lokann hafi verið steypdur rammi og ekki hafi verið kraflað í lokann heldur utan við rammann með handskóflu. Hringt hafi verið á slökkvilið til að aðstoða vegna leka inn í húsnæði M, en þar hafi lekið inn með ídráttarrörum sem ekki sé vitað hver eigi, allavega hafi ekki verið um að ræða ídráttarrör fyrir heitt vatn. Kveður verkstjórinn að lokinn hafi gefið sig án nokkurrar forsögu og hann myndi hafa gefið sig innan skamms án þess að nokkuð hafi séð á honum. Ekkert hafi bent til þess að þetta myndi gerast og hafi verið ófyrirséð. Í tveimur tölvuskeytum frá A, báðum dags. 4. júní 2020, kemur fram að A hafi verið „í þeirri vegferð að skipta lokum út sem eru ekki að virka vel og ekki orðnir gamlir“ og jafnframt að umræddur loki hafi gefið sig vegna lélegs ástands, en ekki hafi verið unnið við sjálfan lokann þegar hann gaf sig. Í bréfi V frá 29. júní 2021 segir að samkvæmt váttryggingartaka sé þrýstingur tekinn af lögninni þegar skipt er um lokann en menn hafi ekki verið komnir að þeim verkþætti þegar lokinn hafi gefið sig óvænt. V hafnaði bótakröfum M.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að óumdeilt sé að loki sá er gaf sig og olli tjóni í húsnæði M hafi verið í eigu og umsjá A. Lokinn mun hafa verið um þrjátíu ára gamall og unnið var við að skipta honum út sem lið í tilteknu verkefni sem fólst í því að skipta út lokum sem ekki voru að virka vel þótt þeir væru ekki gamlir. Ekki er heldur um það deilt að skipta átti honum út vegna lélegs ástands. Í gögnum málsins er ekki nánari grein gerð fyrir því í hverju hið lélega ástand lokans var fólgið og ekki er að sjá að nein sérstök rannsókn af hálfu hæfra og óvilhallra aðila hafi farið fram um ástand lokans og hvernig það atvikaðist að hann gaf sig á sama tíma og skipt var um hann, en það stóð A og V næst að hlutast til um að slík rannsókn færi fram. Eins og aðstæður voru þegar tjónsatvikið varð verður að telja að A hafi ásamt V sönnunarbyrðina um það að atvikið verði ekki rakið til háttsemi eða annars konar atvika sem A ber ábyrgð á. Sú sönnun hefur ekki tekist samkvæmt gögnum málsins. Af því leiðir að A ber skaðabótaábyrgð á tjóni því sem M urðu fyrir umrætt sinn. Telst tjónið því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 230/2021**M og
V v/ slysa og sjúkratryggingar.****Ágreiningur um hvort tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar tjón var tilkynnt.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 4.6.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V, dags. 30.6.2021.

Málsatvik.

Hinn 29.7.2017 sótti M sundvarðanámskeið á vegum atvinnurekanda síns. Námskeiðið mun hafa verið liður í starfi hans sem sundlaugavörður í tiltekinni sundlaug sem hann starfaði hjá. Varð M fyrir meiðslum þegar hann sótti námskeiðið. Í fyrirliggjandi gögnum er atvikum lýst þannig að M hafi verið að koma úr búningasklefa er hann rann til á blautum bletti og skall niður á hnakkann með þeim afleiðingum að hann fékk heilahristing. Samkvæmt læknisvottorði glímir M enn við ýmis einkenni vegna atviksins.

M kveðst hafa tilkynnt atvinnurekanda sínum um tjónið fljótlega eftir að atvikið átti sér stað og talið að hann myndi tilkynna tjónsatburðinn til V. Tjónstilkynning barst V hins vegar ekki fyrir en þann 18.9.2020. Hafnaði V bótaskyldu þann 20.10.2020, með vísan til þess að slysið væri of seint tilkynnt í skilningi 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á eða ef tryggingafélaginu hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaraturburðinn með öðrum hætti.

Gögn málsins bera með sér að M hafi hlotið varanlegar afleiðingar af slysinu. Þá bera gögn málsins með sér að M hafi mátt vera ljóst að afleiðingarnar yrðu varanlegar í síðasta lagi þegar ár var liðið frá slysinu. Verður því að telja, með hliðsjón af 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga að M hafi, með því að gera ekki kröfu til bóta innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á, glatað rétti sínum til bóta úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 231/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X
Fall starfsmanns skóla í hálfu á bílastæði 5. febrúar 2020.****Gögn.**

Málskot dags 7. júní 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 5. júlí 2021, ásamt váttryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar atvinnureksturs nr. AA20.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, sem er hluti af gögnum málsins, kemur fram að M féll í hálfu á bílastæði við skóla um kl. 8 að morgni 5. febrúar 2020. Þegar lögregla kom á vettvang var rigning og dimmt á vettvangi og kemur fram í skýrslu lögreglu að sandur hafi verið borinn á bifreiðastæðið „...fyrir einhverju síðan en snjóað hafði yfir hann. Mikil hálka og blaut svell hafði myndast.“ Ekki voru sjónarvottar af sjálfu fallinu en samstarfsmenn M voru á vettvangi og veittu aðstoð. Í samtali lögreglumanna og skólastjóra kom fram að einhverjir dagar væru frá því að bifreiðastæðið hefði verið sandað en að snjóað hefði eftir það og svo hlánað.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og vísar til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 21. febrúar 2020 og þá hafi eftirlitið ekki talið ástæðu til að rannsaka vettvang. M byggir á því að starfsmenn skólans hafi ekki brugðist rétt við veðuraðstæðum umræddan morgun og að það felist í starfsskyldum umsjónarmanns að annast snjómokstur frá dyrum og af tröppum skólans og útvega sand eða snjómokstur á skólalóð. M telur að þeim skyldum hafi ekki verið sinnt og að brýnt hafi verið að hálfuverja bifreiðastæði þann morgun sem slysið varð. Einnig vísar M til þess að starfsmenn skólans hafi kvartað yfir hálfu stuttu áður en slys M varð og þeim kvörtunum hafi ekki verið sinnt. M vísar auk þessa til 8. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um öryggi í grunnskólum þar sem kemur fram að það skuli útbúin handbók fyrir starfsfólk grunnskóla. Í þeirri handbók komi fram ákvæði í gr. 5.5.11 um hálfu sem segi að áður en starfsemi hefjist í skólanum þurfi að vera búið að hálfuverja og sérstaklega vísað þar til bílastæða. M bendir á að ekki séu til myndir af vettvangi á vegum skólans og verði X því að bera hallann af því að ekki hafi verið hægt að sýna fram á hvernig aðstæður voru í raun og veru sem og leiði vanræksla á því að tilkynna um slys M til sömu niðurstöðu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að slys M verði ekki rakið til saknæmra og ólögðmætra athafna eða athafnaleysis X eða einhvers sem X ber ábyrgð á. V telur að gera verði sanngjarnar og eðlilegar kröfur til X og veita starfsmönnum svigrúm til að meta aðstæður þegar allra veðra er von. Slys M hafi orðið um hávetur sem gefi vegfarendum almennt aukið tilefni til að fara varlega. Einnig bendir V á að þó ráðstafanir hefðu verið gerðar vegna hálfu á bifreiðastæðinu væri ekki alltaf hægt að uppræta hana alveg á stórum svæðum eins og bílastæðum. Auk þess vísar V til þess að M hefði átt að kunna fótum sínum forráð og ekki sé hægt að búast við að bílastæði séu hálkulaus á þeim tíma sem slysið varð.

Álit

Í gögnum málsins kemur fram að slys M varð 5. febrúar 2020. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um veðurfar í aðdraganda slyssins og ekki hafa verið lögð fram gögn sem styðja fullyrðingar í málskoti um að starfsmenn skólans hafi kvartað undan hálfu á bílastæði við skólann áður en M slasaðist. Ekki verður því talið sannað að á starfsmönnum skólans hafi hvílt sérstök athafnaskylda vegna þess og aðstæðna á bílastæðinu þann morgun er slysið varð. Í gögnum málsins kemur heldur ekki skýrt fram að aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn skólans hafi vanrækt almennar skyldur sínar vegna aðstæðna á bílastæðinu. Miðað við þær upplýsingar sem koma fram í gögnum málsins á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 232/2021**M og
V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu launþega.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 7.6.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
Bréf V, dags. 15.7.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

M, starfsmaður tiltekins sveitarfélags, lenti í umferðarslysi frítíma sínum, þann 6.10.2020. Gerði M kröfu um að V viðurkenni greiðsluskyldu úr slysatryggingu sem sveitarfélagið er með í gildi hjá V samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags Öldunnar og sveitarfélagsins. V hafnaði hins vegar bótaskyldu á þeim grundvelli að tjón af völdum umferðarslysa falli ekki undir slysatrygginguna.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og vísar til þess að í kjarasamningnum komi fram að tryggingin gildi allan sólarhringinn. Slysatrygging fari skv. kjarasamningi en ekki skv. skilmálum V. Skilmálar sem félagið hefur sett sjálf gildi því ekki í slysatryggingum skv. kjarasamningi nema sérstaklega sé vitnað til þeirra í kjarasamningnum. Telur M þar af leiðandi að hún eigi bótarétt úr tryggingunni þar sem tjón af völdum umferðarslysa eru ekki sérstaklega undanþegin í kjarasamningnum sjálfum.

V hafnar röksemdum M og vísar til þess að takmarkanir á bótaskyldu sem um getur í tryggingarskilmálum falli niður þegar starfsmaður er við störf sín eða á ferðalagi. Af því leiði að þegar starfsmaður er ekki við störf sín gildi þær takmarkanir á bótaábyrgð sem fram koma í vátryggingarskilmálanum. Þá segi enn fremur í 7.1.7. gr. kjarasamningsins að skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT), þegar samkomulagið (kjarasamningurinn) var gerður. Í fyrirmynd SÍT að skilmálum slysatryggingar launþega frá 5.6.2000 segi m.a. að ekki greiðist bætur fyrir varanlega örorku ef bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjetryggingu. Sambærilega undantekningu sé jafnframt að finna í skilmálum V. Telur V að þó skilmálar SÍT hafi ekki verið uppfærðir og ákvæði kjarasamningsins staðið óbreytt gildi þær takmarkanir sem þar komi fram eftir sem áður.

Álit.

Í vátryggingarskilmála slysatryggingar V kemur fram að félagið greiði ekki bætur vegna slyss þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjetryggingu þ.e. ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, nema annað leiði af kjarasamningi. Samkvæmt framangreindu er ljóst að bótaréttur er ekki fyrir hendi úr slysatryggingunni, nema annað leiði af kjarasamningi. Verður því að leggja mat á það hvort ákvæði kjarasamningsins feli í sér að tjón vegna umferðarslysa falli undir slysatryggingu launþega.

Í 7.1.7. gr. kjarasamningsins kemur fram að skilmálar slysatryggingarinnar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá SÍT, þegar kjarasamningurinn var gerður, eftir því sem það á við og með þeim frávikum sem í kjarasamningnum greinir. Kjarasamningurinn var undirritaður þann 16.1.2020. Fyrir liggur að SÍT var lagt niður, þann 1.1.2007 þegar SÍT sameinaðist öðrum félögum undir heitinu Samtök fjármálafyrirtækja. Það er því ljóst að engir almennir skilmálar voru í gildi hjá SÍT þegar samningurinn var gerður. Síðustu skilmálar SÍT virðast skv. gögnum málsins hafa verið gerðir þann 5.6.2000.

Að mati nefndarinnar felur framangreind tilvísun í kjarasamningi til ákvæða almennra skilmála SÍT það ótvírætt í sér að almennir skilmálar SÍT gildi um slysatrygginguna. Jafnvel þótt SÍT hafi verið lagt niður árið 2007 er ekkert sem stendur í vegi fyrir að áfram verði stuðst við síðustu gerð þeirra með þeim hætti sem gert var í kjarasamningi og að tilvísun til þeirra standi óhöggud. Verður því að líta svo á að samningsaðilar hafi sammælt um að bótaréttur skv. kjarasamningi skuli ráðast af þeim skilmálum sem SÍT gaf út þann 5.6.2000.

Í skilmálum SÍT kemur fram að ekki greiðast bætur vegna varanlegrar örorku ef bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjatyrggingu. Af þeim sökum og í ljósi þess að M á bótarétt vegna slyssins úr lögboðinni ökutækjatyrggingu er það niðurstaða nefndarinnar að M eigi ekki bótarétt úr slysatryggingu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysa- og sjúkratyrggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 233/2021**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 2. febrúar 2021.****Gögn.**

Málskot, móttækið dags. 29.05.2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 13.08.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 2. febrúar 2021 hafi bifreiðin A, sem M ók, runnið til í hálfu á bifreiðastæði í Ártúnsholti, Reykjavík, og hafnað á bifreiðinni B. Áreksturinn hafi leitt til líkamstjóns M. V hafi hafnað kröfu M um bætur úr slysatryggingu ökumanns og eigenda A á grundvelli þess að svokölluð PC-Crash skýrsla benti til þess að líkamstjón hefði ekki getað hlotist af umræddu atviki og væru orsakatengsl milli þess og þeirra einkenna sem M ræki til þess því ekki sönnuð. M fellir sig ekki við þá afstöðu, hann hafi strax leitað til læknis vegna áverka á baki og hálsi og þannig leitt líkur að því að áreksturinn væri orsök þeirra áverka. Þá eigi ekki að skipta máli að M hafi áður sætt mati vegna fyrra umferðarslyss, enda eigi það ekki að bitna á mati á orsakatengslum þó tjónþolar eigi sögu um einkenni um stoðkerfi, enda geti það þvert á móti leitt til þess að orsakatengsl séu skýrari. Þá hafi verið ákomur á báðum bifreiðunum sem bendi til þess að höggið hafi verið nokkurt. Gerðar eru sérstakar athugasemdir við að V hafi hafnað bótaskyldu eingöngu á grundvelli umræddrar skýrslu áður en læknisfræðileg gögn hafi legið fyrir. Þá er vísað til þess að slíkar skýrslur sem vátryggingafélag afli einhliða hafi afar takmarkað sönnunargildi, séu ótækar sem gögn fyrir dómstólum, og geti ekki einar og sér leitt til þess að bótaskyldu sé hafnað með vísan til þess að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli árekstrar og áverka.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans séu ósönnuð og sönnunarbyrðin hvað það varði hvíli á M. Höggið af árekstrinum hafi verið mjög vægt, sbr. niðurstöður PC-Crash skýrslu en auk þess hafi mjög litlar skemmdir orðið á A. Sé því ómögulegt að líkamstjón hafi hlotist af umræddum árekstri. Þá telji V að einkenni þau sem M reki til slyssins séu öll þau sömu og hann þjáðist af fyrir og ekki liggi fyrir neitt sérstakt læknisfræðilegt mat á því að einkenni hans verði rakin til árekstursins. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sýnt sé fram á orsakatengsl milli umrædds áreksturs og þeirra líkamlegu einkenna sem M rekur til hans. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Er því fallist á það með M að þó skýrslan lýsi afar litlum þyngdarkrafti árekstursins verði ekki dregnar viðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og einkenna M en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni eru takmörkuð en fyrir liggja upplýsingar úr sjúkraskrá vegna komu M á heilsugæslu hinn 2. febrúar 2021, eða sama dag og áreksturinn átti sér stað, og vegna síðari heimsókna hans þangað hinn 22. febrúar og 16. mars sama ár. Í fyrri tveimur komum sínum til læknis lýsir M aðallega einkennum frá hálsi og eymslum milli herðablaða, en í hinni þriðju lýsir hann dofa í útlimum sem hafi verið viðvarandi í ár en versnað í kjölfar árekstursins. Engin frekari gögn liggja fyrir um fyrra heilsufar M, frekari læknisfræðilegar rannsóknir eða meðferð né er fyrirbyggjandi mat lækna á orsökum einkenna M. Virðist M þá hafa verið með einkenni frá stoðkerfi fyrir umræddan árekstur, og í málskoti er tekið sérstaklega fram að hann hafi verið metinn til örorku vegna fyrra umferðarslyss, án þess þó að nokkur gögn liggi fyrir um matið eða varanlegar afleiðingar þess slyss. Með heildstæðu mati á öllu framangreindu verður ekki talið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir bótaskyldu líkamstjóni við umræddan árekstur og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 234/2021**M og
V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um gildissvið vátryggingar og slyshugtak hennar.****Gögn.**

Málskot móttakið 8. júní 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 21. júní 2021, ásamt tjonstilkynningu.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið einsömul í sumarbústað sínum og legið þar fyrir. Þegar hún hafi risið snögg upp hafi hún fengið óvæntan svima með þeim afleiðingum að hún datt aftur fyrir sig á hnakkann og missti meðvitund og hafi það haft þær afleiðingar að M búi við líkamstjón vegna þessa atviks. Í tjonstilkynningu M til V kemur fram að M hafi fengið aðsvif og dottið fyrirvaralaust í gólf þess vegna.

M hefur gert kröfu um viðurkenningu bótaskyldu úr slysatryggingu í fjölskyldutryggingu sinni vegna líkamstjóns og telur að það sé utanaðkomandi atburður að fá skyndilegan svima og falla aftur fyrir sig og það breyti engu hvort það sé vegna bleytu á gólfi eða þess að M hafi rekið sig í einhvern hlut. M mótmælir því að um sé að kenna „innri veiklun“ eins og V beri fyrir sig.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að líkamstjón M falli ekki undir gildissvið slysatryggingar hennar þar sem slys sé skilgreint með þeim hætti að þar sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. V vísar til þess að óumdeilt sé að M hafi fallið aftur fyrir sig vegna aðsvifs og almennt sé talið að líkamstjón sem verður vegna innri orsaka, t.d. aðsvifs eða yfirlíðs falli ekki undir hugtakið slys í vátryggingarétti þar sem ekki sé þá um utanaðkomandi atburð að ræða. V vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 128/2013 og 412/2011 sem og úrskurða nefndarinnar því til stuðnings.

Álit.

Í málinu liggur fyrir lýsing atvika bæði í tjonstilkynningu M til V og málskoti til nefndarinnar þar sem M kveðst hafa fallið vegna aðsvifs og hlotið þannig líkamstjón sem lýsi sér í verkjum í baki.

Í vátryggingarétti er orðið slys gjarnan skýrt sérstaklega í vátryggingarskilmálum vátryggingafélaga með þeim hætti að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í skilmála slysatryggingar í frítíma fjölskyldutryggingar M hjá V.

Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi vátryggingarskilmála. Af þeim dómum má einnig ráða að þegar fall sé rakið til svima, sjúkdóma eða annars ástands í líkama vátryggðs þá sé ekki um að ræða utanaðkomandi atburð m.t.t. hefðbundinnar skýringar á slyshugtaki vátryggingaréttar. Verður ekki annað sé en að meðvitundarmissir M í þessu máli verði rakinn til innra ástands í líkama hennar en ekki til utanaðkomandi atburðar og fellur líkamstjón hennar því ekki undir gildissvið slysatryggingar fjölskyldutryggingar hennar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 235/2021**M og
V v/ábyrgðartryggingar ökutækisins X****Sönnun orsakatengsla. Líkamstjón.****Gögn.**

Málskot móttakið 8. júní 2021, ásamt fylgiskjölum.
Matsgerð dags. 2. september 2021.
Bréf V dags. 28. desember 2021.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 18. janúar 2022.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðar á Miklubraut þegar bifreið X var ekið aftan á bifreið M hinn 4. desember 2019. Í tjónstilkynningu vegna árekstursins er haft eftir báðum öikumönnum að ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bifreiðunum. Hinn 27. apríl 2020 tilkynnti M um líkamstjón til V og kemur þar fram að hún hafi leitað á Læknavaktina 5. desember 2019 og hafi verki í hálsi og baki. Í gögnum málsins er fjallað um þessa heimsókn sem og liggja fyrir ítarlegar læknisfræðilegar upplýsingar um fyrra heilsufar M. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla frá Aðstoð og Öryggi um PC-crash útreikninga sem og matsgerð um afleiðingar ætlaðs líkamstjóns dags. 2. september 2021. Í þeirri matsgerð kemur fram að ekki séu að mati matsmanna orsakatengsl milli stoðkerfiseinkenna, vöðvaverkja og þreytu sem M býr við og árekstursins og telst hún því ekki hafa hlotið tímabundin eða varanleg líkamleg einkenni vegna hans.

M telur að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum 4. desember 2019 og hefur krafist V um bætur vegna þess. Í málskoti er gerð grein fyrir kröfu M um viðurkenningu á greiðslu kostnaðar við gagnaöflun og matsgerð en af gögnum málsins má ráða að lögmaður M hafi verið búinn að senda beiðni um matsgerð áður en málskot barst nefndinni. Þar, sem og í málskoti, er því haldið fram að M hafi ekki getað gætt hagsmuna sinna við gerð PC-crash útreikninga sem V hafi einhliða lagt fram, ekki hafi legið fyrir mælingar af bifreiðunum eða ljósmyndir af afstöðu þeirra á vettvangi og eigi skýrsla vegna slíks útreiknings því ekki að hafa nokkuð sönnunargildi. Eftir að matsgerð dags. 2. september 2021 var lögð fyrir nefndina tilkynnti lögmaður M að ekki yrðu gerðar frekari athugasemdir vegna málsins við nefndina.

V hefur hafnað greiðsluskyldu vegna málsins og telur að ekki sé sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við árekstur hinn 4. desember 2019. V vísar til þess að einkenni M séu almenn og algeng og með niðurstöðu matsgerðar dags. 2. september 2021 sé ljóst að ekki sé sannað að orsakatengsl séu milli einkenna hennar og árekstursins 4. desember 2019.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um greiðsluskyldu V vegna ætlaðs líkamstjóns M í árekstri þar sem ekið var aftan á bifreið hennar. M ber skv. almennum sönnunarreglum sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í gögnum málsins má sjá upplýsingar um einkenni þau sem M telur tengjast fyrrnefndum árekstri sem og gögn um áreksturinn. Í matsgerð dags. 2. september 2021 komast tveir matsmenn að þeirri niðurstöðu að ekki séu orsakatengsl milli áreksturs og einkenna M á grundvelli þessara gagna. Þegar litið er til þess sönnunargagns verður ekki séð að M hafi tekist sönnun um líkamstjón sitt vegna árekstursins 4. desember 2019.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 237/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar ökutækis A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar ökutækis B****Árekstur á Þórunnarstræti á Akureyri 23. febrúar 2021.****Gögn.**

Málskot, móttækið 11. júní 2021, ásamt fylgigögnum og tölvupósti dags. 24. júní 2021.

Bréf V2, dags. 16. júní 2021, ásamt afriti af öllum gögnum málsins hjá félaginu.

Bréf V1, dags. 22. júní 2021.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að árekstur hafi orðið með ökutækjunum A og B þegar ökutæki B var ekið eftir Þórunnarstræti og á hurð ökutækis A. Í sömu skýrslu kemur fram að ökumaður ökutækis A kveðst hafa verið nýbúin að setja dóttur sína í aftursæti og verið að setjast inn ökumanns megin þegar árekstur varð og þar kemur einnig fram að hún kvaðst ekki muna nákvæmlega hversu mikið bílhurðin var opin. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið á um 40 km/klst hraða þegar hún heyrði háværan dyng og hélt að hún hefði ekið utan í hliðarspegil ökutækis A og aldrei séð hurð þess.

M, sem var ökumaður ökutækis A, telur að alla sök eigi að leggja á ökumann ökutækis B þar sem hann hafi ekið á hurð ökutækis A. M lýsir atvikum þannig að hún hafi staðið við hurð ökutækis A og verið að teygja sig eftir sköfu sem hún hafði gleymt á þaki þess þegar ökumaður bifreiðar B hafi ekið á hurðina. M kveðst því ekki hafa opnað hurð út í umferð.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að leggja eigi alla sök á M, sem ökumann ökutækis A, þar sem hún hafi opnað hurð út í umferð í veg fyrir ökutæki B og vísar um það til 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M, sem ökumaður ökutækis A, hafi verið með opna hurð við akbraut Þórunnarstrætis þegar árekstur varð og þegar litið er til framburðar í lögregluskýrslu þá man hún ekki nákvæmlega hversu hurðin var mikið opin þegar árekstur varð. Sérstök aðgæsluskylda hvílir á þeim sem opnar hurð við akbraut skv. 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og telst M ekki hafa sýnt fram á að hún hafi gætt sín nægilega vel. Af framburði ökumanns ökutækis B verður hins vegar einnig ráðið að hún hafi ekki gætt nægrar aðgæslu við akstur sinn framhjá kyrrstæðu ökutæki A. Verður sök skipt þannig að M sem ökumaður ökutækis A ber 2/3 hluta sakar en ökumaður ökutækis B ber 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður A ber 2/3 hluta sakar en ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 238/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 9. desember 2019.****Gögn.**

Málskot, móttækið dags. 10.06.2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 29.06.2021, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 9. desember 2019 hafi bifreiðin A ekið aftan á B sem M ók. B hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn átti sér stað. B hafi skemmt nokkuð við áreksturinn og M fengið hnykk á stoðkerfi. M hafi strax leitað á bráðamóttöku og þar fengið greiningu um tognun og ofreynslu á háls hrygg og lendahrygg. Hinn 8. janúar 2020 hafi M leitað á heilsugæslu vegna einkenna sem hann fann enn fyrir frá hálsi og baki. Hafi M, hinn 26. mars 2020 fengið tilvísun í sjúkrahjálfun sem hann hafi sótt síðan. Hinn 2. september 2020 hafi M leitað til heilsugæslu vegna þrálátra einkenna frá mjóbaki, upp eftir hrygg og upp í háls. M finni enn fyrir einkennum slyssins og hafi þau m.a. haft áhrif á starfsgetu hans. V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A með vísan til útreikninga á hraða ökutækisins og þess að höggkraftar við áreksturinn bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hefði getað hlotist af honum. M fellir sig ekki við þessa afstöðu og vísar til þess að framburður sinn hafi verið stöðugur varðandi eðli og ástæður einkenna sinna sem hann hafi strax tengt við áreksturinn. Þá hafi skemmdir á bifreiðunum verið nokkrar og bent til þess að um nokkuð harðan árekstur hafi verið að ræða. Þá liggja fyrir læknisfræðileg gögn um greiningu einkenna M strax á slysdegi svo og gögn um síðari komur hans til læknis og meðferð sjúkrahjálfa. M eigi enn fremur ekki fyrri sögu um verki frá stoðkerfi. Þá er vísað til þess að svokölluð PC-Crash skýrsla sem váttryggingafélag afli einhliða hafi afar takmarkað sönnunargildi.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans séu ósönnuð og sönnunarbyrðin hvað það varði hvíli á M. Höggjð af árekstrinum hafi verið mjög vægt, sbr. ljósmyndir af B og niðurstöður PC-Crash skýrslu og ómögulegt að líkamstjón hafi hlotist af honum. Þá hafi M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða mats á varanlegum afleiðingum árekstursins. Af þeim rýru gögnum sem fyrir liggja megi allt eins ráða að einkenni hans megi rekja til mikils álags í námi, vinnu og einkalífi. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 9. desember 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M. Fyrir liggur að í tjónstilkynningu vegna árekstursins, dags. 10. desember 2019, kemur fram að M hafi slasast við áreksturinn. Þá liggur fyrir að M leitaði samdægurs, hinn 9. desember 2019, á bráðamóttöku og lýsti þá einkennum frá baki og fótleggjum. Var hann þá greindur með tognun og ofreynslu á háls hrygg og lendahrygg. Þá liggur fyrir að M leitaði á heilsugæslu hinn 8. janúar 2020 og lýsti þá verkjum frá mjóbaki og hnakka. M leitaði einnig á heilsugæslu hinn 2. september 2020, og lýsti þá langvarandi bakverkjum í kjölfar árekstursins. Fram kemur í fyrirliggjandi læknisvottorðum að M eigi ekki sögu um verkjavandamál og að fyrir umræddan árekstur sé ekki að finna neinar nótur þar sem M lýsi verkum frá stoðkerfi eða einkennum sem svipi til þeirra einkenna sem hann rekur til árekstursins. Þá er fyrirliggjandi greinargerð sjúkrahjálfa, dags. 21. júní 2021, en M sótti sjúkrahjálfun samtals 65 sinnum á tímabilinu 4. febrúar 2020 til 26. maí 2021. Er lýsing sjúkrahjálfa á þá leið að fram- og afturbeygjur í mjóbaki séu viðkvæmar og verkur og mikil spennan við þreifingu á vöðvum vinstra megin í mjóbaki og stífni sé í hálsi við allar hreyfingar og varnarspenna. Af framangreindum gögnum telur nefndin meiri líkur en minni á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggja fyrir hver fjárhæð þess geti orðið. Af þeirri skýrslu sem V byggir mál sitt á og aflaði

einhlíða verða, eins og áður segir, ekki dregnar víðtækar ályktanir um að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn benda til annars. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 15. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 239/2021**M og****V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á bifreiðastæði hinn 27. apríl 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 10.06.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 16.06.2021 ásamt fylgiskjali.
Bréf V2, dags. 24.06.2021.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 24.06.2021.

Málsatvik.

Hinn 27. apríl 2021 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B, á bifreiðastæði við Kaupþún, Garðabæ. Lögregla var kölluð á vettvang og er skýrsla hennar, dags. 10. maí 2021 fyrirbyggjandi, en myndbandsupptaka af atvikinu er jafnframt meðal málgagna. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. Í málskoti lýsir M atvikum svo að hún hafi byrjað að bakka úr stöðureit á undan B, og engin umferð hafi verið á bifreiðastæðinu þegar hún hóf akstur aftur á bak. B hafi þá bakkað úr stöðureit gegnt A og á A og beri því alla ábyrgð á umræddum árekstri. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu er haft eftir M að hún hafi verið búin að bakka A út úr stæðinu, A verið kyrrstæð og M verið að setja í gír til að aka áfram þegar B hafi ekið utan í A. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi bakkað úr stæðinu og rekist á A.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að ökumaður B beri alla sök á umræddum árekstri. Þrátt fyrir að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs sé ljóst af fyrirbyggjandi myndbandi að þegar M hóf akstur aftur á bak hafi B verið kyrrstæð í stöðureit fyrir aftan A. Þannig hafi A verið komin inn á akbrautina um bifreiðastæðið þegar B hóf aksturinn. B hafi því með aksturslagi sínu ekki gætt nægilega að ákvæðum 1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V2, sem var vátryggjandi B tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að sök skuli skipt til helminga. Ráða megi af fyrirbyggjandi myndbandsupptöku að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak og að þær hafi báðar verið á hreyfingu er árekstur varð. Á báðum ökumönnum hafi hvílt sú skylda að gæta að því að unnt væri að aka aftur á bak án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga og hafi þeir báðir vanrækt þessa skyldu. Breyti þar engu að A hafi hafið akstur aftur á bak á undan B enda sé aðgæsluskylda ekki síður til staðar meðan á akstri stendur.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M kröfur sínar og áréttar að B hafi hafið aksturinn án þess að gæta að annarri umferð.

Álit:

Á fyrirbyggjandi myndbandsupptöku má sjá að A hóf akstur aftur á bak úr stöðureit um tveimur sekúndum á undan B. Ekki verður séð að A hafi staðnæmst fyrir árekstur bifreiðanna heldur virðist sem báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð er áreksturinn varð. Af myndbandinu má því ráða að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda árekstrar. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Með hliðsjón af gögnum málsins, sér í lagi umræddu myndbandi, verður að telja að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði. Þannig hafi B ekki gengið nægilega úr skugga um aðra umferð áður en hann hóf aksturinn og A ekki gætt nægilega að annarri umferð meðan á akstri stóð. Er þá ekki tilefni til að leggja sök á árekstrinum á annan ökumanna umfram hinn. Verður sök því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar, nr. 30/2019, skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 17. ágúst 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 240/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Skaðabótaábyrgð vegna slyss í dagvist****Gögn.**

Málskot móttakið 8.6.2021, auk fylgiskjala.
Bréf V, dags. 25.6.2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er málsatvikum lýst þannig að M, sem er skóli fyrir börn með sérþarfir, hafi verið í dagvist þann 18. júní 2020. Hún hafi verið að leika sér á lóð félagsmiðstöðvarinnar þegar samnemandi hennar, A, hafi gengið aftan að henni og hrint henni í jörðina með þeim afleiðingum að hún varð fyrir meiðslum á hægri fæti.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar á grundvelli almennu sakareglunnar og reglunni um vinnuveitendaábyrgð X. Fyrir liggja að starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar hafi sýnt af sér gáleysi við eftirlit og aðgæslu A, þ.m.t. að tveir starfsmenn hafi haft eftirlit og gæslu með A en aðeins annar þeirra hafi verið með A þegar slysið varð. Þá hafi A áður sýnt af sér sambærilega hegðun og starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar hafi ríka skyldu til að hafa fullnægjandi eftirlit með A.

V telur skaðabótaábyrgð ekki fyrir hendi og hafnar því að slys M megi rekja til saknæmrar hegðunar eða eftir atvikum athafnaleysis starfsmanna X eða að slysið verði rekið til annarra atvika sem X beri ábyrgð á. Í málinu sé upplýst að á tjónsdegi hafi verið ofmönnum, þ.e. venjulega hafi aðeins einn starfsmaður eftirlit með A og því hafi ekki skort á eftirlit þegar tjónið varð. Þá er því hafnað að A hafi áður sýnt af sér sambærilega hegðun. Einnig sé ekki hægt að fallast á að starfsmenn frístundamiðstöðvarinnar hafi mátt sjá umræddan atburð fyrir og getað komið í veg fyrir hann. Atburðarrásin hafi verið hröð og ófyrirsjáanleg. Þá sé það vart talið starfsmönnum til gáleysis eða talið vanræksla á eftirliti að för A, þegar hann tók á rás, hafi ekki verið stöðvuð. Þannig hafi það komið öllum á óvörum að A skuli hafa ýtt M með þeim afleiðingum að hún varð fyrir tjóni. Í málinu sé ekkert fram komið sem bendir til þess að atvikið sé að rekja til ófullnægjandi öryggisráðstafana eða vanrækslu af hálfu starfsmanna X.

Álit.

Í málinu er ekki ágreiningur á meðal aðila um málsatvik. Hins vegar er ágreiningur um hvort A hafi áður sýnt af sér sambærilega háttsemi. Gegn neitun X verður að telja það ósannað. Þá liggur einnig fyrir að ekki haft skort á mönnum eða eftirlit með A á tjónsdegi, þó svo að ekki sé upplýst hvort afleysingarstarfsmaður hafi verið með A þegar tjónið varð eða ekki. Þá verður einnig að fallast á það með V að það geti ekki talist starfsmönnum X til gáleysis eða vanrækslu á eftirliti að hindra för A þegar börn á frístundaheimili eru við leik. Þannig sé það ekki tilgangur frístundaheimilisins að hindra frjálsta för barna á skólalóð eða innbyrðis samskipti þeirra. Atburðarrásin hafi verið hröð, óvænt og ófyrirsjáanleg. Verður að fallast á það með V að það verður var talið starfsmönnum X til gáleysis eða til vanrækslu að hindra för A á skólalóð við leik. Af því leiðir að ekki verður talið að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða með einhverjum hætti brugðist starfsskyldum sínum. M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 241/2021**M og****V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss af völdum brettatjakk.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.7.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 19. september 2019 varð M, starfsmaður A, fyrir meiðslum á fæti er hann var að störfum fyrir A í tiltekinni vörugæmslu í eigu fyrirtækisins B. Slysið mun hafa borið að með þeim hætti að brettatjakk var ekið í hlið M en of há kassastæða á brettatjakknum hafi byrgt stjórnanda hans, D, sýn. Kveður M að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi D sem einnig sé starfsmaður A. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Kveður M að D hafi verið að vinna í þágu A og undir hans boðvaldi þegar slysið varð. Hafi D sinnt nákvæmlega sömu störfum og M hjá A og hafi verið á bifreið frá A. Hafi D verið eins og hver annar launþegi að störfum hjá A.

V hefur hafnað bótaskyldu. A sinni tilteknum verkefnum í fyrrgreindri vörugæmslu B. D hafi ekki verið starfsmaður A heldur sjálfstætt starfandi verktaki. Ekkert launþegasamband hafi verið á milli D og A. D starfi fyrir E, nánar tilgreinda sendibílastöð, og fyrir liggja tveir reikningar frá E vegna mánaðanna september og október 2019 vegna starfa D í þágu A. A hafi ekki útvegað D tæki og tól og brettatjakkur sá er D stjórnaði er slysið varð hafi verið í eigu B. Samkvæmt þessu hafi D verið sjálfstæður verktaki á vegum E og því hafi hann ekki verið á ábyrgð A.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins greinir málsaðila ekki á um að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi D. Ekki er heldur um það deilt að umrætt sinn var D að störfum í þágu A í vörugæmslu B. Á hinn bóginn greinir aðila á um það hvort slíkt ráðningarsamband hafi verið á milli A og D að A beri ábyrgð á líkamstjóni M á grundvelli reglna skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð.

Mjög takmarkaðra gagna nýtur við í málinu varðandi það hvernig starfssambandi A og D hafi verið háttáð þegar slysið varð. Í tölvubréfi A til V, dags. 12. júlí 2021, kemur fram að einstaklingur með tilteknu fornafni hafi verið verktaki hjá A í vörudreifingu og hafi verið verktaki í tvö til þrjú ár og umræddan dag hafi hann verið að vinna á athafnasvæði B. Jafnframt liggja fyrir tveir handskrifaðir reikningar útgefnir af E til A, dags. 30. september og 31. október 2019, vegna þess sem tilgreint er í reikningunum sem „aðstoð við akstur“. Engin undirgögn að baki þessara reikninga liggja fyrir og þeir bera ekki með sér í hverju aðstoðin var fólgin, hvaða einstaklingur eða einstaklingar veittu aðstoðina né heldur hvernig fjárhæð hvors reiknings hafi verið fundin út. Enginn skriflegur verksamningur liggur fyrir milli A annars vegar og D eða E hins vegar. Engin skýr gögn liggja heldur fyrir um það í hverju starf D fyrir A var beinlínis fólgið eða hvernig fyrirmæli voru gefin við framkvæmd starfans. Þótt fram komi af hálfu V að A hafi ekki útvegað S tæki og tól hefur ekki verið mótmælt sérstaklega þeirri staðhæfingu M að D hafi verið á bifreið frá A þegar slysið varð. Eins og málið liggur fyrir verður að telja að það hafi fyrst og síðast verið á færi A að leggja fram viðhlítandi gögn til að eyða óvissu um það hvernig samningssambandinu milli A annars vegar og D eða E hins vegar var í reynd háttáð. Í ljósi þessa og með tilliti til þess að ekki er um það deilt að D var að störfum í þágu A þegar umrætt slys varð verður að telja að A ásamt V hafi sönnunarbyrðina um það að A beri ekki ábyrgð á líkamstjóni M á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar. Samkvæmt því sem að framan greinir hafa engin haldbær sönnunargögn verið lögð fram sem sýna fram á að D hafi starfað í þágu A umrætt sinn á grundvelli verksamnings en ekki ráðningarsamnings. Með því að A og V hafa ekki axlað þá sönnunarbyrði sem á þeim hvíldi að þessu leyti telst A bera ábyrgð á líkamstjóni M og af því leiðir að það telst bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 242/2021**M og
V v/ fasteignatryggingar og innbúskaskótryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum loftklæðningar sem hrundi úr lofti.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.6.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 14.7.2021.
Bréf V, dags. 29.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti hafi hinn 5. apríl 2020 í miklu óveðri orðið skemmdir á fasteign M við það að vatn (bráðinn snjór) lak inn í stofu og forstofu hússins með þeim afleiðingum að loftaklæðning hafi skemmst sem og veggur sem aðskilur forstofu og stofu. Um kvöldið sama dag hafi eiginmaður M rofið loftaklæðninguna að hluta þar sem mesta vatnið hafi komið niður og þá komið í ljós að loftaklæðningin var fest undir aðra og eldri loftaklæðningu en þó þannig að lektur þær sem neðri klæðningin var fest í voru skrúfaðar í sperrubita. M hafði í gildi fasteignatryggingu hjá V og kom tjónamatsmaður á staðinn til að meta tjónið. Hafi V bætt tjón án viðurkenningar á bótaskyldu vegna veggja og loftaklæðningar, málningar og rafmagns að tiltekinni fjárhæð samkvæmt tjónamatsgerð V að frádregnum virðisaukaskatti af vinnuliðum. Frá septemberlokum og fram í október 2020 hafi farið að heyrast skruðningar í loftaklæðningunni auk þess sem hún hafi farið að síga. Af þeim sökum hafi á ný verið kallað á tjónamatsmann frá V sem hafi komið 20. október og talið sig ekki sjá neitt markvert við skoðun. Hafi hann heldur ekki gefið neinar ráðleggingar um fyrirbyggjandi aðgerðir. Eiginmaður M hafi spurt matsmanninn hvort rétt væri að rífa niður loftaklæðninguna en hann sagt að það væri ekki nauðsynlegt og tekið fram að hann væri búinn að skoða aðstæður. M hafi hins vegar ekki gefist tækifæri til að byrja á neinni framkvæmd því örfáum dögum síðar hafi afgangurinn af loftaklæðningunni hrundi niður þannig að tjón varð á innanstokksmunum og gólfefnum í húsinu. Þá hafi ekkert verið hreyft við loftaklæðningunni frá því eiginmaður M hafi tekið hluta hennar niður að kvöldi óveðursdagsins 5. apríl 2020. Mótmælir M öllum staðhæfingum um hið gagnstæða sem röngum. Hefur M krafist frekari bóta vegna tjóns á fasteigninni auk tjóns á innanstokksmunum úr fjölskyldutryggingu sem hún einnig í gildi hjá V.

Með tölvuskeyti V 23. október 2020 var vísað til þess að tjón á loftaklæðningunni hafi verið bætt 27. apríl sama ár á grundvelli fyrrgreindrar matsgerðar. Það sé niðurstaða V að ekki sé óeðlilegt að loftaklæðningin hafi fallið niður þar sem viðgerð hafi ekki verið hafin. Þá sé það skoðun félagsins að tjónið hafi verið að fullu bætt. Í öðrum tölvupósti V, dags. 9. nóvember 2020, kemur fram að 2. sama mánaðar hafi V borist tjónstilkynning þess efnis að loft í stofu íbúðarinnar að A hefði hrundi með þeim afleiðingum að tjón hefði orðið innanstokksmunum og gólfefnum. Tjónamatsmaður V hafi mætt á staðinn til að skoða aðstæður og gert svonefnda aðkomuskýrslu vegna málsins. Engin viðgerð hafi farið fram og fyrir liggja að tjónið að tjónið sem tilkynnt var 2. nóvember hafi orðið þegar eigandi hafi verið að fjarlægja loftaklæðninguna sem hafi orðið í apríl. Með hliðsjón af því sé ekki hægt að líta svo á að tjónið verði rakið til þess að festingar á innanhúsloftaklæðningu hafi gefið sig skyndilega eins og áskilið sé samkvæmt skilmálum fasteignatryggingarinnar. Þá sé heldur ekki um það að ræða að loftaklæðningin hafi fallið niður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs atviks eins og áskilið er svo tjón á innanstokksmunum fái bætt úr innbúskaskótryggingarlið fjölskyldutryggingarinnar sem M hefur í gildi hjá V. Heldur hafi mátt gera ráð fyrir að loftaklæðningin myndi falla niður þegar hún væri rifin niður. Enn fremur hafi að mati V þurft að gera viðeigandi ráðstafanir, svo sem færa húsgögn úr því rými þar sem verkið fór fram. Var niðurstaða V því sú að tjón M fengist ekki bætt úr fasteignatryggingunni né heldur fjölskyldutryggingunni.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að frekara tjón hafi orðið á A 5. apríl 2020 en það sem bætt var úr fasteignatryggingunni samkvæmt tjónamatsgerðinni sem þá var unnin og getið er hér að framan. Hvað sem líður afstöðu málsaðila til bótaskyldu vegna þessa tjónsatviks verður því að líta svo á að það sé þegar bætt og komi ekki til frekari skoðunar hér.

Hvað varðar tjónsatvikið sem varð í lok október 2020 þegar loftaklæðningin féll niður og olli tjóni á gólfefnum í húsinu og innanstokksmunum kemur til skoðunar ákvæði skilmála fasteignatryggingarinnar í þeim kafla sem nefnist brot- og hrunstrygging og vaðar loftklæðningar og

innréttingar, en samkvæmt því ákvæði greiðir váttryggingin bætur vegna tjóns sem verður á váttryggðri húseign vegna þess að festingar á innanhússloftklæðningu eða naglfastri innréttingu gefa sig skyndilega. Jafnframt kemur til skoðunar ákvæði innbúskaskótryggingarliðs fjölskyldutryggingarinnar þar sem segir að váttryggingin taki til tjóns á innbúi sem rætur á að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks.

Engin haldbær gögn liggja fyrir í málinu sem styðja þá staðhæfingu V að loftaklæðningin hafi fallið niður í lok október 2020 er unnið hafi verið við að rífa hana niður. Hins vegar kemur fram að í lok september og fram í október hafi heyrst skruðningar frá loftaklæðningunni og hún hafi tekið að síga. Verður það ekki skilið öðruvísi en að festingar klæðningarinnar hafi þá verið byrjaðar að gefa sig og þannig fyrirsjáanlegt að festingarnar myndu á endanum gefa sig ef ekkert væri að gert. Eins og hér stóð á verður því ekki talið að festingar loftaklæðningarinnar hafi gefið sig skyndilega eða að það atvik er klæðningin féll endanlega niður hafi verið skyndilegt og ófyrirsjáanlegt. Af því leiðir að tjónið telst ekki bótaskyldt fasteignatryggingu eða fjölskyldutryggingu þeirri sem M hefur í gildi hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu eða fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 243/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð sveitarfélags vegna falls við skólahúsnaði 26. nóvember 2019.****Gögn.**

Málskot dags. 11. júní 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf lögmanns V, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjölum.
Athugasemdir lögmanns M með bréfi dags. 21. júlí 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist þegar hún gekk um anddyri í skóla X og rann þar á steinsteyptri stétt í hálfu, rétt fyrir kl. 4 síðdegis. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 27. nóvember 2019 og undirrituð er af vinnuveitanda M og henni sjálfri kemur fram að M hafi verið að „...labba niður þrep þegar hún rann í hálfu og braut ökla á vinstri fæti.“

M telur að líkamstjón hennar megi rekja til þess að gangstétt við skóla hafi einungis verið hálfuvarin að morgni en þess ekki gætt að gera það þegar líða tók á daginn og hvorki hafi verið sandað né saltað við skólann seinni part dags. M telur að ríkar aðgæslu- og athafnaskyldur hvíli á X sem rekstraaðila skólans og þar sem viðurkennt sé að hálfuvarið hafi verið að morgni hafi full ástæða verið til þess að fylgjast með svæðinu áfram þegar veður hafi verið þannig að það hlýnaði og kólnaði til skiptis. M hafnar þeim röksemdum V að hún hafi geta gengið aðra leið og vísar til þess að X megi gera ráð fyrir að gengið sé um allar gönguleiðir við skólann. Einnig vísar M til þess að fyrirhafnarlítið hefði verið fyrir X að hálfuverja svæðið oftar þennan dag, eins og gert var snemma morguns.

V hefur hafnað bótaábyrgð og telur skaðabótaskyldu X ekki fyrir hendi þar sem X hafi sinnt skyldum sínum umræddan dag með því að hálfuverja svæðið að morgni og ekki liggi fyrir að það hafi verið nauðsynlegt aftur umræddan dag, en engar kvartanir eða tilkynningar hefðu borist um slíkar aðstæður yfir daginn. Einnig vísar V til þess að engin úrkoma hafi verið þennan dag eða dagana á undan og að M hafi haft val um að ganga aðra leið þar sem snjóbræðsla sé frá inngangi skólans út á bifreiðastæði. V bendir einnig á að veðuraðstæður hafi ekki verið verri þennan dag en almennt og ekki liggi fyrir í málinu samtímagögn frá M, t.d. ljósmyndir af vettvangi á slysdegi.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að slys M varð síðdegis 26. nóvember 2019 og hálfuvarið hafði verið á svæðinu að morgni þess dags. Þær upplýsingar sem liggja fyrir um veðurfar í aðdraganda slyssins sýna ekki með skýrum hætti að aðstæður hafi skyndilega orðið hættulegar m.t.t. hálfu yfir daginn og ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna að athugasemdir hafi verið gerðar við aðstæður þar sem M féll. Ekki verður því talið sannað að á starfsmönnum skólans hafi hvílt sérstök athafnaskylda aðstæðna er slysið varð. Í gögnum málsins kemur heldur ekki skýrt fram að aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn skólans hafi vanrækt almennar skyldur sínar vegna veðuraðstæðna yfir daginn hinn 26. nóvember 2019. Miðað við þær upplýsingar sem koma fram í gögnum málsins á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jóhann T. Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 244/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar M hjá V.**

Ágreiningur um hvort bótaskylda sé til staðar vegna vatnsleka.**Gögn.**

Málskot móttakið dags. 11.06.2021 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Bréf V dags. 22.06.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 29.06.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M krefst þess að bætur verði greiddar úr ábyrgðartryggingu þess vegna tjóns sem varð hinn 27. desember 2019 á fasteign sem M var með á leigu undir starfsemi sína. Tjónið hafi orðið vegna leka frá leiðslu uppþvottavélar en þörf hafi verið á því að ræsta og lagfæra gólf og innveggi fasteignarinnar. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 18. nóvember 2020 á þeim grundvelli að váttryggingin tæki ekki til tjóns á munum sem váttryggður hefði að láni eða í sínum vörslum og félli umrædd fasteign þar undir. M mótmælir þeirri afstöðu og byggir kröfu sína á því að í lokamálslið 2. gr. viðeigandi skilmála segi að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan sem eiganda eða notanda hús sem notað er við starfsemina. Fasteign sé því ekki munur í þessum skilningi.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að deilt sé um hvort greiða skuli kostnað við að þurrka upp leka til að forða tjóni og rakaskemmdum í gipsveggjum. V vísar þá til 38. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem segi að félagið beri ábyrgð á tjóni og kostnaði við tiltekna aðstæður þegar markmiðið með slíkum ráðstöfunum sé að forðast tjón sem fellur undir tiltekna váttryggingu. Í því samhengi sé rétt að nefna að M sé ekki með eignatryggingu hjá V heldur aðeins ábyrgðartryggingu. Lýsing á tjónsatvikum bendi ekki til þess að um skaðabótaskylda tjón samkvæmt ábyrgðartryggingu sé að ræða. Auk þess geti váttryggður ekki sótt í ábyrgðartryggingu vegna eigin munatjóns, þ.e. vegna mögulegrar sakar hans sjálfs. Þá taki váttryggingin ekki til tjóns á munum sem váttryggður er með að láni eða eru í hans vörslum. Engin frekari gögn séu til staðar um umræddan leka og ekki liggja fyrir reikningur eða greiðslukvittun vegna umþrættis kostnaðar. Er bótaskylda því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að ágreiningur aðila snúi að því hvort ábyrgðartryggingin taki til tjóns á fasteignum, enda hafi váttryggingin verið keypt í þeirri trú. Tjónið hafi atvikast með þeim hætti að vatnsleiðsla í uppþvottavél hafi rofnað og vatn lekið út. Tekist hafi að stöðva lekann eftir að lekið hefði yfir öll gólf og með því að grípa til forvarnaaðgerða hafi tekist að forða alvarlegum skemmdum. Þá liggja fyrir að þriðji aðili hafi lagt fram kröfu vegna umrædds tjóns. Meðfylgjandi viðbótarathugasemdum eru ljósmyndir af fasteigninni eftir umræddan leka.

Álit:

Samkvæmt 1. gr. skilmála viðeigandi váttryggingar tekur hún aðeins til tjóns sem váttryggður ber skaðabótaábyrgð á samkvæmt gildandi íslenskum rétti. Lýsing á tjónsatvikum er á þá leið að leki hafi stafað frá leiðslu við uppþvottavél í eigu M og að lekinn hafi valdið því að vatn lak á gólf umræddrar fasteignar. Hins vegar er ekki að finna meðal gagna málsins nákvæma lýsingu á tildrögum lekans eða sérstakt mat á þeim. Þannig segir í tjónstilkynningu að vatn hafi lekið úr „sprunginni leiðslu út uppþvottavél“ og í fyrirliggjandi kröfubréfi sem virðist stafa frá leigusala M segir „vatnsleiðsla gaf eftir“. Enn fremur segir í viðbótarathugasemdum M að „vatnsleiðsla í uppþvottavél rofnaði og út lak vatn“. Utan ljósmynda er sýna bleytu á gólfi fasteignarinnar og raka í veggjum liggja frekari gögn um tjónið og orsök þess ekki fyrir. Þar sem ekki liggur fyrir hvað gaf sig í viðkomandi vatnsleiðslu eða tengingum hennar er ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis M eða aðila sem það beri ábyrgð á, og er því ekki sýnt fram á að skaðabótaábyrgð þess sé fyrir hendi. Þegar af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M og koma frekari málsástæður aðila eða önnur tilvísuð ákvæði fyrrgreindra váttryggingarskilmála þá ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu M hjá V vegna vatntjóns sem varð hinn 27. desember 2019, er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. september 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 245/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Árekstur á milli hlaupahjóls og bifreiðar þann 5.9.2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 11.6.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
Bréf V dags. 29.6.2021.

Málsatvik.

Gögn málsins bera með sér að atvik hafi verið með þeim hætti að bifreiðinni A hafi verið ekið suður Klapparstíg að gatnamótum við Hverfisgötu. Á sama tíma hafi vélknúna hlaupahjóli verið ekið austur eftir hjólastíg sem liggur meðfram Hverfisgötu, en hjólastígurinn liggur þvert yfir Klapparstíg. Varð árekstur þegar bifreiðinni A var ekið yfir hjólastíginn og inn á gatnamótin, en hjólið lenti þá í hægri hlið bifreiðarinnar. Á akstursleið ökumanns bifreiðarinnar er merki um biðskyldu (A06.11) og sérstakt skilti sem varar við umferð hjólréiðafólks (A 11.41). Kveðst ökumaður A hafa verið á 10 km. hraða á klst. þegar árekstur varð. Tvennt var á hlaupahjólinu og kveðst ökumaður þess hafa verið á u.þ.b. 15 km. hraða á klst. í aðdraganda árekstursins. Við áreksturinn skemmdist hlaupahjólið nokkuð auk þess sem ökumaður þess og farþegi urðu fyrir líkamstjóni.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu V að hafa fallist á greiðsluskyldu úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, vegna tjóns sem varð á hlaupahjólinu og vegna líkamstjóns ökumanns og farþega á hlaupahjólinu. Vísar M m.a. til þess að hann telji að ökumaður hlaupahjólsins hafi ekið á móti akstursstefnu og með því brotið gegn 1. mgr. 42. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 (ufl.). Þá kveður hann hlaupahjólið hafa verið á miklum hraða, u.þ.b. 25-30 km. hraða á klst. Í þessu sambandi vísar M til þess að skv. 43. gr. ufl, sé einungis heimilt að hjóla á gangstétt eða göngustíg ef fyllsta öryggis er gætt og ekki ekið hraðar en sem nemur eðlilegum gönguhraða. Enn fremur telur M að ökumaður hlaupahjólsins hafi gerst brotlegur við 2. mgr. 42. gr. ufl. og að tjónið verði rakið til þess að farþegi var á hlaupahjólinu. Telur M að tjónið verði m.a. rakið til þess að ökumaður hlaupahjólsins hafi af þeim sökum ekki getað stjórnað hjólinu með öruggum hætti. Þá telur hann ökumann og farþega hjólsins hafa verið ölvaða og að tjónið verði rakið til þess.

V vísar til þess að skv. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 (ötl.) gildi svokölluð hlutlæg ábyrgðarregla um tjón sem hlýst af notkun skráningarskyldra ökutækja. Reglan feli það í sér að félaginu sé skylt að bæta það tjón sem hlýst af notkun ökutækisins án tillits til sakar ökumannsins eða eiganda þess. Vélknúna hlaupahjólið sé hins vegar undanþegið skráningarskyldu skv. 72. gr. ufl. og flokkist sem reiðhjól skv. skilgreiningu ufl. Enn fremur vísar V til þess að skv. lögum um ökutækjatrýggingar sé einungis heimilt að lækka eða fella niður bætur þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum notkunar á skráningarskyldu ökutæki ef sá sem verður fyrir tjóninu var meðvaldur af tjóninu af ásetningi eða gáleysi. Telur V háttsemi ökumanns og farþega hlaupahjólsins hafi ekki verið með þeim hætti að réttlætjanlegt sé að skerða eða fella niður bótarétt þeirra.

Álit.

Fyrir liggur að tjón hlaust af notkun skráningarskylda ökutæksins A. Tjónið fellst annars vegar í skemmdum á rafknúna hlaupahjóli og líkamstjóni ökumanns og farþega þess. Ágreiningur er um hvort greiða skuli bætur úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A vegna tjónsins. Gögn málsins bera með sér að hlaupahjólið sé þeirrar gerðar að það flokkist sem reiðhjól í skilningi ufl. og virðist það óumdeilt.

Þegar tjón á mönnum og munum hlýst af notkun skráningarskylds ökutækis gildir hlutlæg ábyrgðaregla ufl. sem fellst í því að eigandi ökutæksins ber ábyrgð á tjóninu án tillits til sakar, sbr. 4. gr. ötl. Samkvæmt 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna er heimilt að lækka eða fella niður bætur vegna munatjóns ef tjónið verður akið til gáleysis þess sem verður fyrir tjóninu. Bætur fyrir líkamstjón má þó einungis lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur af því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Fyrir liggur að við gatnamót Klapparstíg og Hverfisgötu er biðskylda fyrir umferð suður Klapparstíg. Einnig er þar viðvörumerki sem varar sérstaklega við umferð hjólréiðafólks. Að teknu tilliti til þess verður tjónið rakið til þess að ökumaður A ók gegn biðskyldu í veg fyrir umferð um hjólastíginn.

Ekki verður fallist á það með M að ökumaður hlaupahjólans hafi ekið á móti akstursstefnu og brotið gegn 1. mgr. 42. gr. ufl., enda feli ákvæðið ekki í sér bann við því að hjólréiðamenn aki á hjólréiðastíg sem staðsettur er vinstra megin við akbraut almennrar bílaumferðar. Þá verður ekki fallist á það með M að ökumanni hlaupahjólans hafi borið að aka á gönguhraða, enda eigi ákvæði um gönguhraða ekki við þegar ekið er á hjólastígum. Þá telur nefndin ósannað að áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður hlaupahjólans hafi verið ölvaður eða sýnt af sér annað aðgæsluleysi sem orsakaði tjónið. Eigandi hlaupahjólans, ökumaður og farþegi þess eiga því rétt á óskertum bóttum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Eigandi hlaupahjólans, ökumaður og farþegi þess eiga rétt á óskertum bóttum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 246/2021**M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar lögmansins X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð lögmans vegna háttsemi við erfðaskrárgerð.****Gögn.**

Málskot móttakið 8. júní 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf lögmans V, dags. 7. júlí 2021, ásamt fylgiskjölum.
Athugasemdir lögmans M með bréfi dags. 9. ágúst 2021.

Málsatvik.

Hinn 31. janúar 2018 gerði sambúðarmaki M erfðaskrá þar sem kveðið var á um að hún skyldi hljóta í arf tilteknar eignir sambúðarmakans við andlát hans. Óumdeilt er að X kom að gerð erfðaskrárinnar sem var vottuð af tveimur einstaklingum, annars vegar syni sambúðarmaka M og hins vegar af syni hennar sjálfrar og er orðalag arfleiðsluvottorðs þeirra þannig að þeir vottu erfðaskrána og að sambýlismaður M hafi verið „...við góða andlega heilsu og án allra þvingana er hann kannast við undirskrift sína á erfðaskrá þessa í viðurvist okkar beggja.“ Sambýlismaður M lést 23. mars 2020. Í gögnum málsins er fundargerð frá skiptafundi dags. 21. desember 2020 vegna skipta á dánarbúi hans, en á þeim fundi kemur fram að ágreiningur sé um gildi títtnefndrar erfðaskrár og ákveðið að boða næst til skiptafundar þegar slíkur ágreiningur hefur verið til lykta leiddur, annaðhvort með samkomulagi eða dómsmáli.

M hefur gert kröfu um viðurkenningu bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmansins X hjá V og telur að lögmaðurinn hafi gert mistök við gerð erfðaskrárinnar. M bendir á að tjón hennar felist í því sem hefði komið til greiðslu úr dánarbúi sambýlismanns hennar skv. erfðaskránni, hefði hún verið gild. Í fyrsta lagi heldur M því fram að mistök X felist í því að arfleiðsluvottar hafi verið í sífjatengslum bæði við sambúðarmaka M og M sjálfa, sem hafi haft hagsmuni af erfðaskránni, en um var að ræða syni M og sambúðarmaka hennar. Slík ráðstöfun sé í bága við 2. mgr. 41. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Í öðru lagi byggir M á því að annmarkar hafi verið á arfleiðsluvottorði þar sem ekki hafi verið gætt að því að sambýlismaður M hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá, sbr. 2. mgr. 42. gr. erfðalaga. Ekki komi heldur fram við undirritun hans að hann kannist við efni erfðaskrárinnar eða hvenær hann ritar undir, sbr. 3. mgr. 42. gr. erfðalaga. Þannig telur M að lögmaðurinn X hafi ekki gætt að formaskilyrðum erfðalaga hvað varðar gerð erfðaskrárinnar og þannig hafi lögmaðurinn brotið gegn skyldum sínum sem lögmaður. Sakarmat sé strangt þegar um sérfræðinga eins og lögmenn sé að ræða og hafi störf X í greint sinn farið gegn skyldum sem hvíli á honum í 18. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 um að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna. M telur að X hafi sýnt saknæma háttsemi með því að gæta ekki að formaskilyrðum erfðaskráa við gerð erfðaskrár sambýlismanns M og þegar af þeirri ástæðu verði að fallast á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V. M telur mótbáru V um aðrar mögulegar ógildingarástæður erfðaskrárinnar haldlausar þar sem hún sé þegar af þeirri ástæðu að formaskilyrði voru ekki uppfyllt ógild og hafi það leitt til tjóns fyrir M. Lögð er áhersla á það hjá M í viðbótarathugasemdum lögmans hennar til nefndarinnar að ekki verði tekin afstaða til þess hvort sambýlismaður M hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá fyrr en gengið hafi verið úr skugga um að öllum formreglum hafi verið fylgt og sé það í samræmi við dómaframkvæmd Hæstaréttar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmansins X með þeim rökum að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli meintrar saknæmrar háttsemi X og þess tjóns sem M telur sig hafa orðið fyrir þar sem ekki hafi verið greiddur út arfur til hennar á grundvelli þess skjals sem tilgreint er sem erfðaskrá. V vísar til þess að ekki sé ljóst af gögnum málsins í hvaða farvegi ágreiningur um gildi erfðaskrárinnar sé, hvort því ágreiningsmáli hafi t.d. verið skotið til dómstóla, en þau gögn sem liggja fyrir sýni að slíkur ágreiningur sé fyrir hendi. V vísar til fundargerðar skiptafundar frá 21. desember 2020 því til stuðnings og bréfs lögmans frá því í janúar 2021 þar sem gildi erfðaskrárinnar er véfengt og lögð fram læknavottorð um veikindi sambýlismanns M. Einnig vísar V til þess að a.m.k. þrjár lögerfingjar sambýlismanns M hafi gert kröfu um ógildingu erfðaskrár hans á þeim grundvelli að hann hafi skort andlegt hæfi skv. 2. mgr. 34. gr. erfðalaga til

að gera erfðaskrá. Ekki hafi verið skorið úr þeim ágreiningi og því sé ekki ljóst hvort möguleg saknæm háttsemi lögmansins X hafi leitt til tjóns fyrir M.

Álit.

Í gögnum máls þessa liggur fyrir að erfðaskrá sambýlismanns M uppfyllti a.m.k. ekki þau formskilyrði að arfleiðsluvottar væru í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 41. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Verður að líta svo á að lögmenn eigi almennt að vera færir um að sjá til þess að formskilyrði erfðalaga séu uppfyllt þegar þeir koma að gerð erfðaskráa fyrir umbjóðendur sína og hafi lögmaðurinn X því sýnt saknæma háttsemi þegar hann gerði ekki athugasemdir við slíka útfærslu í erfðaskrá sambýlismanns M í janúar 2018.

Til þess að hægt sé að viðurkenna bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmansins X hjá V verða önnur skilyrði skaðabótaréttar að vera uppfyllt og í því felst að orsakatengsl verða að vera sönnuð milli saknæmrar háttsemi lögmans og ætlaðs tjóns þess sem gerir skaðabótakröfu. M hefur lýst tjóni sínu þannig í gögnum málsins að um sé að ræða þá fjármuni sem hefðu komið til greiðslu ef erfðaskrá sambýlismanns hennar hefði uppfyllt formskilyrði fyrrnefndra erfðalaga og þegar af þeirri ástæðu séu orsakatengsl sönnuð.

Í gögnum málsins liggur fyrir að gildi erfðaskrár sambýlismanns M hefur verið véfengt á þeim forsendum að sambýlismaður M hafi ekki verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið fær um að gera þá ráðstöfun sem um var getið í erfðaskránni á skynsamlegan hátt, sbr. 2. mgr. 34. gr. erfðalaga. Í málgögnum liggja einnig fyrir læknisvottorð þar sem eru upplýsingar um veikindi hans.

Til þess að sýnt sé að tjón hafi orðið af þeirri háttsemi lögmansins X, að hafa ekki gætt þess að formskilyrði erfðalaga hafi verið uppfyllt, verður að liggja fyrir að erfðaskráin hefði verið að öðru leyti gild þegar hún var gerð, þ.e. ef formskilyrða hefði verið réttilega gætt. Af fyrrnefndum upplýsingum í gögnum málsins, um heilsufar sambýlismanns M og óvissu um afdrif ágreiningsmáls sem tengist því hvort M hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá í skilningi 2. mgr. 34. gr. erfðalaga, verður ekki ráðið hverjar lyktir þess ágreinings verða. Á meðan það liggur ekki fyrir telst ekki sannað að M hafi orðið fyrir tjóni vegna saknæmrar háttsemi lögmansins X og þannig eru skilyrði skaðabótaréttar ekki uppfyllt. M á því, eins og sakir standa, ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmansins X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmansins X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 247/2021**M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 15. mars 2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 14. júní 2021 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V, dags. 29. júní 2021 ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. júlí 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. mars 2019 hafi bifreiðinni A, sem M ók umrætt sinn, verið ekið aftan á bifreiðina B, við gatnamót Reykjanesbrautar og Álftanesvegjar. M kveður bifreiðina A hafa eyðilagst við áreksturinn. M kveðst hafa, í kjölfar þessa atviks, glímt við verki í hálsi, herðum, hnakka, bringu og vöðvafestum við hægri olnboga. V hafi, með bréfi dags. 16. júní 2020, hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A á grundvelli þess að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans séu ósönnuð. M mótmælir afstöðu V og telur sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn enda hafi verið um töluvert harðan árekstur að ræða og eigi M ekki sögu um sambærileg einkenni frá stoðkerfi. Engin viðmiðunarregla sé til um það hve skömmu eftir atvik þurfi að leita læknis, og sé það háð mati og aðstæðum hverju sinni. Í þessu tilviki hafi M átt sök á árekstrinum og því ekki talið neinn bótarétt til staðar. Hafi hún því ekki leitað læknis fyrr en í nóvember 2019 en þá hafi verkir sem hún reki til slyssins verið orðnir óbærilegir.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er vísað til þess að M hafi fyrst leitað til læknis vegna einkenna sem hún reki til slyssins hinn 4. nóvember 2019, eða tæpum átta mánuðum eftir umrætt atvik. Þá séu einkenni hennar nokkuð almenn og ekki sértæk fyrir árekstur af þessu tagi. Séu orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans því ósönnuð, en sönnunarbyrðin hvað þau varði hvíli á M. Enn fremur hafi tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 verið liðinn þegar M tilkynnti um slys sitt hinn 26. maí 2020. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 9. júní 2020, komi hvergi fram að einkenni M sé að rekja til annarra atvika en árekstursins. Þá hafi M orðið óvinnufær fljótlega eftir áreksturinn en hún hafi látið af störfum í nóvember 2020 vegna afleiðinga hans. Þá er því sérstaklega hafnað að árs tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt, enda hafi hann ekki byrjað að líða fyrr en M gerði sér grein fyrir varanlegum afleiðingum atviksins, en það hafi verið við komu til læknis hinn 4. nóvember 2019.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum af ákomum á A og B má ráða að árekstur þeirra hafi verið nokkuð harður og því ekki útilokað að líkamsmeiðsl hafi hlotist af honum. Það hvílir þó eftir sem áður á M að sýna fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem hún rekur til hans. Læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni eru nokkuð takmörkuð. Þannig liggur fyrir læknisvottorð heilsugæslulæknis dags. 9. júní 2020 þar sem fjallað er um komu M til læknis hinn 4. nóvember 2019, en það mun hafa verið fyrsta koma M til læknis eftir umrætt atvik. Þar kemur fram að M tengi verki í hálsi, herðum, hnakka og í vöðvafestum við hægri olnboga og bringu við áreksturinn. Þá var hún greind með m.a. dreifð festumein og fékk beiðni í sjúkrahjálfun. Engar frekari rannsóknir virðast hafa farið fram né er meðal gagna málsins að finna frekari gögn um hugsanlega meðferð sjúkrahjálfa eða frekari komur M til læknis. Eins og mál þetta liggur fyrir, og með hliðsjón af því hve langur tími leið milli árekstursins og þess að M leitaði læknis, svo og þess að einkenni hennar virðast fremur almenn, verður því ekki talið að sýnt sé fram á orsakatengsl milli árekstursins hinn 15. mars 2019 og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Ber þar af leiðandi að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögmn.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögmn.

Mál nr. 248/2021**M og
V v/ slysatryggingar launþega X****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og árekstrar 15. mars 2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 15. júní 2021 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 28. júlí 2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. júlí 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. mars 2019 hafi bifreið, sem M ók umrætt sinn, ekið aftan á aðra bifreið, við gatnamót Reykjanesbrautar og Álftanesveggar með þeim afleiðingum að eitthvað munatjón hlaust af. M kveðst í kjölfar þessa atviks glímt við verki í hálsi, herðum, hnakka, bringu og vöðvafestum við hægri olnboga. Í málskoti kemur einnig fram að V hafi, með bréfi dags. 16. júní 2020, hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A á grundvelli þess að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans séu ósönnuð. M mótmælir afstöðu V og telur sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn enda hafi verið um töluvert harðan árekstur að ræða og eigi M ekki sögu um sambærileg einkenni frá stoðkerfi. Engin viðmiðunarregla sé til um það hve skömmu eftir atvik þurfi að leita læknis, og sé það háð mati og aðstæðum hverju sinni.

Í bréfi V er vísað til þess að M hafi fyrst leitað til læknis vegna einkenna sem hún reki til slyssins hinn 4. nóvember 2019, eða tæpum átta mánuðum eftir umrætt atvik. Séu orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans því ósönnuð og hefur V hafnað bótaskyldu.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að í fyrirbyggjandi læknisvottorði, dags. 9. júní 2020, komi hvergi fram að einkenni M sé að rekja til annarra atvika en árekstursins.

Álit.

Af fyrirbyggjandi ljósmyndum af ákomum á A og B má ráða að árekstur þeirra hafi verið nokkuð harður og því ekki útilokað að líkamsmeiðsl hafi hlotist af honum. Það hvílir þó eftir sem áður á M að sýna fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem hún rekur til hans. Læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni eru nokkuð takmörkuð. Þannig liggur fyrir læknisvottorð heilsugæslulæknis dags. 9. júní 2020 þar sem fjallað er um komu M til læknis hinn 4. nóvember 2019, en það mun hafa verið fyrsta koma M til læknis eftir umrætt atvik. Þar kemur fram að M tengi verki í hálsi, herðum, hnakka og í vöðvafestum við hægri olnboga og bringu við áreksturinn. Þá var hún greind með m.a. dreifð festumein og fékk beiðni í sjúkrahjálfun. Engar frekari rannsóknir virðast hafa farið fram né er meðal gagna málsins að finna frekari gögn um hugsanlega meðferð sjúkrahjálfara eða frekari komur M til læknis. Eins og mál þetta liggur fyrir, og með hliðsjón af því hve langur tími leið milli árekstursins og þess að M leitaði læknis, svo og þess að einkenni hennar virðast fremur almenn, verður því ekki talið að sýnt sé fram á orsakatengsl milli árekstursins hinn 15. mars 2019 og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Ber þar af leiðandi að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 249/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Tjón á húsbifreið vegna áaksturs 12. október 2020.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 15. júní 2021, ásamt fylgigögnum og tölvupósti dags. 10. júlí 2021.
Bréf V, dags. 9. júlí 2021, ásamt samriti vátryggingaskírteinis og fasteignayfirliti.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að húsbifreið í eigu M hafi verið ekið að bílalúgu X í þeim tilgangi að kaupa þar þjónustu þegar bifreiðin lenti á skyggni eða þakkanti fyrir ofan afgreiðslulúgur á fasteign X. Við það varð tjón á húsbifreiðinni.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni á húsbifreið hans þar sem engin merking eða viðvörðun hafi verið um skyggni, en það hafi átt að vera vegna þröngrar bílarennu sem bifreiðum væri ætlað að aka í til að fá þjónustu. M vitnar einnig í málskoti til samtals við starfsmenn X sem hafi sagt að atvik þessu lík hafi gerst áður.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekkert benda til þess að tjón á húsbifreið M verði rakið til saknæmrar háttsemi X. V bendir á að skyggni á fasteign X sé vel sýnilegt hverjum þeim sem ekur um svæðið og lýsing á svæðinu sé góð auk þess sem það sé ljósabúnaður í skyggninu sjálfu. Einnig bendir V á að þakskyggnið náði ekki út á akbraut heldur yfir gangstétt við húsbýggingu þá sem hýsir starfsemi X. V telur að tjón M verði helst rakið til aðgæsluleysis ökumanns húsbifreiðarinnar sem hafi misreiknað stærð bifreiðarinnar eða fjarlægð hennar frá húsbýggingunni.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns á húsbifreið M sem ekið var á þakskyggni á húsnæði X. Greinargóðar myndir eru af aðstæðum í gögnum málsins. Þar kemur nokkuð skýrt fram að þakskyggni á húsbýggingu X nær ekki út fyrir gangstétt sem liggur meðfram húsbýggingu og fyrir neðan bílalúgur þær sem ökumaður húsbifreiðarinnar hugðist sækja þjónustu í. Það, að ekki séu sérstakar merkingar sem gefa til kynna að á húsbýggingunni sé þakskyggni sem ökumenn hárra bifreiða verði að vara sig á, telst ekki til saknæmrar háttsemi, en telja verður nærtækara að ökumenn slíkra bifreiða verði sjálfir að gæta sérstakrar varúðar þegar þeir sækja þjónustu sem þessa. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 250/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um bótaskyldu er M slasaðist við störf hjá X.****Gögn.**

Málskot mótttekið, mótttekið 16.6.2021, ásamt fylgigögnum nr. 1 - 6.
Bréf V, dags. 2.7.2021, ásamt fylgigögnum nr. 1 - 5.
Bréf M til nefndarinnar, dags. 12.11.2021.

Málsatvik.

M var starfsmaður dekkjaverkstæðis sem X rak og fólst það m.a. í störfum hans að skipta um dekk á bílum viðskiptavina og taka til og skila dekkjum sem var verið að setja undir bílana. Hinn 30. júlí 2018 M að sækja eða skila af sér dekkjum í sérstakan geymslurekka fyrir dekk sem var í talsverðri hæð. Var verkið að þessu sinni framkvæmt þannig að M stóð framan á göfflum lyftara og lét lyfta sér að geymslurekkanum. Þegar stjórnandi lyftarans lét gafflana síga klemmdist M á hendi. Í málskoti lýsir M tildrögum slyssins á þá leið að samstarfsmaður M, sem stýrði lyftaranum, hafi lækkað gaflana framan á lyftaranum án þess að M hafi kallað. M hafi þá enn verið með hendur í hillunni að ljúka verkinu og þannig hafi hægir hönd hans klemmst með þeim afleiðingum að hann hlaut nokkra áverka hægri hendi.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu á grundvelli sakarreglunnar og á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Byggir M á því að verklag það sem M viðhafði hafi verið viðurkennt og samþykkt hjá X a.m.k. frá 2012 til 2018. Verklagið hafi verið viðurkennt og notað í mörg ár án athugasemda. Þá vísar M til þess að annar lyftarinn sem var sérhæfður í verkið hafi verið rafmagnslaus í umrætt sinn þar sem gleymst hafi að hlaða hann eftir vaktina daginn áður og hinn hafi verið staðsettur þannig í húsinu að tímafrekt var sækja hann og nota hann. Enn fremur byggir M á því að starfsmaður X, sem stjórnaði lyftaranum í umrætt sinn, hafi sýnt af sér gáleysi þegar hann lækkaði gaffla lyftarans án þess að ganga úr skugga um að það væri óhætt. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins fyrr en 19. mars 2019 um átta mánuðum eftir að slysið átti sér stað.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að rekkakerfið hafi verið tekið í notkun árið 2017 og að á þeim tíma hafi verið keyptir tveir nýir rafmagnslyftarar sem hentuðu sérstaklega til verksins, þ.e. til að sækja og skila dekkjum af sér í hæð með öruggum hætti. Þessir sérhæfðu lyftarar séu þannig útbúnir að starfsmenn standi í körfum framan á lyftaranum og engin hætta sé á að menn klemmi sig við störf sín. Þá mótmælir V þeirri fullyrðingu M að verklag þar sem annar starfsmaður stóð framan á göflum lyftara til að sækja og skila dekkjum hafi verið notað og viðurkennt af X. Það hafi hins vegar verið ákvörðun M sjálfs að nota gamlan og ótryggan lyftara í verkið, þrátt fyrir að hann hafi verið fullmeðvitaður um að tveir sérhæfðir lyftarar væru á staðnum sem nota átti í verkið. Telur V að tjónið verði ekki rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á, heldur verði það að öllu leyti rakið til eigin sakar M.

Álit.

Enginn ágreiningur er um að slysið hafi orðið með þeim hætti sem því er lýst í málskotinu, þ.e. að samstarfsmaður M, sem stjórnaði lyftaranum í umrætt sinn, hafi lækkað gaffla lyftarans án þess að ganga úr skugga um að það væri óhætt með hliðsjón af staðsetningu M sem stóð á göfflum lyftarans. Það skiptir því ekki máli hvað þetta varðar að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980. Að teknu tilliti til atvika málsins er þar af leiðandi ljóst að slysið verður, a.m.k. að einhverju leyti rakið til þessarar saknæmu háttsemi samstarfsmanns M. Verður X að bera ábyrgð á háttsemi samstarfsmanns M grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Af gögnum málsins er þó einnig ljóst að það verklag sem M viðhafði í umrætt sinn var bersýnilega hættulegt og til þess fallið að valda líkamstjóni. Þá bera gögn málsins það enn fremur með sér að verklagið sem M viðhafði var ekki viðurkennt af X, sem fjárfest hafði í tveimur sérhæfðum lyfturum í verkið sem staðsettir voru á vinnusvæðinu. Samkvæmt gögnum málsins var M reynslumikill starfsmaður og verður því að líta svo á að honum hafi verið fullkunnugt um að nota átti sérhæfðan lyftara til verksins. Þá verður jafnframt litið svo á að honum hafi mátt vera ljóst að þær aðferðir sem hann beitti til verksins voru bæði óviðurkenndar og hættulegar. Verður því ekki

annað ráðið af gögnum málsins en ástæða þess að M ákvað að notast við þessa aðferð sér til tímasparnaðar, þar sem annar sérhæfði lyftarinn var rafmagnslaus og hinn staðsettur þannig í húsinu að það hefði tekið lengri tíma að ná í hann og nota hann í verkið. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að sú háttsemi M að notast við hefðbundinn gaflalyftara og standa framan á göfflum hans við að flytja dekk í/úr geymslurekka hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Enn fremur verður að líta svo á að þessi háttsemi sé meðorsakandi þáttur í slysinu. Er því rétt að skerða bótarétt M um helming vegna meðábyrgðar skv. 1.mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en bætur skerðast um helming vegna meðábyrgðar skv. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga.

Reykjavík, 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 252/2021**M og
V vegna innbústryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um gildissvið innbústryggingar vegna muna sem teknir voru úr bifreið 3.10.2020****Gögn.**

Málskot, móttækið 18. júní 2021, ásamt fylgigögnum og tölvupósti M dags. 9. júlí 2021 ásamt fyrri tölvupóstsamskiptum M og V.

Bréf V, dags. 30. júní 2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tilkynnti um tjón á innbúi til lögreglu hinn 5. október 2020 þar sem hann lýsir atvikum þannig að farið hafi verið inn í bifreið hans hinn 3. október 2020 þar sem henni hafi verið lagt í bifreiðastæði í bílskúr við fjöleignarhús þar sem hann býr. M telur að ummerki um innbrot hafi verið á vettvangi þar sem rótað hafi verið í bifreiðinni en í tölvupósti M til V, dags. 17. nóvember 2020 segir að ekki sé vitað hvernig þjófur komust inn í bílakjallara/bílskúr. Þar kemur einnig fram eftirfarandi texti: „Billinn er alltaf læstur, en engin ummerki um innbrot, læsing bílsins gæti hafa klikkað.“

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að gildissvið innbústryggingar hans nái ekki til tjónsins þar sem engin merki hafi verið um innbrot, hvorki í bílageymslu né bifreið M.

Álit.

Í innbústryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V kemur fram í gr. 4.6 að vátryggingin bæti tjón vegna innbrota í læsta íbúð eða bifreið. Ekki kemur fram í sömu skilmálum að tjón vegna þjófnaðar sem ekki sé innbrotþjófnaður sé bætt. Í skilmálunum segir einnig að skilyrði greiðsluskyldu félagsins sé að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg, ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Þau gögn sem liggja fyrir í máli M sýna ekki með fullnægjandi hætti að um innbrotþjófnað hafi verið að ræða. Þar sem vátryggingarsvið innbústryggingar tekur ekki til annarra tjónsatvika, t.d. þjófnaðar, verður ekki fallist á að M hafi sýnt fram á að tjón hans falli undir gildissvið innbústryggingar fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 253/2021**M og X og
V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar M****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar vegna tjóns hinn 22. júní 2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 21.06.2021 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 15.07.2021 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 29.09.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 22. júní 2020, var lögregla kölluð á vettvang vegna slyss X, sem er ólöggráða sonur M. Á vettvangi var haft eftir X að hann hefði ekið vespu í vesturátt á göngustíg og hafi vespan lent á bifreiðinni A með þeim afleiðingum að X féll af henni og lenti á götunni. Ökumaður A sagðist hafa verið að bakka úr bifreiðastæði, og hafi hann snúið A við þannig að hún sneri í norðurátt. Hafi hann ætlað að aka áfram af stað þegar X ók vespunni hratt í vesturátt og lenti á bifreiðinni. Þá er haft eftir vitni, Y, að hann hafi séð X koma á miklum hraða vestur göngustíg sem liggja að Birkigrund 74. A hafi verið að bakka á litlum hraða og X hafi ekið á hana. Þá kemur fram að ákoma hafi orðið á bifreiðinni B, sem var kyrrstæð skammt frá, við það að vespan lenti á henni við fall X. Lögregla lýsir þá aðstæðum svo að A hafi snúið í norður við húsið, göngustígur sé staðsettur austan megin við bifreiðina en engin skil séu milli hans og götunnar við bifreiðastæðið. Í síðari framburði X er haft eftir honum að hann hafi ekið eftir hjólastígnum á um 30 kílómetra hraða á klukkustund en það sé hámarkshraði vespunnar. Hann hafi ekki tekið eftir A sem hafi komið „allt í einu“. Hann geri sér ekki grein fyrir hvort hún hafi verið kyrrstæð, en líklega hafi hún verið það, en önnur bifreið hafi skyggt á hana. Hann hafi ekki náð að stöðva vespuna og ekið á A. X slasaðist nokkuð við atvikið og ráða má af gögnum málsins að vespan hafi eyðilagst.

Í málskoti kemur fram að skemmdir á vespunni og áverkar X bendi ekki til þess að X hafi ekið á A heldur að A hafi verið ekið á X. Þá sé jafnframt ljóst af atvikum að A hafi verið á hreyfingu en ekki kyrrstæð.

Í bréfi V1 kemur fram að þar sem vespunni hafi verið ekið á 30 kílómetra hraða á klukkustund sé ljóst að um sé að ræða létt bifhjól í flokki 2, þar sem bifhjól í flokki 1 séu ekki hönnuð fyrir aksturshraða umfram 25 kílómetra á klukkustund. Sé því um að ræða skráningar- og vátryggingarskyld ökutæki, sbr. 9. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Beri því að skipta ábyrgð í réttu hlutfalli við sök ökumanna, sbr. 5. gr. sömu laga. Verði það þá metið X til sakar að hafa ekið á miklum hraða frá gangstétt, þar sem ekki megi aka bifhjólum í flokki 2, og út á götu án þess að gæta nægilega að annarri umferð. Hvað varði A þá verði ekki með sanngirni lögð á ökumann hennar sú skylda að hann hefði átt að geta brugðist við háttsemi X, og sé því ekki tilefni til þess að leggja hluta sakar á A. Þurfi þá jafnframt að hafa í huga að A hafi verið á undan X, en í sömu akstursstefnu, og hafi bifreiðinni verið ekið aftur á bak á litlum hraða og hafi hún verið orðin kyrrstæð þegar atvikið átti sér stað. Beri X því alla sök á umræddu atviki.

Í bréfi V2, en af málgögnum má ráða að eigandi A hafi krafist bóta úr ábyrgðartryggingu M hjá félaginu, en X er vátryggður samkvæmt henni, en að þeirri kröfu hafi verið hafnað, kemur fram að V2 telji kröfu M þá að snúið verði við þeirri niðurstöðu V1 að hafna bótaskyldu úr lögbundinni ábyrgðartryggingu A. Samkvæmt lögregluskýrslu hafi A verið ekið aftur á bak úr stöðureit en óljóst sé hvort hún hafi verið kyrrstæð áður en til árekstrar kom. Samkvæmt málskoti telji M bifreiðinni hins vegar hafa verið ekið áfram og hafi hún verið á leið í stöðureitinn er árekstur varð. Hvað sem því líði sé ljóst að A hafi verið á ferð í aðdraganda áreksturs. Reyni á tvenns konar tryggingar, þ.e. lögbodna ábyrgðartryggingu A og frjálsa ábyrgðartryggingu einstaklings. Hinn fyrrnefnda feli í sér hlutlæga bótareglu en ekki hin síðari. Þurfi ökumaður A því að sýna fram á að X hafi sýnt af sér sök sem leitt hafi til tjónsins. Í 4. og 5. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar komi skýrt fram að sá sem verði fyrir tjóni þurfi að hafa verið meðvaldur að tjóninu svo hægt sé að skerða eða fella niður bótaábyrgð. Til að skerða bætur vegna munatjóns þurfi X að hafa sýnt af sér einfalt gáleysi, en stórfellt gáleysi þurfi að koma til svo heimilt sé að skerða bætur vegna líkamstjóns. A hafi skyndilega verið ekið í veg fyrir X. Þó haft sé eftir ökumanni A og vitninu Y að X hafi verið ekið

hratt í aðdraganda áreksturs hafi ekki verið sýnt fram á að X hafi verið yfir löglegum hámarkshraða eða ekið í ósamræmi við aðstæður. Sé því ekki hægt að byggja á því að hann hafi sýnt af sér sök í aðdraganda árekstursins. Í öllu falli sé sökin ekki slík að hún eigi að leiða til skerðingar eða niðurfellingar á bótarétti. Eigi X því rétt til fullra bóta vegna líkams- og munatjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Álit:

V1 byggir á því að vespa sú sem X ók umrætt sinn hafi verið létt bifhjól í flokki 2 og því skráningar- og vátryggingarskyld. Samkvæmt 28. tl. 1.mgr. 3.gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eru létt bifhjól skilgreind sem vélknúin ökutæki á tveimur, þremur eða fjórum hjólum, sem eru ekki hönnuð til hraðari aksturs en 45 kílómetra á klst. og eru með sprengirými sem er ekki yfir 50 sm³ sé það búið brunahreyfli eða samfelld hámarksafl er ekki yfir 4kW sé það búið rafhreyfli. Þá greinast létt bifhjól í létt bifhjól í flokki I séu þau ekki hönnuð til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund og í létt bifhjól í flokki II séu þau hönnuð til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Í lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 kemur fram í 7. gr. að ákvæði 4.-6. gr. um skaðabótaábyrgð vegna tjóns gildi ekki um létt bifhjól í flokki I og í 11. gr. kemur fram að þau séu undanþegin vátryggingarskyldu skv. 8.-10. gr. laganna. Fyrir liggur að X bar fyrir lögreglu að hafa verið á „um 30 km“ hraða á klukkustund í aðdraganda tjónsatviksins. Hins vegar verður ráðið af gögnum málsins að umrædd vespa hafi hvorki verið skráð né vátryggð. Þá hafði X á tjónsdegi ekki aldur til að aka lettu bifhjól í flokki 2, sbr. 4. mgr. 61. gr. umferðarlaga og ekki verður séð að lögregla hafi við rannsókn sína innt hann eftir ökuskráningu. Þrátt fyrir ofangreind ummæli X verður því ekki talið sýnt fram á að umrætt bifhjól hafi verið hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund, enda liggja engin frekari gögn fyrir um það. Verður því að telja að um létt bifhjól í flokki 1 hafi verið að ræða.

Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar er að finna hlutlæga ábyrgðarreglu, þ.e. að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þá segir í 4. mgr. sömu greinar að bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Í 5. mgr. segir svo að bætur fyrir tjón á munum megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Samkvæmt framburði X, sbr. fyrirliggjandi lögregluskýrslu dags. 28. júlí 2020, ók hann eftir göngustígnum á um 30 kílómetra hraða á klukkustund. Hann hafi ekki tekið eftir A sem hafi „komið allt í einu“. Þá kvaðst hann ekki gera sér grein fyrir því hvort A hefði verið kyrrstæð en líklega hefði hún verið það. Önnur bifreið hefði skyggt á hana. X hefði ekki náð að hemla og ekið framán á A. Samkvæmt framburði ökumanns A, sbr. lögregluskýrslu dags. 22. júní 2020, hafi hann bakkað og snúið bifreiðinni við til norðurs og ætlað að keyra af stað þegar X hafi ekið hratt í vesturátt og hafnað á A. Samkvæmt framburði Y, sem var vitni að atvikinu, ók X á miklum hraða vestur göngustíginn og á A sem hafi verið að bakka úr bifreiðastæði á litlum hraða. Hvað málavexti varðar verður að byggja á framangreindum gögnum en framburðir aðila eru nokkuð samhljóða hvað atvikalýsingu varðar, þ.e. að X hafi ekið á A, sem hafi verið á litlum hraða eða kyrrstæð. Þykir því sýnt að X hafi verið meðvaldur að tjóni sínu, er hann ók á nokkrum hraða viðstöðulaust frá göngustíg yfir á akbraut án þess að gæta að annarri umferð, sbr. 1 mgr. 4.gr. umferðarlaga. Verður þá jafnframt að telja að X hafi með ökuhraða sínum í aðdraganda atviksins brotið gegn 2. mgr. 46. gr. umferðarlaga um aksturshraða á m.a. göngustígum, og 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga þar sem segir m.a. að ökumaður skuli haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutæki og geti stöðvað það áður en komið er að hindrun. Verður samkvæmt þessu að telja sýnt fram á að X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur bifhjólsins umrætt sinn. Svo heimilt sé að lækka eða fella niður bætur vegna munatjóns, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, er nægilegt að um einfalt gáleysi sé að ræða. Eins og atvikum er háttað hér verður að telja rétt að bætur vegna munatjóns falli að fullu niður. Hvað varðar bætur fyrir líkamstjón, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, þykir rétt að skerða þær um 1/3 hluta á grundvelli stórkostlegs gáleysis X.

Fyrir nefndinni var ekki gerð krafa um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu M og kemur hugsanlegur ágreiningur aðila hvað það varðar því ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

X á rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V skerða skal bætur til hans um 1/3 hluta.

Reykjavík 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 254/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitafélagsins X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu X vegna falls á göngustíg.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.6.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, móttakið dags. 1.7.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið hinn 28. júlí 2020 þegar M var að ganga á gangstétt og rakst í steypuafgang sem var á stéttinni með þeim afleiðingum að M féll fram fyrir sig, lenti illa og varð fyrir meiðslum.

M telur að um sé að ræða misfellu, þ.e. steypuójöfnu, sem standi upp úr gangstéttinni sem sé á ábyrgð X. Vísar M þar m.a. til ákvæða byggingarreglugerðar um skyldu eiganda mannvirkis til að tryggja öryggi fólks o.fl. Þá vísar M til þess að M hafi slasast vegna fálægs frágangs á gangstétt sem skapaði hættu og að X beri ábyrgð á göngustígum, gangstígum og öðrum útisvæðum innan bæjarmarka. X beri því fulla skaðabótaábyrgð á tjóni M vegna framangreinds slyss.

V vekur athygli á því að í málinu liggja ekkert fyrir um að X eða starfsmenn X hafi haft vitneskju um þennan tiltekna steypuúrgang og ekki brugðist við honum. Þannig hafi X og starfsmenn X fyrst fengið vitneskju um framangreindan steypuúrgagn eftir slysið og hafi fjarlæggt hann strax. Einnig er bent á að umrædd gangstétt og gata að gangstéttinni sé malbikuð og eina steypan sé staðsteyptur kantur sem er gerður áður en stéttin er malbikuð. Af því leiði að steypuúrgangurinn sé ekki eftir framkvæmdir af hálfu X. Þá áréttar V að úrgangurinn sé ekki tilkominn vegna aðila eða verktaka sem hafi unnið fyrir X eða var á vegum X. Af því leiði að ekkert liggja fyrir í málinu sem sýni að starfsmenn X hafi sýnt af sér vanrækslu. Þvert á móti hafi X sinnt skyldum sínum með því að bregðast strax við tilkynningu um úrganginn og fjarlægja hann. V telur því að framangreint slys megi ekki rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum og sé bótaskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að á tjónsdegi var steypuklessa á gangstéttinni. Þá verður ekki annað séð en að um sé að ræða litla steypuklessu á malbikaðri göngugötu. Í sömu gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að steypuklessan sé tilkomin vegna háttsemi starfsmanna eða aðila á vegum X og engin gögn sem sýna fram á að X hafi vitað eða mátt vita af steypuklessunni fyrir slysið.

Af framangreindu verður ekki talið að um sé að ræða slys sem rekja má til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum og er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jóhann T. Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 255/2021**M og
V1 vegna fasteignatryggingar og
V2 vegna ábyrgðartryggingar X****Vatnstjón á heimili í mars 2021.****Gögn.**

Málskot dags 13. maí 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1 til nefndarinnar, dags. 6. júlí 2021, ásamt vátryggingarskilmálum E-7, tjónstilkynningu dags. 11. mars 2021, myndum teknum af M, myndum teknum af verktaka og fleiri myndum teknum af M.

Bréf V2 til nefndarinnar, dags. 14. júlí 2021, ásamt staðfestingu á ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar og vátryggingarskilmálum nr. AA 20.

Viðbótarathugasemdir M, ódags.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kvartar yfir því að bæði V1 og V2 hafi hafnað bótaskyldu vegna tjóns á baðherbergi í húsi M. M kveðst hafa orðið vör við rakaskemmdir í og við sturtu á baðherbergi og byrjað á því að tilkynna tjóni í fasteignatryggingu sína hjá V1 og þegar því tjóni hafi verið hafnað hafi M tilkynnt tjónið í ábyrgðartryggingu X hjá V2, en X hafi flísalagt sturtu fyrir fyrri eigendur fasteignarinnar um þremur árum áður.

M gerir fyrst og fremst kröfu til greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V2 þar sem M telur sýnt að tjón á baðherbergi sé rakið til þess að frágangur við flísalögn hafi ekki verið fullnægjandi af hálfu X. M vísa til þess að bætur hafi verið greiddar vegna sams konar aðstæðna úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns í annarri íbúð í parhúsi sem þau búa í. M benda á að enginn frá V2 hafi skoðað aðstæður heldur hafi einungis verið ályktað um það út frá myndum af vettvangi. Fulltrúi frá V1 hafi hins vegar komið á staðinn og metið það svo að um hafi verið að ræða leka með flísalögn og hann megi rekja til ófullnægjandi frágangs í votrymi. M benda einnig á mynd af vettvangi eftir að veggir voru rifnir niður, þar sem komi fram að engin bleyta sé í kringum blöndunartæki uppi á veggnum heldur hafi verið bleyta neðst við gólfíð.

V1 hefur hafnað bótaskyldu úr fasteignatryggingu og telur tjón M ekki falla undir gildissvið 2. gr. vatnstjónstryggingar fasteignatryggingarinnar hjá félaginu þar sem komi fram að vátryggingin bæti tjón sem sé af völdum vökva sem eigi upptök sín innan veggja húss og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Mat starfsmanna V1 er það m.v. myndir og skoðun á vettvangi sé að um sé að ræða rakaskemmdir vegna notendaleka eða fúguleka sem staðið hefur yfir í lengri tíma og hafi það getað verið vegna vatns sem t.d. hafi seytilað meðfram blöndunartækum inn fyrir flísalögn. Slíkt tjón falli ekki undir gildissvið fasteignatryggingarinnar, auk þess sem sú vátrygging hafi ekki tekið gildi fyrir en 1. maí 2020 og ekki ólíklegt að leki hafi byrjað áður en hún tók gildi hjá V1.

V2 hefur einnig hafnað bótaskyldu vegna tjóns M og vísar um það til þess að ósannað væri að X hefði sýnt sagnæma háttsemi við vinnu á baðherbergi í húsi M í byrjun árs 2018, eða um þremur árum áður en tjón var tilkynnt. V2 vísar til þess að X hafi ekki tengt blöndunartæki og mat V2 væri að rakaskemmdir væru tilkomnar vegna leka frá blöndunartækjum en ekki vegna þess að X hafi gert mistök við að leggja fúgur milli flísa. Þar að auki vísar V2 til vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar X hjá félaginu þar sem kemur fram í gr. 4.3 að vátryggingin bæti ekki tjón vegna skemmda á munum sem vátryggður takið að sér að setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjón verður af verkinu eða við verkið, sbr. gr. 4.3.3, nema sérstaklega sé um það samið. X hafi ekki samið með þeim hætti við V2 og því gildi almennir skilmálar sem undanskilji munatjón á munum sem X hafi sett upp. Einnig bendir V2 á að ábyrgðartrygging X bæti ekki tjón innan samninga og vanefndir á samningi milli X og fyrri eigenda fasteignarinnar vegna mögulegs galla á verkinu falli því ekki undir vátrygginguna.

Álit.

Með gögnum málsins fylgir ekki sérstakt mat á því hverjar orsakir rakaskemmda eru í fasteign M. Álit vátryggingafélagsins V1 byggir á því að lekið hafi með flísalögn á baðherbergi, en í bréfi V1 til nefndarinnar er ekki útilokað að leki hafi komið meðfram blöndunartækjum, en því hafnað að lekið hafi úr þeim. Af öllum gögnum sem liggja fyrir í málinu verður því ekki slegið föstu að rakaskemmdir sé hægt að rekja til þess að skyndilega hafi lekið vatn úr leiðslum fasteignar M þannig að gildissvið 2. gr. vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar hennar eigi við. Ekki er heldur sýnt fram á hvenær lekinn átti sér stað fyrst og hvort fasteignatrygging M hjá V1 hafi þá verið í gildi. Ekki er því sýnt fram á bótaskyldu úr fasteignatryggingu hjá V1.

Álit vátryggingafélagsins V2 byggir aðallega á því gildissvið ábyrgðartryggingar X nái í fyrsta lagi til tjóns eins sem hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi við flísalögn X í byrjun árs 2018 og í öðru lagi þó slík háttsemi hafi verið viðhöfð að gildissvið ábyrgðartryggingarinnar undanskilji munatjón sem verði við að setja muni upp eða vinna við þá með einum eða öðrum hætti. Þegar litið er til allra gagna málsins er ekki unnt að slá því föstu að orsök rakaskemmda á baðherbergi M sé hægt að rekja til mistaka eða annarrar saknæmrar háttsemi af hálfu X. Ekkert mat utanaðkomandi aðila eða sérfræðinga sem hafa ekki hagsmuni af niðurstöðu málsins liggur fyrir því til stuðnings. Verður M að bera hallann af slíkum sönnunarskortri og þegar af þeirri ástæðu er ekki fallist á að tjón M sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V2.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V1 né ábyrgðartryggingu X hjá V2.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 256/2021**M og
V vegna málskostnaðartryggingar húseigendatryggingar.****Ágreiningur um tímafrest til að tilkynna um kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot móttakið 11.06.2021 ásamt fylgiskjöllum 1-7.
Bréf V dags. 20.07.2021 ásamt fylgiskjali.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 23.07.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið með fasteignatryggingu sem innifeli málskostnaðartryggingu, hjá V, vegna fasteignar sinnar. M hafi, með stefnu sem þingfest var 7. apríl 2021, verið stefnt fyrir dóm en stefnendur, X, séu eigendur aðlægs raðhúss og geri kröfu um skaðabætur vegna skemmda á fasteign sinni. X geri fyrir dómi aðallega þá kröfu að húsfélaginu og eigendum persónulega verði sameiginlega og óskipt gert að greiða þeim skaðabætur en til vara að M og meðeiganda hans verði gert að greiða bætur vegna tjóns á séreign X af völdum leka. Hinn 7. júní 2021 hafi V hafnað bótakröfu M úr vátryggingunni, með vísan til gr. 6.3 í sameiginlegum skilmálum félagsins og 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, þar sem ágreining aðila mætti rekja til ársloka 2015, og M hafi mátt vera ljóst um þau atvik sem krafa hans reisti á í síðasta lagi á húsfundi hinn 18. nóvember 2019. Hafi eins árs tilkynningarfrestur því verið liðinn þegar M sendi tjónstilkynningu til V hinn 12. maí 2021. M andmælir þeirri afstöðu enda hafi honum fyrst verið kunnert um það með bréfi dags. 16. nóvember 2020 að krafa yrði gerð á hendur honum fyrir dómstólum. Í stefnu komi fram að X hafi fyrst fundið fyrir raka og fúkkalykt í fasteign sinni í lok árs 2015. M hafi ekki verið upplýstur um það, en hann hafi haft vitneskju um að X réðust í viðgerðir á þaki fasteignar sinnar á árinu 2016. Í ágúst 2017 hafi M fengið bréf frá Húseigendafélaginu þar sem fram kom að enn væru merki um ólykt og raka sem mögulega væru til komin vegna leka í gluggum á fasteign M. Þessu hafi verið hafnað af hálfu M með bréfi dags. 5. september 2017. Í framhaldi þess hafi X leitað til kærunefndar húsamála sem hafi komist að þeirri niðurstöðu í júní 2019 að húsfélagið bæri ábyrgð á tjóni X en því var hafnað að X ættu rétt til bóta frá M sérstaklega. Hafi M þá talið sig persónulega lausan allra mála enda hafi X í framhaldinu beint kröfu sinni að húsfélaginu. Hausið 2020 hafi svo fyrst legið fyrir niðurstaða matsmanns um orsök tjóns X og mat á kostnaði við úrbætur. Það hafi ekki verið fyrr en í kjölfar þess, með áður nefndu bréfi dags. 16. nóvember 2020, sem M varð ljóst að krafa yrði gerð á hendur honum. Fráleitt sé að miða upphaf tilkynningarfrests við húsfund sem fram fór hinn 18. nóvember 2019, enda hafi ekkert nýtt komið fram á þeim fundi og fyrst og fremst hafi hann verið helgaður umræðu um stöðu húsfélagsins í kjölfar niðurstöðu kærunefndar. Hafi tjónstilkynning M því verið send V innan tilskilins frests.

Í bréfi V er rakið að X hafi orðið vör við fúkka og raka í eign sinni í árslok 2015. Sumarið 2018 hafi átt sér stað framkvæmdir á þaki fasteignar M og hafi ekki orðið vart við leka í fasteign X síðan. Í kjölfarið hafi verið ágreiningur milli húsfélagsins og X um það hver bæri ábyrgð á tjóni X vegna þessa. Kærunefnd húsamála hafi komist að þeirri niðurstöðu að húsfélagið bæri ábyrgð á því en hafnað kröfu X á hendur M. Húsfélagið hafi ekki fellt sig við þá niðurstöðu og leitað álits lögmans sem taldi álit nefndarinnar byggja á röngum grunni. Að lokum hafi ágreiningur aðila ratað til dómstóla. Samkvæmt gr. 6.3 í sameiginlegum skilmálum, en það ákvæði sæki stoð í 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga, glati vátryggður rétti til bóta tilkynni hann ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik þau er hún er reist á. Upphaf þess frestar sé matskennt og þurfi að meta í hverju tilviki hvenær vátryggður hafi haft nægilegar upplýsingar til að tilkynna um tjón sitt, en ekki sé alltaf miðað við tímamark málshöfðunar. Húsfundur hafi verið haldinn hinn 18. nóvember 2019 og þar hafi niðurstaða kærunefndar svo og umrætt lögfræðialit komið til umræðu. Verði að líta svo á að á þeim tímamarki hafi M verið ljóst að sættir mundu ekki nást og að réttarlegur ágreiningur væri hafinn. Þar sem M hafi þá mátt átta sig á að húsfélagið mundi ekki una niðurstöðu kærunefndar húsamála, og hafnaði að greiða X bætur til samræmis við hana, hafi honum borið að tilkynna V um tjón sitt innan árs frá því tímamarki. Ágreiningurinn sem sé til meðferðar dómstóla sé um það hver beri ábyrgð á tjóni X og það sé einnig sá ágreiningur sem hafi komið til kasta kærunefndarinnar. Hafi tilkynningarfrestur því verið liðinn þegar M sendi V tjónstilkynningu dags. 12. maí 2021.

Í viðbótarathugasemdom M er áréttað að honum og eiginkonu hans, meðeiganda fasteignarinnar, sé stefnt persónulega í málinu. Umræddur húsfundur hafi engu breytt varðandi það hvort M hafi mátt vera ljóst hvort ágreiningi aðila væri lokið, enda hafi ágreiningur verið til staðar fyrir og eftir fundinn. M hafi allt eins, í ljósi niðurstöðu kæruneftndar, mátt gera ráð fyrir því að X tækju ákvörðun um að höfða einungis dómsmál á hendur húsfélaginu en ekki M persónulega. M hafi fyrst verið krafinn um greiðslu skaðabóta vegna umrædds leka með bréfi dags. 16. nóvember 2020, og beri að miða við það tímamark. Engin ástæða hafi verið til að tilkynna V um málið meðan það var til meðferðar stjórnvalda, enda taki váttryggingin ekki til kostnaðar sem falli til við slíka meðferð.

Álit.

Í gr. 6.3 í sameiginlegum skilmálum V segir að váttryggður, eða hver sá sem eigi rétti til bóta vegna skaðatryggingar glati honum ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því hann vissi um þau atvik sem hún er reist á. Sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga. Tímamark upphaf þessa frestar fer svo eftir mati á aðstæðum og atvikum hverju sinni. Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að X hafi, allt frá árinu 2017, talið að rekja mætti leka í fasteign sinni til fasteignar M, en hinn 29. ágúst 2017 barst M bréf frá Húseigendafélaginu þar sem skorað var á hann að fara í nauðsynlegar viðgerðir. Þá virðist ekki ágreiningur um að á húsfundi, hinn 12. apríl 2018, en fundargerð hans liggur ekki fyrir, hafi verið skorað á M að hefja framkvæmdir en að öðrum kosti mundi húsfélagið grípa til aðgerða og láta framkvæma viðgerð á kostnað M. Í stefnu kemur þá fram að ekki hafi orðið vart við „teljandi leka“ í fasteign X eftir að umræddum framkvæmdum lauk. Í kjölfar þessa leituðu X til kæruneftndar húsamála og gerðu annars vegar kröfu um að viðurkennt yrði að húsfélaginu bæri að bæta tjón á eignarhluta þeirra og hins vegar að viðurkennt yrði að X ættu kröfu á hendur M sem hefði neitað að koma að málinu og tafið framkvæmdir verulega. Niðurstaða kæruneftndar var í stuttu máli sú að gögn málsins bentu til þess að lekið hefði inn í fasteign X frá sameign hússins og bæri húsfélagið ábyrgð á því. Samkomulag sem gert hafði verið meðal eigenda um að hver þeirra annaðist viðhald á sínum eignarhluta var þá ekki talið samræmast ákvæðum laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Var þar af leiðandi ekki fallist á viðurkenningarkröfu um ábyrgð M á tjóni X. Álit kæruneftndar kom til umræðu á húsfundi sem haldinn var hinn 18. nóvember 2019, en fundargerð hans liggur ekki fyrir. Ágreiningslaust virðist þó, sbr. það sem kemur fram í greinargerð stefnda M, að á þeim fundi hafi jafnframt komið til umræðu lögfræðiálit sem húsfélagið aflaði í kjölfar niðurstöðu kæruneftndar. Lögfræðiálit þetta liggur ekki fyrir, en samkvæmt gögnum málsins mun niðurstaða þess hafa verið sú að álit nefndarinnar byggði á röngum forsendum enda hefði ekki tekist að sýna fram á vanrækslu húsfélagsins sem væri skilyrði fyrir ábyrgð þess. Þá kemur fram að á fundinum hafi ekki náðst sátt um ágreining aðila. Samkvæmt framansögðu verður að telja að M, persónulega, og sem aðila að húsfélaginu, hafi verið frá upphafi kunnugt um þennan ágreining, svo og það að kröfum væri beint að honum og eiginkonu hans. Verður þá jafnframt að telja að á umræddum húsfundi, þegar húsfélagið hafnaði að hlíta álit kæruneftndarinnar, hafi M mátt vera ljóst að ágreiningi hans og X væri ekki lokið, og að fyrirséð væri að X héldi uppi fyrri kröfum gagnvart honum. Verður því að líta svo á sem M hafi verið kunnugt um atvik að baki kröfu sinni gagnvart V á því tímamarki og að því hafi tjónstilkynning hans til V, dags. 12. maí 2021, verið of seint fram komin.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu húseigendatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 257/2021**M og
V v/ málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Upphaf ágreinings og tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

Málskot M, mótttekið 22.6.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-28.

Bréf V, dags. 11.8.2021.

Bréf M, mótttekið 12.8.2021.

Málsatvik.

M hafði verið leigutaki tiltekinna íbúð í sex ár þegar hún skilaði íbúðinni af sér þann 1.7.2019. Í kjölfarið áttu sér stað samskipti milli M og leigusalans sem liggja fyrir í málinu. Fór svo að leigusalinn krafði M um greiðslu skaðabóta, með bréfi dags. 22.7.2019, vegna meintra skemmda á íbúðinni sem hann telur M bera skaðabótaábyrgð á. M hafnaði kröfunni með bréfi dags. 27.9.2019. Leigusalinn sendi svo annað kröfubréf hinn 28.11.2019 og hafnaði M kröfunni aftur þann 9.12.2019 en bauð fram kr. 120.000,- í sáttarskyni, án viðurkenningar, til að ljúka málinu. Leigusalinn hafnaði sáttarboði M þann 10.12.2019. Hinn 10.2.2021 var lögmanni M birt stefna vegna málsins sem hann undirritaði fyrir hönd hennar. Tilkynnti M málið til V þann 19.5.2021 og hafnaði V kröfunni með bréfi þann 25.5.2021 á þeim grundvelli að krafa M á hendur félaginu væri of seint fram komin.

M krefst bóta úr málskostnaðartryggingu sinni vegna lögfræðikostnaðar. Vísar M til þess að hún hafi talið málinu lokið þann 10.12.2019, þar sem hún hafi talið málstað sinn sterkan og kröfur leigusalans ósanngjarnar. Telur M að miða eigi upphaf tilkynningarfrests skv. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga við útgáfu stefnu sem birt var þann 10.2.2021 og að tilkynning M til félagsins sé innan þess tímafrests sem getið er framangreindu ákvæði laga um váttryggingarsamninga.

V vísar til þess að skv. skilmálum félagsins, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga glati váttryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Telur félagið að ágreiningurinn hafi komið upp á árinu 2019 að M hafi frá þeim tíma vitað um atvikin sem hún er reist á. Í þessu sambandi bendir V á að í kröfubréfi leigusalans hafi verið kveðið á um að krafan verði innheimt með atbeina dómstóla fáist hún ekki innheimt og að M hafi áskilið sér rétt til að taka til varna fyrir dómstólum í svarbréfi sínu. Enn fremur bendir V á að M hafi ekki verið með tryggingar hjá félaginu þegar stefnan barst í febrúar 2021.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að ágreiningur er milli M og fyrrum leigusala fasteignar um réttmæti skaðabótakröfu leigusalans á hendur M. Af bréfaskriftum M og leigusalans frá árinu 2019 verður ekki annað ráðið en að ágreiningurinn hafi komið upp á árinu 2019 í kjölfar þess að leigusalinn krafðist skaðabóta úr hendi M vegna hins meinta tjóns. Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga glatar váttryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Að teknu tilliti til gagna málsins verður að líta svo á að M hafi mátt vita að upp væri kominn réttarfarslegur ágreiningur allt frá því að fyrri kröfubréf leigusalans barst þann 22.7.2019. Þá liggur fyrir að í kröfubréfi M var hafður uppi áskilnaður um að krafan yrði innheimt með atbeina dómstóla ef hún fengist ekki innheimt. Þegar sáttarboði M var hafnað hafi hún því mátt vita að uppi væri réttarfarslegur ágreiningur sem væri á leið fyrir dómstóla ef hún aðhefðist ekki frekar.

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar upphaf ársfrest skv. 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi í allra síðasta lagi byrjað að líða þann 10.12.2019, þegar leigusalinn hafnaði sáttarboði M. Krafa M í málskostnaðartryggingu, sem barst V þann 19.5.2021 er því of seint fram komin í skilningi 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga. M á þar af leiðandi ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 258/2021**M og
V vegna heimilistrygginga M.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna afleiðingar líkamsárásar 22. júlí 2019.****Gögn.**

Málskot dags. 21.06.21 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 26.07.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tildrög málsins séu þau að M hafi þann 22. júlí 2019 verið að sækja bifreið sína til A sem hafði verið að keyra hana sem leigubílstjóri fyrir M. B hafi skutlað M til A og hafi M beðið B að hinkra við þar sem hann hafi óttast hegðun A. M hafi tekið dót A úr bifreiðinni og rétt honum og síðan sest upp í bifreiðina. A hafi þá komið að bifreiðinni, opnað hurðina og sparkað í vinstri síðuna á M og einnig tekið hann kverkatáki í langan tíma. Auk þess hafi hann hótáð M. M hafi farið á bráðamóttökuna síðar um daginn og verið þar greindur með tognun á háls hrygg, rifbeinum og bringubeini. Vegna áframhaldandi einkenna hafi hann leitað til heilbrigðisstofnunar Suðurnesja daginn eftir og verið þar greindur með tognun á háls hrygg. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að ósannað væri að líkamsárásin hefði átt sér stað og að einkenni M í kjölfarið séu ósértæk.

Í málskotinu vísar M til vitnaskýrslu B þar sem fram komi að A hafi verið eitthvað boginn inn í bílnum hjá M og síðan taki hann á rás inn. Frásögn B komi heim og saman við frásögn M sem hafði beðið B um að hinkra vegna ótta M við A. M segir að A hafi hætt árásinni þegar hann sá bíl B en af frásögn B sé ljóst að A hafi staðið við hurð M og verið boginn inn um hurðina hjá honum. B kvaðst ekki hafa séð átök þar sem hann hafi verið of langt frá en M hafi stuttu eftir atvikið sent honum mynd af blóðugum hálsi og skófari á vinstri síðunni. Í vitnaskýrslu C komi svo fram að hún hafi séð áverkana á hálsi M en þau hafi hist stuttu eftir að líkamsárásin hafi átt sér stað. Í skýrslu A hjá lögreglu kemur fram að hann neiti því að hafa ráðist á M. Hann greinir frá því að hann hafi opnað hurðina þegar M var sestur inn og lesið honum pistilinn, bara látið hann heyra það.

M telur að atvikalýsing hans sé í samræmi við vitnaskýrslur og því ljóst að líkamsárásin hafi átt sér stað. Þá hafi einkenni M ekki eingöngu verið mar á hálsi heldur sé ljóst af bráðamóttökuskrá 22. júlí 2019 að hann hafi verið greindur með tognun á háls hrygg, rifbeinum og bringubeini. Í læknisvottorði vegna taugaskoðunar komi fram að M hafi ekki getað hreyft augun til hliðar, upp né niður þegar hann hafi verið beðinn um það, en geti hreyft þau þegar hann hreyfi höfuðið. M hafi því getað hreyft augun þegar hann hreyfði höfuðið með en ekki augun ein og sér. Einkenni M séu augljós eftirköst heilahristings að mati lækna og áfalls vegna líkamsárásarinnar og hafi M verið óvinnufær vegna einkenna sinna, sbr. vottorð 23. ágúst og 8. ágúst 2019.

Í gögnum málsins kemur fram að sakamál gegn A hafi verið fellt niður.

Í bréfi V kemur fram að fyrir liggi ítarleg rannsóknargögn frá lögreglu. B hafi sannarlega verið á staðnum þegar hið meinta atvik hafi átt sér stað en hann hafi hins vegar ekki verið vitni að neinni líkamsárás og geti því ekki staðfest frásögn M hvað það varði. Frásögn B sé hins vegar í samræmi við frásögn A. C sé ekki vitni að líkamsárásinni sem slíkri og byggist hennar frásögn alfarið á því sem M hafi sagt við hana í kjölfar árásarinnar. Þar sem A hafni alfarið að hafa ráðist á M og engin vitni séu að árásinni telur V skorta sönnun fyrir því að árásin hafi átt sér stað.

Álit:

M fer á lögreglustöð 24. júlí til að leggja fram kæru hendur A vegna líkamsárásar. Í lögregluskýrslu sem er þá gerð kemur fram að A hafi opnað hurðina á bílnum eftir að M var sestur og hafi hann sparkað í síðu hans þannig að hann hafi rifbeinsbrotnaði og tekið hann kverkatáki lengi. Einnig hafi A haft í hótunum við M. Í skýrslunni kemur einnig fram að M hafi síðan farið í jarðarför og eftir hana hafi hann farið á bráðamóttökuna. Í lögregluskýrslu kemur fram að B hafi keyrt M á staðinn þar sem meint átök áttu að hafa átt sér stað en hann hafi ekki séð nein átök á milli M og A. Hins vegar hafi hann tekið eftir því að A var að bogra eitthvað inn í bílinn hjá M og síðan hlaupi hann nánast inn og billinn hökti frá húsinu. Í framburði hans kemur fram að M hafi ekki stoppað hjá honum eftir atvikið heldur hafi hann hringt í sig til að segja sér frá því sem gerðist. C hitti M sama

dag eftir hið meinta atvik þar sem þau fóru saman í jarðarför og ber hún að hún hafi séð áverka á hálsi M ásamt því að M hafi sagt henni frá atvikinu.

M fer á bráðamóttöku sama dag og hið meinta atvik á sér stað og í bráðamóttökuskra kemur fram að M hafi sjáanlegt mar á hálsi en hafi fulla hreyfigetu nema þar sem M geti vilji ekki hreyfa sig sökum verkja og hafi hann verki í háls hryggnum. Niðurstaða skoðunar og rannsóknar á bráðamóttökunni sýndu ekki fram á brot eða innvortis blæðingar og var M greindur með tognun á háls hrygg. Í gögnum málsins koma fram frekari komur til lækna vegna annarra síðbúinna einkenna. Þrátt fyrir neitun A á því að hafa ráðist á M liggur fyrir að M fékk áverka þennan tiltekna dag. Vitnið B sér A bogra inn í bíl M og þrátt fyrir að vitnið geti ekki staðhæft að A hafi ráðist á M þá liggur fyrir í málinu að M hringdi í B til að segja honum frá árásinni. Vitnið C ber að hún hafi séð áverka á hálsi M þegar þau fóru saman í jarðarför eftir meint atvik. Þá liggur fyrir að M fer á bráðamóttöku sama dag þar sem staðfestir eru áverkar á hálsi.

Þrátt fyrir að sakamálið gegn A hafi verið fellt niður sökum þess að gögn málsins voru ekki talin nægja til sakfellis breytir það ekki meginreglu að skaðabótaréttar um að bótaskylda sé fyrir hendi þegar um bótaskyld atvik er að ræða og að í slíkum málum eru gerðar aðrar sönnunarkröfur en í sakamálum.

Með vísan til alls framangreinds, þess að ljóst er að A fór inn í bifreið M og bograði yfir hann og þess að M var í uppnámi og með áverka í kjölfarið verður ekki unnt að líta öðruvísi á en M hafi orðið fyrir líkamsárás sem sé bótaskyld atvik og eigi hann rétt á bótum vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr heimilistryggingu hjá V.

Reykjavík 7. september 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 259/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á bifreiðastæði hinn 16. apríl 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 24.06.2021 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Bréf V1, dags. 19.07.2021 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Bréf V2, dags. 16.08.2021.

Málsatvik.

Hinn 16. apríl 2021 varð árekstur milli ökutækja A, sem sonur M ók umrætt sinn, og B, á bifreiðastæði við Fjölbautaskólann í Garðabæ. Ökumenn fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynninga á vettvangi en samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar & öryggis var tekinn símaframburður af þeim hinn 20. apríl 2021. Samkvæmt ökumanni A var hann að bakka út úr bílastæði og kominn út úr stæðinu og búinn að setja í gír til að aka áfram þegar B var bakkað á vinstri hlið A. A hafi verið staðnæmd í eina til tvær sekúndur þegar áreksturinn átti sér stað. Samkvæmt framburði ökumanns B ók hann aftur á bak úr bifreiðastæðinu og „í hliðina á A“ sem hann hafi ekki séð fyrir aftan sig. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd váttryggingafélaganna og var sök skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu enda hafi A verið kyrrstæð þegar B bakkaði í hlið hennar og tjónanefnd váttryggingafélaganna byggir á röngum forsendum hvað þetta varði, enda beri ákomur á A með sér að hún hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs. Sé því ekki hægt að byggja á því að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak nokkurn veginn samtímis. Þá sé bifreið A búin myndavél og hreyfiskynjara og því langsótt að henni hefði verið bakkað í átt að B á sama tíma og B ók aftur á bak. Þá viðurkenni B að hafa ekki séð A og sé því ljóst að hann hafi ekki sýnt af sér næga aðgæslu við akstur aftur á bak. Beri því að leggja alla sök á B.

V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að ökumaður B beri alla sök á umræddum árekstri. Atvik málsins séu óumdeild og B hafi ekki veitt A athygli. Það að bifreið A hafi verið kyrrstæð og ökumaður við það að aka áfram leiði til þess að telja verði að A hafi verið kyrrstæð það lengi að það eigi að hafa áhrif á sakarskiptingu. B hafi aldrei mótmælt því að A hafi verið kyrrstæð og þá bendi ákomur á A einnig til þess að svo hafi verið. B hafi því með aksturslagi sínu ekki gætt nægilega að ákvæðum 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V2, sem var váttryggjandi B tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að sök skuli skipt til helminga. Báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs og það að stöðva bifreið í eina til tvær sekúndur geti aðeins talist augnabliksstöðvun.

Álit:

Í málskoti er byggt á því að A hafi verið kyrrstæð og ökumaður hennar að búa sig undir að aka áfram þegar B bakkaði úr stæði sínu og rakst á hana. Er það í samræmi við framburð ökumanna í skýrslu Aðstoðar & öryggis, en þar segist A hafa verið kyrrstæður og B segist ekki hafa séð A fyrir aftan sig. Er því í raun enginn ágreiningur um málsatvik, og fá þau jafnframt stuðning af ákomum á A, en af þeim verður helst ráðið að A hafi verið kyrrstæð er áreksturinn átti sér stað. Þrátt fyrir að A hafi einungis verið kyrrstæð í skamma stund verður því, með hliðsjón af ofangreindu, að telja að áreksturinn megi rekja til þess að B hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Er það því niðurstaða nefndarinnar að B beri alla sök á árekstri bifreiðanna.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 260/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot M, dags. 25.6.2021 ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V, dags. 24.8.2021, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi þann 17. febrúar 2019 er hún var í útreiðatúr í Víðidal í Reykjavík. Á svæðinu var brunnlok frá Veitum ohf., dótturfélagi A. Brunnlokið hafi verið laust á brunninum, en snjór var yfir jörðu og þar á meðal brunnlokinu. Hesturinn hafi stigið á brunnlokið með þeim afleiðingum að hesturinn hafi farið með framlappirnar ofan í brunninn og í kollhnís yfir M. Bæði M og hesturinn hafi slasast við fallið. Tjónið hafi verið tilkynnt til V og þess krafist að félagið viðurkendi bótaskyldu þar sem slysið mætti rekja til háttsemi/athafnaleysis, sem Veitur beri ábyrgð á. V hafnaði bótaskyldu á þeim forsendum að engar framkvæmdir hefðu verið í gangi á vegum A á þessu svæði og engin vitneskja hefði verið til staðar fyrir slysið að lokið væri laust. Hugsanlega hafi snjóruðningstæki farið á brunninn og brotið hann.

M telur ljóst að slysið megi rekja til vanbúnaðar á brunninum/brunnlokinu og Veitum hafi borið að tryggja að frágangur slíkra brunna væri forsvaranlegur og tryggja að þeir væru ekki til þess fallnir að valda slysaþættu. Umræddur brunnur hafi verið staðsettur á útivistarsvæði í Víðidal þar sem fjöldi hestamanna og hestar þeirra fari um daglega. Brunnar séu í eðli sínu mjög hættulegir og til þess fallnir að valda mikilli slysaþættu sé ekki réttilega gengið frá þeim og brunnlokum þeirra. Veitum hafi mátt vera ljóst að snjóruðningstæki færi reglulega um svæðið á veturna og gera þyrfti ráðstafanir við frágang brunna þannig að engin hætta væri á að snjóruðningstæki gæti losað um brunnlok. Þá telur M að við mat á saknæmi í þessu máli verði að hafa í huga að um sé að ræða útivistarsvæði og útreiðarsvæði sem fjöldi fólks fer um daglega og að sérstök skylda hafi því hvílt á Veitum að tryggja umbúnað og öryggi við slíkar aðstæður. Jafnframt að Veitum hafi mátt vera ljóst að brunnar séu í eðli sínu hættulegir og ef slys verða þá séu líkur á að þau yrðu alvarleg.

Í tölvupósti V kemur fram að A hafi ekki verið meðvitaður um að umrætt lok væri laust og viti ekki hvernig það kom til. Því sé sök ósönnuð í málinu.

Álit:

Fyrir nefndinni liggja ljósmyndir af umræddu brunnloki. Ekki verður séð að tilvist þess og umbúnaður hafi í för með sér sérstaka slysaþættu, nema það sé opið. Ekkert liggur fyrir um hvers vegna brunnurinn var opinn og ekki hefur verið sýnt fram á að A eða Veitur hafi haft vitneskju um það eða að saknæmri háttsemi A sé um að kenna. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 261/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot M, dags. 25.6.2021 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 19.7.2021, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið við vinnu hjá A við að þrifa flökunarvél, sem var stillt á þrifakerfi, en þá er hægt að hafa vélina opna og snúast þá söðlar hægt í vélinni. Er M var að spúla vélina lagði hann hönd á vélina, þar sem söðulsbotn greip þá í hana með þeim afleiðingum að höndin klemmdist á milli söðulbotns og bita, sem hann gengur undir, og varð M fyrir meiðslum. Vinnueftirlitið var kallað til og rannsakaði orsök slyssins og skilaði um það skýrslu.

M telur að slysið hafi borið til með saknæmum hætti. Í skýrslu Vinnueftirlitsins komi fram að orsök slyssins megi rekja til þess að ekki hafi legið fyrir áhættumat fyrir þann verkþátt sem slysið varð við og að M hafi ekki fengið fulla þjálfun í þessum verkþætti. Þá hafi þrifakerfi flökunarvélarinnar ekki verið uppfært á slysdegi, en framleiðandi vélarinnar hafði breytt framleiðslu nýrra sambærilegra véla þannig að söðlakeðjan myndi ekki snúast sjálfkrafa hægt í þrifstillingu heldur yrði að ýta á sérstakan takka til að hreyfa hana til við þrif. Unnið hafi verið að hugbúnaðaruppfærslu eldri véla svo þær virkuðu eins og nýjar vélar hvað þetta varðar. M telur slysið skaðabótaskyld þar sem ljóst sé að fjölmargar reglur og lagákvæði voru ekki uppfyllt að hálfu A. M hafi ekki hlotið viðeigandi þjálfun við þrif á vélinni og í raun hafi venjulega sérstakt þrifateymi verið fengið til slíkra starfa. Ekkert áhættumat hafi legið fyrir eða verklagsreglur um hvernig standa átti að þrifum á vélinni auk þess sem vélin hafi ekki verið uppfærð hvað varðar þrifakerfi og því ekki í fullnægjandi ásigkomulagi á slysdegi.

Í bréfi V kemur fram að ósannað sé að slysið verði rakið til saknæms vanbúnaðar á vélinni, ófullnægjandi þjálfunar eða skorts á áhættumati. Í fyrsta lagi hafi flökunarvélin ekki verið vanbúin á neinn hátt. M hafi stillt vélina á sérstaka þrifstillingu, sem felur í sér að hnífar hennar verða óvirkir en að færibaldið með söðlunum á snúist mjög hægt, aðeins á 5% hraða, m.v. venjulega vinnslu. M hafi opnað öryggishlífar vélarinnar, eins og gert er í þessari stillingu, til að unnt sé að þrifa hana. Vinnueftirlitið hafi ekki gert neinar athugasemdir við hlífar eða öryggisbúnað vélarinnar né heldur að hægt hafi verið að komast að hreyfanlegum hlutum hennar, enda hættan hverfandi. Vélin sé hönnuð með þessum hætti frá framleiðanda og hún því ekki vanbúin á neinn hátt. Í öðru lagi er byggt á því að hugbúnaður vélarinnar hafi ekki verið uppfærður og í því felist saknæmur vanbúnaður. Engin vitneskja var hins vegar til staðar hjá A um hugbúnaðaruppfærsluna og engin þjónustuheimsókn farið fram á því rúma hálfu ári frá því uppfærslan kom fram. Þótt fram komi nýrri og öruggari gerðir af vélbúnaði leiði það ekki til þess þess að eldri gerðir teljist þá sjálfkrafa vanbúnar, enda uppfylli þær almennar reglur á hverjum tíma. Í þriðja lagi er því hafnað að M hafi hvorki verið kynntar verklagsreglur um þrif á vélinni né hlotið nokkra þjálfun við þrif á henni. Verkstjóri hafi ávallt farið yfir öryggis og verklagsreglur munnlega með öllu nýju starfsfólki með aðstoð túlka og einnig farið yfir þrifareglur með vélamönnum. Þá hafi vanur þrifamaður alltaf verið látinn fylgjast með og leiðbeina nýjum starfsmönnum fyrstu skiptin. M hafi á slysdegi starfað hjá A í hartnær 3 ár fyrir slysið og hafi hann gegnt ýmsum störfum. Verkstjóri hafi metið það svo að starfsmenn væru fullnuma á viðkomandi vélar eftir 1 mánuð en M hafi unnið við umrædda flökunarvél í u.þ.b. 1 ár fyrir slysið og hafi margoft þrifið hana áður. Þá hafi hann lokið sérstöku 48 klst. námskeiði fyrir fiskvinnslustarfsfólki, þar sem farið er m.a. yfir öryggi á vinnustöðum. Ályktun Vinnueftirlitsins um ófullnægjandi þjálfun M sé því röng. Þá sé það rangt haft eftir í umsögn Vinnueftirlitsins að sérstök þrifagengi sjái almennt um þrif á vélunum. Hið rétta sé að þeir starfsmenn sem vinna við stjórn viðkomandi véla sjá sjálfir um þrif á vélinni í lok vinnudags. Þrif á vélinni var því hluti af starfsskyldum M. Í fjórða lagi er það rétt að ekki lá fyrir sérstakt áhættumat vegna þrifa á flökunarvélinni en í ljósi þekkingar og reynslu M er því alfarið mótmælt að orsakasamband sé á milli skorts á áhættumati og slyssins.

Álit:

Í málgögnum kemur fram að M hafi verið að þrifa flökunarvél, sem stillt var á þar til gerða þrifstillingu. Í þeirri stillingu var hægt að opna vélina alla til að auðvelda þrif. Hnifar hættu að virka en söðlakeðja snerist mjög hægt. M lagði hönd sína á vélina og klemmdist hún á milli söðulbotns og bita, sem söðullinn gengur undir. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að eftirlitið telji að rekja megi orsök slyssins til þess að ekki hafi legið fyrir áhættumat fyrir þennan verkþátt, þ.e. að þrifa vélina og að hinn slasaði hafi ekki fengið fullnægjandi þjálfun í því verki að þrifa vélina. Jafnframt að meðvirkandi þáttur hafi verið að ekki hafi verið búið að uppfæra þrifakerfið í vélinni. Hins vegar liggur fyrir að M hafði unnið við vélina í u.þ.b. eitt ár og að það var hluti af starfsskyldum hans að þrifa vélina að loknum vinnudegi. Einnig hafi vanur þrifamaður ætíð fylgst með og leiðbeint nýjum starfsmönnum fyrstu skiptin. Verður því að ætla að M hafi haft næga þekkingu og þjálfun til að þrifa vélina. Þá liggur ekki fyrir að orsakasamband sé á milli skorts á áhættumati fyrir þennan verkþátt og slyssins. Ekki liggur heldur fyrir sönnun þess að vélin hafi verið haldin galla eða verið vanbúin á einhvern hátt. Seinni tíma uppfærsla á þrifakerfi getur ekki leitt til þess að eldri útgáfur véla verði sjálfkrafa metnar vanbúnar, nema augljós hætta stafi af þeim. Svo var ekki í þessu tilfalli. Sönnunarbyrði um að orsök slyssins megi rekja til saknæmrar háttsemi A hvílir á M og hefur slík sönnun ekki tekist. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 262/2021**M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar X****Tilkynningarfrestur 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga.****Gögn.**

Málskot móttakið 28.6.2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 26.7.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

Samkvæmt tjonstilkynningu, dags. 27.4.2021, var bifreiðinni X ekið inn á yfirbyggt bifreiðaplan þann 31.1.2019. Ekki vildu betur til en að ökumaður bifreiðarinnar misreiknaði hæð hennar þannig að þak bifreiðarinnar rakst í loftið með þeim afleiðingar að skemmdir urðu á þaki bifreiðarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tilkynningin hafi borist rúmlega tveimur árum eftir að atvikið átti sér stað og að bótaréttur M sé þar af leiðandi fallinn niður skv. ákvæði 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M fellir sig ekki við niðurstöðu V og vísar til þess að V hafi gefið þær upplýsingar í síma að tíminn sem liði frá tjóni fram að tilkynningu skipti ekki máli.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga glatar vátryggður rétti sínum til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Í skilmála kaskótryggingar V er jafnframt sambærilegt ákvæði, þar sem kveðið er á um að vátryggður skuli án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um vátryggingaratburð með sannanlegum hætti, auk þess sem fram kemur að vátryggður glati rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um tjónið innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á.

M heldur því fram að V hafi gefið þær upplýsingar símléiðis að það hefði ekki áhrif á bótaréttinn sinn hvenær tilkynningin væri send félaginu. Engar nánari upplýsingar eða gögn liggja hins vegar fyrir um það hvenær þessi samskipti áttu sér stað. Þá liggur ekki fyrir staðfesting frá V um þessi meintu samskipti og upplýsingagjöf. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varðar.

Fyrir liggur að M vissi um kröfu sína í skilningi framangreindra laga- og skilmálaákvæða allt frá tjónsdegi þann 27.4.2021. Að teknu tilliti til gagna málsins verður því að líta svo á að tilkynning M hafi borist félaginu of seint og að bótaréttur M hafi verið fallinn niður þegar tjonstilkynning barst V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 263/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X
Vinnuslys við fiskvinnslu 6. mars 2020.****Gögn.**

Málskot mótttekið 28. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum.

Athugasemdir V ódags. með mynd af vinnuáðstæðum og tilvísun til höfnunarbréfs V til lögmanns M dags. 12. apríl 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hlotið líkamstjón við vinnu sína hinn 6. mars 2020 þegar hún féll af stól. Um var að ræða slys sem varð við störf M í fiskvinnslu X. Aðstæðum er lýst þannig í tjónstilkynningu M til V dags. 5. júní 2006 að hún hafi staðið uppi stól og verið að ýta fiski í frysti og hafi þá stóllinn runnið skyndilega til með þeim afleiðingum að hún féll í jörðina og fékk áverka á öxl. Í öðrum tjónstilkynningum sem stafa frá M er tjónsatvikinu lýst með sambærilegum hætti.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga líkamstjónsins þar sem vinnuáðstæður hafi verið ófullnægjandi. M vísar einnig til þess að hún hafi orðið óvinnufær á slysdegi vegna afleiðinga vinnuslyssins og þrátt fyrir það hafi X ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins eins og X bar skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. M telur að X verði að bera hallann af skorti á sönnun um vinnuáðstæður vegna vanrækslu tilkynningarskyldu og vísar um það til dómaframkvæmdar. M byggir kröfur sínar ennfremur á því að sá pallur sem notaður sé vinnustað X sé ekki í samræmi við reglugerð um húsnæði vinnustaðar, skort hafi á verkstjórn og slys hennar megi einnig rekja til þess að einhver samstarfsmaður X hafi gengið þannig frá vinnupalli að slyshætta var af.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að trúnaðarlæknir X hafi ekki metið afleiðingar slyssins sem alvarlegar. Einnig bendir V á að aðstæður á vinnustað X séu óbreyttar frá slysdegi og vísar til ljósmynda af vettvangi um vinnuáðstæður og engar athugasemdir hefðu verið gerðar við þær við úttekt Vinnueftirlitsins fyrir slysið eða haustið 2019. V lýsir aðstæðum þannig að við færiband það sem M hafi verið að vinna við sé vinnupallur sem hægt sé að stíga upp á til að ýta til fiski. M hafi unnið hjá X síðan árið 2001 og þekki aðstæður og ekki sé sannað að staðsetning vinnupallsins hafi verið með þeim hætti á slysdegi að hægt sé að leggja sök á samstarfsmenn M.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M slasaðist við störf sín hjá X þegar hún rann af vinnupalli sem hún stóð upp á við störf sín. Þó X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 vegna slyssins hefur það ekki þau áhrif að skaðabótaskylda stofnast vegna afleiðinga þess, heldur verður frásögn M lögð til grundvallar hvað sönnun atvika varðar. Engin bein frásögn eða skýrsla liggur fyrir í gögnum málsins frá M heldur er atvikum lýst í gegnum tilkynningar lögmanns hennar um slysið sem og málskot til nefndarinnar. Þær lýsingar eru um margt almennar um að M hafi runnið af vinnupalli á jörðina. Verður að meta slíka frásögn með hliðsjón af öðrum gögnum, t.d. mynda af vettvangi. M hefur ekki mótmælt því sérstaklega að þær myndir sýni þær aðstæður sem uppi voru þegar hún slasaðist, þó tækifæri hafi verið gefið til þess að gera athugasemdir við þau gögn sem V lagði fram fyrir nefndinni.

Með hliðsjón af umræddum myndum og öðrum gögnum verður ekki talið nægilega sýnt fram á af hálfu M að aðstæður á vinnustað hennar hafi verið ófullnægjandi og ekki verður um það byggt einungis á fullyrðingum í málskoti um slíkar aðstæður ef önnur gögn styðja ekki þær fullyrðingar. Því til viðbótar fær sú fullyrðing í málskoti um að samstarfsmaður M hafi komið vinnupallinum þannig fyrir að hætta stafaði af honum ekki heldur stóð í öðrum gögnum málsins. Verður því ekki talið nægilega sýnt fram á að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 15. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 264/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna reiðhjólasyss hinn 31. mars 2020**Gögn.**

Málskot mótttekið 28.06.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 05.08.2021 ásamt fylgiskjölum 1-2.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 13.08.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 31. mars 2020 hafi M fallið af reiðhjóli er hann hjólaði niður Ægisgarð í Reykjavík. Hafi hann meiðst við fallið auk þess sem tjón hafi orðið á fatnaði hans og öðrum búnaði. M telur að orsök slyssins sé að rekja til slælegs frágangs af hálfu A sem hafi staðið fyrir framkvæmdum á vettvangi og að þar af leiðandi sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess fyrir hendi. Aðstæður hafi verið með þeim hætti að búíð hafi verið að grafa götuna í sundur og frágangi hafi ekki verið lokið. Hafi malarfylling tekið við af malbiki og við skilin hafi verið hola, sem leitt hafi til falls hans, en engin viðvörðunarkerki hafi varað við hættunni sem fylgir slíkum aðstæðum. Um fjölfarna hjólaleið sé að ræða og hefði A mátt vera ljóst að hola við malbiksbrún skapaði hættu fyrir hjólandi umferð. Vísar M til þess að viðvörðunarkerkingar hafi hvorki verið í samræmi við reglur um umferðarkerki né notkunarhandbók Vegagerðarinnar og ekki gegnt þeim grundvallartilgangi að vara við þeim aðstæðum sem framundan voru. Þá hafi M sýnt af sér fyllstu aðgæslu. Máli sínu til stuðnings vísar M til ákvæða reglugerðar um umferðarkerki og notkun þeirra nr. 289/1995, reglugerðar nr. 492/2009 um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og ið veg og handbókar Vegagerðarinnar um vinnusvæðamerkingar. Jafnframt leggur M fram ljósmyndir af vettvangi. V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 20. ágúst 2020.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafði alfarið röksemdum M fyrir bótaskyldu. Merkingar á vettvangi hafi verið nægilega skýrar til að vekja athygli vegfarenda á því að framkvæmdir stæðu yfir og að fara yrði með aðgát um svæðið. Með nokkrum fyrirvara hefði mátt sjá hvað malbik endaði og mól tæki við og slíkar aðstæður kalli á sérstaka varúð. Verði ekki séð að frekari merkingar hefðu breytt nokkru um óhapp málsaðila. Þá hafi M ekki haldið sig lengst til hægri á akbrautinni eins og áskilið sé í 1. mgr. 42. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þar að auki hafi A ekki haft vitneskju um umrædda holu, engar tilkynningar hafi borist A um holuna, og engin gögn liggi fyrir um að starfsmenn A hafi vanrækt eðlilega eftirlitsskyldu. Þegar slys M átti sér stað hafi verið leysingar í marga daga, og holur myndast vegna aksturs, úrkomu og leysinga. Ekki sé sýnt fram á að starfsmenn A hafi sýnt af sér athafnaleysi í tengslum við veghald á umræddum vegi, en svo bótaskylda sé til staðar verði að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis. Er bótaskylda því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kemur er tekið fram að vissulega hafi mátt sjá að verið var að byggja hús við götuna en engin merki hafi verið á vettvangi um að framkvæmdir væru yfirstandandi á götunni sjálfri. Engin viðvörðunarkerki hafi verið við götuna, heldur aðeins hlið til að loka af byggingarsvæðinu. Þá hafi M verið nægilega mikið til hægri á akbrautinni miðað við stefnu og það að hann hugðist hægri beygju. Hafi hann því farið að umferðarlögum. Eftir slysið hafi verið brugðist við og merkingum bætt við til að varna umferð við umrædda holu. Kjarni málsins sé sá að M hafi ekki verið með glannaskap, hann hafi einfaldlega ekki séð holu sem myndast hefði vegna framkvæmda á svæðinu enda hafi engar viðvaranir verið til staðar vegna þessara óvenjulegu aðstæðna.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og sönnunarbyrðin hvað það varðar hvílir á M. Af fyrirliggjandi ljósmyndum sem M leggur fram og teknar voru daginn eftir

atvikið má ráða að ekki hafi verið sérstaklega varað við framkvæmdum á akbrautinni. Hins vegar má jafnframt ráða af umræddum ljósmyndum að ljóst hafi verið að framkvæmdir stóðu yfir við akbrautina. Segir M enda sjálfur í viðbótarathugasemdum sínum að sjá hafi mátt með fyrirvara hvar malbikið endaði. Verður því að telja að M hafi verið ljóst að framkvæmdir stóðu yfir, að yfirborð akbrautarinnar hafði verið brotið upp og að mól tók við af malbikinu. Verður því ekki fallist á að orsakatengsl hafi verið milli hugsanlegrar vanrækslu A á því að merkja svæðið tryggilega sem framkvæmdasvæði og þess að A féll af hjóli sínu. Samkvæmt framburði M, sem virðist óumdeildur hvað þetta varðar, má rekja slys hans til óvenjustórrar holu sem myndast hafði við skil malbiks og malarkafla, en sú hola hafi ekki sést úr þeirri átt sem hann kom hjólandi. Kemur þá til skoðunar hvort A eða starfsmenn þess hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi með því að vara ekki sérstaklega við umræddri holu eða lagfæra hana þannig að ekki væri hætt við því að slys hlytist af. Samkvæmt því sem V hefur eftir A, og hefur það ekki verið véfengt sérstaklega, hafði ekki verið unnt að malbika nýja þekju vegna veðurs, en leysingar höfðu verið, skipst á með frosti og þíðu og holur myndast vegna aksturs, vatnaveðurs og leysinga. A hafi þá ekki verið tilkynnt um umrædda holu og hafi ekki haft vitneskju um hana. Gegn andmælum A hefur ekki verið sýnt fram á annað. Er því ósannað að starfsmenn A hafi haft vitneskju um þessar aðstæður og borið skylda til að bregðast við þeim áður en umrætt óhapp átti sér stað. Hins vegar liggur fyrir, og er óumdeilt, að A brást við til samræmis við 2. mgr. 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 eftir að því var tilkynnt um tjón M. Sönnunarbyrðin um að tjón M megi rekja til saknæmrar vanrækslu A hvílir á M og eins en mál þetta liggur fyrir nefndinni er ósannað að tjón hans verði rakið til gáleysis A hvað þetta varðar. Er það því mat nefndarinnar að um óhappatívik hafi verið að ræða, sem ekki er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A. Verður samkvæmt framansögðu að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 265/2021**M og
V vegna brunatryggingar fasteignar****Ágreiningur um skerðingu bóta vegna brunatjóns á fasteign þann 25.1.2021.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, mótttekið 28. júní 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 30. júlí 2021, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Þann 25. janúar 2021 kom upp mikill eldur í einbýlishúsi M í Reykjavík. Miklar skemmdir urðu á húsinu, sem var brunatryggt hjá V, auk þess sem innbú var brunatryggt með innbústryggingu fjölskyldutryggingar. V ákvað að skerða bætur um 1/3 þar sem V taldi að tjóninu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi þar sem M hafi starfrækt ólöglega starfsemi í húsinu og sú starfsemi hefði í för með sér umtalsverða brunahættu.

Í málskoti M kemur fram að tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafi rannsakað brunann og hugsanleg eldsupptök. Þar kemur fram að upphafsstaður brunans hafi verið í risi, sunnan megin í húsinu. Eftir ítarlega rannsókn var hins vegar ekki hægt að fullyrða um hvernig eldurinn kviknaði. Leiða megi líkur að því að notkun rýmisins hafi verið til kannabisræktunar en þaðan hafi hrunið ýmis búnaður, loftsiur, gróðurlampar, talsvert af rafmagnsköplum og brunnum plöntuleyfum. Líklegast þykir að eldurinn hafi kviknað þar út frá þeim búnaði vegna bilunar eða gáleysis. V hafi fullyrt að bein tengsl væru á milli þess búnaðar sem fannst í húsinu og brunans þrátt fyrir að niðurstaða tæknideildar lögreglunnar hafi ekki verið afgerandi um hver eldsupptök hafi verið. V vísi til þess að eðli málsins samkvæmt hafi búnaður sem þessi í för með sér umtalsverða brunahættu. M hafnar því hins vegar og telur að umræddur búnaður hafi ekki í för með sér meiri brunahættu en hver annar heimilisbúnaður, sem þarfnast rafmagns. Um hafi verið að ræða búnað sem hafi hvorki í för með sér mikla rafmagnsnotkun eða hitamyndun, enda um að ræða ljós sem búin eru tækni sem hefur þvert á móti það að markmið að lágmarka notkun rafmagns. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að búnaðurinn hafi verið í notkun eða tengdur í rafmagn og heldur M því fram að svo hafi í raun ekki verið. Búnaðurinn hafi verið í risinu til geymslu, líkt og annað sem þar var að finna, s.s. ferðatöskur o.fl. Ákvörðun V sé því ekki byggð á neinum gögnum eða röksemdum heldur einungis því sem nefnt er „eðli máls“ og því sé ákvörðunin haldlaus. M hafnar því jafnframt að hafa sýnt af sér gáleysi, hvað þá stórkostlegt gáleysi. Hann hafi dvalið í húsinu, sem hann hefði ekki gert ef um meðvitaða brunagildru væri að ræða. M hafi í raun verið heppinn að komast lífs af úr eldsvoðanum, en hann var fluttur á sjúkrahús með reykeitrun. Það sé því ósannað að eldsupptök megi rekja til gáleysis M og því sé óheimilt að skerða bætur til M.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að fljótlega hafi komið í ljós að umfangsmikil fíkniefnaframleiðsla var starfrækt í húsinu að Kaldaseli 1 þegar eldurinn kviknaði. Af gögnum megi sjá að framleiðslan fór fram í sérstökum ræktunartjöldum þar sem allur búnaður til ræktunar hafi verið, s.s. pottar, plöntur, lampar, spennubreytar og annar rafbúnaður. Af myndum megi sjá að fjöltengi og rafbúnaður liggi á botni tjaldsins, óvarinn fyrir vatni. Jafnframt megi sjá að M notaðist við hefðbundin fjöltengi, sem ætluð eru til heimilisnota. Slík fjöltengi séu ekki ætluð fyrir iðnað eða mikinn straum líkt og hitalampar og ræktunarperur draga að sér. Þegar of mikill straumur er settur á víra og fjöltengi sem þessi geta þau hitnað og valdið sjálfsíkveikju. Frágangi á rafbúnaði hafi því verið verulega áfátt og til þess fallinn að valda hættu á skammhlaupi og brunatjóni. Í skýrslu tæknideildar lögreglunnar kom fram að eldsupptakastaður hafi verið í risi sunnan megin í húsinu og að leiða megi líkur að því að notkun rýmisins í risinu hafi verið til kannabisræktunar, en þaðan hafði hrunið niður í gegn um gólfið ýmis búnaður sem notaður er við slíka ræktun. Þá segir í skýrslunni: „Líklegast þykir að eldurinn hafi kviknað þar út frá þeim búnaði (tenglum og tækjum) vegna bilunar eða gáleysis.“ Með hliðsjón af þessu verði að teljast augljóst að í risinu hafi kannabisræktun verið staðsett með samskonar búnaði og finna mátti í öðrum herbergjum hússins. Fullyrðingar um að risið hafi einungis verið geymsla standist ekki þar sem gögn málsins sýni aðra sögu. V mótmælir því að félagið byggi niðurstöðu sína á getgátum. Öll gögn málsins benda til þess að bruninn hafi kviknað út frá ólöglegri starfsemi M, þ.e. út frá ræktunartjaldi í risi hússins. Gögn málsins beri jafnframt með sér að uppsetning búnaðarins hafi verið ófagleg og til þess fallin að valda tjóni. Það verður því að teljast nægilega sannað að tjónið verði rakið

til þeirrar ólöglegu og hættulegu starfsemi sem M starfrækti í húsinu. Þá sé jafnframt ljóst að húsnæðið uppfyllti ekki gildandi reglur um húsnæði sem ræktunarstarfsemi fer fram í. Engin brunahólfun hafi verið og M hafði ekki uppfyllt skyldur sem kveðið er á um í reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Sú vanræksla leiddi til þess að eldurinn kom upp og hann breiddist meira út og varð umfangsmeiri en annars hefði orðið og tjónið þar með mun meira en ella. V telur að meta verði háttsemi M til stórkostlegs gáleysis og því sé félaginu heimilt að skerða bætur um 1/3 á grundvelli 21. gr. almennra skilmála félagsins þar sem fram kemur að félaginu sé heimilt að skerða bætur hafi váttryggður valdið tjóni af stórkostlegu gáleysi eða að afleiðingar tjónsins hafi orðið meiri en ella hefði orðið. Jafnframt vísar félagið til 10. gr. skilmála um brunatryggingar húseigna þar sem fram kemur að váttryggður skuli sjá til þess að allur umbúnaður á og við hina váttryggðu eign sé í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum, þ.á.m. reglum um brunavarnir og að brot á þessu geti leitt til skerðingar bóta.

Álit

Í skýrslu lögreglu um brunarannsókn kemur fram að upptaksstaður brunans hafi verið í risi sunnan megin í húsinu. Jafnframt megi leiða líkur að því að notkun rýmisins í risinu hafi verið til kannabISRæktunar þar sem þaðan hafði hrúnið niður gegnum gólfið ýmis búnaður, s.s. loftsiur, gróðurlampar, talsvert af rafmagnsköplum og brunnum plöntuleyfum og stönglum. Líklegast þyki að að eldurinn hafi kviknað þar út frá þeim búnaði (tengingum eða tækjum) vegna bilunar eða gáleysis. Þá fundust fleiri rými sem notuð voru undir kannabISRæktun. Það liggur því fyrir að í húsinu hafi verið rekin ólögsmæt ræktunarstarfsemi og til þeirrar starfsemi hafi verið notaður rafbúnaður sem hvorki var ætlaður til slíkra nota né heldur hafi hann verið settur upp með faglegum hætti. Hafði þetta í för með sér sérstaka og aukna brunahættu auk þess sem húsnæðið uppfyllti ekki skilyrði sem gilda um slíka starfsemi hvað brunavarnir varðar og það hafi leitt til þess að umfang tjóns varð meira en ella. Meta verður M það til stórkostlegs gáleysis sem veitir V heimild til að skerða bætur til M um 1/3 á grundvelli heimildar í váttryggingarskilmálum sem á stoð í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

V er heimilt að skerða bætur til M um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis hans.

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögsm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 266/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna vinnuslyss hinn 10. janúar 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 30. júní 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 26. júlí 2021.
Viðbótarathugasemdir M, merktar ágúst 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggja fyrir lýsingar á tjónsatviki sem leiddi til líkamstjóns M hinn 10. janúar 2018. Lögregla var kölluð á vettvang slyssins sem varð við varmadælustöð í Vestmannaeyjum og fékk þar þær upplýsingar að M hefði fallið ofan í lagnagryfju. Verkstjóri á vegum X lýsti atvikum þannig fyrir lögreglu að hann hefði verið að ræða við M sem hafi gengið af stað og fallið beint í gryfjuna. Á vettvangi ræddi lögreglumaður einnig við M sjálfan sem sagðist hafa staðið ásamt verkstjóra X sunnan megin við lagnagryfjuna og ekki áttað sig á því hvers nærri hann stóð þannig að þegar hann gekk af stað hafi hann fallið ofan í gryfjuna. Í lögregluskýrslu kemur enn fremur fram að M hafi fundið fyrir verk í hægri ökkla en væri annars mjög góður og að sjúkrabifreið hafi flutt M á heilsugæslustöð stuttu eftir að lögregla kom á vettvang. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir afrit tölvupósts frá X til Vinnueftirlitsins þar sem slys M er tilkynnt samdægurs til stofnunarinnar. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands um slysið, sem undirrituð er bæði af fulltrúa X og M sjálfum kemur fram að M hafi verið „...ofan á steiptum hnakki og var að ganga af stað og gekk þá fram af pallinum. Fall um 2 metar, lent á báðum fótum en slasaðist á hægri fæti.“

M telur að X beri skaðabótaskyldu vegna afleiðinga líkamstjóns hans og þannig sé fyrir hendi greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M telur að slys hans megi rekja til ófullnægjandi starfsaðstæðna m.t.t. öryggis en um 2 metra djúp opin lagnagryfja skapi hættulegar aðstæður fyrir starfsmenn þar sem þar hafi ekki verið varnir í kringum gryfjuna og einungis tveir plankar til að ganga yfir hana. M telur að X hafi þannig brotið gegn fyrirmælum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og ákvæðum reglna nr. 547/1996. Nánar tiltekið komi fram í B.hluta IV. viðauka þeirra reglna að það skuli vera handrið þar sem hætta sé að menn falli niður og ef hæð er meiri en 2 m frá jörð þar sem um m.a. vinnufleti, verkpalla, tröppur og göngubrýr sé að ræða. M bendir á að telja verði að lagnagryfja hafi verið 2 metra djúp og hvort heldur þá skuli setja handrið þar sem sé fallhætta. Einnig telur M að tilkynning til Vinnueftirlits hafi ekki borist innan sólarhrings og X hafi því ekki uppfyllt skyldu til að tilkynna slys skv. 79. gr. laga nr. 46/1980, auk þess óheimilt hafi verið skv. 2. mgr. 81. gr. sömu laga að breyta aðstæðum á slystað. Af því beri X hallann og verði því að leggja frásögn M til grundvallar af aðstæðum á vettvangi. Einnig bendir M á að það að handrið hafi verið við gryfjuna daginn áður feli í sér viðurkenningu á því að það hafi verið nauðsynlegt.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekki sýnt að líkamstjón M sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar X. V bendir á að M hefði starfað hjá X frá árinu 2013 og hefði verið á vettvangi vegna verks sem hann átti að vinna uppi á þaki á verkstað þar sem einnig var verið að vinna við steypvinnu í lagnagryfju. V vísar til þess að verkstjóri X hafi leiðbeint M um leið hans upp á þak og varað hann við lagnagryfjunni. Einnig vísar V til þess að lagnagryfjan hafi verið um 153 cm djúp og skv. 21. gr. reglna nr. 547/1996 hafi því ekki verið skylt af vera með handrið við hana. Einnig bendir V á að slys M hafi orðið um kl. 7.30 að morgni og steypuvinna í lagnagryfjunni hafi átt að hefjast kl. 8 sama morgun. Þannig hafi verið búið að fjarlægja handrið sem áður höfði verið við hana, án skyldu, þar sem ekki hafi verið hægt að steypa öðruvísi. Einnig vísar V til þess að X hafi uppfyllt tilkynningaskyldu til V.

Álit:

Eins og gögn málsins liggja fyrir verður ekki lagt til grundvallar að X hafi vanrækt tilkynningaskyldu um vinnuslys M til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980, en fyrir liggur afrit af tölvupósti um slíka tilkynningu samdægurs. Hvað aðstæður á vettvangi varðar verður einnig litið til þess að lögregla var kölluð á vettvang áður en aðstæðum var raskað, fyrir liggja ljósmyndir

af vettvangi og frásögn bæði M og verkstjóra hjá X af atvikum. Þegar litið er til þeirra gagna verður ekki annað séð en að M hafi komið á verkstað til þess að vinna verk sem krafðist þess að hann gengi yfir opna lagnagryfju sem verið var að undirbúa steypuvinnu í. Ekki liggja fyrir upplýsingar um annað en að lýsing á vettvangi hafi verið næg og verður ekki annað séð af ljósmyndum en að lagnagryfjan hafi verið vel sýnileg þeim sem voru á staðnum. Í ljósi þess að steypuvinna var fyrirhuguð um hálfri klukkustund eftir að M kom í hús verður það ekki virt X til sakar að hafa ekki haft uppi handrið við gryfjuna, sem heldur ekki er fyllilega sýnt að hafi verið 2 metra djúp eða meira. Ekki verður heldur lögð sök á samstarfsmenn M hjá X að hafa ekki gert aðrar ráðstafanir á verkstað. Verður fall M rakið til óhappatilviks sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 28. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 267/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins AÁgreiningur um bótaskyldu vegna slyss grunnskólanema við efnafræðitilraun.**Gögn.**

Málskot, móttækið 5.7.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8. febrúar 2017 slasaðist M við efnafræðitilraun í nánar tilgreindum grunnskóla sem er í eigu og er rekinn af A. Slysið vildi til með þeim hætti að verið var að framkvæma efnafræðitilraun sem gekk út á að sandi, sykri, matarsóða og etanóli var blandað saman til að líkja eftir eldgosi. Í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 23. ágúst 2017, kemur fram að nánar tilgreindur kennari, D, hafi tekið saman rétt magn efna á tveimur borðum í skólastofunni fyrir tilraunina, mótað efnin eins og eldfjall og síðan kveikt í. Að svo búnu hafi hann lagt brúsa með etanóli til hliðar á annað borð og farið yfir á næsta borð til að endurtaka tilraunina þar. Hann hafi hins vegar ekki orðið þess var er einn nemandinn hafði seilst í etanólbrúsann og hellt yfir opinn eldinn svo úr hafi orðið eldblossi. Við það varð M fyrir meiðslum auk tveggja annarra nemenda.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur enn fremur fram að ekki hafi verið gert áhættumat um hvernig staðið skyldi að þeirri tilraun sem þarna var gerð og ekki hafi verið gert ráð fyrir sérstökum hlífðarbúnaði. Var það mat eftirlitsins að fyrir vangá eða vanþekkingu hafi nemandi hellt eldsneyti á eld eða glóð svo úr varð eldblossi. Voru gefin fyrir máli um úrbætur þess efnis að yfirfara skuli áhættumat og verklagsreglur hvað varðar meðferð hættumerkra efna í eðlis- og efnafræðistofu.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut í slysinu. V hefur hafnað bótaskyldu.

Í úrskurði nefndarinnar 6. febrúar 2018 í máli nr. 397/2017 var til úrlausnar ágreiningsmál vegna annars nemanda sem slasaðist við þetta sama atvik. Í þeim úrskurði var röksemdum málskotsaðila fyrir bótakröfu sinni lýst svo að A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni nemandans þar sem D hafi ekki gætt nægilegrar varúðar þegar hann skildi etanólbrúsa eftir í skólastofu þannig að annar nemandi hafi getað nálgast brúsann. Vísi nemandinn til þess að það sé ósamræmi í frásögn D af atvikinu og bendi allt til þess að ekki hafi verið gætt nægilegrar varkárni við umgengni um jafnhættulegt efni og etanól. Haldi hann því fram að í ljósi þess að D hafi verið með nemendur á unglingsaldri í kennslu og að vinna með hættuleg efni hefði hann átt að gæta sérstakrar varúðar. Einnig vísi nemandinn til þess að brotið hafi verið gegn háttætnisreglum í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og háttætnisreglum í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 en þau ákvæði sem vísað sé til lúti að því að tryggja þurfi öryggi nemenda og starfsfólks almennt. Einnig sé bent á að skortur hafi verið á áhættumati vegna tilraunar sem þessarar, sérstaklega þar sem unnið hafi verið með eldfim efni og sé í því efni vísað til skýrslu Vinnueftirlitsins varðandi umræddan skort. Einnig sé vísað til þess að aðstæður í skólastofunni eða háttsemi D hafi ekki verið í samræmi við fleiri skráðar háttætnisreglur eins og reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustað og með hliðsjón af lögum um grunnskóla eigi ákvæði reglugerðarinnar jafnt við nemendur og starfsfólk skóla. Einnig verði að líta til reglna í reglugerð nr. 657/2009 um öryggi og velferð nemenda og laga um grunnskóla í þessu samhengi þar sem fram komi að skólastarf skuli vera þannig að öryggi nemenda sé haft að leiðarljósi. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað og talið að A bæri ekki skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns málskotsaðilans og vísað m.a. til þess að D hafi gætt fyllstu varúðar og kynnt nemendum hættueiginleika etanóls áður en svokölluð eldfjallatilraun hafi verið framkvæmd. Þegar D hafi síðan farið að sinna öðrum nemendum hafi, án hans vitundar, annar nemandi tekið etanólbrúsann í óleyfi og hellt yfir eld með þeim afleiðingum sem að ofan greinir. Að áliti V hafi heldur ekki verið ljóst að skriflegt áhættumat hefði breytt nokkru hvað varðar atvik málsins en til staðar hafi verið vinnuumhverfisvísir og öryggisblað.

Í máli því sem nú er til úrlausnar fyrir nefndinni byggir M á sömu rökum og byggt var á af hálfu nemandans í fyrrgreindu máli nr. 397/2017 sem einkum hafi lotið að almennum háttætnisreglum og því hafi úrskurður nefndarinnar í því máli takmarkast við slíkar reglur. Í þessu máli kveðst M hins vegar einnig byggja á sértækum háttætnisreglum sem sé að finna í „Handbók um velferð barna“ sem gefin hafi verð út árið 2014, einkum í 5. kafla sem beri heitið „Öryggi í námsumhverfi“. Þannig sé í þeim kafla fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir og þar segi svo, orðrétt:

„Mikilvægt er að starfsfólk skóla sé meðvitað um þá hættu í nánasta umhverfi sem nemendum getur stafað af svo sem af tækjum og tólum og sjái fyrir þær hættur sem hugsanlega geta komið upp. Ganga þarf úr skugga um að ekki leynist hættur í umhverfi nemenda sem valdið geta slysum og því er mikilvægt að allt umhverfi sé eins öruggt og hægt er. Æskilegt er að reynt sé að koma í veg fyrir eins mikið og hægt er og gera áhættumat.“

Jafnframt er vísað til kafla 5.1.2 sem beri heitið „Skólastofur“, en þar segi svo:

„Við skipulag og framkvæmd vinnuumhverfis og vinnuáðstæðna í skólastofum skal taka mið af Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits ríkisins ásamt öðrum þeim vinnuumhverfisvísimum, lögum og reglugerðum sem þar er getið. Í verkmenntastofum skal sérstaklega hugað að öryggiskröfum um vélar, tæknilegan búnað, efnisnotkun, loftgæði og loftræstingu og aðgengi að fyrstu hjálp og taka mið af reglugerð um vélar og tæknilegan búnað, nr. 1005/2009.“

Enn fremur er vísað til kafla 5.1.15 sem beri heitið „Eiturefni og eitraðar plöntur“ og þar segi orðrétt:

Öll eiturefni og önnur hættuleg efni skulu geymd í læstri geymslu og gengið þannig frá þeim að nemendur hafi ekki aðgang að þeim nema undir eftirliti kennara. Mikilvægt er að starfsfólk þekki aðvaranir á umbúðum. Lista yfir merkingar eiturefna er að finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Loks sé vísað til kafla 5.1.17 sem beri heitið „kerti og eldfim efni“, en þar segi orðrétt m.a.:

„Fara skal þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni að engin hætta sé á því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti af því hlotist.“

Samkvæmt framangreindum háttænisreglum kveður M að D hafi átt að ganga strax frá etanólbrúsanum í læsta geymslu eftir að hafa tekið rétt magn efna fyrir hvort borð og gert tilraunina tilbúna. Hafi hann alls ekki átt að skilja brúsann eftir eftirlitslausan á borði í stofunni og ekki átt að yfirgefa borðið á meðan enn logaði í „eldfjallinu“. Hafi hann átt að fylgjast með eldinum þar til hann væri slökknður eða einfaldlega slökkva eldinn eftir ákveðinn tíma. Fyrst þá hafi hann átt að fara yfir á næsta borð og endurtaka tilraunina þar. Með háttsemi sinni umrætt sinn hafi D brotið gegn framangreindum háttænisreglum sem væru bæði skýrar og sértækar og settar til að tryggja velferð og öryggi barna í grunnskólum.

Álit.

Í álitni úrskurðarnefndar í fyrrgreindu máli nr. 397/2017 kemur fram að þegar litið hafi verið til málsins í heild verði ekki annað séð en að bein orsakatengsl hafi verið á milli þess að samnemandi málskotsaðilans hafi tekið etanólbrúsa í óleyfi og hellt innihaldi hans yfir eld sem hafi skapað augljósa hættu. Ekki sé varhugavert að leggja til grundvallar þá frásögn D að hann hafi brýnt fyrir nemendum hættueiginleika etanólsins og í ljósi aldurs nemendanna verði að ætla að þeim hafi verið þeir eiginleikar ljósir og að það hafi verið D sjálfur sem einn hafi getað notað það efni. Ekki hafi orðið að líta svo á að notkun á slíku efni ein og sér innan grunnskóla hafi verið þess eðlis að hún hafi brotið gegn þeim almennu háttænisreglum sem málskotsaðilinn hafi vísað til í lögum og reglum. Því hafi ekki verið, miðað við framlögð gögn, fallist á að A bæri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni málskotsaðilans.

Ekki er efni til að haggja við framangreindu álitni í því máli sem nú er til úrlausnar. Kemur því nú einungis til frekari skoðunar hvort meðferð D á etanólinu hafi farið í bága við þau fyrirmæli í „Handbók um velferð barna“ sem M hefur vísað til. Þegar litið er til framangreindrar niðurstöðu að leggja skuli til grundvallar þá frásögn D að hann hafi brýnt fyrir nemendum hættueiginleika etanólsins og í ljósi aldurs nemendanna verði að ætla að þeim hafi verið þeir eiginleikar ljósir og að það hafi verið D sjálfur sem einn hafi getað notað það efni verður að telja að það séu fyrst og fremst þau fyrirmæli í kafla 5.1.15 í handbókinni, um að öll eiturefni og önnur hættuleg efni skulu geymd í læstri geymslu og gengið þannig frá þeim að nemendur hafi ekki aðgang að þeim nema undir eftirliti kennara, sem hér geti komið til skoðunar. Í því sambandi verður ekki fram hjá því litið að etanólið var umrætt sinn í notkun og var svo enn jafnvel þótt D hafi lagt það frá sér meðan hann var að undirbúa tilraunina á síðara borðinu. Verður ekki séð að þá tiltölulega stuttu stund sem hann hafði lagt efnið frá sér hafi efnið verið í geymslu í skilningi fyrrgreinds ákvæðis í handbókinni þannig að honum hafi borið að læsa það inni í skáp á meðan, enda mátti hann treysta því að nemendurnir myndu láta það ósnert. Verður því ekki litið svo á að D hafi brotið gegn þeim fyrirmælum umræddrar handbókar sem M hefur vísað til. Í ljósi þess sem að framan er rakið verður ekki fallist á að A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann T. Sigurðsson lögm.

Mál nr. 268/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Slys við ljósmyndanám 26. janúar 2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 5. júlí 2021.

Bréf V dags. 7. september 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram M kveðst hafa verið í tíma í námi sínu hjá X þegar hún var að taka ljósmynd úr ákveðinni skolaðstöðu. Sú aðstaða er þannig að hún þarf að opna hlera og féll hann á höfuð hennar með þeim afleiðingum að hún hlaut högg á höfuðið og var greind með heilahristing í kjölfarið.

M telur að sá búnaður sem X var með til að skola ljósmyndir hafi verið hættulegur þar sem hleri sem þurfti að opna hafi verið þungur og fyrirhafnarlítið hefði verið að tryggja fullnægjandi viðvaranir og aðbúnað, með því t.d. að setja keðju á hlerann eða pumpu sem kæmi í veg fyrir að hlerinn skellist eins hratt niður og hann gerði þegar M slasaðist. M bendir einnig á að X hafi sett keðju á hlerann eftir slys hennar og eftir það einnig varað við honum sérstaklega við nemendur. Einnig bendir M á að nemendum hafi ekki verið kynntar umgengnisreglur um tæki og aðbúnað með fullnægjandi hætti og vitnar um það til bréfs sammamanda síns. M vísar auk þess til þess sem kemur fram í tölvupóstsamskiptum hennar við starfsmenn skólans að öryggisbúnaður hafi ekki verið kynntur eða notaður með fullnægjandi hætti.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar því á bug að aðstæður og aðbúnaður við hlera að skolrými hafi verið ófullnægjandi eða aðstæður sérstaklega hættulegar. V vísar til þess að heilbrigðiseftirlit og byggingarfulltrúi komi reglulega til eftirlits í húsnæði X og hafi ekki gert athugasemdir við aðstöðu nemenda. Nemendur sjálfir í gegnum tíðina hafi heldur ekki gert athugasemdir við það vinnurými sem M slasaðist í. V bendir á að þó keðja hafi verið sett í hlerann þurfi hana ekki til ef festing á hleranum er notuð með réttum hætti. V telur að M hafi mátt verið aðstæður á vettvangi ljósar, hún hafi unnið með búnaðinn áður og að allar öryggisráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu starfsmanna X og slys M því ekki rakið til saknæmrar háttsemi þeirra né annarra aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Af gögnum málsins, þ.m.t. myndum af skolaðstöðu þeirri sem M var að vinna við þegar hún slasaðist, verður ekki ráðið að aðstæður hafi verið bersýnilega hættulegar eða þannig að X hafi borið að búa öðruvísi um þær. Hlerann sem féll á höfuð M var hægt að festa m.v. skýringar og myndir og ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu M að slík festing hafi verið í ólagi eða búnaður vitanlega í ólagi. Verður ekki fallist á að almennt álit sammamanda M við skólann eftir slysið um öryggismál í skólanum almennt séu næg sönnunargögn til að sýna að starfsmenn hans hafi sýnt saknæma háttsemi sem leiddi beinlínis til slyss M sem á skv. þessu ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 269/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Réttur til greiðslu bóta vegna hreinsunar í tengslum við umferðaróhapp 26. júlí 2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 6. júlí 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bref V dags. 24. ágúst 2021, ásamt dómi Landsréttar í máli nr. 148/2019.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að eftirvagn hafi farið aftan úr bifreiðinni X á Hvalfjarðarvegi við Svínadalsveg hinn 26. júlí 2020. Í lögregluskýrslunni kemur fram að tjón hafi orðið á eftirvagni og að hann hafi verið farið úr svokölluðu æki sem hefði verið hluti af bifreiðinni. Einnig kemur þar fram að ökumaður eigi von á sekt þar sem hann hafi verið með tvo eftirvagna í drætti. Í málskoti kemur fram að M hafi sent V reikning vegna kostnaðar við að fjarlægja umræddan vagn og hreinsa brak ur honum af vegstæði. V hafi hins vegar hafnað að greiða kostnað og vísa um það til 3. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

M telur að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar og vísar m.a. til heimasíðu V þar sem vísað er til þess í sérstökum dálki sem merktur er „spurt og svarað“ að tjón vegna eftirvagna, sem dregnir eru af bifreiðum sem séu ábyrgðartryggðar, t.d. á bíl, eignum eða mannvirki sé hægt að sækja í ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. Mat M er það að fjárhagslegt tjón M sem stofnunar við að hreinsa upp brak eftirvagnsins á vegstæði sé hægt að rekja til notkunar bifreiðarinnar X og verði því að bæta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

V hefur, eins og áður segir, hafnað bótaskyldu og byggir það fyrst og fremst á ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og telur að það leiði ekki til skaðabótaskyldu ökumanns. Einnig vísar V til þess að það sem átt sé við í liðnum „spurt og svarað“ á heimasíðu V sé það munatjón sem getur orðið ef eftirvagn sem dreginn er af bifreið fer í t.d. aðra bifreið, eignir eða mannvirki þá geti slíkt tjón verið bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðar. V telur að tjón M felist eingöngu í kostnaði við upphreinsun en ekki hafi orðið tjón á eigum M. Í því skyni vísar V einnig til dóms Landsréttar í máli nr. 148/2019 þar sem munatjón hafi verið skilgreint með hliðsjón af því að farmur bifreiðar (grjót og mól) hafi dreist yfir stóran hluta vegar þannig að hann varð næstum ófær á vettvangi þjóðvegur í þéttbýli sem hafi þurft að loka á meðan á hreinsun stóð. V telur ekki sýnt fram á að þannig aðstæður hafi verið upp í máli þessu og því beri því ekki að bæta þann kostnað sem M gerir kröfu um úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Álit.

Í þessu máli er deilt um hvort M hafi orðið fyrir tjóni sem ber að bæta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V. Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 kemur fram að eigandi eða umráðamaður ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Um er að ræða hlutlæga skaðbótareglu þar sem orðið tjón er ekki skýrt frekar í lagatextanum. Í 3. mgr. sömu 4. gr. kemur síðan fram að þegar ökutæki dregur eftirvagn eða annað tæki er fest við það teljist það vera ein heild, en eigandi eða umráðamaður ökutækisins sé ekki skaðabótaskyldur ef tjón verður að eftirvagninum eða tækinu. Skaðabótaskylda eiganda eða umráðamanns ökutækis takmarkast því við annað tjón en á verður á eftirvagninum sjálfum skv. 3. mgr. 4. gr. eða tækinu sem dregið er.

Í þessu máli er gerð krafa um tjón sem felst í kostnaði M við að láta hreinsa brak eftirvagnsins af vegstæði Hvalfjarðarvegur. Sú krafa lýtur því ekki að tjóni eiganda eftirvagnsins eða tækis sem dregið er og á tilvísun til 3. mgr. 4. gr. laganna ekki frekar við vegna kröfu M, sem er ekki krafa um tjón á eftirvagninum sjálfum eða tæki.

Þó ekki sé skýrlega tilgreint til hvers konar tjóns hlutlæg ábyrgðarregla 1. mgr. 4. gr. nær til verður að leggja til grundvallar þá skýringu sem kemur fram í dómi Landsréttar í máli nr. 148/2019 þar sem dregin er sú ályktun að hlutlæg bótareglu fyrri umferðarlaga, sem ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar byggir á, nái einungis til líkamstjóns og munatjóns en ekki til almenns fjártjóns.

Til þess að draga mörk milli munatjóns og almenns fjártjóns verður í þessu máli að líta til þess hvort sýnt hafi verið fram á af hálfu M að tjón hafi orðið á munum í eigu M og væri þá helst til þess að líta að tjón hefði orðið á vegi þeim sem M sér um veghald á. Í gögnum málsins verður ekki séð að tjón hafi orðið á slíkum vegi eða að kostnaður sem krafist er bóta vegna hafi eingöngu verið vegna hreinsunar vegar. Ekki er heldur hægt að sjá að vegurinn hafi verið torfær eða að hreinsun sú sem M greiddi fyrir hafi verið nauðsynleg. Verður því ekki slegið föstu að vegur hafi skemmst þannig að hægt sé að jafna því til munatjóns. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á að M hafi orðið fyrir tjóni í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V. Frekari röksemdir sem lúta að skilgreiningu á hugtakinu munatjón koma ekki fram hjá málsaðilum og verður því ekki tekin afstaða til þess hvort opinbert hlutverk M sem stofnunnar sem fer með veghald hafi frekari áhrif á skilgreiningu þess hvort munatjón telst hafa orðið eður ei.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 28. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögfr.

Mál nr. 271/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys flugliða við æfingu í neyðarrennu 19. febrúar 2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 7. júlí 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 29. júlí 2021 ásamt mynd af neyðarrennu, úrklippum úr öryggishandbókum, reglugerð Framkvæmdastjórnar EB nr. 965/2021, myndbandi af framkvæmd æfingar og atvikaskýrslu.

Athugasemdir lögmans M dags. 23. ágúst 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi hlotið líkamstjón við vinnu sína hinn 19. febrúar 2020 þegar hún var að sinna reglubundinni æfingu þar sem æfð eru neyðarviðbrögð vegna atvika sem geta komið upp í flugvélum X. M var að renna sér niður svokallaða neyðarrennu sem sett er upp til að líkja eftir þeim aðstæðum sem geta komið upp þegar þarf að nota slíka. Neyðarrennan var föst við flugvélarlíkan og M var með dúkku í fanginu þegar hún renndi sér niður rennuna. Við enda neyðarrennunnar var veggur sem klæddur var dýnu. Í málskoti kemur fram að M hafi runnið hratt niður sleipa rennuna og lent illa veggnum þannig að hún hlaut áverka á andliti og vinstra hné.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar þar sem neyðarrennan hafi verið sett þannig upp að hún hafi verið of brött miðað við staðsetningu veggisins sem tók á móti þeim sem runnu niður rennuna. M vísar til þess að hún hafi aldrei lenti í sambærilegu atviki áður við æfingar en að hún hafi heyrt af fleiri atvikum en hennar eftir að rennan sem hafði verið sett upp fyrir slys hennar 19. febrúar 2020 var sett upp. M vísar til þess að það liggja fyrir skýrsla Vinnueftirlitsins vegna þeirra aðstæðna sem uppi voru í æfingahúsnæði X í október 2020 og gerðar hafi verið athugasemdir í þeirri skýrslu við aðbúnað og fyrirmæli veitt til X um úrbætur. Þar hafi sérstaklega komið fram að X hafi átt að endurskoða áhættumat m.t.t þjálfunar í neyðarrennu vegna fjölda slysa sem og að X ætti að gera úrbætur þannig að komið væri í veg fyrir siendurtekin slys við þjálfun í neyðarrennu með vísan til 5. gr. reglugerðar um notkun tækja nr 367/2006. M vísar til þess að áhættumat þar sem lá fyrir af hálfu X fyrir slys hennar hafi ekki verið lagt fram. M byggir á því að X hafi þannig ekki viðhaft það öryggi á vinnustað sem reglur laga nr. 46/1980 krefjast eða reglugerðir um notkun tækja. M vísar til þess að halli á rennunni hafi verið of mikill m.v. þau fyrirmæli fyrrnefndrar reglugerðar í gr. 1.1 í II. viðauka þar sem komi fram að tæki skuli sett upp og staðsett þannig að sem minnst hætta stafi af. Einnig ítrekar M að neyðarrennan sé tæki í skilningi reglugerðarinnar þar sem skilgreining þess orðs í a.lið 3. gr. reglugerðarinnar nái m.a. til véla, vélbúnaðar, áhalda, verkfæra eða þess háttar búnaðar. Þannig verði orðið tæki ekki skýrt þröngt.

M vísar til þess að X hafi gert úrbætur á vinnuáðstöðunni eftir athugasemdir Vinnueftirlitsins í október 2020 sem fólust í því að líma sérstakan borða á rennuna sjálfa og nota vinnugalla úr stömu efni fyrir þá flugliða sem renndu sér niður hana. Um hafi verið að ræða úrbætur sem fyrirhafnarlitið hafi verið að gera og ekki falið í sér mikinn kostnað fyrir X. M bendir einnig á að ekki séu fyrir hendi sérstakar leiðbeiningarreglur í Evrópureglugerðum um hvernig halli á neyðarrennum eigi að vera og sé ekki hægt að líta svo á að ákvæði slíkra gangi framár lögum og reglum hér á landi um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig mótmælir M því að X hafi sýnt fram á það með fullnægjandi sönnunargögnum að neyðarrenna hafi verið sett upp í samræmi við þær aðstæður sem líkjast mest raunverulegum aðstæðum þar sem veggur sá sem staðsettur hafi verið í um 2,5 metra fjarlægð frá neðri enda neyðarrennunnar hafi verið of nálægt henni m.v. þann hraða sem ætla mátti að starfsmenn X næðu á leið niður rennuna.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að neyðarrenna í þjálfunarhúsnæði X hafi verið sett upp í samræmi við reglugerð Framkvæmdastjórnar EB nr. 965/2012 sem innleidd hafi verið með reglugerð nr. 237/2014. Þar komi fram að neyðarrenna skuli sett upp í sömu hæð og hæð gólfs í viðkomandi flugvél og í samræmi við raunverulegar aðstæður í neyðarástandi. V vísar til þess að það hafi X gert og hafi metið slyshættu í samræmi við aðstæður. Einnig hafi verið vikið frá raunverulegum aðstæðum við æfingar þannig að starfsmenn hoppuðu ekki í rennuna heldur settust niður áður en þeir renndu sér niður við æfingar og notaður hafi verið vinnusamfestingur en

ekki hefðbundinn áhafnarbúningur til þess að draga úr mögulegri slyshættu. V mótmælir því að þær úrbætur sem gerðar hafi verið eftir athugasemdir Vinnueftirlitsins í október 2020 feli í sér viðurkenningu á því að aðstæður hafi verið ófullnægjandi. Einnig mótmælir V tilvísun reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja þar sem neyðarrennan hafi ekki verið tæki í skilningi reglugerðarinnar. Einnig vísar V á bug að slys hjá X hafi verið síendurtekin, eins og kemur fram í skýrslu Vinnueftirlitsins í október 2020 í ljósi þess að þúsundir áhafnarmedlima hafi rennt sér niður umrædda neyðarrennu án slysa áður en úrbætur hafi verið gerðar. Einnig hafnar V því að áhættumat liggi ekki fyrir og lætur fylgja úrklippur úr því sem og hafnar V því að orsakatengsl séu milli slyss M og mögulegs skorts á slíku.

Álit.

Ágreiningur í málinu hverfist um hvort aðstæður við reglubundna þjálfun áhafnarmedlima X við að fara niður neyðarrennu hafi verið fullnægjandi. Ljóst er af gögnum málsins að sérstakar leiðbeiningar um uppsetningu slíkra neyðarrenna liggja helst fyrir í almennum fyrirmælum í Evrópureglugerðum um að líkja eigi eftir þeim aðstæðum sem geti verið uppi við neyðaraðstæður og notkun slíkra renna. Ekki liggur fyrir sérstakt mat á því hvort aðstæður í æfingarhúsnæði X hafi verið það fjarri slíkum aðstæðum að saknæmt megi telja og verður M að bera hallann af sönnunarskorti um það. Hvað varðar almenn fyrirmæli í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra laga, verður ekki séð að uppsetning neyðarrennunnar hafi verið í ósamræmi við þau fyrirmæli. Mat á því hvort aðstæður hafi verið þannig að augljós slyshætta hafi verið af vegg við neðri enda rennunnar verður að byggja á því hvort forsvarsmönnum eða öðrum starfsmönnum X hafi mátt vera ljós að slyshætta væri meiri en búast mætti við í samanburði við þær aðstæður sem verið höfðu við sambærilegar æfingar. Ekkert liggur fyrir um að slys hafi orðið áður en M slasaðist í febrúar 2020 og verður ekki við það miðað að slyshætta hafi því verið augljós á þeim tímavarki. Þær upplýsingar sem liggja fyrir í skýrslu Vinnueftirlitsins frá því í október 2020 breyta ekki því mati, en ekki liggur þar fyrir að þau „síendurteknu“ slys sem þar er vísað til hafi orðið fyrir slys M í febrúar 2020. Almennar sönnunareglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu verði að sanna að skilyrði skaðabótaréttarins séu fyrir hendi. Í þessu máli liggja ekki fyrir afgerandi sönnunargögn um að aðstæður hafi verið þannig að starfsmönnum X hafi mátt vera ljóst að aðstæður við neyðarrennu í febrúar 2020 hafi verið hættulegri en þær höfðu áður verið. Verður því, m.v. gögn þessa máls og tímasetningu slyss M, ekki fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 272/2021

M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar AÁgreiningur um bótaskyldu vegna afleiðinga falls af hestbaki 24. október 2019.

Gögn.

Málskot dags. 07.07.21 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 29.07.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið í reiðtúr á vegum A þegar hann féll af baki og slasaðist. Honum hafi fundist hnakkurinn á hestinum sem hann var á ekki vera nógu fastur og hafi hann látið leiðbeinanda ferðarinnar vita um það. Starfsmaðurinn hafi þá fest hnakkinn betur á en honum hafi fundist hnakkurinn ennþá vera laus og látið vita af því. Starfsmaður hafi þá sagt það vera í lagi án þess að skoða það nánar. Þegar leiðbeinandi hafi ætlað að sýna gangtegundina tölt og gefið hesti sínum merki um að fara af stað hafi hestur M skyndilega rokið af stað. M hafi reynt að stöðva hestinn með þeim aðferðum sem honum hafi verið kenndar en án árangurs. Hnakkurinn hafi runnið niður á hægri hlið með þeim afleiðingum að M féll af hestinum og hafi lent illa. Hann hafi misst meðvitund og slasast illa.

M telur ljóst að A beri sök á tjóni sínu þar sem A og starfsmenn þess hafi vanrækt að tryggja öryggi hans með fullnægjandi hætti í reiðtúrnum. Starfsmaður A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að festa hnakkinn ekki nægilega vel á hestinn þrátt fyrir að M hafi látið vita að hnakkurinn væri laus. Starfsmaðurinn hafi átt að herða hnakkinn betur áður en farið var af stað í ferðina og augljós slysaþætta skapist ef hnakkur er ekki nægilega vel hertur að hesti sem er notaður fyrir óvana knapa. Þá segir M að veðrið hafi verið vont í umætt sinn og því enn ríkari skylda til að gæta að öryggi gestanna. Að auki telur M að sú lýsing starfsmannsins að hann hafi misst jafnvægi eða en náð að rétta sig af hinum megin og lent á hægri hliðinni styrkja stoð fyrir því að hnakkurinn hafi augljóslega verið laus. Það að sýna gangtegundina tölt í lok reiðtúrs hafi sett M og aðra í túrnum í óþarfa hættu. Starfsmaðurinn hafi gefið hesti sínum merkið „klikk-klikk“ fyrir framan hópinn og það auk vindhviðu hafi orðið til þess að hestur M hafi rokið óvænt af stað. Slíka skipun eigi aldrei að gefa fyrir framan hóp án þess að tryggja fyrst öryggi þátttakenda. Starfsmaðurinn hafi því sýnt af sér gáleysislega hegðun. Þá hafi hestur M augljóslega ekki verið reiðubúinn í ferðina. Það eitt að vindhviða valdi því að hestur rjúki af stað segi að hestur sé ekki nógu vel taminn til að fara í slíkar ferðir.

Í bréfi V kemur fram að þegar fólk komi í reiðtúr til A byrji það á því að fá kennslu sem taki um 20-30 mínútur. Vel sé farið yfir hvernig eigi að fara af stað á hestinum, hvernig eigi að fá tölt hjá hestinum, hvernig eigi að fara af stað á hestinum o.s.frv. Kennslan byggir á því hvað geti komið upp og hvernig eigi að bregðast við. Reiðtúrin sem M hafi farið í átti að taka klukkustund og hafi þrír þátttakendur verið í reiðtúrnum. M, eiginkona hans og önnur kona og hafi verið tveir leiðbeinendur með frá A. Samkvæmt upplýsingum frá A sé alltaf athugað hvort það þurfi að herða hnakka hjá þátttakendum í reiðtúrum áður en farið er út úr gerðinu. Í reiðtúrnum sé farið á feti og síðan tölti. Það sé venja að leiðbeinandi stoppi til að sýna hvað töltið geti verið mjúkt og var stoppað til þess. Þegar leiðbeinandinn ætlaði að taka af stað áttu hinir hestarnir að taka af stað en í þetta skiptið hafi komið vindhviða í bakið á fólkinu og hafi sumir hestarnir þá stokkið fram. M hafi þá misst jafnvægið á hestinum en náð eftir 50 metra að rétta sig af en hafi svo oltið af baki hinu megin.

Þá kemur fram í bréfinu að félagið geti ekki fallist á að það hafi verið laus eða losaralegur hnakkur sem orsakaði það að M féll af baki og það sé ekki í samræmi við lýsingu leiðbeinandanna á því sem gerðist. Fram komi hjá A að hnakkur séu alltaf athugaðir áður en lagt er af stað í reiðtúr og síðan alltaf þegar 20 mínútur séu liðnar af reiðtúrnum. Þá getur félagið ekki fallist á það að hljóðmerkið „klikk-klikk“ hafi sett hópinn í óþarfa hættu. Þetta hljóðmerki sé notað mikið í daglegri umgengni og þýði að knapi sé að fara að gefa leiðbeiningar. Hestarnir séu því alvanir þessu hljóði og í þessum reiðtúr hafi líklega verið búið að gefa þetta merki 10-15 sinnum. A hafi mikla reynslu af því að fara með fólk í reiðtúra og þátttakendur fái ítarlegar leiðbeiningar um hestana í upphafi ferðar. Það sem gerðist í þessari ferð hafi verið ófyrirséð en ómögulegt sé að koma í veg fyrir að hestur kippist til enda um lifandi dýr að ræða sem ekki sé hægt að forrita. Þá skrifi þátttakendur undir yfirlýsingu í upphafi ferðar þar sem þeir staðfesti að þeir geri sér grein fyrir því að það sé ekki áhættulaust að

fara á hestbak. V getur því ekki séð að A eða starfsmenn hans hafi sýnt af sér vanrækslu af neinu tagi og geti það því ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Álit:

Fyrir liggur að M er ferðamaður sem er óvanur hestum. M ber því við að hnakkurinn sem var á hesti þeim er hann var á í reiðtúrnum hafi verið laus og að hann hafi látið vita af því í byrjun ferðarinnar. Í gögnum málsins kemur fram að starfsmenn A athugi alltaf hnakka áður en farið er af stað frá hesthúsinu og að auki séu hnakkar athugaðir í svokölluðu myndastoppi. Þá sé hnakkur athugaður ef óskað er eftir því. Í þessari tilteknu ferð voru 3 þátttakendur og 2 leiðbeinendur svo ætla má að tækifæri hafi verið til þess að fylgjast einstaklega vel með þátttakendum og aðstaða til að hafa allan búnað í lagi. Það liggur ekki fyrir hvernig hnakkurinn var á hestinum eftir að hann fannst eftir atvikið og gegn mótmælum starfsmanna A um að hnakkurinn hafi ekki verið laus og því að hvergi kemur fram af annarra hálfu að hnakkurinn hafi verið laus og það hafi verið ástæða fallsins er ekki unnt að líta svo á að starfsmenn hafi sýnt þar af sér sök.

Hestar eru lifandi verur og það er ákveðin áhættutaka í því að fara hestbak. Þátttakendum hjá A er gerð grein fyrir því í upphafi reiðtúrs þar sem þeir skrifa undir yfirlýsingu þess efnis sem og að þeir fá kennslu í helstu atriðum varðandi það að vera á hestbaki og að stöðva hest. Fram kemur hjá A að hestarnir séu vanir að heyra hljóðið „klikk-klikk“ og telja verður eðlilegt að slíkt hljóð sé gefið í reiðtúrnum og að það eitt og sér geti ekki sett þátttakendur í hættu. Ekki verður annað séð en að það hafi verið einskær óheppni að hestur M skyldi rjúka af stað þegar það kom vindhviða og M hafi ekki náð að stöðva hestinn eða halda sér á baki.

Með vísan til alls framangreinds verður að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem sé ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 8. september 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 273/2021**M og
V v/ sjúkrakostnaðartryggingar innanlands.****Gildissvið vátryggingarskilmála og undanþáguákvæði vegna greiðslu sjúkrakostnaðar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12. september 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5. október 2021, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur f.h. M, dags. 5. og 7. október 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var með sjúkrakostnaðartryggingu innanlands í gildi hjá V frá 4. janúar til 4. júlí 2021. M leitaði á því tímabili vegna fjögurra atvika til heilbrigðisstofnunar. Fyrst 17. febrúar 2021 vegna kvíðakasts og var kostnaður við það 69.161 krónur. Síðan 8. og 9. júní 2021 vegna læknisskoðunar og var kostnaður við það 30.193 krónur. Á tímabilinu 9.-16. júní 2021 vegna rannsókna á járnskorti og var kostnaður við það 145.018 krónur og að lokum 18. og 21. júní vegna berklaprófs og úrlausnar úr því og var kostnaður við það 15.801 króna. V hefur samþykkt að greiða kostnað vegna rannsókna á járnskorti en ágreiningur er um greiðslu bóta vegna annars sjúkrakostnaðar sem tilgreindur er hér að ofan.

V heldur því fram að lægniskostnaður M vegna komu á heilbrigðisstofnun vegna kvíðakasts (69.161 krónur) sé undanþegin bótaskyldu á grundvelli c.liðar 3. gr. vátryggingarskilmála þar sem komi fram að vátryggingin greiði ekki kostnað vegna sjúkdóma sem fyrst hafi sýnt einkenni áður en vátryggingin tók gildi. V vísar til læknisvottorðs dags. 17. febrúar 2021 þar sem komi fram að M fái reglulega kvíðaköst og hafi heimsóknir til læknis þann dag því tengsl við sjúkdóm sem sýnt hafi einkenni fyrir 4. janúar 2021 þegar vátrygging M tók gildi. Hvað annan kostnað varðar (30.193 krónur og 15.801 króna) þá telur V að þann kostnað megi alfarið rekja til umsóknar M um dvalarleyfi á Íslandi og sé ekki kostnaður sem almennt er bættur af Sjúkratryggingum Íslands fyrir sjúkratryggðra hér á landi. V vísar til 2. gr. vátryggingarskilmála þar sem bótaskyldu vátryggingarinnar er bundið við slíkan kostnað.

M telur að ekki sé sýnt að hún hafi verið annað en hraust og tilfallandi áhyggjur hennar af ættingjum sínum í febrúar 2021 eigi ekki að hafa áhrif á bótarétt hennar.

Álit.

Af læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi leitað til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands vegna kvíða hinn 17. febrúar 2021 og þar kemur einnig fram að M hafi farið reglulega á spítala í heimalandi sínu vegna kvíða. Slíkar spítalaheimsóknir þykja nægur grundvöllur þess að ætla að M hafi haft sjúkdóm sem sýnt hafi einkenni fyrir töku sjúkrakostnaðartryggingar hennar innanlands hjá V og skv. c.lið 3. gr. vátryggingarskilmála er kostnaður sem rekja má til slíks skýrlega undanþeginn úr vátryggingunni. Ekki verður annað séð en að slíkt ákvæði vátryggingarskilmála sé í andstöðu við ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Á M því ekki rétt á bótum vegna kostnaðar við komu á Heilbrigðisstofnun Suðurlands hinn 17. febrúar 2021 (69.161 krónur).

Hvað annan kostnað varðar sem V hefur hafnað að greiða (30.193 krónur og 15.801 króna) verður að líta til gildissviðs 2. gr. vátryggingarskilmála þar sem kemur fram að vátryggingin nái til sjúkrakostnaðar sem fellur til á Íslandi og er í samræmi við lagaákvæði um sjúkratryggingar skv. lögum nr. 112/2008. Einnig kemur fram að bætur úr vátryggingunni miðist við þann hluta sjúkrakostnaðar sem ella hefði verið bættur af Sjúkratryggingum Íslands vegna sjúkratryggðra. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um að læknisþjónusta sú sem M fékk 8. og 9. júní sem og 18. og 21. júní 2021 hafi verið eingöngu vegna umsóknar um dvalarleyfi eða að hlutur sjúkratryggðra almennt í þeim kostnaði sé þannig að reikna megi með að M hefði þurft að borga kostnaðinn sjálf ef hún hefði verið sjúkratryggð skv. lögum nr. 112/2008 og ekki er að sjá af lögnum sjálfum að slíkt sé augljóst. V ber sönnunarbyrði um að hlutdeild M í þeim kostnaði sem hún greiddi við þær komur hefði verið sú sama og ef hún hefði verið sjúkratryggð hér á landi. Verður því fallist á að V sé bótaskyld vegna þess kostnaðar.

Niðurstaða.

Viðurkennd er bótaskylda V úr sjúkrakostnaðartryggingu M vegna kostnaðar hjá heilbrigðisstofnun við lækni- og lúgnamyndatöku 8. og 9. júní 2021 sem og vegna berklaprófs og úrlestrar úr því 18. og 21. júní 2021 (30.193 krónur og 15.801 króna), en ekki vegna komu hennar 17. febrúar 2021 (69.161 krónur).

Reykjavík, 26. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 274/2021**M og
V vegna frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna frítímaslyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 08.07.2021 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V, dags. 19.07.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. júlí 2014 hafi M orðið fyrir frítímaslysi. Slysið hafi orðið með þeim hætti að M hafi verið að gera léttar venjubundnar æfingar með lóðum á líkamsræktarstöð þegar hún hafi óvænt misst vinstri handlegg aftur á bak og fengið slink á öxlina. Hafi M eftir þetta öðru hverju leitað til lækna vegna óþæginda frá vinstri öxl án þess þó að fá bót meina sinna. Það hafi ekki verið fyrr en við ómskoðun hinn 15. ágúst 2019, sem í ljós hafi komið að skaða á lið milli vinstri axlar og viðbeins mætti rekja til nokkurra ára gamals áverka. Varanlegar afleiðingar þessa séu þær að vinstri öxl M hafi sigið og handleggurinn sitji ekki rétt. Hafi M haft af þessu mikil óþægindi og hafi m.a. horfið af vinnumarkaði vegna afleiðinga slyssins. Hinn 25. febrúar 2020, eða innan við ári frá því hún fékk vitneskju um atvik að baki kröfu sinni, hafi M tilkynnt V um umrætt slys. M krefst því bóta úr frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V, enda hafi hún tilkynnt um atvikið innan þeirra tímamarka sem 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga kveði á um.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji í fyrsta lagi að umrætt tjónsatvik sé ósannað, enda liggja engin samtímagögn fyrir um það. Í öðru lagi bendi seinni tíma lýsingar ekki til þess að atvikið falli undir þá skilgreiningu á slysi sem byggt sé á í skilmálum váttryggingarinnar, ekki hafi verið um utanaðkomandi atburð að ræða heldur virðist fremur sem atvikið verði rakið til innri veikleika í líkama M. Í þriðja lagi hafi M ekki tilkynnt V um tjónsatvikið innan þess frestar sem kveðið sé á um í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. M hafi, samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, fundið fyrir einkennum frá vinstri öxl í mjög langan tíma, og verði þau rakin til umrædds atviks hafi hún átt að geta gert sér grein fyrir því fyrr. Í fjórða lagi hafi frestur kæranda til að láta fara fram örorkumat, en hann sé samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar þrjú ár, verið liðinn þegar tilkynning um atvikið barst V. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Í 4. kafla skilmála fjölskyldutryggingar þeirrar sem um ræðir er að finna skilmála frítímaslysáttryggingar. Þar er bótasvið skilgreint, í 19. gr., og segir þar m.a. að með orðinu slys sé átt við „skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.“ Í sömu skilmálagrein er jafnframt að finna undanþáguákvæði sem kveður á um að við meiðsl á útlimum sé þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Af læknisfræðilegum gögnum má ráða að meiðsl M felist í skaða á lið milli axlar og viðbeins og verður því ekki litið svo á að umrætt ákvæði eigi við. Það hvílir þá á M að sýna fram á að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Engin samtímagögn liggja fyrir um umrætt atvik eða nánari tildrög þess. Þá verður ekki ráðið af fyrirbyggjandi sjúkragögnum að M hafi tjáð læknum um atvikið fyrr en eftir umrædda ómskoðun. M virðist hafa þjáðst af einkennum frá öxl til lengri tíma, en við komu til lækni hinn 30. desember 2016, virðast þau einkenni hafa verið tengd við vinnuslys um mitt ár 2014. Í málskoti er atvikum lýst svo að M „var að gera léttar venjubundnar æfingar með léttum lóðum á bekk, þar sem hún missti vinstri handlegg óvænt aftur á bak og fékk slink á öxlina.“ Samhljóða lýsingu er að finna í tölvupósti M til V, dags. 25. febrúar 2020. Sé byggt á þessum lýsingum verður ekki annað ráðið en að umrætt atvik megi rekja til innra ástands M, þ.e. veikleika eða rangrar líkamsbeitingar, en ekki verður séð að því sé haldið fram að utanaðkomandi atvik hafi átt þar hlut að máli. Verður því ekki séð að umrætt atvik, jafnvel þó byggt sé á lýsingum M sjálftrar, uppfylli skilyrði slyshugtaksins eins og það er skilgreint í skilmálum váttryggingarinnar. Því fellur atvikið ekki undir bótasvið hennar. Þegar af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M og koma frekari málsástæður aðila þá ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 15. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 275/2021**M og****V v/ ábyrgðartryggingar eiganda sundlaugar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss af völdum háلكu á sundlaugarsvæði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.7.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.7.2021.

Málsatvik.

Hinn 6. mars 2020 varð M fyrir meiðslum er hann rann í háلكu á brú sem er yfir sundlaug A sem rekin er af B. Í málskoti er atvikin lýst svo sem að M hafi verið um kvöld í sundi í sundlaug. Hann hafi verið að ganga yfir brú í lauginni þegar hann rann í háلكu þar sem ekki hafi verið búið að háلكuverja. M leitaði samdægurs á bráðamóttöku Landsspítalans þar sem hann var greindur með tognun og ofreynslu á brjósthrygg og á spjald- og mjaðmarbeini. M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir úr ábyrgðartryggingu B hjá V á grundvelli sakarreglunnar og ólögfestrar reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgðar. Einnig á þeim grundvelli að það hvíli rík skylda til háلكuvarna sem ekki hafi verið sinnt og varúðarmerkingum hafi verið ábótavant.

V hefur hafnað bótaskyldu. Byggir V synjun sína á því að rangt sé og ósannað að B hafi ekki brugðist við hugsanlegri háلكu á göngubrúnni með viðeigandi hætti. Í fyrirliggjandi umsögn segi að saltað hafi verið strax fyrir opnun og yfir daginn, vaktstjóri hafði skoðað tröppurnar og brúna í kjölfar slyssins og ekki orðið var við neina háلكu. Þá sé brúin einnig útbúin snjóbræðslukerfi og grófum, riffluðum flísum. Auk þess séu handrið beggja vegna sem sundlaugargestir geti stutt sig við. Loks séu viðvaranir og skilti um mögulega háلكu við útgang og á leiðinni út á sundlaugarsvæðið. Því sé það afstaða V að slysið verði ekki rekið til saknæmrar eða ólögætrar háttsemi V eða starfsmanna hans. Atvikið megi frekar rekja til óhappatilviks og eigin aðgæsluleysis M.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu B eða starfsmanna þess, en það er skilyrði þess að bótaskylda sér til staðar. Af gögnum málsins er ljóst að M rann þegar hann gekk upp á göngubrú sem liggur yfir sundlaugina. Þá liggur einnig fyrir að umrædd göngubrú er búin snjóbræðslukerfi og grófum, riffluðum flísum auk þess sem handrið eru beggja vegna við tröppur sem sundlaugargestir geta stutt sig við. Einnig liggur fyrir að merkingar sem voruðu við háلكu voru bæði við útgang og á leiðinni út á laugarsvæðið. Þar utan er vísað til þess í málatilbúnaði V að fyrir liggja yfirlýsing vaktstjóra um að hann hafi skoðað tröppurnar og brúna í kjölfar slyssins og ekki orðið var við neina háلكu. Þeirri fullyrðingu hefur ekki verið mótmælt þó svo að afrit yfirlýsingarinnar sé ekki í gögnum málsins. Með sama hætti liggja engin gögn fyrir í málinu, s.s. frá heilbrigðiseftirliti, sem sýna að öryggismerkingar eða önnur atriði, hafi ekki uppfyllt kröfur eftirlitsaðila eða að aðstæður hafi breyst með svo skyndilegum hætti á þeim tíma þegar M rennur að starfsmenn B hafi borið að yfirfara háلكuvarnir sérstaklega, s.s. með því að ber salt á gönguleiðir á brúnni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að aðbúnaður sundlaugarinnar hafi verið í samræmi við gildandi lög á reglur á þeim tíma þegar tjónið var. Af því leiðir að ekki verður séð að atvikið megi rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi B, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem B ber ábyrgð á og á M ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögmn.

Jóhann T. Sigurðsson lögmn.

Mál nr. 276/2021**M og
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um hvort skerða beri bæt看ur vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.7.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 3.8.2021.
Bréf V, dags. 20.7.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 1. september 2020 ók M bifreið sinni, A hringveginn til suðurs við bæinn Stóru-Giljá í Húnavatnshreppi, þar sem A valt út af veginum. Ekkert er haft eftir M um slysið og tildrög þess í gögnum málsins.

Við komu á heilsugæslustöð eftir slysið segir í samskiptaseðli læknis að M hafi verið drafandi en inn í það spili að hún noti gervitennur (góm). Hún hafi getað gert grein fyrir sér og verið vakandi og áttuð. Í ljós hafi komið að hún hafi sögu um ópiátafíkn og sé á suboxone 12 (8+4) og hafi verið á leið suður í eftirfylgniviðtal. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 23. sama mánaðar, mældust í blóði M tvö efni, annars vegar 100 ng/ml af nordíazepam og hins vegar 1,3 ng/ml af búprenorfin. Þá segir í matsgerðinni að búprenorfin sé verkjalyf af flokki ópiáta. Það hafi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti skert hæfni manna til aksturs bifreiða, jafnvel þegar það er tekið í læknanlegum skömmtum. Mikið þol geti myndast gegn verkun ópiáta ef þau eru tekin að staðaldri. Nordíazepam sé virkt umbrotsefni m.a. díazepams, sem er róandi og kvíðastillandi lyf af flokki benzodíazepínsambanda. Styrkur nordíazepams sé fremur lágur. Benzodíazepínsambönd og ópiöt séu að fullu samverkandi. Megi gera ráð fyrir að ökumaðurinn hafi ekki getað stjórnað ökutæki örugglega vegna áhrifa framangreindra lyfja.

Samkvæmt vottorði læknis á sjúkrahúsinu Vogu, dags. 31. maí 2021, kemur fram að M hafi verið til meðferðar á sjúkrahúsinu vegna ópióíðafíknar og taki hún Suboxone (Búbprenorfin) 10 mg, eina og hálfu töflu á dag. Þá segir að inntaka lyfsins ein og sér sé ekki talin leiða til skerðingar á akstursgetu.

M varð fyrir nokkrum meiðslum við veltuna og hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. V hefur fallist á greiðslu bóta úr vátryggingunni en að skerða beri bæt看ur um 1/3 þar sem M hafi verið meðvöld að tjóni sínu með því að hafa ekið undir áhrifum sterkra verkjalyfja og róandi lyfja sem hafi gert það að verkum að hún hafi ekki getað stjórnað bifreið örugglega, sbr. fyrrgreinda niðurstöðu matsgerðar Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Ekkert annað skýri útafakstur af malbikuðum hálkufrium vegi í góðu skyggni.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags ef um er að ræða slysatryggingu eins og hér um ræðir og vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Enn fremur er tekið fram í 2. mgr. sömu lagagreinar að í öðrum tilvikum en þeim er greinir í 1. mgr. getur félagið ekki borið fyrir sig að hinn vátryggði hafi af gáleysi valdið vátryggingaratburði. Í skilmálum V sem gilda um slysatrygginguna er tekið fram að ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að tjónsatburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004.

Þá segir í 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef hann telst óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja, sbr. 6. mgr. 48. gr. laganna. Jafnframt segir í 2. mgr. 50. gr. að ökumaður teljist vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða lyfja og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega ef ávana- og fíkniefni eða lyf skv. 1. mgr., sbr. 6. mgr. 48. gr., mælast í blóði hans. Í 6. mgr. 48. gr. laganna er mælt fyrir um það að ráðherra sé heimilt að kveða á um vanhæfismörk með nánari hætti í reglugerð, þ.e. hvenær ökumaður teljist vera óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja. Ekki verður séð að slík reglugerð hafi verið sett.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að þau efni sem mældust í blóði M samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu Háskólans í lyfja- og eiturefnafræði teljist til ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í ljósi þessa og þegar litið er til þess sem fram kemur í matsgerðinni að styrkur nordíazepams sé fremur lágur og að einungis megi gera ráð fyrir að ökumaðurinn hafi ekki getað stjórnað ökutæki örugglega vegna áhrifa framangreindra lyfja verður ekki talið að komin sé fram fullnægjandi sönnun þess að M hafi umrætt sinn verið óhæf til að stjórna A örugglega í skilningi 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Líkt og áður getur er í gögnum málsins ekkert haft eftir M um slysið og tildrög þess. Ekkert liggur fyrir með ótvíræðum hætti hvað olli því að A fór úr af veginum og valt. Að virtum gögnum málsins og atvikum öllum verður ekki talið nægilega sannað að M hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi. Af því leiðir að ekki er heimilt að skerða bætur sökum þess að M hafi valdið vátryggingaatburðinum af gáleysi. Hún telst því eiga óskoraðan rétt til bóta úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á óskoraðan rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 277/2021**M og****V v/ slysatryggingar íþróttamanna hjá knattspyrnudeild A**
Ágreiningur um hvort atvik falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála**Gögn.**

Málskot móttakið 12.07.2021 ásamt fylgiskjölum 1-7.
Bréf V dags. 06.09.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum er hún tók þátt í knattspyrnuleik með liði A hinn 17. september 2018. V hafi hafnað kröfu hennar um bætur úr slysatryggingu með bréfi dags. 24. ágúst 2020, þar sem félagið teldi umrætt atvik ekki fullnægja þeim áskilnaði slyshugtaksins að um utanaðkomandi atburð hefði verið að ræða. Þeirri afstöðu sé mótmælt enda sé fyrirbyggjandi myndband af tjónsatviki er sýni að M hafi fengið snertingu frá markmanni hins liðsins sem hafi valdið því að hún féll í jörðina með slitið krossband nokkrum sekúndum síðar. Er afstaða M sú að ljóst sé af fyrirbyggjandi myndbandi að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða og sé bótaskylda því fyrir hendi. Nokkur samskipti hafi verið milli M og V vegna málsins, en V hafi hafnað því að endurskoða afstöðu sína.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki frekari athugasemdir vegna málsins en vísi til gagna þess. Í fyrirbyggjandi bréfi V til M, dags. 24. ágúst 2020, kemur fram að misræmi hafi verið í atvikalýsingu M. Þannig segi M í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands „þá fékk ég snertingu frá öðrum leikmanni með þeim afleiðingum að vinstra hné gaf sig og krossbandið slitnaði“. Í læknisvottorði hafi atvikalýsingin hins vegar verið „Sagðist hafa verið að stíga framhjá markmanninum og fékk þá sting í hnéd og lagðist í jörðina“. Viðkomandi læknir hafi síðar staðfest þessa lýsingu auk þess sem fyrirbyggjandi myndband af tjónsatviki styðji við hana. Í skilmálum viðeigandi vátryggingar sé „slys“ skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða „skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans“. Í tilviki M sé um að ræða álagsmeiðsl sem eigi sér stað við hreyfingu hennar en ekki utanaðkomandi atvik. Þar sem tjónið megi rekja til snöggrar hreyfingar M sjálfar, þ.e. álags innan líkama hennar, sé ekki um slys í skilningi skilmálanna að ræða og er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Ágreiningur aðila snýr samkvæmt framansögðu að því hvort M hafi orðið fyrir slysi í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála. Myndband af umræddu atviki er meðal gagna málsins fyrir nefndinni. Af því má sjá að M, sem er með knöttinn inni á vítateig hins liðsins og markvörður þess liðs rekast saman, þegar sú síðarnefnda rennir sér fram í viðleitni til að ná til knattarins. Má sjá að M stekkur upp með hliðarhreyfingu á vinstri fótlegg við þessa snertingu. Verður því að líta svo á sem meiðsl hennar megi rekja til hliðarhreyfingar sem hlaut af samstuði hennar og markmannsins sem hafi valdið því að krossband við vinstra hné slitnaði og M féll til jarðar um tveimur til þremur sekúndum síðar. Er það því mat nefndarinnar að meiðsl M sé að rekja til skyndilegs og utanaðkomandi atburðar, þ.e. áðurnefndrar snertingar, og fullnægi því skilyrðum slyshugtaksins eins og það er skilgreint í umræddum skilmálum. Verður þá misræmi í orðalagi í atvikalýsingu, annars vegar í tilkynningu til Sjúkratrygginga og hins vegar í læknisvottorði, ekki talið haggja þessari niðurstöðu enda má greina af umræddu myndbandi að snerting hafi átt sér stað. Er bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.

M, á rétt til bóta úr slysatryggingu íþróttamanna A hjá V.

Reykjavík 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 278/2021**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar vinnuvélarinnar B****Árekstur bifreiðar og vinnuvélar á bílaplani við timbursölu Byko, Kópavogi, þann 7.7.2021.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 12. júlí 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 20. júlí 2021.

Bréf V1, dags. 16. júlí 2021.

Málsatvik.

Þann 7. júlí 2021 varð árekstur þegar A var bakkað úr stæði á bílaplani við timbursölu Byko, Kópavogi. Á sama tíma var B, sem er lyftari, ekið eftir bílplaninu og var hann með timburhlass í flutningi og rakst timbrið í A. Í skýrslu Aðstoðar og Öryggis kemur fram að ökumaður A segist hafa verið að bakka út af bílplaninu og sá hann lyftara vera að lesta sendibíl fyrir aftan A. A segist hafa stoppað og verið stopp í um 2 sekúndur er öðrum lyftara, B, hafi verið ekið á A. Í framburði ökumanns B kemur fram að hann hafi ekið B í hliðarstefnu með timbur framan á gaflinum. Hann hafi séð illa fram fyrir lyftarann þar sem hann var með mikið timbur en telur að A hafi bakkað á B, án þess þó að hafa séð A. V2 hafnaði bótaskyldu.

Í málskoti kemur fram að A telur að hann hafi gætt ýtrustu varkárni. Hann hafi skoðað vel aftur fyrir bilinn áður en hann steig inn í hann og ók af stað. Hann hafi bakkað um hálfu billengd áður en hann stöðvaði A vegna aðvífandi umferðar B, sem hafi ekið utan í A kyrrstæðan. Jafnframt komi fram í framburði ökumanns B að stórt timburbúnt framan á B hafi byrgt ökumanni B sýn og valdið því að hann hafi lítið séð hvert hann var að fara. Ennfremur komi fram að hann hafi aldrei séð A.

Í bréfi V2 kemur fram að myndbandsupptaka sé til af atvikinu þar sem sjá má að B er ekið í hliðarstefnu eftir akstursleið á bílplaninu á sama tíma og A hafi verið ekið aftur á bak frá stöðureit og árekstur varð. Staðfest sé í skýrslu Aðstoðar og Öryggis að bæði A og B voru á ferð er áreksturinn átti sér stað. Bótaábyrgð ökumanns B byggir á almennum skaðabótareglum en ekki hlutlægum bótareglum laga um ökutækjatrýggingar. Sönnunarbyrði um ætlaða sök og ólögmeða háttsemi Byko ehf. eða starfsmanna fyrirtækisins hvíli alfarið á M og ekkert í framlögðum gögnum sýni fram á eða leiði að því líkur að nokkuð athugasvert hafi verið við háttsemi ökumanns B. Í málinu liggja fyrir að B hafi verið ekið eftir eðlilegri akstursleið á bílplaninu. Lyftarinn sé þannig gerður að hægt sé að aka honum í allar áttir og í umrætt skipti hafi honum verið ekið í hliðarakstri beint eftir akstursstefnu bílplansins. Því megi jafna við að hefðbundnu ökutæki hafi verið ekið áfram eftir sömu akstursleið. Ökumaður B hafði því gott útsýni yfir akstursleiðina, eins og hún lá, og á honum hvíldi ekki aðgæsluskylda gagnvart bifreiðum sem var ekið aftur á bak úr kyrrstöðu frá stöðureit meðfram akstursleiðinni, eins og fyrir liggur að M gerði. Á M hvíli hins vegar rík aðgæsluskylda þar sem hann ók aftur á bak úr kyrrstöðu úr stöðureit bifreiðastæðisins og inn á akstursleiðina. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Myndbandsupptakan staðfesti að A hafi verið á ferð en ekki kyrrstæður, eins og haldið er fram, og því sé ljóst að M hafi ekki gætt eðlilegrar aðgæslu við aksturinn. Því sé rétt að fella alla sök á árekstrinum á M, sem ökumann A.

Í bréfi V1 kemur fram að ljóst sé að ökumaður B hafi sýnt af sér vítavert gáleysi er hann ók B eftir akstursleiðinni án þess að að ganga úr skugga um að það hafi verið óhætt með tilliti til umferðar á svæðinu. Hann hafi viðurkennt að hafa séð illa fram fyrir sig og hafi aldrei séð A. Þetta hafi verið sérstaklega varhugasvert þar sem mikil umferð hafi verið á bílplaninu í umrætt sinn. Ekkert í málinu bendi hins vegar til þess að ökumaður A hafi sýnt af sér gáleysi við aksturinn eða hann hafi orðið valdur að tjóninu að einhverju leyti. Því sé rétt að M eigi rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu B.

Álit

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga, ber ökumanni, áður en hann ekur ökutæki aftur á bak, að ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Samkvæmt

myndbandsupptöku af atvikinu liggur fyrir að A var á ferð er áreksturinn varð en ekki kyrrstæður eins og M heldur fram. B var ekið eftir eðlilegri akstursleið á bifreiðastæðinu. Mikið timbur var á lyftaranum og sá ökumaður því ekki vel fram fyrir lyftarann en honum var hins vegar ekið í hliðarstefnu og sá ökumaður því akstursstefnu, án þess þó að sjá er A ók á B. M ber sönnunarbyrði fyrir því að ökumaður B hafi hagað akstri sínum með saknæmum hætti, en slík sönnun hefur ekki tekist. Því verður að leggja alla sök á ökumann A, sem bar að gæta sérstakrar varúðar er hann ók aftur á bak úr stöðureit.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 279/2021**M og
V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna líkamstjóns 14. júlí 2020.****Gögn.**

Málskot, dags. 12. júlí 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22. október 2021, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 25. október 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast í frítímaslysi þar sem hann fékk aðsvif og féll niður 3-4 metra með þeim afleiðingum að hann fékk hálsbrot, mörg hryggbrot, brot á bátsbeini vinstri handar og liðhlaup á mánabeini. M tilkynnti um tjón sitt í fjölskyldutryggingu sína hjá V sem hafnaði bótaskyldu 24. september 2020 þar sem félagið taldi skilyrði slyshugtaks vátryggingarskilmála ekki uppfyllt. Í gögnum málsins eru samskipti lögmanns M og V rakin og má þar sjá að V ítrekaði afstöðu sína til bótaskyldu í tölvupósti 28. janúar 2021. Málskot barst til nefndarinnar 12. júlí sl. og með tölvupósti dags. 16. ágúst sl. kom fram af hálfu V að félagið hefði viðurkennt bótaskyldu að hluta. Í bréfi lögmanns M til nefndarinnar dags. 20. október 2021 komu síðan fram frekari athugasemdir f.h. M til nefndarinnar.

M telur að skilyrði til greiðslu bóta vegna slyssins séu uppfyllt og vísar til 5. kafla fjölskyldutryggingarskilmála V þar sem komi fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Einnig segir þar að við meiðsl á útlimum sé þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. M telur að skilyrði vátryggingarskilmálans sé uppfyllt varðandi meiðsl á útlimum hans þar sem hann hafi hlotið líkamstjón á úlnlið, sem sé útlimum í skilningi skilmálanna. M vísar til þess að orðið aðsvif sé skilgreint sem skyndilegur missir meðvitundar í bæði íslenskri nútímamálsorðabók frá Stofnun Árna Magnússonar og skyndilegt ástand þar sem liggur við yfirlíð í iðorðabanka í lækisfræði hjá sömu stofnun. Þannig hafi sá atburður sem leitt hafi til líkamstjóns M á útlím orðið skyndilega. Einnig vísar M til þess í viðbótarathugasemdum sínum dags. 20. október 2021 að slyshugtak vátryggingarskilmála beri að skilja þannig að þegar slys séu þannig að félagið greiði bætur vegna meiðsla á útlimum þá felist í því að allar afleiðingar þess slyss séu metnar og bótaskyldar.

Eins og áður segir hefur V viðurkennt bótaskyldu í málinu að hluta, eða vegna meiðsla á útlimum en hafnað því að skilyrði slyshugtaks vátryggingarskilmála sé uppfyllt varðandi meiðsl á öðrum hluta líkama M en útlimum.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum V kemur fram að félagið greiði bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir, sbr. 1. mgr. 3. gr. skilmála 6. kafla fjölskyldutryggingar. Hugtakið slys er síðan skilgreint sérstaklega í 2. gr. sama kafla þar sem kemur fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Þegar um fall er að ræða sem verður vegna aðsvifs einstaklings verður það rakið til einhvers sem gerist innan líkama hans en ekki til utanaðkomandi atburðar. Almennt verður því að telja líkamstjón sem verða vegna aðsvifa falla utan fyrrnefndrar skilgreiningar á slyshugtaki vátryggingaréttar. Í vátryggingarskilmálum V hefur umrætt hugtak hins vegar verið víkkað út til að ná til tiltekinnar atvika og er orðalag þess hluta ákvæðis 2. gr. 6. kafla vátryggingarskilmála þannig að við meiðsl á útlimum sé þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Almenn orðskýring þessa ákvæðis er sú að þegar um skyndilega atburði er að ræða sem valda meiðslum á líkama vátryggðs með þeim hætti að meiðsl verða á útlimum þá greiðast bætur vegna þeirra meiðsla þó ekki sé um utanaðkomandi atburð að ræða. Samkvæmt orðanna hljóðan verður ákvæðið ekki skilið þannig að um leið og meiðsl verði á útlimum þá greiðsist einnig bætur vegna annarra meiðsla á líkama vátryggðs sem verða ekki vegna utanaðkomandi atburða.

Af öllu ofansögðu telst ljóst af gögnum málsins að við falla M hinn 14. júlí 2020 hlaut hann m.a. meiðsl á útlím, sbr. upplýsingar í málskoti og læknisfræðilegum gögnum um brot á bátsbeini vinstri handar og liðhlaup á mánabeini. Þar er um meiðsl á útlím að ræða og á M rétt á bótum vegna þeirra meiðsla úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna meiðsla á útlím úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 280/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys þegar rafmagnsspennir lenti á manni 7. mars 2019.****Gögn.**

Málskot móttakið 12. júlí 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 26. júlí 2021, ásamt svörum X við spurningum V, dags. 8. júlí 2020 og ljósmyndum af vinnuvélaskráningu mannröfur og krana.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 24. ágúst 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram M varð fyrir líkamstjóni þegar hann var við annan mann í mannkörfu, sem hífð var með kranabíl, að losa rafmagnsspenni sem síðan féll á hann. Bæði M og sá samstarfsmaður hans vinna hjá fyrirtækinu A. Í lögregluskýrslu kemur fram að lögregla hitti M ásamt samstarfsmanni hans á vettvangi slyssins og þeir lýstu atvikum þannig að þeir hafi verið að vinna við að taka niður rafmagnsstaura þegar slysið varð. Þeir sögðust hafa verið í mannkörfu sem hífð hafi verið upp með kranabifreið sem starfsmaður X stjórnaði. Í lögregluskýrslunni segir síðan: „Þegar þeir hafi verið að eiga við spenninn hafi hann runnið til og lent í körfunni sem þeir voru í, með þeim afleiðingum að spennirinn hafnaði á ristinni á M.“ Á vettvangi ræddi lögreglan einnig við starfsmann X sem kvaðst hafa verið inni í kranabifreiðinni þegar slysið var og verið að bíða eftir því að hann yrði látinn vita hvenær hann ætti að láta spennin síga niður. Í skýrslu Vinnueftirlitsins sem kom á vettvang slyssins er lagt til grundvallar að vinnulag hafi verið þannig að rafmagnsspennir hafi verið losaður og híft í hann og slakað aftur og mannkörfunni hafi síðan verið slakað niður og við það hafi slysið orðið. Í skýrslunni kemur einig fram að kraninn sem notaður var til verksins hafi ekki verið skoðaður eða mannskrifað sjálf og ályktar að orsakir slyss M megi rekja til þess að ótryggt verklag hafi verið við niðurtöku á spennu úr mannkörfu og að óskoðuð og afskráð mannskrifa hafi verið notuð við verkið og því ekki verið unnið skv. áhættumati. Skýrslunni er ekki beint að X heldur því fyrirtæki sem M vann hjá, fyrirtækinu A.

M telur að rekja megi slys hans til skaðabótaskyldu X þar sem mannskrifa í eigu X hafi ekki verið útbúin í samræmi við þær kröfur sem gerðar séu í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja eða ÍST staðal um hífingarbúnað krana. Þar komi fram að mannskrifa eigi að vera þannig hönnuð að komið sé í veg fyrir að notandi hennar geti kramist, klemmst eða fengið högg á sig. M telur að þannig hafi X vanrækt skyldur sínar með því að hafa ekki þak á mannkörfunni og telur að hún hafi verið vanbúin og bein orsakatengsl séu á milli þess og slyss M. Einnig vísar M til þess að slysið hafi orðið við hífingu miðað við lýsingu í skýrslu Vinnueftirlitsins og megi rekja tjónið til háttsemi starfsmanns X sem hafi ekki gert nægar ráðstafanir sem stjórnandi kranans til að tryggja að starfsmenn væru ekki staddir undir byrði, sbr. gr. 3.1.3 og 3.2.5 í II. viðauka reglugerðar nr. 367/2006.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að leggja verði lýsingu af atvikum í lögregluskýrslu til grundvallar þar sem þar komi fram skýringar M og viðstaddra fram strax á vettvangi og þannig verði ekki litið til síðar framkominna lýsinga af hálfu M eða vinnuveitanda hans A í tjónstilkynningum eða öðrum gögnum. Það sé því sýnt að hífing hafi ekki verið í gangi þegar slysið varð og verði tjón M því ekki rakið til háttsemi stjórnanda kranans. V telur heldur ekki sýnt að orsakatengsl séu milli slyss M og þess að mannskrifa og krani hafi verið óskoðuð, enda hafi skoðun verið framkvæmd stuttu síðar án athugasemda við búnað. V telur heldur ekki sýnt að mannskrifa hafi átt að vera búin þaki eða orsakatengsl séu sönnuð milli þess að svo hafi ekki verið og slyss M. V vísar einnig til þess að framkvæmd vinnunnar hafi verið á forræði A, vinnuveitanda M en ekki X sem einungis hafi lagt til verksins kranabifreið og stjórnanda hennar og hafi hann lotið verkstjórn M og annarra starfsmanna A. Fyrirkomulag verksins hafi því verið á ábyrgð A en ekki X.

Álit.

Í frumgögnum málsins, þ.e. lögregluskýrslu af vettvangi, er atvikum þannig lýst að M hafi ásamt samstarfsmanni sínum hjá A verið í mannkörfu að „...eiga við spenninn“ þegar hann hafi runnið til og lent á fæti M. Ekkert í þeim framburði bendir til þess að tjón hafi orðið við hífingu mannkörfunnar og fær það stoð í framburði stjórnanda hennar sem kveðst hafa setið inn í bifreiðinni

Þegar tjónið varð og ekkert bendir til þess að hann hafi þá verið að eiga við þau stjórn tæki sem notuð voru til að færa mannkörfuna til. Telst því ósannað að háttsemi starfsmanns X við stjórn kranans hafi leitt til líkamstjóns M. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að orsakatengsl séu milli þess að krani og mannkarfa hafi verið óskoðuð þegar slysið varð, en ekki hefur verið sýnt fram á að tjón verði rakið til búnaðar kranans eða mannkörfunnar, enda liggur ekki fyrir að henni hafi verið breytt til þess að fá skoðun. Það sem liggur þá síðast fyrir er að taka afstöðu til þess hvort fyrirkomulag þess verks sem M var að vinna hafi geta verið betra og hvort X eða starfsmenn á þess vegum hafi haft til þess verkstjórnarvald. Í gögnum málsins kemur ekki með óyggjandi hætti fram að verkið hafi verið unnið í þágu X heldur verður frekar leitt af þeim að það hafi verið unnið í þágu A. Aðkoma X með leigu á krana og stjórnanda hans til verksins leiðir ekki sjálfkrafa til verkstjórnarvalds og verður möguleg saknæm háttsemi við verkstjórn verksins því ekki rakin til starfsmanns X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Mögulegur ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A er ekki hér til umfjöllunar þannig að ekki verður fjallað frekar um mögulega skaðabótaskyldu A vegna verksins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 281/2021**M og
V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar vegna tjóns 19. september 2020.****Gögn.**

Málskot dags. 13.07.2021 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Bréf V, dags. 21.07.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 20.10.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 19. september 2020, orðið fyrir slysi er hann ók á reiðhjólí frá Hafnarfirði eftir Elliðavatnsvegi í átt að Vífilsstöðum. Hafi reiðhjólíð runnið til og M fallið í götuna og runnið eftir henni. Við það hafi hann lent á bifreiðinni A sem kom akandi eftir sama vegi og hafi það leitt til meiðsla M. Telur M ljóst að slysið sé að rekja til notkunar A, enda sé óumdeilt að hún hafi verið í gangi og á ferð eftir veginum. Sé því bótaskylda úr ábyrgðartryggingu hennar til staðar.

V hefur hafnað kröfu M og í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji tjón M ekki verða rakið til notkunar ökutækisins A. Samkvæmt lýsingu ökumanns A á atvikum hafi hún ekið mjög hægt eftir veginum. Þegar hún hafi séð M koma fyrir horn á nokkurri ferð hafi hún vikið í útskot og hægt enn frekar á A. Þá hafi hún séð M falla af hjólinu og renna eftir götunni í átt að A. M segist hafa rekist á A áður en hann rann út af veginum. A geti ekki fullyrt um hvort bifreiðin hafi verið alveg kyrrstæð við atvikið en hraði hennar hafi verið lítill sem enginn. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að hreyfing bifreiðarinnar hafi verið meðvirkandi orsök falls M enda hafi reiðhjól hans runnið til. Alls ósannað sé að nokkur hætta hafi stafað að akstri A á svæðinu. M byggir á því að hann hafi rekist utan í afturhjóla A sem hafi verið í notkun og sé það eitt og sér nægilegt til þess að bótaskylda stofnist. Er því mótmælt enda sé notkun A ekki frumorsök falls M. Þá liggja ekki fyrir hvort það hafi verið M, eða reiðhjól hans, sem rakst á A. Jafnvel þó fallist verði á að M hafi rekist á A sé þá ekki ljóst hvort, eða hvaða meiðsl hans verði rakin til þess. Þá viðist það tilviljun að M hafi lent á A en ekki t.a.m. steini eða annarri fyrstöðu sem leitt hefði til sömu meiðsla. Sé það M sem beri sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til notkunar A og hafi slík sönnun ekki tekist.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að ef A hefði ekki verið stödd á veginum hefði M náð að rétta reiðhjólíð við og hefði hann þá komið í veg fyrir fallið. Enginn ágreiningur sé um það að M hafi lent á A og slasast. Bollaleggingar V um það hvað hefði mögulega gerst hefði A ekki verið á svæðinu eigi þá ekki við, enda sé ljóst að M hafi slasast við það að lenda á bifreið sem var á ferð. Eru kröfum M því áréttáðar.

Álit:

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þó tjónist verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Virðist ekkert í gögnum málsins benda til þess að aksturslag A hafi á einhvern hátt verið athugasemdvært eða í ósamræmi við aðstæður. Eftir stendur þá að það hvílir á tjónþola hverju sinni að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til notkunar ökutækis og er það grundvöllur ágreinings þessa máls. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum má telja ljóst að fallið af hjólinu sem slíkt orsakaðist ekki af notkun A, en M lýsir atvikum svo í lögregluskýrslu dags. 22. september 2020, að hann hafi verið að hjóla eftir veginum þegar hann hafi farið í holu og missti reiðhjólíð undan sér. Hafi hann þá runnið yfir veginn og farið utan í A áður en hann stöðvaði utan vegar. Þá lýsa ökumaður og farþegi A atvikum svo að M hafi komið hjólandi fyrir horn úr gagnstæðri átt og runnið til í rigningunni. Hann hefði runnið þvert yfir veginn og farið aftur fyrir A. Þá töldu þær reiðhjól hans hafa farið í vinstra afturdekk A en enga ákomu var þar að sjá. Af öðrum gögnum málsins verður þó ráðið að ákoma hafi verið á hjólkoppi A og er óumdeilt að M eða reiðhjól hans rakst utan í A. Frekari sjálfstæðar lýsingar aðila, að öðru leyti en því sem greinir í lögregluskýrslu, liggja ekki fyrir nefndinni. Samkvæmt framansögðu verður að telja ósannað að M sjálfur hafi lent á bifreiðinni A, og ef svo var hvort, og þá hvaða, tjón megi rekja til þess. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja ósannað að tjón M sé að rekja til notkunar A. Verður samkvæmt framansögðu að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 282/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Upplýsingaskylda tjónhóla við uppgjör bóta vegna umferðarslyss 25. nóvember 2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1. júlí 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 23. ágúst 2021.

Viðbótarathugasemdir M með bréfi lögmanns, dags. 8. september 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist í umferðarslysi 25. nóvember 2018 eftir að bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið sem M var í. Enginn ágreiningur er um tjón tengt bifreiðunum sjálfum skv. bréfi V til nefndarinnar dags. 23. ágúst 2021. Af læknisfræðilegum gögnum verður ráðið að M hafi haft óþægindi eftir áreksturinn og leitað til lækna og sjúkrahjálfa vegna þess og stóðu V og M saman að mati á afleiðingum slyssins. Í matsgerð tveggja matsmanna dags. 2. september 2020 var M metin til 6 stiga varanlegs miska og 6% varanlegrar örorku. Eftir að matsgerð lá fyrir upplýsti V matsmenn um myndskleið af instagram-síðu M vegna líkamsæfinga M eftir slysið. Matsmenn töldu rétt að draga matsgerð sína tilbaka með tilkynningu þar um til V og lögmanns M. M aflaði eftir þetta einhliða annars mats, sbr. matsgerð dags. 26. maí 2021, þar sem kemur fram að M sé metin til 5 stiga varanlegs miska og 3% varanlegrar örorku vegna umferðarslyssins. Sá matsmaður sem mat þær afleiðingar hafði aðgang að umræddum myndskleiðum sem og skýrum M á þeim.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M hafi fyrirgert rétti sínum til bóta á grundvelli 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, en þar segir: „*Sá sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geta leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til glatar öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna sömu atvika. Sé háttsemin ekki alvarleg, hún varði einungis lítinn hluta kröfunnar eða ef sérstakar ástæður mæla með því getur hann þó fengið bætur að hluta.*“ V telur að munur á niðurstöðum matsgerða sé nægur til sönnunar á því að M hafi veitt rangar upplýsingar um tjón sitt og varði það stóran hluta upphaflegrar kröfu hennar. Einnig vísar V til þess að málið hafi verið kært til lögreglu.

M telur að hún eigi rétt á bótum vegna slyssins á grundvelli seinni matsgerðar dags. 26. maí 2021 og telur efnisatriði ákvæðis 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga ekki vera uppfyllt. M kveðst hafa gefið réttar upplýsingar á matsfundi vegna fyrri matsgerðar og neitar því alfarið að hafa ýkt lýsingar á einkennum og skerðingu á getu þannig að hún hafi gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um ástand sitt. Einnig vísar M til læknisfræðilegra ganga varðandi heilsufar sitt og vísar til þess að kappsemi hennar og það að hún hafi reynt að láta meiðslin hafa sem minnst áhrif á daglegt líf hingað til sé ekki þess eðlis að í því felist rangar upplýsingar um getu hennar. M telur að réttur til bóta eigi að fara eftir þeirri matsgerð sem hún aflaði eftir að fyrri matsgerð var dregin tilbaka.

Álit.

Eins og málið liggur fyrir nefndinni er ágreiningur um greiðsluskyldu V úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Ábyrgðartrygging er skaðatrygging í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 en ekki persónutrygging, sbr. hugtakaskýringar 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna. Uppbygging laga um váttryggingarsamninga er þannig að I. hluti þeirra geymir almenn ákvæði, II. hluti geymir ákvæði um skaðatryggingar og III. hluti laganna geymir ákvæði um persónutryggingar. Í III. hluta laganna, sem fjalla um persónutryggingar, eru ákvæði í XVIII. kafla sem nefnist: „*Bótauppgjör, fyrning o.fl.*“. Þar er ákvæði 120. gr. laganna sem fjallar um upplýsingaskyldu við uppgjör bóta. Það ákvæði nær að ofansögðu eingöngu til persónutrygginga en ekki skaðatrygginga, líkt og ábyrgðartryggingar ökutækis sem M hefur gert kröfu um bætur í. V hefur borið því við að M hafi glatað rétti til bóta bóta sé ekki fyrir hendi og vísað til réttaráhrifa sem tilgreind eru í 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga máli sínu til stuðnings. Sú grein á ekki við í málinu.

Þegar litið er til annars sambærilegs ákvæðis sem gildir um skaðatryggingar, þ.e. 2. mgr. 47. gr. laganna er orðalag þeirrar greinar aðeins frábrugðið orðalagi 2. mgr. 120. gr.: „*Ef váttrygður veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að*

hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaraburðar. Sé háttsemi vátryggðs ekki alvarleg, hún varði aðeins lítinn hluta kröfunnar eða sérstakar ástæður mæla með getur hann þó fengið bætur að hluta.“ Eins og segir í ákvæðinu hefur það einungis réttaráhrif ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar. Vátryggður í ábyrgðartryggingum er skv. b.lið 13. tl. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga „...sá sem nýtur vátryggingaverndar á skaðabótaskyldri háttsemi sinni.“, en ekki sá sem krefst bóta. Gildissvið 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nær því ekki heldur til kröfu M sem krefst bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækis, en í þeirri vátryggingu er eigandi ökutækisins hinn vátryggði. Slík skilgreining á vátryggðum kemur einnig fram í núgildandi vátryggingarskilmálum V vegna lögboðinnar ökutækjatrýggingar.

Af þessu leiðir að V getur ekki borið fyrir sig ákvæði laga um vátryggingarsamninga þegar það telur að tjónþoli í ábyrgðartryggingum hafi gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppjör bóta, alveg sama hvort það sé gert af ásetningi eður ei.

Ef tjónþolar í ábyrgðartryggingum gerast sekir um refsiverð ásetningsbrot eins og t.d. fjársvik í skilningi 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða tilraun til slíkra, sbr. 20. gr. sömu laga verður að ætla að það fari gegn meginreglum fjármunaréttar að þeir hinir sömu eigi rétt til greiðslu bóta úr sömu ábyrgðartryggingum. Við mat á gögnum málsins varðandi kröfur M verður ekki ráðið með skýrum hætti að hún haft ásetning til að fá V til að greiða sér bætur með ólögum hætti með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd félagsins um einhver atvik. Ekki liggja fyrir upplýsingar úr lögreglurannsókn eða niðurstaða slíkrar rannsóknar þar sem rökstuddur grunur er um slíka háttsemi M. Sönnunarbyrði um huglæga afstöðu M varðandi mögulega tilraun til fjársvika ber V og hefur félagið ekki lagt fram nægilega skýr sönnunargögn sem styðja afstöðu þess. Nefndin tekur ekki afstöðu til bótafjárhæðar í málinu þar sem aðilar málsins hafa ekki lýst yfir samþykki um að nefndin fjalli um þær, en telur af ofansögðu bótaskyldu fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 283/2021

M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans AÁgreiningur um bótaábyrgð byggingastjóra að hluta.

Gögn.

Málskot, dags. 22.07.2021, ásamt fylgiskjölum 1-16.

Bréf V, dags. 10.09.2021 ásamt fylgiskjölum.

Viðbótarathugasemdir M dags. 23.09.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að V hafi, að hluta til, hafnað kröfu M um bætur úr starfsábyrgðartryggingu A og er þess krafist að bótaskylda þess verði að fullu viðurkennd. M hafi, hinn 29. júlí 2018, samið við X um kaup á einingahúsi sem skyldi reist á landi þeirra. A hafi tekið að sér starf byggingarstjóra. M hafi afhent X teikningar frá hönnuði, og X svo látið útbúa endanlegar verkfræðiteikningar, sem A hafi yfirfarið. Í kjölfarið hafi uppsetning hússins hafist og hafi það verið afhent M 6. desember 2018. Eftir afhendingu hafi komið í ljós gallar á eigninni, en lekið hafi meðfram og undir gluggum, hurðum og í þaki eignarinnar. Hafi dómkvaddur matsmaður verið fenginn til að meta gallana og tjón M vegna þeirra og liggur matsgerð hans fyrir nefndinni. Í henni komi m.a. fram að frágangur glugga og hurða sé ófullnægjandi í veigamiklum atriðum, og úrbætur hafi ekki skilað árangri. Hvað varði þakið þá sé frágangur í mæni óvenjulegur og ófullnægjandi. Óþið sé niður í loftbil yfir einangrun í þaki og sé það frágangur sem tíðkist ekki hérlandis. Þá samræmist loftbil ekki kröfum í byggingarreglugerð. Enn fremur geri matsmaður athugasemdir við gerð þakdúksins sem notaður hafi verið, enda sé hann ætlaður til notkunar á veggum en ekki þök. Með bréfi dags. 21. maí 2021 hafi M gert kröfu í ábyrgðartryggingu A á grundvelli fyrirbyggjandi matsgerðar auk þess sem gerð hafi verið krafa um útlagðan matskostnað og lögmanskostnað að skaðlausu. V hafi fallist á að greiða kostnað vegna tjóns á gluggum, auk helmings matskostnaðar og hagsmunatengda lögmansþóknun, en að öðru leyti hafi kröfum M verið hafnað. Höfnun V að þessu leyti hafi byggt á því að annmarkar á þaki féllu ekki undir ábyrgð byggingarstjóra eins og hún væri skilgreind í lögum nr. 160/2010 um mannvirki og hurðir hússins væru í samræmi við byggingarreglugerð en í öllu falli væri kostnaður óverulegur og ekki um verulegan annmarka að ræða. Þessari afstöðu mótmæla M. Hvað varði annmarka á þaki þá er vísað til ummæla í fyrirbyggjandi matsgerð varðandi óvenjulegan og ófullnægjandi frágang þess. Þá er vísað til þess að sá dúkur sem notaður var sé ekki ætlaður til nota á þökum, ekki hafi verið farið að fyrirmælum framleiðanda og það hafi ekki getað dulist byggingarstjóra við úttekt og eftirlit. Hafi A því vanrækt að hafa eftirlit með því að húsið væri byggt í samræmi við efnisval framleiðanda og verklýsingu. Hvað varði ágalla á hurðum þá sé það beinlínis rangt að þær séu í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar. Í matsgerð komi þá fram að frágangur þeirra sé ófullnægjandi og þoli ekki íslenskt veðurfar. Sé því um verulegan annmarka að ræða. Byggingarstjóri hafi yfirumsjón og eftirlit með framkvæmdum og beri ábyrgð á að þær séu tæknilega og faglega fullnægjandi. Þá sé byggingarstjóri sérfræðingur á sviði byggingarmála og beri að líta til þess við sakarmat.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að hlutverk byggingarstjóra sé fyrst og fremst eftirlitshlutverk, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki, þar sem eftirlit hans sé nánar skilgreint. Skaðabótaábyrgð hans sé þá hefðbundin sakarábyrgð, sbr. 7. mgr. sama ákvæðis, en þar komi jafnframt skýrt fram að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegru framkvæmd einstakra verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða. Það eitt að iðnmeistari hafi unnið verk á ófaglegan hátt eða skilað af sér gölluðu verki leiði því ekki til bótaábyrgðar byggingarstjóra. Byggingarstjóri beri, samkvæmt 5. mgr. 29. gr. sömu laga, því aðeins skaðabótaábyrgð á göllum teljist þeir verulegir, þá megi rekja til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, og þeir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit. Hvað varði þakið á fasteign M þá hafi A óskað eftir upplýsingum um þakdúkin meðan framkvæmdir stóðu yfir og hafi hann þá fengið þær upplýsingar að dúkurinn væri fullnægjandi. Hafi hann því sinnt eftirlitsskyldu sinni að þessu leyti og geti ekki borið ábyrgð á því hafi upplýsingar um dúkin reynst rangar. Þá komi fram í matsgerð hins dómkvadda matsmanns að gerð og frágangur þaksins sé almennt eins og gerist og gerð sé krafa um í byggingarreglugerð. Hvað varði loftbil við einangrun telji matsmaður teikningar ekki fyllilega samræmast byggingarreglugerð, þó það sé ekki ástæða lekans sem upp hafi komið. Það sé þá álit V að sé um bótaskyldan galla að ræða sé tjón vegna hans á ábyrgð

hönnuðar en ekki byggingarstjóra. Þær athugasemdir sem M geri vegna þaksins feli því ekki í sér galla að mati V, en auk þess snúi þær að hönnun þess en ekki frágangi. Hið sama eigi við um hurðir í húsinu, þ.e. þær séu í samræmi við teikningar og athugasemdir snúi því frekar að hönnun þeirra en faglegum frágangi. Byggingarstjóri beri ekki skaðabótaábyrgð á göllum sem rekja megi til hönnunar nema hönnuður hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og það skilyrði geti ekki talist uppfyllt. Þess utan geti metnir annmarkar á hurðunum ekki talist verulegir í skilningi laganna, hvorki hvað varði fjárhæð þeirra né eðli. Hafi V því þegar bætt að fullu það tjón sem teljist vera á ábyrgð byggingarstjóra. Þá telur V eðlilegt að M beri matskostnað að hluta sjálf enda sé stór hluti þeirra annmarka sem tilgreindir séu í matgerðinni ekki á ábyrgð A. Þá hafi V þegar greitt hagsmunatengda lögmannsþóknun eins og almennt tíðkist í bótamálum.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að skaðabótaábyrgð byggingarstjóra sé „hefðbundin sakarábyrgð“ enda byggi sakarmat á ströngum sérfræðimælikvarða. Þá er því sérstaklega mótmælt að sýnt sé fram á að A hafi kannað sérstaklega hvort þakdúkurinn teldist fullnægjandi á meðan framkvæmdir stóðu yfir, enda sé fylgiskjal með þeim upplýsingum dagsett löngu eftir lok framkvæmda. Þá sé með matsgerð sýnt fram á að um galla á þaki sé að ræða. Þannig sé óumdeilt að lekið hafi frá mæni í eldhús og stofu. Frágangur á mæni uppfylli ekki kröfur í byggingarreglugerð, dúkurinn hafi ekki verið ætlaður til notkunar á þök, frágangur loftbils við einangrun hafi ekki verið til samræmis við byggingarreglugerð og loftrás væri opin upp úr mæni og stærð hennar langt umfram það sem eðlilegt teljist. Þá komi fram í matsgerð að frágangur hurða sé ófullnægjandi, og hafi lekar með hurðum því ekkert með hönnun þeirra að gera.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 27. gr. laga um mannvirki skal á hverjum tíma við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis vera einn byggingarstjóri sem er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Skal byggingarstjóri gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laganna, reglugerðar og samningi við eiganda. Þá er tekið fram í 5. mgr. 29. gr. laganna að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Enn fremur er tekið fram í 7. mgr. 29. gr. að byggingarstjóri beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis hans í starfi. Þó beri hann ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Í 5. mgr. 29. gr. kemur þó fram að komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós, sem ekki hafi verið bætt úr og megi rekja til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, beri byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllum, enda hefðu þeir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit.

Hvað varðar hurðir þá kemur fram í fyrirliggjandi matsgerð að þær virðist í meginatriðum vera í samræmi við fyrirliggjandi teikningar og ekki í andstöðu við byggingarreglugerð. Þó staðreyndi matsmaður að það læki inn með hurðum, þ.e. hurð á þvottahúsi, og garðhurð. Af matsgerð má ráða að lekann á garðhurðinni megi rekja til þess að glufa sé á samskeytum karms og niður með gleri. Þá eru að einhverju leyti gerðar athugasemdir við þéttingar hurða, og í öllu falli telur matsmaður, í niðurstöðu sinni, að frágangur glugga og hurða sé ófullnægjandi og þoli ekki íslenskt veðurfar. Hvað varðar garðhurð þá telur matsmaður að þurfi að taka glerið úr glugganum, þetta samskeyti og setja gler aftur í. Hvað varðar þvottahúshurð leggur matsmaður til að sett verði hurð sem opnast út, í stað þeirrar hurðar sem nú er og opnast inn en hurðin sé áveðurs. Að öðru leyti verður ekki séð að matsmaður geri sérstakar athugasemdir við frágang þvottahúshurðar enda kemur fram að hann kunni enga leið til að koma í veg fyrir leka hennar. Skipt skuli um hurðina samhliða því að gluggar og hurðir séu teknar út til að bæta þéttingar. Virðist samkvæmt þessu því sem ágalla á hurðunum, að því marki sem orsök er þekkt, megi rekja til frágangs iðnmeistara. Verður þá ekki talið að sýnt sé fram á að þá megi rekja til stórfelldrar vanrækslu eða séu þess eðlis að þeir hefðu ekki átt að dyljast A við eftirlit. Verður því ekki talið, á grundvelli framangreindra lagaákvæða, að bótaskylda hafi stofnast vegna þessar þáttar.

Hvað varðar þakið þá segir í niðurstöðu matsmanns að frágangur þess sé í öllum aðalatriðum til samræmis við teikningar. Hann sé þó að nokkru óhefðbundinn. Loftrás sé opin upp úr mæni og stærð hennar langt umfram kröfur en ekki sé þó hægt að fullyrða um að það leiði til vandkvæða. Þá sé loftbil ofan við einangrun minna en byggingarreglugerð kveði á um, að því er virðist vegna

misræmis í teikningum, þó leka frá þaki megi ekki rekja til þess og ekki er talið að þetta frávik leiði til vandkvæða. Þá hafi fyrirmælum framleiðanda ekki verið fylgt og notaður dúkur sem ekki sé ætlaður á þök. Hvað þetta varðar segir þó annars staðar í matsgerðinni að ekki verði séð að þakið hafi lekið vegna þessa og að ekki sé hægt að fullyrða að dúkurinn sé ónothæfur á þök, enda séu eiginleikar hans að miklu leyti sambærilegir eiginleikum þakdúka og ekki reyni á styrk hans þar sem hann liggi á plötum. Leka frá þaki telur matmaður stafa af tilfallandi frávikum í vindvarnarlagi þar sem það sé límt saman í mæni. Hvað varðar úrbætur þá leggur matsmaður til nokkuð umfangsmiklar aðgerðir, þ.e. m.a. að skipt verði um þakdúk auk þess sem sett verði hæfilega stór loftrás efst í mæni, til að minnka líkur á að snjór eða vatn geti borist í hana. Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að frágangur þaksins sé í andstöðu við teikningar, þó hann sé nokkuð óvanalegur. Hvað varðar umræddan dúk verður að telja nægilega sýnt fram á að notkun hans hafi ekki verið til samræmis við leiðbeiningar framleiðanda. Er á hinn bóginn, og þá einnig með hliðsjón af lýsingu matsmanns á eiginleikum hans, ekki talið sýnt fram á að um sé að ræða ágalla sem ekki hefði átt að dyljast A við eftirlit. Hvað varðar önnur atriði sem matsmaður bendir á verður heldur ekki talið að um sé að ræða ágalla sem ekki hefðu átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit, auk þess sem taka verður undir með V að athugasemdirnar snúi fremur að hönnun hússins enda sé frágangur í öllum aðalatriðum til samræmis við teikningar. Verður samkvæmt öllu framansögðu að hafna kröfum M.

Niðurstaða.

M eiga ekki frekari rétti til bóta úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 284/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og áreksturs 18. september 2019.****Gögn.**

Málskot, móttækið dags. 20.07.2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 11.08.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 25.08.2021.

Málsatvik.

Í málgögnum kemur fram að hinn 18. september 2019 hafi A ekið aftan á bifreiðina B sem M var farþegi í. Samkvæmt málskoti varð M fyrir líkamstjóni við áreksturinn. V hafi hins vegar hafnað greiðslu reiknings vegna læknisvottorðs og hafni frekari gagnaöflun. Sé sú afstaða byggð eingöngu á einhliða öfluðum útreikningi á hraða og þyngdarkröftum við áreksturinn, svokallaðri PC-Crash skýrslu, sem V telji leiða til þess að ósannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Varhugavert sé að byggja afstöðu á slíkum útreikningi, enda geti áhrif áreksturs verið mismunandi eftir líkamsbyggingu, vaxtarlagi, aldri og líkamsstöðu tjónþola. PC-Crash skýrslur geti því ekki sagt fyrir um hvaða áhrif árekstur hafi á einstaka tjónþola enda sé ekki alltaf samræmi milli tjóns og þess hve harður árekstur sé. Eigi læknisfræðileg gögn því frekar að vera lögð til grundvallar við mati á því hvort tjón hafi orðið, og sýni þau fram á að áverka M sé að rekja til umrædds áreksturs.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi sent V tjónstilkynningu hinn 26. september 2019, þar sem fram komi að hún hefði fengið hnykk á hálsinn og verki með leiðni upp í hægri eyra við aftanákefsluna. V hafi þá skoðað nánar lýsingar á árekstrinum og ljósmyndir af ákomum á bifreiðarnar. Þau gögn hafi borið með sér að um vægan árekstur hafi verið að ræða og við nánari útreikninga hafi komið í ljós að hröðunin á B hafi verið lítil. Hafi áreksturinn því ekki verið þess eðlis að líkamstjón hefði getað hlotist af honum. Þegar frekari læknisfræðileg gögn lágu fyrir hafi V tekið þau til skoðunar en þau hafi ekki leitt til breyttrar afstöðu félagsins. Þó M hafi leitað fljótt til læknis eftir áreksturinn sé ekki að sjá að hún hafi greinst með markverða áverka. Þá hafi M áður verið aum í hnakka. Einkenni sem M hafi lýst hjá sjúkrahjálfa og lækni í kjölfar árekstursins séu almenns eðlis og í ljósi aldurs og fyrri heilsufars, en M eigi langa sögu um stoðkerfisvanda, sé líklegt að önnur atriði en áreksturinn skýri þau. Hvað varði framlagt læknisvottorð sé svo til þess að líta að umræddur læknir hafi ekki haft rétta heildarmynd um eðli árekstursins. Því hefði sjúkraskrá M fyrir og eftir áreksturinn verið mun marktækara gagn auk þess sem ódýrara hefði verið að afla hennar en fyrirbyggjandi læknisvottorðs. Sé það M að sýna fram á tjón og orsakatengsl milli þess og árekstursins. Slík sönnun hafi ekki tekist og er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að fjölmörg dæmi séu um það að lítil hraði við aftanákefslu hafi valdið öikumanni varanlegu líkamstjóni. Því sé ekki hægt að fallast á þá staðhæfingu V að engar líkur séu á því að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við umræddan árekstur. Þó árekstur kunni að teljast vægur útiloki það ekki slíkar afleiðingar, sér í lagi hjá tjónþolum sem eru veikir fyrir. M hafi verið veikari fyrir enda hafi hún í áraraddir glímt við stoðkerfisvandamál. M lýsi miklum verkjum í hálsi eftir slysið og hafi ástand hennar versnað til muna eftir það. Hafi M strax fundið fyrir einkennum eftir áreksturinn og leitað til læknis á slysdegi. Þá hafi hún fengið áskrifuð verkja- og bólgueyðandi lyf. Níu dögum eftir áreksturinn, hinn 27. september 2019, hafi M aftur leitað til læknis vegna verkja í hálsi með leiðni upp í eyra. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 1. febrúar 2021, hafi M, frá slysdegi, leitað ítrekað á sjúkrahús og heilsugæslu vegna verkja í hálsi. Vottorðið gefi góða mynd af afleiðingum slyssins á M, en þrátt fyrir fyrri stoðkerfisvandamál hafi hún ekki þjáðst af verkjum í hálsi fyrr en eftir áreksturinn. Þeir verkir hafi verið viðvarandi frá slysdegi. Þá eigi það ekki að skipta máli við gerð læknisvottorðs hversu líklegur árekstur sé almennt séð til að valda tjóni, enda gegni læknisfræðileg gögn því hlutverki að sýna fram á líkamlegt ástand tjónþola.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til árekstursins hinn 18. september 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða afluð af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar

víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að lítið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M. Fyrir liggur að M leitaði samdægurs á Læknavaktina og var þá greind með hálstögnun. Þá liggur fyrir læknisvottorð, dags. 1. febrúar 2021. Þar kemur fram að M hafi aftur leitað til læknis hinn 27. september 2019, og sagst hafa verið með verk í hálsinum og upp í eyra frá umræddum árekstri. Var það þá álit umrædds læknis að M hefði orðið fyrir „whiplash“ áverka. Í umræddu læknisvottorði kemur jafnframt fram að M hafi í nokkur skipti eftir það leitað til heilbrigðisstarfsfólks vegna sömu einkenna. Þá segir í umræddu vottorði að M hafi frá árekstrinum glímt við aukna verki í hálsi hægra megin sem leitt hafi upp í eyra. Hafi þetta valdið erfiðleikum við legur, bæði á hægri og vinstri lið og þannig truflað svefn auk þess sem þessi einkenni hafi verið plagandi fyrir M á daginn. Meðferð hjá sjúkraþjálfara virðist ekki hafa komið að gagni og möguleikar á lyfjameðferð séu takmarkaðir vegna skertrar nýrnastarfsemi M. Í umræddu læknisvottorði er einnig fjallað um fyrra heilsufar og einkenni M en þrátt fyrir að M hafi um árabíl glímt við erfiða stoðkerfisverki verður ekki séð að einkenni frá hálsi og upp í eyra hafi verið meðal fyrri einkenna. Af heildstæðu mati á öllum framangreindum gögnum telur nefndin meiri líkur en minni á að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni við umræddan árekstur þó ekki liggja fyrir hver fjárhæð þess tjóns geti orðið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 15. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 285/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Bifreið ekið á handfang á jarðvegsþjöppu.****Gögn.**

Málskot móttakið 19.7.2021, ásamt myndbandi.
Bréf V dags. 11.8.2021.

Málsatvik.

Bifreið M var ekið vestur Mosagötu að Brekkugötu í Urriðaholti, í gegn um vinnusvæði á vegum X. Af myndbandi sem fylgdi málskoti M má sjá þegar bifreiðinni var ekið í gegn um vinnusvæðið. Á vinstri helmingi götunnar var grafa að störfum auk vöruflutningabifreiðar. Hægra megin við akbrautina var jarðvegsþjappan sem stóð utan akbrautarinnar en handfangið á henni skagaði þó nokkuð inn á akbrautina. Þegar bifreiðinni var ekið fram hjá vörubifreiðinni skall handfang jarðvegsþjöppunnar á hægri hlið bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að tjón varð á bifreiðinni.

Hefur M gert kröfu um að tjónið á bifreiðinni verði bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Byggir M kröfuna meðal annars á því tjónið verði rakið til vanrækslu X. Þannig hafi enginn starfsmaður á vegum X hafi leiðbeint öikumönnum í gegn um vinnusvæðið og merkingar hafi vantað. Þá telur M að gatan hafi verið þröng vegna vinnu þeirra og erfitt hafi verið að sjá handfang jarðvegsþjöppunnar sem skagaði inn á akbrautina. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeirri forsendu að tjónið verði einungis rakið til eigin aðgæsluleysis M. Telur V að M hafi ekki getað dulist að um væri að ræða vinnusvæði, þar sem aðstæður hafi verið góðar og skyggni gott. Jarðvegsþjappan hafi enn fremur auðsjáanleg.

Álit.

Myndband af atvikinu ber með sér að verktakinn X var við framkvæmdir við Mosagötu og að starfsemi þeirra þrengdi nokkuð að umferð um götuna. Enn fremur má sjá að gengið hefur verið frá jarðvegsþjöppunni með þeim hætti að handfang hennar skagaði nokkuð eitt inn á akbrautina. Engar merkingar voru á staðnum sem voruðu við því að handfangið næði inn á akbrautina. Þá ber myndbandið með sér að einfalt hefði verið að ganga frá þjöppunni með öruggari hætti þannig að umferð stæði ekki hætta af henni. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að tjónið verði að nokkru leyti rakið til þess að frágangur og merkingar X á vinnusvæðinu var ófullnægjandi. Hins vegar verður ekki litið fram hjá því að aðstæður voru að öðru leyti góðar og öikumanni bifreiðarinnar mátti vera ljóst að um vinnusvæði væri að ræða, þar sem gæta þurfti sérstakrar varúðar. Er það því niðurstaða nefndarinnar að tjónið verði jafnframt rakið til aðgæsluleysis öikumansins. Að teknu tilliti til alls ber X ábyrgð á helming tjónsins en M ber helming tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt bótum fyrir helming tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 286/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort líkamstjón hafi hlotist af völdum umferðaróhapps.****Gögn.**

Málskot móttakið 19.7.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-12.
Bréf V dags. 5.8.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

Þann 2.6.2019 lenti M í umferðaróhappi, en hún var ökumaður bifreiðar sem var kyrrstæð á rauðu ljósi við gatnamót Breiðholtsbrautar og Selásbrautar. Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem var staðset fyrir aftan bifreið M. Kastaðist sú bifreið aftan á bifreið M við áreksturinn. Leitaði M til heimilislæknis þann 4.7.2019 og lýsti vaxandi verkjum í höfði og hálsi, í bringu, herðablöðum og brjóstbaki. Þá lýsti hún miklum spennuhöfuðverk þegar liði á daginn. Var M vísað í sjúkráþjálfun í kjölfarið. Leitaði tvívegis aftur til heimilislæknis, í fyrra skiptið þann 22.7.2019 og svo þann 10.9.2019. Var henni ráðlögð áframhaldandi sjúkráþjálfun og ávísað verkjalyfjum vegna einkenna sinna.

M hefur krafist bóta, úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V, fyrir það líkamstjón sem hún kveðst hafa orðið fyrir vegna slyssins. V hefur hafnað bótaskyldu úr váttryggingunni með vísan til þess að félagið telur ósannað að orsakasamhengi sé á milli árekstursins og líkamlegra einkenna M. Vísar V meðal annars til PC Crash útreiknings, sem félagið aflaði einhliða, en útreikningurinn sýnir þyngdarhröðun bifreiðanna vegna árekstursins. Niðurstaða útreikningsins var að líklegasta gildi þyngdarhröðunar A væri 1,71 g.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Auk sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns eru bótaþættir samkvæmt lögum tímabundið atvinnutjón (2. gr.), þjáningar (3. gr.), varanlegur miski (4. gr.) og varanleg örorka (5-9. gr.).

Fyrrgreindur PC Crash útreikningur sem var aflað af hálfu V er einhliða og hefur af þeim sökum takmarkað sönnunargildi við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum árekstursins. Útreikningarnir verða því ekki lagðir til grundvallar við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að M kunni að hafa orðið fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn þann 2.6.2019, gætu veitt henni rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem sýnt er fram á að skilyrði bótaábyrgðar einhverra þeirra bótaþátta séu uppfyllt. Þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu veita hins vegar mjög takmarkaðar upplýsingar um það líkamstjón sem M býr við og varpa ekki fyllilega ljósi á hvort þau megi rekja til slyssins.

Þannig liggur ekki fyrir nein álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón hennar af völdum þessa tiltekna slyss. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskortum sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins þann 2.6.2019.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 287/2021**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
V3 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar C****Ágreiningur um fjárhæð bóta. Frávísun.****Gögn.**

Málskot, dags. 21.07.2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags.03.09.2021, ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V2, dags. 30.08.2021, ásamt fylgiskjölum 1-2.
Bréf V3, dags 27.08.2021, ásamt fylgiskjölum 1-5.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 03.09.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti gerir M eftirfarandi kröfur vegna þriggja aðskilinna tjónsatburða, sem allir tengjast árekstrum við ökutæki sem er ábyrgðartryggt hjá V1, V2 og V3:

Á hendur V1, að félagið bæti M tjón að fjárhæð 277.038 kr. vegna tjónsatviks hinn 28. ágúst 2020, en að því frágengnu bætur fyrir tjón að fjárhæð 172.640 kr.

Á hendur V2, að félagið bæti M tjón að fjárhæð 146.053 kr. vegna tjónsatviks hinn 1. september 2020, en að því frágengnu bætur fyrir tjón að fjárhæð 91.015 kr.

Á hendur V3, að félagið bæti M tjón að fjárhæð 1.404.428 kr. vegna tjónsatviks hinn 3. mars 2021, að frádregnum 591.511 kr. sem þegar hafi verið greiddar en að því frágengnu bætur fyrir tjón að fjárhæð 875.195 kr. að frádregningu sömu greiðslu.

Fáist ekki samþykki félaganna fyrir því að nefndin fjalli um bótafjárhæðir hljóði kröfur M upp á hlutfall af heildarviðgerðarkostnaði. Um þrjú aðskilin tjónstilvik sé að ræða, M hafi verið í rétti í öllum tilvikum, en sjá megi af fyrirbyggjandi gögnum hvernig bifreið M hafi tjónast við ákomur í hverju tilviki fyrir sig. Af fyrirbyggjandi gögnum má ráða að M hafi sent kröfubréf á hvert félaganna, dags. 19. maí 2021, þar sem m.a. kemur fram að gerð sé krafa á hendur hverju þeirra um greiðslu sérstaks og aðskilins hluta af tjóni á bifreið M, en fyrirbyggjandi er kostnaðarmat vegna viðgerðar á bifreiðinni og hljóðar það upp á 1.827.529 kr., sem er samtala aðalkrafna M á hendur V1, V2 og V3. Kemur og fram í umræddum kröfubréfum að ákomur á bifreið M við árekstur við A hafi verið farþegamegin á frambretti og stuðara, hjólaumgjörð, framljósi og hliðarspegli, að ákomur á bifreið M við árekstur við B hafi verið bílstjóragegin á frambretti, hjólaumgjörð og þokuljósi, að ákomur á bifreið M við árekstur við C hafi verið á fram- og hliðarbretti, ljósi, vélarhlíf og stuðara og skiptist krafa M á hendur félögunum með hliðsjón af því. Aðalkröfur M byggi því á hlutfalli hvers tjóns í áætluðum viðgerðarkostnaði, en við varakröfur sé dregið frá tjón á vélarhlíf, og innra rafmagns- og vélaverki, enda hafi þeir kröfufóðir sætt mótmælum. Ágreiningslaust sé að A, B, og C beri ábyrgð á umræddum tjónsatvikum og hafi félögin ekki borið fyrir sig aðrar ábyrgðartakmarkanir.

Í bréfi V1 er tekið fram félagið telji kröfu M vanreifada og að óljóst sé til hvaða tjóns sé vísað. Fjölmörg tjón hafi orðið á bifreið M og hafi þau ýmist verið bætt með fullnaðarviðgerð eða greiðslu samkomulagsbóta. Þá séu tvö tjón skráð á bifreiðina hjá V1 um sama leyti, þ.e. 28. ágúst 2020 og 29. ágúst 2020, og virðist krafa M snúast um bætur vegna þess síðara. M hafi þá látið verkstæðið sem hann leitaði til senda sömu skýrslu á tvö váttryggingafélög. Afar óljóst sé hvaða tjón verði rakið til hvaða atviks og beri M hallann af því. V telji umfang tjónsins ekki til samræmis við lýsingar, M hafi þegar fengið greiddar samkomulagsbætur vegna eldra tjóns án þess að fullnaðarviðgerð hafi átt sér stað og eina tjónið sem V1 sé bótaskyld vegna sé tjón á felgu enda hafi M tekið fram í samskiptum við félagið að annað hafi ekki skemmt í umræddu atviki. V1 hafi þegar fallist á að greiða bætur vegna þess en hafnar því að M eigi frekari kröfu á hendur félaginu.

Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji kröfu M óskýra. Þá er í bréfinu farið yfir tímalínu þeirra óhappa þar sem bifreið M hafi átt hlut að máli, og eru nánar tilgreind tíu atvik á tímabilinu 22. desember 2018 til 3. mars 2021. Við árekstur við B hafi orðið ákomur á hægri frambretti, hægri framhorni og hægri framhurð bifreiðar M. Á fyrri stigum hafi einnig verið gerðar óformlegar kröfur vegna tjóns á hægri frambretti, hægri framhögvara, felgu, ljóss, stuðara, hjólastillingar, rafhlöðu, vélarhlíf og innra brettis. Þá hafi verið gerð krafa vegna tjóns á brettahlíf og þokuljósi. V2 hafi lýst sig reiðubúið til að greiða samkomulagsbætur að fjárhæð 91.015 kr. gegn því að um lokagreiðslu væri að ræða enda væri

annað tjón ýmist ósannað eða á þeim hlutum bifreiðarinnar sem væru þegar skemmdir vegna fyrri tjóna. Bætur hljóti að verða að miða við raunverulegt fjárhagslegt tjón og M eigi ekki kröfu á samkomulagsbótum vegna tjóns á sömu hlutum bifreiðarinnar án þess að fullnaðarviðgerð eldra tjóns sem þegar hefðu verið greiddar bætur vegna hefði farið fram. Sömu hlutir verði þannig ekki margbættir án þess að sýnt sé fram á fjárhagslegt tjón enda eigi tjónþoli ekki að hagnast á tjóninu. Þá er tekið fram að V2 veiti ekki samþykki fyrir því að nefndin fjalli um bótafjárhæðir.

Í bréfi V3 kemur fram að bifreið M hafi verið óökuhæf eftir áreksturinn við C, og að ekki sé deilt um sakarskiptingu eða bótaskyldu V3 sem slíka. Við skoðun á bifreiðinni hafi hins vegar komið í ljós að fleiri tjón voru á henni en þau sem komu til vegna árekstursins. Þannig hafi verið tjón á hægri frambretti, stuðara, ljósi, grilli og vélarhlíf. Hafi annað váttryggingafélag þegar bætt það tjón með greiðslu samkomulagsbóta en viðgerð hafi ekki farið fram. Skaðabætur miði að því að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og ef tjón hefði ekki orðið, og hafi M þegar verið greiddar bætur vegna viðgerða á þessum hlutum. V3 hafi þegar greitt M samkomulagsbætur að fjárhæð 591.511 kr. en sú tala hafi verið fundin með tilliti til þess að þeir hlutir sem V3 bar að bæta voru tjónaðir fyrir og því ekki rétt að miða við greiðslu nýrra varahluta, enda mundi M þá verða betur settur en hann var fyrir tjónuð. Þá hafi verið miðað við lægra tímagjald en sem samsvari útseldri vinnu hjá verkstæði, en það sé vaninn við greiðslu samkomulagsbóta. Auk þess sé ekki gert ráð fyrir greiðslu virðisaukaskatts enda sé ekki miðað við það við greiðslu samkomulagsbóta að stofnast hafi til kostnaðar sem beri slíkan skatt. Hafnar V3 þá frekari kröfum M.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að fyrri kröfur séu ítrekaðar, en einnig er tekið fram að V1 beri ábyrgð á tjóni á afturhluta bifreiðarinnar en því bótaskyldu vegna þess hafi ekki verið hafnað.

Álit.

Mál þetta er nokkuð umfangsmikið og taka verður að nokkru undir með V1, og V2 að atvik séu óljós hvað varðar hvert tjónsatvik fyrir sig og kröfugerð M sé að þessu leyti vanreifuð. Þrátt fyrir það verður að telja að málsatvik séu ekki það óljós að málinu verði vísað frá á grundvelli e-liðar 4. gr. samþykta úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykta nefndarinnar úrskurðar hún um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Fyrir liggur að ekki er deilt um bótaskyldu sem slíka, og hafa V1, V2, og V3 öll boðið fram samkomulagsbætur vegna umræddra tjóna. Eins og krafa M er sett fram byggir hún á áætlun um viðgerðarkostnað og liggja fyrir nefndinni kröfur um ákveðnar bótafjárhæðir. Verður málatilbúnaður M því ekki skilinn á annan hátt en svo að um sé að ræða ágreining um bótafjárhæðir. Fram kemur í 2. mgr. 3. gr. samþykta nefndarinnar að hún taki ekki afstöðu til bótafjárhæða nema að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Fyrir liggur að V2 hefur sérstaklega tekið fram að slíkt samþykki sé ekki til staðar hvað það félag varðar. Er því ljóst að samþykki allra málsaðila fyrir umfjöllun nefndarinnar um bótafjárhæðir liggur ekki fyrir. Haggar það ekki þeirri afstöðu að tekið sé fram í málskoti að liggja slíkt samþykki ekki fyrir sé krafa gerð um hlutfall af viðgerðarkostnaði, enda verður að líta svo á að eftir sem áður snúi slík krafa að ágreiningi um bótafjárhæðir. Ber samkvæmt framansögðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 288/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur við bifreiðastæði á Fossheiði á Selfossi 5. júlí 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 27. júlí 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 19. ágúst 2021 ásamt tjonstilkynningum frá öikumönnum A og B sem og úrskurði nefndarinnar í máli nr. 25/2021.

Bréf V2, dags. 26. ágúst 2021 ásamt gögnum sem lögð voru fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna í máli nr. 189/2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B við bifreiðastæði við Fossheiði 2 á Selfossi þar sem bifreið B var ekið aftur á bak úr bifreiðastæði út á Fossheiði þar sem bifreið A var ekið aftur á bak á götunni. Framhlið tjonstilkynningar sem báðir öikumenn skrifa undir sýnir að öikumenn merkja við þá reiti sem það sýna á þeirri hlið og ökumaður bifreiðar A gerir síðan frekari grein fyrir atvikum á bakhlið sinnar tjonstilkynningar. Þar segir að hún hafi verið að bakka aðeins til að snúa við á götunni þegar ökumaður bifreiðar B hafi bakkað úr heimkeyrslu í hlið bifreiðar A. Fulltrúi V2 ræddi við öikumann bifreiðar B í síma sem lýsti atvikum þannig að hún hafi verið að bakka úr stæði og hafi ekki séð bifreið A þegar hún byrjaði að bakka og sú bifreið hafi allt í einu verið komin fyrir aftan bifreið B. Tjónanefnd váttryggingafélaganna skipti sök á árekstrinum til helminga.

M telur öikumann bifreiðar B bera alla ábyrgð á tjóni á bifreið A þar sem bifreið A hafi verið stopp þegar árekstur varð auk þess sem krókur sem hægt hafi verið að fjarlægja af bifreið B hafi valdið mestu tjóni á bifreið A.

V1 tekur undir með M og vísar til þess að ákoma á bifreið A hafi verið rétt fyrir framan afturdekk bifreiðarinnar og að ökumaður bifreiðar B hafi verið að aka aftur á bak úr stöðureit þegar árekstur varð. Þannig hafi sá ökumaður ekki gætt nægilega að 1. mgr. 20. gr., né 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 við aksturinn.

V2 telur að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur öikumanna hafi gætt að sér við akstur aftur á bak og að það komi fram á framhlið tjonstilkynningar að báðar bifreiðar hafi verið í akstri þegar árekstur varð. Sá framburður þeirra standi og verði framburður M um að bifreið A hafi verið kyrrstæð því ekki lagður til grundvallar. V2 telur að hvorugur ökumaður hafi gætt að sér við akstur aftur á bak og þannig ekki gætt fyrirmæla 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga.

Álit.

Í máli þessu kemur skýrlega fram að bifreið B var ekið úr bifreiðastæði inn á götuna Fossheiði þegar bifreiðin lenti í hlið bifreiðar A. Á framhlið tjonstilkynningar sem báðir öikumenn undirrituðu kemur fram að bifreið B hafi verið ekið út frá bílastæði, lóð, einkavegi e.þ.h og bifreið A hafi verið ekið aftur á bak. Í nánari skýringum öikumanna kemur fram að bifreið B var einnig ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Í fyrirmælum 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga kemur fram að allir öikumenn sem aka aftur á bak verði að gæta sérstakrar varúðar og í 3. mgr. 26. gr. sömu laga kemur fram að ökumaður skuli veita umferð forgang þar sem ekið er inn á veg af t.d. bifreiðastæði, lóð eða landareign. Í ljósi þess að ökumaður bifreiðar B ók út á veg frá lóð eða bifreiðastæði við Fossheiði 2 verður að telja aðgæsluskyldu hans ríkari en þá sem hvíldi á M sem öikumanni bifreiðar A. Þannig verður einnig af ákomu á bifreið A ráðið að ekki séu bein orsakatengsl milli aksturs öikumanns bifreiðar A (M) aftur á bak á veginum og árekstursins. Öll sök verður því lögð á öikumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðarinnar B

Reykjavík, 28. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 289/2021**M og
V v/ sjúkdómatryggingar M hjá V.****Ágreiningur um hvort bótaskylda úr sjúkdómatryggingu sé til staðar.****Gögn.**

Málskot móttakið 29.07.2021 ásamt fylgiskjölum 1-6.
Bréf V dags. 06.09.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M, hafi hinn 15. september 2020 greinst með krabbamein og geri kröfu um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V vegna þess. M hafi sótt um líf- og sjúkdómatryggingu hinn 23. maí 2018. Í umsóknareyðublaði vegna tryggingarinnar hafi M svarað spurningum um heilsufar sitt eftir bestu samvisku. Hafi hvergi verið spurt sérstaklega um hnúða, fyrirferð eða þykkildi, en hinn 11. júní 2018 hafi M leitað læknis vegna fyrirferðar á framanverðum hálsi. Við þá skoðun hafi komið fram að fyrirferðin hefði ekki stækkað á undangengnu ári, M hefði ekki haft nein einkenni samhliða henni, og þá væri engin fjölskyldusaga um krabbamein. Töluverðar rannsóknir hafi tekið við í kjölfar þessa og hafi M loks verið greindur með krabbamein í september 2020 og gert kröfu um greiðslu úr váttryggingunni með tilkynningu, dags. 3. október 2020. Með bréfi, dags. 10. febrúar 2021, hafi V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að M hefði ekki upplýst um fyrirferð í hálsi við töku váttryggingarinnar. Er þeirri afstöðu mótmælt af hálfu M, enda sé óumdeilt að sjúkdómur M falli undir gildissvið váttryggingarinnar, og það sé þá V sem beri sönnunarbyrði þess að þau atvik séu fyrir hendi sem heimili V að undanskilja sig ábyrgð. M hafi við töku umræddrar váttryggingar veitt upplýsingar um heilsufar sitt samkvæmt bestu samvisku og til samræmis við efni og orðalag eyðublaðsins. Eins hafi hann veitt V víðtækar heimildir til frekari upplýsingaöflunar. Ekkert bendi til þess að M hafi leitað læknis vegna meintra einkenna áður en hann keypti váttrygginguna, um óverulegt þykkildi á hálsi hafi verið að ræða sem M hafi talið vera bólgu eða stíflaðan kirtil, og hafi því ekki verið tilefni til að skýra sérstaklega frá því við umsóknina. Þá hafi spurningar eyðublaðsins verið almennar og óljósar og verði V að bera hallann af því. Samkvæmt 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 falli bótaábyrgð þá ekki sjálfkrafa niður við vanrækslu á upplýsingaskyldu, heldur sé það skilyrði að slík vanræksla sé sviksamleg, auk þess sem hún þurfi, skv. 2. mgr., að vera ekki óveruleg svo heimilt sé að fella ábyrgð niður í heild eða hluta. Skilyrði ákvæðisins séu ekki uppfyllt og beri V hallann af sönnunarskorti hvað það varðar. Sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að við beiðni um líf- og sjúkdómatryggingum hafi M svarað spurningum sem varði tiltekna sjúkdóma svo og spurningu um heilsufar að öðru leyti, og hafi hann svarað því neitandi að hann hefði átt við að stríða heilsufarsvandamál, einkenni eða veikindi. Hafi M leitað læknis vegna fyrirferðar á hálsi þremur vikum eftir töku váttryggingarinnar. Brugðist hefði verið fljótt við og í desember 2018 hafi legið fyrir að um 40% líkur væru á að mein M væri illkynja. V hafni því algerlega að M hafi svarað spurningum við töku váttryggingarinnar í góðri trú og eftir bestu samvisku, en fram komi að við komu M til læknis, hinn 11. júní 2018, hafi hann haft umrædda fyrirferð á hálsi í u.þ.b. ár. M geti ekki borið því við að hann hafi ekki verið spurður sérstaklega um hnúða, fyrirferð eða þykkildi, enda hefði hann átt að svara því játandi að hann væri með önnur heilsufarsvandamál eða einkenni. Hefði M upplýst réttilega um umrædda fyrirferð hefði honum verið neitað um tryggingu. Hafi neitun hans í eyðublaðinu verið sviksamleg og veruleg. Þá hafi V, eftir að M skaut málinu til nefndarinnar, kallað eftir upplýsingum um komu M á heilsugæslu í tvö skipti fyrir febrúar 2018. Þeirri beiðni hafi M hafnað og verði hann að bera hallann af því. Af framansögðu sé bótaréttur vegna sjúkdóms þess sem M greindist með hinn 15. september 2020 ekki til staðar.

Álit:

Ágreiningur aðila snýst samkvæmt framansögðu um það hvor t V sé heimilt að fella niður ábyrgð sína. Í 1. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga segir að hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingarskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr., beri félagið ekki ábyrgð. Fyrir liggur að hinn 11. júní 2018 leitaði M á heilsugæslu vegna fyrirferðar hægra megin á framanverðum

hálsi, sem hafði að hans sögn verið óbreytt að stærð síðan hann tók eftir henni um ári áður. Kemur þá fram að M finni ekki fyrir verkjum, kyngingar- eða öndunarörðugleikum, breytingum á þyngd eða hægðum, hjartsláttartruflunum, svima, skjálfta eða öðrum einkennum. Þá sé hvorki fjölskyldusaga um krabbamein né skjaldkirtilsvandamál. Í eyðublaði því sem M fyllti út í tengslum við töku váttryggingarinnar var, í 7.9, spurt að eftirfarandi „Do you presently or have you previously suffered from the following illnesses or symptoms and/or sought the advice of a doctor as a result?“ Svo eru, í stafliðum a)-q), tilgeind nánari atriði. Í h)-lið er spurt um „Cancer, cell transformation, benign tumours or blood disorders?“. Þá er p)-liður nokkuð víðtækur en þar er spurt um „Other health problems, symptoms or illness?“. Þessum spurningum svarar M neitandi. Jafnframt skrifar M undir yfirlýsingu um að V sé heimilt að frekari upplýsinga frá heilbrigðisstarfsfólki. Ekki er spurt sérstaklega um það í umræddu eyðublaði hvort váttryggingartaki hafi fundið fyrir hnútum, hnúðum eða annarri fyrirferð. Samkvæmt framansögðu verður að telja að ekki sé sýnt fram á að M hafi sviksamlega vanrækt upplýsingagjöf sína sbr. 1. mgr. 83. gr., enda verður, af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum ekki dregin sú ályktun að hann hafi þá fundið fyrir veikindum eða einkennum. V er þá í lófa lagið að spyrja sérstaklega um hnúta, þykkildi eða aðra fyrirferð í umræddu eyðublaði. Er því ekki sýnt fram á að skilyrði 1. mgr. 83. gr. séu uppfyllt og verður V að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar. Að sama skapi verður, með hliðsjón af framangreindu og öllum fyrirliggjandi gögnum, þ.á.m. umræddu eyðublaði, að telja að vanræksla M hafi verið óveruleg, og því verði heimild V til að fella niður ábyrgð sína, í heild eða hluta, ekki byggð á 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga. Samkvæmt öllu framansögðu er bótaréttur M úr sjúkdómatryggingu hans hjá V því til staðar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 290/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á hringtorgi við Nýbýlaveg.****Gögn.**

Málskot móttakið 19.7.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.

Bréf V1, dags 7.9.2021.

Bréf V2, dags. 2.9.2021, ásamt fylgiskjali nr. 1.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning vegna áreksturs bifreiðanna A og B í hringtorgi við Nýbýlaveg. Þar kemur fram að bifreiðunum var báðum ekið inn á hringtorgið af Kársnesbraut, A á innri akrein en B á ytri akrein. Ökumaður B kveðst hafa ekið inn á hringtorgið á eftir vinkonu sinni og haldið að þær ætluðu að keyra út úr hringtorginu við fyrsta mögulega útakstur, svo hafi hins vegar ekki verið heldur hafi þær ætlað út á þriðja útakstri í átt að Kringlumýrabraut til norðurs. Kveðst hún hafa gefið stefnuljós til vinstri og ætlað að stöðva við gatnamót Nýbýlavegar því hún vissi af bifreiðinni á innri hring en A hafi þá rétt farið utan í bifreið hennar. Ökumaður A kveðst hafa ekið inn í hringtorgið af vinstri akrein og ætlað að halda áfram austur Nýbýlaveg en þegar hún var að beygja út af hringtorginu hafi B verið ekið í hægri hlið bifreiðar sinnar.

M hafnar niðurstöðu V2 um að hvor ökumaður skuli bera helming sakar. Vísar M m.a. til reglu 3. málsliðar 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að ökumaður á ytri hring skuli veita ökumanni á innri hring forgang út úr hringtorgi. Enn fremur telur M að regla 2. málsliðar 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga um að ökumaður sem ætlar út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eigi ekki við í umræddu tilviki, þar sem áreksturinn hafi orðið á öðrum gatnamótum eftir innakstur hennar á hringtorgið en ekki þeim fyrstu. V2 hafnar málatilbúnaði M og vísar m.a. til þess að henni hafi skv. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga borið að velja hægri akrein, ytri hring, þar sem ákvæðið eigi einungis við um gatnamót þar sem útakstur er mögulegur. Enn fremur vísar V2 til háttæknisreglu 5. mgr. 19. gr. umferðarlaga.

Álit.

Hringtorgið sem um ræðir er nokkuð sérstakt að því leyti að það er fjögurra arma en einn armurinn, þ.e. frá Dalbrekku er einungis til innaksturs í hringtorgið og armurinn að Kringlumýrabraut er einungis ætlaður til útaksturs úr hringtorginu. Ökumenn sem aka inn á hringtorgið frá Kársnesbraut verða því að aka fram hjá arminum frá Dalbrekku áður en kemur að fyrsta útakstri hringtorgsins um Nýbýlaveg og svo öðrum útakstri að Kringlumýrabraut.

Samkvæmt 25. tölul. 3. gr. umferðarlaga er hringtorg skilgreint sem vegamót þar sem hringlaga svæði er í miðjunni með akbraut umhverfis. Þá segir í 2. málslið 6. mgr. 19. gr. laganna að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja sér hægri akrein, ytri hring, ætli hann sér að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr hringtorginu. Ekki er deilt um að áreksturinn varð í hringtorgi. Ágreiningur málsins snýr hins vegar að því hvort líta skuli á gatnamót hringtorgsins við Nýbýlaveg sem fyrstu gatnamót í skilningi 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga og hvort ökumaður A beri einhverja sök á árekstrinum með því að aka út um fyrsta mögulega útakstur hringtorgsins af innri akrein.

Ætla verður að 2. ml. 6. gr. 19. gr. umferðarlaga eigi einungis við fyrstu gatnamót þar sem hægt er að aka út úr hringtorginu, enda verður að túlka regluna með hliðsjón af tilgangi hennar, sem getur vart verið annar en sá að gera ökumanni sem ætlar að aka út um fyrsta útakstur á hringtorgi skylt að aka inn á hringtorgið af hægri akrein. Enn fremur verður að túlka regluna með hliðsjón af 5. mgr. 19. gr. umferðarlaga, þar sem kveðið er á um skyldu ökumanna sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu sína að færa ökutækið í tæka tíð á þá akrein sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Ljóst er af gögnum málsins að áreksturinn varð á fyrstu gatnamótum hringtorgsins þar sem útakstur er mögulegur. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að ökumaður A valdi ekki rétta akrein um hringtorgið miðað við fyrirhugaða akstursleið. Þá er ljóst að ökumaður B virti ekki forgang A út úr hringtorginu. Báðir ökumenn teljast því eiga sök á árekstrinum og við þær aðstæður sem hér voru verður ekki séð að annar ökumaður beri meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatyggingar, verður að skipta sök þannig að hvor ökumaður beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík, 28. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 291/2021

M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.Ágreiningur um bótaskyldu vegna ágalla á gluggum húsbyggingar.**Gögn.**

Málskot, móttækið 13.7.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 15.9.2021.
Bréf V, dags. 8.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Á árinu 2014 hófust framkvæmdir við að byggja ofan á íbúðarhúsið A sem er í eigu M. Húsasmíðameistari og byggingarstjóri við framkvæmdina var B. Á A er hallandi þak og á báðum hliðum þess eru tveir kvistar með hallandi þökum. Á öllum fjórum hliðum hússins eru þríhyrningslaga efri gluggar. Kveður M að um það leyti sem byggingarframkvæmdum lauk hafi komið í ljós verulegir ágallar á byggingunni, m.a. að halli á þríhyrningslaga gluggum væri ekki sá sami og á þaki þannig að efri brún glugganna væri ekki samsíða þakkanti. Telur M að B sem byggingarstjóri beri bótaábyrgð á þessum ágalla.

Aflaði M matsgerðar D, dómkvaddis matsmanns, vegna þessa og einnig vegna annarra þátta sem hann taldi B bera ábyrgð á. Í matsgerð D, sem er dagsett í nóvember 2020, er misræmi á halla þaks annars vegar og glugga hins vegar tekið til skoðunar. Í umfjöllun matsmannsins varðandi halla á gluggunum eru teikningar af hverri hlið hússins og þar færðar inn mælingar á „fjarlægð frá þakfleti niður að gluggum til að greina hvort efri lína glugga væri rétt og hvort hún væri samsíða þakfleti.“ Við teikningu af suðurhlið segir að enginn mismunur sé á vestasta glugga milli þaks og glugga en 3 cm munur er á glugganum þar við hliðina. Á austari kvisti sé munur 1 cm hvoru megin. Á norðurhlið sé við austari kvistinn munur á mælingu öðru megin 1 cm og enginn munur á hinum glugganum. Á vestari kvisti sé enginn munur á öðrum glugganum og 1 cm á hinum. Á glugga norðan við mæni á vesturgafli sé munur 3 cm og 2 cm og miðað við efsta punkt á glugga þeim neðsta sé 3 cm munur. Á gluggum sunnan við mæni sé óverulegur munur á hvorum þeirra eða 1 cm á neðri glugga. Hæðarmunur á stefnu glugga sé 2 cm. Á austurgafli sé óverulegur munur á mælingum á gluggum sunnan við mæni og miðað við hæð á efsta og neðsta punkti er hæðarmunur 1,5 cm. Meiri munur sé á stefnu (hæsti og lægsti punktur) eða 3 cm, en munur á hvorum glugga er 1-1,5 cm.

Einnig kemur fram í matsgerðinni að á aðaluppdráttum sé engin málsetning á hæðum á gluggum og því ekki gott að segja til um hvort málin séu í samræmi við samþykktu uppdrætti. Samkvæmt upplýsingum frá byggingarfulltrúa hafi séruppdráttur arkitekts, sem sýni glugga, ekki verið lagður inn til samþykktar. Á matsfundum hafi matsmaðurinn fengið þennan séruppdrátt, en engin dagsetning sé á uppdrættinum og einnig séu handskrifuð mál á teikningunni en óvíst sé hver merking þeirra sé. Jafnframt segir að misræmi sé á milli aðaluppdráttar og séruppdráttar yfir glugga þar sem annar endagluggi sé sýndur á aðaluppdrætti 1150 mm en á séruppdrætti sé hann 1050 mm. Á austurgafli sé annar endagluggi sýndur á séruppdrætti 1200 mm en á aðaluppdrætti sé hann sýndur 1300 mm að breidd. Mismunandi breiddir á gluggum hafi áhrif á halla glugga sérstaklega ef ekki er horft til hæðar á gluggunum og þá skáa sem hann myndar. Ef dregnar eru línur með þakfleti og með efri brún glugga á framangreindum uppdráttum af göflum hússins sé greinilegt að ekki sé sama stefna á þessum línur, þ.e. bil milli glugga og þaks eykst í áttina að langhliðum hússins. Hvort þetta hafi verið ætlun hönnuðar sé óvíst. Ef gaflgluggarnir eru teiknaðir upp sé efri lína þeirra ekki „heil“ og muni þar um 8 mm.

Enn fremur segir matsgerð D að í Rb riti, „Nákvæmnikröfur í byggingariðnaði nr. (F6) 001“ frá 2007 komi fram að við staðsetningu byggingarhluta, s.s. glugga og annarra opa, sé mesta frávik frá réttu máli 15 mm. Þar sem eingöngu breidd á gluggum komi fram á samþykktum gluggum sé erfitt að segja til um hvort gluggar séu rétt staðsettir með hliðsjón af uppdráttum. Ef gert er ráð fyrir að efri hluti glugga sé samsíða þakfleti þá sé því ekki þannig farið.

Þá segir svo í niðurstöðukafla um þennan lið í matsgerðinni:

„Það er mat matsmanns að það misræmi sem fram kemur í mælingum milli þakflata og glugga á suður- og norðurhlið hússins sé að mestu leyti óveruleg. Það er mat matsmanns að ein málsetning á vestari kvisti á suðurhlið sé umfram það sem mætti ætla að sé eðlilegt og yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í framangreindu riti Rb.“

Það er mat matsmanns að misræmi sem kemur fram í mælingum milli þakflata á austur- og suðurgafli sé nokkuð eða um 30 mm öðru megin á báðum göflum. Svo virðist sem að minni glugginn á vesturhlið norðan við mæninn sé ekki rétt smíðaður en framangreint bil mældist annars vegar 76 cm og hins vegar 79 cm. Það er mat matsmanns að önnur frávik séu undir framangreindum frávikum frá réttu máli. Það er mat matsmanns að ekki sé hægt að fullyrða að efri brún á gluggum eigi að vera í beinni línu en það er mat matsmanns að það væri óhefðbundið og ósennilegt að efri brún glugganna hafi ekki átt að vera samsíða þakfleti.“

M hefur krafist bóta vegna þessa misræmis úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslíð þessarar málsgreinar. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegru framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Þegar lagaákvæði þessi eru virt heildstætt ber byggingarstjóri meðábyrgð á faglegru framkvæmd tiltekins verkþátar sem unninn er á ábyrgð iðnmeistara, ef verulegir ágallar hafa komið í ljós á verkþættinum við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun og rekja má ágallana til stórfelldrar vanrækslu á verksviði viðkomandi iðnmeistara og ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóránnum við eftirlit hans.

Þeir ágallar sem reyndust vera á fyrrgreindum gluggum í A samkvæmt matsgerð D felast í því að efstu brúnir á þríhyrningslaga gluggum á hliðum og göflum A mynda ekki í öllum tilfellum samsíða línu við þakkant fyrir ofan gluggana. Af matsgerðinni verður ekki með skýrum hætti séð hvort misræmi þetta verði rakið til misræmis í málsetningu á aðaluppdráttum annars vegar og séruppdráttum hins vegar, mistaka við smíði glugganna eða mistaka við ísetningu þeirra. Þótt frávik séu í nokkrum tilvikum allt að 15 mm meiri en mesta frávik samkvæmt því sem fram kemur í riti Rb um nákvæmnikröfur í byggingariðnaði og greint er frá í umræddri matsgerð þykir ekki mega fullyrða samkvæmt gögnum málsins að þau verði talin til verulegra ágalla á framkvæmd þessa verkþátar né heldur að frávik í þessum mæli verði virt B sem húsasmíðameistara við byggingarframkvæmdina til stórfelldrar vanrækslu. Samkvæmt þessu verður ekki talið að skilyrði sé að lögum til að fella bótaábyrgð á B sem byggingarstjóra með framkvæmdunum vegna þessa misræmis. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 292/2021**M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar leigumiðlara.****Ágreiningur um bótaskyldu leigumiðlara vegna vanefnda leigutaka samkvæmt leigusamningi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 16.7.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M, sem búsett eru erlendis eiga nánar tilgreinda íbúð, A, í Reykjavík. Þau kveðast hafa verið í sambandi við B, leigumiðlara, og falið henni að sjá um að finna heppilega leigjendur að A. Hafi B fundið tvo mögulega leigjendur og hafi þau falið B að velja þann sem hún teldi heppilegri. Í kjölfarið hafi B ákveðið að gera leigusamning við einstaklinginn D sem leigutaka og hafi B verið falið að ganga frá öllum atriðum í sambandi við leigusamninginn. Skriflegur leigusamningur hafi verið gerður 25. ágúst 2020 og skyldi leigutíminn vera til eins árs. Samkvæmt leigusamningnum skyldi D sem leigutaki leggja fram tryggingu fyrir efnudum í formi ábyrgðar sem veitt er í gegnum tiltekinn aðila, E, sem í gegnum vefsíðu veitir ábyrgð vegna húsaleigu í samstarfi við viðskiptabanka. Skyldi ábyrgðin nema tvöfaldri mánaðarleigu. Um það hafi verið samið að M hefðu aðgang að geymslu sem tilheyrði A en var undanskilin leigunni. Í geymslunni hafi M geymt ýmis verðmæti, þ. á m. áfengi í læstum skáp.

Í nóvember 2020 munu M hafa komið til landsins og óskað eftir að komast í geymsluna sem ekki fylgdi hinu leigða. Þá hafi þau komist að því að búíð var að fjarlægja ýmsa muni úr geymslunni og brjóta upp læsta skápinn og stela öllum verðmætum úr honum. Að auki hafi D verið komin í vanskil að hluta með húsaleigu fyrir nóvembermánuð. Við skoðun á íbúðinni hafi komið í ljós að vatnstjón hafi orðið í henni og gólfefni skemmt auk nokkurra frekari skemmda. Með skriflegri áskorun 18. nóvember 2020 var skorað á D að gera full skil á leigunni og m.a. bæta það sem skemmt hafði að áskildum rétti til riftunar. Þar sem D sinnti kröfum M einungis að litlu leyti var leigusamningnum rift og féllst D á riftun en óskaði eftir fresti til 15. desember til að rýma eignina sem M féllust á. Þann dag hafði D ekki rýmt eignina og fór svo D var borin út í mars 2021 fyrir atbeina sýslumanns. Í framhaldinu hugðust M krefjast tryggingarfjárins sem kveðið var á um í leigusamningnum. Kom þá í ljós að D hafði ekki tekið umrædda tryggingu og var auk þess ógjaldfær, m.a. í ljósi árangurslausra fjárnáma 15. apríl og 8. ágúst 2020.

M telja sig hafa orðið fyrir tjóni þar sem B hafi brugðist skyldum sínum sem leigumiðlari. Telja þau að B hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í fyrsta lagi með því að mæla með leigjanda sem var ógjaldfær samkvæmt gögnum sem hægt var að afla hjá Credit Info, í öðru lagi að gæta þess ekki að lögð yrði fram trygging samkvæmt því sem kveðið var á um í leigusamningi áður en eignin var afhent og loks í þriðja lagi að hafa ekki strax í nóvember 2020 upplýst þau að útleigan hafi ekki farið fram í gegnum E og að engin trygging væri til staðar.

V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður V að samkvæmt óundirrituðum þjónustusamningi milli M og B komi skýrt fram að samningurinn sé gerður beint við B og að ekki fari á milli mála að það sé B sem persónulega veiti þá þjónustu sem kveðið er á um í samningnum. B hafi fundið tvo mögulega leigutaka en endanleg ákvörðun um það við hvern skyldi semja hafi verið í höndum M. Staðhæfingum um annað sé hafnað. Einnig hafi B ekki borið skylda til að kanna betur gjaldfærni D, t.d. með því að óska eftir upplýsingum úr vanskilaskrá; svo víðtæk rannsóknarskylda geti ekki hvílt á leigumiðlara sem einungis sé milligöngumaður í leiguviðskiptum. D hafi verið með fastar tekjur og meðmæli auk þess að hafa komið vel fyrir að mati B eftir að hafa rætt við hana. Þá hafi D fullyrt við B að hún hafi verið búin að ganga frá ábyrgðinni við undirritun leigusamningsins auk þess að á sama tíma hafi hún gengið frá greiðslu húsaleigu fyrir fyrsta mánuðinn. Hafi B ekki haft ástæðu til að rengja D varðandi ábyrgðina og því verið í góðri trú er hún afhenti D íbúðina.

Álit.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 76. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 ber leigumiðlari ábyrgð á að leigusamningur sé gerður í samræmi við löginn. Honum ber skylda til að upplýsa aðila um réttindi þau og skyldur sem þeir taka á sig með undirritun leigusamningsins, svo og um réttaráhrif hans almennt eftir því sem ástæða er til. Þá skal leigumiðlari ætíð vanda til gerðar leigusamnings og gæta þess að þar komi fram allar þær upplýsingar sem máli skipta.

V hefur lagt fram samning sem B kveðst hafa gert við M um leigubjónustu vegna A. Samningur þessi er ódagsettur og óundirritaður. Í upphafi þessa samnings, undir fyrirsögninni „Samningsefni“, kemur fram að M og B gera með sér samning um að B „veiti alla nauðsynlega ráðgjöf, þjónustu og aðra milligöngu vegna mögulegrar leigu á [A], þar með talið leit að heppilegum leigjanda, auglýsingar, verðmat, uppstilling leigusamnings og aðra umbeðna og/eða nauðsynlega ráðgjöf og þjónustu.“ Einnig kemur fram í samningnum að þóknun fyrir þjónustu samkvæmt samningnum sé árangurstengd og skuli vera tiltekið hlutfall af leiguverði og skuli greiddast fyrsta dag hvers mánaðar á meðan leigutíma stendur. Af fyrirbyggjandi samningi verður þó ekki ráðið á hvern hátt þóknunin skuli vera árangurstengd.

Sá er fær leyfi ráðherra til að reka leigumiðlun og kalla sig leigumiðlara skal m.a. hafa sannanlega góða þekkingu á húsaleigulöggjöf og annarri löggjöf er máli skiptir, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 36/1994. Ríkar faglegar kröfur má gera til þess sem kemur fram og býður þjónustu sem leigumiðlari og á honum hvílir ströng sakarábyrgð. Í fyrrgreindum þjónustusamningi milli M og B sem B kveður að gerður hafi verið á milli þeirra er tekið fram að meðal þeirrar þjónustu sem B veitir samkvæmt samningnum er leit að heppilegum leigjanda, auglýsingar, verðmat og uppstilling leigusamnings. Ekki er hér um tæmandi talningu að ræða á þeirri þjónustu sem B skal veita og ekki er að sjá að í samningnum sé nánar tilgreind önnur þjónusta sem M kunna að hafa beðið um né heldur tilgreining á þeirri nauðsynlegu ráðgjöf og þjónustu sem B skal veita á grundvelli samningsins. Engin gögn að öðru leyti liggja fyrir sem afmarka nánar þá þjónustu og ráðgjöf sem M hafa beðið um eða nauðsynlegt þótti að veita án þess að um hana væri beðið sérstaklega en félli engu að síður undir starfsskyldur B. Þegar litið er til þessa, svo og þess að M bjuggu erlendis og B áskildi sér árangurstengda þóknun á samningstímanum þykir mega ganga út frá að það hafi verið hluti af þeirri þjónustu sem B bar að veita M að ganga úr skugga um að D hefði fullnægt þeirri samningsskyldu sinni að ganga frá ábyrgðinni hjá E áður en hún fengi íbúðina afhenta. Það fórst fyrir hjá B og ber hún því ábyrgð á því tjóni sem M kunna að hafa orðið sem rekja má til þess að ábyrgðin var ekki fyrir hendi þegar á hana reyndi. Á hinn bóginn verður ekki talið að það verði virt B til sérstakar sakar að hafa ekki í aðdraganda þess að leigusamningur var gerður við D kannað greiðslugetu hennar með því fletta henni upp í vanskilaskrá hjá Credit Info. Af athugasemdum V í máli þessu verður ekki annað ráðið en V telji að starfsábyrgðartrygging sú sem B hafði í gildi hjá félaginu taki til tjóns sem hlýst af völdum þess að hún hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt þjónustusamningnum við M. Tjón sem M hafa orðið fyrir af völdum þess að D hafði ekki aflað ábyrgðarinnar hjá E fæst því bætt úr téðri ábyrgðartryggingu.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V sem rakið verður til þess að leigutaki hafði ekki sett tryggingu fyrir réttum efdum samkvæmt leigusamningnum.

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 293/2021**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot móttakið 04.08.2021 ásamt fylgiskjölum 1-15.

Bréf V1 dags. 17.08.2021 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V2 dags. 24.08.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 17. nóvember 2018 hafi M verið að ganga inn í verslun A. Á gönguleiðinni hafi verið malbikaður kerrurampur sem hafi verið illa farinn og brotið uppúr honum. Þegar M hafi ætlað að stíga upp á gangstéttina hafi hún fest fótinn í rampinum vegna ójafna á honum og fallið fram fyrir sig og slasast. Hafi V1, með bréfi dags. 8. nóvember 2019, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A, og V2 hafi, með bréfi dags. 25. mars 2021, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B, sem sé eigandi fasteignarinnar. M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur ljóst að slysið megi rekja til vanrækslu rampsins, sem annað hvort A, B eða bæði A og B beri ábyrgð á. Sé fráleitt að M beri tjónið á grundvelli þess að hver bendi á annan. Rampurinn hafi verið staðsettur á eðlilegri gönguleið þeirra sem erindi ættu í verslun A, ekki hafi verið varað við honum á nokkurn hátt, og verði að mega treysta því að frágangur, aðgengi og umhverfi við verslun sem opin sé almenningi sé þannig að ekki skapist hætta af. Þá verði að leggja ríka ábyrgð á eigendur og umráðamenn verslunar- og þjónustuhúsnaðis hvað þetta varðar og vísar M til dómaframkvæmdar því til stuðnings. Frágangur og aðgengi að verslun A hafi valdið slyshættu og auðvelt hefði verið fyrir eiganda eða umráðamann að gripa til aðgerða til að varna slysum, t.a.m. með því að girða rampinn af. Hafi þeir því vanrækt athafnaskyldur sem á þeim hvíldu til að gripa til slíkra ráðstafana.

Í bréfi V1, váttryggjanda A, kemur fram að enginn starfsmaður A hafi orðið vitni að atvikinu og hafi A ekki fengið upplýsingar um það fyrr en í september 2019. Hafi A því ekki haft vitneskju um ástand rampsins. Um leið og A hefði verið tilkynnt um atvikið hafi hins vegar verið farið fram á úrbætur. Fleiri verslanir séu staðsettar í húsnæðinu sem sé í eigu B og því fleiri en viðskiptavinir A sem eigi leið um bílplan og gangstétt við húsnæðið. Samkvæmt leigusamningi A og B sé það þá á ábyrgð B að annast um viðhald utanhúss. Með vísan til þessa sé því ekki synt fram á að slysið megi rekja til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á og er bótakröfu úr ábyrgðartryggingu þess því hafnað.

Í bréfi V2, váttryggjanda B, kemur fram að V2 hafi verið tilkynnt um umrætt atvik hinn 28. ágúst 2020. Þá hafi B ekki haft vitneskju um ástand rampsins, enda hafi A og fyrirsvarsmönnum annarra verslana í húseigninni láðst að tilkynna B um það. Það standi leigutökum nær að tilkynna um atriði sem þarfnist úrbóta og ekki verði lagðar þær skyldur á leigusala að hann leggist í úrbætur af sjálfsdáðum sé hann grandlaus um að þeirra sé þörf. Eftir að tilkynning um atvikið barst B hafi fulltrúi þess farið á vettvang en þá hafi leigutaki verið búinn að framkvæma úrbætur. Sé því ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar og ólögðætrar háttsemi B, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann beri ábyrgð á. Þess utan hafi ástand rampsins verið augljóst vegfarendum og óhapp M hafi átt sér stað um hádegi við góð birtuskilyrði. Verði slysið M því rakið til aðgæsluleysis hennar sjálfrar. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Fyrir nefndinni liggja ljósmyndir af umræddum rampi, sem er staðsettur við gangstéttarkant og er væntanlega ætlaður til að auðvelda viðskiptavinum og starfsmönnum A, og mögulega fleiri verslana í fasteign B, að ganga frá innkaupakerrum eftir notkun þeirra. Sjá má af ljósmyndum þessum að nokkrar sprungur eru í rampinum, auk þess sem virðist hafa brotnað upp úr brúnum hans. Taka verður undir með M hvað varðar þá ríku ábyrgð sem hvílir á ábyrgðarmönnum húsnæðis þar sem almenningur venur komu sína að gæta þess að umhverfi og aðbúnaður skapi ekki hættu fyrir þá sem þangað sækja. Svo bótaskylda úr ábyrgðartryggingu sé til staðar þarf þó eftir sem áður að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu váttryggðs eða aðila sem hann ber

Ábyrgð á og sönnunarbyrðin hvað það varðar hvílir á M. Engin vitni virðast hafa orðið að umræddu atviki, sem mun hafa átt sér stað um klukkan 11:30 að morgni hins 17. nóvember 2018. Verður, af fyrirbyggjandi ljósmyndum, ekki ráðið að slyshætta af umferð um rampinn hafi verið augljós eða að slys á borð við það sem M varð fyrir hafi á nokkurn hátt verið fyrirsjáanlegt og verður að telja það óheppni að slysið varð og afleiðingar þess svo viðamiklar sem raun ber vitni. Er því ekki sýnt fram á að ástand rampsins sem slíkt verði metið A sem umráðamanni fasteignarinnar eða B sem eiganda hennar til sakar. Verður því ekki séð annað en að líkamstjón M hafi komið til vegna óhapps og/eða aðgæsluleysis hennar sjálfar.

Að fenginni þeirri niðurstöðu er þá ekki tilefni til að taka afstöðu til annarra þátta ágreinings aðila, þ.m.t. þess hvort það standi í þessu tilviki eiganda eða leigutaka fasteignar nær að sinna viðhaldi á kerrurampi.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 né úr ábyrgðartryggingu B hjá V2 vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir hinn 17. nóvember 2018.

Reykjavík 2. nóvember 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 294/2021**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna afleiðingar slyss á vinnustað 12. október 2020.****Gögn.**

Málskot dags. 05.08.21 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 25.08.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að nota vökvaklippu þegar rörbútur sem hann var að klippa til rann með þeim afleiðingum að vísifingur hægri handar klemmdist á plani klippunnar. Stykkið hafi snúist í höndum M þannig að hann missti framan af vinstri vísifingri fremstu kjúku rétt innan við nögl. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki hafi verið um saknæma háttsemi váttryggingartaka að ræða.

Í málskotinu er byggt á því að M hafi hvorki fengið nægilegar upplýsingar um slyshættu í tengslum við umræddan verkþátt né fengið fullnægjandi kennslu og þjálfun. Vísað er meðal annars til 14. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem fram kemur að atvinnurekandi skuli sjá um að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun við að framkvæma störf sín á þann hátt að ekki stafi hættu af. Sem og að starfsmenn skuli fá þjálfun í viðbrögðum við hættu sem notkun tækis kunni að hafa í för með sér. A hafi látið ungan, óþjálfaðan og reynslulítinn starfsmann nota vélina og ljóst sé að M hafi ekki oft unnið við vélina en þó gert það áður samkvæmt skipun yfirmanns. M hafði unnið hjá A í 5 mánuði á slysdegi og var nýorðinn 18 ára. Hann hafi í raun fyrst mátt nota vélina þá en þrátt fyrir það hafi A látið hann vinna við vélina fyrir þann tíma. Verði að telja það A til sakar að hafa ekki þjálfað M áður en honum var skipað að vinna á vélina enda hann ungur og unnið í stuttan tíma hjá A. Verði að líta til þess varðandi saknæmið.

M telur að aðstæður á vinnustað hafi verið varasamar þar sem um sé að ræða hættulegt tæki án þess að hlíf eða viðeigandi búnaður hafi hindrað að unnt væri að komast á hættusvæði vélarinnar. Vísað er meðal annars til 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja, um að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota innan fyrirtækisins hæfi verkinu sem inna skuli af hendi eða hæfilega lagað að verkinu þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hættu búin. Þá telur M að það geti ekki verið metið honum til sakar að hafa ekki getað brugðist við aðstæðum enda hafi hann enga þjálfun hlotið um hvernig eigi að bregðast við hættum sem tækið gat haft í för með sér en váttryggingartaka sé skylt að þjálfva starfsmenn sína til að bregðast við í slíkum aðstæðum, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja. Það sé því ljóst að A hafi ekki uppfyllt þær skyldur sem á honum hvíla um að tryggja að vinnu sé hagað og hún framkvæmd þannig að gætt sé fyllst öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað. Þá beri A ábyrgð á því að skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði ásamt áhættumati við verkþáttinn liggi fyrir á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar. M tekur sérstaklega fram að hann hafi fengið það verkefni að klippa úr kössum sem var komið með til hans en það hafi ekki verið kassi með skritnum hlutum sem framkvæmdastjórinn átti einn að sjá um.

Í bréfi V kemur fram að af framlögðum ljósmyndum Vinnueftirlitsins megi sjá myndir af klippunum og greinilegt sé að hlíf hafi verið á tækinu. Þá segir að athugasemdir M um ungan aldur virðist benda til þess að hann hafi haft reynslu af tækinu. Hann hafi unnið hjá A í 5 mánuði þegar slysið varð og hafði þá margsinnis unnið á tækinu og fengið viðeigandi þjálfun og leiðsögn samkvæmt A sem tilgreinir að framkvæmdastjórinn hafi annast þá þjálfun og að auki hafi M verið sagt til þegar við átti. Þá kemur fram að tækið vinni ekki hratt og sé fótknúíð og það sé því ávallt M sem hafi stjórnað því hvenær vélin myndi klippa. M hafi einfaldlega virst hafa verið með fingurinn of nálægt þegar slysið varð. Enn fremur kemur fram að M hafi átt að klippa hefðbundna hluti en teknir hafi verið frá hlutir sem voru taldir sérstakir og suma af þeim hafi framkvæmdastjórinn ætlað að klippa sjálfur.

Álit:

Það liggur fyrir að M var að vinna að vinna tímabundið hjá A og hafði unnið þar um nokkurra mánaða skeið þegar slysið varð. Slysið varð við notkun á klippuvél þar M hafði klippt niður rörbúta. Aðilum ber saman um það að M var að klippa hlut sem var óvenjulegur í laginu en ekki hafi verið ætlunin að hann myndi klippa óhefðbundna hluti sem voru „skrýtnir“ í laginu.

Það liggur í hlutarins eðli að klippivél er hættuleg og þar því að gæta sérstakrar varúðar þegar vélin var notuð. Í 13. og 14. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, kemur fram að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað. Að auki skuli atvinnurekandi gera starfsmönnum sínum ljósa slysahefðu sem kunnir að vera bundin við störf þeirra og sjá um að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt að ekki stafi af. Að sögn A hafði M fengið viðeigandi þjálfun og leiðsögn en M ber því við að hann hafi verið ungur, reynslulaus og ljóst sé að hann hafi ekki unnið oft á vélinni.

Í 4. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglunga nr. 426/1999 kemur fram að við störf ungmenna undir 18 ára aldri skuli við val og skipulagningu vinnu leggja áherslu á að öryggi og að andlegu og líkamlegu heilbrigði þeirra sé ekki hættu búin. Í 5. gr. segir að atvinnurekandi skuli sjá um að gripið sé til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði 4. gr. á grundvelli mats á þeirri áhættu sem starf getur skapað ungmönnum. Samkvæmt 8. gr. má ekki ráða ungmenni til tiltekinna starfa eins og að vinna með tæki sem geta haft hættu í för með sér og eru talin upp í viðauka með reglugerðinni. Einnig eru talin upp vélar sem 16 og 17 ára unglingar mega vinna með. Sú klippivél sem hér um ræðir er ekki getið á listunum en ljóst er að vélin er ekki með öllu hættulaus og var það atvinnurekanda að gæta að því að líkamlegt heilbrigði M væri ekki í hættu vegna vinnu hans á vélinni, sérstaklega þar sem hann var ungur að árum. Ekki skiptir máli í þessu samhengi að hann hafi áður unnið á vélinni enda hafði hann einungis unnið í skamman tíma hjá A og megnið af tímanum undir 18 ára aldri. Þá er ágreiningur á milli aðila hversu oft hann hafði verið á klippivélinni. Vegna ungs aldurs M hefði átt að gæta sérstaklega að leiðbeiningum og áhættumat vegna vinnu hans á vélinni. Það kemur fram í gögnum málsins að Vinnueftirlitið hafi gert athugasemd við það að A hafi ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði og að það var ekki til áhættumat fyrir vélina þegar slysið varð. Eins og málið liggur fyrir er það A að sýna fram á að skortur á að slíkt áhættumat hefði ekki leitt til slyssins en það hefur ekki tekist og ber A því bótaábyrgð á slysi M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 5. október 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 295/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Finnsstaðavegi hinn 21. júlí 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 07.08.2021 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Bréf V1, dags. 26.08.2021.

Bréf V2, dags. 06.09.2021 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Hinn 21. júlí 2021 varð árekstur milli A, sem er í eigu M, en sonur hennar ók bifreiðinni umrætt sinn, og B, á Finnsstaðavegi í Múlaþingi. Lögregla var kölluð til vegna atviksins og er skýrsla hennar, dags. 26. júlí 2021, meðal málgagna. Í lögregluskýrslu er haft eftir A að hann hafi ekið á um 50-60 kílómetra hraða á klukkustund og séð ryk frá B sem bendi til þess að henni hafi verið ekið nokkuð greitt. A hafi ekið á miðjum veginum enda vegkantar ótryggir. Skyndilega hefði B birst í beygjuni, A hefði hemlað og bifreiðin verið nánast kyrrstæð er áreksturinn varð. Haft er eftir B að hann hafi ekið á eðlilegum hraða miðað við aðstæður en skyndilega séð A í beygjuni, en A hafi verið á miðjum veginum. B hafi hins vegar ekið eins nálægt hægri vegkanti og unnt var. Hafi hann því ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Þá kemur fram í lögregluskýrslu að vegurinn hafi mælst um fimm metra breiður, að þar sem árekstur varð liggja vegurinn yfir hæð og í beygju en gróður skyggi á útsýni um beygjuna.

Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við mætingu bifreiðanna. M fellir sig ekki við þau málalok, og telur A hafa verið í fullum rétti, en hún var farþegi í bifreiðinni umrætt sinn. Telur hún að aksturslag B hafi ekki verið í samræmi við aðstæður á veginum. Um mjóan malarveg sé að ræða, heimreið sem sé aðeins fjórir metrar að breidd. A hafi verið kominn upp brekku á veginum og að beygju, en skyndilega hafi B komið á mikilli ferð inn í beygjuna. A hafi beygt út í kant og verið nánast kyrrstæð er B kom í hliðina á A, en ekki á vinstra framhorn eins og haft sé eftir B í lögregluskýrslu.

Í bréfi V1 til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að B beri alla sök á árekstri bifreiðanna. Umræddur vegur sem liggja til vesturs frá Borgarfjarðarvegi skiptist í nyrðri og syðri afleggjara og verði því að telja að um vegamót í skilningi 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sé að ræða. Hvíli skylda á ökumanni að sýna sérstaka aðgát við vegamót og beri honum sérstaklega að gæta að umferð frá hægri, sbr. 1. mgr. 19. gr. og 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Bendi atvik til þess að B hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði. Þá megi ráða af atvikum að B hafi verið ekið á talsverðum hraða.

Í bréfi V2 til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að A beri alla sök á árekstri bifreiðanna. Þannig liggja fyrir að A hafi verið ekið á um 50-60 kílómetra hraða á klukkustund eftir miðjum veginum að blindhæð/blindbeygju í aðdraganda árekstursins. Hafi ökumaður hennar þannig brotið gegn 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga með því að aka ekki eins langt til hægri og unnt var og með því að gæta ekki að hliðarbili milli bifreiðanna. Þá hafi ökuhraði bifreiðarinnar verið of mikill miðað við aðstæður, sbr. 1. og 2. mgr. 36. gr. sömu laga. B hafi hins vegar ekið við hægri brún vegar og ekkert í gögnum málsins styðji við fullyrðingar um að bifreiðinni hafi verið ekið á of miklum hraða.

Álit:

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu kemur fram að áreksturinn hafi orðið á malarvegi, þar sem vegurinn liggur yfir hæð með beygju og að í innanverðri beygjuni sé hár gróður sem skyggi verulega á sýn ökumanna til beggja átta. Við slíkar aðstæður ber ökumönnum sérstök skylda til að haga aksturshraða til samræmis við aðstæður, skv. 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Samkvæmt framburði ökumanns A ók hann þá á miðjum veginum en samkvæmt 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga skal ökumaður vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti. Í málskoti kemur þó fram að A hafi sveigt til hægri í aðdraganda áreksturs. Ekki liggur fyrir hver ökuhraði B var í aðdraganda áreksturs en í lögregluskýrslu er haft eftir honum

að ökuhraðinn hafi verið eðlilegur miðað við aðstæður. Fyrir liggur þó að B tókst ekki að stöðva bifreiðina, heldur rakst hún utan í vinstri hlið A, en ökumaður hennar segir A hafa verið nánast kyrrstæða við áreksturinn. Í lögregluskýrslu er haft eftir báðum ökumönnum að hin bifreiðin hafi skyndilega birst, og jafnframt kemur fram að ekki hafi verið hægt að greina teljandi hemlaför eftir bifreiðarnar. Verður samkvæmt framansögðu að telja að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér í aðdraganda árekstrar við þær aðstæður sem voru á vettvangi og þannig hafi hvorugur þeirra haft ráðrúm til að bregðast við yfirvofandi árekstri. Er þá ekki tilefni, miðað við fyrirbyggjandi gögn, til að leggja sök á árekstrinum á annan ökumanna umfram hinn. Verður sök því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 296/2021**M og
V v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er nemandi á heimavist féll út um glugga og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.8.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 30.9.2021.
Bréf V, dags. 29.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er váttryggður samkvæmt frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V. Hinn 6. september 2019 barst V með rafrænum hætti tilkynning um að M, 18 ára gamall, hefði 30. ágúst sama ár slasast á heimavist A. Hefði 12. hryggjarliður brotnað og lægi M á Landspítalanum í Fossvogi. Um lýsingu á tjónsatvikinu var vísað til lögregluskýrslu og tekið var fram að lögregluskýrslan yrði send V. Þá kom fram að engin vitni hafi verið að slysinu. Að fengnu samþykki M til að afla gagna vegna slyssins óskaði félagið eftir afriti af sjúkragögnum vegna slyssins hjá Landspítalanum. Umbeðin gögn. þ. á m. afrit sjúkraskrár, bárust V 1. október sama ár.

Við komu M á spítalann er skráð að M hafi komið á bráðamóttöku eftir 10 m fall. Hann hafi verið ölvaður og hoppað af þriðju hæð, ekki í sjálfsvígstilgangi að því er virðist heldur hafi hann ætlað að komast úr vistinni. Þá segir að hann hafi ekki munað eftir öllu. Þess er einnig getið í innlagnarskrá við komu á spítalann að M hafi sjálfur ekki gefið svo góða sögu og átt erfitt með að fylgja fyrirmælum vegna ölvunar. Við rannsókn á blóði M hafi áfengismagn í blóði hans mælst 40,0 mmól/L. Hinn 12. september sama ár er skráð í innlagnarskrá spítalans varðandi sjúkrasögu M að hann hafi komið á bráðamóttökuna 30. fyrra mánaðar eftir að hafa dottið eða stokkið ofan af 3. hæð á heimavist A.

Hinn 23. október 2019 óskaði V eftir skýrslu um slysið hjá lögreglu. Beiðnin var ítrekuð 12. október 2020 og barst skýrslan til V 14. janúar 2021. Í skýrslunni kemur fram að kl. 1:58 aðfaranótt 30. ágúst 2019 var lögregla kvödd að A þar sem M hefði falli út um glugga á þriðju skólans. Þegar rætt var við M á vettvangi kvaðst hann hafa dottið út um gluggann á herbergi sínu á 3. hæð og fallið niður. Hafi M verið sjáanlega ölvaður. Rætt var við féлага M, sem hafi sjáanlega verið undir áhrifum áafengis. Viðkomandi kvað M hafa verið að klifra út um gluggann á herbergi sínu á þriðju hæð og hafi hann fallið niður. Hafi M farið út um gluggann og snúið með bakið frá herberginu og fætur hans hafi farið á undan niður. Rætt var við annað vitnið á vettvangi sem lýsti atvikum á sama veg og fyrrgreint vitni.

Með bréfi til M, dags. 8. febrúar 2021, tilkynnti V að eftir skoðun gagna málsins væri það afstaða félagsins að líkamstjón hans væri ekki bótaskyld úr frítímaslysáttryggingunni þar sem hann hafi valdið því af stórkostlegu gáleysi.

M vill ekki una afstöðu V til bótaskyldu og telur að ekki séu skilyrði til að fella niður bótarétt hans. Annars vegar kveður M að V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig stórkostlegt gáleysi í því skyni að skerða eða fella niður ábyrgð sína, sbr. 1. og 2. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. V hafi fengið öll gögn frá Landspítalanum 1. október 2019 og samkvæmt því sem þar kom fram hefði V fengið fullnægjandi upplýsingar um atvik máls sem mögulega hefði getað leyst félagið undan ábyrgð. Á því tímamarki hafi V haft allar forsendur til að tilkynna M um að það myndi bera fyrir sig stórkostlegt gáleysi. Það hafi hins vegar ekki verið gert fyrr en 8. febrúar 2021 eða 16 mánuðum síðar. Einnig hafi V kallað eftir lögregluskýrslu 23. október 2019 en ekki ítrekað þá beiðni fyrir en 12. október 2020 eða tæpu ári eftir að beiðnin var fyrst send. Verði að meta það V til vanrækslu að hafa látið undir höfuð leggjast að ganga ekki fyrr eftir skýrslunni sérstaklega í ljósi þeirra upplýsinga um atvik sem það hafði þegar í höndum. Tilkynning V um brottfall bóta hafi því ekki verið send án ástæðulauss dráttar eins og áskilið er lögum samkvæmt. Í annan stað er af hálfu M á því byggt að skilyrði 90. gr. laga nr. 30/2004 til skerðingar séu ekki uppfyllt. Óheimilt sé að fella niður bætur, í heild eða að hluta, nema að undangengnu heildstæðu mati á þeim atriðum sem nefnd eru í lagagreininni. Þannig verði að líta til allra þessara atriða, þ. á m. atvika að öðru leyti. M sé ungur að árum og slysið hafi haft alvarlegar og varanlegar afleiðingar fyrir hann sem hafi veruleg áhrif á lífsgæði hans og starfsgetu til frambúðar. Sanngirnirök mæli því með að hann haldi fullum rétti til bóta.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga má váttryggingafélag, þegar um er að ræða slysáttryggingu eins og hér um ræðir, lækka eða fella niður ábyrgð sína, ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á því hvort beita megi þessari heimild skal litið til sakar váttryggðs, hvernig

vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Samkvæmt lögregluskýrslu kvaðst M hafa dottið út um gluggann á herbergi sínu í heimavist A. Mun fallið hafa verið um níu metrar. Tvö vitni bera að M hafi klifrað út um gluggann á herberginu og farið með fætur á undan. Hann féll svo til jarðar um níu metra. Ekki er fyllilega ljóst hvað vakti fyrir M með þessari athöfn. Í sjúkraskrá er skráð að svo hafi virst sem hann hafi ætlað að „komast úr vistinni“. Einnig liggur fyrir að hann var undir verulegum áfengisáhrifum en áfengismagn í blóði hans mældist 40,0 mmól/L síðar sömu nótt og slysið varð. M var 18 ára gamall þegar slysið varð. M mátti vera það fyllilega ljóst að með því að klifra út um gluggann með fætur á undan var ekkert annað sem blasti við en fall til jarðar sem óhjákvæmilega myndi valda miklum meiðslum eins og raunin varð ef ekki alvarlegri afleiðingum. Hver sem ætlun hans hafi nákvæmlega verið verður ekki fram hjá því litið að í háttsemi hans fólst hrein fífldirfska og verður ekki hjá því komist að virða þessa háttsemi hans til stórkostlegs gáleysis.

Í 1. mgr. 94 gr. laganna um vátryggingarsamninga skal vátryggingafélag tilkynna skriflega um afstöðu sína ef það hyggst bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að öllu leyti eða að hluta, m.a. sökum þess að sá sem rétt á til vátryggingarbóta hefur valdið vátryggingaratburði af stórkostlegu gáleysi, sbr. 90. gr. laganna. Skal tilkynningin send án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum samkvæmt lagaákvæðinu. Vanræki félagið að senda slíka tilkynningu glatar það rétti til þess að bera fyrir sig atvikin, sbr. 2. mgr. 94. gr.

Samkvæmt því sem fram kom í sjúkraskýrslum M og bárust V 1. október 2019 mátti vera ljóst að M hafði verið verulega ölvaður þegar slysið bar að höndum. Ekki er ljóst að það sem fram kom í sjúkraskýrslunum varðandi tildrög slyssins hafi verið samkvæmt eigin frásögn M. Fram kom að hann hafi ekki munað eftir öllu og gaf „sjálfur ekki svo góða sögu“. Verður því ekki útilokað að sú frásögn í skýrslunum um það hvernig slysið gerðist hafi verið frá öðrum komin en stefnanda. Var því ógerlegt fyrir V að ákveða á grundvelli þeirrar frásagnar að skerða bætur til M að einhverju leyti eða öllu. Það var því í reynd ekki fyrr en félagið fékk lögregluskýrslu í hendur 14. janúar 2021 sem það vissi um þau atvik sem veitti því heimild samkvæmt 1. mgr. 94. gr. til að beita rétti sínum að skerða bætur. Gefa varð félaginu nokkurn tíma til að meta hvaða áhrif þær upplýsingar sem fram komu í lögregluskýrslunni um málsatvik ættu að hafa á rétt M til bóta úr vátryggingunni. Hinn 8. febrúar 2021, eða 25 dögum eftir að lögregluskýrslan barst, sendi V tilkynningu til M um að hann ætti ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni. Að öllu athuguðu verður að telja að það hafi verið án ástæðulauss dráttar sem félagið sendi tilkynninguna, eins og áskilið er samkvæmt nefndu lagaákvæði. Verður samkvæmt þessu að telja að V hafi ekki glatað rétti sínum til að skerða bætur með vísan til þess að M hafi valdið vátryggingaratburðinum af stórkostlegu gáleysi.

Eins og rakið hefur verið var M undir verulegum áfengisáhrifum og hann mátti gera sér ljósa grein fyrir þeim mikla háska sem hann kom sér í með því að klifra út um gluggann á herbergi sínu á 3. hæð heimavistarinnar. Þegar litið er til þess hve háskaleg háttsemi M var, er ekki tilefni til annars en fella niður rétt að hans til bóta að öllu leyti. Hann á því ekki rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr frítímaslysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 297/2021**M og
V vegna málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um tímafrest til að tilkynna um kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot mótttekið 09.08.2021 ásamt fylgiskjölum 1-7.
Bréf V dags. 20.08.2021 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, með dómi héraðsdóms Reykjaness hinn 21. apríl 2021, verið dæmd til greiðslu málskostnaðar í meiðyrðamáli sem X höfðaði á hendur henni. Stefna í málinu barst M hinn 16. nóvember 2020, og sendi hún tjonstilkynningu til V daginn eftir. Hinn 30. nóvember 2020 hafnaði V bótaskyldu á grundvelli þess að M hafi hafnað kröfu um að ljúka málinu utan réttar hinn 14. mars 2019. Tilkynning til V, hinn 17. nóvember 2020, hefði því ekki borist innan tilskilins ársfrests, sbr. ákvæði 6.3. í sameiginlegum skilmálum V og 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur að V byggi upphaf tilkynningarfrests við rangt tímamark en hlutverk váttryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Ekkert slíkt mál hefði verið höfðað þegar kröfubréf barst M dags. 28. febrúar 2019. Í því bréfi hafi falist krafa um leiðréttingu tveggja ummæla og miskabætur. M hafi hafnað þeirri kröfu með bréfi dags. 14. mars 2019. Bótaskylda úr váttryggingunni stofnist þá því aðeins ljúki ágreiningi með dómi eða réttarsátt. Ágreiningur sem reifaður sé í kröfubréfi falli ekki þar undir. Engin samskipti hafi verið milli M og X frá 14. mars 2019 og þar til stefna var birt og hafi M því ekki haft ástæðu til að ætla að yrði af málsókn á hendur henni. Það hafi ekki verið fyrr en í nóvember 2020 sem ljóst varð að M yrði fyrir tjóni sem félli undir váttryggingu hennar hjá V. Því beri að miða upphaf tilkynningarfrests við það tímamark, þ.e. þegar M fékk upplýsingar um þau atvik sem séu tilefni kröfu hennar. Þess utan sé ágreiningur sá sem reifaður var í umræddu kröfubréfi og sá sem kom til kasta dómstóla ekki hinn sami. Fyrir dómi hafi þannig verið krafist ómerkingar fjögurra ummæla M og þess að hún greiddi kostnað vegna birtingar dómsins á opinberum vettvangi. Því sé um að ræða aðrar og viðameiri kröfur en settar voru fram í kröfubréfinu. Þá hafi X aðeins krafist dráttarvaxta að liðnum mánuði frá birtingardegi stefnu. Krafa M í váttrygginguna hafi verið vegna yfirvofandi kostnaðar við að verjast þeim kröfum sem settar voru fram í stefnu málsins, en ekki þeim kröfum sem reifaðar hafi verið í áður nefndu kröfubréfi X. Beri því að fallast á bótaskyldu.

Í bréfi V er tekið fram að upphaf tilkynningarfrests þegar um málskostnaðartryggingu sé að ræða geti verið mismunandi og þurfi að meta í hverju tilviki hvenær váttryggðum hafi mátt vera ljóst að upp sé kominn réttarlegur ágreiningur, en ekki sé alltaf miðað við tímamark málshöfðunar. V telur að í þessu tilviki hafi M mátt vera það ljóst í síðasta lagi hinn 14. mars 2020, þegar kröfubréfi X var hafnað, að upp væri kominn réttarlegur ágreiningur. Hafi henni því borið að tilkynna V um tjón sitt innan árs frá þeim degi. Þá er því hafnað að ekki sé um sama ágreining að ræða, þó fleiri ummælum hafi verið bætt við í stefnu, enda séu öll þau ummæli M sem ágreiningur aðila tekur til liður í samhangandi umræðu á netmiðlum. Í kröfubréfi X frá 28. febrúar 2019 sé þá sérstaklega áskilinn réttur til hækkunar miskabótakröfu færi málið fyrir dómstóla. Í stefnu sé vísað til þessa bréfs og þess að M hafi verið boðið að ljúka málinu með sátt. Með hliðsjón af öllu þessu hafi tilkynningarrestur veið liðinn og er kröfu M því hafnað.

Álit.

Í gr. 6.3 í sameiginlegum skilmálum V segir að váttryggður, eða hver sá sem eigi rétti til bóta vegna skaðatryggingar glati honum ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því hann vissi um þau atvik sem hún er reist á. Sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga. Gildissvið málskostnaðartryggingar V nær til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar dómstóla hér á landi. Tjónsatvik er því þegar ágreiningur kemur upp í þeim málum og tímamark upphafs tilkynningarfrests fer svo eftir mati á aðstæðum og atvikum hverju sinni en miða verður tjónsatvik við það tímamark þegar váttryggðum má vera ljóst að ágreiningur sé kominn upp og verður ekki sjálfkrafa horft til dagsetningar málshöfðunar í því samhengi.

Fyrirliggjandi er bréf lögmanns X til M, dags. 28. febrúar 2019, en yfirskrift þess er „Krafa um leiðréttingu og greiðslu miskabóta.“ Í því bréfi eru rakin nánar tilgreind ummæli M um X og M gefinn kostur á því að draga þau til baka, opinberlega. Jafnframt er farið fram á greiðslu miskabóta á grundvelli þess að um ærumeiðingar og aðdróttanir hafi verið að ræða af hálfu M. Þá er M veittur frestur til 15. mars 2019 til svara en að öðrum kosti verði höfðað dómsmál. Telja verður, jafnvel þó fleiri ummæli séu tilgreind í stefnu og miskabótakrafa hækkuð að krónutölu, að kröfur M sé að rekja til sama ágreinings og kom til kasta dómstóla. Kröfu X var alfarið hafnað af hálfu M með bréfi dags. 14. mars 2019. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að hinn 14. mars 2019 hafi M mátt vera ljóst að ágreiningi hennar og X væri ekki lokið, og að fyrirséð væri að X mundi sækja kröfur sínar fyrir dómi. Verður því að líta svo á að M hafi verið kunnugt um atvik að baki kröfu sinni gagnvart V á því tímamarki og því hafi tjónstilkynning hennar til V, dags. 17. nóvember 2020, verið of seint fram komin.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 298/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar fjölskylduþryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á gröfu.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 9.8.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 13.8.2021, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur M, dags. 20.8.2021

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 28. júlí 2021 hafi 9 ára sonur M, í félagi við annan stráak, kastað grjóti í gamla gröfu og brotið í henni allar rúður. M krafðist viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingar sem M var með hjá V. V hafnaði bótaskyldu þar sem tjóninu hafi verið valdið af ásetningi.

M fellir sig ekki við þau málalok þar sem fram komi í 10. gr. skilmála tryggingarinnar að vátryggingin bæti, án tillits til skaðabótaskyldu að lögum, tjón sem barn vátryggingartaka, yngra en 10 ára, veldur. M telur skilmála skýra hvað þetta varðar og án fyrirvara. Þá telur M að 9 ára börn hafi ekki náð því þroskastigi sem þarf til að taka upplýsta ákvörðun um að vinna skemmdarverk af ásetningi.

Í bréfi V kemur fram að engar lögfestar reglur séu til um það hvort eða við hvaða aldur börn verði talin geta framið skemmdarverk eða annan ásetningsverksað. Við mat á því hvort háttsemi barna teljist til ásetningsverksaðar verður því að miða við það hvort barnið sem um ræðir verði talið hafa nægilegan þroska til að skilja afleiðingar gjörða sinna. Einkum hvort það mátti vita að sú háttsemi sem það viðhafði myndi leiða til tjóns. Lítið sé til að dómafordæmum hér á landi hvað þetta varðar en danskir dómstólar hafi dæmt börn allt niður í 4 ára til að bera tjón sem þau ollu. Því verður að meta það sem svo að 9 ára geti gert sér grein fyrir að sú háttsemi að brjóta rúður í vinnuvélum með grjótkasti sé ólögæt og muni leiða til tjóns. Því telur V ljóst að sonur M hafi valdið tjóninu af ásetningi og skýrt komi fram í 21. gr. almennra skilmála félagsins að félagið beri ekki ábyrgð ef tjóni er valdið af ásetningi. Þá telur V að framangreind 10. gr. skilmálanna hafi þann tilgang að ná til tjóna af völdum barna hvort heldur sem tjónið verður rakið til gáleysis eða óhappatilviks. Það sé með öðrum orðum ekki gerð krafa um að skilyrði sakarreglunnar um að tjónvaldur hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sé uppfyllt þegar börn undir 10 ára aldri valdi tjóni. Ákvæðið fjalli hins vegar ekki um ásetningsverksað eða skemmdarverk og slík tjón séu eftir sem áður undanskilin bótaskyldu, skv. framangreindri 21. gr. almennra skilmála félagsins.

Álit:

Taka verður undir með V að tilgangur og orðalag 10. gr. skilmála Fjölskylduverndar 2 sé að ná einnig til tilfella þar sem saknæmisskilyrðið er ekki uppfyllt en að því sé ekki ætlað að gera skemmdarverk bótaskyldum atburði. Gildissvið 21. gr. almennra skilmála er skilyrðislaust, en í greininni kemur fram að félagið beri ekki ábyrgð á tjóni er valdið af ásetningi og verður að túlka ákvæðið þannig að það nái til allra atvika, óháð því hvort skaðabótaábyrgð kæmi til vegna saknæmrar háttsemi eða hvort 10. gr. vátryggingarskilmála eigi við. Jafnframt verður að telja að 9 ára börn geri sér almennt grein fyrir því að grjótkasti í rúður vinnuvéla sé ólögætur gjörningur og til þess fallið að valda tjóni. Tjóninu var því valdið af ásetningi og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Fjölskylduverndar 2, sem M er með hjá V.

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 299/2021**M og
V v/ húseigendatryggingar fasteignarinnar X****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnsleka.****Gögn.**

Málskot móttakið 10.8.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
Bréf V dags. 23.8.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

M keypti fasteignina X og fékk hana afhenta í byrjun maí 2021. Þann 2.6.2021 sendi M tjónstilkynningu til V, þar sem fram kemur að M hafi fundið leka í fasteigninni og að það þurfi mann frá V til að meta ástandið. Lekanum og tjóninu er ekki lýst nánar í tjónstilkynningunni. Í málskoti M kemur fram að eftir kaupin hafi M fljótlega orðið vör við bleytu í gólfi við vegg í miðju hússins. Eftir nokkra eftirgrennslan hafi komið í ljós að í aðliggjandi vegg var gamalt rör, sem áður hafði verið tengt við ofn sem var á veggnum. Búið væri að aftengja ofninn fyrir mörgum árum, en hinn endi rörsins hafi enn verið tengdur í þvottahúsinu. Þegar skrúfað hafi verið frá einhverjum krana í þvottahúsinu hafi komist vatn inn á gömlu lögnina sem orðið hafi til þess að vatn hafi farið inn í vegginn og þar niður á gólfíð. Afleiðingar þess séu að veggurinn og gólfíð skemmdist af völdum bleytu.

Hefur M gert kröfu um að bætur úr húseigendatryggingu sinni hjá V. Byggir krafan á því að um sé að ræða vatnsleka, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafi af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum þess. V hefur hafnað bótaskyldu úr húseigendatryggingu M á þeirri forsendu að tjónið verði ekki rakið til skyndilegs og óvænts vagnsleka úr lagnakerfi hússins, heldur verði hann rakinn til þess að frágangur pípulagna hafi verið ófullnægjandi og að vatn hafi verið tengt við aflagða lögn.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að umræddur vatnsleki eigi upptök sín til leka úr lögn sem áður hafði verið aflögð. Ekki liggur fyrir hvenær eða hvernig vatni hafði verið hleypt á lögnina, heldur kemur einungis fram í málskoti að „þegar skrúfað er frá einhverjum krana í þvottahúsinu kemst því vatn inn á gömlu lögnina“. Það er því óráðið hvort vatni hafi verið hleypt á lögnina áður eða eftir að M fékk fasteignina afhenta í byrjun maí 2021. Gögn málsins bera með sér að lögnin var í mjög slæmu ástandi. Þá má sjá á myndum hvar mygla og sveppagróður hefur myndast undir parketi á veggjum nálægt gólfi. Lekinn virðist því hafa staðið yfir í talsverðan tíma.

Fjallað er um bótasvið húseigendatryggingarinnar í 2. gr. vátryggingarskilmálans, þar sem segir orðrétt: „Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum: 2.1 vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. [...]“ Að mati nefndarinnar verðu að teljast fyrirsjáanlegt að vatn kunni að leka úr aflögðum vatnslögnum. Lekinn getur því ekki talist óvæntur í skilningi framangreinds skilmálaákvæðis. Þá er enn fremur ljóst að ekki var um að ræða skyndilegan leka, heldur leka sem staðið hefur yfir í lengri tíma. Að teknu tilliti til framangreinds er það niðurstaða nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að umræddur vatnsleki verði rakinn til skyndilegs og ófyrirséðs vatnsleka sem fellur undir framangreint ákvæði vátryggingarskilmálans. M á þar af leiðandi ekki bótarétt úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu fasteignarinnar X hjá V,

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 300/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B****Árekstur á Reykjavíkurvegi við Hjallabraut 26. desember 2020.****Gögn.**

Málskot, móttekið 10. ágúst 2021.
Bréf V dags. 8. september 2021.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M, ökumaður bifreiðar A hafi ekið Reykjavíkurveg til suðurs á hægri akrein og á vinstri akrein hafi bifreið B verið. Þegar bifreiðunum var ekið af stað á gatnamótunum hafi þær rekist saman. Ökumaður bifreiðar B, sem er snjómokstursbifreið, kveðst hafa ekið Reykjavíkurveg til suðurs á vinstri akrein í aðdraganda áreksturs og þegar bifreið B, ásamt bifreið A, hafi ekið af stað á umferðarljósum hafi bifreiðarnar lent saman.

M telur að bifreiðinni A hafi verið ekið á hægri akrein með beina akstursstefnu áfram og framburður ökumanns bifreiðar B í lögregluskýrslu sýni að hann hafi ekki séð bifreið A í hliðarspegli og vísað til þrengingar á akbraut sem bendi til þess að bifreið B hafi verið ekið af vinstri akrein yfir á þá hægri og utan í bifreið A og eigi ökumaður bifreiðar B því að bera alla sök á árekstrinum.

V telur ekki sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið af vinstri akrein yfir á þá hægri og ósannað sé um atvik í aðdraganda áreksturs og rétt sé því að skipta sök til helminga. V bendir á að ósannað sé um þrengingu á vegi og bæði hægri og vinstri akrein suður Reykjavíkurveg hafi beina akstursstefnu.

Álit.

Af gögnum málsins og skoðun mynda af vettvangi verður ekki annað séð en að ökumenn bifreiða A og B hafi verið staðsettir Reykjavíkurvegi á sitthvorri akrein sem báðar ganga beint suður Reykjavíkurveg. Árekstur varð með bifreiðunum rétt eftir að þeim var báðum ekið af stað gegn grænu ljósi. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvar á akbrautinni árekstur varð, engin vitni eru af árekstrinum og ekki verður ráðið af myndum að önnur bifreiðin hafi farið yfir á akrein hinnar. Verður því ekki ráðið nákvæmlega hvar á akbraut áreksturinn varð og verða báðir ökumenn að bera hallann af því. Sök skiptist til helminga milli beggja ökumanna.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B og þannig úr ábyrgðartryggingum bifreiðanna hjá Vátryggingafélagi Íslands hf.

Reykjavík, 12. október 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 301/2021**M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um tjónsatvik.****Gögn.**

Málskot móttakið 10.08.2021, ásamt fylgiskjólum.
Bréf V dags. 02.09.2021, ásamt fylgiskjólum 1-6.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 10.09.2021.

Málsatvik.

I málskoti er atvikum lýst svo að aðfarnótt 3. apríl 2021 A orðið fyrir skemmdum. Hafi M ekið A eftir Vatnsveituvegi og ætlað sér að beygja á Breiðholtsbraut til vesturs. Þegar M hafi hægt á bifreiðinni hafi hún hins vegar byrjað að renna til í ísingu og hafnað á umferðareyju sem aðskilji akstursstefnur Breiðholtsbrautar til austurs og vesturs. Kantsteinn sé á eyjunni, um 15-20 sentimetra hár, og hafi undirvagn A orðið fyrir verulegu höggi þegar vinstri hluti hennar fór upp á umferðareyjuna. Eftir áakstur á kantsteininn hafi M ekið A yfir götuna og skilið hana eftir á vegöxl hinum megin. Þrír farþegar hafi verið með M í bifreiðinni, þ.e. vinur hans, X, og tvær stúlkur sem fengið hafi far með M. Daginn eftir hafi M haft samband við Y, bifvélavirkja sem hann kannist við, sem hafi sótt A. Þegar Y varð, nokkrum dögum síðar, ljóst að tjónið væri verulegt, hafi hann ráðlagt M að tilkynna um tjónið til V. M hafi sent V tjónstilkynningu 13. apríl 2021 og gert kröfu um bætur úr kaskótryggingu A. V hafi hafnað bótaskyldu. M telur höfnun V óréttmæta. Öll aðkoma V að málinu hafi stefnt að því að tortryggja frásögn M, sem hafi verið stöðugur í framburði sínum. Ekki sé óeðlilegt að M hafi ekki tilkynnt um tjónið fyrr en tíu dögum síðar enda hafi A verið í skoðun hjá bifvélavirkja þann tíma og M talið að tjónið væri óverulegt. V hafi þá fengið Aðstoð & Öryggi til að rannsaka máli, en það hafi ekki verið gert fyrr en tveimur mánuðum síðar og rannsóknin miðað að því að gera M tortryggilegan auk þess sem í skýrslu fyrirtækisins séu alvarlegar rangfærslur, hvað varði atvik og staðsetningu bifreiðarinnar þar sem hún var skilin eftir. Yfirlýsing Y, og ákomur á A, séu þá í samræmi við lýsingu M á atvikum. M hafi verið allsgáður við atvikið, enda hafi hann verið að sækja X, sem hafi hins vegar verið ölvaður, í gleðskap. Ákveðið misræmi sé í frásögnum A og X af atvikum, en beri þá að horfa til þess að misræmið sé ekki mikið og framburður hafi fyrst verið tekinn af X tveimur mánuðum eftir að umrætt atvik átti sér stað.

Í bréfi V kemur fram að tjónstilkynning hafi borist félaginu 13. apríl 2021 og komi þar fram að engin vitni hafi orðið að umræddu atviki. V hafi þá óskað frekari upplýsinga, t.a.m. um staðsetningu og hvers vegna ekki hafi verið tilkynnt um tjónið fyrr, enda hafi A verið óökufær. Hvað varði skýrslu Aðstoðar & Öryggis þá hafi hún aðeins að geyma endursögn frásagnar M sjálfs. M hafi þannig hvergi borið því við að bifreiðin hafi stöðvast á umferðareyju og hann í kjölfarið ekið henni varlega út í vegkant. Þvert á móti hafi M sagt að A hefði hafnað á umferðareyju, farið yfir götuna og hafnað á grasbala. Í 3. gr. þágildandi skilmála kaskótryggingar ökutækja hafi verið að finna tæmandi talningu á þeim tjónsorsökum sem vátryggingin nærði til. Svo bótaskylda stofnist verði að mega heimfæra atvik undir það ákvæði. Frásagnir af atvikum sem leitt hafi til tjóns á A séu mjög á reiki, þannig hafi fyrst komið fram að tjónið hafi átt sér stað í Ögurharfi, síðar á Breiðholtsbraut og loks á mótum hennar og Vatnsveituvegar. Meintur farþegi segi þá tjónið hafa átt sér stað við Rauðavatn. M verði að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varðar. Hafi þá framlögð yfirlýsing Y ekkert vægi, bæði vegna tengsla hans við M og eins vegna þess að lýsingar á atvikum fari ekki saman við lýsingar M sjálfs. Tjón á undirvagni séu þá almennt undanskilin bótaskylda nema þau falli undir skýrt afmarkað bótasvið vátryggingarinnar. Sé ósannað að hálsa hafi valdið því að M missti stjórn á A og ákomur á A komi ekki heim og saman við lýsingar M af atvikum. Er því bótaskylda hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að atvikið teljist vera áakstur á umferðareyju en bifreiðin hafi stöðvast þar. Slík atvik séu bótaskyld. Við áakstur á umferðareyjuna hafi heyrst brak í undirvagni A og falli atvikalýsing og tjón M undir skilmála enda skuli bæta tjón á bifreiðinni vegna áaksturs. Jafnvel þó um útafakstur hefði verið að ræða þá falli slík tilvik einnig undir bótaskyldu samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar. Þá er lögð áhersla á að nefndin horfi á upptöku af framburði M. Það skipti þá ekki máli hvað varðar bótaskyldu nákvæmlega hvar og hvenær atvikið hafi átt sér stað og eigi ekki að byggja höfnun á því að M og X hafi ekki verið nægilega kunnugir staðhættum, eins og

götuheitum. Þá sé ekkert í skilmálum sem heimili V að hafna bótaskyldu á grundvelli þess að atvik sé ekki tilkynnt samdægurs og hafi M gefið skýringar á því af hverju tilkynning var ekki send fyrir en raun ber vitni. Þá er því sérstaklega mótmælt að um slík tengsl við Y sé að ræða að það eigi að draga úr vægi yfirlýsingar hans um að ákomur á A og aðkoma á vettvangi daginn eftir tjónið samrýmist frásögn M.

Álit:

Í 3. gr. skilmála þeirra sem giltu um umrædda kaskótryggingu á tjónsdegi var að finna tæmandi upptalningu þeirra tjónsorsaka sem vátryggingin tók til. Það hvílir þá á M að sýna fram á að tjón á A falli undir bótasvið vátryggingarinnar. Í málatilbúnaði M er byggt á því að um áakstur á umferðareyju, en bifreiðin hafi runnið þangað vegna ísingar, hafi verið að ræða. Hafi strax heyrst brak frá bifreiðinni þar sem hún hafi stöðvast á eyjunni. M hafi í kjölfarið ekið bifreiðinni hægt yfir á vegöxl hinum megin við veginn. Það er þá staðfest af Y, bifvélavirkja, að bifreiðin hafi, daginn eftir, verið staðsett á vegöxlinni, u.þ.b. 10-20 metrum frá gatnamótunum. Þessa frásögn telur V ekki í samræmi við önnur gögn málsins en í tjónstilkynningu segir „bíll missir stjórn í hálfu og rennur út af vegi“. Meðal gagna fyrir nefndinni er hljóð- og myndupptaka af fundi M og starfsmanni Aðstoðar & öryggis, dags. 31. maí 2021. Þar lýsir M atvikum svo að hann hafi runnið í hálfu upp á kantinn og þaðan niður. Ítrekar M raunar margsinnis í upptökunni að „hann hafi runnið niður“. Þá er nokkuð óljóst af framburði hans hvar bifreiðin hafnaði á endanum, en þó segist hann hafa endað „í miðri brekkunni.“ Þá kemur jafnframt fram í framburði hans að bifreiðin hafi „ekki stoppað neitt“ á kantinum heldur hafi hún „haldið áfram“. Kemur þannig hvorki fram í framburðinum að A hafi stöðvast á kanti eyjunnar né að henni hafi í kjölfarið verið lagt í vegöxlinni, Er því vissulega töluvert misræmi milli þessa framburðar og lýsingar M á atvikum í málskoti. Þegar litið er heildstætt til alls framangreinds og annarra gagna og atvika málsins verður að telja það mikillar óvissu gæti um málsatvik að M hafi ekki sýnt nægilega fram á að umrætt tjón á A sé bótaskyldt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar og verður þar af leiðandi að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 302/2021

**M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar A hjá V**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna upplýsingagjafar fasteignasala.**Gögn.**

Málskot móttakið 11.08.2021 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Bréf V dags. 12.10.2021 ásamt fylgiskjali.

Viðbótagögn frá M, dags. 25.10.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, með kaupsamningi dags. 17. júlí 2020, keypt fasteignina X af Y, fyrir milligöngu A. Samkvæmt söluyfirliti sem hafi verið útbúið af starfsmanni A, hafi átt að fylgja X „jarðhitaréttindi, u.þ.b. 2,5 sekl. af heitu vatni.“ Hafi M gert ráð fyrir því að þessi réttindi væru til staðar og hafi miðað tilboð sitt við það. Hafi síðar komið í ljós að engin jarðhitaréttindi fylgdu X. Í lóðarleigusamningi frá árinu 1960 hafi komið fram að leigutaka væri heimilt að sækja 1,5 sekúndulíttra af heitu vatni úr hverjum þeim hver sem best hentaði þar til leigusali, sveitarfélagið, hefði komið upp hitaveitu. Hitaveitu hafi verið komið á um 1980 og því ljóst að réttindi samkvæmt lóðarleigusamningnum hefðu verið óvirk í 40 ár er M keypti eignina. X fylgi því ekki það fylgifé sem tilgreint hafi verið fyrir kaupin. Ljóst sé að A hafi ekki kynnt sér fyrirbyggjandi gögn fyrir gerð söluyfirlits um X og hafi því vanrækt þær skyldur fasteignasala sem kveðið sé á um í 10.-12. gr. laga um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015. Þá liggi fyrir að M og Y hafi samið um afslátt af kaupverði X, samtals að fjárhæð 2.000.000 kr., vegna galla á eigninni. Tilvist þess samkomulags sé ekki til marks um það að M hafi ekki orðið fyrir frekara tjóni. M hafi þá ráðstafað þeim afslætti til lækkunar á því tjóni sem hún hafi orðið fyrir vegna galla á húseigninni sem slíkri, en kröfuhafa sé heimilt að ráðstafa greiðslu með þeim hætti. Þá skipti það ekki máli þó M hafi samþykkt að beina ekki frekari kröfum að Y enda hafi það ekki áhrif á bótaskyldu A. Þá hafi verðmat umræddra galla samkvæmt samkomulagi aðila verið um 4.000.000 kr., en ekki 2.000.000 kr., og því sé ljóst að M hafi ekki fengið tjón sitt að fullu bætt. Jafngildi beint tjón M kostnaði við kaup á sama magni af heitu vatni og hefði átt að fylgja fasteigninni, og nemi tjón hennar því, 33.741 kr. á dag, eða 12.481.170 kr. frá undirritun kaupsamnings miðað við dagsetningu málskotsins. Þau réttindi sem vísað sé til í söluyfirliti hafi aldrei byggt á lóðarleigusamningi. Í öllu falli hefði A átt að geta nýs lóðarleigusamnings í söluyfirliti, teldi A að réttindi M byggðu á ákvæðum útrunnins samnings og féllu niður við gerð nýs samnings. Það hafi þá verið Y en ekki M sem undirritaði nýjan lóðarleigusamning. Hafi M, samkvæmt framansögðu, orðið fyrir tjóni vegna saknæmrar háttsemi A og sé því bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A fyrir hendi.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá A hafi söluyfirlitið verið unnið samkvæmt upplýsingum frá seljanda og litið til upplýsinga sem fram komi í fasteignamati en þar komi fram að jarðhiti fylgi eigninni. Eðlilegt og hefðbundið sé að leggja upplýsingar úr fasteignaskrá til grundvallar og almennt þurfi ekki að draga þær í efa. Hafi A því hagað gagna- og upplýsingaöflun sinni til samræmis við ákvæði laga um sölu fasteigna og skipa. Jafnvel þó svo væri ekki sé ekki sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni. Þannig hafi M og Y samið um afslátt af kaupverði, m.a. vegna þess að jarðhitaréttindi væru ekki til staðar. Með þeim samningi hafi M fallið frá öllum frekari kröfum á hendur Y, bæði vegna umræddra jarðhitaréttinda og galla á húsinu. Hafi M því þegar fengið afslátt vegna þess að jarðhitaréttindi séu ekki til staðar. Þá liggi fyrir nýr lóðarleigusamningur við viðkomandi sveitarfélag, dags. 23. september 2020, þar sem jarðhitaréttinda sé hvergi getið. Hafi M og Y undirritað samninginn. Þá liggi ekki fyrir sönnun á fjártjóni M, sem hefði í öllu falli þurft að leggja til stofnkostnað svo hægt væri að nýta jarðhitaréttindi. Því gangi ekki upp að byggja á söluverði heits vatns svo sem gert sé í málskoti. Beri samkvæmt framansögðu að hafna kröfu M.

Í viðbótarathugasemdum M svo og gögnum sem nefndin kallaði eftir frá M, er m.a. ítrekað að heildartjón M hafi verið 12 milljónir króna. Þá sé augljóst að A hafi ekki lesið eldri lóðarleigusamning og því síður kynnt hann fyrir M. Það eintak sem henni hafi verið afhent í kaupferlinu hafi þá verið ólésilegt. Sú staðreynd að jarðhitaréttindi séu tilgreind í fasteignamati þó ekki hafi verið stofnað til kostnaðar við nýtingu þeirra sýni þá fram á að þau hafi sjálfstætt fjárhagslegt gildi. Þá lagði M fram samskipti við viðskiptabanka sinn þar sem hún rekur m.a.

hugmyndir sínar um nýtingu X og virðast þær hugmyndir hafa verið raktar í tengslum við lánsúmsókn.

Álit:

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á sölufirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í sölufirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðipjónustu.

Fyrir liggur að í opinberum skrá, þ.e. fasteignamati, er jarðhiti sem fylgi X metinn til 965.000 kr. Þá liggur fyrir sá lóðarleigusamningur sem var í gildi er kaupin á X fóru fram. Kemur þar fram að lóðinni fylgi „afnot af 1,5 sekl. af heitu vatni.“ Kemur þar einnig fram að sá réttur falli niður þegar ábúendur fái afnot af hitaveitu. Þá kemur fram í samningnum að hann gildi til 50 ára, þ.e. til ársins 2010. Í lóðarleigusamningi sem var undirritaður 23. september 2020 kemur þá ekkert fram um jarðhitaréttindi. Í fyrirliggjandi sölufirliti, sem ber með sér að hafa verið prentað út hinn 19. maí 2020, kemur fram að X „fylgi jarðhitaréttindi, u.þ.b. 2,5 sekl. af heitu vatni.“ Ekki liggur fyrir hvaðan A hafði þær upplýsingar, enda eru þær í ósamræmi við það sem segir í lóðarleigusamningi, þar sem talað er um 1,5 sekl auk þess sem ljóst er af þeim samningi að réttindin féllu niður með tilkomu hitaveitu, sem mun hafa verið mörgum árum fyrir umrædda sölu á X. Verður að telja að starfsmanni A hafi mátt vera þetta misræmi ljóst og verið í lófa lagið að kynna sér fyrirliggjandi gögn og kynna eignina til samræmis við það. Verður því fallist á það með M að starfsmaður A, sem ber eins og áður segir ríka sérfræðiábyrgð, hafi sýnt af sér gáleysi í störfum sínum hvað þetta varðar.

Hins vegar liggur fyrir að M og Y gerðu, hinn 14. desember 2020, samning um tiltekinn afslátt af kaupverði eignarinnar, þó ekki verði séð að sá samningur sé meðal gagna fyrir nefndinni. Mun hafa verið um að ræða afslátt vegna galla á svokölluðu starfsmannahúsi og vegna þess að jarðhitaréttindi fylgdu ekki fasteigninni. M byggir hins vegar á því að tjón hennar, við dags. málskots, nemi 12.484.170 kr. og hækki um 33.741 kr. á dag. Miðar M þá við gjaldskrá Veitna. Þá kemur fram að M hafi stefnt að því að nýta X til þjónustu við innlenda og erlenda ferðamenn sem byggði að stórum hluta á nýtingu þess heita vatns sem hafi átt að fylgja X. Þessu til stuðnings eru lögð fram samskipti M við viðskiptabanka sinn, en í þeim kemur m.a. fram að M hugsi sér að nýta eignina undir ýmiss konar heilsutengda ferðamennsku, leigja út sal til veisluhalds, og útbúa heita laug. Verður ekki fallist á að þessi samskipti feli í sér sönnun á tjóni M. Ekkert liggur fyrir um ætlaðan stofnkostnað M við nýtingu umræddra jarðhitaréttinda, og þá verður að telja nokkuð vel í lagt að ætla að hún hefði nýtt sér 216 rúmmetra af heitu vatni á degi hverjum, en það er umfangið sem töluleg krafa hennar byggir á. Verður því ekki, án frekari gagna, talið að M hafi sýnt fram á umfang tjóns síns eða að hún hafi orðið fyrir frekara tjóni en ætla má að hún hafi þegar fengið bætt með samningi við Y um afslátt af kaupverði fasteignarinnar.

Þrátt fyrir að háttsemi starfsmanns A sem slík teljist samkvæmt framangreindu saknæm er því ekki sýnt fram á að M hafi orðið fyrir frekara tjóni vegna hennar og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfum hennar um bætur úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 2. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 303/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar fjölskylduþryggingar.****Tjón á bifreið vegna háttsemi dóttur bifreiðareiganda.****Gögn.**

Málskot móttakið 11. ágúst 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bref V, dags. 17. ágúst 2021, ásamt tjonstilkynningu og tölvupósti V til M dags. 17. maí 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að dóttir M hafi rispað bifreið í eigu M þar sem bifreiðin stóð í bifreiðastæði. Dóttir var fjögurra ára þegar tjónið varð.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V og vísar til 10. gr. váttryggingarskilmála í 3. kafla þeirra þar sem komi fram að váttryggingin bæti tjón án tillits til skaðabótaskyldu sem barn váttryggingartaka yngri en 10 ára veldur. M kveðst hafa keypt váttrygginguna í þeirri trú að sú váttrygging fæli í sér vernd vegna tjóna sem börn hans yngri en 10 ára valda.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísað um það til a.liðar 11. gr. váttryggingarskilmála sem gilda um ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingar M hjá V, en þar komi fram að ábyrgðartryggingin bæti ekki tjón sem hinir váttryggðu valda hver öðrum. V vísar ennfremur til þess að í inngangi váttryggingarskilmála sé skilgreint hver sé váttryggður og þar komi fram að börn váttryggingartaka séu váttryggð hvort sem þau hafi lögheimili hjá váttryggingartaka eða ekki, ef þau eru yngri en 18 ára. V telur orðalag skilmálanna skýrt og þar sem dóttir M sé undir 18 ára aldri og hafi lögheimili hjá M sé hún váttryggð og eigi því umræddur a.liður 11. gr. við.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um gildissvið ábyrgðartryggingar fjölskylduþryggingar V sem lýst er í váttryggingarskilmálum. Í þeim skilmálum kemur fram að váttryggingin bæti tjón, án tillits til skaðabótaskyldu, sem börn váttryggingartaka yngri en 10 ára valda, sbr. 10. gr. Í þeirri grein koma síðan fram takmarkanir á váttryggingarvernd þegar tjón verður umferðartjóna og þegar önnur váttrygging tekur til tjónsins. Því til viðbótar kemur fram í a.lið 11. gr. váttryggingarskilmálanna sú almenna undanþága að ef hinir váttryggðu valda hver öðrum tjóni þá bætist slíkt tjóni ekki úr ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingarinnar. Ljóst er af málavöxtum að fjögurra ára dóttir M er váttryggð í fjölskylduþryggingu M þar sem hún er dóttir váttryggingartaka, með sama lögheimili, býr á sama stað og hann og er bæði ógift og yngri en 18 ára. Í inngangi váttryggingarskilmála er skýrlega kveðið á um hverjir eru váttryggðir og í a.lið 11. gr. sömu skilmála er einnig skýrlega kveðið á um að tjón sem hinir váttryggðu valda hver öðrum sé ekki bætt úr ábyrgðartryggingu. Undanþágan tekur jafnt til skaðabótaskyldu skv. almennum reglum skaðbótaréttarins og þegar bótaskylda er ákveðin á grundvelli 10. gr. skilmála. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V

Reykjavík, 28. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 304/2020**M og
V vegna ökutækjatrýggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns M af völdum áreksturs hinn 06.05.2021****Gögn.**

Málskot móttakið 10.08.2021 ásamt fylgiskjöllum 1-13.
Bréf V dags. 25.08.2021.

Málsatvik.

Í málskoti og fyrirbyggjandi gögnum kemur fram að hinn 6. maí 2021 hafi M orðið fyrir meiðslum þegar bifhjól, en ökumaður þess hafi yfirgefið vettvang slyssins, rakst á reiðhjól sem hún var á, á hjólastíg norðan við Stekkjarbakka, Reykjavík. V hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að umrætt bifhjól hafi verið í flokki I og því hvorki skráningar- né váttryggingarskyld. M mótmælir þeirri afstöðu og telur ljóst að um hafi verið að ræða bifhjól í flokki II en ekki létt bifhjól í flokki I. Vísar M sérstaklega til framburðar vitnis í lögregluskýrslu um atvikið, dags. 6. maí 2021. Þá hafi M í framburði sínum hjá lögreglu talað um „mótorhjól“ og telji hún ljóst að umrætt hjól hafi verið stærra og kraftmeira en bifhjól í flokki I. Bifhjól í flokki II séu tryggingarskyld, og bendi öll málgögn til þess að um slíkt hjól hafi verið að ræða. Þannig taki vitni fram að ekki hafi verið um vespu að ræða heldur stórt svart bifhjól, þá bendi lýsing á útbúnaði ökumanns hjólsins, þ.e. að hann hafi verið í leðurbuxum, svörtum jakka og svörtum skóm, ekki til þess að umrætt bifhjól falli í flokk I. Þá séu í lögregluskýrslu tilgreind tvö brot sem ökumaður bifhjólsins sé grunaður um, þ.e. annars vegar að vanrækja skyldur til að grípa til ráðstafana vegna umferðaróhapps, og hins vegar að aka eftir gangstétt, gangstíg, hjólastíg, merktum reiðstíg. Það bendi til þess að um bifhjól í flokki II hafi verið að ræða, en bifhjólum í flokki I megi aka eftir slíkum stígum. Lýsing M samkvæmt framburði hennar hjá lögreglu, dags. 11. maí 2021, sé þá á þann veg að um hafi verið að ræða „eithvað í líkingu við vespu, þetta var minna en mótorhjól, samt ekki rafmagnshjól.“ Þannig komi lýsingar hennar heim og saman við lýsingar vitnis á slysdegi. Jafnvel þó bifhjóli sé lýst sem vespu leiði það þá ekki sjálfkrafa til þess að um sé að ræða bifhjól í flokki I enda geti vespur fallið bæði í flokk I og II. Lýsing vitnis á hjólinu eigi þá frekar að liggja til grundvallar fremur en lýsing M sjálftrar enda hafi hún verið í losti og ekki gert sér fyllilega grein fyrir því um hvernig hjól væri að ræða. Þá er því sérstaklega mótmælt að M hafi verið í órétti enda hafi ökumaður bifhjólsins ekið ólöglega á gangbraut/hjólastíg. Þar sem M hafi lagt fram ýmis gögn til stuðnings þess að um hafi verið að ræða bifhjól í flokki II, en engin gögn er sýni fram á annað hafi verið lögð fram af hálfu V beri að fallast á bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að höfnun V byggji á tveimur ástæðum. Þ.e. annars vegar því að M hafi að öllum líkindum verið í órétti og hins vegar því að gögn málsins bendi til þess að um vespu eða lítið mótorhjól hafi verið að ræða sem sé hvorki skráningar- né váttryggingarskyld. Um fyrra atriðið segir að við nánari skoðun á lögregluskýrslu bendi atvikalýsing til þess að M hafi verið í órétti. Þannig segi að M hafi farið um hjólastíginn til austurs þegar óþekkta ökutækið hafi komið niður brekkuna og árekstur varð. Af ljósmyndum megi sjá að brekkan er hægra megin við hjólastíginn og hafi M því borið að sýna sérstaka varúð gagnvart umferð frá hægri. Hvað varði síðara atriðið þá hafi vitni haldið því fram að um stórt, svart hjól hefði verið að ræða með svörtu boxi aftan á. Ekki liggi fyrir hver þekking vitnisins á mótorhjólum eða vespum sé en vitnið sé 62 ára gömul kona. Í upphaflegu umboði M til lögmans segi svo að um sé að ræða árekstur við „rafskútu“. Síðar hafi V fengið leiðrétt umboð þar sem fram hefði komið að slys M hefði orðið við árekstur við vespu. Þá komi fram í framburði M hjá lögreglu að ekki hafi verið um mótorhjól að ræða. Samkvæmt tölvupósti M til lögmans hennar, hinn 5. júlí 2021, hafi verið um „svart lítið mótorhjól“ að ræða „ekki rafmagns var mikið vélarhljóð“. Hafi því enn komið fram hjá M að um lítið hjól hafi verið að ræða. Ekkert í málgögnum segi til um það að bifhjól í flokki II hafi verið um að ræða sem ekið hafi verið ólöglega eftir göngu- og hjólastíg. Mun líklegra sé að um bifhjól í flokki I, sem venja sé að aka eftir slíkum stígum, hafi verið að ræða. Virðist því hjólið hafa verið venjuleg vespa sem hvorki sé skráningar- né váttryggingarskyld. V sem ábyrgðaraðila beri aðeins að greiða fyrir tjón sem hlýst af notkun óþekktra, skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Samkvæmt 28. tl. 1.mgr. 3.gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eru létt bifhjól skilgreind sem vélknúin ökutæki á tveimur, þremur eða fjórum hjólum, sem eru ekki hönnuð til hraðari aksturs en 45 km á klst. og eru með sprengirými sem er ekki yfir 50 sm³ sé það búið brunahreyfli eða samfelld hámarksafli er ekki yfir 4kW sé það búið rafhreyfli. Þá greinast létt bifhjól í létt bifhjól í flokki I séu þau ekki hönnuð til hraðari aksturs en 25 km á klukkustund og í létt bifhjól í flokki II séu þau hönnuð til hraðari aksturs en 25 km á klukkustund. Í lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 kemur fram í 7. gr. að ákvæði 4.-6. gr. um skaðabótaábyrgð vegna tjóns gildi ekki um létt bifhjól í flokki I og í 11. gr. kemur fram að þau séu undanþegin vátryggingarskyldu skv. 8.-10. gr. laganna. Í 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar er fjallað um skyldu V til að greiða tjónþola bætur vegna líkamstjóns ef ætla megi að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts ökutækis. Leiðir af öllu framansögðu að réttur M til bóta veltur á því hvort ætla megi að umrætt bifhjól falli í flokk II þar sem greiðsluskylda V tekur ekki tjóns sem rekja má til léttara bifhjóla í flokki I. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir það á tjónþola að sýna fram á að atvik er leitt hafi til tjóns hafi verið með tilteknum hætti. Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 6. maí 2021, bar vitni að stórt, svart bifhjól, ekki vespa, hefði ekið niður göngustíginn í vestur og beint á M með þeim afleiðingum að hún féll af reiðhjólínu. Samkvæmt framburði M hjá lögreglu, hinn 11. maí 2021, var hjólið ekki mótörhjól, heldur minna, eitthvað í líkingu við vespu, en ekki rafmagnshjól. Í tölvupósti, dags. 5. júlí 2021, segir M svo að um hafi verið að ræða svart, lítið mótörhjól, ekki rafmagns. Eins og áður er rakið getur bifhjól fallið í flokk I hvort sem það er búið brunahreyfli eða rafhreyfli, enda ræðst flokkunin af því hvort hjólið er hannað til að ná 25 eða 45 km hámarkshraða á klukkustund. Þrátt fyrir að ákveðins misræmis gæti milli frásagna M og vitnisins varðandi stærð og gerð hjólsins, verður það, eins og áður er rakið, ekki metið einvörðungu af stærð bifhjóls í hvaða flokk það fellur þó vissulega sé líklegra að stærri hjól séu hönnuð til að ná meiri hraða. Með hliðsjón af því að umræddu bifhjóli var ekið á gangbraut/hjólástíg, verður þó að teljast líklegra að um létt bifhjól í flokki I hafi verið að ræða, en heimilt er, og í raun alvanalegt, að aka þeim eftir slíkum stígum, sbr. 22. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga. Þá verða, án frekari gagna um rannsókn málsins hjá lögreglu, ekki dregnar víðtækar ályktanir af því að í lögregluskýrslu, dags. 6. maí 2021, séu tilgreind tvö brot, þ.e. annars vegar það að ökuumaður bifhjólsins hafi ekki numið staðar eftir umferðaróhapp og gert ráðstafanir vegna þess, og hins vegar að ekið hafi verið eftir gangstétt, gangstíg, hjólástíg og merktum reiðstíg. Þá er í umræddri lögregluskýrslu m.a. að finna ljósmynd af braki af umræddu bifhjóli, sem varð eftir á vettvangi. Verður að telja að umrætt brak hefði mögulega getað nýst til nánari greiningar á tegund bifhjólsins, en af fyrirliggjandi gögnum verður ekki séð að M eða lögmaður hennar hafi spurst fyrir um hvort nánari skoðun á umræddu braki hafi farið fram af hálfu lögreglu. Af heildstæðu mati á fyrirliggjandi gögnum er það því afstaða nefndarinnar að ekki sé nægilega sýnt fram á að um létt bifhjól í flokki II hafi verið að ræða. Ber því að hafna kröfu M þegar af þeirri ástæðu og er þá ekki tilefni til að taka önnur atriði í málflutningi aðila til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna líkamstjóns hjá V.

Reykjavík 21. september 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 306/2021**M og****V1 v/ ábyrgðartryggingar flutningabifreiðarinnar A og****V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B og****V3 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar D****Áræktur á Reykjanesbraut til norðurs við Arnarnesveg þann 15.4.2021.****Gögn**

Málskot, móttækið 13.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V1, dags. 24.8.2021.

Bréf V2, dags 1.9.2021.

Bréf V3, dags 10.9.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu var A ekið norður Reykjanesbraut og sveigt inn á frárein í átt að Arnarnesvegi á eftir D sem var með hjólhýsi, E, í eftirdragi. Á aðreininni var dregið úr hraða D sem varð til þess að A var sveigt að nýju inn á hægri akein Reykjanesbraut þar sem B var ekið í norðurátt. Var þá B sveigt til hægri inn á aðreinina og rakst þá hægra framhorn B á vinstra afturhorn E. Bjart var af degi, blautt færi og rigning þegar árækturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á eftir D með akstursstefnu að Arnarnesvegi. Skyndilega hafi verið dregið úr hraða D og hún stöðvuð á fráreininni. Hafi hann rétt náð að aka aftur inn á hægri akein Reykjanesbrautar til að forðast að aka aftan á E. Stuttu seinna hafi hann heyrt högg og þá séð í baksýnisspegli að áræktur hafi orðið fyrir aftan sig.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 80-85 km hraða á klst. á eftir A sem hafi verið beygt til hægri inn á fráreinina að Arnarnesvegi. A hafi svo skyndilega verið ekið aftur til vinstri inn á akeinina sem hún ók eftir. Hún hafi þurft að snarhemla til að aka ekki aftan á A og hafi gripið til þess ráðs að beygja til hægri inn á fráreinina til að forðast áræktur. Þá hafi hún ekið aftan á E sem hafi verið kyrrstætt á akbrautinni. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir E áður en árækturinn varð.

Ökumaður D kvaðst hafa ekið norður Reykjanesbraut á hægri akein og þá heyrt skruðninga og haldið að nefhjólíð á E væri komið niður. Hafi hann því gefið stefnuljós til hægri og farið út í kant til að athuga með það. Flutningabíl hafi þá verið ekið fram úr og allt í einu hafi svo bifreið lent á afturhorni E. Hafi D þá verið nánast kyrrstæð.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að ökumaður A sveigði bifreið sinni til vinstri inn á hægri akein Reykjanesbrautar að nýju til að afstýra því að aka aftan á E þegar dregið var úr hraða D sem dró E. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Þessarar skyldu gætti ökumaður A ekki þar sem hann gat ekki stöðvað A í tæka tíð þegar dregið var úr hraða D og E fyrir framan hann. Til að forðast áræktur var hann nauðbeygður til að beygja undan og aka aftur inn á hægri akein Reykjanesbrautar án þess þó að huga að þeirri hættu sem það kunni að valda þeim vegfarendum sem á sama tíma áttu leið um akeinina eins og raunin var með ökumann B. Í ljósi þessa telst ökumaður A eiga sök á árekstrinum. Eins og atvikum var háttað er ekki efni til að leggja sök á ökumenn B og D. Hvílir því öll sök á ökumanni A.

Niðurstaða.

Leggja ber alls sök á ökumann bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 307/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um bótaskyldu vegna slyss farþega hjá ölvuðum ökumanni.**Gögn.**

Málskot, móttækið 16.8.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 16.9.2021.
Bréf V, dags. 31.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Kl. 4:24 að morgni 1. október 2019 var lögreglu tilkynnt um umferðarslys á Hlíðarfjallsvegi fyrir ofan Akureyri. Þar hafði A oltið út af veginum skammt neðan við nokkuð krappa beygju á veginum. Þrír einstaklingar voru í A þegar slysið varð, B ökumaður, M farþegi í aftursæti og D farþegi í hægra framsæti. Á vettvangi hafði lögregla tal af B, ökumanni A, og á meðan rætt var við A vaknaði grunur um að hann væri undir áhrifum áfengis og var hann látinn blása í áfengismæli sem sýndi 0,78% áfengismagn í öndunarsýninu. Kl. 5:15 var blóðsýni tekið hjá B til frekari rannsóknar á áfengismagni í blóði hans. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 1. nóvember 2019, mældist áfengismagn í blóðinu 0,79%. Jafnframt mældust 30 ng/ml af kókaíni í blóði B.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir M að þau hafi verið að koma úr Hlíðarfjalli en skömmu fyrir óhappið hefði D losað sig úr bílbelti og lagst í kjöltu B í einhverjum fíflaskap. Við það hefði B átt erfitt með að stjórna A. Þegar A hefði verið komin að beygjunni skammt ofan við slysstaðinn hefði D sest aftur í sæti sitt, en þar sem A hefði verið komin í beygjuna hefði B snúið stýrinu snögglega og misst stjórn á A sem hafi snúist á veginum, farið út af og oltið nokkra hringi. Í framburðarskýrslu sem tekin var af M 5. febrúar 2020 er haft eftir M að hún þekki B en hafi ekki verið með honum um kvöldið fyrir slysið. Um miðnætti hafi B hringt í hana og spurt hana hvort hún vildi „koma á rúntinn“ með honum og hafi M verið til í það. Hún hafi verið sótt og sest upp í bifreið sem B ók þó ekki. Á milli klukkan eitt og tvö um nóttina hafi B og D yfirgefið þá bifreið en M setið í henni áfram. Um klukkan þrjú hafi hún hitt B að nýju og þá sest í aftursæti A, en D verið í framsætinu við hlið B. Hafi þau farið að aka um bæinn og ekið síðan upp í Hlíðarfjall. Á leiðinni til baka hafi D hallað sér í kjöltu B og haldið í stýrið auk þess sem B hafi verið með hendurnar fastar og ekki getað snúið stýrinu. B hafi verið að reyna að beygja og verið búinn að hægja ferðina. Hafi D þá fært sig af hendi B sem þá hafi kippt óvart í stýrið. Hafi A farið út af veginum og oltið nokkrar veltur. M kvaðst ekki hafa séð B drekka áfengi eða nota vímuefni umrædda nótt og ekki vitað til þess að hann hafi verið undir áhrifum. Hafi B verið búinn að segja að hann væri „edru“ og hafi hún haldið að svo væri.

Eftir B er haft í vettvangsskýrslu lögreglu að hann hafi verið að skemmta sér fyrr um kvöldið og fengið sér átta „litla svarta Slots bjóra“ ásamt því að drekka nokkur glös af „Jack Daniels“. Einnig hafi hann þá nýtt fikniefna. Hafi hann hætt að drekka rétt fyrir klukkan eitt. Hann hafi ekið á 50-65 km hraða á klst. á leið úr Hlíðarfjalli þegar slysið varð. Hafi D hallað sér að honum og gripið í stýrið á sama tíma og B hafi verið að taka hægri beygju og hafi hann ekki getað beygt vegna truflunar frá D. Þegar D hafi sleppt stýrinu hafi hann tekið of harkalega beygju með þeim afleiðingum að A hafi farið út af.

Í framburðarskýrslu hjá lögreglu sem tekin var 24. febrúar 2020 er haft eftir D að kvöldið 30. september hafi M og B ásamt fleirum verið heima hjá henni. Bifreið B hafi verið við heimili hennar og kannski um kl. 3:45 hafi hún farið á „rúntinn“ með B. M hafi svo komið í bifreiðina og þau hefðu ekið upp í Hlíðarfjall. Hún muni ekki hvað gerst hafi á leiðinni til baka, hún muni „hluta og hluta“. Þau hafi verið í hláturskasti og farið hratt. Verið gæti að hraðinn hafi verið 50-65 km á klst. líkt og B hafi greint frá. Hún kvaðst hafa hallað sér upp að B en hafi ekki tekið í stýrið, það muni hún alveg. Kannski hafi hún rekið sig í það. Hún kvaðst hafa séð B fá sér sopa af bjór eða einhverju svoleiðis þegar þau voru heima hjá henni, einn og einn sopa, en hún hafi treyst honum þar sem hann hafi ekki litið þannig út að hann hafi verið fullur.

M varð fyrir meiðslum við veltuna og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir. V hefur viðurkennt bótaskyldu að helmingi en skerða beri bætur um helming þar sem M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að þiggja far með ölvuðum ökumanni.

Álit.

Samkvæmt fyrrgreindri niðurstöðu matsgerðar Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældist áfengismagn í blóði B 0,79% samkvæmt blóðsýni sem tekið var kl. 5:15 eða um einni klukkustund eftir slysið. Ætla má að áfengismagn í blóði B hafi verið nokkru meira þegar slysið varð. Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50%, en er minna en 1,20% telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sem í gildi voru er slysið varð. Að auki hafði B neytt kókaíns um kvöldið fyrir slysið.

B ók allhratt niður Hlíðarfjallsveg. Hann stöðvaði ekki A tafarlaust þegar D lagðist í kjöltu hans eða hallaði sér yfir hann og truflaði þannig örugga stjórn hans á bifreiðinni. Má rekja það til dómgreindarbrests af hans hálfu vegna ölvunar og jafnvel fíkniefnaneyslu. Verður slysið því að stórum hluta rakið til þess að B var undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt fyrirliðgjandi skýrslum lögreglu er að minnsta kosti ljóst að M og B voru samvistum í bifreið í um eina til tvær klukkustundir frá miðnætti slysdaginn og aftur í rúma klukkustund áður en slysið varð og þá í A sem B ók. Lögregla varð þess þegar vör á slystað að B var undir áfengisáhrifum. Þegar litið er til þess að M hafði verið í bifreið með B samtals í allt að þrjár klukkustundir áður en slysið varð verður að telja að M hafi ekki átt að geta dulist að B hafi verið undir nokkrum áfengisáhrifum við aksturinn í aðdraganda slyssins. Undir þessum kringumstæðum var það gáleysi af hálfu M að þiggja far með B og verður óhjákvæmilega við virða það sem stórkostlegt gáleysi. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 88. gr. fyrrgreindra umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Þó má lækka bætur fyrir líkamstjón eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af stórkostlegu gáleysi. Með vísan til þessa telst M eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A en að virtum öllum gögnum málsins þykir rétt að skerða bætur til hennar um 1/3 og því eigi hún að sama skapi rétt á bótum að 2/3 hlutum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 308/2021**M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um gildissvið kaskótryggingar vegna atviks 30. september 2020.****Gögn.**

Málskot, móttekið 11. ágúst 2021.
Bréf V dags. 31. ágúst 2021, ásamt tjonstilkynningu M til V.
Frekari athugasemdir M ódags.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið að aka yfir hraðahindrun þegar bifreið hans skellist eða rekst niður þannig að hún fær högg á framenda. Afleiðingar þessa hafi verið „...skemmd á húddi og öryggisbúnaði (Pup UP Hood)“.

M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V þar sem hann telur að tjón hafi orðið á bifreiðinni við „...áakstur/högg.“ á „...hraðahindrun/götu.“ í greint sinn. M vísar til 3. gr. váttryggingarskilmála þar sem áakstur sé tilgreindur sem eitt af þeim tjónsatvikum sem tryggingin tekur til. M bendir einnig á að umboðsaðili bifreiðarinnar hafi útilokað með skoðun að það hafi orðið bilun í búnaði bifreiðarinnar þannig að undanþáguákvæði gr. 5.3 í váttryggingarskilmálum eigi ekki við. M leggur áherslu á að við áakstur hafi búnaður í húddi bifreiðar hans virkjast.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að tjón á bifreið M falli ekki undir bótasvið kaskótryggingar hans þar sem það stafi ekki af þeim tjónsorsökum sem þar séu taldar upp. V telur að akstur yfir hraðahindrun geti ekki falið í sér áakstur þar sem það orð feli í sér að aka á eitthvað.

Álit.

Af gögnum málsins og lýsingu M í tjonstilkynningu og málskoti verður ekki annað ráðið en að bifreið M hafi verið ekið ofan á og yfir hraðahindrun á Langatanga þegar bifreiðin skelltist eða rakst niður með þeim afleiðingum að búnaður í húddi virkjaðist og olli þannig tjóni á bifreiðinni. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að það tjón hafi orðið á undirvagni bifreiðarinnar eða þannig að hraðahindrun sem ekið var yfir hafi verið t.d. þannig óvenjulega há að hætta væri á því að bifreiðum geti verkið ekið beint á hana. Þekkt er að ef ekið er of hratt yfir hraðahindranir getur hluti bifreiðar skellst niður á þær. Þeim aðstæðum verður ekki jafnað við áakstur í skilningi gr. 3.1 í váttryggingarskilmálum kaskótryggingar V. Verður því ekki séð af þeim gögnum sem lögð voru fram í málinu að tjón á bifreið M hafi hlotist af áakstri í skilningi skilmálanna.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 309/2021**M og****V v/ húseigandatryggingar, kaskótryggingar og innbús- og innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna vinnuslyss hinn 10. janúar 2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18. ágúst 2021.

Bréf V dags. 10. september 2021.

Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti, dags. 13. september 2021.

Tölvupóstur frá V, dags. 21. september 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram lýsing M á tjónsatviki með eftirfarandi hætti: „Var að setja bíl í hleðslu þegar tengill í vegg brann yfir og skemmdi hleðslukapal fyrir bílinn.“

M vísar til þess að V vilji setja tjónið undir kaskótryggingu en ekki húseigandatryggingu og er ósammála þeirri afstöðu. M bendir einnig á að hann telur að tengill í bílskúr hafi skemmt hitanema í kló kapals og tilheyrir sá húsi en ekki bifreið. Einnig vísar M til þess að gögn hafi ítrekað glatast hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar í fyrsta lagi til þess að M hafi ekki sannað að hleðslukapall hafi brunnið yfir. Í öðru lagi hefur V engu að síður samþykkt að greiða bætur úr kaskótryggingu ökutækis með fyrirvara um tjónaskoðun. V hefur í þriðja lagi hafnað bótaskyldu úr húseigandatryggingu þar sem V telur hleðslunúru bifreiðar ekki til tjóns á húseign eða venjulegum fylgihlutum hennar, sbr. 8. gr. váttryggingarskilmála eða að tjónsatvikið falli undir bótasvið váttryggingarinnar skv. 9. gr. sömu skilmála. Í fjórða lagi telur V að tjón M falli ekki undir gr. 1 í A hluta III. kafla innbúshluta fjölskyldutryggingarskilmála hans þar sem tilgreint er til hvaða innbús váttryggingin tekur. Þar komi fram að innbústrygging taki m.a. til auka- og varahluta sem tilheyra vélknúnu ökutæki, geymd í bílskúr eða annarri geymslu tilheyrandi lögheimili váttryggingartaka. V tilgreinir afstöðu sína þannig að það sé „...afstaða félagsins að hleðslunúran sé nauðsynlegur hluti rafmagnsbifreiðar og geti því ekki talist til aukahlutar vélknúins ökutækis sem geymd er í bílskúr eða annarri geymslu tilheyrandi lögheimili váttryggingartaka.“ V telur að með orðalaginu aukahlutir vélknúins ökutækis séu átt við þverboga, skíðafestingar, hjólafestingar, farangurskassa og annan búnað sem settur er á ökutæki en annars geymdur í geymslu. Þessu til viðbótar telur V tjón M einnig falla utan váttryggingarverndar innbúskaskóhluta fjölskyldutryggingar hans þar sem það sem skemmdist sé ekki hluti af almennu innbúi í skilningi váttryggingarskilmála.

Álit.

Eins og mál þetta er sett fram við nefndina verður það ekki skilið öðruvísi en að tjón hafi orðið á sjálfstæðum hleðslukapli fyrir rafmagnsbifreið sem settur er annars vegar í bifreiðina og hins vegar tengdur við rafmagnsinntak í húseign M. Tjón hafi við það orðið á hleðslukaplinum og ágreiningur M við V snýr að því hvort váttryggingarvernd hans í tveimur váttryggingum, húseigandatryggingu annars vegar og fjölskyldutryggingu hins vegar nái til tjónsins, en í fjölskyldutryggingunni er annars vegar í gildi innbústrygging og hins vegar innbúskaskótrygging.

Hvað varðar gildissvið húseigandatryggingar er bótaskylda háð því að tjón hafi orðið á húseign, hluta húseignar eða þess sem telst til venjulegs fylgifés húseignar, sbr. 8. gr. váttryggingarskilmála. Hleðslukapall sem ekki er skeyttur með varanlegum hætti við húseignina sjálfa telst ekki hluti hennar og verður því ekki fallist á að húseigandatrygging M nái til tjóns á hleðslukaplinum.

Hvað varðar innbúshluta fjölskyldutryggingar nær váttryggingin til þess innbús sem telst til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. gr. 1.1.1. Einnig nær váttryggingin til „Auka- og varahluta sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu váttryggðu og eru til einkaafnota, geymd í bílskúr eða annarri geymslu tilheyrandi lögheimili váttryggingartaka. Hámarksbætur eru 2% af váttryggingarfjárhæð í hverjum tjónsatburði.“, sbr. gr. 1.5. Bótasvið innbúshlutans er síðan tilgreint í gr. 3 þar sem meðal annars

kemur fram í gr. 3.12 að ef tjón verður vegna skammhlaups þá bætast skemmdir á rafmagnstækjum. Hleðslukapall er ekki rafmagnstæki og nær því það ákvæði ekki til tjóns M. Ekki verður séð að önnur tjónsatvik innbústryggingar ná til tjónsatviksins, sbr. önnur ákvæði í gr. 3 og nær innbúshluti fjölskyldutryggingar M því ekki til tjóns hans.

Að lokum verður að horfa til innbúskaskóhluta fjölskyldutryggingar M, en í þeim hluta nær váttryggingin til þess innbús sem telst til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. gr. 1, (sambærilegt við gr. 1.1.1 í innbúshluta) en ekki til aukahluta vegna vélknúinna ökutækja í gr. 1.5 í innbúshluta tryggingarinnar. Bótasvið innbúskaskótryggingar nær til þess tjóns sem verður vegna „...skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á váttryggingartímabilinu, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt öðrum ákvæðum fjölskyldutryggingarskilmálans...“, sbr. gr. 3.1 í váttryggingarskilmálunum sem tilheyra innbúskaskóhluta fjölskyldutryggingarinnar. Þó bótasvið skv. þeirri grein, þ.e. 3.1, sé uppfyllt verður að taka afstöðu til þess hvort hleðslukapall sem ætlaður er til að hlaða rafmagnsbifreið sé þess eðlis að hann teljist til almenns innbús eða persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi skv. gr. 1 í innbúskaskóhlutanum. Þeir innbúsmunir sem teljast til almenns innbús verða að vera nokkuð algengir í heimilishaldi. Þó útbreiðsla rafmagnsbifreiða hér á landi sé einhver þá telst hún ekki vera það útbreidd að hægt sé að flokka hleðslukapal sem notaður er til að hlaða slíkar bifreiðar sem hluta af almennu heimilishaldi enn sem komið er. Tjón M telst því einnig falla utan váttryggingarverndar innbúskaskóhluta fjölskyldutryggingar hans af þeim sökum, en sérstök váttryggingarvernd aukahluta vélknúinna ökutækja, sbr. gr. 1.5 í innbúshluta, gildir ekki um innbúskaskóhlutann.

Tjón hefur hins vegar verið viðurkennt af hálfu V úr kaskótryggingu og telur nefndin þar ekki ágreining um bótaskyldu sem þarf að fjalla sérstaklega um.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigandatryggingu, innbúshluta fjölskyldutryggingar eða innbúskaskóhluta fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 310/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys í frystigeymslu 1. júní 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13. ágúst 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 13. september 2021, ásamt höfnunarbréfi V dags. 19. ágúst 2020 og mynd af frystigeymslu og tröppu.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 15. september 2021.

Málsatvik.

Í málskoti er tildrögum slyss M lýst að mestu óumdeildum þannig að hún hafi verið að sækja frosna ávexti í frystigeymslu á vinnustað sínum hjá X. Þegar hún hafi komið inn í geymsluna hafi þar legið plastpallur sem hún steig upp á til að teygja sig í ávextina en þá hafi pallurinn náð að sporðreisast og við það hafi M dottið á hægri hliðina.

M telur að slys hennar sé hægt að rekja til þess að enginn stigi eða trappa hafi verið í frystigeymslunni og að starfsmenn X hafi ekki fengið leiðbeiningar um verklag við sambærilegt verk. Það hafi því tíðkast hjá starfsfólki að notað það sem tiltækt var í frystigeymslunni, palla eða kassa, fyrir uppstig og hafi yfirmenn látið það óátalið af yfirmönnum þrátt fyrir að það færi gegn öryggisreglum. M telur vinnuáðstæður hafa verið ófullnægjandi og gegn öryggisfyrirmælum í lögum nr. 46/1980 sem og reglum og leiðbeiningum Vinnueftirlitsins vegna vinnu í hæð.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur aðbúnað hafa verið fullnægjandi. V vísar til þess að almennt sé fjarlægð frá gólfi upp í efstu hillu í frystinum um 1,8 m og þurfi því yfirleitt ekki tröppu til að sækja vörur í hillur. Einnig telur V að slys M megi eingöngu rekja til gáleysis hennar sjálfrar og að trappa hafi verið tiltæk utan frystigeymslunnar ef þörf var á.

Álit.

Eins og gögn í máli þessu liggja fyrir verður að leggja til grundvallar að M hafi fallið þegar hún steig upp á plastkassa til að teygja sig upp í hillu í frystigeymslu X. Verður einnig að leggja til grundvallar að hæð þess sem geymt var í frystigeymslunni hafi getað verið allt að 1,8 metrum og að engin trappa hafi verið til staðar inni í frystigeymslunni. Ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um verklag sem fól í sér skýrar leiðbeiningar til starfsmanna X um hvernig þeir ættu að bera sig að til að ná í hluti í frystigeymslunni í þeirri hæð sem þeir gætu ekki teygt sig upp í af gólfi. Verður X að bera hallann af slíkum sönnunarskorti. Engin trappa var sýnileg í frystigeymslunni og verður að meta það X til sakar að hafa ekki skipulagt vinnuáðstæður í þeirri hæð sem M þurfti að fara í með skýrari hætti. Telst M því eiga bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þó hægt sé að meta háttsemi M til gáleysis að hafa stigið upp á lausan plastkassa, verður hún ekki metin til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993 og verður bótaréttur hennar því ekki skertur vegna hennar eigin háttsemi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 311/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu öldrunarheimilis.****Gögn.**

Málskot mótttekið 17.8.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.

Bréf V dags. 20.8.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 10-17.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 26.12.2019 hafi M verið í heimsókn hjá ættingjum á öldrunarheimilinu X. Að heimsókn lokinni, um kl. 18:00, hafi hún farið úr húsinu út um aðal inngang hússins og út á gangstéttina fyrir framan. Þegar þangað var komið hafi hún stigið í hálfu sem þar hafi myndast með þeim afleiðingum að hún féll til jarðar og slasaðist nokkuð.

Engin vitni urðu að atvikinu sjálfu en tveir hjúkrunarfræðingar öldrunarheimilisins komu málskotsaðila til hjálpar eftir slysið. Annar hjúkrunarfræðingurinn lýsir atvikum þannig að hún hafi verið á kvöldvakt á 3ju hæð hússins. Óp hafi heyrst inn um opinn glugga á herbergi og hún því hlaupið niður og út um aðalinngang hússins. Þar hafi hún strax séð hvar kona lá á götunni við upphækkun í götu fyrir framan aðalinnganginn, á vinstri hönd þegar komið er út. Hinn hjúkrunarfræðingurinn lýsir atvikum þannig að hún hafi verið að störfum á 1. hæð hússins þegar hún hafi séð hvar hinn hjúkrunarfræðingurinn hleypur eftir gangi á fyrstu hæð í átt að útgangi hússins. Hún hafi kallað og spurt hvort allt væri í lagi og fengið svar um að einhver hafi dottið fyrir utan. Hún hafi því tekið á rás á eftir henni og komið að konu liggjandi ca. 6-8 metra frá aðalinngangi hússins vinstra megin á útleið og rétt fyrir neðan upphækkun sem er á innkeyrslunni að húsinu.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna umrædds slyss enda telur hún X bera skaðabótaábyrgð vegna þess. Rökstyður M kröfu sína m.a. með því að X hafi vanrækt hálkuvarnir og að lýsing á svæðinu hafi verið ófullnægjandi. Þá vísar M til þess að um sé að ræða fjölfarna leið og að margir gestir leggi leið sína að öldrunarheimilinu. Það sé því sérstaklega mikilvægt að sinna hálkuvörnum vel á svæðinu. Enn fremur vísar M til þess að strangara sakarmat gildi um vanrækslu á hálkuvörnum í þessu tilviki samkvæmt fordæmi dóms Hæstaréttar Íslands í máli 251/2005.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að slysið hafi orðið á bifreiðastæði á akstursleið bifreiða, en ekki við gönguleið fyrir framan aðalinngang hússins. Þá vísar V til þess að snjóbræðslukerfi sé virkt meðfram húsinu og á upphækkuninni fyrir framan innganginn. Aðstæður hafi þannig verið fullnægjandi og lýsing góð. Þá hafnar V því að dómur í máli Hæstaréttar nr. 251/2005 hafi fordæmisgildi, þar sem slysið hafi átt sér stað á bifreiðaplani en ekki á gönguleið við aðalinnganginn.

Álit.

Af dómafordæmum Hæstaréttar má leiða að ríkar skyldur hvíli á hinu opinbera um hálkuvarnir við gönguleiðir og innganga um opinberar byggingar, þar sem almenningi er boðin þjónusta. Jafnframt verður að líta svo á að skylda annarra aðila í sambærilegri stöðu verði að teljast rík. Hins vegar verður ekki verður ekki ráðið af dómafordæmum, né verður með sanngjörnum og eðlilegum hætti unnt að leggja þær ríku skyldur á aðila að sambærilegar kröfur verði gerðar á öðrum svæðum, svo sem á bílastæðum eða akstursleiðum um lóðir aðila. Gögn málsins bera með sér að M hafi dottið á bílaplani á akstursleið bifreiða en ekki á gönguleið fyrir framan aðalinngang hússins. Þær ríkari skyldur sem hvíla á aðilum um að hálkuverja gönguleiðir fyrir framan fjölfarna aðalinnganga, sem leiða má af dómafordæmum Hæstaréttar eiga ekki þar af leiðandi ekki við um slysið M.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir í máli M verður því ekki talið að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M heldur verði fall hennar rakið til óhappatilviks sem X ber ekki ábyrgð á. M á þar af leiðandi ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingum X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 313/2021**M og
Vv/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu sveitarfélags vegna falls á gangstétt.****Gögn.**

Málskot, móttekið 18.8.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 3.9.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið hinn 23. mars 2020 þegar M féll um stóra misfelli í gangstétt nálægt mótum tveggja gatna í X. M fór úr axlarlið ásamt því að vera með fleiri áverka.

M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að hættuleg misfella hafi myndast í gangstéttinni þar sem reglulegu viðhaldi hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti. Þá byggir M á því að X hafi vitað um óforsvaranlegt ástand gangstéttarinnar en vanrækt að merkja eða gera við þá miklu og hættulegu skemmd sem hafi verið á gangstéttinni. Gangstéttin sé á ábyrgð X og X beri skaðabótaábyrgð á slysinu á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar og meginreglunnar um ábyrgð vinnuveitanda.

V vekur athygli á því að í málinu liggi ekkert fyrir um að X eða starfsmenn X hafi haft vitneskju um þessa misfelli. Þannig hafi engar kvartanir um misfelluna borist starfsmönnum X fyrir óhapp M. Þannig séu engin gögn í málinu sem sýni fram á að X hafi verið kunnugt um misfelluna á umræddum stað og vanrækt að bregðast við. Þá vekur V athygli á að misfellan eða sprungan hafi í raun verið það stór, líkt og fram kemur í málskoti, að hún hafi mátt vera sýnileg hverjum þeim sem þar fór um og sýndi eðlilega aðgæslu. Þannig hafi M mátt vera ljóst að umrædd skemmd hafi verið á þessum stað í gangstéttinni þegar hún gekk þar um. Af framangreindu leiði að ekkert liggi fyrir í málinu sem sýni að starfsmenn X hafi sýnt af sér vanrækslu. V telur því að framangreint slys megi ekki rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum og sé bótaskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að á tjónsdegi var nokkuð stór misfella í gangstétt nálægt nánar tilgreindum gatnamótum í X. Tjónþoli, M, ber sönnunarbyrði fyrir því að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu sökum gáleysis starfsmanna þess. Gögn málsins sýna ekki fram á að X eða starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita af misfellunni fyrir slysið og hefur slík sönnun því ekki tekist. Af framangreindu verður því ekki talið að um sé að ræða slys sem rekja má til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum og er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 12. október 2021.
Sóley Ragnarsdóttir, lögfr.

Jóhann T. Sigurðsson lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Mál nr. 314/2021**M og
V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort starfsmaður hafi orðið fyrir slysi sem bótaskyلت sé úr slysatryggingunni.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 27.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með tjónstilkynningu til V, dags. 19. febrúar 2021, tilkynnti M um slysi sem hann hafi orðið fyrir kl. 11:00 hinn 28. janúar 2021 við störf í fyrirtækinu A. Hafi hann verið að ganga frá stórum gaskút þegar annar stór kútur hafi fallið á hann og við það hafi hann fengið slink á bakið. Einnig sendi A tilkynningu um slysið til V, dags. 22. febrúar 2021, þar sem segir að 28. janúar 2021 hafi M verið að ganga frá stórum gaskút þegar annar kútur hafi fallið á hann og við það komið slinkur á bakið. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands um slysið, sem er dagsett 15. mars 2021 og undirrituð af M og A, segir að 22. janúar 2021 kl. 11:15 hafi M verið að ganga frá gaskút í grind og verið að teygja sig í „strappa“ þegar annar kútur hafi fallið á M og hann gripið kútinu í annarlegri stöðu.

Hinn 26. janúar 2021 hafði M símasamband við hjúkrunarfræðing á nánar tilgreindri heilsugæslustöð, B. Samkvæmt sjúkraskrá greindi M frá því að hann hafi verið verkjaður í baki vikuna áður og þá um morguninn hafi hann fengið tak við að fara fram úr rúminu. Hafi hann fengið þrýstingsverk í mjöðm og niður í hægra læri. Þar kom einnig fram að M hafi sögu um þrjú brjósklos í neðstu hryggjarliðum og að verkurinn nú sé á svipuðum stað og áður.

Hinn 28. sama mánaðar leitaði M til læknisins D á B. Í sjúkraskrá er vegna þessarar komu til D kemur fram að M hafi verið slæmur af bakverk síðastliðna daga, en sé gjarn á að fá þreytuverki og eymsli í bakið. Hann hafi fengið brjósklos þrisvar sinnum áður, síðast 2005. Núna hafi hann fengið smell í bakið fyrr í vikunni við vinnu og fyrir tveimur dögum hafi hann vaknað um morguninn helkvalinn. Þá segir í sjúkraskránni: „Engin rauð flögg. Engin saga um trauma.“

Hinn 4. febrúar 2021 kom M til skoðunar hjá E, yfirlækni á B. Þá er skráð í sjúkraskrá að M hafi gripið þunga gasflösku 22. janúar í vinnunni og fengið slink á bakið, hafi haft samband 26. og fengið verkjalyf í gegnum síma og þá verið frá vinnu, komið á stofu 28. janúar og þá verið frá af verkjum í bakinu og verið klínískt greindur með brjósklos.

Hinn 16. febrúar 2021 hafði M símasamband við E og er þá skráð í sjúkraskrá: „Hann er með klínískt greint brjósklos. Lýsti hvernig hann grípur þunga flösku 29/1 í vinnunni og fær slink á bakið. Er tæpur dagana á eftir, en á þriðjudagsmorgun eftir þessa dagsetningu þá vaknar hann alveg frá af verkjum í bakinu, átt erfitt með að standa uppúr rúmi og kemur í kjölfarið á heilsugæsluna.“

M kom að nýju til viðtals hjá E 25. febrúar 2021. Þá er skráð í sjúkraskrá: „Rétt saga er: grípur þunga gasflösku 22/1 í vinnunni og fær slink á bakið, hefur svo samband 26. og fær verkjalyf í gegnum síma, er þá frá vinnu, kemur á stofu 28/1, er þá frá af verkjum í bakinu og klínískt greindur með brjósklos.“ Í tengslum við þessa komu til E er jafnframt skráð: „Aðrar upplýsingar: grunur um brjósklos, upphaf einkenna koma eftir vinnuslys, þetta passar við okkar nótur.“

Í málinu liggja fyrir þrjú læknisvottorð til atvinnurekanda vegna fjarvista. Samkvæmt vottorði undirrituðu af D, dags. 28. janúar 2021, var M óvinnufær með öllu vegna sjúkdóms frá 28. janúar 2021 til 5. febrúar sama ár. Í vottorði undirrituðu af E, dags. 4. febrúar 2021, kemur fram að M hafi verið óvinnufær með öllu vegna sjúkdóms frá 28. janúar 2021 til 28. febrúar sama ár. Í vottorði E, dags. 25. febrúar 2021, segir að M hafi verið óvinnufær með vegna vinnuslyss frá 28. janúar 2021 til 15. apríl sama ár. Í þessu vottorði er jafnframt tekið fram að grunur sé um brjósklos og upphaf einkenna hafi komið eftir vinnuslys og það passi við „okkar nótur“.

Í læknisvottorði F, lækni við B, dags. 3. mars 2021, eru rakin samskipti M við hjúkrunarfræðing og lækna D og E á B líkt og að framan greinir. Í niðurlagi vottorðsins segir að ljóst sé að slysi geti espað upp brjósklos og jafnvel búið þau til en áhættan er meiri ef saga er um fyrri brjósklos. Þar segir einnig í lok vottorðsins: „Uppgjör dagsetningar á slíku slysi í þessu tilviki er pínulítið skritin.“

Í læknisvottorði E, dags, 16. júní 2021, segir að M sé hraustur sem eftir að hafa fengið slink á bakið í vinnunni, hafi farið að finna fyrir slæmum bakverk með leiðni ofan í hægri ganglim. Bakverkurinn sé skárri en hann sitji eftir með slæman leiðniverk alveg niður í „nst“.

Í ódagsettri yfirlýsingu tveggja samstarfsmanna M hjá A segir að föstudaginn 22. janúar 2021 hafi M komið inn eftir að hafa afgreitt gas og haft orð á því að hafa fengið á sig slink eftir að stór gaskútur hafi fallið á hann. Hann hafi haldi áfram að vinna og mætt í vinnu mánudaginn 25. janúar og þá verið slæmur í skrokknum. Þriðjudaginn 26. janúar hafi hann hringt og tilkynnt sig veikan og sagst vera alveg frá í bakinu.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu launþega sem A hefur í gildi hjá V. V kveður ósamræmis gæta í gögnum málsins um atvik og tímasetningar og dregur í efa að brjósklos geti verið af völdum slyss. Hefur V hafnað bótaskyldu úr slysátryggingunni.

Álit.

Samkvæmt skilmálum V fyrir slysátryggingu launþega eru launþegar í starfi hjá váttryggingartaka váttryggðir. Þá greiðir váttryggingin bætur vegna slyss sem váttryggður verður fyrir, en með orðinu „slys“ sé í skilmálunum átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Þeim sem gerir kröfu um bætur úr slysátryggingunni ber að sanna að hann hafi orðið fyrir meiðslum af völdum slyss samkvæmt framangreindri skilgreiningu.

Eins og að framan greinir gætir nokkurs misræmis í gögnum málsins hvenær umræddur tjónsátburður á að hafa gerst. Þannig er þess getið í tilkynningum M og A til V um atvikið að það hafi gerst 28. janúar 2021. Fyrst þegar slysaatviks er getið í sjúkraskrá hjá B segir að það hafi verið 29. janúar. Í öðrum gögnum segir að það hafi verið 22. janúar 2021. Engar haldbærar skýringar hafa komið fram á ástæðu þessa misræmis. Er M kom fyrst til skoðunar hjá lækni kom fram að engin saga væri um „trauma“ sem vart verður skilið örðuvísi en að ekki væri saga um meiðsl eða annars konar ytri áverka. Engin vitni munu hafa verið að umræddu atviki og er M einn til frásagnar um það sem mun hafa gerst. Ekki er ljóst hvort gaskútur hafi fallið á M eða hann gripið kút sem hafi verið að falla á hann. Að öllu virtu verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að M hafi hinn 22. janúar 2021 orðið fyrir meiðslum á líkama af völdum skyndilegs utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er samkvæmt skilmálum slysátryggingarinnar. Hann telst því ekki eiga rétt á bótum úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 315/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar eiganda vínveitingastaðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er maður meiddist á trépalli fyrir utan vínveitingastað.****Gögn.**

Málskot, móttækið 23.8.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 1.10.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kveðst M hinn 31. mars 2019 hafa verið staddur á vínveitingastaðnum A í eigu fyrirtækisins B. Hafi hann þá farið út á viðarpall fyrir utan A til að hringja í félaganinn. Á meðan á símtalinu stóð hafi hann gengið um pallinn og í einu skrefinu sem hann tók hafi hann stigið í gegnum fjöl á pallinum með þeim afleiðingum að hann hafi orðið fyrir meiðslum m.a. á ökkla, hné og úlnlið. Af þessum sökum hafi hann orðið óvinnufær eftir slysið. Hinn 5. apríl sama ár sendi M að því er virðist smáskilaboð til A þar sem hann upplýsti A um atvikið. Þar kom fram að atvikið hafi gerst er klukkan var rúmlega tvö eftir miðætti fyrrgreindan dag þegar pallurinn hafi brotnað undan honum og hann dottið með annan fótinn í gegn og orðið fyrir meiðslum eins og að framan greinir. Kveður M að pallurinn hafi ekki verið í nægilega góðu ásigkomulagi sem hafi orðið til þess að fjölin gaf sig undan honum þegar hann gekk um pallinn. Hefur V krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

V kveður að samkvæmt upplýsingum frá B hafi starfsfólk á staðnum séð M stökkva niður af borði eða handriði sem væntanlega hafi orðið til þess að fjöl í pallinum hafi gefið sig. Sé því hafnað sem ósönnuðu og ótrúverðugu að pallurinn hafi gefið sig við það að M hafi staðið á honum. Það hafi verið fyrst morguninn eftir sem starfsfólk á staðnum hafi tekið eftir að pallurinn var brotinn. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en M hafi yfirgefið A án þess að gera starfsfólki staðarins viðvart um meiðsl sín. Þá verður heldur ekki ráðið að vitni hafi orðið að því atviki er M kveðst hafa stigið í gegnum fjölinn í pallinum. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á pallurinn hafi verið vanbúinn eða á annan hátt stafað hætta af gólfjöllum pallsins fyrir gesti staðarins. Þá verður ekki ráðið að starfsfólk A hafi mátt gera sér grein fyrir að meiðsl hafi hlotist af skemmdum í pallinum þegar það varð skemmdanna vart daginn eftir þannig að þeim hafi borið að gera víðhlítandi ráðstafanir til að láta fara fram hlutlausu rannsókn á orsökum skemmdanna. Verður samkvæmt framangreindu ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar pallsins, hættulegra eiginleika hans að öðru leyti eða annarra atvika sem B sem eigandi A getur borið ábyrgð á. M telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 316/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Sakarskipting vegna áreksturs á gatnamótum Sæbrautar og Kleppsmýrarvegs 3. júní 2021. .****Gögn.**

Málskot, móttakið 20. ágúst 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 1. september 2021, ásamt PC-crash hraðaútreikningsskýrslu dags. 21. júní 2021 og tölvupósti bróður M til V dags. 8. júní 2021.

Málsatvik.

Í tjónstillkynningu vegna áreksturs kemur fram að bifreiðinni A var ekið vestur Kleppsmýrarveg inn á gatnamót við Sæbraut með fyrirhugaða akstursstefnu suður Sæbraut. Bifreiðinni B var ekið af stað af Sæbraut í suðurátt inn á gatnamótin þegar grænt ljós kviknaði fyrir umferð úr þeirri átt. Árekstur varð inni á gatnamótunum þegar bifreið B var ekið inn á þau og bifreið A var enn inni á gatnamótunum. Vitni segir í skýrslu að bifreið A hafi verið ekið inn á gatnamótin gegn grænu ljósi og sá framburður er í samræmi við framburð M sem ökumanns bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B telur að bifreið A hafi verið ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi ekki gefið ökumanni bifreiðar A kost á því að hreinsa gatnamót.

V vísar til 10. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sem hljóðar svona: „Á vegamótum þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum má ökumaður eigi aka inn á vegamótin á grænu ljósi ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni að hann muni eigi komast yfir vegamótin áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð úr þverstæðri átt. Á sama hátt má eigi aka af stað eftir að grænt ljós hefur kviknað hafi umferð úr þverstæðri átt ekki komist út af gatnamótunum.“. V telur hvorugan ökumann hafa gætt nægilega að sér og eðlilegast að skipta sök til helminga.

Álit.

Í málinu liggur fyrir skýrsla þar sem framburður vitnis sýnir að bifreið A var ekið inn á gatnamót gegn grænu ljósi. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður bifreiðar A hafi verið ljóst af aðstæðum í umferðinni að hann kæmist ekki yfir vegamót áður en grænt ljós kviknaði úr þverstæðri átt, sbr. fyrirmæli 10. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ljóst er hins vegar að ökumaður bifreiðar B ók af stað án þess að gefa ökumanni bifreiðar A tækifæri til að komast út af gatnamótunum og gengur það skýrlega gegn fyrirmælum sama lagaákvæðis. Verður því öll sök á árekstrinum lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á árekstri við bifreið A.

Reykjavík, 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 317/2021**V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Sönnun tjónsatviks við Keflavíkurflugvöll 28. desember 2019.****Gögn.**

Málskot, móttekið 18. ágúst 2021.

Bréf V dags. 8. september 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram sú frásögn lögmanns M að M hefi verið við vinnu sína sem fararstjóri að ganga með farþega yfir gangbraut við Keflavíkurflugvöll þegar hópbifreiðinni X hafi verið ekið aftan við hann og skyndilega flautað. Í þann mund sem hann kveðst hafa litið snögg við hafi bifreiðinni X verið ekið utan í hann þannig að hún lenti á hægri hlið hans og höfði. Í gögnum málsins er m.a. ódagsett atvikaskýrsla þar sem M lýsir því að ekið hafi verið á hann sem bílstjóra, framburðarskýrsla M hjá lögreglu dags. 6. mars 2020 og upplýsingaskýrsla lögreglunnar dags. 14. mars 2020. Í þeirri upplýsingaskýrslu kemur fram að ekki hafi verið hægt að ná sambandi við ökumann bifreiðarinnar X en skv. upplýsingum frá vinnuveitanda hans hafi ágreiningur verið fyrir meint atvik milli M og ökumannsins sem hann saki um að hafa ekið á sig. Einnig kemur fram að M neitar því að kannast við ökumann bifreiðarinnar X og af myndbandsupptökum sem lögreglan yfirför sjáist atvikið ekki.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X og að tjón sé sannað. M vísar til fjölda samtímagagna um tjónsatvikið, hann hafi skrifað atvikaskýrslu hjá eiganda X, atvikið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins, M hafi leitað daginn eftir til bráðamóttöku og verið sendur til sjúkráþjálfara. Einnig vísar hann til frásagnar leiðsögumanns sem hafi sent tölvupóst 20. janúar 2020 um atvikið. Einnig telur M óskýrt í lögregluskýrslu hvernig farið var yfir gögn úr eftirlitsmyndavélum.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að bifreiðinni X hafi verið ekið á M. V bendir á að ökumaður bifreiðarinnar X kannski ekki við að hafa ekið á M og almennar upplýsingar liggi fyrir um deilur þeirra á milli fyrir hið meinta tjónsatvik. Einnig bendir V á að við skoðun lögreglu á myndbandsupptökum af svæðinu hafi ekkert sést sem bendi til þess að M hafi verið á svæðinu á þeim tíma sem hann kveðst hafa slasast. V telur einnig að m.v. læknisfræðileg gögn hafi ekki verið sjáanlegir áverkar á M eftir það atvik sem hann lýsir og telur hæpið að hann hafi getað staðið af sér áakstur bifreiðarinnar X án sjáanlegra áverka. Einnig telur V að efni tölvupósts þess sem M vísar til sem vitnis hafi takmarkað sönnunargildi.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort sýnt hafi verið fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna notkunar bifreiðarinnar X hinn 28. desember 2019. Lýsing M af atvikum fær enga stoð í myndbandsupptökum af svæði því sem hann gekk um í greint sinn. Engin skýrsla liggur fyrir af ætluðum ökumanni bifreiðarinnar X og tölvupóstur dags. 20. janúar 2020 geymir ekki upplýsingar um nöfn eða nákvæma staðsetningu, né heldur frekari upplýsingar um þann sem tölvupóstinn sendir. Rýrir það sönnunargildi hans. M ber sönnunarbyrði um að það atvik sem hann telur hafa valdið líkamstjóni sínu hafi átt sér stað. Eins og gögn málsins liggja fyrir nefndinni telst sú sönnun ekki komin nægilega vel fram. Hallann af því ber M og á grundvelli áðurnefndra gagna á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 318/2021**M og
V v/ heimilistryggingar.****Ágreiningur um hvort atvik hafi átt sér stað við keppni eða æfingu fyrir keppni í körfubolta****Gögn.**

Málskot móttakið 20.08.2021 ásamt fylgiskjölum 1-15.

Bréf V dags. 07.09.2021 ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir M dags.21.09.2021.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M sé með heimilistryggingu hjá V sem taki m.a. til slysa sem verða við almenna íþróttaiðkun, en undanskilin séu slysa sem verði í keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum á vegum sérsambanda ÍSÍ eða skráðra félaga. Hinn 4. nóvember 2019 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við spilun körfubolta. V hafi hafnað bótaskyldu, með bréfi dags. 13. júlí 2021, á grundvelli framangreinds undantekningarákvæðis og um það hverfist ágreiningur aðila. M byggir á því að æfingin hafi í raun verið „bumbuboltaæfing“ fyrir gamla liðsmenn félagsins. M hafi ekki keppt eða æft körfubolta síðan árið 2001 en hafi mætt á umrædda æfingu og nokkrar aðrar á árinu 2019 til að rifja upp gamla takta og leika sér. Æfingin hafi ekki verið liður í keppnisundirbúningi og hann sé að auki ekki skráður leikmaður í liðinu, þó hann hafi alltaf verið skráður hjá félaginu. Æfingar liðsins séu opnar öllum og sé það staðfest af umsjónarmanni bumbuboltaæfingarinnar sem jafnframt beri að æfingin hafi ekki verið til undirbúnings keppni eða móts. Hafi því aðeins verið um að ræða íþróttaiðkun til skemmtunar eins og megi raunar ráða af því sem fram komi í tjönstilkynningu M til V.

Í bréfi V kemur fram að hinn 10. maí 2021 hafi félagið óskað eftir staðfestingu þess að M hafi verið við æfingu eða í keppni fyrir umrætt körfuknattleikslið. Því hafi verið svarað til að um bumbubolta fyrir gamla liðsmenn hefði verið að ræða og alla sem vilji leika sér í körfubolta. Einnig hafi borist staðfesting þess efnis að M hafi verið á æfingu liðsins. Umrætt lið sé skráð í 3. deild karla innan Körfuknattleikssambands Íslands sem sé eitt af sérsamböndum ÍSÍ. Það sé því enginn vafi á því að æfingar liðsins séu æfingar til undirbúnings keppni innan sérsambands ÍSÍ. Þá hafi liðið spilað keppnisleiki 30. október 2019 og aftur 16. nóvember 2019 og sé því ekkert álitamál að æfing sem hafi farið fram milli þessara leikja hafi verið æfing til undirbúnings keppni. Það skipti þá ekki máli þó M sjálfur hafi ekki tekið þátt í keppni enda falli æfingin sem slík undir umrætt undanþáguákvæði. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M sé 43 ára gamall, keppi ekki í körfubolta og hafi ekki gert það um margra ára skeið. Hann hafi ekki verið skráður sem keppandi í þeim leikjum liðsins sem V vísi til. Hann hafi því aðeins verið að spila bumbubolta og hitta gamla vini og beri umsjónarmaður æfingarinnar vitni um það. Hafi það sem fram komi í vitnisburði hans ekki verið hrakið af V sem beri þá sönnunarbyrði um annað.

Álit:

Í 9. gr. 4. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála segir að vátryggingin taki til slysa sem verði við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin séu þó slysa sem verði í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum, m.a. hjá félögum innan sérsambanda ÍSÍ. Þar sem um undantekningarákvæði er að ræða hvílir það á V að sýna fram á að atvik falli innan þess. Meðal málsgagna er yfirlýsing umsjónarmanns viðkomandi liðs þar sem er staðfest að M hafi verið á æfingu að „spila og leika sér“. Þar segir einnig að æfingar hjá liðinu séu „öllum opnar og krefjast ekki þátttöku í mótum eða leikjum. Stærstur hluti þeirra sem sækja æfingar eru að hafa gaman og hitta félagi“ og „Æfingin var ekki með þeim hætti að þar var verið að undirbúa sig vegna keppni eða móts.“ Þessar lýsingar eru í samræmi við framburð M sjálfs. V vísar hins vegar til þess að samkvæmt leikjaplani hafi umrætt lið spilað keppnisleiki hinn 30. október og aftur hinn 16. nóvember 2019 og því sé augljóst að um æfingu til undirbúnings keppni hafi verið að ræða. Ekki liggur hins vegar fyrir neinn leikmannalisti vegna fyrri leiksins eða upplýsingar um að fyrirhugað hafi verið að M tæki þátt í seinni leiknum hefðu meiðsli hans ekki komið til. Með hliðsjón af öðrum gögnum, og lýsingu umsjónarmanns liðsins á eðli umræddra æfinga, verður því ekki talið sýnt fram

á að M hafi, er hann meiddist, verið á æfingu til undirbúnings keppni í körfuknattleik. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að bótaskylda sé til staðar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr heimilistryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 319/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitafélagsins A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss hinn 30. nóvember 2013.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20.08.2021, ásamt fylgiskjölum 1-15.

Bréf V dags. 06.09.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 14.09.2021, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. nóvember 2013 hafi M, þá ellefu ára, verið gestkomandi í sveitarfélaginu A. M og annar drengur hafi þá farið að sundlaug í eigu A og farið upp á þak sundlaugarhússins, en um lága byggingu sé að ræða og aðgengi að þakinu auðvelt. Drengirnir tveir hafi gengið um á þakinu, en hafi brugðið við þegar bifreið ók framhjá, og hafi M fallið í gegnum þakglugga á húsinu og lent á gólfi búningsklefa sundlaugarinnar og muni næst eftir sér er hann vaknaði á sjúkrahúsi meira en sólarhring síðar. Glími M enn við heilsufarsafleiðingar slyssins. Hinn 16. apríl 2020 hafi M tilkynnt V um tjón sitt en bótaskyldu hafi verið hafnað með bréfi félagsins dags. 23. nóvember 2020 þar eð félagið teldi að tjón M yrði ekki rakið til sakar A. Er þeirri afstöðu mótmælt þar sem A, sem eigandi fasteignarinnar, beri, á grundvelli sakarreglunnar, ábyrgð á líkamstjóni sem hljótist vegna vanbúnaðar hennar. Við gerð mannvirkja sem sérstaklega eru útbúin fyrir fjöldasamkomur, og við sundlaug sé fyrirséð að fólk safnist saman, verði að hafa í huga þá tilhneigingu barna og unglunga að þrila upp á slík mannvirki og hafi tíðkast hjá börnum í sveitarfélaginu að klifra upp á þetta tiltekna þak. Að mati M hafi umrædd fasteign verið vanbúin í tvennum skilningi. Annars vegar hafi aðgengi á þak sundlaugarinnar verið of auðvelt og hins vegar hafi plexíglериð í þakglugganum hvorki uppfyllt þær öryggiskröfur sem gerðar séu til þakglugga né verið í samræmi við hönnunargögn fasteignarinnar. Í ljósi þess hve auðvelt hafi verið að klifra upp á þak byggingarinnar hafi verið verulega athugasemdir að ekki væri öryggisgler í glugganum eins og lög og reglur geri ráð fyrir. Vísar M þá til ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Orsök slyssins sé aðallega að rekja til þess að plexíglериð í glugganum hafi ekki uppfyllt kröfur um álag, þykkt og önnur gæði þakglers. Við ástandsskoðun, sem framkvæmd hafi verið í febrúar 2019 komi þá fram að ástand fasteignarinnar sé almennt nokkuð slæmt. Sé bótaskylda samkvæmt framangreindu fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A, enda megi rekja tjón M til saknæmrar háttsemi af hálfu þess.

Í bréfi V til nefndarinnar er því hafnað að slys M megi rekja til vanbúnaðar umræddrar fasteignar. Fasteignin uppfylli allar þær kröfur sem hafi verið gildi við byggingu hennar. Þess utan sé hvergi kveðið á um það í reglugerð 112/2012 að óyggjandi skylda hafi hvílt á A um að takmarka aðgengi barna upp á þak hússins, né komi fram að plexíglериð hafi ekki uppfyllt öryggiskröfur. Plexígleri hafi mikinn höggstyrk og sé oft notað í þakglugga. Skýrsla um ástandsskoðun fasteignarinnar sé umræddu slysi óviðkomandi, enda sé ekkert orsakasamhengi milli þess sem þar komi fram um viðhaldsþörf fasteignarinnar og slyss M. Þá megi ráða af lögregluskýrslu að M hafi umrætt sinn stokkið á gluggann og gler hans gefið sig af þeim völdum. Alls ósannað sé að slys M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem A beri ábyrgð á og er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M eru ítrekaðar áður fram komnar kröfur og röksemdir. Þá er því sérstaklega mótmælt að A hafi ekki borið skylda til að grípa til ráðstafana til að takmarka aðgengi barna að þaki hússins. Almennt þurfi að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna sem almenningur eigi aðgang um og vísar M til dómafordæma því til stuðnings. Enn fremur geti eigandi fasteignar bakað sér refsíábyrgð vanræki hann eftirlits- og viðhaldsskyldur sínar. Það hafi ekki verið ófyrirsjáanlegt að börn kæmust upp á þakið, og aðstæður á þakinu hafi verið hættulegar. Liggi þá fyrir að fasteignin hafi þarfnast viðhalds um árabil, án þess að A hafi gripið til viðhlítandi aðgerða. Hvað varði plexíglериð þá liggi fyrir að ekki hafi verið skipt um það frá byggingu hússins árið 1975 og hafi því verulega dregið úr öryggi þess vegna veðrunar og sólarljóss. Þessir annmarkar á fasteigninni verði metnir A til sakar. Þá séu orsakatengsl milli einkenna M og umrædds slyss og beri því að fallast á bótakröfu hans.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna umrædds slyss. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess, aðstæðna eða atvika sem það ber ábyrgð á og sönnunarbyrðin hvað það varðar hvílir á M. Meðal gagna málsins fyrir nefndinni er ástandsskýrsla verkfræðistofu um umrædda sundlaug en skoðun hennar fór fram í janúarmánuði 2019. Má ráða af skýrslunni að byggingin beri merki hrörnunar og þarfnist töluverðra viðgerða. Einn kafli skýrslunnar fjallar um glugga og hurðir hússins. Kemur þar fram að ástand glers og glugga sé misjafnt og að viðhalds sé þörf. Þá kemur fram að þak við aðalinngang sé talið ónýtt. Að öðru leyti virðist skoðun á þakinu ekki hafa farið fram við gerð umræddrar skýrslu, né er þar að finna sérstaka umfjöllun um gler í þakgluggum eða ástand þess. Þá hefur M lagt fram fundargerðir sveitarstjórnar A þar sem fram kemur að ástand sundlaugarinnar hafi nokkrum sinnum komið til umræðu. Enn fremur liggur fyrir nefndinni hluti BA-ritgerðar þar sem fjallað er um umrædda sundlaug og kemur þar fram að ytra byrði sundlaugarinnar sé í slæmu ástandi. Í þessum gögnum er þó ekki fjallað sérstaklega um ástand glers í þakgluggum byggingarinnar. Hefur M því ekki tekist að sýna fram á að ástand eða frágangur glersins hafi verið óviðundandi, og hefur ekki verið sýnt fram á að slys M sé að rekja til þess. Þá er í lögregluskýrslu, dags. 2. desember 2013, tekið fram að leiða megi líkur að því að M hafi stökkið á umræddan glugga frekar en að hann hafi gefið sig undan þunga hans. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að aðkoma að húsinu eða notkun þess hafi verið með þeim hætti að A hafi borið sérstök skylda til að varna aðgengi að þaki þess, og er ekki sýnt fram á að um augljósa slyshættu hafi verið að ræða. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni telst því ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til athafna eða athafnaleysis A eða atvika sem það beri ábyrgð á. Er samkvæmt framansögðu óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins A hjá V.

Reykjavík 28. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 320/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar orkuveitunnar E.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á raftækjum af völdum rafmangstruflana.**Gögn.**

Málskot, móttækið 13.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 8.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21. júní 2020 urðu skemmdir á ýmsum raftækjum í eigu M í húseigninni A. Á sama tíma var B, eigandi M á tali við D, starfsmann orkuveitunnar E, fyrir utan A. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti munu þeir hafa orðið þess varir að ljós í bílskúr við A hafi flökt og dofnað þar til þau hafi slökknáð alveg. Í sama mund hafi heyrst hljóð, eins konar rafsuðuhljóð, úr tengiskáp í eigu E sem hafi verið staðsettur við A. Hafi D strax gert sér grein fyrir hvað hafi verið að gerast í tengiskápnunum, að líklegast væru straumskinnur í skápnunum að brenna. Hafi bruninn staðið yfir í 40 til 45 mínútur. B hafi hringt í bakvakt E og tilkynnt um atvikið. Viðgerðarmaður hafi komið til að gera við skápinn en þá hafi engin hljóð heyrst lengur frá honum.

Í tölvubréfi E til V, dags. 26.8.2020, kemur fram að D, starfsmaður E, hafi verið á staðnum sem segist, líkt og B, fyrirsvarsmaður M, hafa heyrt óhljóð í dreifiskáp úti í götu. Verkstjóri hafi verið kallaður til og ekkert óeðlilegt séð í skápnunum. Daginn eftir hafi hann sent starfsmenn á staðinn sem hafi staðfest að ekkert hafi verið óeðlilegt að sjá í skápnunum og allar tengingar hafi verið vel hertar. Í framhaldinu hafi verið sett upp mæling í A um vikutíma en ekkert óeðlilegt komið upp í þeirri mælingu. Ekkert hafi verið að spennu í nágrenninu eða þeirri götu sem A stendur við og ekkert flökt eða slíkt hafi komið fram í eftirlitskerfum E. Í málinu liggur fyrir skráning í gæðakerfi E vegna þessa atviks, sem er í samræmi við það sem segir hér að framan.

Í greinargerð M með málskoti kemur fram að lekaliði í aðaltöflu A hafði slegið út og tjón orðið á heimilistækjum í þremur íbúðum en hver íbúð hafi sér greiningatöflu. M kveður ljóst að bruni hafi átt sér stað í tengikassanum og það sé sönnun þess að bilun hafi orðið í tengiskápnunum og valdið spennubreytingum sem hafi haft áhrif á rafkerfi A með þeim afleiðingum að raftæki skemmdust. Hefur M krafist bóta fyrir tjónið úr ábyrgðartryggingu E hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Líkt og að framan getur greindist engin bilun í tengiskápnunum við A strax í kjölfar þess að atvikið gerðist sem einnig var staðfest við nánari skoðun daginn eftir. Engin haldbær skýring liggur fyrir um það hvað hafi valdið atvikinu. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að skemmdir á raftækjum í A megi rekja til bilunar í umræddum tengikassa eða annarra atvika sem E ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 321/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss hinn 7. nóvember 2018.**Gögn.**

Málskot móttakið 25.08.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 31.08.2021 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 17.09.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 7. nóvember 2018 hafi M orðið fyrir slysi við störf sín hjá A. M hafi verið að keyra ökutæki inn um hurð á vinnustað sínum. Hurðin hafi verið sjálfvirk og átt að opnast og lokast eftir skynjun nema á hreyfingu við hurðina. Þegar M hafi keyrt inn um hurðina hafi hún hins vegar byrjað að lokast og M rekið höfuðið í hana. Augljóst sé, samkvæmt gögnum málsins, að skynjararnir hafi ekki virkað sem skyldi og sé það augljóslega á ábyrgð A. Sé því gerð krafa um bætur vegna líkamstjóns M úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Í bréfi V kemur fram að umrædd hurð og skynjari séu í húsakynnum X og þar af leiðandi í eigu og á ábyrgð þess félags en ekki A. Þá hafi engar athugasemdir vegna virkni skynjarans borist A og ekkert bendi til þess að hann hafi verið bilaður fyrir eða eftir slys M og sé hann enn í notkun. Þá bendi lýsing M á atvikum, eins og hún komi fram í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 28. janúar 2019, til þess að slysið megi rekja til aðgæsluleysis hans sjálfs, en þar komi fram að samstarfsmaður hafi kallað á M þegar hann ætlaði í gegnum hliðið. Hann hafi því snúið sér við og ekki séð þegar hliðið lokaðist. Þegar hann hafi snúið sér aftur við hafi hurð hliðsins verið í andslitshæð og hann rekist á hana. V hafnar samkvæmt framansögðu bótaskyldu á grundvelli þess að ekkert bendi til þess að slys M sé að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi A, starfsmanna þess eða annars sem það beri skaðabótaábyrgð vegna.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að umræddur skynjari hafi verið bilaður og að slík bilun sá á ábyrgð A, og augljóst sé af fyrirliggjandi gögnum að slys M verði ekki rakið til annarra þátta. Sé bótaskylda því fyrir hendi.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna umrædds slyss. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og sönnunarbyrðin hvað það varðar hvílir á M. Tildrög slyssins eru að vissu leyti óljós, þ.e. hvort það sé að rekja til aðgæsluleysis M sjálfs sem sneri sér frá hliðinu eða bilunar í skynjaranum, en jafnvel þó sýnt væri fram á bilun skynjarans umrætt sinn er það ekki svo að A beri hlutlæga ábyrgð á umræddum skynjara. Hafi bilun verið til staðar liggur þá ekkert fyrir um eðli eða orsök hennar né að bilunin hafi verið þekkt fyrir atvikið eða að A hafi borist kvartanir vegna umrædds skynjara. Þá er ekki sýnt fram á að skynjarinn eða annar aðbúnaður við hurðina hafi verið vanbúinn að öðru leyti. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem A beri skaðabótaskyldu vegna og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 5. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 322/2021**M og
V v/ sjúkdómatryggingar.****Gildissvið váttryggingarskilmála vegna heyrnarleysis.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26. ágúst 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 8. september 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf lögmanns M, dags. 21. september 2021.

Málsatvik.

M er váttryggður með sjúkdómatryggingu hjá V og tilkynnti um tjón hinn 15. september 2020. Í málskoti kemur fram að heyrn M hafi byrjað að hraka í kjölfar slysa árið 2003 en hann hafi fengið staðfestingu á algerri heyrnarskerðingu 17. ágúst 2020 þegar hann fékk heyrnartæki hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni. Í gögnum málsins liggja fyrir ítarlegar heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrá M. Í sjúkdómatryggingarskilmálum V kemur fram skv. viðbótarþáttum sjúkdómatryggingar M geti hann átt rétt á bótum úr tryggingunni ef ákvæði um heyrnarleysi er uppfyllt. Það ákvæði er orðað með eftirfarandi hætti:

„*Heyrnarleysi*

Algjör, varanlegur og óbætanlegur heyrnarmissir á báðum eyrum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfestur af sérfræðingi í háls, nef og eyrnalækningum og niðurstöðum heyrnarmælinga“.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi úr sjúkdómatryggingu sinni á grundvelli ofangreinds ákvæðis. M vísar til þess að læknisfræðileg gögn sýni að M hafi verið orðinn algjörlega heyrnarlaus á hægra eyra í desember 2018, sbr. sjúkraskrárfærsla þar um. Einnig vísar M til þess að kuðungsígræðslur á vinstra eyra sem hafi verið framkvæmd á árinu 2015 og hægra eyra á árinu 2020 hafi haft takmörkuð áhrif. M bendir á að heyrnarmælingar sem gerðar voru árið 2020 hafi sýnt algert heyrnarleysi án tækja, auk þess sem heyr hans með tækjunum hafi verið langt frá því að vera fullkomin, auk þess sem þeim hafi fylgt bæði tinnitus og höfuðverkur. M telur að túlka eigi ákvæði í váttryggingarskilmálum með markmiðsskýringu og með hliðsjón af tækniþróun og telur að þó búið sé að þróa heyrnartæki sem geta veitt heyrnarlausum brot af eðlilegri heyrn sé heyrnarleysið sem slík algert og óbætanlegt. Í samamburði við þetta verði tap á útlími ekki að fullu bætt með gerviútlím. Einnig telur M að líta verði til 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936. Þar komi fram að allar undantekningar eða óljós ákvæði í stöðluðum samningsskilmálum beri að túlka þröngt og þeim aðila í óhag sem samdi samningsskilmálanna. Einnig vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 280/2020 máli sínu til stuðnings. M telur markmið ákvæðis váttryggingarskilmála vera að bætur séu greiddar ef algert heyrnarleysi sé staðreynt og þannig sé ástand hans.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ákvæði váttryggingarskilmála sem marka bótaskyldu váttryggingarinnar ekki uppfyllt. V vísar til þess að með algjörum, varanlegum og óbætanlegum heyrnarmissi á báðum eyrum sé átt við að váttryggður hafi misst alla heyrn á báðum eyrum og sá heyrnarmissir sé óbætanlegur með læknismeðferð eða heyrnartækjum. V vísar til þess að M hafi farið í kuðungsígræðslu árin 2015 og 2020 heyrnarmæling hinn 10. desember 2020 sýni að heyrn M hafi verið verulega bætt og ákvæði váttryggingarskilmála um bótaskyldu því ekki uppfyllt. Einnig telur V að ákvæði skilmálanna sé ekki óskýrt eða vafa leika á túlkun þess. V telur ákvæðið algjörlega skýrt um að heyrnarmissir verði að vera algjör, varanlegur og óbætanlegur á báðum eyrum til þess að bætur verði greiddar úr tryggingunni. Í íslenskri orðabók sé skýring á orðinu óbætanlegur, það sem ekki er hægt að bæta og í tilviki M hafi verið hægt að bæta heyrn hans með kuðungsígræðslu.

Álit.

Ágreiningur málsins beinist aðallega að því hvort ástand M sé þannig að það nái undir bótaskyldu sjúkdómatryggingar hans hjá V. Ákvæði váttryggingarskilmála um bótaskyldu vegna heyrnarleysis er sem áður segir orðað með þeim hætti að með heyrnarleysi sé átt við algjöran, varanlegan og óbætanlegan heyrnarmissi á báðum eyrum vegna sjúkdóms eða slyss og að hann sé staðfestur af sérfræðingi í háls, nef og eyrnalækningum og niðurstöðum heyrnarmælinga.

Í gögnum málsins eða röksemdum M vegna málskotsins liggur ekki fyrir með skýrum hætti að sérfræðingur í háls, nef og eyrnalækningum hafi staðfest algjöran, varanlegan og óbætanlegan heyrnarmissi á báðum eyrum. Niðurstöður heyrnarmælingar sína ennfremur að M hefur einhverja heyrn eftir kuðungsígræðslur í eyru. Verður því ekki hægt að álykta af þeim gögnum sem liggja fyrir að skilyrði í ákvæði skilmála sjúkdómatryggingar hjá V sé uppfyllt til greiðslu bóta.

Hvað varðar túlkun á ákvæði vátryggingarskilmálanna er ekki hægt að líta svo á að orðalag þess sé óskýrt eða í málinu sé sá vafi að túlka eigi ákvæðið þannig að þeir hlutlægu mælikvarðar sem vísað er til þar, þ.e. staðfesting sérfræðings og heyrnarmæling, eigi ekki við. Ekki verður heldur litið framhjá almennri orðskýringu á orðinu óbætanlegur, en miða við hana verður að skilja ákvæði skilmálanna með þeim hætti að vátryggður hafi ekki möguleika til að bæta heyrnarskaða með t.d. heyrnartækjum. Ekki verður því séð að ákvæði 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 eigi sérstaklega við. Verður heldur ekki ráðið af skilmálunum að markmið þeirra sé þannig að hægt sé að líta framhjá orðinu óbætanlegur í títtnefndu skilmálaákvæði.

M hefur því ekki, með þeim gögnum sem liggja fyrir í máli þessu, sýnt fram á að skilyrði vátryggingarskilmála um heyrnarleysi skv. bótasviði sjúkdómatryggingar V sé uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 325/2021**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A****Ágreiningur um greiðslu kostnaðar vegna álitserðar Örorkunefndar.****Gögn.**

Málskot, móttækið dags. 26.08.2021, ásamt fylgiskjölum 1-16.

Bréf V, dags. 22.09.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 23.09.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 19. apríl 2019 hafi M slasast við akstur á A. Ekki var ágreiningur um bótaskyldu sem slíka, og leituðu M og V sameiginlega mats á afleiðingum slyssins á heilsufar M. Matsgerð hafi legið fyrir 6. júlí 2020, og samkvæmt henni hafi varanlegur miski verið 7 stig og varanleg örorka 7%. M hafi talið afleiðingar slyssins vanmetnar og óskað eftir því við örorkunefnd að málið yrði tekið til meðferðar hennar. V hafi fengið afrit þeirrar beiðni og boðun á matsfund. Niðurstaða Örorkunefndar hafi legið fyrir hinn 11. apríl 2021, og samkvæmt henni sé varanlegur miski M vegna slyssins 8 stig og varanleg örorka 8%. Í kjölfarið hafi M gert kröfu á hendur V um að félagið greiddi bætur til samræmis við niðurstöðu nefndarinnar. Auk þess hafi verið gerð krafa um greiðslu vaxta, lögmannskostnaðar vegna kröfunnar og kostnaðar við öflun álitserðar Örorkunefndar. V hafi hafnað síðastnefnda kröfuliðnum, en kostnaður M vegna álitserðarinnar hafi numið 315.000 kr. M telur öflun álitserðarinnar eðlilegan þátt gagnaöflunar, sbr. 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá teljist sá kostnaður til sjúkrakostnaðar, sbr. 1. gr. sömu laga. Niðurstaða Örorkunefndar hafi verið grundvöllur bótauppgjörs milli aðila, og þá sýni niðurstaða hennar að fullt tilefni hafi verið fyrir M að leita hennar. Þá varði ágreiningur aðila ekki fjárhæðina sem slíka, heldur einungis greiðsluskyldu V vegna þessa þáttar kröfu M. Er þess því krafist að V endurgreiði M kostnað vegna umræddrar álitserðar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar krefst V í fyrsta lagi frávísunar þar sem um sé að ræða ágreining um bótafjárhæðir, og nefndin úrskurði ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki allra málsaðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar. Samþykki V liggi ekki fyrir. Verði málið tekið til efnislegrar afgreiðslu hafnar V hins vegar kröfunni. Óumdeilt sé að kostnaður við öflun matsgerðar fyrir málhöfðun falli undir ákvæði 1. gr. skaðabótalaga, sé slíkur kostnaður nauðsynlegur og eðlilegur. Í þessu tilviki sé um að ræða álit sem M ákvað einhliða að afla efir að V og lögmaður M hafi staðið sameiginlega að upphaflegu mati. Löng hefð sé fyrir að slíkar matsgerðir teljist fullgild sönnunargögn. Munurinn á niðurstöðum þeirrar matgerðar og álitserðar Örorkunefndar sé afar lítill, og verði ekki séð af þeirri síðarnefndu að hún sé „réttari“ auk þess sem sönnunargildi hennar sé ekki meira. Geti ekki talist eðlilegt að tjónþola sé heimilt að stofna til aukins kostnaðar sem vátryggiandi eða tjónvaldur þurfi að greiða óháð því hvort hann hafi verið nauðsynlegur eða leitt til verulegra breytinga varðandi t.d. mat á afleiðingum slyss. Þá hafi M verið í lófa lagið að leita til Örorkunefndar strax í upphafi, en V hafi borið allan kostnað af fyrri matgerð. Er kröfu M því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að um sé að ræða ágreining um bótafjárhæðir. Ágreiningurinn varði greiðsluskyldu á útlögðum kostnaði vegna slyss, en ekki fjárhæð hans. V hafi greitt bætur til samræmis við niðurstöðu Örorkunefndar, sem hafi verið aflað í samræmi við 10. gr. skaðabótalaga. Í því felist viðurkenning félagsins á að umræddur kostnaður hafi verið nauðsynlegur og eðlilegur.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda úrskurðar hún um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Fram kemur í 2. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar að hún taki ekki afstöðu til bótafjárhæða nema að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. V hefur krafist frávísunar á grundvelli þess að um sé að ræða ágreining um bótafjárhæðir. Ekki er hægt að fallast á þá afstöðu, enda tekur nefndin ekki afstöðu til fjárhæðar kröfu M sem slíkrar, heldur þess hvort greiðsluskylda V vegna kostnaðar við öflun álitserðar Örorkunefndar sér til staðar. Verður ágreiningur aðila því tekinn til efnislegrar afgreiðslu. Óumdeilt er að kostnaður við matsgerðir falli sem slíkur undir ákvæði 1. gr. skaðabótalaga. Í 1. málslið 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga segir að þegar fyrir liggi sérfræðilegt álit um

örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá læknisfræðilegu þætti sem meta þurfi til að uppgjör samkvæmt lögunum geti farið fram, geti hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitid undir örorkunefnd. Verður því að telja að aðgerðir M, þegar hann óskaði eftir álitni Örorkunefndar, hafi verið til samræmis við þessa heimild. Er þá gert ráð fyrir því að kostnaður vegna álitserða Örorkunefndar falli á þann sem ber bótaábyrgð á tjóni. Verður því að telja greiðsluskyldu fyrir hendi. Þá verður ekki byggt á dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-7021/2009 sem V vísar til í bréfi sínu, en ekki verður séð að ágreiningur þess máls hafi varðað heimild skaðabótalaga til að leita álitni Örorkunefndar. Verður því fallist á kröfu M.

Niðurstaða.

M á rétt til greiðslu vegna kostnaðar við öflun álitserðar Örorkunefndar, úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 327/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B og
v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Árekstur á Þorfinnsgötu við gatnamót Leifsgötu þann 7. júní 2021.**Gögn.**

Málskot, móttækið 30.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V, dags. 7.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið norður Þorfinnsgötu og er henni var ekið fram hjá B, sem var kyrrstæð við götubrún að austanverðu við götuna, rakst hægra framhorn A í vinstri framhurð B. Bjart var af degi og blautt færi þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 20 km hraða á klst. norður Þorfinnsgötu frá gatnamótum Leifsgötu. Er hann hafi ekið fram hjá B hafi hann fundið högg. Hann hafi ekki séð ökumann B eða að hann hafi verið að opna dyr sinnar bifreiðar.

Ökumaður B kvaðst hafa staðið fyrir utan B sem hafi ver kyrrstæð og mannlauus við götubrún Þorfinnsgötu og snúið til norðurs. Eftir að hafa komið vörum fyrir bílstjóræmegin í aftursæti B hafi hann opnað bílstjóradyrnar á B. Þegar hann hafi verið búinn að opna dyrnar hafi A verið ekið á hurðina. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við ferðir A.

Álit.

Samkvæmt 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu.

Eins og málið liggur fyrir hefur ökumaður B sönnunarbyrði um að hann hafi opnað dyr B þannig að ekki hafi valdið hættu eða óþarfa óþægindum. Ökumenn eru einir til frásagnar um það hvernig áreksturinn bar að höndum. Er ósannað að ökumaður B hafi opnað dyrnar svo löngu áður en áreksturinn varð að ökumaður A hafi í tæka tíð getað varist að aka á hurðina. Verður áreksturinn því rakinn til þess að ökumaður gætti þess ekki að valda ekki hættu eða óþarfa óþægindum er hann opnaði vinstri framhurð B í því skyni að setjast inn í bifreiðina. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður A hafi ekið of hratt eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök. Ber því að leggja alla sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla sök.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 328/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**

Ágreiningur um rétt ökumanns bifreiðar til bóta fyrir líkamstjón af völdum áreksturs.**Gögn.**

Málskot, móttækið 26.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 1. september 2020 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem M ók og var kyrrstæð á Kaupþúni við gatnamót Urriðaholtsstrætis í Garðabæ. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 30. september 2020, leitaði M á Læknavaktina 3. sama mánaðar. Kvaðst hún finna fyrir smá stífleika í baki á milli herðablaða og upp í háls. Við skoðun hafi hreyfiferill í háls-, brjóst- og lendahrygg verið í lagi. Hún hafi fengið almennar leiðbeiningar. Í beiðni heimilislæknis um sjúkraþjálfun, dags. 16. september 2020, segir að M hafi stífnað meira upp í herðum og hálsi. Við skoðun hafi hún haft eymsli yfir hálsliðum og „paraspinalt“ við þá. Einnig hafi verið mikill stífleiki og eymsli í herðum, meira hægra megin; svo og eymsli yfir hnakkafestum beggja vegna. Góður hreyfanleiki hafi verið um háls, en taki aðeins í aftan til þegar hún horfir niður. Í fyrirliggjandi meðferðayfirliti má sjá að M hafi fengið meðferð hjá sjúkraþjálfara í tíu skipti á tímabilinu 21. október 2020 til 28. apríl 2021.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir við aftanákeyrsluna. V aflaði sérstaks útreiknings, svokallaðs PC Crash útreiknings, varðandi þá þyngdarhröðun sem varð á bifreiðunum við áreksturinn. Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu um útreikninginn, dags. 18. október 2020, mun þyngdarhröðun A við áreksturinn hafa verið -0,98 g og þyngdarhröðun þeirrar bifreiðar sem M ók hafi numið 1,02 g. Með vísan til þessa útreiknings og annarra gagna málsins hafnaði V greiðslu bóta vegna kostnaðar við gagnaöflun í málinu. Engu að síður muni V endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknskómu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem fallið hafi til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrir úrskurðarnefnd krefst M endurskoðunar á þessari afstöðu V.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur. Ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar skal einnig greiða bætur fyrir miska og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Í 2.-16. gr. laganna eru nánari fyriræli um ákvörðun bóta samkvæmt þeim bótaþáttum sem tilgreindir eru í 1. gr.

Hvað sem líður þeim PC Crash útreikningi sem V aflaði verður ekki fram hjá því litið að læknisfræðileg gögn málsins um þau meiðsl sem M kveðst hafa hlotið við aftanákeyrsluna 1. september 2020 eru mjög takmörkuð og af þeim verður ekki ráðið að hún eigi rétt til bóta samkvæmt ákvæðum skaðabótalaganna. Telst því ósannað að M eigi rétt til frekari bóta en V hefur boðið samkvæmt því sem að framan greinir.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 26. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 329/2021**V v/ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys 22. september 2020 við bílaviðgerð.****Gögn.**

Málskot, móttakið 31. ágúst 2021.

Bréf V dags. 17. september 2021, ásamt höfnunarbréfi V dags. 23. apríl 2021, lýsingu á verki sem verið var að vinna úr handbók Toyota og atvikalýsingu samstarfsmanns M.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína hjá X þegar hann var, ásamt samstarfsmanni sínum, að skipta um bremsuborða á Toyota Landcruiser bifreið hinn 22. september 2020. Í málskoti er haft eftir M að hann hafi verið að vinna við hjólaskál bifreiðarinnar eftir að samstarfsmaður hans bað um aðstoð við verkið. Það er einnig haft eftir M að þeir hafi verið að vinna í þröngum aðstæðum og M hafi notað venjulegt flatt skrúfjárn til að þvinga upp og halda við gorm á sama tíma og samstarfsmaður hans hafi notað samskonar skrúfjárn til að halda frá öðrum hluta bremsubúnaðarins til þess að hægt væri að koma bremsuborða að. Þegar M hafi haldið við umræddan gorm með skrúfjárninu hafi það hrokkið til af talsverðum krafti og lenti í vinstra auga hans. Hinn 13. apríl 2021 skrifar samstarfsmaður M lýsingu af atvikinu þar kemur fram að sá samstarfsmaður telur M hafa notað annað skrúfjárn en heppilegt var og að M hafi staðið á öðrum stað en heppilegt var. Samstarfsmaðurinn lýsir einnig viðbrögðum M eftir að skrúfjárnin lenti í auga hans og metur þau þannig að M hafi vitað að hann hefði verið að beita sér vitlaust í greint sinn.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans og vísar til þess að ekki hafi verið til staðar á vinnustaðnum sérstakt áhald til að halda við gormi í bremsubúnaði, eins og M var að gera í greint sinn. Einnig bendir M á að samstarfsmanni hans hafi orðið á mistök þegar hann hélt uppi hluta af bremsubúnaðinum þannig að hann hafi misst haldið á búnaðinum með þeim afleiðingum að hreyfing komst á búnaðinn sem leiddi til þess að skrúfjárnin sem M var að nota hrökk til. M telur ekki unnt að leggja til grundvallar frásögn X af því sem gerðist þar sem X tryggði sér ekki sönnun um atvik með því t.d. að kalla til lögreglu eða hlutast til við Vinnueftirlitið að rannsókn á slysinu færi fram. Í ljósi alvarleika líkamstjónsins hafi X mátt vera ljóst strax að frekari skoðunar væri þörf á aðstæðum og að það hafi staðið X nær að upplýsa atvik frekar. M bendir einnig á að hann tali ekki íslensku og hafi ekki verið í stöðu til að tryggja sönnun atvika vegna þess alvarlega líkamstjóns sem hann varð fyrir.

V hefur mótmælt skýringum M á aðdraganda þess slyss sem hann varð fyrir á verkstaði X. V vísar til upplýsinga frá X um að M hafi verið að „...læsa svokölluðum lásabolla í nýjum bremsuborða sem ger gert með því að snúa bollanum þannig að hakið lendi ofan í læsingargatinu.“ V vísar einnig til lýsingar samstarfsmanns M á því að M hafi valið að notað minna skrúfjárn til verksins en honum stóð til boða og hafi einnig valið að krjúpa fyrir aftan hjólaskálin og toga að sér í stað þess að standa við hlið samstarfsmannsins og ýta frá sér og til hliðar. Auk þess vísar V til þess að skv. upplýsingum frá X hafi verið nóg pláss við hjólaskálin og bifreiðin hafi verið uppi á lyftu og að handbók Toyota hafi veitt upplýsingar um hvernig verklag átti að vera og ekki hafi verið unnið gegn því. V vísar einnig til þess að tilkynning til Vinnueftirlitsins hafi verið móttakin þremur dögum eftir slysið og sama vinnuaðstaða, verkfæri og annað hafi verið til staðar þá og Vinnueftirlitið hefði hæglega getað rannsakað aðstæður. X verði ekki kennt um að það hafi stofnunin ekki gert. V telur því slys M ekki vera rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Engin lögregluskýrsla liggur fyrir í málinu og slysatilkynning til Vinnueftirlitsins barst stofnuninni ekki fyrr en föstudaginn 25. september 2020, þó virðist sem skrifleg tilkynning sé dagsett þriðjudaginn 22. september 2020. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Eins og málið liggur fyrir verður ekki talið sýnt af hálfu X að tilkynningarskyldu samkvæmt þessu lagaákvæði hafi verið sinnt fyllilega. Ekki er heldur sýnt að X hafi gert sérstakar ráðstafanir til að tryggja sönnun atvika á vettvangi eða strax eftir slysið. Hefur það í för með sér í ljósi dómafordæma að X hefur sönnunarbyrði um að tildrög slyssins og aðstæður

á slysstað hafi verið með öðrum hætti en M heldur fram. Yfirlýsing samstarfsmanns M, sem dagsett er 13. apríl 2021 breytir ekki þessu mati.

Þegar litið er til lýsinga M á vinnuaðstæðum og þess að ekki hafi verið fyrir hendi rétt áhöld til að vinna það verk sem hann var beðinn um að vinna, sem og þegar litið er til óvissu um það hvort hreyfing samstarfsmanns M hafi komið af stað atburðarás sem leiddi til líkamstjóns M, verður skaðabótaábyrgð lögð á X. Meðábyrgð starfsmanna í vinnuslysum verður ekki lögð á þá nema þeir hafi sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning sem leitt hefur til líkamstjóns þeirra, sbr. 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993. Verður ekki ráðið að háttsemi M í greint sinn hafi verið þannig að jafna megi henni til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings. Á M því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 330/2021**M og
V vegna húseigendatryggingar.****Ágreiningur um hvort atvik falli undir gildissvið húseigendatryggingar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 01.09.2021.

Bréf V dags. 16.09.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 20.09.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 29. apríl 2021 hafi bílskúrshurð á heimili M verið brotin upp, en ekki hafi verið farið inn í bílskúrinn og engu stolið. Tjón varð á hurðinni og gerir M kröfu um bætur úr húseigendatryggingu sinni hjá V vegna þess. V hafi hins vegar hafnað kröfunni með vísan til þess að um skemmdarverk, en ekki innbrot, hafi verið að ræða og það falli ekki undir skilmála váttryggingarinnar. M fellir sig ekki við það og telur að um innbrotstilraun hafi verið að ræða. M fellst á það að í lögregluskýrslu vegna atviksins, dags. 14. maí 2021, sé brotið vissulega skráð sem „eignaspjöll (minniháttar skemmdir)“ en sú flokkun sé ekki frekar rökstudd og sé í raun í andstöðu við inntak skýrslunnar sem gefi frekar til kynna að innbrotstilraun hafi átt sér stað. Það hljóti þá að vera ótvíræð merki um tilraun til innbrots þegar hurð sé brotin upp, en líklega hafi hurðin verið brotin með því að keyrt var á hana með rafmagnshlaupahjól, en áakstur á hurðir sé þekkt aðferð við innbrot þegar handafl dugi ekki til. Engin gögn bendi til þess að markmiðið hafi verið það eitt að skemma hurðina. Þá kemur fram að í upphaflegri tjónstilkynningu til V hafi M sett fram vangaveltur um að tilgangurinn hafi verið sá að skemma, það útiloki ekki að um innbrot hafi einnig verið að ræða, jafnvel þó tilgangur innbrots sé að valda skemmdum. Þá hafi tilkynning hans til V enda varðað „innbrot í húseign“. Með því að fram komi í lögregluskýrslu að tjónvaldar, en þeir náðust nálægt vettvangi, hafi farið inn í aðra geymslu og „tekið“ eitthvað þaðan eigi vangaveltur M um hvað aðilum hafi gengið til þá ekki lengur við og verði ekki á þeim byggt.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að um skemmdarverk, en ekki tilraun til innbrots hafi verið að ræða, og sé slíkt tjón ekki bótaskyldt úr váttryggingunni. Byggi sú afstaða annars vegar á því sem fram komi í tjónstilkynningu M: „þeir gerðu ekki tilraun til að fara inn eða stela neinu þannig að ég giska á að það hafi bara vakað fyrir þeim að skemma“ og hins vegar á því að heiti brotsins í lögregluskýrslu sé „eignaspjöll“. Samkvæmt tjónstilkynningu hafi M orðið var við tjónið um fimm mínútum eftir að það átti sér stað og hafi hann á hringt í lögreglu. Verði því að gera ráð fyrir að gerendum hefði gefist nægur tími til að reyna að komast inn í bílskúrinn hefði verið ætlun þeirra að brjótast inn í hann. Samkvæmt fyrirbyggjandi upptöku úr bílskúr M hefði það þó ekki verið raunin. Ekkert í gögnum málsins sýni fram á að um tilraun til innbrots hafi verið að ræða og verði M að bera hallann af því. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að í tjónstilkynningu hafi hann tilkynnt um innbrot í húseign. Því sé staðhæfingum V um að tjónstilkynningin hafi ekki verið um innbrotstilraun sérstaklega mótmælt. Þá hafi upphafleg tjónstilkynning verið send áður en lögregluskýrsla lá fyrir og hafi M ekki haft vitneskju um fyrirætlan gerenda og hefði V átt að vera það ljóst. Þá bendir M á að myndavélin sýni einungis það sem eigi sér stað inni í bílskúrnum en ekki utan hans. Mikil umferð fólks sé við bílakjallarann þar sem bílskúrinn sé staðsettur og bendi ekkert til þess að gerendur hafi getað haldið innbrotstilraun sinni áfram óáreittir enda hefði ýmislegt getað fælt þá frá. Að öðru leyti vísar M til áður fram kominna krafna og röksemda.

Álit:

Í ákvæði 9.3.1 þeirra skilmála sem gilda um umrædda váttryggingu segir að váttryggingin bæti tjón af völdum innbrots eða innbrotstilraunar. Það hvílir á váttryggðum, þ.e. M, að sýna fram á að atvik séu með þeim hætti að þau falli innan bótaskylds váttryggingarinnar, en ágreiningslaust er með aðilum að váttryggingin taki ekki til skemmdarverka. Fyrir nefndinni liggur upptaka úr öryggismyndavél sem er staðsett inni í bílskúr M og má af henni ráða að nokkuð þungt högg hafi komið á neðsta hluta bílskúrshurðarinnar, sem olli skemmdum á henni. Af upptökunni má og heyra að nokkur skarkali er utan við bílskúrinn, þó ekki greinist nein orðaskil. Ekki er hins vegar að sjá af henni að tjónvaldar hafi gert frekari tilraunir til að brjóta upp hurðina eða komast inn í bílskúrinn. Þá liggur fyrir

Lögregluskýrsla, dags. 14. maí 2021. Í henni kemur fram að lögregla hafi komið á vettvang eftir að M hafði tilkynnt um skemmdir á bílskúr. Á neðri hæð bílakjallarans hafi þrír drengir verið á tveimur rafmagnshlaupahjólum, en á rafmagnshlaupahjóli sem fundist hafi skammt frá bílskúrnum hafi verið ákoma sem gæti rímað við ákomu á bílskúrshurðinni. Lögregla hafði tal af drengjunum þremur en af lögregluskýrslu má ráða að þeir hafi ekki tjáð sig mikið um umrætt atvik, að öðru leyti en því að tveir þeirra könnuðust ekki við atvikið og hinn þriðji sagði að „hefðu hinir gert þetta“, en ekki er ljóst við hvað er átt. Af lögregluskýrslu virðist einnig mega ráða af framburði aðila að drengirnir hafi farið inn í opna geymslu og einhverjir þeirra tekið eitthvað þaðan. Af þeirri litlu lýsingu sem kemur fram í lögregluskýrslu verður þó ekki ráðið að um háttsemi sem jafna megi til innbrots hafi verið að ræða og verður því ekki byggt á því. Ekki liggja fyrir nein gögn um síðari yfirheyrslur yfir drengjunum. Þá er umrætt brot flokkað í lögregluskýrslu sem „eignaspjöll (minniháttar skemmdarverk)“ og fram kemur að M hafi verið leiðbeint um kærufurli vegna eignaspjalla. Þegar litið er til framangreinds, svo og lýsingar M sjálfs í tjónstilkynningu verður ekki talið sýnt fram á að ásetningur tjónvalda hafi staðið til þess að brjótast inn í bílskúrinn. Það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að um innbrotstilraun hafi verið að ræða og samkvæmt framansögðu hefur slík sönnun ekki tekist. Þar af leiðandi er óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 331/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu.****Gögn.**

Málskot mótttekið 2.9.201, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 22.9.2021.
Bréf M, ódagsett.

Málsatvik.

Viðgerðarmaður frá X kom að heimili M til að gera við þvottavél. Var þvottavélin staðsett í innréttingu og þurfti viðgerðarmaðurinn að komast að vélinni. Þegar hann togaði vélina fram úr innréttingunni brotnaði festing á vatnsslöngu vélarinnar með þeim afleiðingum að vatn flæddi um gólf og skemmdir urðu á gólfefni.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna umrædds atviks og byggir krafan á því að M telur að tjónið verði rakið til saknæmrar og ólögðætrar háttsemi viðgerðarmannsins. Vísar M m.a. til þess að starfsmaður X hafi vanrækt að athuga hvar vélin væri tengd við vatn og skrúfa fyrir vatnsstreymi að vélinni áður en hann tók hana fram. Þá vísar M til þess að starfsmaðurinn hafi ekki gengið úr skugga um hvar krani fyrir vélina var staðsettur eða reynt að afla upplýsinga um það áður en hann hófst handa.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með vísan til þess að þegar viðgerðarmaðurinn kom á staðinn hafi hann reynt að afla upplýsinga um hvar vatnskranann væri að finna en fátt verið um svör. Hafnar félagið því sem röngu og ósönnuðu að starfsmaður X hafi ekki reynt að afla upplýsinga um staðsetningu kranans. Þá segir í greinargerð V að starfsmaðurinn hafi kannað hvort kraninn væri í vaskaskáp en hann hafi ekki verið þar. Því næst hafi starfsmaðurinn ákveðið að færa vélina til að kanna hvort kraninn væri fyrir aftan vélina eins og stundum er. Við það hafi slangan brotnað og vatn flætt um gólfíð.

Álit.

Fyrir liggur að aðila greinir á um málsatvik, snýr sá ágreiningur fyrst og fremst að því hvort starfsmaður X hafi reynt að afla upplýsinga um staðsetningu vatnskрана og legu vatnsslöngunnar að þvottavélinni áður en hann hófst handa við að taka vélina úr innréttingunni. Gögn málsins bera með sér að X starfsmaður fyrirtækis sem sérhæfir sig m.a. í viðgerðum á þvottavélum og framkvæmdi hann umrætt verk sem slíkur. Verður því að gera ríkari kröfur til hans en ella um að ganga úr skugga um að óhætt hafi verið að taka þvottavélina fram án þess að tjón hlytist af. Gögn málsins bera með sér að einfalt hefði verið fyrir starfsmanninn að kanna með legu slöngunnar og finna kranann, svo sem með því að kíkja á bakvið skúffur í innréttingunni eða með því að beina vasaljósi milli vélarinnar og innréttingarinnar. Þá verður að líta svo á að nokkur tjónshætta hafi fylgt því að taka vélina fram úr innréttingunni án þess að hafa skrúfað fyrir vatnsaðstreymi að vélinni eða ganga úr skugga um það hvar kraninn væri staðsettur. Að teknu tilliti til framangreinds verður að meta það starfsmanninum til gáleysis að hafa dregið þvottavélina fram úr innréttingunni án þess að vera búinn að staðsetja vatnskрана og skrúfa fyrir vatnsstreymi að vélinni. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. nóvember 2021.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 332/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um skerðingu bótaréttar vegna líkamstjóns.**Gögn.**

Málskot, dags. 23.08.2021 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Bréf V, dags. 28.09.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 4. ágúst 2020 hafi M verið stödd á heimili sínu ásamt kærasta sínum, Y, og vinkonu sinni, X. X og M hafi setið að drykkju eftir að Y fór að sofa. Skyndilega hafi þeim sinnast og X ætlað að rjúka úr íbúðinni og aka burt í bifreiðinni A. Hafi M reynt að koma í veg fyrir að X æki, enda hafi hún verið undir áhrifum áfengis. M hafi tekið sér stöðu fyrir framan A, en X hafi þrátt fyrir það ekið af stað, þannig að M hafi verið nauðugur þess kostur að fara upp á vélarhlíf A. X hafi þá ekið um 200 metra með M á vélarhlífinni, en M hafi ekki getað komið sér burt. Hafi endað með því að M hafi kastast af A og í jörðina með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Hafi X ekið burt án þess að skeyta um velferð M. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 11. ágúst 2020, lýsi M atvikum svo að hún hafi staðið með bakið að bílnum en fæturna á jörðinni. Hafi X tekið harkalega af stað og hún því ekki haft tækifæri til að koma sér burt og hafi því rennt sér upp á vélarhlífina. M hafi því orðið fyrir tjóni þar sem X hafi ákveðið að aka af stað þrátt fyrir að M hafi staðið fyrir A. V hafi skert bætur til M um 2/3 hluta á grundvelli þess að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að halla sér á vélarhlífina og færa sig upp á hana þegar X tók af stað. M telur þá afstöðu byggða á röngum forsendum og að M eigi rétt til óskertra bóta. Þannig hafi það eitt vakað fyrir M að koma í veg fyrir að X æki bifreiðinni undir áhrifum áfengis. M hafi ekki séð þegar X tók harkalega af stað, þrátt fyrir að M stæði upp við A og hafi M aðeins farið upp á vélarhlífina til að koma í veg fyrir að hún lenti undir bifreiðinni. Háttsemi X, sem hafi keyrt áfram á umtalsverðum hraða þrátt fyrir að M sæti á vélarhlífinni, og svo ekið frá slysstað hafi verið mjög alvarleg en X hafi jafnframt verið undir áfengisáhrifum. Geti háttsemi M því ekki talist með þeim hætti að skerðing bóta komi til álita.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hún stóð beint í vegi fyrir gangsettri bifreið, enda hafi X, sem M hafi verið fullkunnugt um að var undir áhrifum, gert sig afar líklega til að aka af stað. Hafi M mátt gera sér fulla grein fyrir hættunni sem af þessu skapaðist og séu bein orsakatengsl milli háttsemi M og líkamstjóns hennar. Sé því rétt að skerða bætur til hennar um 2/3 hluta með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, enda verði háttsemi hennar jafnað til þess að taka sér far með ölvuðum ökumanni.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þá segir í 4. mgr. sömu greinar að bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Af framburði M fyrir lögreglu, dags. 11. ágúst 2020, má ráða að X hafi gert sig líklega til að yfirgefa húsnæði M og halda akandi í burt, þrátt fyrir að vera ölvuð. Hafi M náð að komast að A á undan X, og hafi hún hallað sér á vélarhlíf A, en verið með fæturna á jörðinni. X hafi þá sest undir stýri og gangsett bifreiðina. Hafi X þá beðið í nokkrar sekúndur en M hafi ekki fært sig af vélarhlífinni. Hafi X þá ekið af stað með fyrrgreindum afleiðingum. Verður að telja að með því að standa á þennan hátt fyrir bifreið sem ölvuður ökumaður hafði þegar gangsett hafi M af stórkostlegu gáleysi orðið meðvöld að tjóni sínu og því sé rétt að bætur til hennar skerðist á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Hins vegar verður talið, með vísan til alvarleika háttsemi X, sem ók ölvuð af stað þrátt fyrir að M stæði fyrir bifreiðinni, að rétt sé að bætur til M skerðist um helming.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V en skerða skal bætur til hennar um helming.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 333/2021**M og
V v/ innbústryggingar.****Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna undirtryggingar. Frávísun.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.9.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 20.9.2021.
Bréf V, dags. 16.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Líklega snemma að morgni 13. desember 2020 var brotist inn á heimili M. M kveður að munum að verðmæti 11.492.616 krónur hafi verið stolið í innbrotinu. V hefur viðurkennt að um bótaskyldan tjónsatburð hafi verið að ræða. V kveður váttryggingarfjárhæð hafa numið 7.318.182 krónum á tjónsdegi en að verðmæti alls innbúsins hafi hins vegar numið 20.000.000 krónum og því hafi verið um undirtryggingu að ræða sem nemi 36,6% ($7.318.182 \times 100/20.000.000$). Bætur til M eigi að skerðast og nema 2.677.789 krónum ($7.318.182 \times 36,6\%$). M telur að ekki hafi verið um undirtryggingu að ræða og hefur lagt þann ágreining fyrir nefndina.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um það að nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Þá segir í 3. mgr. greinarinnar að nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Ekki er um það deilt að bótaskylda hefur verið viðurkennd af hálfu V. Eins og málið liggur fyrir snýst ágreiningur aðila um fjárhæð bóta með tilliti til mögulegrar undirtryggingar. V hefur ekki fallist á að nefndin fjalli um bótafjárhæðir eins og krafist er skv. 2. mgr. 3. gr. samþykktanna. Því verður ekki hjá því komist, sbr. 3. mgr. sömu greinar, að vísa málinu frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 334/2021**M og
V v/ innbústryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið innbústryggingar vegna bruna 9. maí 2021.****Gögn.**

Málskot, móttækið 1. september 2021.

Bréf V dags. 21. september 2021, ásamt tjonstilkynningu M til V dags. 9. júní 2021, váttryggingarskírteini og váttryggingarskilmálum nr. E-32.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjon hafi orðið á veiðibúnaði M hinn 9. maí 2021 vegna bruna í geymsluhúsnæði sveitabæjar sem M hafði fengið að skilja búnaðinn eftir í.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr innbústryggingu sinni þar sem veiðibúnaðurinn sé hluti af innbúi hans og búnaðurinn hafi verið geymdur tímabundið í geymsluhúsnæðinu sem brann þar sem hann hafi lent í því að kerra hans bilaði helgina 12.-13. mars sl. og hafi hann fengið að skilja búnaðinn eftir á meðan hann næði í varahluti til Reykjavíkur. M telur að innbúið hafi einungis verið þar um stundarsakir og uppfylli því ákvæði gr. 3.1 í innbústryggingu fjölskyldutryggingar V.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ekki hafi komið fram í tjonstilkynningu M að veiðibúnaður hans hafi verið geymdur til skamms tíma utan heimilis hans. V bendir á að innbústryggingu fjölskyldutryggingar nái til innbús sem er á heimili því sem tilgreint sé í váttryggingarskírteini og til almenns innbús sem geymt sé utan heimilis um stundarsakir. Þannig hafi ekki háttáð um innbú M og vísar V til þess að gæsaveiðitímabili hafi lokið 15. mars 2021 og bruninn hafi orðið nær tveimur mánuðum síðar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að veiðibúnaður, sem sagt sá hluti innbús M sem hann krefst bóta vegna, hafi verið í geymslu annars staðar en á heimili hans þegar kom upp bruni í geymsluhúsnæðinu og búnaðurinn brann. M hefur gefið þær skýringar að hann hafi fengið að skilja veiðibúnaðinn, sem tilheyrði gæsaveiðum, eftir um miðjan mars sl. í umræddu geymsluhúsnæði og hafi síðan kviknað í 9. maí sl. Þegar metið er hvernig skilja á orðalagið „...um stundarsakir..“ í váttryggingarskilmálum V telst M ekki hafa gefið nægar skýringar á því að hann hafi ekki getað vitjað veiðibúnaðarins fyrir en tæpum tveimur mánuðum eftir að hann var skilinn eftir vegna ferðar eftir varahlutum til Reykjavíkur. Vegalengdir milli þess staðar hvar búnaður M var geymdur og Reykjavíkur er ekki það langur að ekki hægt sé að vitja hans auðveldlega. Verður ekki litið svo á að M hafi gefið slíkar skýringar á þeim tíma sem leið frá því að hann skildi búnaðinn eftir þar til hann brann að búnaðurinn hafi verið geymdur „um stundarsakir“ utan heimilis M og fellur tjónið því ekki undir bótasvið innbústryggingar fjölskyldutryggingar hans hjá V, sbr. gr. 3.1 í váttryggingarskilmálum.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar hjá V

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 336/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss M við störf hjá A hinn 20. ágúst 2018.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 31.08.2021, ásamt fylgiskjölum 1-16.

Bréf V, dags. 22.09.2021, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 20. ágúst 2018, orðið fyrir slysi við störf hjá A. Hann hafi verið að vinna á litlum lyftara við að moka dósnum upp í flokkara, og hafi hann verið einn við vinnuna. Mikið af rusli, mest lausar dósir og flöskur, hafi verið á gólfinu. Þegar M steig af lyftaranum hafi hann stigið á pappa sem var við hlið vélarinnar. Undir pappanum hafi verið rusl og hafi fótur M runnið til og hann meiðst alvarlega á ökkla og fæti. Vegna þessa hafi M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en þeirri kröfu hafi verið hafnað með tölvupósti V, dags. 18. mars 2021. M telur bótaskyldu til staðar á grundvelli þess að A hafi ekki tryggt að vinnuástandur væru öruggar. Þannig sé dósnum, flöskum og pokum með flöskum og dósnum safnað upp í hauga án nokkurs skipulags. Skapi þetta mikla hættu þar sem starfsfólk geti ekki gengið um vinnustaðinn án þess að eiga það á hættu að renna í rusli á gólfinu. Fjölmargar athugasemdir hafi verið gerðar við þetta fyrirkomulag, bæði af hálfu starfsmanna og heilbrigðiseftirlits. Vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem kveðið sé á um að vinnuveitandi eigi að sjá til þess að vinnustaður sé þannig úr garði gerður og vinnu þannig hagað að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Þá vísar M til reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða en þar komi m.a. fram að allar umferðarleiðir skuli vera greiðar og afmarkaðar, og útbúnar þannig að hægt sé að nota þær vandkvæðalaust. Þá hafi tæki sem útveguð voru ekki hentað til starfsins, sér í lagi flokkarinn sem dósunum var mokað upp á, þar sem dósir og rusl hafi fallið af færbandi hans og á gólfið, með tilheyrandi slyshættu. Hafi A vanrækt skyldur sínar að þessu leyti og hafi það leitt til slyss M. Því beri A, með vísað til reglu um vinnuveitendaábyrgð, og samkvæmt sakarreglu skaðabótaréttar, bótaábyrgð vegna tjóns hans. Enn fremur hafi slysið ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins og því hafi tildrög þess ekki verið rannsökuð. Verði A að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem af því hljóttist.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki að slys M sé að rekja til saknæms vanbúnaðar eða mistaka annarra starfsmanna A. Einungis hafi verð um að ræða óhappatilviljun og gáleysi M sjálfs. Í starfi M hafi falist að hafa snyrtilegt á svæðinu og moka drykkjarumbúðum, sem hafði verið safnað á gólfinu, í flokkara. Starfsstöð M sé móttökustöð endurvinnsluefnis þar sem bílar losi dósir og flöskur á gólfið. M hafi, á slysdagi, starfað í tæp þrjú ár hjá A og hafi honum verið kunnugt um að dósir, flöskur, pokar og pappi gæti leynst á gólfinu, enda hafi það verið verkefni hans að moka slíkum hlutum af gólfinu. Vísar V til dóms Landsréttar nr. 560/2018 máli sínu til stuðnings. Hvað varði svo staðhæfingu M um að athugasemdir hafi verið gerðar við fyrirkomulag vinnu þá sé ekkert í gögnum málsins sem styðji þá staðhæfingu og verði M að bera hallann af því. Sé bótaskylda því ekki til staðar.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Er það M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Starfsstöð M á slysdagi var móttökustöð endurvinnsluefnis og liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi. Samkvæmt lýsingum í málgögnum fólst verkefni M, umrætt sinn, í því að moka dósnum og flöskum sem hvolft hafði verið á gólfið í svokallaðan flokkara. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ágreiningur sé um tildrög slyssins sem slík, þ.e. óumdeilt virðist að M hafi stigið úr lyftaranum og á pappa sem var á gólfinu, en að undir pappanum hafi verið dós, og hafi það valdið því að fótur M rann til með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Eins og málið liggur fyrir verður það því ekki talið hafa áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði að slysið hafi fyrst verið tilkynnt Vinnueftirlitinu tveimur dögum eftir að það átti sér stað, en ekki innan sólarhrings í samræmi við ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980, enda atvik að þessu leyti upplýst með fullnægjandi hætti. Hvað varðar staðhæfingu M um að ítrekaðar athugasemdir hafi verið gerðar við

fyrirkomulag vinnunnar, bæði af hálfu starfsfólks og heilbrigðiseftirlits, þá er það svo að engin gögn liggja fyrir nefndinni er renni stöðum undir þá staðhæfingu. Verður M að bera hallann af því. Þá er því einnig haldið fram í málskoti að flokkarinn sem notaður sé við starfið henti ekki, en engin frekari gögn liggja fyrir um meintan vanbúnað hans eða orsakatengsl hans og tjóns M. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að það sé í sjálfu sér óeðlilegt verklag á móttökustöð endurvinnsluefnis að efnið sé losað úr bifreiðum og á gólf stöðvarinnar þar sem starfsfólk A taki við því og gangi frá. Verður þá að líta svo á að M, sem hafði þann starfa að moka dósnum og flöskum upp af gólfinu, og hafði starfað hjá A um nokkurt skeið, hafi verið kunnugt um verklag og aðstæður og það að rusl gæti leynst á gólfinu. Hefur samkvæmt öllu framansögðu ekki verið sýnt fram á að slys M sé að rekja til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á og virðist fremur sem tjón M sé að rekja til óhappatilviks og eigin aðgæsluleysis. Ber því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 19. október 2021
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 337/2021**M og
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slysa 24. janúar 2018 og 25. mars 2020.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1. nóvember 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22. og 23. september 2021.

Bréf lögmans M, dags. 1. desember 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist fyrst 24. janúar 2018 þegar hún brotnaði á vinstri ökkla. Hinn 25. mars 2020 rann M til og var greind með tognun á ökkla samdægurs á bráðamóttöku Landspítala-Háskólasjúkrahúss. Síðar kom í ljós að um annað brot var að ræða og hefur M gengist undir aðgerðir vegna þessa. Í málinu liggja fyrir upplýsingar úr sjúkraskrá M frá 1. janúar 2018.

Ágreiningur er annars vegar um hvort slysið 24. janúar 2018 hafi verið tilkynnt innan árs frá því að M vissi um atvik sem krafa hennar er reist á, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Hins vegar er ágreiningur um hvort V geti hafnað bótaskyldu vegna seinna slyssins með vísan til d. eða e.-lið 25. gr. váttryggingaskilmála fjölskyldutryggingar þar sem kemur fram að félagið bæti ekki slys sem verða vegna lyfjanotkunar eða neyslu nautnalyfja.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi vegna beggja slysa. Varðandi fyrra slysið telur M að upphafsdagur ársfrests 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi ekki byrjað að líða fyrr en M lenti aftur í slysi 25. mars 2020, enda hafi hún ekki verið búin að ná sér þá af hinu fyrra og ekki getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum fyrr en þá þar sem hún hafi notað annan fótinn til að hlífa hinum þar til seinna atvikið varð. Hvað varðar seinna atvikið telur M að V vísi til rangra ákvæða í váttryggingarskilmálum, auk þess sem ekki sé sýnt að M hafi verið undir áhrifum lyfja þegar hún féll eða að orsakatengsl séu á milli falls M og meintrar lyfjanotkunar.

V telur að ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi byrjað að líða í síðasta lagi 11. apríl 2018 þegar M leitaði til læknis vegna verkja og bólgu í vinstri ökkla, eftir að hún losnaði úr gipsi. Ársfresturinn hafi því verið liðinn þegar tilkynnt var um slysið 11. ágúst 2020. Hvað varðar seinna atvikið 25. mars 2020 þá verður af bréfi V til nefndarinnar ekki annað ráðið en að félagið hafni bótaskyldu eingöngu með vísan til þess að atvik falli undir undanþáguákvæði d. og e.liðar 25. gr. þeirra váttryggingarskilmála sem voru í gildi 25. mars 2020. V telur að M hafi skv. færslum í sjúkraskrá hennar verið undir miklum áhrifum sljóvgandi lyfja á slysdegi og í verulegri neyslu áfengis og lyfja dagana á undan og þannig falli atvikið undir ofangreind undanþáguákvæði.

Álit.

M slasaðist fyrst 24. janúar 2018 og ágreiningur er um hvort tilkynning hennar um það slys, sem barst V hinn 11. ágúst 2020 hafi verið innan ársfrests þess sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, en þar segir: „Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti.“ Við mat á því hvenær M mátti vita um atvik sem krafa hennar er reist á verður að líta til læknisfræðilegra gagna. Í þeim kemur fram að M leitaði til læknis vegna verkja og bólgu í ökkla í apríl 2018 eftir að hafa losnað úr gipsi. Af frekari læknisfræðilegum gögnum verður ekki annað ráðið en að M hafi mátt gera sér grein fyrir atvikum sem krafa hennar er reist á fyrir ágústmánuð 2019 og hafi því frestur til að tilkynna tjónið verið liðinn 11. ágúst 2020 þegar tjónstilkynning barst V.

Hvað varðar síðara atvikið 25. mars 2020 verður bréf V til nefndarinnar dags. 22. september 2021 ekki skilið öðruvísi en að félagið telji eingöngu að undanþáguákvæði váttryggingarskilmála eigi við um atvik. Þegar litið er til orðalags umræddra ákvæða í d. og e. lið 25. gr. váttryggingarskilmála V, sem í gildi voru 25. mars 2020, verður ráðið af þeim ákvæðum að þeim sé hægt að beita sem hlutrænum ábyrgðarleysisástæðum. Í 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína í persónutryggingum ef váttryggður brýtur gegn

varúðarreglum eða veldur vátryggingarburði af stórkostlegu gáleysi. Í lögskýringargögnum kemur fram að almennt gáleysi dugi ekki til takmörkunar og verður að lesa umrædd ákvæði vátryggingarskilmála í samræmi við það að metin sé háttsemi vátryggðs vegna lyfjanotkunar í skilningi d. liðar 25. gr. vátryggingarskilmála eða háttsemi vegna neyslu nautnalyfja í skilningi e. liðar sömu greinar. V ber sönnunarbyrði um að háttsemi M hafi verið með þeim hætti að tjónatburður hafi orðið vegna stórkostlegs gáleysis hennar. Í læknisfræðilegum gögnum er að einhverju leyti fjallað um áfengis- og lyfjanotkun M en ekki verður af þeim gögnum talið fyllilega sannað að tjónatburður hafi orðið vegna þess. Hallann af sönnunarskorti um það ber V. M telst því m.v. fyrirbyggjandi gögn eiga rétt til bóta vegna tjónatburðar 25. mars 2020.

Niðurstaða.

Slys M 24. janúar 2018 er ekki bótaskylt, en slys hennar 25. mars 2020 er bótaskylt úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 338/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X**

Fall af rafhlaupahjóli 23. september 2020.**Gögn.**

Málskot, móttakið 10. ágúst 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 24. september 2021, ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 25. október 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið að hjóla á rafhlaupahjóli sínu eftir hjólastíg þegar bifreiðinni X var ekið upp Engjateig að gatnamótum Suðurlandsbrautar. M kveðst hafa talið að ökumaður bifreiðarinnar X myndi virða biðskyldu frá Engjateig inn á Suðurlandsbraut og hélt áfram för sinni yfir hjólastíginn. M kveðst síðan hafa þurft að nauðhemla á rafhlaupahjóli sínu þegar ökumaður bifreiðarinnar ók inn á gatnamótin og þurft að nauðhemla og við það hafi hann fallið af hjólinu og hlotið líkamstjón. M kveðst hafa kallað lögreglu til á slysstað og í dagbókarfærslu lögreglu koma fram upplýsingar um M og bifreiðina X og frásögn M um að hann hafi fípast og nauðhemlað þegar bifreiðin X stöðvaði ekki við akstur af Engjateig og misst hjólið undan sér og meiðst á hægra hné. Framburður ökumanns bifreiðarinnar X liggur ekki fyrir í dagbókarfærslunni.

M telur að leggja verði framburð hans til grundvallar atvikum máls og sönnunargildi hans sé ótvírætt þar sem lögregla hafi verið kvödd á staðinn. M telur að m.v. þann framburð sé sannað að líkamstjón hans sé hægt að rekja til notkunar bifreiðarinnar X í skilningi 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og greiða eigi bætur vegna þess úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar hjá V. M telur að byggja verði á frásögn hans og V verði að bera hallann af því að hafa ekki lagt fram framburð ökumanns bifreiðarinnar X um atvik málsins. Einnig M telur nægilega sýnt fram á að bifreiðin X hafi verið á hreyfingu þegar hann féll og hafi hann mátt búast við að bifreiðin yrði stöðvuð vegna biðskyldu inn á Suðurlandsbraut og tekið tillit til hans sem hjólandi, sbr. fyrirmæli í 1. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að gögn málsins sýni ekki með sannanlegum hætti að M hafi fípast við stjórn rafhlaupahjóls síns vegna notkunar bifreiðarinnar X. Ekki liggja fyrir nema einhliða frásögn M af atvikum og ekki sé sannað hvernig akstri bifreiðarinnar X var hátað, hversu langt hún var frá hjólastígnum þegar M féll og engin snerting hafi verið með M og bifreiðinni. V bendir einnig á að tjónið hafi orðið síðdegis þegar mikil umferð sé og þannig alveg eins líklegt að M hafi fípast vegna einhvers annars en notkunar bifreiðarinnar X.

Álit.

Af almennum sönnunarreglum verður ekki annað ráðið en að sá sem verður fyrir tjóni og telur að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt ber sönnunarbyrði um að svo sé. Í 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 kemur fram að eigandi (umráðamaður) ökutækis beri hlutlæga ábyrgð á tjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins og í 8. gr. laganna er kveðið á um skyldu til kaupa á ábyrgðartryggingu vegna tjóna sem verða með þeim hætti. Óumdeilt er að sú ábyrgðartrygging hafi verið í gildi hjá V á tjónsdegi. Í gögnum málsins liggur fyrir lýsing atvika frá M sjálfum sem tekin er upp í dagsbókarfærslu lögreglu. Ekki liggur fyrir lögregluskýrsla vegna rannsóknar málsins eða önnur gögn sem varpa ljósi á atvik í aðdraganda líkamstjóns M. Ekki liggur heldur fyrir framburður ökumanns bifreiðarinnar X eða lýsing vitna af atvikum. Sönnunarbyrði M lýtur að því að sýna fram á að líkamstjón hans sé vegna notkunar bifreiðarinnar X en ekki annarra atvika. Með þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina verður ekki talið nægilega sannað að líkamstjón hans sé eingöngu hægt að rekja til notkunar bifreiðarinnar X. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður M að bera og á því ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 339/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um greiðslu kostnaðar vegna meðferðar kírópraktors.****Gögn.**

Málskot, móttækið dags. 10.09.2021, ásamt fylgiskjölum 1-7.

Bréf V2, dags. 20.09.2021.

Bréf V1, dags. 11.10.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins er ágreiningslaust að M hafi lent í tveimur umferðarslysum, annars vegar hinn 13. nóvember 2019, og sé það slys bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá V1, og hins vegar hinn 21. desember 2020, og sé það slys bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2. Hafi M þurft að greiða töluverðan sjúkrakostnað vegna þessara slyss, m.a. kostnað vegna meðferðar kírópraktors að fjárhæð 105.000 kr., en fyrirbyggjandi reikningur ber með sér að M hafi sótt þjónustu kírópraktors á tímabilinu 25. febrúar til 6. ágúst 2021. Hafi V1 samþykkt að greiða allan kostnað vegna fyrra slyssins, þó þannig að félagið greiddi bara helming þess kostnaðar sem kæmi til eftir seinna slysið, hinn 21. desember 2020. V1 hafi hins vegar hafnað því að greiða kostnað vegna kírópraktors þar sem meðferðin hafi ekki hafist fyrr en meira en ári eftir að fyrra slysið átti sér stað. V2 hafi hins vegar greitt helming þessa kostnaðar. Fyrir nefndinni gerir M aðallega þá kröfu að V1 verði gert að greiða helming reikningsins og til vara að V2 verði gert að greiða umræddan kostnað að fullu. Aðalkröfu sína rökstyður M með því að hann eigi rétt á að fá umræddan sjúkrakostnað bættan, sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Hafi V1 samþykkt að „greiða helming af öllum útlögðum kostnaði eftir seinna slysið“. Endurhæfing M hjá kírópraktor stafi af báðum slysum en ekki aðeins seinna slysinu og hljóti kostnaðurinn því að skiptast milli félaganna. Fallist nefndin hins vegar á sjónarmið V1 leiði varakrafa M af því, þ.e. þá hljóti umræddur kostnaður að falla á V2.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur í fyrsta lagi fram að félagið hafni því að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir. Telji nefndin hins vegar að ágreiningur aðila lúti ekki að bótafjárhæð og sé því tækur til efnislegrar úrlausnar lýsir V1 því yfir að félagið hafni kröfu M. Umrædd meðferð hafi ekki hafist fyrr en rúmum 15 mánuðum eftir að hið bótaskylda slys átti sér stað, og ekkert liggi fyrir um að hún hafi verið eðlileg og nauðsynleg ráðstöfun við lækningu M í kjölfar slyss, sem sé skilyrði fyrir greiðslu bótaskylds. Þá liggi ekki fyrir skýrsla kírópraktors um meðferðina og liggi ástæður hennar í raun ekki fyrir. Verði M að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varði.

Í bréfi V2 til nefndarinnar segir að félagið líti svo á að um sé að ræða ágreining um fjárhæð bóta og þar sem ekki liggi fyrir samþykki félagsins fyrir umfjöllun nefndarinnar sé krafist frávísunar málsins frá nefndinni.

Álit.

Í 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga kemur fram að sá sem bótaábyrgð beri á líkamstjóni skuli greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hljótist og enn fremur þjáningabætur. Í athugasemdum með umræddu ákvæði í frumvarpi til skaðabótalaga segir að um sé að ræða útgjöld vegna eðlilegra og nauðsynlegra ráðstafana við lækningu tjónþola. Ágreiningslaust er að V1 og V2 bera greiðsluskyldu vegna umræddra umferðarslysa. Verður því að leysa úr ágreiningi þessum á þeim grundvelli að hann varði það hvort umþrættur kostnaður teljist sjúkrakostnaður í skilningi skaðabótalaga en það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því. Fyrir nefndinni liggur reikningur frá kírópraktor þar sem fram kemur að kostnaður vegna meðferðar í 18 skipti, auk frumskoðunar, á tímabilinu 25. febrúar til 6. ágúst 2021 nemi 105.000 kr. Hins vegar liggja ekki fyrir nein frekari gögn er sýni fram á ástæður þess að M leitaði til kírópraktors, eða í hverju meðferðin fólst. Þannig hefur ekki verið sýnt fram á, t.a.m. með tilvísun frá lækni eða skýrslu kírópraktors, að um hafi verið að ræða eðlilega og nauðsynlega ráðstöfun við lækningu M. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki talið að sýnt sé fram á að um sjúkrakostnað í skilningi tilvitnaðs ákvæðis skaðabótalaga, hafi verið að ræða. Ber þá að hafna kröfum M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu vegna kostnaðar við meðferð kiropraktors, úr ábyrgðartryggingu A hjá V1. M á ekki rétt til greiðslu vegna kostnaðar við meðferð kiropraktors, úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 340/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Tjón á húseign vegna leka.****Gögn.**

Málskot, móttekið 12. september 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 30. september 2021.
Bréf M, dags. 5. október 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón hafi orðið á húseign M þegar komst upp um leka frá hitaveituröri í eigu X. Í gögnum frá X kemur fram að mat fyrirtækisins á orsök lekans er að „nippill“ við síu hafi losnað þegar skipt hafi verið um mæli um 2-3 árum áður og farið þá að dropa einn og einn dropi á lögnina með þeim afleiðingum að hún tærðist. Ekki liggur fyrir annað mat á orsökum tjónsins.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni á húseign hans og megi rekja það til háttsemi starfsmanna X við mælaskipti um 2-3 árum áður. M telur að þar sem hitaveiturör hafi verið í eigu X hljóti tjónsábyrgð að vera hjá X en ekki M sjálfum sem eiganda fasteignarinnar. M vísar einnig með gögnum til gagna sem send voru til V vegna kaupa hans á sérstakri húseignatryggingu og þar hafi V ekki gert nokkrar athugasemdir við skipulag eða tilhögun í húseigninni. Ekki stóði því fyrir V að halda því fram í þessu máli að niðurfall hafi átt að vera í tengirými húseignarinnar og hafi það heldur ekki komið fram í byggingarreglugerð sem gildi um byggingu húseignarinnar árið 1941.

V hefur hafnað því að sannað sé að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns M og vísar til þess að tjón hafi orðið á húseign M í sama rými og svokölluð mælagrind sé og þar geri byggingarkröfur ráð fyrir að niðurfall sé fyrir hendi í rýminu. V telur því að M hafi gert mistök við hönnun herbergis og sé það orsök tjónsins. Einnig bendir V á að bótaskylda sé fyrir hendi úr húseignatryggingu M hjá V þó ekki sé fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina verður ekki ráðið að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns á húseign M. Ekki liggur fyrir hvort mælaskipti á vegum X hafi verið gerð án nægilegrar aðgæslu eða hvort aðrar orsakir hafi leitt til þess vatn lak í húseign M. Ekki liggur fyrir sjálfstætt mat á orsök tjónsins. M ber sönnunarbyrði fyrir því að tjón hans sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Miðað við fyrirbyggjandi gögn hefur sú sönnunarbyrði ekki tekist og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 341/2021

M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra D.Ágreiningur um bótaskyldu vegna galla við framkvæmd húsbýggingar.**Gögn.**

Málskot, móttækið 13.9.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 18.10.2021.
Bréf V, dags. 5.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi en ódagsettri yfirlýsingu rafvirkjameistara um verklok á raforkuvirki vegna lokaúttektar mun byggingarleyfi vegna húseignarinnar A í sveitarfélaginu B hafa verið gefið út 18. ágúst 2006. Eignin mun svo hafa verið komin í notkun í ágúst 2012 samkvæmt því sem fram kemur í bréfi byggingarfulltrúans í B, dags. 14. ágúst 2012. Með yfirlýsingu, dags. 26. febrúar 2014, lýsti byggingarstjóri D með byggingarframkvæmdunum að A, því yfir að byggingarframkvæmdum við eignina væri lokið.

Hinn 18. mars 2014 framkvæmdi Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) eldvarnaskoðun á A. Í niðurstöðum þeirrar skoðunar er vikið að átta þáttum sem skoðunin laut að, þ.e. flóttaleiðum, brunaslöngum, brunahólfun, útljósum, burðarvirki, byggingarefni, brunaviðvörðun og slökkvitækjum. Varðandi hvern þátt eru gerðar athugasemdir varðandi nánar tilgreind atriði. Hvað flóttaleiðir varðar kemur fram að þær hafi verið tepptar, hurðir á flóttaleiðum verið lykillæstar, fellistiga vanti á 2. hæð og á teikningum sé ekki minnst á flóttaleiðir frá milliloftum. Varðandi brunaslöngur þá þurfi að setja þær upp og tengja auk þess sem heft aðgengi sé að þeim. Um brunahólfun segir að eftir sé að klæða stálbita og klæða eða brunaverja inn á loft, raufir og göt séu yfir í næsta bil og opið sé á milli eignarhluta. Varðandi útljós segir að þau vanti. Hvað varðar burðarvirki segir að gera þurfi grein fyrir að milliloft sé ekki eldvarið né heldur burður millilofta. Um byggingarefni segir að í einu tilteknu bili eigi eftir að brunaeinangra burðarbita og í öðru bili sé hurð lykillæst. Brunaviðvörðun er sögð í lagi en gerð sú athugasemd að æskilegt væri að koma fyrir brunaviðvörðunarkerfi í allt húsið sem væri tengt út til vaktstöðvar. Loks eru slökkvitæki sögð í lagi í tilteknu bili og engar athugasemdir gerðar.

Samkvæmt bréfi byggingarfulltrúa B, dags. 25. ágúst 2015, mun lokaúttekt á A hafa farið fram 23. maí 2014 en ekki lokið þar sem athugasemdir hafi verið gerðar og m.a. hafi öryggismál verið í ólagi. Með bréfi byggingarfulltrúans til eigenda A, dags. 21. október 2020, var skorað á eigendurna að boða til lokaúttektar og þeim gefinn frestur til úrbóta til 11. nóvember sama árs að viðlögðum dagsektum. Í tölvubréfi byggingarfulltrúa til lögmanns M, dags. 3. desember 2020, segir að lokaúttektin hafi aldrei verið kláruð.

M kveða athugasemdalaus lokaúttekt ekki hafa farið fram að því er varðar frágang fullnægjandi brunavarna í samræmi við byggingarreglur þar um og D byggingarstjóri hafi ekki sinnt ítrekuðum kröfum byggingarfulltrúa um rétta framkvæmd að þessu leyti við húsbýgginguna. Af þessum sökum krefjast M bóta úr starfsábyrgðartryggingu D hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eina gagnið sem liggur fyrir í málinu varðandi ófullnægjandi frágang brunavarna í A eru framangreindar niðurstöður úr eldvarnaskoðun SHS Samkvæmt þeim niðurstöðum verður ekki ráðið að þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við megi rekja til þess að byggingaraðilinn hafi ekki lokið við fullnaðarfrágang þeirra eða annarra atvika. Ekki verður heldur ráðið af niðurstöðum eldvarnaskoðunarinnar að ófullnægjandi frágang brunavarna megi rekja til atvika sem D ber ábyrgð á. Í málskoti eða öðrum gögnum málsins er heldur ekki að finna neinn rökstuðning fyrir því með hvaða hætti D geti að lögum borið ábyrgð á því að ekki hafi náðst að ganga frá brunavörnum í A með fullnægjandi hætti. Þótt ekki hafi tekist að ljúka lokaúttekt á húseigninni af þessum sökum verður það eitt og sér ekki talið leiða til ábyrgðar byggingarstjórans. Samkvæmt þessu verður að telja ósannað að D beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M telja sig hafa orðið fyrir sökum þess að frágangur brunavarna í A hafi ekki verið með fullnægjandi hætti.

Þá er til þess að líta að samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að frágangur brunavarna sem M telja að hafi verið ófullnægjandi og þeir byggja kröfur sína á gagnvart D hafi átt að eiga sér stað á árinu 2008 eða síðar, þ.e. eftir að núgildandi lög nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, öðluðust gildi, en samkvæmt 28. gr. þeirra öðluðust þau gildi 1. janúar 2008 og gilda einvörðungu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku þeirra. Samkvæmt meginreglu skaðabótaréttar stofnast skaðabótakrafa þegar hin bótaskylda háttsemi á sér stað, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar 11. maí 2017 í máli nr. 571/2016.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 150/2007 fynnist krafa um skaðabætur, eins og M hafa uppi ganvart D, á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Engum vafa er undirorpið að M vissu að minnsta kosti ekki síðar en í mars 2014, þegar fyrrgreind eldvarnaskoðun SHS fór fram, um þau atriði sem áfátt var varðandi brunavarnir og skaðabótakrafa þeirra virðist lúta að. Jafnvel þótt krafa M hafi verið á rökum reist þá verður að telja að fjögurra ára fyrningarfrestur kröfunnar hafi verið liðinn þegar málið var lagt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum 13. september 2021, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 150/2007. Meint krafa M á hendur D telst því eining vera fallin niður vegna fyrningar. Að öllu framangreindu virtu teljast M ekki eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 342/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitafélagsins X****Skaðabótaábyrgð vegna fyrirkomulags snjómoksturs sveitarfélags.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3. september 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1. október 2021.

Ódagsettar athugasemdir M við bréf V dags. 1. október 2021 og fylgigögn.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M telur að tjón hafi orðið á skjólgirðingu í hans eigu sem staðsett sé við lóðarmörk hans vegna þess að snjómokstri hafi verið hagað þannig af hálfu X að snjó sé ítrekað rutt upp að girðingunni. Tjón á girðingunni sé þess eðlis að veggur hennar halli inn í garðinn á tilgreindum stað og að það sjáist sprungur á tréverki en til samanburðar sé þannig ekki ástatt um aðra hluta girðingarinnar, þar sem snjó sé ekki rutt þar að. Málskoti fylgja bæði ljósmyndir og myndband af aðstæðum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á skjólgirðingu hans og eru helstu röksemdir hans þær að við girðinguna sé ekki sérstaklega skilgreint snjósofnunarsvæði og því verði X að bera ábyrgð á því tjóni sem verði við að snjó sé safnað upp utan slíks. Einnig vísar M til þess að hann hafi fengið sérstakt leyfi hjá skipulagsyfirvöldum X til þess að staðsetja skjólgirðingu upp við gangstétt þar sem mælingar hafi sýnt hávaðamengun við hús hans sem hafi verið í andstöðu við þau markmið sem sett séu af sveitarfélaginu sjálfu um hávaðamengun. M bendir einnig á að hann hafi gert ítrekaðar athugasemdir við snjómokstur við lóð hans án þess að breyting hafi verið gerð á og að skýringar starfsmanna X hafi ekki verið fullnægjandi um að ekki hafi verið hægt að haga snjómokstri með öðrum hætti.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M beri sjálfu áhættu af því að hafa reist skjólgirðingu á þeim stað sem hann gerði, þ.e. við gangstétt hjá umferðargötu, og ekki sé sýnt að það hafi verið nauðsynlegt vegna hávaða. V telur einnig ósannað að hægt sé að haga snjómokstri öðruvísi. Þessu til viðbótar telur V ósannað að snjór hafi legið þannig á skjólgirðingunni að tjón hafi orðið vegna þess.

Álit.

Í gögnum málsins fer M ítarlega yfir forsögu þess að skjólgirðing var reist af hans hálfu á þeim stað sem gert var og fyrirkomulag snjómoksturs nálægt húsi hans. Meginreglur um sönnun gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans beri sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og að slíkt tjón sé tilkomið vegna atviks, atvika eða aðstæðna sem annar ber skaðabótaábyrgð á skv. reglum skaðabótaréttarins. Gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V nær m.a. til þess munatjóns sem hægt er að rekja til skaðabótaábyrgðar X. Þetta þýðir að sönnunarbyrði hvílir á M um að hann hafi orðið fyrir tjóni og að það tjón megi rekja til skaðabótaábyrgðar X.

Ekki liggur nægilega skýrt fyrir í gögnum málsins, t.d. með matsgerð eða áliti sérfræðings, hvort tjón hafi orðið á skjólgirðingu í eigu M og þá hvort ætla megi að það tjón megi eingöngu rekja til þess að snjór hafi legið upp við girðinguna. Á meðan slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir telst ekki sannað að M hafi orðið fyrir tjóni sem X getur borið skaðabótaábyrgð á og telst því ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um hvort háttsemi starfsmanna X eða önnur atvik eða aðstæður hafi verið þannig að skaðabótaábyrgð X hafi stofnast. Verður M að bera hallann af umræddum sönnunarskorti og er því ekki fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 2. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 343/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss M 16. ágúst 2019.**Gögn.**

Málskot, móttakið 13.09.2021, ásamt fylgiskjölum 1-20.
Bréf V, dags. 24.09.2021, ásamt fylgiskjölum 1-8.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 16. ágúst 2019, orðið fyrir slysi við störf sín. Hann hafi verið að vinna á nýbyggingarsvæði, hrasað og dottið fram fyrir sig ofan í lyftugryfju í húsgrunni með þeim afleiðingum að hann meiddist illa á hægri hendi. Í lögregluskýrslu, dags. 19. ágúst 2019, er atvikum lýst svo að M „mun hafa stigið upp á sökkul, með fyrirhugaða stefnu inn í húsgrunninn, þegar hann missti jafnvægið og datt ofan í lyftugryfju.“ Telur M sig eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A vegna þessa en V hafi hafnað bótaskyldu, annars vegar á grundvelli þess að A bæri ekki ábyrgð á aðstæðum a slystað og hins vegar þess að um óhappatílvik eða eigin gáleysi M hefði verið að ræða. A var byggingaraðili og aðalverktaki en M var starfsmaður X á slysdegi. Byggir M á því að sem aðalverktaki hafi A haft forræði yfir byggingarsvæðinu og borið ábyrgð á öryggi þar. Eftir slysið hafi sjúkrabíll, lögregla og Vinnueftirlitið verið kölluð til og beinist skýrsla þess síðastnefnda að A en ekki X. M byggir á því að aðbúnaður og vinnuaðstæður á vettvangi hafi verið ófullnægjandi og beri A höfuðábyrgð á því. Lyftugrunnurinn hafi verið óvarin hola í gönguleið og hafi Vinnueftirlitið vísað til þess í skýrslu sinni að ákvæðum A. hluta, 13.1. gr., og B. hluta, 17. gr., í reglum 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð hafi verið ábótavant. Til viðbótar vísar M til annarra ákvæða reglnanna, sem kveði á um frágang á vinnusvæðum. Þar segi m.a. að öll göt í gólfum og vinnupöllum sem hætt sé við að menn falli niður um skuli vera umgirt handriði eða hleri settur yfir gatið. Veruleg hætta hafi verið á falli ofan í lyftugryfjuna og hefði verið auðvelt að varna slysinu með hefðbundnum merkingum og tímabundnum fallvörnum en úrbætur hafi verið gerðar á vinnusvæðinu eftir að slys M átti sér stað. Þá hafi M ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn og komi skerðing bóta á grundvelli meðábyrgðar hans því ekki til skoðunar. Þar sem slys M sé að rekja til þess að A hafi vanrækt framangreindar athafnaskyldur, og skýrsla Vinnueftirlitsins sé afdráttarlaus hvað varði það að orsök slyssins megi rekja til ófullnægjandi umferðarleiða um húsgrunn, telur M því bótaskyldu til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að Y, sjálfstæður verktaki, hafi verið undirverktaki A og X hafi verið undirverktaki Y. Ekkert samningssamband hafi verið milli A og X og A hafi ekki borið vinnuveitandaábyrgð á M. Skyldan til að sjá um að aðstæður á byggingarstað séu til samræmis við lög og reglur hvíli á vinnuveitanda M, en M hafi verið starfsmaður sjálfstæðs verktaka en ekki A. Jafnvel þó A teldist bera ábyrgð á M á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar verði ekki fallist á að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá A hafi jarðvegur fyrir utan húsgrunn verið tæplega meter fyrir neðan efri brún á sökkulveggjum. Fylling innan í húsgrunninum hafi verið um 30 sentimetra fyrir neðan steypa vegg lyftugryfjunnar sem hafi sjálf verið um einn metri á dýpt. V geti þá ekki fallist á að lyftugryfja teljist vera gat eða hola í gólfi eða vinnupalli, enda hafi verið um að ræða húsgrunn en ekki gat eða holu í skilningi þeirra reglugerðarákvæða sem M vísi til. Hún hafi eingöngu verið einn metri á dýpt, umlukin steypustyrktarjárnnum og vel sýnileg. Hafi því ekki verið skylt að vera með handrið við hana, M hafi verið fullljóst hvar hún var staðsett og hafi hann haft um margar aðrar leiðir að velja til að komast inn í húsgrunninn. Hafi ekki verið um að ræða hættulegar aðstæður fyrir M, sem hafi verið þaulvanur vinnu á byggingarvinnusvæðum. Sé því ekkert sem bendi til að slys M megi rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi A eða starfsmanna þess, atvika eða aðstæðna sem A beri skaðabótaábyrgð á.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að megi rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á, atvika eða aðstæðna sem A beri ábyrgð á. Er það M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Samkvæmt framburði M, eins og hann var túlkaður fyrir lögreglu, í lögregluskýrslu dags. 19. ágúst 2019, mun

hann hafa „stigið upp á sökkul, með fyrirhugaða stefnu inn í húsgrunninn, þegar hann missti jafnvægið og datt niður í lyftugryfju.“ Þá kemur fram að annar starfsmaður á svæðinu hafi orðið vitni að atvikinu en ekki er að finna sjálfstæðan framburð hans í skýrslunni. Í skýrslu vinnuveitanda, X, til síns vátryggingafélags, dags. 20. ágúst 2019 kemur fram að M hafi verið að stíga niður þegar „hann fellur fram fyrir sig og dettur niður grunninn“. Í tjonstilkynningu M til sama félags segir að hann hafi verið að „ganga niður (stíga). Ég fell fram fyrir mig og dett niður.“ Í tilkynningu vinnuveitanda til Vinnueftirlits, dags. 21. ágúst 2019, er atvikum þá lýst á þann veg að M hafi hrasað og dottið niður í húsgrunn, og hafi sett höndina fyrir sig í fallinu“. V taldi ákveðið misræmi í þessum lýsingum og óskaði eftir frekari skýringum frá M. Í svari hans sagði þá m.a. „I repeatedly jumped on and jumped from the foundation of the building. At one point I lost my balance and fell into the elevator shaft.“ Þá liggur fyrir skoðunarskýrsla Vinnueftirlitsins, um takmarkaða skoðun á slystað en slysinu er lýst svo að M hafi fallið niður í húsgrunn við það að reyna að komast inn í hann. Þar segir um lýsingu og mat á aðstæðum: „Ófullnægjandi umferðarleiðir eru inn í húsgrunn á verkstað. Slík sem geta skapað slysaþættu.“ Þá voru A veitt þau fyrirmæli að tryggja öryggi starfsmanna á umferðarleiðum á verkstað og leiðbeiningar um að mikilvægt væri að tryggja öruggar umferðarleiðir starfsmanna á verkstað, sbr. gr. 13.1. í A hluta reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð og 17. gr. B hluta sömu reglna, sem vísað er til í skýrslunni. Þrátt fyrir þessi ummæli í skýrslunni er hún hvorki afdráttarlaus um það hvað olli slysi M eða að hvaða leyti umferðarleiðir inn í og um húsgrunninn þarfnist úrbóta. Samkvæmt gögnum fyrir nefndinni voru þó samdægurs gerðar úrbætur, sem Vinnueftirlitið virðist hafa fellt sig við, þ.e. þannig að pallettustæðum var raðað upp á einum stað við sökkulinn, í þeim tilgangi að þær mætti nýta sem uppstig.

Fyrirliggjandi eru ljósmyndir af aðstæðum á vettvangi og af þeim virðist sem búið hafi verið að fylla í grunninn sjálfan, og má ráða af myndunum að dýptin hafi verið um 30 sentimetrar frá efri brún sökkuls, en af gögnum má jafnframt sjá að dýpt lyftugrunnsins, sem ekki var fyllt upp í, hafi verið 1.025 millimetrar. Verður því ekki séð að almenn hætta hafi stafað af því að fara um grunninn og ekki liggur fyrir að öruggari umferðarleiðir, þ.e. fjær lyftugrunninum, sem ætla má að M hafi verið vel kunnugt um, hafi ekki staðið til boða.

Hefur M þannig ekki tekist að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis A, starfsmanna þess, annarra atvika eða aðstæðna sem það beri ábyrgð á. Þegar horft er til þess að í umbeðnum ítarlegri lýsingum M segist hann hafa ítrekað „stokkið á og af sökklinum“ við vinnu sína verður þá helst dregin sú ályktun að tjón hans vegi rekja til óhapps og eigin aðgæsluleysis. Er þá óþarft að fjalla frekar um þær röksemdir V að ábyrgð á aðbúnaði starfsfólks hvíli á X sem vinnuveitanda, en ekki aðalverktakanum A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 2. nóvember 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 344/2021

**M og
V v/ lausafjártryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna stuldar á bílkerru (eftirvagni).**Gögn.**

Málskot, móttækið 12.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tilkynningu M til lögreglu, dags. 20. desember 2020, var bílkerru í eigu M stolið þar sem skilið hafði verið við hana á bifreiðastæði við nánar tilgreinda götu í Reykjavík læsta með keðju við ljósastaur. M hefur krafist bóta vegna þjófnaðarins úr lausafjártryggingu sinni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í skilmálum V fyrir lausafjártryggingu segir svo um það lausafé í eigu váttryggðs sem váttryggingin tekur til: „Komi ekki annað fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun er með lausafé átt við vörur, þar á meðal hráfni, hálfunnar vörur og fullunnar, umbúðir, húsmuni, innréttingar, vélar og annan rekstrarbúnað, þar á meðal verkfæri, áhöld og ökutæki sem ekki eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum.“ Í skilmálunum kemur enn fremur fram að váttryggingin taki til fjögurra nánar tilgreindra tjónsorsaka, þ.e. bruna, vatnstjóns, innbrots og ráns, svo og óveðurs.

Í váttryggingarskírteini vegna þeirrar lausafjártryggingar sem M hafði í gildi hjá V þegar þjófnaðurinn átti sér stað segir að váttryggðir munir séu vélar, verkfæri og efnislager í vinnslu. Í ljósi þess sem segir í skilmálum váttryggingarinnar um það lausafé sem váttryggingin tekur til þá afmarkast það við þá muni sem tilgreindir eru í váttryggingarskírteininu, sem í þessu tilviki eru vélar, verkfæri og efnislager í vinnslu. Samkvæmt þessari upptalningu verður að telja ljóst að kerra sú sem stolið var telst ekki til véla, verkfæra eða efnislagers í vinnslu. Hún er því ekki meðal hinna váttryggðu muna sem lausafjártryggingin tekur til. Þá er og ljóst að kerrunni var ekki stolið við innbrot né heldur að henni hafi verið rænt. Aðrar tjónsorsakir sem váttryggingin bætir geta heldur ekki komið til álita hér. Tjónið fellur því einnig utan gildissviðs váttryggingarinnar. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 345/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ 26. ágúst 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1. september 2021.

Tölvupóstur V1, dags. 16. september 2021.

Bréf V2 dags. 22. september 2021, ásamt gögnum sem lögð voru fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna.

Tölvupóstur M, dags. 23. september 2021.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu sem gerð var af Aðstoð og Öryggi kemur fram að bifreið A var ekið suður á bifreiðastæðinu í þeim tilgangi að bakka síðan í stæði og kveðst ökumaður bifreiðar A hafa verið nýbyrjuð að bakka þegar árekstur varð. M, sem ökumaður bifreiðar B, kveðst hafa verið að bakka út úr stæði og verið kyrrstæð að fara að taka af stað þegar árekstur varð. Hvorugur ökumanns segist í umræddri skýrslu hafa séð hina bifreiðina.

M telur að öll sök sé á ökumanni bifreiðar A þar sem bifreið B, sem M ók, hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð og hún hafi verið að fara að aka rólega fram og því gætt þeirrar varúðar sem henni bar við aksturinn. M vísar til þess að ökumaður bifreiðar A hafi viðurkennt á vettvangi að hún hafi bakkað á bifreið B og beðist afsökunar.

V1 telur rétt að skipta sök til helminga og vísar til þess að augnabliksstöðvun bifreiðar B hafi ekki þýðingu við sakarskiptingu og hvorugur ökumanna hafi heldur séð hin.

V2 telur að leggja eigi alla sök á bifreið A og vísar til þess að framburður M hafi verið stöðugur um að hún hafi verið búin að stöðva bifreið B fyrir áreksturinn. V2 vísar einnig til úrskurða nefndarinnar þar sem öll sök var lögð á annan ökumann í málum sem V telur sambærileg.

Álit.

Í gögnum málsins má sjá að báðir ökumenn, ekki bara annar ökumaður, bera á vettvangi áreksturs að þær hafi ekki séð bifreið hvor annarrar áður en árekstur varð og að þær hafi báðar verið að aka aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Ökumönnum bar báðum að gæta varúðar skv. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þegar einnig litið er til almennrar tillitsreglu í 4. gr. sömu umferðarlaga nr. 77/2019 verður að ætla að báðum ökumönnum hafi borið að sýna sérstaka aðgát við akstur við aðstæður sem eru á bifreiðastæði við skóla þar sem verður að taka tillit til þeirra sem eru að leita að bifreiðastæði sem og þeirra sem eru að leggja í slík eða aka út úr stöðureitum. Þegar gögn málsins eru metin í heild verður ekki lagt til grundvallar að M sem ökumaður bifreiðar B hafi stöðvað bifreið sína það löngu fyrir árekstur að máli skipti við sakarskiptingu. Ákomur á bifreiðunum voru í horn stuðara á báðum bifreiðum, en ekki þannig að annarri bifreiðinni hafi verið ekið í hlið hinnar. Þegar öll þessi sjónarmið eru vegin saman teljast hvorug ökumanna hafa gætt nægilega að annarri umferð um bifreiðastæðið þegar árekstur varð. Ekki eru efni til að skipta sök öðruvísi en til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur S. Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 346/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um niðurfellingu bótaréttar vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, dags. 11.09.2021 ásamt fylgiskjölum 1-9.
Bréf V, dags. 21.09.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að aðfararnótt hins 28. mars 2020 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við umferðarslys, þegar A hafi verið ekið á hann þar sem hann gekk eftir Eyrarbakka. Atvik hafi verið þau að M hafi sinnast við eiginkonu sína og stormað úr húsi þeirra á Eyrarbakka. Hafi M verið í miklu uppnámi og undir áhrifum áfengis en áfengismagn í blóði hans mældist 1,37 prómill. Þegar hann gekk meðfram veginum, þar sem hámarks hraði sé 50 kílómetrar á klukkustund, hafi A verið ekið eftir veginum á 70-80 kílómetra hraða og beint á M, sem hafi slasast mikið við áaksturinn. M sé lögblindur og hafi því ekki haft tækifæri til að víkja sér undan. V hafi fellt bótarétt M niður að fullu þar eð félagið taldi hann hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. M telur, með vísan til fyrirliggjandi lögregluskýrslu, að slík skerðing sé ekki réttlætunleg. Þannig þurfi V að sýna fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, og að orsakasamband sé milli slíkrar háttsemi og slyssins sem slíks og gera verði ríkar kröfur til slíkrar sönnunar. Ósannað sé að M hafi staðið dökklæddur á miðri akrein þegar slysið átti sér stað og að það hafi verið orsök þess. Standi um það orð á móti orði, en M segist hafa gengið meðfram malbikskanti á móti umferð. Gögn málsins bendi þannig frekar til þess að A hafi verið ekið yfir miðlinu og að bifreiðin hafi að einhverju leyti verið á rangri akrein við atvikið. Þá hafi klæðaburður M ekki verið orsök slyssins, heldur sé hraðakstur A höfuðorsök hans, enda hafi hraðinn valdið því að A sá M ekki fyrr en hann var við framenda bifreiðarinnar og þá var orðið of seint að afstýra atvikinu. Jafnvel þó fallist væri á að M hefði verið dökklæddur á miðri akrein feli það ekki sjálfkrafa í sér stórkostlegt gáleysi. Þá leiði stórkostlegt gáleysi ekki fyrirvaralaust til skerðingar bóta, jafnvel þó fallist sé á að það hafi verið til staðar, heldur verði að horfa heildstætt til allra atvika. Í öllu falli gangi alger niðurfelling bóta of langt, og verði ekki fallist á fullan bótarétt M sé ekki réttlætunlegt að skerða bætur til hans um meira en helming.

Í bréfi V er tekið fram að samkvæmt framburði M sjálfs hafi hann verið heima hjá sér að neyta áfengis fram eftir kvöldi og hafi svo ákveðið að fara út að ganga af sér vímunu. Lögreglu hafi þá, fyrir umrætt atvik, borist ábending um að M hafi hlaupið út af heimili sínu í annarlegu ástandi og til alls líklegur. Engin gögn liggi fyrir um að M hafi verið að rifast við eiginkonu sína eins og fram komi í málskoti. Það sem liggi fyrir sé að M, sem er lögblindur, hafi, dökklæddur og án endurskinsmerkinga, gengið í myrkri eftir ólýstum vegi þar sem ekki sé gert ráð fyrir fótgangandi umferð. Samkvæmt framburði A hafi hann þá verið á miðjum veginum og sækji sá framburður stoð í önnur málsgögn. Hafi M með þessu sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Hafið sé yfir allan vafa að háttsemi M hafi orsakað slysið. Hraði A, þ.e. meintur hraðakstur, hafi ekki leitt til slyssins, enda hefði komið til þess jafnvel þó A hefði ekið hægjar. Sé því rétt að bætur til M séu skertar að fullu.

Álit.

Rétt er að taka fram að um ágreining aðila gilda lög um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, en ekki lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, sem báðir aðilar vísa til í málatilbúnaði sínum. Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar er að finna hlutlæga ábyrgðarreglu, þ.e. að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þá segir í 4. mgr. sömu greinar að bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Samkvæmt gögnum málsins var M ölvaður umrætt kvöld, og í uppnámi, en skömmu fyrir atvikið hafði lögreglu borist tilkynning um að hann hefði hlaupið út af heimili sínu í annarlegu ástandi og til alls líklegur. Þá kemur einnig fram í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 31. mars 2020, að M hafi verið klæddur í dökkláa úlpu og dökkar gallabuxur og að ekkert endurskin hafi verið sjáanlegt á fatnaði hans. Þá var M, sem er aðeins með um 15% sjón og því lögblindur, á gangi eftir óupplýstum vegi eftir miðnætti að vetrarlagi. Með vísan til þess telst M hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi og þannig hafi hann verið meðvaldur að tjóni sínu. Hins vegar liggur

einnig fyrir að samkvæmt framburði ökumanns A ók hún á 70-80 kílómetra hraða á klukkustund umrætt sinn þrátt fyrir að hámarkshraði á vettvangi væri 50 kílómetrar á klukkustund. Braut ökumaður því gegn 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og ekki er útilokað að hraðakstur hennar hafi verið meðverkandi orsakaþáttur tjóns M. Verður ökumaður A, eins og hér háttar, að bera hallann af því. Þykir með hliðsjón af framansögðu rétt að bætur til M skerðist um 2/3 hluta á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V, en skerða skal bætur til hans um 2/3 hluta.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 347/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar.****Ágreiningur um gildissvið ábyrgðartryggingar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15. september 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 27. september 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf M, dags. 28. september 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi ráðið til sín trésmið (A) með tímabundnum ráðningarsamningi til þriggja mánaða, þ.e. frá 1.8.2015 - 30.11.2015. Þá kemur fram að A hafi unnið hjá M í fjóra daga hverja viku í einn og hálfan mánuð frá upphafi ráðningarsamningsins. Fyrstu vikurnar hafi hann unnið einn við endurbætur á íbúð, skipt um parket, málað, lagað baðherbergi o.þ.h. Engar rakaskemmdir voru í þeirri íbúð. Eftir það hafi hann sinnt öðrum störfum þar til hann vann í nokkra daga í húsi sem nefnt er Brautarholt (B), þar sem hann hafi m.a. verið hluti af 8 manna hóp sem fenginn var til að lagfæra skemmdir. Mun húsnæðið m.a. hafa verið skemmt eftir vatnsleka frá ofni. Óumdeilt er að í húsnæðinu kom A m.a. að því að rífa niður og fjarlægja skemmda milliveggi og rífa upp gamlan linoleum gólfdukk. A hefur einnig haldið því fram að hann hafi haft það hlutverk að klórþvo húsnæðið vegna mikillar myglu eftir að niðurrifi var lokið en aðilum máls ber þó ekki saman um þetta atriði. Hætti A störfum þann 15.10.2015, en gögnum málsins ber ekki alveg saman um orsakir þess að hann hætti. A stefndi M til greiðslu skaðabóta vegna heilsutjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir vegna myglu í húsnæðinu og liggur fyrir dómur Héraðsdóms Suðurlands. Í málinu var M dæmt skaðabótaskyld gagnvart A vegna heilsutjóns sem hann var talinn hafa orðið fyrir vegna myglu í húsnæðinu. Bygði niðurstaða dómsins m.a. á því að M bæri ábyrgð á tjóni A sökum þess að M hefði vanrækt að láta honum í té viðeigandi og fullnægjandi persónuhlífar, þ.m.t. rykgrímur, sem væru fullnægjandi fyrir það starf sem A vann í umrætt sinn. Þá kemur fram í gögnum málsins að dómi Héraðsdóms Suðurlands hafi verið áfrýjað til Landsréttar og að málið verði tekið þar fyrir, þó ekki hafi verið lögð fram gögn því til staðfestingar.

M er með í gildi ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur hjá V vegna starfsemi sinnar. Hefur M gert þá kröfu að heilsutjón A verði bætt úr ábyrgðartryggingunni. Byggir M kröfuna á því að skilyrði vátryggingarskilmálans fyrir bótaskyldu séu uppfyllt, þ.e. þau að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á vátryggðan vegna líkamstjóns vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Byggir M á því að mygla hafi óvænt komið í ljós við niðurrifið og enginn hafi séð eða fundið fyrir myglu fyrir þann tíma. Verði því að telja að um skyndilegt og ófyrirséð tjón hafi verið að ræða ef það tjón sem A varð fyrir hefur orsakast af rakaskemmdum eða myglu, enda hafi hann aðeins unnið við þessar aðstæður í skamman tíma. M vísar jafnframt til þess að A hafi fundið til einkenna daginn eftir niðurrifið og að hann hafi í kjölfarið leitað til læknis og ekki mætt meira til starfa.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að heilsutjón A verði ekki rakið til skyndilegs og óvænts atburðar. A hafi komið að því að rífa innan úr húsi og hafi hann veikst við það án þess að nokkuð skyndilegt eða óvænt hafi gerst. Þá hefur V vísað til þess að áður en hafist var handa við framkvæmdir hafi legið fyrir að ofn hafi leikið í húsnæðinu.

Álit.

Ágreiningur málsins afmarkast við það hvort að líkamstjón A verði rakið til skyndilegs og óvænts atburðar og falli þar með undir skilmálaákvæði vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar M hjá V þar sem segir að: „Vátryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns [...] vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið [...] rakið til skyndilegs og óvænts atburðar“ V er ekki aðili að dómsmáli A gegn M og er ágreiningur um skilmálaákvæðið ekki til meðferðar hjá dómstólum. Málið er þar af leiðandi tækt til meðferðar hjá nefndinni þar sem ágreiningurinn fellur utan við undantekningarákvæði d-liðar 4. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild

stjórnartíðinda nr. 1090/2005, um að nefndin fjalli ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Þá hefur nefndin ekki úrskurðað um þennan hluta málsins áður. Gögn málsins bera með sér að þeir aðilar sem komu að verkfræmdu í húsnæðinu, bæði M og A, hafi verið ljóst að húsnæðið sem A vann í hafði orðið fyrir talsverðum skemmdum af völdum vatnsleka. Leiddi vatnslekinn m.a. til þess að nauðsynlegt var að rífa niður milliveggi og fjarlægja gólfefni áður en viðgerðir fóru fram. Enn fremur kemur fram í gögnum málsins að húsnæðið hafi staðið mannlaut í einhvern tíma áður en niðurrif fór fram. Gögn málsins benda enn fremur til þess að aðilum mátti vera ljóst að mygla væri í húsnæðinu og aðstæður heilsuspillandi. Þá verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að í upphafi framkvæmda hafi verið einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir heilsutjón af völdum myglu eða ryks, svo sem með því að útvega einfaldar rykgrímur og loftræsa húsnæðið. Enn fremur verður ekki annað séð af gögnum málsins en að vinna A hafi farið fram með hefðbundnum hætti án þess að nokkuð skyndilegt og óvænt hafi komið upp sem leitt hafi til líkamstjóns A. Að teknu tilliti til framangreinds er það niðurstaða nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón A verði rakið til skyndilegs og óvænts atburðar. Tjónið fellur því ekki undir bótasvið umræddrar váttryggingar, sbr. gr. 3.1. í skilmálum hennar. M á ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 348/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss M 16. ágúst 2019.****Gögn.**

Málskot, móttekið 16.09.2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 07.10.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 16. ágúst 2019, orðið fyrir slysi við störf sín hjá A. Hann hafi verið að vinna á nýbyggingarsvæði, hrasað og dottið fram fyrir sig ofan í lyftugryfju í húsgrunni með þeim afleiðingum að hann meiddist illa á hægri hendi. Í lögregluskýrslu, dags. 19. ágúst 2019, er atvikum lýst svo að M „mun hafa stigið upp á sökkul, með fyrirhugaða stefnu inn í húsgrunninn, þegar hann missti jafnvægið og datt ofan í lyftugryfju.“ Telur M sig eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A vegna þessa en V hafi hafnað bótaskyldu, annars vegar á grundvelli þess að ábyrgð á aðstæðum á slysstað hvíli ekki á A, heldur X, sem hafi verið yfirverktaki, og hins vegar þess að ekki yrði ráðið af gögnum málsins að aðstæður á vinnusvæðinu gengju í berhögk við lög og reglur og því hefði verið um óhappatilvik að ræða. X hafi verið aðalverktaki og Y undirverktaki, en Y hafi fengið A, vinnuveitanda M, til verksins sem undirverktaka sinn. Aðalverkstjóri á verkstað hafi verið starfsmaður X, en Y hafi haft með höndum verkstjórn vegna pípulagna en M hafi starfað við pípulagnir á verkstað. M telur kröfu sinni réttilega beint að A þar sem unnt sé, skv. 4. gr. reglna nr. 547/1996, að fela undirverktökum að tryggja öryggi á vinnustað. Þar sem engir verksamningar liggi fyrir sé því ósannað að X hafi tekið ábyrgð á svæðinu umfram A. M byggir á því að aðbúnaður og vinnuáðstæður á vettvangi hafi verið ófullnægjandi og segi í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 19. ágúst 2019, að umferðarleiðir inn í húsgrunn á verkstað hafi verið ófullnægjandi. Lyftugrunnurinn hafi verið óvarin hola í gönguleið og hafi Vinnueftirlitið vísað til þess í skýrslu sinni að ákvæðum A. hluta 13.1. gr. og B. hluta 17. gr. í reglum 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð hafi verið ábótavant. Til viðbótar vísar M til annarra ákvæða reglnanna, sem kveði á um frágang á vinnusvæðum. Þar segi m.a. að öll göt í gólfum og vinnupöllum sem hætt sé við að menn falli niður um skuli vera umgirt handriði eða hleri settur yfir gatið. Veruleg hætta hafi verið á falli ofan í lyftugryfjuna og hefði verið auðvelt að varna slysinu með hefðbundnum merkingum og tímabundnum fallvörnum en úrbætur hafi verið gerðar á vinnusvæðinu eftir að slys M átti sér stað. Þá hafi M ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn og komi skerðing bóta á grundvelli meðábyrgðar hans því ekki til skoðunar. Þar sem slys M sé að rekja til þess að A hafi vanrækt framangreindar athafnaskyldur, og skýrsla Vinnueftirlitsins sé afdráttarlaus hvað varði það að orsök slyssins megi rekja til ófullnægjandi umferðarleiða um húsgrunn, telur M því bótaskyldu til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í lögregluskýrslu sé haft eftir M og vitnum að M hafi stigið upp á sökkulvegg á leið sinni um húsgrunninn þegar hann missti jafnvægið. Í tjónstilkynningu M sjálfs komi hins vegar fram að hann hafi verið að ganga niður stiga og fallið fram fyrir sig. V hafi hafnað bótaskyldu þar sem ósannað sé að slysið verið rakið til ófullnægjandi öryggisráðstafana á svæðinu eða annarra atvika eða aðstæðna sem A beri ábyrgð á. Þrátt fyrir að A beri sem vinnuveitanda samkvæmt lögum 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að gæta að öryggi eigin starfsmanna verði skaðabótaábyrgð ekki felld á hann þar sem hann hafi ekkert forræði haft á aðstæðum á vettvangi. Einungis tveir starfsmenn á svæðinu hafi verið á vegum A, sem hafi verið undirverktaki hjá Y, sem hafi séð um alla pípulagningarvinnu samkvæmt samningi við yfirverktakann X. Hafi því ábyrgð á öryggisráðstöfunum hvílt á Y eða X. Engin gögn hafi verið lögð fram um það að slíkar skyldur hafi hvílt á A og að sögn A hafi enginn skriflegur verksamningur verið gerður milli A og Y, og sé því ekki hægt að líta á starfsmenn A sem sjálfstæða verktaka enda hafi þeir starfað undir húsbóndavaldi Y. Þess utan hafi ekki verið sýnt fram á að aðstæður á svæðinu hafi verið í andstöðu við reglur eða óvenjulegar miðað við byggingarsvæði almennt. Lyftugryfjan hafi aðeins verið um metri að dýpt og telji V enga venju eða reglur standa til þess að viðhafa sérstakar lokanir eða varúðarmerkingar við slíkar aðstæður. Vinna hafi staðið yfir við lagnavinnu, m.a. í lyftugryfjunni og hafi því ekki verið unnt að loka henni eða hindra aðgengi með öðrum hætti. Þau ákvæði laga og reglugerða sem M vísi til verði í fæstum tilvikum heimfærð upp á vinnu í

húsgrunnum enda verði lokanir, merkingar og umferðarleiðir ekki tryggðar með sama hætti við slíka vinnu og þegar um lengra komnar framkvæmdir sé að ræða. Þá liggja ekki fyrir að M hafi ekki átt val um aðrar umferðarleiðir. Þá liggja engar frekari skýringar fyrir á því að hvaða leyti umferðarleiðir hafi verið ófullnægjandi eða hvort og þá hvernig slys M verði rakið til þess. Sé ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt og verði M að bera hallann af því.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á, atvika eða aðstæðna sem A beri ábyrgð á. Er það M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Samkvæmt framburði M, eins og hann var túlkaður fyrir lögreglu, í lögregluskýrslu dags. 19. ágúst 2019, mun hann hafa „stigið upp á sökkul, með fyrirhugaða stefnu inn í húsgrunninn, þegar hann missti jafnvægið og datt niður í lyftugryfju.“ Þá kemur fram að annar starfsmaður á svæðinu hafi orðið vitni að atvikinu en ekki er að finna sjálfstæðan framburð hans í skýrslunni. Í skýrslu A til V, dags. 20. ágúst 2019 kemur fram að M hafi verið að stíga niður þegar „hann fellur fram fyrir sig og dettur niður grunninn“. Í tjónstilkynningu M til V segir að hann hafi verið að „ganga niður (stíga). Ég fell fram fyrir mig og dett niður.“ Í tilkynningu vinnuveitanda til Vinnueftirlits, dags. 21. ágúst 2019, er atvikum þá lýst á þann veg að M hafi hrasað og dottið niður í húsgrunn, og hafi sett höndina fyrir sig í fallinu“. Þá liggur fyrir skoðunarskýrsla Vinnueftirlitsins, um takmarkaða skoðun á slysstæð en slysinu er lýst svo að M hafi fallið niður í húsgrunn við það að reyna að komast inn í hann. Þar segir um lýsingu og mat á aðstæðum: „Ófullnægjandi umferðarleiðir eru inn í húsgrunn á verkstað. Slík sem geta skapað slyshættu.“ Þá voru A veitt þau fyrirmæli að tryggja öryggi starfsmanna á umferðarleiðum á verkstað og leiðbeiningar um að mikilvægt væri að tryggja öruggar umferðarleiðir starfsmanna á verkstað, sbr. gr. 13.1. í A hluta reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð og 17. gr. B hluta sömu reglna, sem vísað er til í skýrslunni. Þrátt fyrir þessi ummæli í skýrslunni er hún hvorki afdráttarlaus um það hvað olli slysi M eða að hvaða leyti umferðarleiðir inn í og um húsgrunninn þarfnist úrbóta. Þá kemur fram í skýrslunni að úrbætur hafi verið framkvæmdar en ekki er nánar útlistað í hverju þær hafi falist.

Fyrirliggjandi eru ljósmyndir af aðstæðum á vettvangi og af þeim virðist sem búið hafi verið að fylla í grunninn sjálfan, og má ráða af myndunum að dýptin hafi verið um 30 sentimetrar frá efri brún sökkuls, en ekki er deilt um að dýpt lyftugrunnsins, sem ekki var fyllt upp í, hafi verið um einn metri. Verður því ekki séð að almenn hættu hafi stafað af því að fara um grunninn sem slíkan og ekki liggur fyrir að öruggari umferðarleiðir, þ.e. fjær lyftugrunninum, sem ætla má að M hafi verið vel kunnugt um, hafi ekki staðið til boða.

Hefur M þannig ekki tekist að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis A, starfsmanna þess, annarra atvika eða aðstæðna sem það beri ábyrgð á. Er þá óþarft að fjalla frekar um þær röksemdir V að ábyrgð á aðbúnaði starfsfólks hvíli á X sem aðalverktaka eða Y þar sem M hafi starfað undir húsbóndavaldi þess, en ekki A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 2. nóvember 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 349/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Fall í hálfu 3. mars 2020.****Gögn.**

Málskot, móttakið 16. september 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 28. október 2021, ásamt höfnunarbréfi V dags. 23. apríl 2020, skýrslu
Veðurstofu Íslands og dómur Hæstaréttar í máli nr. 612/2014.
Bréf lögmanns M, dags. 29. nóvember 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M féll í hálfu á bílastæði fyrir utan verlsun X.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns sem hann hlaut við fallið og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M telur hafið yfir allan vafa að hann hafi fallið á bílastæði sem ætluð eru viðskiptavinum X og vísar til þess að nú hafi þau stæði verið sérstaklega merkt þannig. M vísar til frásagna nafngreindra einstaklinga af falli hans máli sínu til stuðnings. Einnig vísar M til þess að hálkuvarnir hafi verið ófullnægjandi af hálfu X á slysdegi og hafi X samið eftir slysið við verktaka um að sinna slíku, auk þess sem M vísar til þess hvernig hálkuvörnum var háttað hjá fyrri eiganda húsnæðisins sem verlsun X sé í. Einnig vísar M til þess að hann hafi á slysdegi leitað til læknis og síðan til bæklunarlæknis vegna áverka sem hann hlaut á slysdegi og sé líkamstjón hans því sannað.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að slys M sé ekki hægt að rekja til saknæms vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á eða saknæmra mistaka starfsmanna X. V vitnar til upplýsinga frá X um að búið hafi verið að moka, salta og sanda fyrir utan innganga verlsunar X þegar hún opnaði að morguni 3. mars 2020. V vitnar til upplýsinga frá Veðurstofu Íslands um að hitastig hafi verið í kringum frostmark á slysdegi og snjóað hafi að morgni. Ekki hafi verið mögulegt fyrir X að halda bílastæði alveg hálkufríu og telur V að M hafi átt að þekkja aðstæður vel og þannig gæta fyllstu varúðar í ljósi veðuraðstæðna. Einnig vísar V til Hrd. 612/2014 máli sínu til stuðnings. Þessu til viðbótar telur V líkamstjón M ekki fyllilega sannað.

Álit.

Af málgögnum verður að telja ljóst að M féll við þegar hann fór út úr bíl sínum á bílastæði sem eru við verlsun X og leitaði vegna þess til læknis samdægurs. Af gögnum málsins má einnig ráða að hann hafi verið til meðferðar hjá bæklunarlækni vegna þessa.

Til þess að M geti átt rétt til bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu X hjá V þarf hann að sýna fram á að hægt sé að rekja það tjón til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með vissu að aðstæður hafi verið með þeim hætti á bílastæði við verlsun X að frekari ráðstafana en gerðar voru hafi verið þörf m.v. íslenskar vetraraðstæður almennt. Hallann af sönnunarskortum um að frekari aðgerðir hafi verið nauðsynlegar ber M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 350/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Starfsmaður steig á lausa spýtu í vinnuskúr 29. mars 2020.****Gögn.**

Málskot, móttekið 16. september 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf f.h. V, dags. 29. október 2021, ásamt tjonstilkynningu til Vinnueftirlitsins og V í apríl 2020, læknagögnum og tölvupósti frá öryggisstjóra X.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hlotið líkamstjón við vinnu sína hjá X sunnudaginn 29. mars 2020. Í tjonstilkynningu M til V kemur fram að vinna hafi staðið yfir við að fjarlægja tengihús og hafi M stigið ofan á spýtu sem hafi verið laus þannig að hann féll við og hné hans spenntist. Í gögnum málsins liggur fyrir M leitaði til læknis 1. apríl 2020 og vottorð læknis um óvinnufærni var gefið út þann dag. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir afrit tilkynningar til Vinnueftirlitsins dags. 29. mars 2020 og atvikaskráning í gagnakerfi X sem skráð er 7. apríl 2020 þannig eftir M: „Varð fyrir því að *hnéið* á mér spenntist aftur á bak þegar ég var að stíga *ut* úr *tengihúsi* [bil] 2x4 *spítur* eru lagðar í botn á *tengi húsinu* og þegar ég stýg upp á eina þeirra þá var hún ekki föst og *hun* veltur og við það spennist *hnéið* til hliðar/aftur á bak.“

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns síns þar sem einhver samstarfsmaður hans hafi gert þau mistök að festa ekki svokallaða spýtudregara sem notaðir voru til að mynda gólf í tengihúsi sem þeir unnu í. M kveðst hafa mátt treysta því að spýtan sem hann steig á væri fest en það sé venja í verkum sem þessum. M telur sýnt að ónefndur samstarfsmaður hans hafi gert þau mistök að fjarlægja ekki dregara um leið og búið var að losa hann eða láta M vita að hann væri laus. Einnig vísar M til þess að öryggisstjóri M myndi ekki samþykkja annað verklag en að dregarar væru fjarlægðir um leið og og þeir væru orðnir lausir, enda væri það viðurkennt verklag. M vísar þar að auki til þess að viðbrögð öryggisstjóra X við lýsingu hans af atvikum feli í sér viðurkenning á skaðabótaábyrgð X.

V bendir á að misræmi sé í málsatvikalýsingum sem M eða lögmaður hans hafi sent til félagsins og nefndarinnar. Ýmist sé atvikum lýst þannig að M hafi verið á leið út úr lagnahúsi/tengihúsi eða að hann hafi verið að ganga eftir spýtudregurum inn í í því. V vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um að meiðsli hans sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi samstarfsmanns síns hjá X eða annarra atvika sem leitt geta til skaðabótaábyrgðar X. V vísar til þess að samræmi sé í fyrstu skýrslu X og læknagagna um atvik sem bendi til þess að M hafi fengið hnykk á hnéð og tognað á leið út úr lagnahúsi en ekki vegna þess að hann steig á lausan spýtudregara. Einnig vísar V til þess að það hefði ekki átt að koma M á óvart að spýtur væru lausar enda hafi hann unnið við niðurrif gólfs í skúrnum ásamt samstarfsmanni.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi meiðst við vinnu sína hjá X hinn 29. mars 2020 og upplýsingar um atvikið hafið hafi verið skráðar eftir M með atvikaskráningu hjá X og tilkynnt um atvikið til Vinnueftirlitsins og V fljótlega eftir það í byrjun apríl. M varð óvinnufær skv. læknisfræðilegum gögnum hinn 1. apríl 2020, eða um þremur dögum eftir atvikið.

Almennt ber sá hinn sami sönnunarbyrði um að reglur skaðabótaréttarins eigi við um tjón hans sem heldur því fram að svo sé. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu verður ekki séð að önnur afbrigði sönnunarreglna í skaðabótarétti eigi við í málinu, t.d. að stofnast hafi tilkynningarskylda til Vinnueftirlitsins skv. 1. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Ekki liggja fyrir í málinu skýrslur af samstarfsmönnum M á tjónsdegi eða önnur gögn sem geta varpað betra ljósi að það hvernig samskiptum þeirra var háttað. Gögn frá X staðfesta ekki lýsingar M af atvikum um að sannað sé að samstarfsmaður hans hafi hagað vinnu sinni þannig að hætta hafi skapast fyrir M. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti eins og gögn málsins liggja fyrir. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. nóvember 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.

Mál nr. 351/2021**M og
V v/ hestatryggingar.****Gildissvið vátryggingarsamnings varðandi bótafjárhæð vegna altjóns á hesti.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17. september 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 8. október 2021, ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 12. október 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hryssa í eigu M var aflífuð skv. læknisráði hinn 4. ágúst 2021 vegna áverka á fæti sem ekki var hægt að meðhöndla. Í vátryggingarskírteini V til handa M kemur fram að umrædd hryssa var þann dag vátryggð með svokallaðri hestatryggingu. Í sama vátryggingarskírteini eru tilgreindar tvær mismunandi vátryggingarfjárhæðir. Annars vegar vegna sjúkrakostnaðar og hins vegar vegna svokallaðrar takmarkaðrar líftryggingar, þar sem fjárhæðin er 2.034.659 krónur. Óumdeilt er að greiddar hafa verið 1.600.000 krónur úr vátryggingunni með fyrirvara M um rétt til frekari greiðslna. Bætur voru greiddar á grundvelli mats á verðmæti hryssunnar sem V aflaði. Ágreiningur er hvort greiða eigi frekari bætur, eða sem nemur vátryggingarfjárhæðinni.

M telur gildissvið vátryggingarskilmála óskýra hvað bótagreiðslur varðar þar sem vátryggingarfjárhæð í vátryggingarskírteini eigi að endurspeglar markaðsverðmæti hryssunnar og vísar m.a. til þess að tiltekinn lækkunarstuðull sé í skilmálum vegna aldurs hins tryggða hross og eigi annað ekki að hafa áhrif vátryggingarfjárhæð þá sem greidd sé út við altjón eins og M varð fyrir. M gerir einnig athugasemdir við verðmat sem V leggur til grundvallar þar sem matsmaður hafi einungis skoðað upplýsingar um hryssuna í Worldfeng, upprunabók íslenska hestsins og bendir á ýmis atriði sem séu til að auka verðmæti hennar umfram þær greiðslur sem V hefur innt af hendi. Einnig vísar M til mats nafngreindra einstaklinga á verðmæti hryssunnar sem sé hærra en það sem V lagði til grundvallar. M hefur einnig athugasemdir við orðalag vátryggingarskilmála V þar sem hestatryggingu fylgi almennir skilmálar V sem ekki séu kynntir sérstaklega og nærtækara sé að hafa ákvæði um bótafjárhæð hestatryggingar í skilmálum þeirrar tryggingar þar sem t.d. sé vísað til sérstakrar aldurslækkunarreglu. Einnig bendir M á að hugtakanotkun V sé röng hvað það varðar að hross séu munir og tjón á þeim eigi að lúta reglum um munatjón.

V hefur hafnað bótaskyldu og veitir ekki samþykki fyrir því að nefndin fjalli um bótafjárhæðir, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005. V samþykkir hins vegar að fjallað sé um rétt M til bóta skv. vátryggingarfjárhæð eða verðmati. V telur að það sé skýrt í vátryggingarskilmálum hvaða reglur séu um greiðslu bóta úr hestatryggingu, en um trygginguna gildi bæði skilmálar hestatryggingar sem og almennir skilmálar félagsins sem aðgengilegir séu á heimasíðu félagsins. Auk þess komi fram í endurnýjunarkvittun vegna vátryggingarinnar hvaða skilmálar gilda um hana og vátryggingartaki hvattur til að kynna sér skilmála tryggingarinnar þar. V vísar til almennra skilmála félagsins vegna mats á því hvaða bætur eigi að greiða vegna tjóns á hestum sem tryggðir eru með hestatryggingum. V vísar til þess að um svokallað skaðatryggingu sé að ræða skv. 2. mgr. 1. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og eðli skaðatrygginga sé að bæta raunverulegt fjártjón sem geti ekki verið meira en verðmæti hins vátryggða hverju sinni. Vátryggingarfjárhæð sé fjárhæð sem hagsmunir eru að hámarki vátryggðir fyrir, sbr. 17.tl. 1. mgr. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga. Einnig telur V ótvírætt að hestar séu munir í lagalegum skilningi og vísar til umfjöllunar í fræðiriti því til stuðnings.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort greiða eigi bætur úr hestatryggingu sem nema vátryggingarfjárhæð í heild sinni eða hvort sú fjárhæð sé þær hámarksbætur sem hægt sé að greiða úr vátryggingunni og greiða eigi bætur skv. mati á raunverulegu verðmæti hins vátryggða ef það nær ekki þeirri fjárhæð. Í 1. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að vátryggingar skv. lögnum séu flokkaðar með ákveðnum hætti í annars vegar skaðatryggingar og hins vegar persónutryggingar. Í 2. mgr. 1. gr. kemur fram að með skaðatryggingu er átt við vátryggingu gegn tjóni eða eyðileggingu

á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, váttryggingu gegn skaðabótaábyrgð eða kostnaði og aðra váttryggingu sem ekki er persónutrygging. Í 3. mgr. 1. gr. kemur síðan fram að með persónutryggingu er í lögum þessum átt við líf- og heilsutryggingar og þá váttryggingu megi taka vegna lífs eða heilsu váttryggingartakans eða annarra. Af orðanna hljóðan og m.v. ummæli í frumvarpi til laga um váttryggingarsamninga um II. hluta laganna, eru persónutryggingar váttryggingar sem lúta með beinum hætti að lífi manna eða heilsu, en ekki að lífi eða heilsu dýra.

Þó fallast megi á að orðnotkun V í váttryggingarskilmálum um „líftryggingu“ í samsettum váttryggingarskilmálum hestatryggingar sé í þessu samhengi óheppilegt þá verður ekki séð að í skilningi laga um váttryggingarsamninga sé hægt að líta öðruvísi á þá váttryggingu sem hér er til umfjöllunar, hestatryggingu V, en sem skaðatryggingu í skilningi 2. mgr. 1. gr. laganna, en ekki sem persónutryggingu.

Um bótafjárhæðir í skaðatryggingum er fjallað m.a. um útreikning bóta og váttryggingarverðmæti í 35. gr. laganna og um bundið váttryggingarverð í 36. gr. þeirra. Í þeim ákvæðum er gert ráð fyrir að sé ekki um annað samið í váttryggingarsamningi eigi váttryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Fullar bætur fyrir fjártjón nema alla jafna raunverulegu verðmæti hins váttryggða á tjónsdegi. Bundið váttryggingarverð, sem vísað er til í 36. gr. laganna er skilgreint þannig í 3.tl. 2. gr. þeirra að um sé að ræða fjárhæð sem samið er um sem fullnaðarbætur fyrir váttryggðan mun, óháð raunverulegu verðmæti hans.

Hér verður því ekki annað séð en að raunverulegur ágreiningur M og V hverfist um hvort samið hafi verið þannig í váttryggingarsamningi þeirra að váttryggingarverð skuli verða bundið, í skilningi 3.tl. 2. gr. laganna, við þá váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini eða hvort svo sé ekki. Ekki verður séð af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina að samið hafi verið sérstaklega um bundið váttryggingarverð í viðskiptum M og V, ekki liggur t.d. fyrir að samskipti M og V í aðdraganda váttryggingarviðskipta hafi verið með þeim hætti og því ekki talið sannað að slíkur samningur hafi verið gerður.

Verður því að líta svo á að bætur greiðist skv. 35. gr. laga um váttryggingarsamninga, þ.e. að ef ekki sé um annað samið eigi M rétt á fullum bótum fyrir fjártjón það sem varð af því að hin váttryggða hryssa var aflífud. Þegar litið er til samnings M og V kemur fram í váttryggingarskírteini hestatryggingar M gildi bæði skilmálar hestatryggingar og almennir skilmálar félagsins. Í 3. kafla hestatryggingar er fjallað um svokallaða líftryggingu þar sem kemur fram í 5. gr. að félagið greiði bætur vegna tiltekinna tjóns atvika, í 6. gr. koma fram undanþágur frá bótaskyldu og í 24. gr. er sérregla um útgreiðslu bóta sem nær þó ekki ákvörðunar um hvaða fjárhæð eigi að greiða ef hestur drepst. Í almennum skilmálum V er fjallað um meðferð bótakrafna og uppgjör bóta í 6. kafla. Í 28. gr. þeirra skilmála er síðan kveðið á um að í skaðatryggingum skuli bætur miðast við að váttryggður fái raunverulegt og sannanlegt fjártjón sitt bætt og bætur greiðist „...þó að hámerki sem nemur þeirri váttryggingarfjárhæð sem var í gildi á tjónsdegi að fráreginni eigin áhættu.“ Einnig kemur fram í sama ákvæði að bætur skuli m.a. miðast við markaðsverðmæti á tjónsdegi.

Í málinu liggja fyrir mismunandi yfirlýsingar um ætlað verðmæti hryssu M á tjónsdegi. V aflaði mats sem áætlað slíkt verðmæti við 1.300.000-1.600.000 krónur og hefur greitt 1.600.000 krónur vegna tjónsins til M. Aðrar yfirlýsingar um ætlað verðmæti hefur M aflað og bera þær báðar með sér að mat á hærri fjárhæð en váttryggingarfjárhæð. V hefur ekki gefið samþykki sitt fyrir að nefndin fjalli um bótafjárhæðir, sbr. áskilnað í 3. gr. samþykktu fyrir nefndina, heldur einungis hvort greiða eigi bætur m.v. verðmat eða váttryggingarfjárhæð. Úr því hefur verið skorið hér að ofan með því að ekki hafi verið samið um bundið váttryggingarverð með váttryggingarfjárhæð á váttryggingarskírteini og telur nefndin það falla utan hennar verksviðs að fjalla frekar um bótafjárhæðir, án samþykkis V. M á því ekki rétt á frekari bótum úr hestatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr hestatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 2. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 353/2021**M og
V v/verktryggingar****Gildissvið vátryggingarsamnings. Frávísun.****Gögn.**

Málskot móttakið 20. september 2021, ásamt fylgiskjölum merktum 1-26.

Bréf f.h. V, dags. 25. nóvember 2021.

Bréf lögmanns M, dags. 20. desember 2021, ásamt fylgiskjölum merktum 27-31.

Málsatvik.

Atvik máls má rekja til verksamnings M (verkkaupa) við X hinn 1. desember 2017 um að reisa þrjár byggingar ásamt bílakjallara á þremur lóðum í Reykjavík. Hinn 12. júní 2018 gaf V út yfirlýsingu vegna verktryggingar vegna verksamnings M og X þar sem eftirfarandi texti kemur fram: „Verkkaupi getur krafist [V] um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti án undangengis úrskurðar, verði það talið nauðsynlegt til að bæta galla sem fram hafa komið á verki verktaka eða til greiðslu á hvers konar kostnaði sem verkkaupi verður fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamningsins. Komi til vanefnda af hálfu verktaka áskilur [V] sér rétt til að yfirtaka eða ráðstafa skyldum verktaka við ofangreint verk.“ Í þessari yfirlýsingu kemur einnig fram að verklok séu áætluð 29. febrúar 2020, vátryggingarfjárhæð sé 500.000.000 króna og að hún sé „...trygging fyrir því að verktaki inni í einu og öllu af hendi samningsskyldur sínar við ofangreint verk, samkvæmt útboðsgögnum og verksamningi.“ Ennfremur er vísað til vátryggingarskilmála verktryggingar ZZ10.

Hinn 19. febrúar 2021 sendi M út yfirlýsingu um riftun verksamnings milli M og X þar sem M telur að verulegar vanefndir hefðu orðið á verksamningnum, fyrirsjáanlegt væri að frekari vanefndir yrðu og vísaði til þess að skil verksins hefðu dregist og að víðtækir gallar hefðu komið í ljós. M vísaði í yfirlýsingu sinni til þess að verkfræðifyrirtæki hafi verið fengið til úttektar á verkinu. Í minnisblöðum þess, m.a. um frágang brunavarna, úttekt vegna hljóðvistar, úttekt lagna og loftræstikerfa og utanhúsklæðningu dags. í apríl og maí 2021, koma fram upplýsingar um ætlaða galla á verkinu sem og í verkstöðuskýrslu sama fyrirtækis dags. 26. maí 2021 og fleiri gögnum sem lögð eru fyrir nefndina, þ.á.m. bráðabirgða gallamat að fjárhæð 1.761.952.228 krónur að lágmarki frá arkitektafyrirtæki. Auk þessa hafi beiðni um dómkvaðningu matsmanns verið lögð fram 3. júní 2021 til héraðsdóms Reykjavíkur.

Í gögnum málsins liggur einnig fyrir tilvísun til stefnu X gegn M dags. 30. apríl 2021 og M efni gagnstefnu M gegn X dags. 4. júní 2021 þar sem m.a. er gerð grein fyrir skaðabótakröfu vegna galla sem M telur vera á verki X, auk annars ágreinings sem ráða má af gagnstefnu að sé á milli M og X.

M telur að vátryggingasamningur um verktryggingu hjá V feli í sér greiðsluskyldu af hálfu V til M vegna galla á verki X og vanefnda á verksamningi og vísar til orðlags yfirlýsingar V, sem er hluti af vátryggingarsamningi um verktrygginguna, um að verkkaupi (M) geti krafist V um vátryggingarfjárhæð „án undangengis úrskurðar“. M vísar til gagna sem hann leggur fram þar sem gerð sé grein fyrir göllum á húsbyggingum og verðmat á þeim kostnaði sem áætlað er að þurfi til að bæta úr þeim. M telur öll skilyrði uppfyllt fyrir greiðslu úr verktryggingu hjá V og bendir á að orðalag yfirlýsingar V sé í samræmi við orðalag verkábyrgða almennt og að verkkaupi hafi þá umsömdu heimild að ganga á verkábyrgð eða verktryggingu án þess að tjón hans komi til skoðunar og það sé sú lögvarða krafa sem M eigi á V í málinu. M bendir ennfremur á að ef þurfi að leiða líkur að tjóni til að greiðsluskylda stofnist hafi M gert það með áður nefndum gögnum um galla á verkinu og tafir á verklokum. Sönnun tjóns sé því komin fram og ekki sé hægt að gera að skilyrði að dómur hafi fallið um galla. M vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 29/1995 þar sem kemur fram að verkkaupi hafi getað gengið að tryggingarvixli sem verktryggingu þar sem hann leiddi nokkrar líkur að tjóni sínu. M vísar til tilgangs verktrygginga sem ætlað sé að vera til tryggingar fyrir verkkaupa til að klára þær framkvæmdir sem þörf er á að ráðast í þegar verksali ræður ekki við verkið. M vísar einnig til tveggja úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki vegna ábyrgðaryfirlýsinga sem M telur sambærilegar við verktryggingu og sömu sönnunarkröfur. M telur auk þess að vátryggingarfjárhæð sé 500.000.000 krónur og hafi fjárhæðin ekki lækkað í 5% af fjárhæðinni þar sem V haldi því fram að afhending tveggja bygginga hafi átt sér stað 19. febrúar 2021. M vísar til gr. 31.2 í vátryggingarskilmálum þar sem komi fram að verki teljist skilað þegar

lokaúttekt váttryggingartaka og verkkaupa hefur farið fram. M bendir á að verksamningi hafi verið rift áður en verkið var klárað og viðgerðir muni standa yfir um langa hríð og sé því ekki með nokkrum hætti hægt að leggja til grundvallar að afhending hafi farið fram.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að verktrygging félagsins sé ekki sambærileg við ábyrgðaryfirlýsingu eða víxil heldur efndaváttrygging í skilningi 15.tl. 1. mgr. 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 og lúti hún því lögmálum váttryggingaréttarins og lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, eftir því sem við á. V bendir orðalag váttryggingarskilmála og yfirlýsingar dags. 12. júní 2018 varðandi bótasvið verktryggingar og telur að verktrygging gangi út á að „...veita verkkaupa, við tiltekna aðstæður, aðgang að fjármunum til þess að t.d. bæta úr galla á verki, klára verk eða verkhluta eða greiða kostnað verkkaupa vegna vanefnda á verksamningi. Er tilgangur verktryggingar aðallega miðaður við að verktaki telji sig hafa lokið samningsbundnu verki en í ljós kemur að verkið er óklárað að einhverju leyti eða að galli sé á verkinu eða ef verktaka reynist ómögulegt að klára umsamið verk t.a.m. vegna greiðsluferfiðleika eða gjaldþrots.“ V telur ekki sýnt að þessar aðstæður séu uppi í málinu þar sem M hafi rift verksamningi og meinað X að klára verkið vegna ágreinings um tafir á verkinu. V telur einnig að M komist ekki undan því að sýna fram á að váttryggingaratburður hafi orðið og „...liggi fyrir nokkurskonar staðfesting þess..“, þrátt fyrir orðalag í yfirlýsingu V um að hægt sé að krefjast greiðslu án undangengis úrskurðar. V bendir á að það orðalag veiti M ekki sjálfðæmi um hvort skilyrði til greiðslu séu uppfyllt. Einnig mótmælir V þeirri ályktun M að einungis þurfi „...einhverjar líkur hafa verið leiddar að tilvist tjóns.“ til þess að greiðsluskylda stofnist og vísar til þess að dómur Hæstaréttar í málum nr. 331/1986 og 29/1995 séu samrýmanlegir og af þeim sé ekki hægt að draga þá ályktun að ekki þurfi að liggja fyrir marktækar upplýsingar um tjón eða kostnað sem leitt hafi af váttryggingaratburði. M þurfi bæði að sanna tjónsaburð og fjárhæðir tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna slíks atburðar. V telur einnig að ósannað sé að váttryggingaratburður hafi orðið þar sem ekki liggi fyrir hver hann er sé þar sem ekki liggur fyrir t.d. óhlutdrægt mat á því hvort sé um að ræða galla á verki X og ekki sé hægt að leggja til grundvallar bráðabirgðaskýrslur sem unnar séu einhliða af aðilum sem M fékk til verksins. Einnig telur V hafa áhrif á stöðu M að hafa rift verksamningi við X og váttryggingin nái þá einungis til galla á verki sem sannanlega hafi verið greitt fyrir. Einnig bendir V á að M hafi ekki veitt félaginu raunhæfan kost til að nýta sér þann rétt sem félagið hafi til að yfirtaka eða ráðstafa skyldum X við verkið, eins og áskilið sé í váttryggingarsamningi. Að lokum telur V að váttryggingarfjárhæð hafi lækkað þar sem M tilkynnti V ekki um að verk færi fram úr áætluðum verklokum sem og sé váttryggingin fallin niður vegna þeirra bygginga þar sem umsamin verklok hafi verið fyrir 19. febrúar 2020, enda hafi krafa M komið fram ári eftir það tímamark. V telur váttryggingarfjárhæð vera að hámarki 250.000.000 krónur og taki einungis til bygginga C og B, sbr. 9. gr. verksamnings M og X.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort skilyrði til greiðslu bóta úr verktryggingu séu fyrir hendi, sbr. váttryggingarsamning um slíka tryggingu sem gefin var út af hálfu V með yfirlýsingu dags. 12. júní 2018 og váttryggingarskilmála sem um trygginguna gilda. Gildissvið váttryggingarinnar er skv. fyrrnefndum gögnum að váttryggingarfjárhæð sé greidd „...verði það talið nauðsynlegt til að bæta galla sem fram hafa komið á verki verktaka eða til greiðslu á hvers konar kostnaði sem verkkaupi verður fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamningsins.“ Skilyrði bótaskyldu eru því að gallar hafi komið fram á verki og það þurfi að bæta þá eða að M hafi orðið fyrir kostnaði vegna vanefnda X á ákvæðum verksamnings. M ber, skv. almennum sönnunarreglum, sönnunarbyrði um að þessi skilyrði til greiðslu bóta úr verktryggingunni séu uppfyllt. Til þess að sýna fram á þessi skilyrði hefur M framvísað sönnunargögnum sem eru m.a. úttektir verkfræðistofu vegna tiltekinna hluta verksins, bráðabirgðagallamat arkitektastofu, samskipti kaupenda íbúða við M vegna kvartana o.fl. Þessi gögn eru lögð fram einhliða af hálfu M og verður að álykta um sönnunargildi þeirra miðað við það.

Ljóst er ennfremur af gögnum málsins að verulegur ágreiningur er með M og X um hvort gallar hafi komið fram á verki X og hvort samningur hafi verið vanefndur þannig að M hafi haft kostnað af. X hefur stefnt M til greiðslu skv. verksamningnum og skaðabóta og M hefur gagnstefnt X til greiðslu m.a. til greiðslu skaðabóta. Úr ágreiningi M og X hefur ekki verið leyst fyrir dómstólum, en M hefur óskað eftir mati dómkvaddis matsmanns m.a. til mats á göllum. Slíkt mat liggur ekki fyrir nefndinni.

Í 4. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005 kemur fram í d.lið að nefndin fjalli ekki um ágreiningsmál sem er til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Þegar litið er til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í

gögnum málsins um stefnu X gegn M dags. 30. apríl 2021 og efni gagnstefnu M dags. 4. júní 2021 er að mati nefndarinnar ljóst að sá ágreiningur sem fjallað verður um í því dómsmáli snýst að stórum hluta um það hvort galli hafi komið fram á verki X eða hvort M hafi orðið fyrir kostnaði vegna vanefnda X á ákvæðum verksamnings. Sá ágreiningur er að öllu leyti sambærilegur þeim ágreiningi sem lýtur að bótasviði verktryggingar V, þ.e. hvort galli sé á verkinu eða hvort verksamningur hafi verið vanefndur þannig að til kostnaðar hafi stofnast fyrir M. Verður því ekki hjá því komist að líta svo á að sá ágreiningur sem uppi er milli M og V sé í eðli sínu sambærilegur þeim ágreiningi sem reynir á í dómsmáli milli M og X, þó V eigi ekki aðild að því dómsmáli í skilningi réttarfarslaga. Sá ágreiningur telst því að mati nefndarinnar „...til meðferðar almennra dómstóla.“ í skilningi d.liðar 4. gr. samþykktar fyrir nefndina. Verður máli M því vísað frá nefndinni með vísan til fyrrnefndrar greinar í samþykktum.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 22. febrúar 2022.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 354/2021**M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar X****Umferðaróhapp 2. júní 2021 – takmörkun ábyrgðar váttryggingarfélags.****Gögn.**

Málskot, dags. 20. september 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 27. október 2021, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur lögfræðings M, dags. 28. október 2021.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna atvika málsins kemur fram að bifreiðin X hafi oltið á hringtorgi við Bugðufliót sem er yfir Vesturlandsvegi. Í sömu skýrslu er haft eftir M að hann hafi ekið á hraðanum 110 km/klst og ekki náð að hemla nægilega áður en hann fór inn í hringtorgið, með þeim afleiðingum að hann ók á grjóttvegg og fór hálfu veltu. Farþegi í bifreiðinni sagði á vettvangi að M hafi ekið of hratt inn í hringtorgið. Vitni bera síðan í sömu skýrslu að bifreiðinni X hafi verið ekið á miklum hraða og annað framhjóla bifreiðarinnar hafi farið í mól sem aðskildi aksturstepnu á Fossvegi/Bugðuflióti áður en henni var ekið utan í steinagarð á hringtorginu og þannig hafi hún farið á hvolf.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur háttsemi M við akstur bifreiðarinnar X hafa falið í sér stórkostlegt gáleysi og M því hafa misst allan rétt til bóta, sbr. heimild til að takmarka ábyrgð félagsins í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Í skýrslu sem V leggur fyrir nefndina um hraða- og höggútreikninga er gert frá fyrir því að hraði bifreiðarinnar X hafi verið um 75 km/klst en skömmu áður um 97-103 km/klst og vísar V til þess að hraði bifreiðarinnar hafi verið þessi í bréfi sínu til nefndarinnar. V bendir auk þess á að útsýni við hringtorgið sem M hugðist aka inn á sé takmarkað og því hafi sú háttsemi hans að aka á umræddum hraða verið stórkostlega gálaus og til þess fallin að takmarka ábyrgð félagsins að fullu. V hafnar því að fordæmi hafi skapast með þeim dómi sem vísað er til í málskoti M.

M telur að greiða eigi fullar bætur úr kaskótryggingu hans hjá V og að hraði M hafi ekki verið sá að meta megi akstur M sem stórkostlegt gáleysi. M vísar til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1620/2018 þar sem váttryggingafélag var dæmt til greiðslu bóta vegna sambærilegra aðstæðna. Einnig bendir M á að það geti ekki staðist að hann hafi verið á hraðanum 110 km/klst og vísar til þess að sekt sem hann fékk fyrir of hraðan akstur hafi einungis verið 20.000 krónur og hann hafi ekki verið sviptur ökuréttindum vegna atviksins. Einnig bendir M á að lítil umferð hafi verið við hringtorgið.

Álit.

Í gögnum málsins er ljóst af framburði M sjálfs í lögregluskýrslu og framburði vitna að M ók bifreiðinni X of hratt miðað við aðstæður áður en umferðaróhappið varð. V vísar sjálft til þess að ökuhraði M, þegar bifreiðin X lenti á grjóttvegg við hringtorgið, hafi verið um 75 km/klst. Verður að fallast á að aðstæður á vettvangi, þar sem hámarkshraði var 50 km/klst og framburður vitna er fyrir hendi um hraðakstur að slíkur akstur feli í sér stórkostlegt gáleysi af hálfu M. Þegar metið er að hve miklu leyti V getur takmarkað ábyrgð sína skv. 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga verður að líta til þess að félagið sjálft byggir á því að ökuhraði M hafi verið komin niður í 75 km/klst þegar hann lenti á grjóttvegg og ekki liggja fyrir önnur gögn um hraða eða ástand ökumanns í greint sinn. Við mat á ábyrgð félagsins skal skv. sömu lagagrein líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fikniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Í þessu máli liggur ekkert fyrir um áhrif áfengis eða fikniefna og verður ekki talið sýnt fram á að sök M hafi verið þannig að V geti takmarkað ábyrgð sína að fullu. Engin gögn liggja fyrir um annað en að M hafi ekið of hratt í aðdraganda árekstursins og verður því ekki fallist á að hægt sé að takmarka ábyrgð V um meira en þriðjung.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hluta heildartjóns bifreiðar úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 23. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 355/2021

**M og
V v/ sjúkdómatryggingar M hjá V.**

Ágreiningur um upplýsingagjöf við töku persónutryggingar.**Gögn.**

Málskot móttakið 22.09.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 06.10.2021 ásamt fylgiskjölum 1-5.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 17.10.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram sú krafa að iðgjald vegna vátrygginga sem M keypti hjá V verði endurgreitt þar sem V telji bótaskyldu úr þeim ekki fyrir hendi á grundvelli þess að M hafi ekki veitt réttar upplýsingar um heilsufar sitt. M hafi svarað spurningum um heilsufar sitt á þar til gerðu eyðublaði með aðstoð umboðsmanns V og samkvæmt ráðleggingum hans. V verði að sýna gott fordæmi og heiðarleika, og ekki dugi að viðskiptavinum beri bara skylda til greiðslu iðgjalda en eigi engan rétt á bótum. V þurfi að huga betur að vinnubrögðum umboðsmanna sinna og krafa um heiðarleika hljóti að beinast að báðum aðilum samnings, en ekki aðeins M.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi, hinn 17. febrúar 2012 óskað eftir líf- og sjúkdómatryggingu auk lánaverndar. Með tjonstilkynningu, dags. 19. ágúst 2020, hafi M svo krafist bóta úr sjúkdómatryggingu og lánavernd á grundvelli þess að hann hefði greinst með krabbamein í lungum og eitlum. Þeirri beiðni hafi verið hafnað, með bréfi félagsins, dags. 25. september 2020, á grundvelli þess að M hefði vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku umræddra vátrygginga. Ekkert í umsókn M hafi gefið tilefni til sérstakrar skoðunar eða frekari gagnaöflunar. M hafi, í umsókninni, lýst því yfir með undirritun að hann hafi veitt heilsufarsupplýsingar samkvæmt bestu vitund og að honum væri ljóst að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar kynnu að valda missi bótaréttar að hluta eða öllu leyti og því að greidd iðgjöld töpuðust. Eftir að tjonstilkynning barst hafi V óskað eftir m.a. afriti sjúkraskrár M í fimm ár fyrir töku vátrygginganna. Í henni komi fram að M hafi, frá því í október 2010, haft háþrýsting sem illa gekk að meðhöndla, en m.a. hafi verið gerðar tilraunir með þremur mismunandi lyfjum. Þá hafi legið fyrir staðfest greining á alkahóllifransjúkdómi hinn 6. október 2011. Auk þess komi fram í sjúkraskrá upplýsingar um hækkun á blóðsykri, ofneyslu áfengis og langvarandi bakvandamál. V hafi því hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 25. september 2020, enda sé það mat V að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína verulega við töku vátrygginganna. Þá liggi fyrir að hefði M svarað spurningum um heilsufar sitt með fullnægjandi hætti hefði umsókn hans um líf- og sjúkdómatryggingu ásamt lánavernd verið hafnað. Er þá ávirðingum M hvað varði óheiðarleika við sölu vátrygginganna vísað á bug. Samkvæmt framansögðu, og með vísan til 1. mgr. 82. gr. og 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er bótaskyldu því hafnað. Þá hafi M mátt vera ljóst að greidd iðgjöld kynnu að tapast vegna rangra upplýsinga.

Í viðbótarathugasemdum M er gerð athugasemd við að V hafi ekki leitað upplýsinga úr sjúkraskrá áður en umsókn hans var samþykkt, enda sé ekki eðlilegt eða heiðarlegt að leita slíkra upplýsinga eftir á. Þá er ítrekað að ráðgjafi hafi sagt svör M „í lagi“ og því ætti V að endurgreiða iðgjöld vátrygginganna.

Álit:

Ágreiningur aðila snýst samkvæmt framansögðu um það hvort V sé heimilt að fella niður ábyrgð sína. Í 1. mgr. 82 gr. laga um vátryggingarsamninga segir að á meðan vátryggingafélag hafi ekki samþykkt að veita vátryggingu geti það óskað eftir upplýsingum sem hafi þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Sé því heimilt að óska upplýsinga hjá vátryggingartaka, og skuli hann veita rétt og tæmandi svör eftir best vitund. Í 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingarskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr., beri félagið ekki ábyrgð. Í 2. mgr. sömu lagagreinar kemur fram að hafi vátryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki teljist óverulegt megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða hluta.

Fyrir liggur að í umsókn, dags. 17. febrúar 2012, var M inntur eftir ýmsum upplýsingum um heilsufar sitt. Meðal annars var spurt um hvort M hefði haft einkenni frá hjarta, æðakerfi, eða heilaæðum, t.d. fengið heilaáfall eða haft háan blóðþrýsting, hvort M hefði haft sjúkdóm eða einkenni frá lifur, maga, skeifugörn, smápörmum, ristli, nýrum eða þvagrásarkerfi, hvort M hefði haft einkenni frá stoðkerfi, s.s. beinum, liðum eða vöðvum, og hvort M hefði leitað til læknis á undangengnum tólf mánuðum vegna annars en umgangspesta. Öllum ofangreindum spurningum svaraði M neitandi. Samkvæmt fyrirbyggjandi afriti af sjúkraská M, vegna tímabilsins 1. október 2009 til 31. október 2011, leitaði M töluvert oft til læknis á tímabilinu. Má þannig sjá að M hefur ítrekað mælst með of háan blóðþrýsting á þessu tímabili, og virðist hafa gengið illa að ráða við hann með lyfjameðferð. Þá bentu blóðþrófunarniðurstöður, samkvæmt færslu í sjúkraskrá hinn 2. október 2011, til hækkunar á transminözum í lifur og var M greindur með „ótilgreindan alkóhóllifransjúkdóm“ fjórum dögum síðar, en endanleg sjúkdómsgreining virðist ekki meðal ganga fyrir nefndinni. Þá kemur fram að M eigi nokkra sögu um bakverk, og virðist hann m.a. hafa leitt til mikilla verkja við gang, sbr. m.a. athugasemdir í sjúkraskrá 28. september 2011 og 21. júní 2010. Á umsóknareyðublaðinu skrifaði M þá undir yfirlýsingu þar sem hann staðfesti að hann hefði sjálfur svarað framangreindum spurningum sannleikanum samkvæmt og til samræmis við bestu vitund. Með hliðsjón af því hve mikið ber í milli svara M og þess sem kemur fram í sjúkraskrá verður að telja að hann hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína með þeim hætti að ekki teljist óverulegt, enda hafi honum mátt vera ljóst að svör hans voru ekki samkvæmt bestu vitund, og að því megi, samkvæmt 2. mgr., sbr. 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga fella ábyrgð V niður.

Hvað varðar athugasemd M um að félaginu hafi þá borið að leita upplýsinga úr sjúkragögnum áður en umsókn hans var samþykkt þá verður að fallast á það með V að svör M, sem svaraði eins og áður sagði öllum spurningum um sértæka heilsufarskvilla neitandi, hafi ekki gefið tilefni til þess að kalla eftir frekari upplýsingum.

Á grundvelli framangreinds er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M hvað varðar endurgreiðslu iðgjalda lánaverndar og sjúkdómatryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.

V er heimilt að fella ábyrgð sína, vegna lánaverndar og sjúkdómatryggingar M hjá V.

Reykjavík 2. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 356/2021**M og****V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna afleiðinga slyss á vinnustað 19. mars 2020.****Gögn.**

Málskot dags. 21.09.2021 ásamt fylgiskjölum 1-16.

Bréf V dags. 14.10.2021 ásamt fylgiskjölum.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 25.10.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi þegar hún var á upprifjunarnámskeiði í tengslum við starf hennar sem flugfreyja hjá A. Á námskeiðinu áttu flugliðar meðal annars að renna sér niður svokallaða neyðarrennu úr flugvél í þeim tilgangi að æfa neyðartilvik. Þegar M renndi sér niður rennuna lenti hún mjög illa og fótbrotnaði við ökkla. Sé M enn að glíma við afleiðingar þess.

M telur A bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar og byggir á því að neyðarrennan hafi verið ákveðnum hættueiginleikum búin sem fólust meðal annars í því að starfsfólk fór á alltof miklum hraða niður rennuna þar sem hún var of sleip og brött og enginn hafi verið við enda rennunnar til að aðstoða þá sem voru að koma niður. Auk þess hafi ekki verið um nauðsynlega þjálfun að ræða skv. reglugerð nr. 965/2012. M telur að engu breyti hvort neyðarrennan hafi verið sett upp í samræmi við Evrópureglugerðir eða ekki þar sem það liggi í augum uppi að aðbúnaður rennunnar hafi ekki verið ásættanlegur. Skýrsla Vinnueftirlitsins (VER), og úrbætur í kjölfarið séu til marks um það. Fram komi í tölvupósti frá VER að ákveðið hafi verið að hætta með þjálfun í neyðarrennu nema fyrir nýliða og styðji það að starfsfólk hafi verið sett í hættulegar aðstæður að ástæðulausu þar sem ekki sé gerð krafa um þjálfun í neyðarrennu á hverju upprifjunarnámskeiði skv. reglugerð.

Að auki bendir M á að fleiri en hún hefðu lent í sambærilegum slysum við að renna sér niður neyðarrennuna, þannig hafi sambærileg slys átt sér stað mánuði fyrr og annað tíu dögum fyrr, og í ljósi þess hafi VER hinn 27. október 2020 gert séstaka skoðun á öryggi neyðarrennunnar. Skýrsla vegna þeirrar skoðunar renni stöðum undir það að veruleg hætta hafi fylgt því að renna sér niður neyðarrennuna þar sem sérstaklega hafi komið fram að A hafi átt að endurskoða áhættumat m.t.t. þjálfunar í neyðarrennu með vísan til gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006. A hafi ekki hlutast til um að grípa til viðeigandi ráðstafana fyrr en VER krafðist úrbóta af þess hálfu þrátt fyrir fjölmörg slys við notkun rennunnar. A hafi því verið meðvitað um hættulegt ástand neyðarrennunnar en vanrækt skyldu sína til þess að tryggja öryggi starfsfólks við þjálfun á æfingasvæðinu og grípa til ráðstafana og þannig ekki viðhaft það öryggi á vinnustað sem reglur laga nr. 46/1980 krefjist eða reglugerðir um notkun tækja. M vísar til þess að halli á rennunni hafi verið of mikill miðað við fyrirmæli í gr. 1.1. í II viðauka fyrrnefndrar reglugerðar þar sem fram komi að tæki skuli sett upp og staðsett þannig að sem minnst hætta stafi af.

M vísar til þess að A hafi gert úrbætur á vinnuástöðunni eftir athugasemdir VER sem fólust í því að fá nýja galla sem séu ekki eins sleipir þegar fólk renni sér niður, setja sérstaka borða neðst í rennuna til að draga úr hraða fólks, hafa ekki þjálfun í rennunni fyrr en borðarnir kæmu, hafa enga þjálfun í rennunni fram á árið 2021 vegna ástandsins og hætta með þjálfun í rennum nema í nýþjálfun. Þessar ráðstafanir styðji enn frekar að starfsfólk hafi verið sett í afar hættulegar aðstæður að ástæðulausu. Að lokum bendir A á að almennt hafi tíðkast að einhver stæði neðst við rennuna til að aðstoða þann sem væri að koma niður en í ljósi fjarlægðartakmarkana vegna Covid-19 hafi svo ekki verið á slyssdegi.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafni bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og byggir afstöðu sína á því að líkamstjón M verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar sem A gat borið ábyrgð á eða saknæmra mistaka annarra starfsmanna A. V telur að neyðarrenna í þjálfunarhúsnæði A hafi verið sett upp í samræmi við reglur ESB nr. 965/2012 sem var innleidd með reglugerð nr. 237/2014. Þar komi fram að neyðarrenna skuli sett upp í sömu hæð og hæð gólfs í viðkomandi flugvél og í samræmi við raunverulegar aðstæður í neyðarástandi. Reglugerðin leggi þær kvaðir a öll flugfélög með starfsemi inn EES að þjálfar áhafnir sínar í viðbrögðum við neyðarástandi, m.a. með því að æfa flóttu frá flugvél niður neyðarrennu. Aðstæður eigi að líkjast raunverulegum aðstæðum í neyðarástandi og í þessari þjálfun felist ákveðin slyshætta. A hafi ávallt lagt mikla áherslu á að minnka slyshættu meðal annars með því að láta áhafnarmedlimi klæðast vinnusamfestingi, setjast

efst í rennuna og renna sér niður með krosslagðar hendur í stað þess að hoppa niður í rennuna í áhafnarbúningi eins og alla jafna yrði gert við raunverulegar neyðaraðstæður. Þá sé dýna staðsett fyrir neðan neyðarrennuna við vegg 2,5 m frá neðri enda rennunnar til þess að minnka hættuna á meiðslum þegar niður er komið. Áhættumat vegna æfinga hefi legið fyrir, svo og nákvæmar leiðbeiningar um hvernig þjálfun skuli fara fram. Einnig hafi A farið vandlega yfir til hvaða öryggisráðstafana sé hægt að grípa til þess að draga úr líkum á slysi og gengið lengra en því sé í raun heimilt skv. reglugerð ESB nr. 965/2012 til að auka öryggi starfsmanna sinna.

Þá kemur fram að A hafi gert úrbætur eftir reglubundna skoðun VER í október 2020 en í því felist ekki viðurkenning um að neyðarrennan og umhverfi hennar hafi verið vanbúið á slysdegi. Þá veki það athygli að VER hafi ekki fundið raunverulegan vanbúnað á uppsetningu rennunnar eða umhverfi hennar. V mótmælir einnig tilvísun til reglugerðar 367/2006 um notkun tækja þar sem neyðarrennan sé ekki tæki í skilningi reglugerðarinnar. Einnig vísar V á bug að slys hjá A hafi verið siendurtekin því eins og fram komi í skýrslu VER hafi þúsundir áhafnarmedlima rennt sér niður umrædda neyðarrennu án slysa áður en úrbætur hafi verið gerðar. Sérstaklega er mótmælt þeirri fullyrðingu í málskoti að þjálfun kæranda hafi ekki verið nauðsynleg. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar ESB nr. 854/202 skuli hver áhafnarmedlimur fara í gegnum þjálfun sem snýr að rýmingu vélar í neyðartilfalli að lágmarki einu sinni á ári. Þá séu einnig ákvæði um upprifjunarþjálfun ef áhafnarmedlimur hefur ekki flogið í sex mánuði eða lengur.

Álit:

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort aðstæður við reglubundna þjálfun flugliða A við að fara niður neyðarrennu hafi verið fullnægjandi. Ljóst er af gögnum málsins að sérstakar leiðbeiningar um uppsetningu slíkra neyðarrena liggja helst fyrir í almennum fyrirmælum í Evrópureglugerðum um að líkja eigi eftir þeim aðstæðum sem geti verið uppi við neyðaraðstæður og notkun slíkra renna. Ekki liggur fyrir sérstakt mat á því hvort aðstæður í þjálfunarhúsnæði A hafi verið það fjarri slíkum aðstæðum að saknæmt megi telja og verður M að bera hallann af sönnunarskorti um það.

Hvað varðar almenn fyrirmæli í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðu, sem og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra laga, verður ekki séð að uppsetning neyðarrennunnar hafi verið í ósamræmi við þau fyrirmæli. Mat á því hvort augljós slyshætta hafi verið af notkun neyðarrennunnar verður að byggja á því hvort forsvarsmönnum eða öðrum starfsmönnum A hafi mátt vera ljóst, þegar M slasaðist, að slyshætta hafi verið meiri en búast mátti við í samburði við þær aðstæður sem höfðu verið áður við sambærilegar æfingar. Fyrir liggur þó að tvö önnur slys urðu við sambærilegar aðstæður við þjálfun starfsfólks A. Af því tilefni skoðaði Vinnueftirlitið aðstæður 27. október 2020 eins og áður getur. Segir í skýrslu um skoðunina að um sé að ræða takmarkaða skoðun í tengslum við yfirferð á vinnuslysatilkyningum. Í henni koma þá fram þau tilmæli til A að endurskoða skuli áhættumat með tilliti til þjálfunar í neyðarrennu, og að gera skuli úrbætur þannig að komið verði í veg fyrir siendurtekin slys við þjálfun í neyðarrennu. Ekki eru gerðar neinar sértækar athugasemdir við aðstæður, uppsetningu og notkun neyðarrennunnar, né er í skýrslunni að finna neina niðurstöðu varðandi það hvað sérstaklega hafi leitt til slyss M og verður ekki séð að það hafi verið rannsakað sérstaklega. Af skýrslunni verður því ekki ráðið hvort, og þá hvaða, vanbúnaður hafi verið fyrir hendi er M slasaðist og með hvaða hætti hann hafi leitt til tjóns hennar.

Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttarins séu fyrir hendi. Það að A hafi gert úrbætur eftir skoðun Vinnueftirlitsins til að draga úr slyshættu vegna notkunar neyðarrennunnar leiðir ekki sjálfkrafa til þess að A hafi vanrækt skyldur sínar og sýnt af sér ólögmeta eða saknæma háttsemi. Í þessu máli liggja ekki fyrir afgerandi sönnunargögn um að aðstæður hafi verið þannig að starfsmönnum A hafi mátt vera ljóst að aðstæður við neyðarrennuna hafi verið hættulegri en þær höfðu verið. Eins og mál þetta liggur fyrir er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 9. nóvember 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 357/2021**M og****V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna afleiðinga slyss á vinnustað 9. mars 2020.****Gögn.**

Málskot dags. 21.09.2021 ásamt fylgiskjölum 1-13

Bréf V dags. 15.10.2021 ásamt fylgiskjölum.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 19.10.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi þegar hún var á upprifjunarnámskeiði í tengslum við starf hennar sem flugfreyja hjá A. Á námskeiðinu áttu flugliðar meðal annars að renna sér niður svokallaða neyðarrennu úr flugvél í þeim tilgangi að æfa neyðartilvik. Þegar M renndi sér niður rennuna lenti hún mjög illa og varð fyrir meiðslum og kom í ljós að hún hlaut samfallsbrot á hrygg. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins (VER) er tildrögum slyssins lýst á eftirfarandi hátt: *Var á námskeiði og var að renna sér niður rennu í þjálfunarsal og slasar sig á neðra baki og gat ekki staðið upprétt eftir að hún kemur niður rennuna.*

M telur A bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar og byggir á því að neyðarrennan hafi verið ákveðnum hættueiginleikum búin sem fólust meðal annars í því að starfsfólk fór á alltof miklum hraða niður rennuna þar sem hún var of sleip og brött og enginn hafi verið við enda rennunnar til að aðstoða þá sem voru að koma niður. Auk þess hafi ekki verið um nauðsynlega þjálfun að ræða skv. reglugerð 965/2012. M telur að engu breyti hvort neyðarrennan hafi verið sett upp í samræmi við Evrópureglugerðir eða ekki þar sem það liggja í augum uppi að aðbúnaður rennunnar hafi ekki verið ásættanlegur og skýrsla VER og úrbætur í kjölfarið séu til marks um það. Fram komi í tölvupósti frá VER að ákveðið hafi verið að hætta með þjálfun í neyðarrennu nema fyrir nýliða og styðji það að starfsfólk hafi verið sett í hættulegar aðstæður að ástæðulausu þar sem ekki sé gerð krafa um þjálfun í neyðarrennu á hverju upprifjunarnámskeiði skv. reglugerð.

Að auki bendir M á að fleiri en hún hefðu lent í sambærilegum slysum við að renna sér niður neyðarrennuna og í ljósi þess hafi VER hinn 27. október 2020 gert sérstaka skoðun á öryggi neyðarrennunnar. Skýrsla vegna þeirrar skoðunar renni stóðum undir það að veruleg hætta hafi fylgt því að renna sér niður neyðarrennuna þar sem sérstaklega hafi komið fram að A hafi átt að endurskoða áhættumat m.t.t. þjálfunar í neyðarrennu með vísan til 5. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006. A hafi ekki hlutast til um að grípa til viðeigandi ráðstafana fyrir en VER krafðist úrbóta af þess hálfu þrátt fyrir fjölmörg slyss við notkun rennunnar. A hafi því verið meðvitað um hættulegt ástand neyðarrennunnar en vanrækt skyldu sína til þess að tryggja öryggi starfsfólks við þjálfun á æfingasvæðinu og grípa til ráðstafana og þannig ekki viðhaft það öryggi á vinnustað sem reglur laga nr. 46/1980 krefjist eða reglugerðir um notkun tækja. M vísar til þess að halli á rennunni hafi verið of mikill miðað við fyrirmæli í gr. 1.1. í II viðauka fyrrnefndrar reglugerðar þar sem fram komi að tæki skuli sett upp og staðsett þannig að sem minnst hætta stafi af.

M vísar til þess að A hafi gert úrbætur á vinnuástöðunni eftir athugasemdir VER sem fólust í því að fá nýja galla sem séu ekki eins sleipir þegar fólk renni sér niður, setja sérstaka borða neðst í rennuna til að draga úr hraða fólks, hafa ekki þjálfun í rennunni fyrir en borðarnir kæmu, hafa enga þjálfun í rennunni fram á árið 2021 vegna ástandsins og hætta með þjálfun í rennum nema í nýþjálfun. Þessar ráðstafanir styðji enn frekar að starfsfólk hafi verið sett í afar hættulegar aðstæður að ástæðulausu. Að lokum bendir A á að almennt hafi tíðkast að einhver stæði neðst við rennuna til að aðstoða þann sem væri að koma niður en á síðari árum hafi verið lögð minni áhersla á þetta atriði sem beri vott um hnignun öryggisráðstafana.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafni bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og byggji afstöðu sína á því að líkamstjón M verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar sem A gat borið ábyrgð á eða saknæmra mistaka annarra starfsmanna A. V telur að neyðarrenna í þjálfunarhúsnæði A hafi verið sett upp í samræmi við reglur ESB nr. 965/2012 sem var innleidd með reglugerð nr. 237/2014. Þar komi fram að neyðarrenna skuli sett upp í sömu hæð og hæð gólfs í viðkomandi flugvél og í samræmi við raunverulegar aðstæður í neyðarástandi. Reglugerðin leggi þær kvaðir á öll flugfélög með starfsemi innan EES að þjálfar áhafnir sínar í viðbrögðum við neyðarástandi, m.a. með því að æfa flótta frá flugvél niður neyðarrennu. Aðstæður eigi að líkjast raunverulegum aðstæðum í neyðarástandi og í þessari þjálfun felist ákveðin slyshætta. A hafi ávallt lagt mikla áherslu á að minnka slyshættu, meðal annars með því að láta áhafnar meðlimi klæðast vinnusamfestingi, setjast

efst í rennuna og renna sér niður með krosslagðar hendur í stað þess að hoppa niður í rennuna í áhafnarbúningi eins og alla jafna yrði gert við raunverulegar neyðaraðstæður. Þá sé dýna staðsett fyrir neðan neyðarrennuna við vegg 2,5 m frá neðri enda rennunnar til þess að minnka hættu á meiðslum þegar niður er komið. Áhættumat vegna æfinga hafi legið fyrir, svo og nákvæmar leiðbeiningar um hvernig þjálfun skuli fara fram. Einnig hafi A farið vandlega yfir til hvaða öryggisráðstafana sé hægt að grípa til þess að draga úr líkum á slysi og gengið lengra en því sé í raun heimilt skv. reglugerð ESB nr. 965/2012 til að auka öryggi starfsmanna sinna.

Þá kemur fram að A hafi gert úrbætur eftir reglubundna skoðun VER í október 2020 en í því felist ekki viðurkenning um að neyðarrennan og umhverfi hennar hafi verið vanbúið á slysdegi. Þá veki það athygli að VER hafi ekki fundið neinn raunverulegan vanbúnað á uppsetningu rennunnar eða umhverfi hennar. V mótmælir einnig tilvísun til reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja þar sem neyðarrennan sé ekki tæki í skilningi reglugerðarinnar. Einnig vísar V því á bug að slys hjá A hafi verið síendurtekin því eins og fram komi í skýrslu VER hafi þúsundir áhafnarmedlima rennt sér niður umrædda neyðarrennu án slysa áður en úrbætur hafi verið gerðar. Sérstaklega er mótmælt þeirri fullyrðingu í málskoti að þjálfun kæranda hafi ekki verið nauðsynleg. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar ESB nr. 854/202 skuli hver áhafnarmedlimur fara í gegnum þjálfun sem snýr að rýmingu vélar í neyðartilfalli að lágmarki einu sinni á ári. Þá séu einnig ákvæði um upprifjunarþjálfun ef áhafnarmedlimur hefur ekki flogið í sex mánuði eða lengur.

Álit:

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort aðstæður við reglubundna þjálfun flugliða A við að fara niður neyðarrennu hafi verið fullnægjandi. Ljóst er af gögnum málsins að sérstakar leiðbeiningar um uppsetningu slíkra neyðarrena liggja helst fyrir í almennum fyrirmælum í Evrópureglugerðum um að líkja eigi eftir þeim aðstæðum sem geti verið uppi við neyðaraðstæður og notkun slíkra renna. Ekki liggur fyrir sérstakt mat á því hvort aðstæður í þjálfunarhúsnæði A hafi verið það fjarri slíkum aðstæðum að saknæmt megi telja og verður M að bera hallann af sönnunarskorti um það.

Hvað varðar almenn fyrirmæli í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðu, sem og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra laga, verður ekki séð að uppsetning neyðarrennunnar hafi verið í ósamræmi við þau fyrirmæli. Mat á því hvort augljós slyshætta hafi verið af notkun neyðarrennunnar verður að byggja á því hvort forsvarsmönnum eða öðrum starfsmönnum A hafi mátt vera ljóst, þegar M slasaðist, að slyshætta hafi verið meiri en búast mátti við í samanburði við þær aðstæður sem höfðu áður verið við sambærilegar æfingar. Fyrir liggur að annað slys varð skömmu áður við sambærilegar aðstæður við þjálfun starfsfólks A. Af því tilefni skoðaði Vinnueftirlitið aðstæður 27. október 2020 eins og áður getur. Segir í skýrslu um skoðunina að um sé að ræða takmarkaða skoðun í tengslum við yfirferð á vinnuslysatilkynningum. Í henni koma þá fram þau tilmæli til A að endurskoða skuli áhættumat með tilliti til þjálfunar í neyðarrennu og að gera skuli úrbætur þannig að komið verði í veg fyrir síendurtekin slys við þjálfun í neyðarrennu. Ekki eru gerðar neinar sértækar athugasemdir við aðstæður, uppsetningu og notkun neyðarrennunnar, né er í skýrslunni að finna neina niðurstöðu varðandi það hvað sérstaklega hafi leitt til slyss M og verður ekki séð að það hafi verið rannsakað sérstaklega. Af skýrslunni verður því ekki ráðið hvort, og þá hvaða, vanbúnaður hafi verið fyrir hendi er M slasaðist og með hvaða hætti hann hafi leitt til tjóns hennar.

Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttarins séu fyrir hendi. Það að A hafi gert úrbætur eftir skoðun Vinnueftirlitsins til að draga úr slyshættu vegna notkunar neyðarrennunnar leiðir ekki sjálfkrafa til þess að A hafi vanrækt skyldur sínar og sýnt af sér ólögmeta eða saknæma háttsemi. Í þessu máli liggja ekki fyrir afgerandi sönnunargögn um að aðstæður hafi verið þannig að starfsmönnum A hafi mátt vera ljóst að aðstæður við neyðarrennuna hafi verið hættulegri en þær höfðu verið. Eins og mál þetta liggur fyrir er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 9. nóvember 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 358/2021**M og
V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Fjallabaksleið nyrðri hinn 5. ágúst 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 22.09.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 06.10.2021 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V2, dags. 11.10.2021.

Málsatvik.

Hinn 5. ágúst varð árekstur milli A og B, sem er bílaleigubifreið í eigu M, á Fjallabaksleið nyrðri. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjonanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við mætingu bifreiðanna. M fellir sig ekki við þau málalok, og telur B hafa verið í fullum rétti, enda hafi A verið ekið beint framan á B sem hafi enga möguleika átt á að forða árekstri. Vísar M til fyrirbyggjandi myndbands og ljósmynda máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að aðstæður á vettvangi hafi verið þær að vegurinn liggir í beygju fyrir hrauntungu sem leiði til þess að útsýni sé verulega skert. Þá sé um þröngan malarveg að ræða. Þá komi fram á tjonstilkynningu að B hafi verið ekið á miklum hraða en A á minni hraða. Þá beri hemlafið eftir B með sér að bifreiðinni hafi verið ekið eftir miðjum veginum í aðdraganda áreksturs, og beri að horfa til þess en ekki eingöngu þess hvar B var þegar hún staðnæmdist. Hafi báðir ökumenn því brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga með því að aka ekki eins langt til hægri og unnt var og með því að gæta ekki að hliðarbili milli bifreiðanna. Þá hafi ökuhraði B verið of mikill miðað við aðstæður, sbr. 1. og 2. mgr. 36. gr. sömu laga. Þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér við akstur á þröngum malarvegi í átt að blindbeygju beri að skipta sök til helminga.

Í bréfi V2 til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að A beri alla sök á árekstri bifreiðanna. Fyrirbyggjandi gögn sýni skýrlega hvernig aðstæður á vettvangi hafi verið, og sé ljóst af þeim að B hafi verið staðsett lengst til hægri á veginum og því ekki verið möguleiki fyrir ökumann hennar að forða árekstri. A hafi hins vegar ekki verið nógu utarlega á veginum en samkvæmt 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 beri ökumanni að vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt sé með tilliti til umferðar og aðstæðna. A hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði og sé það meginástæða árekstursins.

Álit:

Samkvæmt gögnum málsins var árekstur A og B við nokkuð erfiðar aðstæður, þ.e. við blindbeygju á þröngum malavegi. Við slíkar aðstæður ber ökumönnum sérstök skylda til að haga aksturshraða til samræmis við aðstæður, skv. 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga, sér í lagi c- og g-lið þess ákvæðis. Ekki er ljóst á hvaða hraða bifreiðarnar voru, en fyrir liggur að B var á meiri hraða en A og má af því draga þá ályktun að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði. Þá verður niðurstaða um að A beri alla sök á árekstri aðila ekki sjálfkrafa byggð á því hvar á veginum B staðnæmdist við árekstur bifreiðanna, enda má ráða af gögnum málsins, þ.e. ummerkjum af vettvangi, að henni hafi verið sveigt nokkuð til hægri í aðdraganda hans. Þegar litið er til afstöðumyndar á sameiginlegri tjonstilkynningu aðila má þá ráða af henni að A hafi verið ekið eftir miðjum vegi í aðdraganda áreksturs, og verður þar með að telja að ljóst sé að ökumaður hennar hafi ekki gætt nægilega að þeim áskilnaði 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga að vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti og að það hafi verið meginorsök árekstursins. Verður þó samkvæmt framansögðu að telja að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér í aðdraganda áreksturs við þær aðstæður sem voru á vettvangi. Verður því að telja að þeir beri báðir sök á umræddum árekstri. Með hliðsjón af heildstæðu mati á gögnum málsins þykir því rétt að A beri 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og B 1/3 hluta, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B 1/3 hluta.

Reykjavík 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 359/2021**M og
V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort tilkynnt hafi verið um tjónsatvik innan lögmæltis ársfrests.****Gögn.**

Málskot, móttækið 22.9.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 8.10.2021.

Málsatvik.

Hinn 20. maí 2017 varð M fyrir meiðslum á hægri ökkla í knattspyrnuleik. Daginn eftir leitaði hún á bráðamóttöku Landspítalans. Samkvæmt röntgenmynd var um að ræða þverbrot á „distal fibulu“ í „syndesmosu“ hæð. Var brotið „óverulegt dislocerað“. Einnig var M bólgin eftir högg sem hún mun hafa fengið á fótinn. Fékk hún gifsspelku um ökkla. M kom svo til eftirlits á spítalanum 30. sama mánaðar. Mun brotið þá hafa verið í óbreyttri legu og var henni ráðlagt að vera ekki með fullt ástig fyrr en tíu dögum síðar og að hún tylli í til að byrja með. M kom svo á endurkomu 28. júní sama ár. Lega brotsins var þá sögð óbreytt, en brotglufa væri að verulegu leyti óútfyllt enn. Var henni ráðlagt að kaupa sérstaka ökklaþelku hjá Össuri og nota hana næstu tvær vikur á eftir þegar hún væri að ganga utan heimilis. Til að byrja með ætti hún að ganga á sléttu undirlagi og byrja síðan að skokka létt og eftir um fjórar vikur ætti hún að geta farið í fótbolta og eftir atvikum notað þá spelkuna. Þá segir í læknavottorði vegna læknismeðferðar hennar á spítalanum, dags. 13. maí 2020, að gera hefði mátt ráð fyrir að hún myndi ná sér vel í ökkla „þótt fullnaðarbati og án óþæginda síðar og slitbreytingar síðar séu ekki útilokaðar.“

M leitaði þrisvar til sjúkraþjálfara á árinu 2018, 28. mars, 8. maí og 23. ágúst, vegna einkenna frá hægri ökkla. Í fyrirliggjandi vottorði sjúkraþjálfara, dags. 12. maí 2021, segir að er hún kom í síðasta tímamál hafi hún verið farin að stífna í ökkla. Þegar hún hafi stífnað í ökkla hafi hún fengið verki upp eftir leggnum og þurft að vera í fótboltaskóm og hlaupa til að finna einkenni. Losað hafi verið um „cuboid“ beinið og einnig um „talus“ liðinn auk þess sem náðst hafi að opna liðinn ágætlega. Þá segir í umræddu vottorði að í síðasta tímamál hafi M enn þá verið að reyna að spila fótbolta og ekkert sem hafi bent til þess að hún myndi ekki gera það aftur. Þegar síðasta meðferðin hafi farið fram hafi framtíðarhorfur verið góðar og það hafi verið von sjúkraþjálfarans að hún gæti áfram spilað fótbolta. Ekkert hafi komið fram í fyrrgreindum meðferðartímum um að ekki væri von á frekari knattspyrnuíðkun hennar.

Með tölvubréfi 30. mars 2020 tilkynnti lögmaður M um atvikið til V og 1. apríl sama ár var tilkynningunni fylgt eftir með því að útfyllt tjónstilkynning M var send V. Í tilkynningunni kemur fram að þá sé ástand ökkla þannig að hún sé verkjuð við álag og iðkun íþróttar og þurfi reglulega að fá sjúkraþjálfun til að hnykkja eða liðka ökkla til að losa spennu.

Með bréfi V til M, dags. 23. nóvember 2020, var M tilkynnt að hún hafi með vísan til 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga glatað rétti sínum til bóta þar eð hún hafi ekki tilkynnt um slysið til V innan árs frá því að hún fékk vitneskju um atvik sem krafa hennar er reist á. Byggir V á því að ársfresturinn hafi verið liðinn 23. ágúst 2019 þegar ár var liðið frá síðasta meðferðartímamál hjá sjúkraþjálfara.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða félaginu hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti.

Samkvæmt læknavottorði frá bráðamóttöku Landspítalans var ekki talið útilokað að M gæti þurft að búa við slitbreytingar síðar af völdum ökklaáverkans. Þá verður umsögn sjúkraþjálfara skilin þannig að M verði ekki útilokuð frá knattspyrnuíðkun þótt stífleiki eða önnur einkenni kunni að verða til staðar til frambúðar. Miðað við þau einkenni sem M lýsti í tjónstilkynningunni 1. apríl 2020 virðist vera um sömu einkenni að ræða og hún bjó við eftir síðasta meðferðartímamál hjá sjúkraþjálfara 23. ágúst 2018, þ.e. álagsverkir við íþróttaiðkun og stífni í ökkla sem þyrfti að liðka til að losa um spennu. Ári áður en slysið var tilkynnt til V eða í lok mars 2019 verður að líta svo á að M hafi mátt gera sér grein fyrir því að þessi sjúkdómseinkenni myndu að öllum líkindum verða varanleg. Ársfrestur til að tilkynna um atvikið til V samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 telst því hafa verið liðinn þegar tilkynningin barst V 30. mars 2020. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 2. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 360/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs hinn 2. ágúst 2024.****Gögn.**

Málskot móttakið 22.09.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 01.10.2021 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf V2, dags. 07.10.2021.

Málsatvik.

Hinn 2. ágúst 2021 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B, á bifreiðastæði við Hagkaup í Skeifunni. Ökumenn fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynninga á vettvangi og ber ekki saman um málsatvik. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjonanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur í málskoti fram að hún hafi verið kyrrstæð í aðdraganda árekstrar og beri því B alla sök á árekstri bifreiðanna.

Í tjónstilkynningu M til V1 sem var vátryggjandi A á tjónsdegi segir að M hafi verið búin að bakka úr stæði og hafi stöðvað A til þess að skipta um gír þegar B bakkaði úr sínu stæði. M hafi séð í hvað stefndi og gefið hljóðmerki til að vara B við en B hafi ekki veitt því athygli og ekið á A.

Í tjónstilkynningu B til V2 sem var vátryggjandi B á tjónsdegi segir að ökumaður B hafi lagt í bifreiðastæði og bakkað örlítið út og til hægri til að rétta bifreiðina af í stæðinu. Þegar B var komin rúmlega hálf út úr stæðinu hafi komið lítið högg a bifreiðina. Ökumaður B hafi ekki orðið vör við A í aðdraganda áreksturs.

Í bréfi V1 til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að B beri alla sök á árekstrinum. Tjónstilkynning B beri með sér að ökumaður hennar hafi ekið aftur á bak úr stöðureit án þess að taka eftir A. Hafi B því ekki gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ekki sé tilefni til að draga í efa þá frásögn M að A hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs auk þess sem ákomur á bifreiðarnar styðji ið þá frásögn.

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki sérstakar athugasemdir.

Álit:

Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi, og verður því að byggja á því sem kemur fram í tjónstilkynningum hvors um sig. Í tjónstilkynningu A kemur fram að hún hafi verið búin að aka úr bifreiðastæði og hafi verið að búa sig undir að aka áfram þegar B hafi ekið aftur á bak úr öðru bifreiðastæði. A hafi séð í hvað stefndi og gefið hljóðmerki til viðvörunar, en það hafi ekki borið árangur. Í tjónstilkynningu B segir að hún hafi verið að leggja í stæði og verið að laga bifreiðina til í stæðinu. Hún hafi ekið örlítið aftur á bak út úr stæðinu og til hægri. Þá hafi A einnig verið bakkað út úr stæði andspænis B og bifreiðarnar rekist saman þegar B var komin rúmlega hálf út úr stæðinu. B hafi ekki orðið vör við A fyrr en við höggið. Báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak úr stæðunum samtímis. Má af þessu sjá að aðilum ber ekki að fullu saman um atvik. Þegar lítið er til þess að B segist ekki hafa séð A fyrir aftan sig verður þó að telja að B geti ekki staðhæft um að A hafi verið á ferð í aðdraganda áreksturs og verður þá ekki byggt á frásögn hennar um að A og B hafi verið ekið samtímis úr bifreiðastæðum. Þar eð B veitti A ekki athygli í aðdraganda áreksturs verður þá að telja að áreksturinn megi rekja til þess að B hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þá styðja ákomur á bifreiðarnar einnig við þá frásögn A að hún hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs. Er það því samkvæmt framansögðu niðurstæða nefndarinnar að ekki sé tilefni til að leggja hluta sakar á A og að B beri alla sök á árekstri bifreiðanna.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 26. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 361/2021**M og
V vegna fasteignatryggingar.****Ágreiningur um umfang tjóns vegna vatnsleka.****Gögn.**

Málskot mótttekið 22.09.2021 ásamt fylgiskjölum 1-10
Bréf V dags. 02.11.2021 ásamt fylgiskjölum.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 08.11.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að V hafi þegar viðurkennt bótaskyldu vegna tjóns sem varð vegna vatnsleka sem varð vart á baðherbergi í fasteign M hinn 21. ágúst 2021. Ágreiningur aðila snúi hins vegar að því að V vilji aðeins bæta hluta flísalagnar á baðherberginu, þ.e. aðeins á þeim veggflötum sem brotnir voru upp. Sams konar flísar séu á öllu baðherberginu, sem sé ein heild, en umræddar flísar séu ekki lengur fáanlegar. Verði aðeins skipt um flísar á þeim hluta sem V sé tilbúið að bæta sé ljóst að ekki verði sambærilegt heildarútlit á öllu rýminu. Þá kvartar M yfir því að bótafjárhæð sú sem V bjóði nemi aðeins 470.000 kr., en M hafi aflað tilboðs í sama verk og hafi það numið 1.355.526 kr. Því sé ljóst að M eigi þess ekki kost að koma baðherberginu í sambærilegt ástand og það var í áður en tjónið átti sér stað. Fasteign M eigi að verða í sambærilegu ástandi, hvað varðar gæði og verðgildi, og fyrir tjón, en ljóst sé að svo verði ekki verði fallist á tillögu V um úrbætur vegna tjónsins þannig að mismunandi flísar verði á einstökum flötum í rýminu. Er þess því krafist að V greiði bætur sem miði við flísalögn á öllum veggflötum.

Í bréfi V er vísað til 1. mgr. 21. gr. viðeigandi váttryggingarskilmála þar sem fram komi að váttryggingarbætur skuli miðast við sannanlegar vatnskemmdir á hinni váttryggðu húseign. Bætur greiðist einnig vegna kostnaðar við uppbot og óhjákvæmilegt rask, svo og frágang að nýju svo eignin sé ekki í lakara ástandi en fyrir tjón. V hafi þegar boðið bætur að fjárhæð 470.160 kr., sem miði við að koma eigninni í samt ástand og fyrir tjónið. Telji V það vel boðið enda sé félaginu í raun aðeins skylt að greiða vegna viðgerðar á götum vegna uppbrots en ekki öllum veggnum. Þá hafi V boðist til að fela verktaka á sínum vegum verkið felli M sig ekki við þetta verðmat. Þá séu umræddar flísar yfirmálaðar og dugi því að finna flísar sömu stærðar og mála þær með sama lit svo M verði eins staddur og fyrir tjónið. Sé því þannig alfarið hafnað að mikill munur verði á nýju flísunum og þeim gömlu. Eigi M því ekki rétt á frekari bótum en sem nemi viðgerðum á þeim veggjum sem hafi þurft að brjóta upp vegna viðgerða.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að sérstakt mynstur og áferð sé á umræddum flísum, sem nú séu ófáanlegar, svo jafnvel þó flísar af sömu stærð væru málaðar í sama lit yrði útlit þeirra alltaf frábrugðið útliti þeirra flísa sem nú séu á veggjum baðherbergisins. Þá áréttar M afstöðu sína að um eitt rými sé að ræða og að samræmdu útliti verði aðeins náð með því að skipta um allar flísar í rýminu, en ella verði fasteignin í lakara ástandi en fyrir tjónið.

Álit.

Meðal gagna fyrir nefndinni eru ljósmyndir af umræddu baðherbergi. Má sjá af þeim að sams konar flísar eru á öllum veggjum þess, baðkarshlið og sturtuklefa. Má þá sjá að veggir hafa verið brotnir upp í sturturými og við salerni. Í áður nefndu skilmálaákvæði er kveðið á um að bætur skuli miðast við að eign verði ekki í lakara ástandi en hún væri hefði ekki komið til tjóns. Verður þá að fallast á það með M að flísalögn á baðherbergi myndi eina samfellda heild og að það kunni að rýra gæði heildarrýmisins verði ekki sambærilegar flísar á öllum flötum þess. Hins vegar er óhjákvæmilegt að líta til þess að um eldri, yfirmálaðar flísar er að ræða. V heldur því þannig fram að verði settar flísar í sömu stærð og þær málaðar í sama lit eigi M að vera eins staddur og fyrir tjónið. M byggir hins vegar á því að umræddar flísar séu nú ófáanlegar, og að þær séu búnar sérstöku mynstri og áferð sem leiði til þess að jafnvel þó flísar í sömu stærð væru málaðar yrði alltaf einhver útlitsmunur. Engin gögn liggja hins vegar fyrir nefndinni um mynstur og áferð umræddra flísa, og ekki verður neitt ráðið af vissu um það af fyrirliggjandi ljósmyndum, né liggur fyrir mat eða önnur gögn um það að ekki sé mögulegt að mála flísar sömu stærðar með þeim hætti að útlitsmunar verði ekki vart. Hefur M því ekki sýnt fram á að hann verði ekki eins staddur og ef tjónið hefði ekki komið til þó aðeins verði skipt um flísar á þeim flötum sem V leggur til. Er af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum en V hefur þegar boðið úr fasteignatryggingu hans hjá V.

Reykjavík 30. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 362/2021**M og****Vátryggingafélags Íslands (V) v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins Reykjavík (X).****Ágreiningur um skaðabótaskyldu sveitarfélags vegna falls starfsmanns****Gögn.**

Málskot, móttakið 24.9.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 3.12.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið hinn 2. október 2020 þegar M, sem stóð á háum vinnupalli, skrikaði fótur og féll til jarðar þegar hann var að taka niður tjald sem sett hafði verið upp í sal í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar. Frá slysdegi hefur M glímt við mikla verki.

M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að ekkert handrið hafi verið á vinnupallinum og því hafi X brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980. Þá byggir M á því að X hafi ekki gert aðrar ráðstafanir til að tryggja öryggi M uppi á pallinum. Á slysdegi hafi M fengið fyrirmæli um að setja upp og taka niður umrædd tjöld og hafði ekki val um annað en að nota vinnupallana þar sem lyftari, sem var í eigu X og annars hefði verið notaður til verksins, hafði verið raðað með öðrum verkfærum og var ekki hægt að nota til verksins. Þannig beri X skaðabótaábyrgð á slysinu á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar með því að hafa ekki fylgt lögum og reglum.

V vísar til þess að ekki sé rétt að M hafi fengið bein fyrirmæli um að taka upp tjöldin. Þá vísar V til þess að vinnulyftan, sem M hafi átt að nota, hafi verið til staðar í Ráðhúsinu, þó svo að hún hafi verið innar en hefðbundið er. Þannig hafi vel verið hægt að nota vinnulyftuna. M hafi sjálfur ákveðið að víkja frá réttu verklagi, þrátt fyrir að hafa starfað hjá X í nokkur ár og verið vel kunnugur verklagsreglum um vinnu í hæð. V telur því að tjón M verði ekki rekið til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Þá hafi ekki verið sýnt fram á sök X.

Í málinu liggja fyrir tvær yfirlýsingar, annars vegar frá viðburðarstjóra þess efnis að með beiðni um uppsetningu á tjaldi fylgi að það verði tekið niður að viðburði loknum og hins vegar frá samstarfsmanni er lýsir slysinu. Þar kemur fram að „erfitt og snúið“ hafi verið að nálgast vinnulyftuna og því hafi þeir tekið vinnupallinn sem stóð til hliðar og var laus.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að á tjónsdegi var M falið að setja upp og taka aftur niður tjald sem sett hafði verið upp til að aðskilja framkvæmdasvæði í sal í Ráðhúsi Reykjavíkur frá öðru svæði þar sem framkvæmdum var lokið. Þá liggur fyrir að lyftari, sem nota átti til verksins, var til staðar en „erfitt og snúið“ var að nálgast hann. Í stað þess að sækja lyftarann tók M ákvörðun um að nota vinnupalla, sem voru í eigu verktaka, og notaði við verkið. Af gögnum verður ekki séð að M hafi fengið fyrirmæli frá yfirmönnum eða leyfi til að nota vinnupallinn. Þá verður ekki séð að M hafi skoðað vinnupallana sérstaklega. Loks segir ekki í gögnum málsins að ómögulegt hafi verið að nálgast lyftarann, sem nota átti réttilega við verkið, aðeins erfitt og snúið.

Tjónþoli, M, ber sönnunarbyrði fyrir því að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu sökum þess að búnaður, sem notaður var til verksins, uppfylli ekki kröfur laga. Gögn málsins sýna ekki fram á að X eða starfsmenn X hafi vitað af eða geti borið á að vinnupallar, í eigu og notkun þriðju aðila, uppfylli kröfur laga. Þá eru engin gögn í málinu sem sýna að M hafi fengið fyrirmæli X eða starfsamanna X um að nota vinnupallinn eða að ómögulegt hafi verið að nota rétt tæki til verksins. Ber V hallan af því að hafa þannig vikið frá viðurkenndu verklagi sem honum var kunnugt. Af framangreindu verður því ekki talið að um sé að ræða slys sem rekja má til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum og er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Sóley Ragnarsdóttir, lögfr.

Jóhann T. Sigurðsson lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Mál nr. 363/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á gatnamótum Bárúkinnar og Fögrukinnar í Hafnarfirði þann 17.9.2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V1, dags. 27.10.2021.

Bréf V2, dags 11.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið eftir Fögrukinn til suðausturs og B eftir Bárúkinn til norðausturs. Á gatnamótunum rákust saman vinstri framhurð A og framendi B. A Fögrukinn hvíldi biðskylda gagnvart umferð á Bárúkinn.

Ökumaður A kvaðst hafa dregið úr hraða við biðskyldu á gatnamótunum en ekki séð til ferða B. Er hann hafi verið nýkominn inn á Bárúkinn hafi B skyndilega verið ekið á A. Kvaðst ökumaðurinn telja að ökumaður B hafi ekið mun hraðar en hann haldi fram.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 30 km hraða þegar A hafi verið ekið í veg fyrir sig gegn biðskyldu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, þegar hann ekur inn á veg eða yfir veg, veita umferð ökutækja, gangandi og hjólandi á þeim vegi forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Ljóst er að þessa skyldu virti ekki ökumaður A er hann ók frá Fögrukinn gegn biðskyldu inn á gatnamót Bárúkinnar. Hann telst því eiga sök á árekstrinum. Af skemmdum eða ákomustað á A verður ekki ráðið að B hafi verið ekið hraðar en heimilt var eða aðstæður leyfðu. Af gögnum málsins að öðru leyti verður heldur ekki ráðið að ökumaður B hafi á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök. Verður öll sök því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 23. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 364/2021**M og
V v/ ábyrgðarliðar húseigendatryggingar X****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot móttakið 14.9.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.

Bréf V dags. 8.10.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að þann 23.4.2021 hafi M orðið fyrir slysi þar sem hún var stödd í versluninni K. Varð slysið með þeim hætti að hún var að greiða fyrir vörur á afgreiðslukassa þegar hún snéri sér við og hrasaði um kassa sem var á gólfinu fyrir aftan hana. Við fallið hafnaði hún með vinstra augað á pinna sem stóð út úr veggnum á móti afgreiðslukassanum. Enn fremur kemur fram í gögnum málsins að samkvæmt upplýsingum frá váttryggingartaka hafi iðnaðarmaður verið að setja upp veggpanil í versluninni á sama tíma og að kassinn sem M féll um hafi verið verkfærakassi sem iðnaðarmaðurinn hafði lagt frá sér. Um hafi verið að ræða færanlegan verkfærakassa með vörupinum sem iðnaðarmaðurinn þurfti til þess að vinna verk sitt og var í hans eigu.

M telur að X, eigandi fasteignarinnar, beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu og krefst bóta úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar X hjá V. Byggir M m.a. á því að skv. skilmála tryggingarinnar sé taki váttryggingin til þeirrar skaðabótaskyldu sem getur fallið á eiganda húseignarinnar vegna tjóns sem verður vegna hennar. Enn fremur vísar M til þess að skv. skilmála váttryggingarinnar taki tryggingin til ábyrgðar húseiganda vegna tjóns, sem hlýst af minniháttar viðhaldi húss. Vísar M til þess að kassinn sem hún féll um hafi stafað frá iðnaðarmanni sem vann við viðhald á húsinu og að líkamstjón M verði því rakið til minniháttar viðhalds í skilningi váttryggingarskilmálans. Þá vísar M til þess að eigendur verslunarinnar, K og húseigandans, X séu þeir sömu og að þeir, sem húseigendur, beri ríka ábyrgð á því að gönguleiðir innan verslunarinnar séu með þeim hætti að öruggt sé að ganga þar um. Telur M að X hafi vanrækt þetta hlutverk sitt þar sem staðsetning kassans hafi falið í sér mikla og augljósa slyshættu fyrir hvern þann sem kemur að afgreiðslukassanum til að greiða fyrir vöru.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tjónið verði ekki rakið til húseignarinnar sjálfrar líkt og áskilnaður er gerður um í ákvæði 37.2. gr. váttryggingarskilmálans, heldur verði tjónið rakið til færanlegs verkfærakassa á vegum iðnaðarmanns. Þá telur V að verkið sem umræddur verktaki vann, þ.e. að hengja upp veggpanil í búðinni geti talist til minniháttar viðhalds hússins í skilningi 39.1. gr. váttryggingarskilmálans. Enn fremur telur V að ekki séu orsakatengsl milli þess að hengja upp umræddan panil og slyss M auk þess sem V vísar til þess að X beri ekki ábyrgð á verkinu heldur beri verktakinn sjálfur ábyrgð verkum sínum og framkvæmd þeirra.

Álit.

X, eigandi húseignarinnar sem um ræðir, er með húseigendatryggingu í gildi hjá V sem innifelur ábyrgðartryggingu. Samkvæmt 37.1. gr. váttryggingarskilmála tryggingarinnar nær váttryggingarsvið tryggingarinnar til þeirrar skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan samkvæmt íslenskum lögum sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta þeirra er skírteinið greinir. Forsenda bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X er þar af leiðandi sú að líkamstjón M verði rakið til atvika sem X, sem húseigandi, ber skaðabótaábyrgð á. Fyrir liggur að líkamstjón M verður rakið til þess að hún féll um verkfærakassa sem var á vegum iðnaðarmanns sem var að störfum í húsnæðinu. Af þeim gögnum sem fyrir liggja verður ekki séð að X, sem eigandi húseignarinnar, hafi borið ábyrgð á verkstjórn eða framkvæmd verksins að öðru leyti. Verður því ekki séð að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða annarra atvika sem X ber ábyrgð á sem eigandi húseignarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar X hjá V

Reykjavík, 26. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 365/2021**M og
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans X
Ágreiningur um tjónshugtak.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22. september 2021, ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur V, dags. 1. október 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að V samþykkti að greiða bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra í byrjun árs 2018 vegna tjóns á svefnálmum nýbyggingar veiðihúss frá árinu 2017. Á árinu 2020 kom upp eins og segir í málskoti „...sambærilegt vandamál.“ í svokölluðu vöðluherbergi í veiðihúsinu sem var ekki á sama stað og hið fyrra. M tilkynnti V um það tjón í desember 2020 og krafðist bóta vegna þess. Hinn 8. janúar 2021 hafnaði V að greiða bætur með vísan til þess að greiðsla bóta í febrúar 2019 hafi falið í sér endanlegt uppgjör vegna tjónsins.

M telur að tjón það sem kom upp á árinu 2020 sé nýtt tjón sem hafi ekki verið samið um greiðslu vegna á árinu 2018. M bendir á að annað tjón sem viðurkennd hafi verið bótaskylda vegna hafi verið greitt og hafi það ekki verið hluti af því tjóni sem nú sé krafist bóta vegna. Þá hafi verið um tjón í svefnherbergisálmum að ræða en nú í vöðluherbergi, sem sé ekki á sama stað. M hafi því ekki verið að semja um uppgjör á árinu 2018 vegna annars en tjóns á svefnherbergisálmum.

V hefur hafnað því að greiða frekari bætur og vísar til þess að með kvittun fyrir bótagreiðslu í febrúar árið 2019 hafi verið ritað undir eftirfarandi yfirlýsingu af hálfu M: „[V] hefur greitt undirrituðum bætur vegna ofangreinds tjóns samkvæmt eftirfarandi sundurliðun. Móttakandi staðfestir að neðangreind fjárhæð er lokagreiðsla vegna þessa tjóns og allar kröfur vegna málsins eru að fullu greiddar. Tjónþoli gerir fyrirvara vegna mögulegs kostnaðar Mannvits sbr. bréf Mannvits 12.09.18“ V telur að frekari bótagreiðslur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X komi því ekki til.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að greiðsla bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X í febrúar 2019 var innt af hendi á þeim forsendum að tiltekið tjónsatvik, þ.e. að byggingarstjóri hafi vanrækt skyldur sína með ákveðnum hætti, hafi leitt til tjóns á húseign M. Í málskoti er á því byggt að sama tjónsatvik hafi nú leitt til víðtækara tjóns en þess sem greiddar voru bætur vegna árið 2019. Í bótakvittun samþykkti M að greiðslan væri „...lokagreiðsla vegna þessa tjóns og allar kröfur vegna málsins eru að fullu greiddar.“ M byggir sjálf á því að um sé að ræða sama tjónsatvik og er því ekki hægt að líta öðruvísi á málatilbúnað þess en að um sambærilega kröfu og sett var fram á árinu 2018 sé að ræða, þó nú sýnist afleiðingar þess tjónsatviks víðtækari en áður. Enginn fyrirvari var gerður af hálfu M um frekari bótakröfur vegna mats á umfangi tjóns í samningi um bótauppgjör á árinu 2019 og verður ekki litið svo á að um annað tjón sé að ræða. M getur því ekki gert frekari kröfur vegna tjónsatviksins á V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X hjá V

Reykjavík, 26. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur S. Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 366/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Áræktur á bifreiðastæði við Jökulsárlón 29. júlí 2021.****Gögn.**

Málskot, móttækið 28. september 2021, ásamt fylgigögnum.
Tölvupóstur V1, dags. 4. október 2021.
Bréf V2, dags. 8. október 2021.
Tölvupóstur M, dags. 14. október 2021.

Málsatvik.

Áræktur varð með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við Jökulsárlón hinn 29. júlí 2021. Á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar ökumanna bifreiða A og B merkja þeir báðir við að hafa verið að bakka áður en áræktur varð og ökumaður bifreiðar A merkir auk þess við að hann hafi verið að yfirgefa bifreiðastæði. Ökumaður bifreiðar A (M) segir síðan í skýringum með sameiginlegri tjónstilkynningu að hann hafi bakkað um 30-50 cm og þá séð bifreið B bakka á mikilli ferð aftur á bak og kveðst M hafa náð að stoppa og setja í fyrsta gír til að reyna að forða árækstri en án árangurs. Í skýrslu ökumanns bifreiðar B kemur fram að báðir ökumenn hafi verið að bakka. Í gögnum málsins eru einnig myndir af vettvangi.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem sá ökumaður hafi bakkað án aðgæslu á bifreið A. M lýsir því að atgangur hafi verið mikill á árækstrarstað og að lögregla hafi verið of langt í burtu til að koma á staðinn til að taka skýrslu. Einnig telur M að ranglega hafi verið merkt við reiti á framhlið tjónstilkynningar.

Vátryggingafélagið V1 telur að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda árækturs og hefur ekki athugasemdir vegna málsins og V2 telur að skipta eigi sök til helminga milli ökumanna bifreiða A og B þar sem hvorugur hafi sýnt aðgæslu við akstur aftur á bak.

Álit.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu, hvar ökumenn bifreiða A og B merkja við tiltekna reiti og skrifa báðir undir, kemur fram að báðir hafi verið að aka aftur á bak í aðdraganda árækturs. Ekki er hægt að líta framhjá þeim gögnum. Ótvírætt er að í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Þessi skylda hvíldi á báðum ökumönnum og ekki liggur fyrir t.d. með framburði vitnis eða öðrum hlutlausum hætti að M sem ökumaður bifreiðar A hafi gætt þessa betur en ökumaður bifreiðar B. Skiptist sök því til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga vegna árækturs bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 2. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 367/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Norðurhelli í Hafnarfirði til móts við hús nr. 17 þann 20.9.2021.****Gögn.**

Málskot, móttækið 28.9.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 18.10.2021.

Bréf V1, dags. 15.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 8.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Báðum bifreiðum var ekið eftir Norðurhelli í sömu akstursstefnu. Er B var ekið áleiðis vinstra megin fram úr A rákust saman vinstra framhorn B og aftanverð vinstri hlið A (afturbretti, síls og felga).

M, ökumaður A, kvað ökumann B hafa ætlað að taka fram úr sér. Það hafi ekki tekist sem hafi endað með því að ökumaður B hafi hemlað og ekið inn í hlið A. B hafi verið óskoðuð og eitthvað gæti hafa bilað í hjólabúnaði hennar. Í samtali við ökumann B tveimur dögum eftir áreksturinn hafi ökumaður B tjáð honum að eitthvað væri bilað í fremri hjólabúnaði B sem hann væri að laga. Mögulega hafi því eitthvað bilað í hjólabúnaði B sem hafi verið þess valdandi að henni var ekið utan í A.

Ökumaður B kvaðst umrætt sinn hafa verið að aka fram úr A. Er hann hafi verið við miðja hlið A hafi ökumaður A byrjað að aka fram úr bifreið sem hafi verið fyrir framan A, sveigt til vinstri og utan í B.

Álit.

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega hvort ökumaður sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum. Þá skal sá sem ekur fram úr öðru ökutæki skal hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Þá segir í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

Ökumenn eru einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Samkvæmt lýsingu þeirra verður ekki ráðið hvort áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi ekki gætt að umferð á leið fram úr sér áður en hann sjálfur hóf framúrakstur ellegar að ökumaður B hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt hliðarbil milli bifreiðanna. Af skemmdum á bifreiðunum verður samkvæmt gögnum málsins ekkert ráðið hvað hafi valdið árekstrinum. Ekkert verður heldur séð af fyrirbyggjandi myndbandsupptöku hvað kunni að hafa valdið árekstrinum. Þá er ósannað að bilun hafi verið framhjólábúnaði B sem hafi valdið árekstrinum. Í ljósi þessa og með vísan til 5. gr. laga nr. 30/2019 verður ekki hjá komist að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 368/2021**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Skálholtsstíg við gatnamót Þingholtsstrætis 27. september 2021.****Gögn.**

Málskot, dags. 29. september 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 8. október 2021, ásamt tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi.

Bréf V2, dags. 22. október 2021, ásamt tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi.

Málsatvik.

Í skýrslu Aðstoðar&Öryggis um tjónsatvik 27. september 2021 kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðunum A og B við gatnamót Skálholtsstígs og Þingholtsstrætis. Bifreið A var ekið vestur Skálholtsstíg og bifreið B ekið af Þingholtsstræti í suðurátt inn á gatnamótin þegar áreksturinn varð. Engin bið- eða stöðvunarskylda er á gatnamótunum og hvorugur ökumanna sagðist hafa séð hinn í aðdraganda áreksturs. Vitni sem vísað er til í skýrslunni bera að þeim hafi sýnst ökumaður bifreiðar B hafa ætla að aka gegn einstefnumerki á Þingholtsstræti áfram suður þá götu. Haft er eftir ökumanni bifreiðar B í skýrslunni að hún hafi ekið inn á gatnamótin á um 30-40 km/klst og sá ekki bifreið A sem var henni á vinstri hönd, en hefði ekki ekið gegn einstefnu inn Þingholtsstræti. Ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa ekið á um 20 km/klst og hafi ekki séð bifreið B á hægri hönd, en að bifreið hans hafi snúist í hálfhring á gatnamótunum.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hún hafi ekið of hratt og ætlað að aka gegn einstefnu og ökumenn hafi báðir verið sammála um sök B á vettvangi, en hún hafi einnig tekið beygju inn á gatnamótin án þess að hlýða fyrirmælum umferðarlaga. M telur sig hafa gætt að umferð frá hægri með fullnægjandi hætti og vísar til ákomu á bifreið sinni því til stuðnings. Einnig telur M að starfsmaður Aðstoðar&Öryggis hafi ekki sinnt skýrslugerð með fullnægjandi hætti.

V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir í málinu en V2 telur alla sök vera á ökumanni bifreiðar A þar sem skýr varúðarskylda hafi verið á honum vegna umferðar frá hægri, sbr. fyrirmæli í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Einnig vísar V2 til þess að í skýrslu af vettvangi komi fram að hvorugur ökumanna hafi séð hina bifreiðina fyrir árekstur.

Álit.

Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skal sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang nema annað leiði af 19. gr. laganna. Í þeirri grein er m.a. kveðið á um að sá sem ætlar að aka inn eða beygja á gatnamótum skuli sýna tillitsemi og að hægri beygju skuli taka sem næst hægri brún akbrautar.

Ljóst er af akstursstefnu bifreiða A og B að M sem ökumaður bifreiðar A var með bifreið B á hægri hönd og bar að veita þeirri bifreið forgang í samræmi við fyrrgreind fyrirmæli 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga. M ber einnig sönnunarbyrði um að akstur ökumanns bifreiðar B hafi verið í andstöðu við fyrirmæli umferðarlaga. Það fær ekki næga stöð í framburði vitna sem vísað er til í skýrslu um tjónsatvikið og verður M að bera hallann af sönnunarskorti um það. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að M sem ökumaður bifreiðar A beri alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök er lögð á ökumann bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 23. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 369/2021**M og
V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um hvort bótaskyld atvik hafi átt sér stað.****Gögn.**

Málskot móttakið 29.09.2021 ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V1, dags. 13.10.2021.

Bréf V2, dags. 08.10.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 14.10.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 19. ágúst 2021, ekið B eftir Miklubraut á vinstri akrein við hlið A sem hafi ekið eftir miðjuakrein, þegar dekk hafi farið undan A og utan í hægri hlið B með þeim afleiðingum að B skemmdist. Dekkið hafi farið utan í B, breytt um stefnu og rúllað áfram. M hafi ekki stöðvað á vettvangi en tilkynnt atvikið til lögreglu. Þrátt fyrir þetta og það að tjónið á B svari algerlega til þessarar atvikalýsingar hafi V1 hafnað bótaskyldu enda telji það ósannað að umrætt atvik hafi átt sér stað, enda hafi hvorki ökumaður A eða vitni séð dekkið lenda á B. M fellir sig ekki við þá afstöðu og telur framburði vitnis og ökumanns A haldlaus í þessu samhengi. Þannig hafi vitnið ekki séð dekkið fara undan A og ekki séð það fyrr en það var komið 200 metra frá A. Hvað framburð A varði þá sé mjög líklegt að hann hafi ekki séð atburðinn, enda hafi það væntanlega krafist allrar athygli ökumanns að hafa stjórn á bifreiðinni við þessar aðstæður.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram að A segist hafa horft á dekkið rúlla eftir götunni án þess að fara utan í annað ökutæki og að A hafni því alfarið að dekkið hafi farið utan í B. Þá segist vitni ekki hafa séð dekk undan A fara utan í aðra bifreið. Sé því ósannað að skemmdir á B sé að rekja til notkunar A.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram að félagið telji sannað að tjón á B sé tilkomið vegna þess að dekk undan A hafi lent á henni. Óumdeilt sé að dekk hafi losnað undan A og rúllað mörg hundruð metra eftir Miklubraut áður en það staðnæmdest. Þá hafi M tilkynnt lögreglu strax um atvikið og hafi hann frá upphafi verið skýr og stöðugur í framburði sínum. Enn fremur samræmist ákomur á B atvikalýsingu. Framburður vitnis sé þá takmarkaður við það sem gerðist eftir að dekkið var komið um 200 metra frá A og hafi vitnið ekki séð dekkið fara undan A. Dekkið hafi farið utan í B strax eftir að það losnaði undan A og sé því framburður vitnisins marklaus hvað ágreining þennan varði. Enn fremur sé varhugavert að byggja á framburði A, enda sé ólíklegt að hann hafi haft fulla yfirsýn yfir það hvort hjól A hafi lent á annarri bifreið meðan hann barðist við að halda stjórn á A á fjölförnum vegi. Því eigi M rétt á að fá tjón sitt bætt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A.

Álit:

Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstillkynningu á vettvangi en fyrir liggur skýrsla Aðstoðar & öryggis og er í henni m.a. að finna framburð aðila. Óumdeilt er að A ók Miklubraut til vesturs, á um 70 kílómetra hraða á klukkustund, þegar vinstra framdekk bifreiðarinnar hrökk undan henni, og rúllaði áfram í vesturátt. Jafnframt er óumdeilt að M hafi ekið B við vinstri hlið A þegar þetta atvikaðist. Hins eina sem ágreiningur er því um er hvort dekkið hafi rekist utan í B áður en ferð þess hélt áfram. Fyrir liggur framburður vitnisins X sem segist hafa ekið framhjá A þar sem hún var kyrrstæð úti í kanti. Um 200 metra frá bifreiðinni hafi vitnið séð dekkið rúlla og staðnæmast í vegkantinum. Vitnið hafi aldrei séð dekkið fara utan í aðra bifreið en það hafi heldur ekki séð dekkið fara undan A. Verður að skoða vitnisburð X í því samhengi. Samkvæmt lýsingu á staðsetningu B þegar atvikið átti sér stað verður að líta svo á að hafi umrætt tjónsatvik átt sér stað hafi það verið í beinu framhaldi af því að dekkið hrökk undan A. Samkvæmt vitnisburði X veitti hún umræddum aðstæðum ekki athygli fyrr en A var orðin kyrrstæð úti í kanti og verður því ekki byggt á framburði hennar hvað þetta varðar, enda verður ekki séð að hún hafi verið á vettvangi þegar tjónið varð sé byggt á lýsingu M á atvikum. Hvað framburð A varðar þá kemur þar fram að hann hafi séð dekkið rúlla framhjá bifreiðinni vinstra megin við sig en ekki séð það fara utan í neina bifreið. Verður að skoða framburð A með það í huga að hann var að aka á töluverðum hraða og verður að telja ólíklegt

að hann hafi beinlínis séð dekkið hrökkva undan bifreiðinni. Má þá ætla að ólíklegt sé að hann hafi, með hliðsjón af aðstæðum hans við aksturinn á umræddum tíma, haft fulla yfirsýn yfir það sem gerðist til hliðar við bifreið hans. Þó A hafi þannig séð dekkið rúlla áfram verður ekki talið að framburður hans útiloki það að dekkið hafi rekist í B þegar það hrökk undan bifreið A. Verður þá jafnframt að líta til þess að ákomur á B samrýmast lýsingum M á tjónsatvikinu. Verður því að telja nægilega sýnt fram á að tjónsatvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsir og að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A sé því til staðar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á B hinn 19. ágúst 2021.

Reykjavík 2. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 370/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Tjón á bát 12. september 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29. september 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 11. október 2021.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 24. október 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M er váttryggður með ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V. Hinn 12. september 2021 varð tjón á gúmmíbát í eigu annars en hans, en sá gúmmíbátur hafði verið fastur í svokölluðu tildragi sem liggur frá jörð M í Siglufirði út í bauju sem fest er við akkeri út í sjó. M kveðst vera eigandi tildragsins og þeirra húsa sem á jörðinni eru. M lýsir aðstæðum þannig að tveir gúmmíbátar hafi verið fastir í svokölluðu tildragi og M hafi átt annan þeirra sjálfur. M lýsir því að hafa þurft að nota sinn bát og til þess hafi hann þurft að losa báða bátana. Þegar M var að ganga frá þeim bát sem hann átti ekki sjálfur og hugðist ekki nota láðist honum að festa kaðal í bremsu og var sá bátur því laus í tildraginu með þeim afleiðingum að tjón varð á honum.

M telur að hann hafi sýnt gáleysi við frágang tildragsins og beri því skaðabótaskyldu gagnvart eiganda þess báts sem varð fyrir tjóni. M telur að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar vegna þess og telur undanþáguákvæði um að hann hafi verið við stjórn báts eða með bátinn sem varð fyrir tjóni í vörslum sínum þegar tjónið varð ekki eiga við.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til tveggja undanþáguákvæða í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar. Annars vegar c-liðs 11. gr. skilmálanna þar sem kemur fram að ábyrgðartrygging félagsins bæti ekki tjón sem váttryggður ber ábyrgð á sem eigandi, notandi eða stjórnandi báts og vísar til þess að háttsemi M við að losa þann bát sem varð fyrir tjóni úr svokölluðu tildragi hafi beinst að því að koma sínum bát á sjó og þannig hluti af því að stjórna honum. M hafi því verið eigandi, notandi og stjórnandi báts þegar hin saknæma háttsemi átti sér stað. Einnig vísar V til b-liðar 11. gr. váttryggingarskilmála þar sem kemur fram að ábyrgðartrygging félagsins bæti ekki tjón á mundum sem váttryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða af öðrum ástæðum eru í vörslu hans. V telur að þar sem sá bátur sem varð fyrir tjóni var geymdur á jörð M í tildragi sem var í eigu M hafi báturinn verið í vörslum hans.

Álit.

Í málinu verður að leggja til grundvallar lýsingu M sjálfs á því að hann hafi sýnt gáleysi við að festa bát í tildragi sem leiddi til þess að tjón varð á bátinum. Ljóst er af 10. gr. váttryggingarskilmála að V váttryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum, þar með töldum fasteignum og dýrum, af völdum skyndilegs atburðar og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Umrætt ákvæði er uppfyllt varðandi tjón á þeim bát sem M gleymdi að festa tryggilega.

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að því hvort tvö tilgreind undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum V eigi við og ber V sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið með þeim hætti þar sem um undanþáguákvæði er að ræða. Í lýsingu af atvikum verður ekki séð að hin saknæma háttsemi M hafi átt sér stað hafi átt sér stað þannig að hann teljist hafa verið eigandi, stjórnandi eða notandi þess báts sem varð fyrir tjóni eða að sá bátur hafi verið í vörslum M. Verður orðalag b- og c-liðar 11. gr. váttryggingarskilmála ekki túlkað með víðtækari hætti og verður V að bera hallann af því að orðalag undanþáguákvæða váttryggingarskilmála sé ekki skýrara.

Tjón það sem M olli telst því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.

Tjón á bát er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 371/2021**M og
V v/ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar A og bifhjólsins B****Ágreiningur um sakarskiptingu og skerðingu bóta vegna líkamstjóns við árekstur 12. júlí 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 29.09.2021 ásamt fylgiskjöllum 1-6.
Bréf V1, dags. 15.10.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 12. júlí 2021, var lögregla kölluð á vettvang umferðarslyss við Reykjavíkurveg, Hafnarfirði, hinn 10. júlí 2021, en þá hafði orðið árekstur milli A og B, en M var ökumaður þess. Kemur í skýrslunni fram að á vettvangi hafi mátt sjá um 23 metra löng hemlunarför eftir B með akstursstefnu til vesturs í átt að Garðabæ. Aftari hjólbarði B hafi verið mjög eyddur. Hafi M hlotið meiðsl við atvikið og verið fluttur burt með sjúkrabifreið. Í skýrslunni er einnig að finna framburð A, sem hafi verið á suðurleið eftir Reykjavíkurvegi, en ákveðið að taka U-beygju til að fara á Reykjavíkurveg til vesturs að Garðabæ. Hann hafi þá séð B í um 5 metra fjarlægð og hafi B hafnað á A. Samkvæmt framburði M ók hann B til vesturs þegar hann kom auga á A aka í veg fyrir sig. Hafi M reynt að hemla og forða árekstri með því að sveigja framhjá en það hafi ekki tekist og B hafnað á A. Hafi aksturshraði B verið um 60 kílómetrar á klukkustund. Þá er í lögregluskýrslu að finna framburð vitnanna X, Y, Z og Þ. X sagðist hafa verið á umferðarljósum á Reykjavíkurvegi með akstursstefnu í vestur þegar B ók framhjá henni á miklum hraða. Hafi hún síðan séð B reyna að hemla án árangurs og hafna á A. Y og Z sögðust hafa séð tjónsatvikið en ekki tekið eftir hraðanum sem B var á. Þ hafði verið á gangi en heyrtr greinilega þegar ökumaður B gaf vel inn bensínjöfina.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem skipti sök til helminga, og þá skerti V, sem var á tjónsdegi vátryggjandi A og B, rétt M til bóta vegna líkamstjóns um 1/3 vegna stórfellds gáleysis með tölvupósti dags. 24. september 2021. M er ósammála þeirri afstöðu og telur A bera alla sök á árekstrinum, enda hafi A verið ekið þvert í veg fyrir B. Fyrir liggja svokölluð PC-Crash skýrsla, sem V hafi aflað einhliða, um áætlaðan ökuhraða B. M mótmælir forsendum skýrslunnar og útreikningum hennar auk þess sem ekki verði ráðið af fyrirbyggjandi framburði vitna að ökuhraði B hafi verið óeðlilegur. Eitt vitnanna hafi aðeins heyrtr í B og af hinum þremur sé það aðeins eitt þeirra sem telji B hafa verið á miklum hraða. Sé það því ósannað að M hafi sýnt af sér sök við aksturinn. Hvað varði líkamstjónið er það þá að mati M með öllu ósannað að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur B, og eigi hann því rétt til óskertra bóta sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til PC-Crash skýrslu sem félagið lét gera en útreikningur hennar gefi til kynna að ökuhraði B hafi verið 97 kílómetrar á klukkustund á vegi þar sem hámarkshraði sé 50 kílómetrar á klukkustund. Byggi það m.a. á því hvar B hafnaði að lokum í kjölfar árekstursins og lengd hemlafara frá B fyrir áreksturinn. Þá styðji framburðir tveggja vitna þá niðurstöðu að B hafi verið ekið vel yfir leyfilegum hámarkshraða. Þegar tekið sé mið af því, svo og því að aftari hjólbarði B hafi verið mjög eyddur sé skerðing um þriðjung síst of mikil.

Álit:

Samkvæmt framburði aðila og ljósmyndum í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu ákvað ökumaður A að taka U-beygju til að breyta um stefnu á Reykjavíkurvegi. Má þá sjá að A hefur verið komin nokkuð langt inn á vinstri akrein vegarins þegar B lenti á henni en á þeim tíma segir A að aksturshraði bifreiðarinnar hafi verið um tíu kílómetrar á klukkustund. Hann hafi þá ekki tekið eftir B fyrr en það var í um 5 metra fjarlægð. Verður því að byggja á því að A hafi tekið u-beygju þvert í veg fyrir aðra umferð og þannig ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 19. gr., og 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Verður þannig að telja að A hafi ekki sýnt næga aðgát og ekki gætt þeirra tillitsskyldna sem á honum hvíldu við þessar aðstæður. Verður og að telja að þetta gáleysi hans hafi verið meginorsök árekstursins.

Hvað varðar mögulegan hraðakstur M þá verður ekki litið framhjá því að svokallaðrar PC-Crash skýrslu er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á hraða B. Þá liggur fyrir að M gerir ýmsar athugasemdir við forsendur skýrslunnar, og meðfylgjandi bréfi V eru svör skýrsluhöfundar við þeim athugasemdum. Slíkar skýringar verða ekki lagðar að jöfnu við matgerð óvilhalls matsmanns. Verða því eðli máls samkvæmt ekki viðtækar ályktanir dregnar af umræddri skýrslu án þess að litið sé til annarra gagna. Hvað varðar framburði vitna í lögregluskýrslu þá er það svo að eitt þeirra varð ekki sjónarvottur af atvikum, og ekki er unnt að byggja á því sem vitni heyrði við mat á hugsanlegum ökuhraða. Tvö önnur vitni, sem óku á eftir B, sögðust aðspurð ekki hafa veitt hraða þess sérstaka athygli. Það er því aðeins eitt vitni sem lýsir því í framburði sínum að B hafi ekið framúr bifreið þess á miklum hraða. Verður því ekki byggt á þeirri forsendu á M hafi umrætt sinn ekið B á hartnær tvöföldum hámarkshraða, eða 97 kílómetra hraða á klukkustund.

Hins vegar segir í framburði M sjálfs að hann hafi ekið B á um 60 kílómetra hraða á klukkustund sem bendir til þess að ökuhraði þess hafi verið nokkuð yfir leyfilegum hámarkshraða en hamlunarvegalengd B bendir einnig til þess. Sé litið til þess, svo og þess að aftari hjólbarði B var, að því er segir í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, mjög eyddur, og B því að einhverju leyti vanbúið, þykir þó rétt að M beri einnig nokkra sök á umræddum árekstri, eða þriðjung.

Kemur þá til skoðunar hugsanleg heimild V til skerðingar bóta vegna líkamstjóns, en skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjategyggingar má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfaranda ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysis. Samkvæmt framansögðu þykir ekki sýnt fram á að aksturhraði B hafi verið meiri en 60 kílómetrar á klukkustund umrætt sinn og verður það ekki talið jafngilda stórkostlegu gáleysi M. Þá liggur fyrir að aftari hjólbarði B var „mjög eyddur“ en ekki liggja fyrir nein frekari gögn um ástand hans eða að hvaða leyti það hafi verið meðorsök tjónsins. Töluvert mikið þarf til svo skerðing bóta á grundvelli ofangreinds ákvæðis komi til álita og er það V sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði þess séu uppfyllt. Með hliðsjón af öllu framangreindu telst ekki sýnt fram á að M hafi orðið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi og kemur skerðing bóta vegna líkamstjóns hans því ekki til álita.

Niðurstaða.

Ökumaður A 2/3 hluta sakar á árekstri A og B hinn 10. júlí 2021, og ökumaður B 1/3 hluta. M á rétt til óskertra bóta frá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut af árekstrinum.

Reykjavík 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 372/2021**M og
V v/ húseigendatryggingar A hjá V****Agreiningur um bótaskyldu vegna slyss M 3. mars 2020.****Gögn.**

Málskot, móttakið 04.10.2021, ásamt fylgiskjölum 1-6.

Bréf V, dags. 20.10.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 26.10.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 3. mars 2020, orðið fyrir slysi á heimili sínu. Slysið hafi atvikast þannig að M hafi verið að labba niður utanáliggjandi stiga úr íbúð þeirri sem hún leigði í A, og niður í þvottahús. Hafi hún runnið til í háлку í stiganum, en mikill snjór hafi verið í honum, og misst jafnvægið með þeim afleiðingum að hún slasaðist á baki. V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 3. maí 2021. M telur að slys hennar verð rakið til vanbúnaðar á fasteigninni A og að bótaskylda úr húseigendatryggingu sé því til staðar. Stiginn hafi verið hættulegur og ekki í neinu samræmi við kröfur sem gerðar séu til slíkra stiga. Stiginn sé seinni tíma viðbót og ekki í samræmi við fyrirliggjandi teikningar. Aðrar teikningar af A séu ekki til hjá viðeigandi yfirvöldum og hafi aldrei fengist leyfi fyrir framkvæmdunum. Stiginn sé byggður úr hefðbundnu pallatimbri, sem teljist ekki vera traust byggingarefni og uppfylli hann því ekki þau skilyrði sem sett séu með byggingarreglugerð nr. 112/2012, en miða verði við ákvæði hennar þar sem engin gögn liggi fyrir um það frá hvaða tíma stiginn sé. Þá sé í sömu reglugerð áréttað að þannig skuli ganga frá yfirborði gólfplata á umferðarleiddum að ekki sé hætta á slysum. Óháð þessum ákvæðum sé svo notkun pallaefnis í stiga óforsvaranleg vegna hálkumyndunar. Vátryggingartaka hafi þá mátt vera ljós slyshætta af stiganum en þó ekki gert neinar ráðstafanir til að varna slysum.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á slysdegi, kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá vátryggingartaka hafi stiginn verið í núverandi mynd frá því að annarri hæð var bætt við A árið 1943. Stiginn hafi verið endurnýjaður fyrir slys M til að tryggja öryggi íbúa. Hafi því á þeim tíma ekki verið um að ræða utanhússbreytingar sem kallað hafi á leyfisveitingu. Ekki liggi annað fyrir en að stiginn uppfylli þær reglur sem voru í gildi við byggingu hússins og ekki verði séð að endurbættur stigi fari í bága við núgildandi byggingarreglugerð. Þá sé stiginn byggður úr traustum efnem en ekki hefðbundnu pallatimbri. A hafi öryggi leigjenda að leiðarljósi og hafi upplýst leigjendur um að fara varlega í stiganum meðan hann væri nýr og efnið að taka við sér. Tröppur séu þá almennt hálar við þær veðuraðstæður sem hafi verið á slysdegi en leiði það ekki sjálfkrafa til þess að þær teljist vanbúnar eða í ósamræmi við byggingarreglugerð. Þá vísar V til framburðar annars íbúa að A þar sem fram komi að M, sem hafi verið vel kunnug aðstæðum, hafi verið í inniskóm á leið sinni niður tröppurnar, en mikill snjór hafi verið úti. Verði slys M því aðeins rakið til óvarkárni hennar sjálfar, en ekki sé sýnt fram á önnur slys í umræddum stiga, né að kvartað hafi verið undan ástandi hans.

Í viðbótarathugasemdum M er kemur fram að hafi vátryggingartaki varað íbúa sérstaklega við umferð um stigann bendi það til þess að hann hafi gert sér grein fyrir hættueiginleikum hans. Þá er því sérstaklega mótmælt að M hafi verið vöruð sérstaklega við því að stiginn gæti verið háll og blautur. Þá sé það beinlínis rangt að gert hafi verið ráð fyrir umræddum stiga árið 1943, þegar efri hæð var bætt við húsið, enda hafi stigans fyrst verið þörf þegar ákveðið var að grafa út kjallara þess. Þá er ítrekað að það hljóti að vera lágmarkskrafa, eigi að halda slysum í lágmarki, að á stiganum séu raufir í þrepum eða einhvers konar kerfi sem hleypi vatni burt frá þeim. Sé því ekki að heilsa í umræddum stiga og leiði það til háلكu og slyshættu umfram það sem heimilt er.

Álit:

Eins og framan er rakið byggir M kröfu sína fyrst og fremst á þeim rökum að umræddur stigi hafi verið vanbúinn og ekki í samræmi við kröfur gildandi byggingarreglugerð. Fyrir nefndinni liggja ljósmyndir af umræddum stiga, en um er að ræða einfaldan utanáliggjandi viðarstiga, með handriði öðrum megin. Þá liggja fyrir teikningar af A, sem má sjá að er tvílyft hús með skriðlofti og kjallara, sem af umræddum teikningum að ráða hefur ekki verið grafinn út. Má því fallast á það með M að

einhverjar framkvæmdir hafi átt sér stað við A frá gerð umræddra teikninga. Þá liggur fyrir tölvupóstur frá byggingarfulltrúa þar sem fram kemur að utanhússbreytingar, t.d. stigi, séu leyfisskyldar og að ekki hafi verið sótt um leyfi fyrir umræddri framkvæmd. Það eitt og sér leiðir þó ekki til þess að umræddur stigi teljist vanbúinn og að ágallar á honum hafi orsakað slys M. M rökstyður kröfu sína þá með því að gerð umrædds stiga brjóti í bága við ákvæði gildandi byggingarreglugerðar, m.a. ákvæðis 6.4.6. þar sem segi að stigar og tröppur bygginga skuli þannig hannaðar og byggðar að þær séu öruggar fyrir notanda og þægilegar til gangs, og gerðar úr traustum efnum þannig að slysaætla sé lágmörkuð. Þá séu stiginn og stigapallurinn ekki til samræmis við þau skilyrði sem fram komi í ákvæði 6.4.7. Að áður nefndum ljósmyndum slepptum liggja hins vegar engin frekari gögn um gerð umrædds stiga fyrir nefndinni. Þannig liggur t.a.m. ekki fyrir mat sérfróðs aðila á því að hvaða leyti byggingarefni hans, eða gerð að öðru leyti, séu ófullnægjandi, eða í andstöðu við ákvæði byggingarreglugerðar. Af framansögðu verður því ekki talið að M hafi sýnt fram á að stiginn hafi verið vanbúinn. Þá verður það ekki metið váttryggingartaka til sakar hafi hann bent íbúum A á að gæta sérstakrar varúðar við umferð um stigann meðan hann var nýr. Með hliðsjón af því að snjór var í stiganum og því að því hefur ekki verið mótmælt að M fór um hann í inniskóm umrætt sinn verður þá helst talið að um hafi verið að ræða óhappatilvik og aðgæsluleysi hennar sjálfrar. Eins og mál þetta horfir við nefndinni hefur M samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að tjón hennar sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis váttryggingartaka eða aðila, atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á, en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Verður því að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigandatryggingu A hjá V.

Reykjavík 23. nóvember 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 373/2021**M og
V v/ hundatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna hvarfs hunds.****Gögn.**

Málskot, móttækið 27.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hundur M hvarf að heiman 19. október 2020. Mun það hafa gerst með þeim hætti að tveir ókunnugir einstaklingar hafi opnað dyr inn á sólpall þar sem hundurinn hafi verið. Við það hafi hann orðið hræddur og fælst í burtu er þeir reyndu að elta hann. Hann hafi ekki fundist þrátt fyrir leit í marga mánuði. Með tjónstilkynningu til V, dags. 11. mars 2021, tilkynnti M um hvarfið og krafðist bóta úr hundatryggingu sinni hjá V, m.a. með tilliti til þess að honum hafi hvorki verið stolið né að hann hafi strokið frá heimili sínu. V hefur hafnað bótaskyldu

Álit.

Í skilmálum vátryggingarinnar er gildissvið vátryggingarinnar afmarkað með þeim hætti að vátryggingarfjárhæðin er greidd þegar líftryggður hundur deyr af völdum sjúkdóms eða meiðsla eða aflífa verður hann af þessum orsökum samkvæmt úrskurði dýralæknis. Í ákvæði skilmálanna um undanskildar áhættur segir m.a. að engar bætur séu greiddar ef hundi er stolið eða hann strýkur. Sá er krefst bóta, M í því tilviki sem hér um ræðir, verður að sýna fram á að skilyrðum bótaskyldu sé fullnægt, þar á meðal að tjónsatburður hafi orðið með þeim hætti að hann falli innan gildissviðs vátryggingarinnar.

Ekki vitað hver hafi orðið afdrif hundsins. Þannig liggur ekkert fyrir um að hann hafi drepist vegna atvika sem bótasvið vátryggingarinnar tekur til, svo sem af völdum sjúkdóms eða meiðsla eða þurft hafi að aflífa hann af þessu orsökum samkvæmt úrskurði dýralæknis. Verður samkvæmt þessu að telja ósannað að hvarf hins vátryggða hunds megi rekja til atvika sem falla innan bótasviðs vátryggingarinnar. Skiptir í þessu sambandi ekki máli jafnvel þótt ekki verði heldur fullyrt með neinni vissu að honum hafi verið stolið eða hann hafi strokið. Að þessu virtu fæst tjón M af völdum hvarfs hundsins ekki bætt úr hundatryggingu hennar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr hundatryggingu hjá V.

Reykjavík, 23. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 374/2021

**M og
V v/ réttaraðstoðartryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna dómsmáls er varðar riftun kaupna vegna galla í bifreið.**Gögn.**

Málskot, móttækið 28.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í október 2019 keypti M notaða bifreið, A, sem var flutt inn til landsins af nánar tilgreindu fyrirtæki, B., í ágúst sama ár. Í apríl 2020 varð bilun í vél A sem M kveður B bera ábyrgð á. Einnig mun hafa komið í ljós að kílómetramælir A sýndi lægri kílómetrastöðu hér á landi en reyndin var þegar A var skoðuð erlendis fyrir innflutning. Hefur M rift kaupnum gagnvart B og hyggst höfða dómsmál á hendur B til staðfestingar á riftuninni. M hefur farið þess á leit að fá málskostnað vegna dómsmálsins bættan úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. Kveður M að málið varði eignarrétt hans í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar og rétt hans samkvæmt lögum um neytendakaup nr. 48/2003. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum réttaraðstoðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar þeirrar sem V hefur í gildi hjá V greiðir váttryggingin málskostnað vegna ágreinings í einkamáli, sem tekur til ágreinings sem snertir váttryggðan, sem einstakling, og sem kemur til úrlausnar héraðsdóms hér á landi. Samkvæmt skilmálunum eru nánar tilgreindar tegunda dómsmála undanþegnar bótaskyldu. Þannig er tekið fram í skilmálunum að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem m.a. varðar váttryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis eða annars tengivagns. Eins og gögn málsins liggja fyrir verður vart um það deilt að M telst vera eigandi A jafnvel þótt hann hafi í hyggju að höfða dómsmál á hendur B til viðurkenningar á riftun á kaupum á A sem og án tillits til þess hann telji fyrirhugað dómsmál varða eignarrétt hans sem lögbundinn sé í 72. gr. stjórnarskrárinnar og rétt hans samkvæmt lögum um neytendakaup. Fyrirgreint undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna er skýrt um það að váttryggingin taki ekki til ágreinings er varðar M sem eiganda vélknúins farartækis eins og A í því tilviki sem hér um ræðir. Af því leiðir að M á ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingunni hjá V vegna fyrirhugaðs dómsmáls á hendur B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 2. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 375/2021**M og
V v/ áhafnartryggingar X****Skilyrði „slysaugtaksins“ vegna líkamstjóns 17. apríl 2020.****Gögn.**

Málskot, móttækið 5. október 2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
Bréf V til nefndarinnar, dags. 3. nóvember 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum við störf sín um borð í fiskiskipi hjá X þann 17.4.2020. Í málskoti M er atvikum lýst á þá leið að hann hafi verið að færa pönnu fulla af grálúðu frá þökkunarborði að frystitæki, þar sem hann þurfti að renna henni inn í þar til gerða hillu. Pannan hafi verið 38 kg að þyngd og hafi hann þurft að lyfta henni upp í rúmlega axlarhæð til að koma henni fyrir í lausri hillu. Kveðst M hafa skrið fótur á hálum gúmmimottum, þar sem þær voru ataðar sjó og slori, þegar hann rykkti pönnunni upp í nauðsynlega hæð og inn í hilluna. Við það hafi hann fengið slæman hnykk á vinstri öxl og upphandlegg. Kveðst hann strax hafa fundið fyrir verkjum en þó reynt að halda áfram vinnu. Fljótlega eftir atvikið hafi hann þó farið upp í brú og greint yfirmönnum frá atvikinu og óskað eftir því að það yrði skráð í skipsdagbók. Honum hafi hins vegar verið neitað um það. Þrátt fyrir eymsli kveðst hann hafa haldið áfram vinnu eftir fremstu getu. Við lok sjóferðar þann 29. apríl hafi verið gengið frá tilkynningu um atvikið til Sjúkrtrygginga Íslands og um sama leyti hafi skipstjóri skráð færslu um atvikið í skipsdagbók, en án þess að ræða það við M eða óska eftir nánari lýsingu hans á atvikum.

Í tilkynningu til Sjúkrtrygginga Íslands, dags. 29.4.2020, er atvikum lýst á þá leið að M hafi verið að setja pönnu í efstu hillu í frystitæki sem er ca axlarhæð og rykkt henni upp til að reyna að renna pönnunni inn í frystitækið. Við það hafi eitthvað gerst í upphandleggi vinstri handar sem leiðir til þess að hann geti ekki beitt höndinni og að það sé mjög sársaukafullt fyrir hann að lyfta höndinni upp fyrir axlir. Í skipsdagbók kemur fram að M hafi verið við vinnu á millidekki og að þegar hann var að setja pönnu af grálúðu í frystihólf hafi eitthvað gefið sig í upphandlegg vinstri handar. Þá er skráð að vindhraði hafi verið 12 m/sek. Í sjúkraskrá heilsugæslu, dags. 30.4.202, kemur fram að M hafi verið að lyfta frystipönnu þegar hann fékk slink á vinstri upphandlegg/öxl. Var hann í kjölfarið sendur í myndgreiningu. Samkvæmt niðurstöðum myndgreiningar voru engar slitbreytingar í glenohumeral lið en miklar breytingar og fjöldi kalkana í AC liðnum með fjölda kalkana inn við clavicular endann. Í málinu liggur einnig fyrir yfirlýsing samstarfsmanns M, dags. 15.4.2021, þar sem hann kveðst hafa orðið vitni að því þegar M slasaðist. Lýsir samstarfsmaðurinn atvikum á þá leið að M hafi verið að ganga frá frystipönnu þegar hann rann á hálum mottum sem auk sjóveltings varð til þess að M fékk slink á öxlina.

M telur að líkamsmeiðsl sín verði rakin til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar, sem falli undir slysaugtak vátryggingarskilmála áhafnartryggingarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að M hafi ekki orðið fyrir slysi í skilningi slysaugtaks vátryggingarskilmálans, þar sem ekki hafi verið um utanaðkomandi atvik að ræða. Vísar V til þess að ekkert sé minnst á utanaðkomandi atvik í tilkynningum og málsögnum fyrr en þann 27.11.2020. Telur V að um sé að ræða breytta frásögn sem geti ekki haft áhrif á afstöðu félagsins. Þá vísar V til þess að meiðsli M séu álagsmeiðsli sem ekki eru til komin vegna slyss í skilningi slysaugtaksins heldur eigi þau sér stað innra með líkama hins vátryggða og komi gjarnan vegna rangra hreyfinga.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst aðallega um það hvort þau líkamsmeiðsl sem M glímir við í vinstri öxl verði rakin til bótaskylds slyss í skilningi 1.1. gr. vátryggingarskilmálans. Í 1.2. gr. skilmálans er að finna svohljóðandi skilgreiningu á hugtakinu slys: „Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“. Tilkynning um atvikið til Sjúkrtrygginga Íslands, skráning í skipsdagbók og skráning í móttökuskrá heilsugæslu ber það með sér að eitthvað hafi gefið sig í öxl eða upphandlegg M þegar hann var að lyfta þungri pönnu upp fyrir axlarhæð. Lýsingar á því að eitthvað utanaðkomandi hafi valdið þessum meiðslum, svo sem að M hafi skrið fótur á hálu undirlagi og/eða runnið til vegna

sjólags, koma hins vegar ekki til fyrir en rúmu hálfu ári eftir slysið, þegar M tilkynnti tjónið til V. Sjúkragögn bera það enn fremur með sér að þau meiðsli sem M glímur við teljist til álagsmeiðsla en ekki til meiðsla eftir áverka eða annað skyndilegt utanaðkomandi atvik.

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna skyndilegs eða utanaðkomandi atburðar, sbr. áðurgreint skilmálaákvæði. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr áhafnatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki bótarétt úr áhafnatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 376/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys þegar lyftara var ekið á starfsmann 23. október 2019.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19. október 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 28. október 2021, ásamt höfnunarbréfi V dags. 30. júlí 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var við vinnu hjá X ásamt samstarfsmanni sínum. Þeir voru að vinna við að flytja gjall úr svokölluð gjallarhúsi með gröfu sem M stjórnaði og lyftara sem samstarfsmaður hans stjórnaði. Í málinu liggur fyrir myndbandsupptaka af slysi M sem varð þannig að lyftaranum var ekið, að því er virðist aftur á bak, á M sem hafði stuttu áður farið út úr stýrishúsi gröfu og gengið í átt að lyftaranum. Í skýrslu Vinnueftirlitsins dags. 31. Fallist hefur verið á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V að $\frac{3}{4}$ hluta tjóns M, en V telur að M eigi sjálfur að bera $\frac{1}{4}$ hluta tjóns síns.

Í tölvupósti dags. 4. nóvember 2020 var fallist á bótaskyldu af hálfu V að hluta en niðurstaða félagsins um að M ætti að bera fjórðung tjóns síns sjálfur var rökstuddur með því að hann hafi með stórkostlegu gáleysi valdið því að tjónsatburður varð eða afleiðingar hans meiri en ella hefði orðið. V vísaði um til 21. gr. almennra váttryggingarskilmála varðandi heimild til takmörkunar ábyrgðar sinnar að hluta, sem og 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. V vísaði einnig til þess í fyrrnefndum tölvupósti að háttsemi M að hafa gengið eftir miðju vinnusvæði áleiðis út um miðja aksturshurð hafi farið gegn gildandi öryggisreglum á svæðinu, sem og hafi sú mikilvæga öryggisregla að gefa stjórnanda lyftara merki og bíða eftir merki til að geta gengið aftur fyrir lyftarann ekki verið virta af M. Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til myndskleiðs af atvikinu og ítrekuð sú afstaða V að háttsemi M að hafa gengið aftur fyrir lyftara feli í sér stórkostlegt gáleysi. Einnig vísar V til reglna og tilmæla til starfsmanna og verktaka sem vinna á starfssvæði því sem M og samstarfsmaður hans unnu á. Þar komi m.a. fram að ekki eigi að ganga framhjá farartæki nema stjórnandi þess viti af og gangandi skuli halda sig á merktum gönguleiðum eða í öruggri fjarlægð frá vinnuvélum. Einnig sé þeim tilmælum beint til gangandi að notast við göngudyr en ekki akstursdyr, sem séu eingöngu fyrir gangandi vegfarendur. V telur að M hafi farið gegn öllum þessum fyrirmælum sínum að slík háttsemi feli í sér stórkostlegt gáleysi af hans hálfu.

M hefur gert kröfu um að fá fullar bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V og vísar til þess að tjón hans sé fyrst og fremst að rekja til saknæmrar háttsemi stjórnanda lyftara við akstur hans sem og vanrækslu af hálfu X á að fylgja fyrirmælum laga nr. 46/1980 varðandi öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Ekki hafi verið settar nægilega skýrar vinnureglur eða verklagsreglur um vinnu M og samstarfsmanns hans og reglum sem settar eru með stoð í fyrrnefndum lögum um notkun tækja þ.á.m. lyftara hafi ekki verið gætt. Ekki hafi heldur verið gert áhættumat fyrir verkþáttinn af hálfu X. M bendir á að stórkostlegt gáleysi þurfi til að hann sjálfur beri ábyrgð á slysinu, sbr. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. M vísar auk þessa til þess að hann hafi ekki gengið út um akstursdyr heldur hafi hann gengið meðfram vegg við enda hurðarinnar. Einnig kannast M ekki við að öryggisregla hafi verið í gildi um að fá merki frá stjórnanda lyftara um hvort mætti ganga framhjá lyftaranum, en slíkri reglu hafi þá verið komið á eftir slysið. M ítrekar því að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi og eigi því ekki að bera hluta tjóns síns sjálfur á grundvelli 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um hvort M skuli bera hluta líkamstjóns síns sjálfur vegna slyss sem varð þegar lyftara var ekið á hann í svokölluðu gjallarhúsi. Heimild til takmörkunar ábyrgðar váttryggingafélags í máli M verður ekki ekki fyrir hendi í 21. gr. almennra skilmála eða 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, eins og V vísaði til í tölvupósti sínum til lögmanns M dags. 4. nóvember 2020. Umræddar greinar fjalla um heimild til að takmarka ábyrgð gagnvart váttryggðum, en í ábyrgðartryggingum er hinn váttryggði sá sem nýtur váttryggingaverndar á skaðabótaskyldri háttsemi sinni, skv. 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga. Sá sem

nýtur slíkrar verndar er X, vinnuveitandi M en ekki M sjálfur. Auk þess segir í 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Þessi tilvísun í höfnunarbréfi V á því ekki við um mál M.

Í 1. mgr. 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993 kemur hins vegar fram að verði starfsmaður fyrir líkamstjóni í starfi sínu skerðist ekki réttur hans til skaðabóta vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. M varð fyrir líkamstjóni sem starfsmaður í starfi sínu og verður því að taka afstöðu til þess hvort í háttsemi hans hafi falist stórkostlegt gáleysi í skilningi þeirrar lagagreinar, en af málskoti verður ekki annað ráðið en að M byggi varnir sínar á umræddu ákvæði og því að háttsemi hans hafi ekki falið í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi þess.

Nefndin skoðaði myndbandsupptöku af vettvangi á fundi sínum. Af henni verður ekki ráðið með skýrum hætti hvernig tjáskipti milli hans og stjórnanda lyftarans voru né að staðsetning hans hafi verið þannig í andstöðu við almennar öryggisreglur staðarhaldara á vettvangi að augljós slyshætta hefði skapast af háttsemi hans. Sönnunarbyrði um eðli háttsemi M hvílir á V og hefur ekki tekist sönnun um að háttseminni megi jafna til stórkostlegs gáleysis í skilningi 1. mgr. 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993. V ber hallann af slíkum sönnunarskorti og á M því rétt á bótum fyrir allt tjón sitt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 377/2021**M og
Erlend váttryggingafélög V vegna starfsörorkutryggingar.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags og uppsögn váttryggingarsamnings vegna líkamstjóns 18. mars 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6. október 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf f.h. V, dags. 5. nóvember 2021, ásamt „claim form“ dags. 23. apríl 2021.

Málsatvik.

Í málskoti er gerð grein fyrir tjónsatviki sem varð 18. mars 2021 þegar M féll úr stiga við vinnu sína og hlaut við það eymsli í hálsliðum, öxl og hendi vinstra megin. M var óvinnufær frá þeim degi til 30. september 2021 vegna afleiðinga þessa atviks og sótti bætur til V með tjonstilkynningu dags. 23. apríl 2021. M sótti um váttryggingu hjá V með umsókn til Tryggingamiðlunar Íslands dags. 13. nóvember 2019 og svaraði þar spurningum um heilsufar sitt og aðstæður. Váttrygging var gefin út af hálfu V í kjölfar þess frá 20. nóvember 2019 og af gögnum málsins má ætla að hún hafi verið endurnýjuð einu sinni síðan og því verið í gildi 18. mars 2021. Viðbrögð V við kröfu M um bætur voru hins vegar þau að segja upp váttryggingunni frá upphafsdegi hennar og endurgreiða iðgjöld sem því nemur og vísuðu V til þess að M hefði ekki gefið réttar upplýsingar um heilsufar sitt á umsókn um váttryggingu í upphafi. Nánar tiltekið að M hafi ekki gefið réttar upplýsingar um bakverki sína, lyf við þeim og sjúkrahús- eða læknisheimsóknir vegna þeirra. V hafa hafnað bótaskyldu vegna tjóns M hinn 18. mars 2021 og vísar til þess að með því að segja váttryggingunni upp frá upphafi hafi hún ekki verið í gildi þegar tjónið varð.

M telur sig eiga rétt til bóta og telur váttryggingu sína hafa verið í fullu gildi þegar hann varð fyrir líkamstjóni 18. mars 2021 og eigi hann því rétt á bótum í samræmi við váttryggingarsamning. M mótmælir því að upplýsingar sem hann hafi gefið um heilsufar sitt í umsókn um váttryggingu hafi verið ófullnægjandi og vísar til þess að hann hafi svarað því játandi á sömu umsókn að hann hefði fundið fyrir vandamálum tengdum hrygg. Einnig hafi hann upplýst um hæð og þyngd og þannig talið að hann hefði fengið váttryggingu með iðgjöldum sem hæfðu áhættu V. M vísar því á bug að hann hafi sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína eða með öðrum hætti skv. 19. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Einnig vísar M til þess að meiðsli sem hann hlaut 18. mars 2021 séu ekki í tengslum við þær upplýsingar um heilsufar sem V telji að hann hafi vanrækt að veita upplýsingar um. M vísar til ummæla í dómi Landsréttar í máli nr. 24/2020 þar sem komi fram í 24. mgr. dómsins að þær upplýsingar sem ágreiningur er um hvort váttryggðir hafi veitt með réttum hætti varða ekki afleiðingar tjónsatburðar þá skipti þær ekki máli við mat á því hvort skilyrði 83. gr. laga um váttryggingarsamninga séu uppfyllt varðandi takmörkun ábyrgðar váttryggingarfélags vegna upplýsingaskyldu váttryggðs.

V hafa, eins og áður segir, hafnað því að greiða bætur til M og vísar til þess að félögin hafi ekki fengið réttar upplýsingar um áhættu þegar M sótti um váttryggingu í nóvember 2019. Þar vísa V til þess að M hafi vanrækt að gefa upplýsingar um sjúkrahúsdvöl sína frá 16.-20. mars 2015 vegna alvarlegra bakverkja, læknskómu 17. janúar 2017 vegna bakverkja og beiðni M um bólgueyðandi lyf vegna bakverkja hinn 22. ágúst 2019. V telur að M hafi ekki sagt satt og rétt frá um heilsufar sitt þrátt fyrir áminningu þar um í umsókn um váttryggingu og í 19. gr. laga um váttryggingarsamninga og ef V hefðu fengið réttar upplýsingar þá hefði umsókn um váttryggingu verið hafnað. Þess vegna líta V þannig á að váttrygging hafi aldrei tekið gildi og hafi því ekki verið í gildi hinn 18. mars 2021. V telja að atvik í Ldr. 24/2021 hafi verið ólík atvikum þessa máls þar sem V haldi því fram að váttryggingin hafi aldrei verið gild og eigi tilvísun til dómsins og umfjöllunar um 83. gr. laga um váttryggingarsamninga því ekki við. Einnig telur V að ef lítið sé þannig á að váttryggingin hafi verið í gildi séu skilyrði um slys á bls. 10 í váttryggingarskírteini ekki uppfyllt þar sem ekki hafi verið um skyndilegan, óvæntan, óvenjulegan, sérstakan og utanaðkomandi atburð að ræða þegar M féll úr stiga hinn 18. mars 2021.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að váttrygging sú sem M gerði samning um að kaupa í nóvember 2019 hafi verið persónutrygging í skilningi 3. mgr. 1. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, nánar tiltekið heilsutryggingu með uppsagnarrétti. Um váttrygginguna gilda gildir því XII. kafli laga um váttryggingarsamninga, en ekki ákvæði laganna um skaðatryggingar, t.d. 19. gr. þeirra sem bæði M og V hafa vísað til í gögnum til nefndarinnar.

Í málinu er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort heilsutrygging M hafi verið í gildi á tjónsdegi hinn 18. mars 2021. Í 76. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að heimild váttryggingarfélags til þess að slíta váttryggingarsamningi á váttryggingartímabili sé bundið við að skilyrði 84. gr. laganna séu uppfyllt og ef um slysa- og sjúkratryggingu sé að ræða er einnig vísað til 3. mgr. 120. gr. laganna um vanrækslu upplýsingaskyldu vegna bótakröfu sem og er heimild til uppsagnar ef fyrir hendi eru sérstök atvik sem skýrlega eru tilgreind í váttryggingaskilmálum. Ekki verður séð af gögnum málsins að V hafi vísað til slíkra sérstakra atvika við uppsögn váttryggingarsamnings eða að skilyrði 3. mgr. 120. gr. laganna um upplýsingaskyldu vegna bótakröfu eigi við í málinu. Verður því að líta til 84. gr. laganna, en þar kemur fram að váttryggingafélög hafi rétt til að segja upp váttryggingu með 14 daga fyrirvara ef upplýsingaskylda hefur verið vanrækt og sú vanræksla váttryggðs telst ekki óveruleg. Ef váttryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur váttryggingafélag slitið váttryggingunni án fyrirvara. Ákvæðið gerir einnig ráð fyrir upplýsingaskyldu váttryggingarfélags við þessar aðstæður þannig að félagið verður að gera váttryggðum grein fyrir möguleikum hans að fá sömu váttryggingu með öðrum iðgjöldum eða aðra váttryggingu ef réttar upplýsingar hefðu verið veittar. Af ákvæði 84. gr. laga um váttryggingarsamninga verður ekki ráðið að uppsögn váttryggingar hafi þau réttaráhrif að hægt sé að líta svo á að váttrygging hafi aldrei tekið gildi heldur er uppsögn bundin 14 daga uppsagnarfresti eða fyrirvaralausum slíkum ef váttryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína. Þetta þýðir að réttaráhrif uppsagnar geta fyrst komið til þegar uppsögn á sér stað en ekki afturvirkir eins og V hafa haldið fram.

Í öðru lagi er ágreiningur um hvort M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína og gilda um það bæði ákvæði 84. gr. laga um váttryggingarsamninga varðandi heimild til uppsagnar váttryggingarsamnings til framtíðar, sem og ákvæði 83. gr. varðandi heimild váttryggingarfélaga til að takmarka ábyrgð sína skv. gildandi váttryggingarsamningi. Í ákvæðunum er gerður greinarmunur á því hvort váttryggður vanrækir upplýsingaskyldu sína sviksamlega eða með þeim hætti að ekki teljist óverulegt. Ef vanrækslan er óveruleg hafa váttryggingafélög hvorki heimild til uppsagnar váttryggingarsamnings eða takmörkunar ábyrgðar vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu váttryggðs við töku váttryggingar.

Í þessu máli reynir á hvort M hafi, með svörum sínum á umsókn um váttryggingu dags. 13. nóvember 2019, sviksamsamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. 83. eða 1. mgr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga eða hvort hann hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt skv. sömu 1. mgr. 84. gr. laganna og 2. mgr. 83. gr. hennar. Við mat á því verður að líta til þess að M svaraði játandi spurningu á umsókn þeirri sem V lögðu fyrir hann um vandamál í hrygg. M upplýsti um tiltekin atvik því tengt en V hefði verið í lófa lagið að kanna betur heilsufar M vegna þessa og þegar lítið er til annarra upplýsinga í umsókn M verður að telja að svör M feli í besta falli í sér óverulega vanrækslu á upplýsingaskyldu. Einnig má vísa til túlkunar Landsréttar á orsakasamhengi í tengslum við túlkun á 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga í máli réttarins nr. 24/2020. Af þessu leiðir að sviksamleg vanræksla er ekki talin hafa átt sér stað í skilningi 1. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga né heldur heimild til uppsagnar váttryggingarsamnings án fyrirvara eða með 14 daga fyrirvara í skilningi 1. mgr. 84. gr. laganna.

Váttrygging M var því í gildi þegar hann varð fyrir líkamstjóni 18. mars 2021 og geta V ekki takmarkað ábyrgð sína í skilningi 83. gr. laga um váttryggingarsamninga vegna þess atviks.

Eftir stendur þá þriðji og síðasti þáttur ágreinings í málinu sem hverfist um það hvort skilyrði váttryggingarsamnings um slysa sé uppfyllt, þ.e. hvort um skyndilegan, óvæntan, óvenjulegan, sérstakan og utanaðkomandi atburð að ræða hafi verið að ræða þegar M féll úr stiga hinn 18. mars 2021 og féll á jörðina með þeim afleiðingum að hann missti meðvitund og hlaut meiðsli m.a. á vinstri hluta líkama, hálsliðum, öxl og hendi. Lýsing M sjálfs af atvikum byggir á því að stigi hafi runnið undan honum og við það hafi hann fallið á jörðina með fyrrnefndum afleiðingum. Verður með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands um túlkun á því hvað telst til slyss í váttryggingaréttarlegum skilningi, t.d. dómi réttarins í máli nr. 412/2011, að leggja til grundvallar að M hafi hlotið líkamstjón vegna skyndilegra óvæntra, óvenjulegra, sérstakra og utanaðkomandi atburða. Ekkert liggur fyrir um að rekja megi líkamstjón M til sjúkdóms eða annars innra ástands hans. Telst M því eiga rétt á fullum bótum úr starfsörorkutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsörorkutryggingu sinni hjá erlendu váttryggingafélagunum V vegna líkamstjóns síns 18. mars 2021 og skilyrði til uppsagnar váttryggingarinnar eru ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 30. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 379/2021**M og
V vegna Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

Málskot móttakið 8. október 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 17. desember 2021, ásamt yfirliti um ástandsskoðun.
Tölvupóstur M, dags. 24. febrúar 2022.

Málsatvik.

M var við störf í álveri X þegar hann fékk í sig rafstraum hinn 20. apríl 2020. Í málskoti kemur fram að M hafi verið leigður út til starfa hjá X af öðru fyrirtæki. Nánar tiltekið segir í málskoti að M segist hafa verið að skipta um klafa á tilteknu kerfi í tilteknum skála ásamt starfsmanni X þegar krana sló út. M lýsir aðstæðum síðan þannig að annar starfsmaður X, rafvirki, hafi komið á staðinn en ekki framkvæmt úttekt á krananum heldur slegið honum aftur inn. M kveðst síðan hafa staðið ofan á kerfi og þurft að styðja sig með hægri hendi á meðan hann notaði vinstri hendi til að losa stroffu og þegar hann greip um krók til að ýta öryggisklemmu inn hafi hlaupið straumur í gegnum hann frá skauti í krana. Í málskoti kemur fram að straumurinn hafi mælst 330 volt. Í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlitsins, sem barst stofnuninni hinn 28. október 2020 er atvikum lýst með svipuðum hætti.

M telur X bera ábyrgð á líkamstjóni þar sem aðstæður á vinnustað X hafi ekki verið öruggar vegna einangrunarbilunar í krana og að starfsmenn X hafi átt að bregðast við með öðrum hætti en þeir gerðu þegar truflun á rafmagni kom upp í kerskála. M telur að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins vegna vinnuslyssins, sbr. fyrirmæli í 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þannig verði skv. dómafordæmum að leggja frásögn M til grundvallar af atvikum og X beri hallann af því að hafa ekki látið rannsaka aðstæður á slysdagi. M vísar til reglugerðar nr. 376/2006 um notkun tækja og að í viðauka með þeim reglum komi fram fyrirmæli um merktan búna til að rjúfa orkuflutning sem og eigi öll tæki að vera þannig útbúin að starfsmenn séu verndaðir fyrir hættu sem gæti stafað af beinni eða óbeinni snertingu við rafmagn. M leggur áherslu á að starfsemi X sé í eðli sínu hættuleg og þurfi því að gera sérstaklega miklar varúðarráðstafanir vegna öryggi starfsmanna. M telur að óumdeilt sé að bilun hafi verið í krana og mótmælir því að það hafi verið nóg að slá krananum inn án þess að greina bilun í greint sinn. Einnig vísar M til þess að áhættumat vegna þeirrar vinnu sem M vann hafi ekki verið lagt fram og beri X hallann af því. Þar að auki vísar M til þess að ekki sé hægt að halda því fram að M beri sjálfur ábyrgð á eigin tjóni þar sem 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 setur það sem skilyrði að tjónþoli hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við vinnu sína. M vísar auk þessa til nokkurra dóma máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur í fyrsta lagi að ekki hafi verið tilefni fyrir X til að tilkynna atvikið til Vinnueftirlitsins þar sem sú skylda hafi ekki hvílt á X í greint sinn, M hafi ekki verið starfsmaður X og samningur sé á milli X og vinnuveitanda M sem verktaka um að honum beri að tilkynna öll vinnuslys til Vinnueftirlitsins. Einnig vísar V til þess að M hafi ekki verið óvinnufær eftir atvikið og tilkynningarskylda hafi ekki stofnast skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. V vísar einnig til þess að sá krani sem M hafi haldið um í greint sinn hafi verið ástandsskoðaður reglulega og sé í reglubundnu viðhaldi hjá X. Einnig telur V að ekki sé ljóst af gögnum málsins að kraninn hafi slegið út, en ef það hefði gerst væri ekki óeðlilegt að það slái út í eitt skipti og í samræmi við eðlilegt verklag að slá rafmagn inn aftur og ekki vanræksla af hálfu starfsmanns. V telur einnig að það hafi ekki verið þörf á að bilanagreina kranann sérstaklega þar sem ekkert hafi bent til þess að hann væri bilaður. V vísar einnig til þess að M beri sönnunarbyrði um að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans.

Álit.

Í málinu er óumdeilt að M fékk í sig rafstraum við vinnu sína. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 segir: „*Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.*“ Í 1. mgr. 12. gr. kemur fram að með orðinu

atvinnurekandi sé átt við þann sem rekur atvinnustarfsemi skv. 90. gr. laganna og í 1. mgr. 17. gr. segir „*Þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum.*“ Þegar starfsmaður verður fyrir rafstraumi er ekki óvarlegt að ætla að líkur séu á varanlegu heilsutjóni og alvarleiki atvika sem þeirra verður að túlka þannig að atvinnurekanda hafi verið skylt að tilkynna um atvikið til Vinnueftirlitsins og gera ráðstafanir til þess að hægt sé að rannsaka aðstæður á vettvangi strax. Í þessu máli verður ekki annað séð en að M hafi á tjónsdegi verið að starfa í þágu X og samningur um annað hefur ekki verið lagður fyrir nefndina, en ekki dugar að láta skína í hluta slíks samnings í afstöðubréfi V. X telst því til atvinnurekanda í skilningi ofangreindra ákvæða laga nr. 46/1980. Skýringar X á aðstæðum á vettvangi verða ekki einar og sér lagðar til grundvallar sem staðreyndir og skortur á gögnum sem staðfesta að aðrir starfsmenn sem unnu í þágu X hafi unnið í samræmi við áhættumat vegna verksins sem var unnið verður að meta X í óhag. Framburður M verður lagður til grundvallar við lýsingu á tjónsatviki og aðstæðum á vettvangi. Þar kemur fram að rafmagni hafi slegið út og inn aftur án þess að frekar hafi verið athugað um ástand kranans og hvort um bilun hafi verið að ræða. Verður að meta það starfsmönnum X til gáleysis og ber X því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Ekki verður séð af gögnum málsins að hægt sé að meta háttsemi M sjálfs til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 380/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið er rafhjól rakst í hlið bifreiðarinnar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.10.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 21.10.2021.
Bréf V, dags. 19.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 28. júlí 2021 ók M bifreið sinni A úr hringtorgi á gatnamótum Kóravegar og Vatnsendavegar í Kópavogi áleiðis norður Kóraveg. Í sömu andrá ók 11 ára gamall drengur (B) á rafhlaupahjóli (D) á leið til austurs yfir merkta gangbraut á Kóravegi að norðanverðu við hringtorgið. Mun B hafa skolið þar á vinstri framhurð A.

M kveður B hafa komið á fleygiferð á D og skolið á framhurð A bílstjóramegin þegar A hafi verið meira en hálfnuð á leið yfir gangbrautina. Á vettvangi hafi B játað að hafa verið að skoða hraðamælinn og ekki séð A. Kveður M að B hafi komið á talsverðum hraða og það sé alveg klárt að það hafi ekki samrýmst reglum Samgöngustofu um hvernig fara skuli yfir gangbraut á gönguhraða.

Í fyrirbyggjandi tölvubréfi frá föður B segir að B hafi numið staðar við gangbrautarmerki, litið til beggja hliða áður en hann hafi lagt af stað og hafi hann verið kominn yfir umferðareyju sem skilur að akbrautir Kóravegs til norðurs og suðurs og verið kominn vel inn á eystri (síðari) hluta gangbrautarinnar þegar ekið hafi verið á hann. M hafi viðurkennt í samtali við móður B að hafa ekki séð B.

Tjón á A hefur fengist bætt úr kaskótryggingu A að frátaldri eigin áhættu vátryggingartaka, M. Hefur M krafist þess að fá tjón sitt sem nemur eigin áhættunni bætt úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem foreldrar B hafa í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 (ufl.) skal ökumaður, sem nálgast gangbraut þar sem umferð er ekki stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, aka þannig að það valdi ekki gangandi vegfaranda á gangbrautinni eða á leið út á hana hættu eða óþægindum. Skal ökumaður nema staðar, ef nauðsynlegt er, til að veita hinum gangandi færi á að komast yfir akbrautina. Samkvæmt c- og d-liðum 2. mgr. 36. gr. ufl. hvílir sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður við vegamót, í hringtorgum og í beygju og áður en komið er að gangbraut.

B telst vera reiðhjól, sbr. c-lið 30. tölul. 3. gr. ufl. Samkvæmt 3. mgr. 43. gr. laganna skal hjólreiðamaður, sem þverar akbraut á gangbraut, gæta að því að hjóla eigi hraðar en sem nemur venjulegum gönguhraða.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja að M, ökumaður A, hafi ekki gætt þess að valda ekki B hættu sem var á leið yfir gangbrautina. Engin haldbær gögn liggja fyrir í málinu varðandi þær skemmdir sem urðu á A við atvikið. Er ósannað að tjón á A verði rakið til þess að B hafi farið óhæfilega hratt yfir gangbrautina eða að tjón á A verði að öðru leyti rakið til saknæmrar háttsemi B. Samkvæmt þessu telst M ekki eiga rétt á bótum úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu foreldra B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 381/2021**M og
V vegna landbúnaðartryggingar A****Ágreiningur um sök vörsluaðila þegar ekið var á lamb í Dalabyggð hinn 28.08.2020.****Gögn.**

Málskot mótt ekið 13.10.2021 ásamt fylgiskjöllum 1-10.

Bréf V dags. 27.10.2021.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 11.11.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslu, dags. 31. ágúst 2020, óku M bílaleigubifreiðinni B til vesturs eftir Svínadal þegar kind með tvö lömb hljóp skyndilega yfir veginn. Þar sem önnur bifreið var fyrir aftan B hafi M ekki átt annarra kosta völ en að halda ökuhraða og hafi annað lambanna orðið fyrir bifreiðinni og drepist við það. Lambið var í eigu A og B skemmdist nokkuð við atvikið.

Samkvæmt málskoti greiddu M kostnað vegna dráttarbifreiðar svo og eigin áhættu kaskótryggingar B og nam tjón þeirra vegna atviksins samtals 476.969 kr. M krefjast því bóta úr ábyrgðartryggingarlið landbúnaðartryggingar A enda telja þau að lausaganga búfjár sé óheimil á umræddum stað. M telja það rangt og ósannað að merkingar hafi verið við veginn til að vara við lausagöngu búfjár. Um fjölfarinn veg sé að ræða en M hafi verið á leið suður til Búðardals. Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 eigi sauðfé þá almennt að vera innan vörslugirðinga meðfram stofn- og tengivegum. Hafi A borið að sýna sérstaka aðgát og tryggja að búfé þess væri innan vörslugirðinga svo ekki kæmi til tjóns af þess völdum. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. samþykktar um búfjárhald í Dalabyggð beri að tilkynna ef vart verði við m.a. sauðfé utan vörslugirðinga innan marka Búðardals og Lauga. Ljóst sé því að innan marka þess svæðis, en atvikið hafi átt sér stað innan marka þess, sé lausaganga búfjár bönnuð. Hafi A því sýnt af sér gáleysi við vörslu búfjár og sé bótaskylda fyrir hendi.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi segir að skv. 1. mgr. 5. gr. samþykktar um búfjárhald í Dalabyggð sé lausaganga stórgripa bönnuð, sauðfé teljist ekki til stórgripa og megi því gagnálykta út frá því að lausaganga sauðfjár sé heimil. Það að tilkynna beri um það verði sauðfjár vart innan marka Búðardals feli það ekki í sér að lausaganga þess sé óheimil. Þá telur V ekki sýnt fram á að umrætt atvik hafi átt sér stað innan marka Búðardals eins og M haldi fram. Jafnvel þó svo væri sé lausaganga búfjár ekki bönnuð á því svæði og engar girðingar, heldur aðeins vegrið, séu við veginn og því verði ekki séð að lokað sé fyrir ágang búfjár, sbr. 50. gr. vegalaga. Þá er ítrekað að merkingar vari við lausagöngu sauðfjár á svæðinu. Samkvæmt framansögðu verði það ekki metið A til sakar að sauðfé hafi gengið laust við akbrautina, og ekki séu uppi önnur atvik eða aðstæður sem leiði til þess að skaðabótaábyrgð verði lögð á A. Er kröfu M því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að það að lausaganga sauðfjár sé tilkynningarskyld á ákveðnu svæði hljóti að leiða til þeirrar ályktunar að hún sé óheimil á því svæði. Þá er því enn mótmælt að varað hafi verið sérstaklega við lausagöngu búfjár með þartilgerðum skiltum, enda hafi þau allt eins getað verið sett upp eftir umrætt atvik. Að öðru leyti eru fyrri röksemdir og afstaða ítrekuð.

Álit:

Eins og að framan greinir óku M á lamb í eigu A og til þess að þau geti átt skaðabótakröfu á hendur A vegna þess tjóns sem hlaut af því þurfa skilyrði skaðabótaréttarins um bótaábyrgð að vera uppfyllt. Ef þau skilyrði eru uppfyllt getur verið fyrir hendi greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu landbúnaðartryggingar þeirrar sem A er með hjá V. Í þessu felst að M þarf að sýna fram á að eigandi lambsins hafi ekki sinnt vörslum búfjárins með fullnægjandi hætti. Fyrirliggjandi er samþykkt um búfjárhald í Dalabyggð, dags. 8. júní 2015. Þar kemur fram, í 1. mgr. 5. gr., að lausaganga stórgripa sé bönnuð í sveitarfélaginu. Ágreiningslaust er að sauðfé telst ekki til stórgripa og tekur bann þetta því ekki til þess. Í 2. og 3. mgr. sama ákvæðis kemur fram að verði sauð- eða geitfjár vart innan marka Búðardals, sbr. uppdrætti sem fylgja samþykktinni, sem séu girt af samkvæmt reglugerð um girðingar nr. 748/2002 sé skylt að tilkynna um það, og beri eigandi þess þá áfallinn kostnað, s.s.

vegna handsömunar eða tjóns. Samkvæmt uppdrætti sem fylgdi málskoti telja M að umrætt atvik hafi átt sér stað rétt innan marka þessa svæðis. Ekki er hins vegar sýnt fram á nákvæma staðsetningu með öðrum gögnum, og má ráða af ljósmyndum sem M leggja fram af vettvangi að ekki hafi verið girðingar við veginn heldur aðeins vegrið. Verður því að telja að ekki sé sýnt fram á að atvikið hafi átt sér stað innan umrædds svæðis, en jafnvel þó svo væri verður ekki talið að samþykktin feli í sér afdráttarlaust bann við lausagöngu sauðfjár á svæðinu. Samkvæmt framansögðu liggur því ekki fyrir að lausaganga sauðfjár sé bönnuð á tjónsvettvangi né heldur er girt beggja vegna vegar þannig að slíkt bann sé fyrir hendi skv. 50. gr. vegalaga nr. 80/2007. Verður það því ekki metið A til sakar að sauðfé hafi gengið laust við akbrautina. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að önnur atvik eða aðstæður hafi verið uppi í málinu sem leggi skaðabótaábyrgð á A. M eiga því ekki rétt á bótum úr landbúnaðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr landbúnaðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 30. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 382/2021**M og****V vegna slysatryggingar sjómanna sem A er með í gildi hjá V og slysatryggingar M hjá V.****Ágreiningur um með hvaða hætti atvik hafi átt sér stað og orsakatengsl.****Gögn.**

Málskot dags. 14.10.2021 ásamt fylgiskjölum 1-13.

Bréf V dags. 23.11.2021.

Málsatvik.

Á málskoti kemur fram að M, sem var skipverji á X sem A hafi gert út, hafi orðið fyrir slysi um borð í X. Nákvæm dagsetning liggja ekki fyrir en atvikið hafi átt sér stað í apríl 2018. A hafi verið með í gildi slysatryggingu sjómanna hjá V og M sjálfur hafi verið með líf – og sjúkdómatryggingu auk almennrar slysatryggingar hjá V. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að M var að vinna við troll sem verið var að draga inn, en annar skipverji hafi stýrt trollinu. Bobbingur á enda trollsins hafi farið í aukahring á trollinu og lent í höfði M. Ekkert hafi verið skráð um slysið svo sem beri að gera og hafi M ekki strax leitað til læknis, utan þess að hann leitaði til tannlæknis vegna tannbrots sem hann hlaut við umrætt atvik. Fljótlega hafi þó farið að bera á ýmsum einkennum hjá M og bendi niðurstöður rannsókna til þess að hann sé með Alzheimer sjúkdóm. Í læknisvottorði, dags. 8. febrúar 2021, komi fram að einhver hluti skerðingar geti tengst höfuðhöggi sem M hafi orðið fyrir þremur árum fyrr. Þá segi í vottorðinu að orsakir sjúkdómsins séu ekki að fullu kunnar, en höfuðhögg geti tengst aukinni sjúkdómsáhættu. V hafi, með bréfi dags. 3. júní 2021, hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna á grundvelli þess að ekki liggja fyrir skýr sönnun á því hvort eða hvernig umrætt atvik hafi átt sér stað og þá sé ekki sýnt fram á orsakatengsl milli þess og sjúkdóms M. M hafi, með tölvupósti dags. 22. september 2021, farið fram á endurskoðun þeirrar afstöðu. Samhliða hafi M aflað frekari upplýsinga um umrætt atvik, þannig liggja fyrir staðfesting tveggja skipverja á því að umrætt atvik hafi átt sér stað, auk vottorðs frá tannlækni. Hvað varði orsakatengsl þá sé Alzheimer sjúkdómurinn gjarnan rakinn til höfuðhögga, líkum því sem M hafi hlotið við slysið. V hafi þrátt fyrir þetta neitað að endurskoða afstöðu sína, og liggja fyrir höfnun bótaskyldu hvað varði slysatryggingu sjómanna og sjúkdómatryggingu M, en ekki liggja fyrir afstaða hvað varði slysatryggingu M hjá V. M byggir á því að umrætt atvik, sem fullsannað sé að hafi átt sér stað, heyrir undir bótasvið slysatrygginganna, og að eftirfarandi sjúkdómsgreining falli undir skilgreiningu á líkamstjóni. Því sé bótaskylda úr slysatryggingu sjómanna og almennri slysatryggingu fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna og almennri slysatryggingu V ekki til staðar. Í fyrsta lagi sé ekki ljóst hvenær umrætt atvik eigi að hafa átt sér stað, M haldi því fram að það hafi verið í apríl, en aðrir skipverjar nefni aðrar dagsetningar. Þá liggja engin samtímaskráning fyrir um atvikið, og þeir skipverjar sem gefi yfirlýsingar hafi ekki verið vitni að atvikinu sjálfu. A.m.k. einn skipverja reki þá ekki minni til þess að atvikið hafi átt sér stað. Í læknisvottorðum sé þá aðeins að finna óljósar lýsingar á því að M hafi lent í slysi eða fengið höfuðhögg og séu þau því ekki sönnun þess að atvikið hafi átt sér stað, eða með þeim hætti sem M lýsi. Sé þannig alls ósannað að M hafi rotast við umþrætt atvik og engin vitni beri um það. Sé því ósannað að slysið hafi gerst með þeim hætti sem M byggir á og sé ósannað að hann hafi misst meðvitund, rotast eða verið dreginn inn í stakkageymslu í kjölfar atviksins eins og haldið sé fram. Ekki geti komið til greiðslu bóta sé vátryggingarburður ósannaður. Þá sé ekki sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds atviks og núverandi einkenna M. Margt annað geti skýrt núverandi ástand M, þannig séu orsakir Alzheimer sjúkdómsins ekki að fullu kunnar, þó höfuðhögg hafi verið tengd aukinni áhættu. M hafi fengið þrjú önnur rothögg um ævina og því margt annað sem geti orsakað sjúkdóm hans. Skorti því verulega á að fyrirliggjandi gögn sýni fram á að orsakatengsl séu til staðar. Að endingu kemur fram í bréfi V að hvorki slysatrygging sjómanna né almenn slysatrygging M hjá V bæti tjón vegna sjúkdóms enda sé um slysa- en ekki sjúkdómatryggingar að ræða. Alzheimer sjúkdómur geti ekki fallið undir slysaugtak vátryggingaréttar, um utanaðkomandi atburð þurfi að vera að ræða en ekki sjúkdóm eða annað innra ástand tjónþola. Er kröfum M því hafnað.

Álit:

Samkvæmt framansögðu greinir aðila í fyrsta lagi á að umrætt slys hafi átt sér stað með þeim hætti sem M lýsir, en í 3. gr. skilmála slysátryggingar sjómanna er hugtakið slys skilgreint svo að um sé að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem er vátryggður og gerist án vilja hans. Sambærilega skilgreiningu er að finna í 3. gr. skilmála almennrar slysátryggingar. Sönnunarbyrði fyrir því að atvik falli innan þessarar skilgreiningar hvílir á M. Fyrir nefndinni liggja, auk þeirrar lýsingar sem fram kemur í málskoti, vitnisburðir skipverja á X, þeirra Y, Z og Þ. Z var sá skipverji sem sá um að hífa trollið inn en í yfirlýsingu hans kemur fram að hann hafi ekki orðið vitni að atvikinu sjálfu, heldur hafi hann hitt M inni í stakkageymslu eftir að það átti stað og spurt hann út í atburði. M hafi þá sagst muna eftir öllu sem gerst hafði og hann hefði ekki kastað upp í kjölfar atviksins. Þá hefði M strax hafið störf að nýju. Yfirlýsingar Y og Þ eru ónákvæmari, þannig segist Y hafa verið á frívakt en hann viti til þess að atvikið hafi átt sér stað, en Þ segist muna eftir því að slysið hafi átt sér stað og að M hafi fengið eitthvað höfuðhögg. Í greinargerð tannlæknis M segir þá að hinn 28. maí 2018 hafi hann leitað til hennar og hafi hann þá lent í slysi einhverju áður. Postulín á krónu í efri góm hefði þá verið brotið, en það geti samræmst áverka eftir t.d. bílslys. Þá liggur fyrir læknisvottorð, dags.8. febrúar 2021, en þar kemur m.a. fram að lífmerki í mænuvökva bendi mjög ákveðið á undirliggjandi Alzheimer sjúkdóm. Þar segir einnig að einhver hluti skerðingar hjá M gæti tengst höfuðhöggi sem hann fékk fyrir um þremur árum, þar sem hann rotaðist, en hann hafi fengið þrjú önnur rothögg um ævina. Einnig segir í vottorðinu að orsakir sjúkdómsins séu ekki að fullu kunnar en að höfuðhögg geti tengst aukinni áhættu á að fá sjúkdóminn. Ekki sé ættarsaga um sjúkdóminn sem gæti skýrt að M greinist með hann svo ungar.

Af öllu framangreindu samanteknu má telja sýnt að M hafi orðið fyrir einhvers konar meiðslum við vinnu sína á X. Ekki er hins vegar nægilega sýnt fram á nákvæmlega hvernig það atvikaðist eða hvert umfang og eðli meiðsla M voru, en ekki virðist sem M hafi verið óvinnufær í kjölfar þess. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varðar. Hvað varðar möguleg orsaktengsl umþrættis atviks og þeirra einkenna eða sjúkdóms sem M rekur til þess, verður einnig að telja að ekki sé nægilega sýnt fram á þau með framangreindu. Þannig segir í 10.4 gr. skilmála slysátryggingar sjómanna að bætur greiðist því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að vátryggður deyr eð missir starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti. Sambærileg ákvæði er einnig að finna í 11. kafla skilmála slysátryggingar um ákvörðun bóta. Þó sýnt væri fram á að M hefði orðið fyrir höfuðhöggi vegna slyss um borð í X er ekki sýnt fram á að skilyrði þessa séu uppfyllt, enda er ekki sýnt fram á skýr orsaktengsl milli umþrættis atviks og sjúkdóms þess sem M hefur greinst með, jafnvel þó höfuðhögg geti tengst aukinni sjúkdómsáhættu.

Með vísan til þessa og þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður því að telja óhjákvæmilegt að hafna kröfum M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysátryggingu sinni eða slysátryggingu sjómanna A hjá V.

Reykjavík 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 383/2021**M og
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar X****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags vegna umferðaróhapps 3. maí 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11. október 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 27. október 2021, ásamt úrskurðum í málum 37/2013, 351/2014 og 8/2021.

Tölvupóstur M, dags. 28. október 2021.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að tjón varð á bifreiðinni X þegar henni var ekið út af Siglufjarðarvegi, vestan Strákaganga. Eigandi bifreiðarinnar X var farþegi í framsæti bifreiðarinnar, en hún kvað ökumann hennar, eiginmann sinn, hafa sofnað undir stýri og bifreiðin hafi þess vegna farið út af. Ökumaður bifreiðinnar kvaðst hafa fundið til syfju við aksturinn en dottað og misst bifreiðina út í hægri vegöxl og tjón orðið í kjölfarið.

M hefur krafist þess að fullar bætur séu greiddar úr kaskótryggingu eiganda bifreiðarinnar X og vísar til aðstæðna á vettvangi þar sem lítið sé um útskot til að stöðva. M kveðst hafa fundið til syfju en ekki verið þannig að jafna megi akstri hans til þess að hann hafi verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna.

V hefur samþykkt að greiða bætur að 2/3 hlutum en telur forsendur til að takmarka ábyrgð sína á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna stórkostlegt gáleysis. V telur að M hafi ekki ekið í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem hann hafi fundið fyrir syfju við aksturinn og verið á sjó nóttina áður. Einnig telur V að það sé stórkostlegt gáleysi af hálfu ökumanna að sofna við stýri. V vísar auk þessa til nokkurra úrskurða nefndarinnar um túlkun á hugtakinu stórkostlegt gáleysi við akstur.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum V um kaskótryggingu kemur fram í inngangi að váttryggður sé skráður eigandi ökutækis. Í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 er kveðið á um að hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaratburði losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Í þessu máli er ljóst að skráður eigandi ökutækis var ekki ökumaður þess þegar tjón varð á ökutækinu. Til þess að V geti borið fyrir sig háttsemi einhvers annars en váttryggðs verður að líta til þess að í 22. gr. almennra skilmála, sem tiltekið er í skilmálum kaskótryggingar ökutækja að gildi um þá váttryggingu, kemur fram að háttsemi þess aðila, sem með samþykki eiganda eða umráðamanns er ábyrgur fyrir váttryggða ökutæki, geti verið lögð að jöfnu við háttsemi váttryggðs. Þarna er um að ræða heimild til samsömunar í skilningi a. liðar 2. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga.

V ber sönnunarbyrði um að M hafi verið með samþykki váttryggðs ábyrgur fyrir bifreiðinni X, þegar henni var ekið út af Siglufjarðarvegi. V hefur hvorki haldið því fram að svo hafi verið og því síður lagt fram gögn því til stuðnings. Telst heimild til samsömunar því ekki sönnuð og þegar af þeirri ástæðu er ekki heimilt að takmarka ábyrgð V vegna tjóns á bifreiðinni X.

Niðurstaða.

Ekki eru skilyrði til takmörkunar ábyrgðar V úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X

Reykjavík, 23. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 384/2021**M og
V vegna fagörorkutryggingar A****Ágreiningur um hvort sjúkdómur sem leiddi til óvinnufærni var til staðar við töku váttryggingar.****Gögn.**

Málskot móttakið 12.10.2021 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V dags. 22.11.2021.

Viðbótargögn frá V, dags. 30.11.2021.

Málsatvik.

Hinn 14. maí 2010 fékk M aðild að fagörorkutryggingu sem A hafði samið við V um fyrir hönd félagsmanna sinna. Í skilmálum umræddrar váttryggingar segir m.a. undir liðnum takmarkanir á bótaskyldu að váttryggingin bæti ekki tjón ef váttryggingaratburður, þ.e. missir færni og getu váttryggðs til að hafa atvinnu af því starfi sem aðild hans að A er bundin við, verður af völdum sjúkdóms sem hefur greinst eða sýnt einkenni áður en ábyrgð V hófst.

M sendi V tjonstilkynningu, dags. 14. apríl 2021 og krafðist bóta úr umræddri váttryggingu. V hafnaði kröfu hans, með bréfi dags. 20. júlí 2021, á grundvelli þess að í fyrirbyggjandi vottorði X, heimilislæknis M, yrði ekki annað séð en að þau veikindi sem valdið hefðu óvinnufærni M væru tengd fyrri veikindum hans. Þannig hefði M verið til meðferðar vegna of háa blóðþrýstings árum saman, eða líklega allt frá árinu 1990, og eins hefði hann verið til meðferðar vegna járnofhleðslu í blóði og kæfisvefns. Þá komi fram í vottorði X að háþrýstingur M hafi vafalaust með það að gera að ósæð rofnaði sem leitt hafi til óvinnufærni hans. Sé því um að ræða veikindi sem hafi sýnt einkenni áður en ábyrgð V hófst.

M fellir sig ekki við þau málalok og vísar í málskoti til þess að umrædd váttrygging hafi verið í gildi í tíu ár áður en óvinnufærni hans kom til. V hafi ekki kallað eftir læknisvottorði eða öðrum upplýsingum þegar M varð aðili að fagörorkutryggingu A. Hafi V því sýnt af sér tómlæti hvað þetta varðar en M hafi frá árinu 2010 greitt mánaðarlegt iðgjald vegna váttryggingarinnar. Þá vísar M til þess að hér á landi greinist 5-8 tilfelli óæðarrofs ár hvert og hluta þeirra tilvika megi rekja til ómeðhöndlaðs háþrýstings. M hafi hins vegar tekið inn lyf vegna háþrýstings og hafi hann því ekki verið ómeðhöndlaður. Hár blóðþrýstingur hrjái þá um þriðja hvern fullorðinn einstakling og ætti því ekki að koma á óvart að M sé í þeim hópi, enda hafi hann aldrei haldið því leyndu fyrir V.

Í bréfi V til nefndarinnar kom fram að félagið gerði ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit:

Með málskoti M til nefndarinnar fylgdi sjúkradagpeningavottorð undirritað af X, dags. 2. ágúst 2021. Þar sem höfnun V var þó byggð á vottorði X, dags. 28. maí 2021 og viðbótarupplýsingum frá X dags. 6. júlí 2021, kallaði nefndin eftir þeim gögnum hjá félaginu. Í framangreindum gögnum kemur fram að M hafi sennilega verið með háþrýsting frá u.þ.b. 1990-1995, en að gögn um meðferð vegna hans séu til á tölvutæku formi frá árinu 2005. Þá kemur fram að M hafi, hinn 10. ágúst 2020, greinst með aorta dissection, eða rof á ósæð, og hafi farið í bráðaaðgerð þar sem rof og ósæðarrót hafi verið lagfærð. Preyta og magnleysi hrjái M í kjölfar þessara veikinda og verði hann, að mati X, ekki samur aftur, og treysti sér ekki aftur til starfa. Þá gefur X út vottorð um ótímabundna óvinnufærni frá 10. ágúst 2020. Þá segir í umræddum vottorðum að „háþrýstingur M hafi vafalaust með þennan alvarlega sjúkdóm að gera.“

Ágreiningur máls þessa snýst samkvæmt framansögðu um það hvort V sé heimilt að hafna bótaskyldu úr fagörorkutryggingu á grundvelli þeirrar hlutlægu ábyrgðartakmörkunar sem fram kemur í skilmálum, þ.e. hvort tjónsatburð sé að rekja til sjúkdóms sem hafði greinst eða einkenni komið fram vegna fyrir töku umræddrar váttryggingar. Sönnunarbyrði þess að slík ábyrgðartakmörkun eigi við hvílir á V. Að frátöldum ofangreindum gögnum liggja ekki frekari læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni. Verður ekki litið svo á að því sé beinlínis slegið föstu með því orðalagi sem fram kemur í umræddum vottorðum að veikindi þau sem leiddu til þess að tjónsatburður varð sé að rekja til sjúkdóms sem hafði gert vart við sig við töku váttryggingar, sbr.

umrætt skilmálaákvæði. Því hefur V ekki tekist að sýna fram á slík tengsl með afdráttarlausum hætti. Allan vafa í þeim efnum verður að túlka M í hag og ber því að fallast á kröfu hans.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fagörorkutryggingu A hjá V.

Reykjavík 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 385/2021**M og
V v/ frítímaslysáttryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um skerðingu bóta vegna stórkostlegs gáleysis er maður féll af rafhlaupahjólí.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. eitt aðfaranótt 17. ágúst 2020 féll M af rafhlaupahjólí á Borgarsíðu á Akureyri. Lögregla var kvödd á vettvang og í skýrslu hennar kemur fram að M hafi legið á gangstéttinni austan megin við götuna og blætt úr höfði hans og ekki hafi verið unnt að ná sambandi við hann. Við skoðun á vettvangi hafi mátt sjá rafhlaupahjól skammt frá vestanmegin götunnar við kantstein. Blóð hafi verið þar á kantsteininum og því talið líklegast að höfuð M hafi skolið þar á eftir að hann hafi verið að aka rafhlaupahjólínu. M hafi verið mjög illa áttaður en tekið að ranka við sér á vettvangi. Sterkan áfengisþef hafi mátt finna frá vitum hans. Vegna ástands M hafi hann verið fluttur á Sjúkrahús Akureyrar til aðhlynningar.

Í skýrslu sjúkraflutningamanna um flutning M á sjúkrahúsið segir m.a. að M hafi verið ruglaður og illa áttaður á stað og stund. Við skoðun í sjúkrabifreiðinni hafi komið í ljós áverkni á höfði, opinn skurður hægra megin á „temporal“ svæði og hruflaður á hægri mjöðm. Líklegast var talið M væri búinn að drekka mikið áfengi.

Í fyrirliggjandi sjúkraskrá kemur fram að þegar M hafi verið kominn á sjúkrahúsið hafi hann verið ósamvinnuþýður og gefið litla sögu, en loks getað sagt að hann hafi verið að neyta áfengis. Við almenna skoðun hafi verið erfitt að meta M, hann hafi ekki verið meðtekinn að sjá, en ölvaður. Í læknafréfi, dags. 17. ágúst 2020, segir m.a. að við komu hafi M verið „stabil“ í lífsmörkum og komandi rólega til síns sjálfs en sýnilega ölvaður. Ekki hafi fengist almenn blóðprufa fyrr en kl. átta um morguninn. Þá hafi mælst „EtOH 34,1“ sem jafngildi 1,57 prómill. Í læknafréfi, dags. 10. júní 2021, kemur fram að M hafi verið fluttur á bráðamóttöku SAK en það síðasta sem hann mundi hafi verið að hann hafi verið að fara frá vini sínum sem hefði verið með teiti.

M nýtur verndar samkvæmt frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V og hefur krafist bóta út slysáttryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. V hefur fallist á bótaskyldu að 1/4 hluta en að skerða beri bætur til M um 3/4 hluta þar sem hann hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi.

Álit.

Í almennum skilmálum sem gilda um slysáttryggingu þá sem hér á í hlut segir að ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að tjónsátburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, sem á við um slysáttryggingar eins og hér um ræðir, má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélags ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Ekki er um það deilt að M var á ferð á rafhlaupahjólí og féll af því og mun hafa lent með höfuðið á kantsteini og varð fyrir meiðlum. Samkvæmt því sem fram kemur í fyrirliggjandi gögnum er engum vafa undirorpið að M hefur verið undir verulegum áfengisáhrifum, en um sjö klukkustundum eftir slysið mældist áfengi í blóði hans 1,57 prómill. Slysið verður alfarið rakið til þessara miklu ölvunareinkenna. M var 45 ára gamall þegar slysið varð og sök hans var mikil. Telst M hafa valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi og að öllu virtu þykir rétt að bætur skerðist um 2/3 hluta og hann eigi því að sama skapi rétt á bótum að 1/3 hluta úr frítímaslysáttryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 1/3 hluta úr frítímaslysatryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 386/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og áreksturs 11. maí 2020.****Gögn.**

Málskot, móttækið dags. 14.10.2021, ásamt fylgiskjölum 1-7.

Bréf V, dags. 26.10.2021, ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 28.10.2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 11. maí 2020 hafi orðið árekstur milli A og B, sem M ók. Ekki er um það deilt að sök á umræddum árekstri hvíli á A. M hafi fyrst fundið fyrir líkamlegum einkennum vegna árekstursins hinn 15. maí 2020 og þann dag hafi hún tilkynnt V um tjónið. Hafi hún svo leitað á heilsugæslu hinn 20. maí 2020 vegna stöðugs verkjar í mjóbaki hægra megin. Hafi hún aftur leitað til læknis 26. júní 2020 og við læknisskoðun 12. ágúst 2021 hafi M sagst vera enn slæm í baki. Ekkert í sjúkrasögu M bendi til þess að hún hafi fundið fyrir sambærilegum einkennum fyrir umræddan árekstur. Þá hafi svokölluð PC-Crash skýrsla ekkert vægi í málinu enda hafi hennar verið aflað einhliða og án þess að M væri gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum að. Þó skýrslan bendi þá til þess að höggkraftur bifreiðanna hafi ekki verið mikill sé ekki þar með sagt að varanlegar afleiðingar hafi ekki getað hlotist af árekstrinum, enda verði ekki fullyrt að vægur árekstur leiði ávallt til algers brotfalls bótaréttar, heldur verði að skoða hvert tilvik fyrir sig.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram sú afstaða að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans séu ósönnuð. Af ljósmyndum af bifreið B og umræddri PC-Crash skýrslu megi ráða að höggið á B hafi verið mjúkt og ekki til þess fallið að valda líkamstjóni. M hafi leitað til læknis níu dögum eftir umrætt atvik og í nótu læknis vegna þeirrar komu komi fram að um sé að ræða langvinna bakverki að grunni til. Um einum og hálfum mánuði seinna hafi M leitað til læknis vegna bakverkja og verkja í vinstri hendi sem hafi komið fram um tveimur vikum áður. Svo hafi M ekki minnst meira á bakverki hjá lækni fyrr en við komu 29. apríl 2021 þegar hún hafi leitað til læknis vegna annarra ástæðna. Þá verði ekki séð að M hafi leitað meðferðar, t.a.m. hjá sjúkrahjálfa, vegna einkenna sinna. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M hafi leitað til kírópraktors vegna afleiðinga slyssins en frekari gögn um á meðferð liggja ekki fyrir. Þá sé M á biðlista eftir sjúkrahjálfun, en einkenni hennar eftir slysið hafi verið talin nægilega alvarleg til þess að beiðni vegna sjúkrahjálfunar var gefin út. Þegar henni hafi boðist tími í sjúkrahjálfun hafi hins vegar hist svo á að hún hafi verið erlendis. Greiðsluþátttaka V við meðferð M, sem sé 24 ára gömul og í endurhæfingu, skipti hana höfuðmáli. Þá hefði M haft frekari tækifæri til að leita sér meðferðar hefði V beðið eftir sjúkragögnum, en ekki hafnað kröfu hennar, með tölvupósti dags. 27. október 2020, með vísan til einhliða aflaðrar PC-Crash skýrslu. Slyss M hafi sannanlega haft í för með sér varanlegar afleiðingar og beri því að fallast á bótaskyldu

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 11. maí 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Fyrir liggur að M leitaði læknis hinn 20. maí 2020 og kemur fram að þá hafi hún lýst stöðugum verkjum í mjóbaki, sem hafi fyrst gert vart við sig fjórum dögum áður. Þá hafi M leitað til kírópraktors sem hafi sagt henni að hryggjarliðirnir lögju ekki rétt. Var M greind með tognun og ofreynslu á lendahrygg. Hinn 26. júní 2020 leitaði M aftur til læknis og fór þá fram á beiðni vegna sjúkrahjálfunar. Kvartaði hún þá enn undan bakverk og verk í vinstri hendi. Af fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 12. september 2021, verður ekki ráðið að M hafi átt fleiri komur til lækna vegna einkenna frá baki eftir umræddan árekstur, og ekkert óeðlilegt hafi komið í ljós við myndrannsókn af hrygg, sem framkvæmd var hinn 12. ágúst 2021. Við komu til læknis þann dag hafi

M enn sagst vera ómöguleg í mjóbaki. Þá liggur fyrir nefndinni skýrsla kírópraktors, dags. 14. maí 2020, en í raun verður lítið ráðið af henni um einkenni M, orsakir þeirra eða gang meðferðar. Það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að orsakatengsl séu milli tjónsatviks og þeirra einkenna sem hún rekur til þess. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki séð að nein ítarleg rannsókn hafi farið fram á einkennum M, og eru lýsingar í læknisvottorðum mestmegnis byggðar á frásögn hennar sjálfar. Þá liggur ekki fyrir vottorð bæklunarlæknis eða frekari upplýsingar um aðra meðferð, t.a.m. kírópraktors sem hún leitaði til, en fyrir liggur að M hefur ekki verið í sjúkraþjálfun vegna þeirra einkenna sem hún rekur til slyssins. Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður því ekki talið að sýnt sé fram á orsakatengsl milli áreksturs A og B og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 23. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 387/2021**M og
V v/ innbúskaskótryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á reiðhjól.****Gögn.**

Málskot, móttækið 14.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.11.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjónstilkynningum mun M hafa hinn 16. nóvember 2020 dottið harkalega af reiðhjól þar sem hún hafi verið við hefðbundnar hjólreiðar í lausamöl og hvarf eða hola hafi verið í veginum. Við fallið hafi hún hlotið brot á viðbeini auk þess sem gíra- og bremsubúnaður á stýri reiðhjólsins hafi skemmt.

M hefur krafist bóta vegna skemmda á reiðhjólínu úr innbúskaskótryggingu sem er í gildi hjá V. V telur óumdeilt að við hjólreiðar í lausamöl megi krefjast meiri aðgæslu og aðgátar en við hjólreiðar á malbiki. Sé það meðal annars vegna þess að holur, hvörf og aðrar ójöfnur séu algengar á slíkum vegum. Eins og nafnið gefi til kynna sé mölin laus og geti auðveldlega færst til við ágang. Þegar hjólað er á vegum með lausamöl séu holur, hvörf og aðrar ójöfnur ekki ófyrirsjáanlegar, heldur eigi hjólreiðamenn að geta séð fyrir að mikill möguleiki sé á að mæta slíkum holum, hvörfum og öðrum ójöfnum og ef það gerist geti illa farið ef aðgæslu er ekki sinnt. M búi nálægt slysstað og leiða megi líkur að því að hún hafi áður hjólað umræddan veg og því verið kunnug aðstæðum á svæðinu og ekkert sem hafi átt að koma á óvart hvað nærliggjandi vegi varðar. Ef holur hafi sannanlega verið að finna á veginum þá hafi M, að mati félagsins, mátt vita af því og þar af leiðandi hafi þær holur ekki verið ófyrirséðar. Skemmdir á hjólínu hafi því ekki orðið af völdum ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks sem er meðal annars skilyrði þess að tjón fái bætt úr innbúskaskótryggingunni. Af þeim sökum hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum innbúskaskótryggingarliðs fjölskyldutryggingar þeirrar hjá V sem hér er til skoðunar bætir váttryggingin tjón á innbúi sem er ekki bótaskyldt samkvæmt heimilis- eða farangurstryggingu í fjölskyldutryggingunni. Hins vegar tekur innbúskaskótryggingin ekki til tjóns sem er bótaskyldt samkvæmt sömu váttryggingum jafnvel þó að fullar bætur fái ekki greiddar. Þá segir að váttryggingin taki til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. nánar tilgreindar greinar í innbúskafli í heimilistryggingu fjölskyldutryggingarinnar. Um bótasvið innbúskaskótryggingarinnar segir í skilmálunum að váttryggingin bæti tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á váttryggingartímabilinu, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt öðrum ákvæðum fjölskyldutryggingarskilmálanna eða eru undanskilin samkvæmt nánari upptalningu í skilmálunum. Enn fremur eru í þremur liðum í skilmálunum taldar upp sérstakar varúðarreglur sem váttryggðum er ætlað að gæta við meðferð hinna váttryggðu muna.

Eins og málið liggur fyrir verður ekki séð að ágreiningur sé með aðilum að M hafi fallið af reiðhjólínu er hún lenti í holu eða hvarfi í lausamöl á vegi og við fallið hafi hún orðið fyrir meiðslum og skemmdir orðið á hjólínu líkt og að framan getur. Samkvæmt þessu og auk þess þegar litið er til þess að skemmdir á reiðhjólínu eru á gíra- og bremsubúnaði á stýri hjólsins þykir mega slá því föstu að þessar skemmdir hafi orðið þegar hjólið og stýrið skall í jörðina. Hið skyndilega og ófyrirsjáanlega utanaðkomandi atvik sem olli bæði meiðslum M og skemmdum á reiðhjólínu var fall M og reiðhjólsins í jörðina en ekki að hola, hvarf eða annars konar ójafna hafi verið á veginum. Verður því ekki hjá því komist að telja atvikið falla undir bótasvið innbúskaskótryggingarinnar. Ekki verður séð að tjónið á reiðhjólínu sé sérstaklega undanskilið samkvæmt váttryggingarskilmálunum né heldur að tjónið verði rakið til brots á þeim varúðarreglum sem tilgreindar eru í skilmálunum, enda er slíku ekki haldið fram af hálfu V. Þá er ekkert fram komið í málinu sem gefur tilefni til að ætla að skemmdirnar megi rekja til stórkostlegs gáleysis M. Engin skilyrði eru því fyrir hendi til að leysa V úr ábyrgð í heild eða að hluta, sbr. 2. og 3. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. M telst því eiga rétt á óskertum bótum úr innbúskaskótryggingunni hjá V vegna þess tjóns sem varð á reiðhjólínu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr innbúskaskótryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 30. nóvember 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 388/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar X****Líkamstjón barns sem datt og skarst illa á brotnu glerglasi 30. ágúst 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19. október 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 28. október 2021, ásamt höfnunarbréfi V dags. 30. júlí 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist illa á fingri þegar hún var um 1 árs og 9 mánaða. Slysið atvikaðist þannig m.v. frásögn í málskoti að M var í pössun hjá ömmu sinni, sem er ein hinna váttryggðu í fjölskyldutryggingu X. M gaf merki um að hún væri þyrst og fékk frá ömmu sinni vatn að drekka í glerglasi. M fékk sér sopa úr glasinu en hljóp síðan með það af stað, missti jafnvægið með þeim afleiðingum að glasið brotnaði í hönd hennar og fékk hún djúpan skurð á vinstri hendi. Í gögnum málsins eru frekari upplýsingar um líkamstjón M.

Í málskoti er því haldið fram að amma barnsins hafi ekki sýnt þá varkárni sem ætlast mátti til af henni þegar hún rétti M glerglas og leyfði M að hlaupa með það án eftirlits. Vísað er til þess menntunar ömmunnar sem grunnskólakennari og reynslu hennar af uppeldi barna, auk þess sem vísar er til þess að frekari aðgæsluskyldu hafi verið þörf þar sem M sé flogaveik. Í málskoti kemur auk þess fram að amman hefði átt að gera sér grein fyrir því að háttsemi hennar að láta barnið hafa glerglas fæli í sér hættu á tjóni og fyrirsjáanlegt að það gæti farið illa.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur líkamstjón M ekki rakið til sakar ömmu hennar heldur til óhappatilviljunar sem enginn ber skaðabótaábyrgð á. V vísar til þess að sönnunarbyrði um saknæma háttsemi hvíli á M eða þeim sem sæki málið fyrir hennar hönd og ósannað að atvik hafi verið þannig að fyrirsjáanlegt hefði verið að glasið sem M fékk í hendur hafi verið þannig að það gæti brotnað auðveldlega.

Álit.

Í gögnum málsins liggur ekki fyrir frásögn af atvikum málsins frá váttryggingartaka eða hinni váttryggðu ömmu sem í málskoti er talin hafa sýnt gáleysi þegar hún fékk barnabarni sínu, M, glerglas sem brotnaði í höndum M og olli líkamstjóni hennar. Til þess að bótaskylda geti verið fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar X verður að sýna fram á að einhver váttryggður beri skaðabótaábyrgð í skilningi almennra reglna skaðabótaréttarins. Sá sem heldur því fram að annar beri slíka ábyrgð ber almennt sönnunarbyrði fyrir því að atvik séu þess eðlis. Sá ber skaðabótaábyrgð á tjóni annars sem sýnir saknæma háttsemi sem leiðir til tjóns og slík háttsemi getur falist í gáleysi eða ásetningi. Þegar metið er hvort gáleysi eins hefur leitt til tjóns annars þurfa gögn að sýna hvernig atvik voru og helst að þeir sem hlut eiga að máli lýsi aðstæðum. Engar lýsingar liggja fyrir frá X eða hinni váttryggðu sem talin eru hafa sýnt það gáleysi sem bótakrefjendur f.h. M halda fram. Ekki verður byggt á einhliða lýsingum þeirra eingöngu og verður ekki ráðið af öðrum gögnum á þau hafi sýnt gáleysi. M á því ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar X hjá V.

Reykjavík, 30. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 389/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingarliðs smábátatryggingar.
Ágreiningur um bótaskyldu er smábátur rakst á annan smábát.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um hádegisbil 1. júlí 2020 var vél í smábátnum A var ræst í smábátahöfninni á Þórshöfn. Fór vélin um leið á fullan snúning með þeim afleiðingum að landfestar bátsins slitnuðu og hann sigldi stjórnlaust á tvo báta, þ. á m. smábátinn B sem er í eigu M. Talsverðar skemmdir munu hafa orðið á B við áreksturinn og verið óhaffær um allan skeið.

Í skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa um atvikið kemur fram að skipstjóri A, sem jafnframt er eigandi, hafi verið að undirbúa bátinn til strandveiða og ætlað að sækja ís og olíu yfir á aðra bryggju. Þegar vélin hafi verið gangsett hafi hún óvænt farið á fullan snúning, slitið landfestar og siglt stjórnlaust á fullri ferð áfram. Á siglingunni hafi A siglt fyrst á bát sem hafi legið við bryggjuna fyrir framan A og síðan siglt á B sem hafi slitnað frá bryggju og rekið út á höfnina. Skipstjóri A hafi reynt að stöðva vélina sem ekki hafi tekist.

Við rannsókn málsins hafi m.a. komið fram að A hafi nýlega verið sjósettur eftir að hafa verið á landi í rúma tvo mánuði og nokkrum dögum fyrir atvikið hafi honum verði siglt tvisvar og þá hafi allt virkað eðlilega. Að sögn skipstjóra hafi stjórn tök verið í núllstöðu og útslegin í rafmagnstöflu þegar vélin var gangsett. Einnig kom fram að eftir atvikið hafi stjórn búið A verið skoðaður og prófaður af fagaðila sem einnig þekkti til bátsins, en ekkert hafi komið fram sem hafi útskýrt hvað hafi gerst og allt hafi virkað eðlilega. Þá hafi komið fram hjá tæknimanni söluaðila þess gírs sem var um borð í A að enginn búnaður væri á gírnum sem kæmi í veg fyrir gangsetningu þegar gírinn væri innkúplaður.

Loks segir svo í álit rannsóknarnefndarinnar: „Orsök atviksins er að stjórn tökin voru straumlaus þegar vélin var gangsett en líkur eru á að óvart hafi verið slökkt á straumrofa áður en ýtt var á drepara.“

M telur sig sem eiganda B ekki eiga að bera tjón það sem hann varð fyrir af völdum þess að A rakst á B. Hefur hann krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið smábátatryggingar A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 1. mgr. 158. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er mælt fyrir um það að ef tjón verður á skipi, öðrum fjármunum eða á mönnum af því að skip rákust á og sökin liggur öll annars vegar þá bætir hinn seki skaða þann allan er af hlaust. Þá er kveðið á um það í 2. mgr. sömu greinar að ef sökin er beggja megin skulu hinir seku bæta skaðann að réttu tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins að ekki verður byggð á þeim skipting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum. Þá er kveðið á um það í 160. gr. laganna að ef áreksturinn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki að annar hvor aðila hafi átt sök á honum fær hvorugt skipið bætta skaða sinn.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins, þ. á m. framangreindri skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa, verður ekki ráðið að það verði rakið til saknæmrar háttsemi skipstjóra er hann gangsetti vél A í aðdraganda þess að áreksturinn varð. Verður ekki annað ráðið en að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Af því leiðir, með vísan til 160 gr. siglingalaga, að tjón M af völdum árekstursins fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem útgerð A hafði í gildi hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið smábátatryggingar A hjá V

Reykjavík, 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 390/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Orsakatengsl milli áreksturs og líkamsmeiðsla vegna áreksturs 22. maí 2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20. október 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 27. október 2021, ásamt myndum.
Tölvupóstur lögmanns M, dags. 15. nóvember 2021.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna áreksturs kemur fram að M ók bifreið sinni um gatnamót Kaupþúns og Urriðaholtsstrætis í Garðabæ og var stopp þegar bifreiðinni X var ekið aftan á þá bifreið sem M ók. M tilkynnti um líkamstjón 3. nóvember 2020 til V, í læknisvottori kemur fram að hún leitaði til Læknavaktarinnar sama dag og árekstur varð 22. maí 2018, aftur 27. maí 2018 og síðan 2. október 2018. M hafði einnig haft samband símleiðis 3. desember 2018 við Læknavaktina vegna verkja. Í málinu liggur einnig fyrir útskrift úr sjúkraskrá eftir þetta hjá heilsugæslu sem og PC-Crash skýrsla sem V aflaði einhliða.

V hefur hafnað því að greiða bætur vegna frekari gagnaöflunar og mats þar sem félagið telur ekki sýnt að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni. V vísar til skýrslu um PC-Crash útreikning því til stuðnings þar sem komi fram að högg af árekstrinum hafi verið mjög vægt, nánar til tekið hafi hraðabreyting bifreiðarinnar X verið 3,88 km/klst og hröðun hennar 1,00g og því ekki þess eðlis að líkamstjón hafi getað hlotist af. Einnig vísar V til þess að læknisfræðileg gögn sýni ekki fram á að varanlegt líkamstjón hafi hlotist af árekstrinum, M hafi ekki leitað til læknis vegna einkenna eftir áreksturinn frá 3. október 2018 fram til 26. ágúst 2011 og sé því ekki samfella í sjúkraskrá hennar um slík einkenni. Einnig bendir V á að einkenni M séu almenns eðlis og þannig að skýringa gæti verið að finna á þeim í tengslum við annað í sjúkrasögu hennar en umræddan árekstur og þar sem slík gögn liggi ekki fyrir verði M að bera hallann af sönnunarskorti um það.

M telur að sannað sé að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í umræddum árekstri og vísar til þess að hún hafi fundið fyrir einkennum frá mjóbaki um hálf tíma eftir áreksturinn og leitað til læknis strax sama dag þar sem hún lýsti ónotum neðst í baki og var ávísað verkjastillandi og bólgueyðandi lyfjum ásamt því að fá beiðni um sjúkrahjálfulum um 5 dögum síðar. Einnig hafi hún leitað til læknis haustið 2018 vegna árekstursins. M hafi síðan haustið 2020 áttað sig á því að einkenni þessi væru ekki að ganga til baka og leitað til lögmanns í nóvember 2020 sem tilkynnti um tjónið til V. V hafi þá aflað PC-Crash skýrslu sem M telur ekki hægt að byggja á. M vísar til þess að skýrslunni hafi verið einhliða aflað af V og unnin af verktaka sem hafi tengsl við V og sé því hægt að draga hlutlægni skýrslunnar í efa. Einnig vísar M til þess að skýrslan sé ekki byggð á samtímagögnum eða mælingum af vettvangi eða ljósmyndum. M telur að útreikningur sem þessi geti ekki haft úrslitaáhrif á mat á því hvort líkamstjón hafi orðið við árekstur þar sem verði að taka tillit til einstaklingsbundinna þátta sem útreikningsforritið taki ekki tillit til sem og reikni forritið ekki út hröðun þess sem er inni í bifreiðum heldur einungis hröðun bifreiðarinnar sjálfar. M vísar til þess að dómaframkvæmd í sambærilegum málum hafi sýnt að leggja verði læknisfræðileg gögn til grundvallar mati á orsakatenglum en ekki hraðaútreikninga. Þessu til viðbótar vísar M til þess að V hafi viðurkennt bótaskyldu en ekki fallist á að greiða fyrir alla gagnaöflun vegna líkamstjóns hennar. M telur hins vegar að slík gagnaöflun sé hluti af eðlilegum og nauðsynlegum útgjöldum vegna málsins og eigi því að teljast til sjúkrakostnaðar í skilningi 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. V beri því að greiða bætur skv. þeim lögum skv. 3. gr. skilmála ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Auk sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns í 1. gr. laganna eru bótþættir þeirra tímabundið atvinnutjón (2. gr.), þjáningar (3. gr.), varanlegur miski (4. gr.) og varanleg örorka (5-9. gr.).

Fyrirgreindur PC Crash útreikningur sem var aflað af hálfu V er einhliða og hefur af þeim sökum takmarkað sönnunargildi við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum árekstursins.

Útreikningarnir verða því ekki lagðir til grundvallar við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Þau lækisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu veita mjög takmarkaðar upplýsingar um það líkamstjón sem M býr við og varpa ekki fyllilega ljósi á hvort þau megi rekja til árekstursins. Einkenni eru almenn og ekki liggja fyrir tæmandi upplýsingar úr sjúkraskrá þannig að hægt sé að álykta um hvort þeir verkir sem getið er um í sjúkraskrá M í ágúst sl. eða rúmum þremur árum eftir áreksturinn sé hægt að rekja til hans eða einhvers annars. Myndir af bifreið X sýna einnig litlar skemmdir.

Þannig liggur ekki fyrir nein álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón M af völdum þessa tiltekna áreksturs. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins þann 22. maí 2018.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 391/2021**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðar B****Árekstur á Sogavegi 2. október 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21. október 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 4. nóvember 2021.

Bréf V1, dags. 11. nóvember 2021, ásamt lögregluskýrslu, hraðaútreikningum og niðurstöðu Tjónanefndar í máli 283/21, athugasemdum M og myndum

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreiðanna A og B þannig að ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa ekið út úr bifreiðastæði inn á Sogaveg, stoppað og þá séð bifreið B koma nokkurri ferð og ætlað því að aka aftur inn í bifreiðastæðið þegar bifreið B, sem ekið var eftir Sogavegi hafi ekið á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið eftir Sogavegi og litið af veginum til að stilla útvarpssendi og þegar hann hafi litið upp aftur hafi bifreið A verið í vegi hans og þannig hafi árekstur orðið. Hámarksökuhraði á vettvangi er 30 km/klst og í málinu liggur fyrir skýrsla vegna hraðaútreiknings upp á 41 km/klst hraða bifreiðar B.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem bifreiðinni hafi verið ekið allt of hratt miðað við aðstæður og án aðgæslu þar sem hann hafi litið af veginum áður en árekstur varð. M, sem ökumaður bifreiðar A, kveðst hafa gætt að sér og verið að reyna að aka aftur inn í bifreiðastæði til að forða árekstri þegar áreksturinn varð.

V2 telur að skipta eigi sök þannig að ökumaður bifreiðar A beri $\frac{3}{4}$ hluta sakar fyrir að aka afturábak í veg fyrir umferð og þannig farið gegn fyrirmælum 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en ökumaður bifreiðar B beri $\frac{1}{4}$ hluta sakar þar sem hann hafi ekið of hratt og þannig gegn fyrirmælum 3. málsl. 1. mgr. 36. gr. sömu laga. V1 telur ökumann bifreiðar B ekki hafa hagað akstri sínum í samræmi við aðstæður og eigi þannig að bera ábyrgð á árekstrinum að fullu eða að hluta.

Álit.

Í 5. gr. laga um ökutækjetryggingar nr. 30/2019 kemur frá að tjón af árekstri ökutækja skiptist á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir um aðdraganda áreksturs bifreiðanna A og B verður ekki litið framhjá því að sérstök aðgæsluskylda hvíldi á ökumanni bifreiðar A vegna aksturs afturábak, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M, sem ökumanni bifreiðar A bar því að veita umferð um Sogaveg forgang og athuga að aka ekki afturábak nema það væri óhætt vegna umferðar þar um. Ber hann því nokkra sök á árekstrinum. Þegar litið er hins vegar til skýringa ökumanns bifreiðar B á aksturslagi hans, bæði að hann hafi verið að stilla útvarpssendi og lýsingar af hraðakstri verður ekki hjá því litið að ökumaður bifreiðar B beri einnig nokkra sök á árekstrinum. Með hliðsjón af þessu verður sök skipt til helminga þannig að báðir ökumenn beri helmingsábyrgð á tjóni vegna áreksturs bifreiðanna A og B.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 392/2021**M og
V vegna kaskótryggingar dráttarvélarinnar A****Ágreiningur hvort atvik við tjónsatburð séu undanskilin bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot móttakið 13.10.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 28.10. 2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á A þar sem hún hafi tapað af sér girkassaolíu, sem hafi valdið tjóni á girkassa og drifi hennar. Tjónið hafi komið til með þeim hætti að tæki sem tengt var við glussakerfi A hafi bilað með þeim afleiðingum að tæmdist út af glussakerfinu. Ekki hafi verið um að ræða bilun í A sjálfri heldur bilun á tækinu sem var tengt við hana, þ.e. tjakk á rakstrarvél. Krefst M þess að fá tjón vegna þessa bætt úr kaskótryggingu A. V hefur hins vegar, í kjölfar nokkurra samskipta milli aðila, hafnað kröfu M með bréfi dags. 23. september 2021.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að bótasvið vátryggingarinnar sé skýrlega afmarkað í 4. gr. skilmála hennar og það hvíli á vátryggingartaka, þ.e. M, að sanna að umrætt atvik falli þar undir. Hafi M hins vegar með engum hætti leitt líkur að því að umrætt atvik verði heimfært undir bótasvið vátryggingarinnar, sem sé vissulega víðtækt en taki þó ekki til skemmda vegna allrar áhættu sem steðjað geti að. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Óumdeilt virðist með hvaða hætti tjónið á A kom til, þ.e. að tæki sem tengt var við hana hafi bilað, sem olli því að olía lak af A sem olli smurleysi og ofhitnun og skemmdum á drifi og girkassa A. Í skilmálum umræddrar vátryggingar eru, í 17 töluliðum í gr. 4., talin með tæmandi hætti þau tilvik sem vátryggingin nær til, þar á meðal eru árekstur, áakstur, velta, útafakstur, grjóthrun, þjófnaður, uppfok, óveður og skemmdarverk. Verður ekki séð að umrætt atvik falli þar undir, jafnvel þó orsök þess sé að rekja til annars tækis en A sjálfar, og hefur M ekki rökstutt frekar með hvaða hætti tjónið falli undir bótasvið vátryggingarinnar eins og það er afmarkað í 4. gr. Verður þar af leiðandi að hafna kröfu þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A, hjá V.

Reykjavík 30. nóvember 2021
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 393/2021**M og
V v/fasteignatryggingar íbúðarhúsnæðis.****Ágreiningur um bótaskyldu úr fasteignatryggingu vegna vatnstjóns.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 07.09.2021 ásamt fylgiskjöllum.
Bréf V, mótttekið 16.11.2021 ásamt fylgiskjöllum 1-3.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 28. desember 2020, tilkynnt V um leka á baðherbergi sem hafi verið farinn að breiða úr sér um vegg nærliggjandi herbergja. Skoðun á vegum V hafi leitt í ljós að ekki væri um að ræða lagnaleka heldur leka vegna frágangs á fúgum og kíttri í sturturými á baðherbergi. V hafi því hafnað að bæta tjónið þar sem það ætti ekki upptök sín innan veggja fasteignarinnar. M sætti sig ekki við þau málalok og fékk tilgreint verktakafyrirtæki, X, til að skoða aðstæður. Niðurstaða X, eftir að hafa brotið upp vegg á baðherberginu, hafi verið sú að upptök lekans mætti rekja til leka meðfram röri vegna brotinnar festingar á því. Niðurstaða X stangist því á við mat V, en auk þess hafi verið augljóst við uppbrotið að veggurinn var rennblautur og því sýnt að lekann var ekki að rekja til frágangs á sturtubotni heldur til lagnaleka. Gerir M því kröfu um að fá tjón sitt bætt úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að skoðunarmaður félagsins hafi talið að frágangur á baðherbergi væri ekki góður. Hann hafi hins vegar ekki greint leka frá lögnum. Samkvæmt skilmálum fasteignatryggingar þeirrar sem M sé með í gildi hjá V taki vátryggingin til tjóns sem verði vegna ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr lagnakerfi. Hún bæti hins vegar ekki tjón sem sé að rekja til ófullnægjandi frágangs. Af málskoti M megi greina að hún telji tjónið að rekja til lagnaleka. Engin frekari gögn eða matsgerð þar að lútandi fylgi hins vegar málskoti hennar. Hins vegar beri framlagðar ljósmyndir með sér að frágangur sturturýmis hafi verið ófullnægjandi og til þess fallinn að valda skemmdum. Sé það því afstaða V að ósannað sé að tjón á fasteign M verði raktar til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr lagnakerfi. Er kröfu hennar því hafnað.

Álit.

Í skilmálum fasteignatryggingar M hjá V er í 1. gr. kveðið á um bótaskyldu vátryggingarinnar. Þar kemur fram í a.-lið að vátryggingin bæti tjón vegna skemmda á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins, og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Það er vátryggður sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að tjón falli undir þessa skilgreiningu. Í máli þessu er deilt um hvort tjón það sem varð á fasteign M sé að rekja til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka. V byggir höfnun sína á því mati þópulagningarmanns sem skoðaði aðstæður fyrir hönd V að ekki hafi verið að sjá leka í lagnakerfi heldur hafi lekið með fúgum og kíttri í sturturými. Í málskoti vísar M hins vegar til þess að verktakafyrirtækið X hafi rakið upptök lekans til brotinnar festingar á lögn inni í vegg baðherbergis í fasteign hennar. Engin matsgerð eða skýrsla þess fyrirtækis eða frekari gögn um aðgerðir þess fylgdu þó með málskoti M til nefndarinnar. Málskoti M fylgdu tvær ljósmyndir af þeim vegg baðherbergisins sem var brotinn upp, en nefndinni er ómögulegt að staðhæfa á grundvelli þeirra hver upptök umrædds leka hafi verið. Hefur M því ekki sýnt fram á að um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka sem eigi upptök sín í leiðslum eða lögnum innan veggja hússins, svo sem áskilið er í skilmálum, hafi verið að ræða. Það sem það hvílir á henni að sýna fram á það er því samkvæmt framansögðu óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V..

Reykjavík, 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 394/2021**M og****V v/ Slysaftryggingar ökumanns ökutækisins A****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

Málskot mótttekið 26. október 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 15. nóvember 2021.

Bréf lögmans M, dags. 7. mars 2022, ásamt læknisgögnum frá Póllandi.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi ekið eftir Reykjanesbraut hinn 18. apríl 2017 þegar hann missti stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti á ljósastaur. M tilkynnti um líkamstjón til V hinn 5. október 2020.

M hefur krafist staðfestingar á bótaskyldu úr slysaftryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V og vísar til þess að hann hafi leitað á heilsugæslu örfáum dögum eftir atvikið vegna einkenna, auk þess sem hann hafi leitað til læknis í nokkur skipti í kjölfarið vegna bakverkja. Haft er eftir M í málskoti að hann hafi haldið að hann myndi ná sér af einkennum sínum en það hafi ekki verið fyrr en hann hitti lækni í Póllandi í ágúst 2020 sem hann taldi sig hafa fengið staðfestingu á því að hann hafi hlotið varanlega áverka í apríl 2017. M vísar til sjúkraskrár M vegna læknisheimsókna sem og læknisfræðilegra gagna frá Póllandi vegna afleiðinga líkamstjóns sem hann rekur til ááksturs í apríl 2017. Einnig telur M að hann hafi tilkynnt V um tjón sitt innan árs frá því að hann vissi um varanlegar afleiðingar líkamstjóns, sbr. ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, en það hafi ekki verið fyrr en í ágúst 2020 og tjónstilkynning hafi borist V í október 2020.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ósannað sé að orsakatengsl séu milli umferðaróhapps í apríl 2017 og þeirra einkenna sem M finnur nú fyrir og beri M sönnunarbyrði um það. V vísar til þess að ekki sé minnst á umferðaróhapp þegar M leitar til læknis hinn 18. júlí 2017 vegna bakverkjakasts og á árunum 2017-2019 séu fjölmargar færslur í sjúkraskrá vegna einkenna frá baki án þess að það sé tengt við umferðaróhapp. V vísar einnig til þess að ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 til þess að tilkynna tjón hafi verið liðinn í máli M þar sem hann hafi ekki tilkynnt um líkamstjón fyrr en í október 2020, eða um þremur og hálfu ári eftir umferðaróhappið.

Álit.

Í málinu liggja fyrir gögn um heilsufar M þar sem kemur fram að hann hafi verið slæmur í baki í nokkur ár. Í þeim gögnum eru þeir verkir ekki tengdir sérstaklega við umferðaróhapp sem hann lenti í 18. apríl 2017. Ekki liggur fyrir sérfræðimat um orsakatengsl eða önnur sambærileg gögn sem sýna með óbyggjandi hætti að þau einkenni sem M hefur haft séu dæmigerð einkenni vegna áverka sem hann hann að hafa fengið við umferðaróhappið. M hefur sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón sem rakið er til umferðaróhappsins 18. apríl 2017. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með vissu að þau einkenni sem M hefur leitað til læknis vegna séu vegna umrædds umferðaróhapps. Læknisfræðileg gögn frá Póllandi breyta ekki þeirri stöðu og verður M að bera hallann af sönnunarskortum um að líkamstjón hans sé rakið til títtnefnds umferðaróhapps. M á því ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 396/2021**M og
V v/ farmtryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á farmi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M flutti til landsins tvo vörugáma með einnota gúmmihönskum frá Kína. Gámarnir munu hafa tafist í flutningi m.a. vegna tafa sem höfðu hlotist á alþjóðlegum flutningaleiðum vegna áhrifa COVID-19 faraldursins og einnig vegna strands skips í Súez skurðinum. Gámarnir munu hafa komið til landsins 16. og 17. maí 2021. Hanskarnir í báðum gámunum voru seldir í einu lagi og var fyrri gámurinn afhentur í vöruhúsi kaupanda 19. sama mánaðar og sá síðari 31. sama mánaðar þar sem gámarnir voru tæmdir og varan geymd þar. Byrjað var að dreifa vörum úr fyrri gáminum og reyndist í lagi með allan varninginn sem var í þeim gámi. Þegar ætlunin var að byrja sölu á hönskum úr síðari gáminum reyndist varan öll hafa orðið fyrir skemmdum og ósöluhæf af þeim sökum.

Farmurinn var tryggður samkvæmt farmtryggingu hjá V. Hinn 9. ágúst 2021 tilkynnti M um tjónið til V. Í tilkynningunni er dagsetning tjóns tilgreind 6. ágúst 2021. Nánar segir um tjónið í tilkynningunni að M hafi keypt gám frá Kína sem búið hafi verið að forselja. Þurft hafi að farga allri sendingunni þar sem um er að ræða galla á vörunni. Hanskarnir hafi allir verið klesstir saman og ekki hægt að ná þeim í sundur. Raki eða hiti hafi orðið þess valdandi að ómögulegt hafi verið að ná þeim í sundur til notkunar.

Farmurinn var skoðaður af skoðunarmanni á vegum V. Í tölvubréfi V til M, dags. 16. ágúst 2021, sagði að samkvæmt skoðunarmanni sem hafi verið sendur á staðinn hafi ekki verið að sjá að raki hafi komist í gáminn, eins hafi ekkert annað bent til þess að um tjón hafi verið að ræða. Hanskarnir hafi margir hverjir verið fastir saman en leiða megi líkur að því að ef raki eða hiti hafi komist í gáminn hafi mátt sjá einhvers konar ummerki umbúðum hansanna eða „innviði gámsins“, en svo hafi ekki verið. Einnig sagði í tölvubréfinu að líkur megi leiða að því að um framleiðslugalla hafi verið að ræða, a.m.k. sé með öllu ósannað að farmurinn hafi orðið fyrir tjóni og einhver tjónsatburður hafi átt sér stað. V hafi ekki undir höndum nein gögn sem styðji þá ályktun að tjón hafi orðið. Því sé niðurstaða V að ekki sé um tjón að ræða heldur eingöngu galla í vörunni og því falli atvikið ekki undir skilmála vátryggingarinnar.

M vill ekki una niðurstöðu V og hefur bent á að skoðunarmaður hafi aldrei haft tækifæri til að skoða gáminn sem hanskarir voru fluttir í, enda hafi gámurinn ekki lengur verið til staðar í vöruhúsinu þegar farmurinn var skoðaður af hálfu V. Enn fremur hafi framleiðandi hansanna bent á að farmurinn í fyrri gáminum hafi verið í góðu ásigkomulagi og hið sama hafi átt að gilda um farminn í síðari gáminum. Af þessum sökum sé ekki hægt að draga þá ályktun að um framleiðslugalla hafi verið eð að ræða, enda nær útilokað að heill gámur af hönskum hafi verið haldinn slíkum framleiðslugalla en engar einingar í hinum gáminum.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. í skilmálum farmtryggingar þeirrar sem gildi um farminn sem hér um ræðir bætir vátryggingin allt tap eða skemmdir á hinu vátryggða, þó með undantekningum sem nánar eru tilgreindar í 4., 5., 6. og 7. gr. skilmálanna. Þá er í skilmálunum svofellt ákvæði um gildistíma vátryggingarinnar:

Vátryggingin hefst um leið og sjálfur flutningurinn; þegar hið vátryggða er tekið úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu og heldur gildi á venjulegri flutningsleið og lýkur við það, sem fyrst gerist af þessu þrennu:

a) Við komu hins vátryggða í hús móttakanda eða í aðra endanlega geymslu á ákvörðunarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu.

b) Við komu í annað hús eða geymslu á ákvörðunarstaðnum eða á leið þangað, sem vátryggður kann að velja annaðhvort til geymslu, sem ekki telst til venjulegrar flutningsleiðar eða sölu eða dreifingar eða

c) Sextíu dögum eftir að hið vátryggða var losað úr skipinu í endanlegri uppskipunarhöfn.

Ráða má að farmtryggingin hafi verið í gildi frá því umræddur gámur var fluttur frá húsi eða geymslu á vegum framleiðanda vörunnar í Kína uns hann var kominn í vöruhús kaupanda vörunnar hér á landi 31. maí 2021, sbr. b-lið framangreinds gildistímaákvæðis skilmálanna. V var fyrst tilkynnt um

skemmdir á varningnum 9. ágúst sama árs eða rúmum tveimur mánuðum eftir að vátryggingarverndin virðist hafa fallið niður. Engin skýr gögn liggja fyrir í málinu, svo sem mats- eða skoðunargerð hæfs og óvilhalls aðila, um skemmdirnar á farminum og orsök þeirra. Þótt flutningur gámsins til Íslands hafi tekið öllu lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir verður engu að síður, eins og málið liggur fyrir, ekki fullyrt að farmurinn hafi orðið fyrir skemmdum meðan farmtryggingin var í gildi. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr farmtryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr farmtryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 396/2021 - ENDURUPPTAKA

**M og
V v/farmtryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á farmi.**Gögn.**

Málskot, móttakið 27.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf M, dags. 21.12.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14. desember 2021 var kveðinn upp úrskurður í þessu máli án þess að athugasemdir M vegna bréfs V til nefndarinnar, dags. 12. nóvember 2021 kæmust að þrátt fyrir tilkynningu M til nefndarinnar um að von væri á slíkum athugasemdum. Málið er því endurupptekið af hálfu nefndarinnar m.t.t. þessa og tekið tillit til þeirra athugasemda M, þó þær komi fram eftir að fyrri úrskurður lá fyrir.

M flutti til landsins tvo vörugáma með einnota gúmmíhönskum frá Kína. Gámarnir munu hafa tafist í flutningi m.a. vegna tafa sem höfðu hlotist á alþjóðlegum flutningaleiðum vegna áhrifa COVID-19 faraldursins og einnig vegna strands skips í Súez skurðinum. Gámarnir munu hafa komið til landsins 16. og 17. maí 2021. Hanskarnir í báðum gámunum voru seldir í einu lagi og var fyrri gámurinn afhentur í vöruhúsi kaupanda 19. sama mánaðar og sá síðari 31. sama mánaðar þar sem gámarnir voru tæmdir og varan geymd þar. Byrjað var að dreifa vörum úr fyrri gáminum og reyndist í lagi með allan varninginn sem var í þeim gámi. Þegar ætlunin var að byrja sölu á hönskum úr síðari gáminum reyndist varan öll hafa orðið fyrir skemmdum og ósöluhæf af þeim sökum.

Farmurinn var tryggður samkvæmt farmtryggingu hjá V. Hinn 9. ágúst 2021 tilkynnti M um tjónið til V. Í tilkynningunni er dagsetning tjóns tilgreind 6. ágúst 2021. Nánar segir um tjónið í tilkynningunni að M hafi keypt gám frá Kína sem búið hafi verið að forselja. Þurft hafi að farga allri sendingunni þar sem um er að ræða galla á vörunni. Hanskarnir hafi allir verið klesstir saman og ekki hægt að ná þeim í sundur. Raki eða hiti hafi orðið þess valdandi að ómögulegt hafi verið að ná þeim í sundur til notkunar.

Farmurinn var skoðaður af skoðunarmanni á vegum V. Í tölvubréfi V til M, dags. 16. ágúst 2021, sagði að samkvæmt skoðunarmanni sem hafi verið sendur á staðinn hafi ekki verið að sjá að raki hafi komist í gáminn, eins hafi ekkert annað bent til þess að um tjón hafi verið að ræða. Hanskarnir hafi margir hverjir verið fastir saman en leiða megi líkur að því að ef raki eða hiti hafi komist í gáminn hafi mátt sjá einhvers konar ummerki umbúðum hanskana eða „innviði gámsins“, en svo hafi ekki verið. Einnig sagði í tölvubréfinu að líkur megi leiða að því að um framleiðslugalla hafi verið að ræða, a.m.k. sé með öllu ósannað að farmurinn hafi orðið fyrir tjóni og einhver tjónsatburður hafi átt sér stað. V hafi ekki undir höndum nein gögn sem styðji þá ályktun að tjón hafi orðið. Því sé niðurstaða V að ekki sé um tjón að ræða heldur eingöngu galla í vörunni og því falli atvikið ekki undir skilmála váttryggingarinnar.

M vill ekki una niðurstöðu V og hefur bent á að skoðunarmaður hafi aldrei haft tækifæri til að skoða gáminn sem hanskarnir voru fluttir í, enda hafi gámurinn ekki lengur verið til staðar í vöruhúsinu þegar farmurinn var skoðaður af hálfu V. Enn fremur hafi framleiðandi hanskana bent á að farmurinn í fyrri gáminum hafi verið í góðu ásigkomulagi og hið sama hafi átt að gilda um farminn í síðari gáminum. Af þessum sökum sé ekki hægt að draga þá ályktun að um framleiðslugalla hafi verið eð að ræða, enda nær útilokað að heill gámur af hönskum hafi verið haldinn slíkum framleiðslugalla en engar einingar í hinum gáminum.

Í viðbótarathugasemdum M frá 21. desember 2021 kemur skýrsla eftirlitsmanns með fermingu gáms í Shanghai ásamt myndum sem hann tók frá 29. mars 2021 og ekkert hafi þá verið athugavert við vöruna. Einnig vísar M til þess að ekki hafi verið ástæða til að kanna ástand vöru í seinni gámi fyrr en gert var og langlíklegast sé að mati M að eitthvað hafi gerst á flutningsleið gámsins sem hafi valdið því að gúmmíhúð vettlinganna festist saman og vara M því ónothæf.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. í skilmálum farmtryggingar þeirrar sem gildi um farminn sem hér um ræðir bætir váttryggingin allt tap eða skemmdir á hinu váttryggaða, þó með undantekningum sem nánar eru tilgreindar í 4., 5., 6. og 7. gr. skilmálanna. Þá er í skilmálunum svofellt ákvæði um gildistíma váttryggingarinnar:

Vátryggingin hefst um leið og sjálfur flutningurinn; þegar hið vátryggða er tekið úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu og heldur gildi á venjulegri flutningsleið og lýkur við það, sem fyrst gerist af þessu þrennu:

a) Við komu hins vátryggða í hús móttakanda eða í aðra endanlega geymslu á ákvörðunarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu.

b) Við komu í annað hús eða geymslu á ákvörðunarstaðnum eða á leið þangað, sem vátryggður kann að velja annaðhvort til geymslu, sem ekki telst til venjulegrar flutningsleiðar eða sölu eða dreifingar eða

c) Sextú dögum eftir að hið vátryggða var losað úr skipinu í endanlegri uppskipunarhöfn.

Ráða má að farmtryggingin hafi verið í gildi frá því umræddur gámur var fluttur frá húsi eða geymslu á vegum framleiðanda vörunnar í Kína uns hann var kominn í vöruhús kaupanda vörunnar hér á landi 31. maí 2021, sbr. b-lið framangreinds gildistímaákvæðis skilmálanna. V var fyrst tilkynnt um skemmdir á varningnum 9. ágúst sama árs eða rúmum tveimur mánuðum eftir að vátryggingarverndin virðist hafa fallið niður. Engin skýr gögn liggja fyrir í málinu, svo sem mats- eða skoðunargerð hæfs og óvilhalls aðila, um skemmdirnar á farminum og orsök þeirra. Skýrsla skoðunarmanns við upphaf flutnings dags. 29. mars 2021 breytir ekki þessu mati nefndarinnar. Þótt flutningur gámsins til Íslands hafi tekið öllu lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir verður engu að síður, eins og málið liggur fyrir, ekki fullyrt að farmurinn hafi orðið fyrir skemmdum meðan farmtryggingin var í gildi. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr farmtryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr farmtryggingu hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 397/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður féll á farangursbelti við flugvél.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 27.10.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 30.11.2021.
Bréf V, dags. 24.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 7:30 að morgni 20. mars 2019 var M að störfum sem hlaðmaður hjá A á nánar tilgreindum flugvelli. Er hann var á leið úr lest flugvélar eftir færibandinu féll hann á færibandinu og varð fyrir meiðslum í baki og hægri fæti.

Í skýrslu A um atvikið til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 20. mars 2019 en móttekin hjá eftirlitinu 29. sama mánaðar, segir að M hafi runnið af færibandinu við að stíga úr lest. Mikill afsingarvökvi hafi verið á færibandinu sem hafi orðið til þess að hann hafi runnið „af handriði við að grípa í það“ til að bjarga sér. Hafi M farið á nánar tilgreinda heilbrigðisstofnun til skoðunar. Þá kemur fram í tilkynningunni að M hafi hafið störf umræddan morgun kl. 5:30.

Í tilkynningu A til Sjúkrtrygginga Íslands, dags. 26. mars 2020 er atvikum lýst á sama veg og fram kom í tilkynningunni til Vinnueftirlitsins auk þess sem þar segir að tilkynningin til Vinnueftirlitsins hafi verið unnin með M. Í tilkynningu þessari kemur einnig fram að slysdaginn hafi M hætt störfum kl. 12:30 samkvæmt stimpilklukku og fengið greidd laun meðan hann hafi verið óvinnufær, þ.e. frá 20. mars 2019 til 26. sama mánaðar. Enn fremur er þess getið í tilkynningunni að M hafi hafið störf hjá A 1. mars 2019 og verið ráðinn til 16. ágúst sama árs.

A gaf sérstaka skýrslu um slysið til V, dags. 26. mars 2019 [svo], þar sem atvikum er lýst á sama veg og í fyrrgreindri tilkynningu til Vinnueftirlitsins. Spurningu um hverjar A telji vera orsakir slyssins er því svarað af hálfu A að ekki sé gott að segja, en afsingarvökvi geri yfirborð hált og miklar líkur á að það eigi þátt í slysinu. Einnig kemur fram í skýrslunni að M hafi verið fjarverandi vegna slyssins frá 20. mars 2019 til 26. sama mánaðar. Þá segir að M hafi aldrei komið með nein vottorð eða reikninga til A. Ítrekað hafi verið kallað eftir áverkavottorði til Sjúkrtrygginga Íslands, en hann hafi aldrei komið með það. Skýrsla til Sjúkrtrygginganna hafi verið kláruð af A 26. mars 2020 og send stofnuninni.

Í tilkynningu M um slysið til Sjúkrtrygginga Íslands, dags. 5. mars 2020, er atvikum lýst svo að M hafi verið að fara út úr farangursrými flugvélar með tösku. Handrið eigi að vera á farangursbeltinu en af einhverjum ástæðum hafi það ekki verið uppi með þeim afleiðingum að hann hafi ekki náð gripi og dottið aftur fyrir sig. Á sama veg lýsti M atvikum í tilkynningu sinni til V sem einnig er dagsett 5. mars 2020.

Samkvæmt málskoti kveður M að honum hafi verið sagt að fara með tösku niður á beltinu úr farangursrýminu og að hann skyldi bakka með hana út. Hann hafi ekki getað séð aftur fyrir sig og hafi honum skrikað fótur með þeim afleiðingum að hann féll aftur fyrir sig. Hann kvaðst hafa farið eftir tilmælum reynslumeiri samstarfsmanna sinna við framkvæmd starfsins, en honum hafi verið tjáð að þeir starfsmenn sem væru við neðri hluta farangursbeltisins bæru ábyrgð á því að tryggja að bæði handrið væru uppi en þegar slysið varð hafi hann verið við störf efst á farangursbeltinu. M hafi verið nýr í starfi og hafi hann ekki séð tilefni til að véfengja orð samstarfsmanna sinna.

Í tölvupósti til V, dags. 21. október 2020, svaraði B, samstarfsmaður M, nokkrum spurningum V varðandi slysið. Svör B voru á ensku en þar kom m.a. fram að hann hafi verið vitni að slysinu. Samkvæmt hans minni hafi M gengið niður farangursbeltið og handrið verið í uppréttri stöðu hægra megin við M á leið hans niður eftir beltinu. Er hann hafi átt um tvo metra ófarna að enda beltisins hafi M stigið á málmlista („metal frame“), runnið og fallið til jarðar vinstra megin við beltinu. Kvaðst B hafa þegar í stað spurt M hvort hann væri meiddur og hvort þeir ættu ekki að gera skýrslu, en M svarað því til að það væri ekki nauðsynlegt þar sem hann taldi sig ómeiddan. Hafi B spurt M síðar að þessu sama en hann gefið sama svar og áður. Einnig kvað B að hver sá sem fer upp og niður eftir beltinu bæri ábyrgð á að handrið væru uppi. Varðandi orsök slyssins kvað B að hana mætti rekja til þess að M hafi ekki fylgt réttum ferlum með því að stytta sér leið niður af farangursbeltinu.

M kveður slysið mega rekja til ófullnægjandi verkstjórnar sem og ófullnægjandi leiðbeininga verkstjóra og annarra samstarfsmanna við hættulegar vinnuáætlægingar enda hafi hann staðið í um þriggja metra hæð á hálu farangursbelti en samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins hafi mikið magn afsingarvökva

verið á beltinu. Við þessar aðstæður hafi verið nauðsynlegt að tryggja að búnaður væri fullnægjandi þar sem mikil hálka geti myndast og því aukin slyshætta. Vísar M í þessu efni til 1. og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum varðandi skyldur og ábyrgð verkstjóra, svo og til 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja að því er varðar forvarnir og þjálfun starfsmanna við notkun tækja á vinnustöðum. Þá vísar M til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt lögreglu eða Vinnueftirlitinu, sbr. 79.-81. gr. laga nr. 46/1980 og því beri að leggja lýsingu M á atvikum til grundvallar niðurstöðu í málinu. Hefur M krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hann varð fyrir við slysið úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V kveður slysið hafa orðið snemma morguns og M hafi ekki verið frá vinnu á slysdegi og aðspurður kvaðst hann ekki vera slasaður þannig að A hafi enga ástæðu haft til að kalla samdægurs á lögreglu eða tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið. Næstu daga á eftir hafi M ekki svarað skilaboðum né látið ná í sig er hann var beðinn um að skila vottorði til A og tilkynna honum um slysið. Mögulegur sönnunarfafi falli því ekki á A. Færibandið sé úr grófu gúmmibelti en beggja vegna séu állistar og handrið sem hægt sé að setja upp og taka niður eftir atvikum. Það sé búið handriðum sem hægt sé að taka niður eftir atvikum með einföldum hætti og þegar slysið varð hafi handriðið verið uppi öðru megin, en vinnuverndarreglur geri ekki kröfur um að handrið séu uppi beggja vegna og engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á vanbúnað færibandsins. Síðari lýsing M á atvikinu um að hann hafi dottið aftur á bak efst á færibandinu á leið út úr flugvélinni sé ekki í samræmi við upphafleg gögn, sbr. fyrirliggjandi tilkynningu til Vinnueftirlitsins, og ótrúverðugt sé og útilokað að hann hafi fallið úr þeirri hæð sem M vill vera láta með tilliti til þess að hann hafi einungis hlotið tognun og skrámu á fæti auk þess að hafa haldið áfram vinnu þann daginn. Samkvæmt vitnisburði B hafi M gengið eftir farangursbeltinu en þegar tveir metrar voru eftir hafi hann stigið út á állistann öðru megin, runnið til og fallið til jarðar. Verði slysið í raun fyrst og fremst rakið til eigin gáleysis M er hann hafi stigið út af farangursbeltinu þeim megin sem handrið var niðri í þeim tilgangi að stytta sér leið niður. Enn fremur hafi M nýverið setið öryggisnámskeið hjá A þar sem farið hafi verið yfir öryggisatriði, þ. á m. að starfsmenn skuli ganga á gúmmíhluta farangursbeltisins en ekki á köntum þess og halda sér í öryggishandrið á niðurleið. Þá er mótmælt að slysið verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar þar sem engin gögn hafi verið lögð fram til stuðnings þeirri fullyrðingu. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð.

M varð fyrir slysinu kl. 7:30 að morgni og af gögnum málsins má ráða að hann hafi byrjað vinnu umræddan dag kl. 5:30 og lokið störfum kl. 12:30 er hann hafi stimplað sig út. Þótt hann hafi verið við störf samkvæmt þessu í um sjö klukkustundir verður ekki ráðið af þessu að venjulegum vinnudegi hafi verið lokið er hann stimplaði sig út. Bæði í tilkynningu A til Sjúkratrygginga Íslands og í skýrslu sinni til V getur A þess að M hafi verið óvinnufær af völdum slyssins 20. mars 2019 þ.e. sjálfan slysdaginn. Að auki hafi hann verið óvinnufær af sömu ástæðum til 26. sama mánaðar. Sömuleiðis er þess getið í tilkynningunni til Vinnueftirlitsins, sem er dagsett sama dag og slysið varð, að M hafi leitað á sjúkrahöfnun til athugunar. Samkvæmt þessu verður að telja að fyrirsvarsmenn A hafi á slysdegi vitað um slysið og að M hafi orðið fyrir meiðslum sem þá hafi leitt til óvinnufærni hans jafnframt sem þeir hafi mátt gera sér grein fyrir að hann væri óvinnufær daginn eftir af völdum slyssins. Á A hvíldi því skylda til að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið án ástæðulausrar tafar, sbr. fyrrgreint ákvæði 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Það brást hins vegar. Með vísan til fjölmargra dómfordæma hefur A sönnunarbyrði um þau málsatvik sem eru óljós og áhrif geta haft á sakarmat.

Aðila greinir á hvernig slysið bar að höndum. M kveður slysið hafa gerst þeim hætti að hann hafi gengið aftur á bak út úr farangursrými flugvélarinnar þar sem honum hafi skrikað fótur við að stíga á farangursbeltið sem hafi verið hált vegna afisingarvökva sem hafi legið á því. Þessi lýsing er í samræmi við þá atvikalýsingu sem fram kemur í tilkynningu A til Vinnueftirlitsins. V kveður á hinn bóginn að M hafi átt tvo metra ófarna eftir farangursbeltinu er hann hafi stytst sér leið og stigið út á állista meðfram sjálfu beltinu, runnið þar til og fallið þar til jarðar. Atvikalýsingu þessa byggir V á tölvubréfi sem B sendi félaginu rúmu einu og hálfu ári eftir slysið. Í gögnum málsins kemur fram að B hafi umrætt sinn verið verkstjóri á bíl og í fyrrgreindum tölvubréfi til V er staða B hjá A tilgreind „Aircraft Services Delivery Supervisor“. Í ljósi þessa þykir ekki unnt, þegar sök er metin, að leggja frásögn B til grundvallar varðandi tildrög slyssins. Verður á því byggt að slysið hafi orðið við það er M hafi stigið út úr flugvélinni á hált farangursbeltið. Ekki er um það deilt að handrið hafi einungis verið uppi öðru megin. Ekki hefur verið sýnt fram á samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að nægilegs öryggis hafi verið gætt vegna hálku á farangursbeltinu sem M var ætlað að fara um bæði á leið sinni upp í farangursrými

flugvélarinnar og til baka niður úr því né heldur með því að hafa öryggishandrið uppi einungis öðru megin á beltinu. Með því að það fórst fyrir af hálfu A að hlutast til um lögmæltan rannsókn á slysinu verður A að bera hallann af því að viðhlítandi gögn skortir hvað varðar þessi atriði. A telst því bera ábyrgð á því líkamstjóni sem M varð fyrir í slysinu og samkvæmt því á M rétt á bótum fyrir líkamstjónið úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 398/2021**M og
V vegna frítímaslystryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið váttryggingarskilmála vegna takmörkunar váttryggingarfjárhæða
vegna slyss 24. janúar 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20. október 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15. nóvember 2021, ásamt tjonstilkynningu og skilmála E-32.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist 24. janúar 2021 við skíðaiðkun. M tilkynnti um slíkt tjón til V með tjonstilkynningu dags. 3. febrúar 2021 og hefur krafist bóta vegna slyssins.

Af afstöðu V verður ekki annað ráðið en að bótaskylda hafi verið viðurkennd vegna slyssins en kröfu um greiðslu dagpeninga vegna slyssins hefur verið hafnað með vísan til 8. gr. 4. kafla váttryggingarskilmála váttryggingar M varðandi aldursmörk vegna greiðslna. Nánar tiltekið komi fram í gr. 8.4 áðurnefnds kafla að sé váttryggður 71 árs eða eldri ef hann slasast sé hann ekki váttryggður gegn tímabundnum missi starfsorku. V vísar til þess að M hafi verið komin yfir þau aldursmörk þegar hann slasaðist og þannig sé réttur til greiðslu bóta fyrir tímabundnum missi starfsorku ekki fyrir hendi.

M mótmælir þessari afstöðu V í málskoti og telur að fólki sé mismunað með ákvæðum um aldurstakmörk vegna greiðslu bóta.

Álit.

Ágreiningur í málinu hverfist um hvort váttryggingarsamningur M hjá V feli í sér rétt hans til greiðslu bóta fyrir tímabundinn missi starfsorku vegna slyss sem hann varð fyrir við skíðaiðkun. Á slysdegi var M orðinn 71 árs gamall. Í 4. kafla váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar hans hjá V er fjallað um rétt til bóta vegna slysatryggingar í frítíma. Í 4. gr. er fjallað um bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku og í 8. gr. um aldursmörk. Í gr. 8.4 segir nánar tiltekið: “Sé váttryggður á aldrinum frá 67 til 70 ára er hann slasast miðast hámarksbætur vegna tímabundins missis starfsorku við 50% af grunnfjárhæð vikulegra bóta. Sé váttryggður 71 árs eða eldri er hann slasast er hann ekki váttryggður gegn tímabundnum missi starfsorku.”.

Ekki er ágreiningur um að M var sannarlega orðinn 71 árs þegar hann slasaðist og skv. gr. 8.4 í 4. kafla váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar V greiðast því ekki bætur til hans vegna þess. Umrætt ákvæði er skýrt og ber að túlka það skv. orðanna hljóðan. M á því ekki rétt á bótum vegna tímabundins missis starfsorku hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 399/2021**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar eiganda vinnuvélarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna árekstrar bifreiðar og vinnuvélar 30.09.2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 28.10.2021 ásamt fylgiskjöllum 1-7.
Bréf V1, dags. 15.11.2021 ásamt fylgiskjali.
Bréf V2, dags. 08.11.2021.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðinni B, sem er í eigu M en X ók umrætt sinn, og lyftara í eigu A, á bílplaninu inn af Hrannargötu, Keflavík. Aðilar fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og lýsir stjórnandi A atvikum svo: „Ég ek upp brekku með tóms fiskikör á göfflumum og mætti B ca. við miðjan veg að aka á móti. Ég sé hann ekki fyrir en 3 metrum frá. Þá reyni ég að beygja frá og lyfta göfflum svo þeir fari ekki inn í bílinn og enda á vinstra horni framan á B og körin lenda á toppnum á bílnum.“ X lýsir atvikum svo í tjónstilkynningu að hann hafi verið að leita að bifreiðastæði og hafi verið hægra megin á planinu, skyndilega hafi hann séð A koma og hafi hann þá reynt að bakka en A hafi ekið á framhorn B.

Í málskoti er kvartað yfir þeirri afstöðu V1 að sök skuli skipt til helminga og telur M að stjórnandi A beri alla sök á árekstrinum. Hann hafi greinilega séð illa fram fyrir sig enda með þrjú fiskikör á göfflumum. Þegar byrði hindri útsýni sé skylt að aka lyftara aftur á bak, sbr. leiðbeiningar Vinnueftirlitsins nr. 1/1997 um lyftara. Hafi stjórnandi A ekki farið eftir því og ekki sýnt af sér þá varúð sem ætlast mætti til við þessar aðstæður. Þá verði hugsanleg sök B ekki grundvölluð á staðsetningu bifreiðarinnar í aðdraganda árekstrar, eins og V1 hafi byggt á, enda sé ekki sérstaklega mælt fyrir um staðsetningu bifreiða við akstur inni á bifreiðastæðum. Þess utan hafi B verið staðsett hægra megin á stæðinu, en ekki á því miðju, í aðdraganda árekstrar, en hafi þurft að bakka til að reyna að forða árekstri.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt framhlið tjónstilkynningar hafi aðilar báðir ekið eftir bílplaninu, en ekkert sé minnst á að B hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda árekstrar í þeim tilgangi að reyna að forðast árekstur. Báðir aðilar hafi þá ekið eftir miðju bílastæðinu og því vanrækt að fara að áskilnaði 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að þegar ökutæki mætist skuli þeim ekið hægra megin framhjá hvort öðru og gæta skuli að nægilegu hliðarbili. Sé því rétt að sök skiptist til helminga.

Í bréfi V2 kemur fram að A hafi viðurkennt helming bótaábyrgðar á grundvelli sakarskiptingarákvæðis laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Ekkert tjón hafi orðið á A og því snúi ágreiningurinn aðeins að bótarétti M. A sé undanþegið skráningarskyldu sem vinnuvél og falli því ekki undir skilgreiningu laga um ökutækjatrýggingar á ökutækjum. Verði grundvöllur ábyrgðar á tjóni sem rakið verði til notkunar A því ekki byggður á bótareglum laga um ökutækjatrýggingar. Stjórnandi A hafi hins vegar sýnt af sér saknæma háttsemi sem vinnuveitandi hans beri skaðabótaábyrgð á með því að aka A áfram með þrjú fiskikör á göfflumum sem sé í andstöðu við skráðar háttisreglur og hafi leitt til þess að útsýni úr lyftaranum var verulega skert. Sjónarmiðum um staðsetningu B er þá hafnað enda hafi áreksturinn ekki orðið á akbraut heldur á bifreiðastæði. Þá hafi X reynt að forða árekstri en ekki átt sér undankomu auðið er A var ekið í blindni eftir bifreiðastæðinu. Sé því ekki tilefni til að skerða bótarétt M.

Álit:

Fallist er á það með V2 að A falli ekki undir skilgreiningu 7. tl. 3. gr. laga um ökutækjatrýggingar á ökutæki, enda sé A ekki skráningarskyld ökutæki, heldur vinnuvél sem ætluð er til aksturs utan almennrar umferðar, sbr. c-lið 1. gr. reglugerðar nr. 1515/2020 um breytingu á reglugerð 751/2003 um skráningu ökutækja. Verður ákvæði 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar því ekki beitt um ágreining aðila. Samkvæmt framangreindu snýst ágreiningur aðila um bótarétt M úr ábyrgðartryggingu A, en engar skemmdir urðu á lyftaranum svo ekki er krafist neinna bóta úr

ábyrgðartryggingu B. Af gögnum málsins, svo og lýsingum aðila sjálfra verður að miða við að útsýni úr A, sem er gaffallyftari, hafi verið verulega skert þar sem þremur fiskikörum var staflað á gaffla hans. Í 4. kafla leiðbeininga Vinnueftirlits ríkisins um vinnuvernd nr. 1/1997 er kveðið á um að lyftara skuli ekið aftur á bak þegar byrði hindri útsýni og þegar ekið er niður halla. Verður byggt á því að stjórnandi A hafi ekki gætt að áskilnaði þessum, og að útsýni hans hafi verið verulega skert er hann ók A áfram eftir miðju bifreiðastæði. Mátti honum þó vera fullljóst að þar gæti verið að vænta annarrar umferðar og gætti hann því ekki að áskilnaði 4. gr. umferðarlaga um almenna aðgát og tillitssemi. Sýndi hann með framangreindu hátterni af sér umtalsvert gáleysi sem leiddi til tjóns á B. Verður því að miða við að starfsmaður A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiddi til bótaskyldu þess. Af ljósmyndum af vettvangi verður þá ekki ráðið annað en að aðstæður komi heim og saman við lýsingar X, þ.e. að hann hafi í aðdraganda árekstrar verið að búa sig undir að leggja B í bifreiðastæði hægra megin á planinu og verður m.t.t. þess og staðsetningar annarra bifreiða á bifreiðastæðinu ekki séð að aksturslag X eða staðsetning B hafi verið óeðlileg. Er því ekki sýnt fram á að X hafi brotið gegn hátternisreglum umferðarlaga og þannig orðið meðvaldur að tjóninu. Eru því samkvæmt framansögðu ekki efni til að skerða bótarétt M og á hann því rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á fullan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu eignanda vinnuvélarinnar A hjá V1

Reykjavík 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 400/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um ábyrgð eiganda bifreiðar vegna samstuðs við mann á reiðhjóli 31. maí 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1. nóvember 2021, ásamt fylgigögnum.

Bref V, dags. 26. nóvember 2021, ásamt lögregluskýrslu og myndum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðin X hafi lent saman við mann á reiðhjóli við hringtorg í Hádegismóum. Í skýrslunni er haft eftir M, ökumanni bifreiðarinnar X, að hann hafi ekið að hringtorginu og litið til vinstri til að athuga með umferð af Suðurlandsvegi, enga slíka séð og því ekið áfram og þá hafi hann lent á reiðhjólamannti. M kveðst hafa ekið mjög hægt og litið til hægri þegar hann ók af stað en ekki séð reiðhjólamanntinn fyrr en hann lenti á bifreiðinni. Reiðhjólamaðurinn kveðst hafa komið að hringtorginu og ætlað yfir göngupverun þegar hann sá bifreiðina X aka í átt að hringtorginu þannig að ökumaður hennar hefði hægt ferðina. Reiðhjólamaðurinn ætlaði að hjóla af stað yfir akbrautina en kvaðst hafa tekið eftir því að ökumaður bifreiðarinnar leit ekki til hægri áður en hann ók inn í hringtorgið og þannig hafi þeir lent saman.

M telur sig ekki bera alla á ábyrgð tjónsatburði og bendir m.a. á að ekki hafi verið ljós á reiðhjólinu eða hjólið að fatnaður mannsins sem hjólaði ekki í sterkum litum. M telur að reiðhjólamaðurinn hafi verið í hvarfi bak við skýli þegar M ók að hringtorginu og ekki sé nóg að hann hafi haldið að M myndi hleypa honum yfir heldur hefði hann átt að tryggja það með því að ná augnsambandi. M telur því að báðir aðilar hefðu mátt gæta sín betur og að hann einn eigi ekki að bera ábyrgð á atvikinu.

V vísar til ákvæða í umferðarlögum nr. 77/2019 varðandi aðgát reiðhjólamannta og forgang við akstur af bifreiðastæði eða svipuðum stöðum í 3. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 26. gr. laganna og telur að reiðhjólamaðurinn hafi ekki gætt ítrustu varkárni og meta megi háttsemi hans til gáleysis þannig að hann beri hluta tjóns síns sjálfur.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að bifreið X lenti saman við mann á reiðhjóli við hringtorg í Hádegismóum. Á eigendum ökutækja hvílir hlutlæg ábyrgð skv. 1. mgr. 4. gr., þ.e. eigandi bifreiðar ber ábyrgð á tjóni sem hlýst af notkun bifreiðarinnar þó tjónið sé ekki hægt að rekja til bilunar eða galla á bifreiðinni eða ógætni ökumanns. Þetta þýðir að M ber hlutlæga ábyrgð á því tjóni sem hlaut af notkun bifreiðar hans í greint sinn.

Í 4. og 5. mgr. 4. gr. sömu laga um ökutækjetryggingar kemur fram að ef tjónþoli hefur orðið meðvaldur að tjóni sínu með annars vegar gáleysi (munatjón) eða hins vegar stórkostlegu gáleysi (líkamstjón), þá geti hann þurft að bera tjón sitt að fullu eða að hluta. Í þessu máli liggur ekki fyrir með skýrum hætti hvort reiðhjólamaðurinn hafi sýnt af sér gáleysi, enn síður stórkostlegt gáleysi, í aðdraganda tjónsatburðar og ber V hallann af sönnunarskorti þar um. Verður hann því ekki látinn bera hluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar X ber alla ábyrgð á árekstri við reiðhjól.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 401/2021**M og
V vegna hóplíftryggingar A****Ágreiningur um hvort dánarorsök váttryggðs falli undir ábyrgðartakmörkun skilmála.****Gögn.**

Málskot móttakið 21.10.2021 ásamt fylgiskjöllum 1-5.
Bréf V dags. 16.11.2021 ásamt fylgiskjali.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 26.11.2021.

Málsatvik.

Hinn 22. júní 2018 undirritaði A beiðni um aðild að hóplíftryggingu og í kjölfarið komst á samningur um váttrygginguna milli hans og V. M er skráð sem réttthafi í skilningi skilmála váttryggingarinnar. Hinn 10. nóvember 2020 lést A og í kjölfarið gerði M kröfu í váttrygginguna. Með tölvupósti, dags. 6. apríl 2021 hafnaði V bótaskyldu á grundvelli 1. mgr. 7. gr. skilmálanna, en þar kæmi fram að félagið greiddi ekki bætur á fyrstu fimm árum samningstímans væri andlát að rekja til sjúkdóms sem váttryggður hefði verið greindur með eða fengið meðhöndlun vegna fyrir aðild hans að váttryggingunni. A ætti langa sögu um andleg veikindi og endurteknar sjálfsvígstilraunir og niðurstöður réttarkrufningar bentu til þess að hann hefði látist af völdum búpróþíoneitrunar og bentu kringumstæður til þess að hann hefði með vilja svipt sig lífi.

M fellir sig ekki við þá afstöðu enda hvíli sönnunarbyrði þess að umrætt ákvæði eigi við á V. Í niðurstöðukafla réttarkrufningarskýrslu segi að rannsóknarniðurstöður og kringumstæður við dauðsfall A bendi mögulega til þess að hann hafi með vilja svipt sig lífi með töku of stórs skammtar af búpróþíoni. Aðrir möguleikar séu hins vegar nærri jafnlíklegir. Sé því ekki sýnt fram á það af hálfu V að umrædd ábyrgðartakmörkun sé fyrir hendi, þ.e. að A hafi fyrir aðild hans að váttryggingunni verið greindur með sjúkdóm eða fengið meðhöndlun við sjúkdómi sem leitt hafi til andláts hans á váttryggingartímabilinu. Á grundvelli framangreinds sé enda með engu móti hægt að staðhæfa að dánarorsök A hafi verið sjálfsvíg.

Í bréfi V til nefndarinnar er sjúkrasaga A að nokkru rakin. Kemur m.a. fram að A hafi verið til meðferðar vegna geðhvarfa, þunglyndis, sjálfsvígshugsana og sjálfsvígstilrauna. Þannig hafi A gert tilraunir til sjálfsvígs með of stórum lyfjaskömmtum á árinu 2009 og aftur 2013. Þá hafi hann gert aðra tilraun á árinu 2017. Þremur mánuðum fyrir töku umræddrar váttryggingar hafi A verið metinn í aukinni sjálfsvígshættu í náinni framtíð. Þá komi fram í niðurstöðu réttarkrufningar að kringumstæður bendi mögulega til þess að A hafi með vilja svipt sig lífi. Verði að teljast að líklegra en ekki sé að A hafi með vilja svipt sig lífi og hvíli sönnunarbyrði um annað á M. Ekki sé sannað að andlátið hafi borið að með öðrum hætti og er kröfu M því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er málatilbúnaði V hafnað og vísað til vissuskala réttarkrufningar, þar sem skýrt komi fram að orðalag í niðurstöðukafla krufningarskýrslu feli það í sér að aðrir möguleika séu nærri jafnlíklegir og sá að A hafi framið sjálfsvíg. Þá er staðhæfingum V um sönnunarbyrði í málinu hafnað, enda hvíli sönnunarbyrði þess að ábyrgðartakmörkun eigi við á V.

Álit:

Af gögnum málsins má ráða að A heitinn hafi átt töluverða sögu um andleg veikindi og hafi m.a. gert tilraunir til sjálfsvígs, og deila aðilar raunar ekki um það. Þá liggur fyrir að rannsóknarniðurstöður í tengslum við krufningu „bendi til“ þess að dánarorsök A hafi verið búpróþíoneitrun. Þá segir einnig í niðurstöðukafla réttarkrufningar að rannsóknarniðurstöður og kringumstæður „bendi mögulega til“ þess að hann hafi með vilja svipt sig lífi með inntöku stórs skammts af búpróþíoni“. Í meðfylgjandi vissuskala er að finna eftirfarandi skilgreiningar til nánari skýringa á orðalagi skýrslunnar: „Bendir til: Niðurstöðurnar hafa svipeinkenni sem eru vanaleg. Aðrir möguleikar eru síður líklegir“ og „Bendir mögulega til/getur bent til: Niðurstöðurnar hafa svipeinkenni sem geta komið fyrir. Aðrir möguleikar eru nærri því jafn líklegir.“ Um gildissvið umræddrar váttryggingar segir í skilmálum að hún greiði „bætur vegna andláts af völdum slyss eða sjúkdóms váttryggðs, sem á sér stað á gildistíma váttryggingarinnar, sbr. þó 7. gr.“ Í 1. mgr. 7. gr. segir: „Félagið greiðir ekki bætur fyrstu fimm ár samningstímans ef váttryggður hefur verið, fyrir aðild hans að þessari tryggingu, greindur með sjúkdóm eða fengið meðhöndlun við sjúkdómi sem

leiðir til andláts hans á váttryggingartímabilinu.“ Samkvæmt öllu framansögðu verður ágreiningur aðila afmarkaður við það hvort V sé heimilt að hafna bótaskyldu á grundvelli ábyrgðartakmörkunar með vísan til þess að andlát A sé að rekja til sjúkdóms sem hann hafi þjáðst af fyrir töku váttryggingarinnar, þ.e. hvort sýnt sé fram á að veikindi A hafi leitt til sjálfsvígs. Sönnunarbyrði þess að slík ábyrgðartakmörkun eigi við hvílir á V. Með hliðsjón af því sem kemur fram í niðurstöðukafla réttarkrufningarskýrslu, þ.e. að niðurstöður bendi til að ofskammtur búprópíóns hafi orsakað andlát A og að kringumstæður bendi mögulega til þess að um sjálfsvíg hafi verið að ræða verður ekki talið að um afdráttarlausu niðurstöðu sé að ræða. Væri enginn vafi á að um sjálfsvíg hafi verið að ræða má enda ætla að notast hefði verið við aðrar skilgreiningar fyrrnefnds vissuskala. Verður því ekki talið að V hafi tekist að sýna fram á að umrædd ábyrgðartakmörkun eigi við. Allan vafa í þeim efnum verður að túlka M í hag og ber því að fallast á kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr hóplíftryggingu sem A var með í gildi hjá V.

Reykjavík 14. desember 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 402/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um bótaskyldu er M féll úr tröppu við störf hjá X.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.11.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 9.11.2021, ásamt fylgigögnum nr. 1-9.

Málsatvik.

Þann 10.8.2016 var M að smúla blásara við störf sín hjá rækjuvinnslunni X þegar hann féll úr tröppu. Við verkið notaðist hann við A tröppu sem var u.þ.b. tveggja metra há. Tilkynnti M tjónið til V með bréfi þann 1.7.2019. Í tilkynningunni er atvikinu lýst á þann veg að M hafi verið í vinnu sinni hjá X við að þrifa blásara þegar A trappa rann eða datt undan honum þannig að hann lenti á járnkanti með bringuna. Þá segir í tilkynningunni að Vinnueftirlit ríkisins hafi ekki verið kallað til og að engin rannsókn sé til á atvikinu. Þá segir í tilkynningunni að gæðastjóri X hafi fullyrt að stiginn væri ekki viðurkenndur þar sem vantaði hálkuvörn á stigann. Í framburðarskýrslu lögreglu, dags. 21.1.2021 er haft eftir M að hann hafi staðið í efsta þrepi tröppunnar þegar hún hafi gefið undan og fallið til hliðar. Hann hafi þá fallið fram fyrir sig og inn í blásaranum sem var opinn, þannig að bringan lenti á járnkanti sem er á blásaranum og við það hafi hann svo fallið aftur á bak og hafnað á gólfinu. Kveðst M hafa vankast við þetta og gengið fram þegar hann var búinn að ná andanum. Þá hafi hann hitt samstarfsmann sinn sem var einnig að þrifa í öðrum sal og sýnt honum áverka. Því næst hafi hann farið og sagt vinnslustjóra frá því sem gerðist. Kveðst M hafa grunað að hann væri rifbeinsbrotinn en þó klárað verkið og ekki farið strax til læknis. Nokkrum dögum síðar kveðst M haf hniðið niður á hlaðinu heima hjá sér og í framhaldi verið fluttur suður með sjúkraflugi. Þar hafi komið í ljós að hann væri með gúlp á ósæð og að ósæðarloka hafi verið skemmd. Hafi hann gengist undir aðgerð til að láta laga það en hann hafi verið frá vinnu í nærri þrjú ár vegna meiðslanna.

M kveður slysið mega rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar og verkstjórnar. Byggir M m.a. á því að hálkuvörn hafi vantað á stigann og að hættulegt hafi verið að vinna verkið með þeim hætti sem starfsmönnum var uppálagt. Þá byggir M á því að forðast beri að láta starfsmenn vinna á lausum stigum og að eftir slysið hafi verið lagður til betri og stöðugri stigi auk þess sem aðstæðum hafi verið breytt og pallar smíðaðir til að standa á við þetta tiltekna verk. Enn fremur telur M að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins og að X verði að bera hallann af því ef ekki hefur tekist að upplýsa nægjanlega vel um málsatvik.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram félagið telur ósannað að umræddur stigi hafi verið vanbúinn þegar slysið varð. Það séu rök sem koma fyrst fram í tilkynningu til V þann 1. júlí 2019, tæpum þremur árum eftir atvikið. Þá segir í bréfi V að skv. upplýsingum frá X eigi starfsmenn að staðfesta þrif í lok hvers dags og skrá frávik. Engin slík frávik séu að finna í skráningu þennan dag eða þar í kring. Þá telur V að ekki hafi stofnast skylda gagnvart X um að tilkynna tjónið til Vinnueftirlitsins, þar sem M hafi klárað vinnudaginn og mætt til vinnu næstu tvo daga.

Álit.

Í málinu er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna slyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða aðila sem það ber ábyrgð á. Sönnunarbyrði hvað þetta varðar hvílir á M samkvæmt meginreglum bótaréttarins. Samkvæmt dómafóðæmum verður atvinnurekandi þó látin bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik í þeim tilvikum sem hann vanrækir tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins.

Í 79. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er mælt fyrir um það að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Jafnframt skuli tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings um slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. Í máli þessu liggur fyrir að M var ekki óvinnufær dagana eftir slysið. Það er því ljóst að ekki hafði stofnast tilkynningarskylda af hálfu X vegna umrædds atviks á grundvelli lagaákvæðisins.

Að teknu tilliti til framangreinds og með hliðsjón af því að engum samtímagögnum er til að dreifa um ástand tröppunnar verður að teljast ósannað að hálfuvarnir hafi vantað á hana eða að hún hafi verið vanbúin að öðru leyti. Þá verður ekki fallist á það með M að það felist saknæm háttsemi í því af hálfu X að starfsmönnum var uppálagt að nota A tröppur til verksins. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 403/2021**M og
V v/ Ábyrgðartrygging atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

Málskot móttakið 02.11.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf V dags. 03.01.2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist þann 7. janúar 2020 við vinnu sína sem grunnskólakennari í skólanum A sem er rekinn af X. Slysið varð með þeim hætti að M var að ganga eftir gangi á 2. hæð aðalbyggingar skólans á leið sinni í hádegismat þegar hún gekk harkalega á eldvarnartjald sem hafði farið niður hálfa leið. Tjaldið er einskonar segldúkur með þykkum stálramma sem M rak höfuðið í og fékk við það töluvert höfuðhögg. Tjaldið hafði um nóttina sigið niður hálfa leið og var viðgerð ekki hafin er slysið átti sér stað. Þann 9. september 2020 gerði M kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með bréfi dags. 9. apríl 2021.

M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að tjaldið var vanbúið og aðstæður á slysstað hættulegar. X hafi borið að vara starfsmenn og nemendur við slyshættu sem skapaðist við það að brunatjaldið féll niður. Það sé á ábyrgð vinnuveitanda að tryggja að öryggi þeirra sem fara um húsnæðið sé tryggt, sérstaklega þar sem um er að ræða grunnskóla þar sem fjöldi barna er á degi hverjum og því enn ríkari krafa um öryggi húsnæðis. Orsök slyssins hafi verið vanbúnaður á eldvarnartjaldi og er sá vanbúnaður á ábyrgð X. Til stuðnings kröfu sinni hefur M vísað til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, laga nr. 75/2000 um brunavarnir, reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995, IV. kafla reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 707/1995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum. Bendir M sérstaklega á að slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu en samkvæmt 79-81. gr. laga nr. 46/1980 hvíli fortakslaus skylda á vinnuveitanda að tilkynna slys til Vinnueftirlitsins. Vísað er til þess að af dómaframkvæmd megi ráða að vanræki atvinnurekandi tilkynningaskyldu sína beri hann hallann af sönnunarskoti um málsatvik. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu sem hún varð fyrir í vinnuslysinu á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð þar sem slysið má rekja til saknæmrar háttsemi X og/eða starfsmanna hans.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að ekkert sem fram hefur komið í málinu gefi tilefni til að ætla að starfsmenn grunnskólans A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða á einhvern hátt brugðist starfsskyldum sínum eða að slysið verði rakið til annarra atriða sem X beri ábyrgð á. Ekki sé deilt um málsatvik og því komi ekki að sök að slysið hafi verið tilkynnt Vinnueftirlitinu of seint. Telur V að ósannað sé að brunavarnir hafi ekki verið í forsvaranlegu ástandi. Brugðist hafi verið strax við og viðgerð fór fram samdægurs. Er því hafnað að X hafi haft vitneskju um þá hættu sem af tjaldinu gat stafað.

Álit.

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna vinnuslyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og það hvílir á M að sýna fram á það. Ekki er að sjá að ágreiningur sé um málsatvik. Tjaldið fór niður að nóttu til og upplýsti umsjónarmaður skólans X um að tjaldið hefði fallið niður kl. 07.51 sama morgun. Slysið varð kl. 12.30 og hófst viðgerð á tjaldinu kl. 15.14. Í tölvupósti skólastjóra A til X sem sendur var eftir slysið kemur fram að nokkur slys hafi orðið vegna reykvarnartjalda sem farið hafa niður er rafmagni hafi slegið út. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Telja verður að sérstaklega ríkar skyldur séu lagðar á umsjónarmenn skólahúsnæðis að tryggja að umferðarleiðir nemenda og kennara séu greiðar. Séu hindranir á umferðarleiðum til staðar ber umsjónarmanni að vara sérstaklega við hættunni. Óumdeilt er að X hafði vitneskju um að tjaldið hefði fallið niður og að engar aðvaranir hafi verið sendar til starfsmanna eða nemenda vegna þess. Mátti M ekki búast við slíkri hindrun á leið sinni um ganginn

og bar X að hafa frumkvæði að því að upplýsa starfsmenn og nemendur skólans um hættuna sem af tjaldinu stafaði. Að gættum þeim ríku skyldum sem hvíla á umráðamönnum fasteigna til að takmarka slyshættu verður að telja að X hafi borið að grípa til allra ráða til að koma í veg fyrir slys þegar ljóst var að tjaldið á ganginum hafði farið niður. Þess gætti X ekki og af þeim sökum ber X skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Ekkert í málinu bendir til þess að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í aðdraganda tjónsins og verður því ekki látin bera hluta tjóns sín sjálf, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 404/2021**M og
V v/ farangurstryggingarliðs greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á tösku í morgunverðarsal hótels.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.11.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 22.11.2021.
Bréf V, dags. 22.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var tösku í eigu M stolið í morgunverðarsal hótels í borginni Cartagena á Spáni þar sem átta manns hafi verið í salnum. Hafi taskan verið vel skorðuð á milli tveggja stóla við borðið sem setið var við en setið hafi verið í báðum stólunum og alls fjórar manneskjur hafi setið við borðið. M kvaðst strax hafa orðið þess vör að töskunni hafi verið stolið, en enginn vissi hvað hafi gerst.

M hefur krafist bóta úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar sem hún hefur í gildi hjá V. V hefur fallist á bótaskyldu að helmingi og M beri að sama skapi tjón sitt að helmingi. Til stuðning þessari niðurstöðu vísar V til ákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar um að það sé skilyrði bótaskyldu að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða, svo og til sérstakrar varúðarreglu þar sem fram komi að vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.

Álit.

Í skilmálum vátryggingar þeirrar sem hér um ræðir segir um bótasvið vátryggingarinnar að vátryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningssslyss. Jafnframt er tekið fram að skilyrt sé að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða. Einnig er finna í skilmálunum varúðarreglu þess efnis, líkt og áður getur, að vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn. Þá er í skilmálunum ákvæði um að skylt sé að fara eftir varúðarreglum í skilmálunum og sé þeim ekki fylgt geti ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Fyrirgreint ákvæði um að skilyrt sé að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða er það almennt orðað að það getur ekki talist til varúðarreglna eins og slíkar reglur eru skilgreindar í 12. tölul. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í ákvæðinu felst heldur ekki hlutlæg takmörkun á gildissviði vátryggingarinnar. Það getur því aðeins komið til álita ef vátryggður hefur valdið vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 27. gr. laga nr. 30/2004. Ekkert í gögnum málsins bendir til að svo hafi verið. V getur af þeim sökum ekki borið ákvæði þetta fyrir sig í því skyni að skerða bætur til M.

Sú varúðarregla sem V byggir einnig á varðandi skerðingu bóta til M kveður á um meðferð vátryggðra muna á almannafæri. Í því tilviki sem hér um ræðir virðist óumdeilt að M hafði komið tösku sinni fyrir á milli tveggja stóla þar sem hún sat við borð í fámennum morgunverðarsal hótels. Orðasambandið „á almannafæri“ er ekki skilgreint sérstaklega í skilmálum vátryggingarinnar. Í íslenskri orðabók (Edda, útg. 2002) er almannafæri skilgreint sem svæði sem almenningsfer um, þjóðbraut. Samkvæmt Íslenskri nútímamálsorðabók (<https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/3040>) merkir orðasambandið „á almannafæri“ „...úti á götu, á almennum stað“. Þótt óprúttir aðilar hafi komist inn í umræddan morgunverðarsal og stolið töskunni verður engu að síður að líta svo á að slíkur salur sé að jafnaði einungis ætlaður þeim sem þangað eiga erindi, þ.e. starfsfólki og gestum hótelsins, en ekki öðrum. Verður því ekki litið svo á að M hafi látið töskuna frá sér á almannafæri eins og áskilið er svo unnt sé að beita umræddri varúðarreglu. Þegar af þeirri ástæðu verða bætur til M ekki skertar á grundvelli þessarar varúðarreglu. Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að skilyrði séu til að skerða bætur vegna þjófnaðarins. M á því rétt á óskertum bótum úr farangurstryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 405/2021**M og
V vegna fasteignatryggingar húsfélagsins X****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna tjóns á húseign sem tilkynnt var um í ágúst 2020.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1. nóvember 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15. nóvember 2021, ásamt tjónstilkynningu og skilmála E-32.

Bréf f.h. M, dags. 29. nóvember 2021, ásamt verðtilboði og reikningum frá trésmiðir.is.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið vör við múrskemmd í útvegg í eldhúsi í íbúð sinni rétt eftir afhendingu íbúðarinnar frá seljendum til þeirra í ágúst 2020. Í tjónstilkynningu til V dags. 12. ágúst 2020 kemur fram að M lýsir tjóni þannig að leki komi frá pípum úr þaki og ástæða þess er nefnd vera slæmur frágangur. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir álit frá byggingaverktakafyrirtæki sem vitnar til þess að ekki væri um leka að ræða heldur handvömm varðandi loftun á þaki þegar þak hafi verið lagað.

M telur að tjón á húseign sinni sé rakið til þess að frárennslisrör hafi skyndilega losnað og hafi verið ótengt við hlið gats sem var í gegnum loftaplötu við útvegg hússins. M telur að óvæntur og skyndilegur leki hafi orðið við þetta þó hann hafi ekki komið í ljós strax. M bendir á að þessi frárennslislögn sé hluti af frárennsliskerfi sameignar hússins og þannig hafi skaðabótaábyrgð húsfélagsins stofnast skv. 1.-3. tl. 52. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 og sakarreglunni. Í málskoti kemur fram f.h. M einstaklingur sem vísar til þekkingar sinnar og reynslu sem iðnaðarmaður, verktaki, hönnuður og löggiltur byggingarstjóri og telur hann að frárennslislögn hafi farið í sundur af óþekktum orsökum við loftaplötu og það hafi valdi skyndilegum, ákveðnum og óvæntum vatnsleka og skemmdum á íbúð M. Einnig vísar M til úrskurða nefndarinnar í ýmsum málum.

V telur að þó ákvæði 52. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 fjalli um skaðabótaábyrgð húsfélaga þá sé ábyrgð félagsins takmörkuð með gr. 3.8 í 2. kafla vátryggingarskilmála fasteignatryggingar þar sem komi fram að félagið bæti ekki tjón sem stafar af langvarandi leka. V telur af myndum og skýrslu verktaka ljóst að tjón á húseigninni sé hægt að rekja til langvarandi leka þó M hafi ekki verið tjónið ljós fyrr en stuttu eftir að þau fengu íbúð sína afhenda. Þess vegna sé ekki um bótaskyldu að ræða úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar húsfélagsins X að ræða. Auk þessa telur V að vatnstjónstrygging X taki heldur ekki til tjónsins þar sem skilyrði í gr. 2.1 í vátryggingarskilmálum um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka úr lögnum sé ekki uppfyllt þar sem tjón megi rekja til gufu sem hafi myndast vegna ófullnægjandi loftunar. Einnig bendir V á að M hafi ekki takmarkað tjón sitt með því að halda eftir hluta af greiðslum vegna eignarinnar gagnvart seljendum.

Í viðbótarathugasemdom f.h. M kemur fram að ekki hafi verið hreyft við frárennslislögnum þegar þak var lagað nokkrum árum áður. Einnig er vísað til þess að ekki liggi fyrir skýringar á því hvers vegna frárennslisrörið fór í sundur eða hvenær það gerðist en lekinn hafi óumdeilanlega hafist skyndilega með einum óvæntum atburði. Því er mótmælt f.h. M að lekinn hafi verið langvarandi og telur að V hafi ekki sýnt fram á að tjónið falli ekki undir skaðabótaábyrgð húsfélagsins X.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir myndir og lýsingar aðila á því hvað getur hafa leitt til þess tjóns sem M hefur gert kröfu um að bætt sé úr fasteignatryggingu húsfélagsins X. Af þessum gögnum má ráða að einhvers konar vatnsleki hafi leitt til tjóns á húseignarhluta M. Ekki liggur fyrir matsgerð eða álit sérfróðra aðila sem tengjast hvorugum málsaðilanum um orsakir tjónsins eða hversu lengi má ætla að vatnsleki hafi verið.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort vatnsleki hafi verið skyndilegur og óvæntur annars vegar í þeim skilningi að tjónið falli undir gildissvið vatnstjónstryggingar fasteignatryggingarinnar þar sem segir í gr. 2.1 að vátryggingin bæti tjón af völdum „...vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess.“ Hins vegar reynir á túlkun undantekningarákvæðis gr. 3.8 í ábyrgðartryggingar fasteignatryggingar húsfélagsins X, sem nær til skaðabótaábyrgðar þess, þar sem segir m.a., „Félagið bætir ekki tjón sem stafar af langvarandi raka eða leka...“

Hvað varðar vatnstjónstrygginguna þá verður ekki séð af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að gildisvið þess hluta vátryggingarinnar sé uppfyllt þar sem það liggur ekki fyrir með óyggjandi hætti að tjón hafi orðið vegna skyndilegs og óvænts leka úr leiðslum hússins. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram er ekki hægt að fullyrða að tjón hafi komi strax fram og þó sá sem kemur fram f.h. M í málskoti telji slíkt ljóst verður ekki á álit hans byggt umfram það álit sem V leggur til grundvallar um að tjón megi rekja til gufu sem hafi myndast vegna ófullnægjandi loftunar. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M.

Hvað ábyrgðartrygginguna varðar þá bera vátryggingafélög almennt sönnunarbyrði um að skilyrði undanþáguákvæða vátryggingarskilmála sé uppfyllt, þ.e. í þessu tilviki að tjón stafi af langvarandi raka eða leka, sbr. gr. 3.8 í kafla 2 í vátryggingarskilmálum ef gildisvið að öðru leyti er uppfyllt. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu og þeirrar ályktunar sem dregin er hér að ofan um að ósannað sé að tjón sé hægt að rekja til skyndilegs og óvænts leka úr leiðslum hússins, verður að telja líklegra að tjón hafi orðið til á lengri tíma og V því heimilt að bera fyrir sig fyrirnefnda gr. 3.8 í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar.

Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu teljast M því ekki hafa sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að þau eigi rétt á bótum úr fasteignatryggingu húsfélagsins X vegna tjóns á húseign sinni.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. desember 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 406/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns eftir að bifreið var ekið á ljósastaur.****Gögn.**

Málskot, dags. 2.2.2021 en móttakið 3.11.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 23.9.2021.

Bréf V, dags. 24.2.2021, ásamt tölvubréfi 4.11.2021.

Málsatvik.

Klukkan 9:35 að morgni fimmtudagsins 23. janúar 2020 var lögreglu tilkynnt um umferðarslys á gatnamótum Borgarvegs og Strandvegs í Reykjavík. Þar hafði bifreiðinni A verið ekið á ljósastaur við norðvesturhorn gatnamótanna. M var farþegi í A og sat hægra megin í aftursæti. B, eiginkona M, sat við hlið hans vinstra megin í aftursætinu. Kunningi þeirra, D, ók A umrætt sinn. Enginn mun hafa setið í framsæti við hlið ökumanns. Þegar slysið varð var rökkur en birta af götulýsingu. Stormur var og snjóþekja og hálka á akbraut. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var jörð í Reykjavík umræddan morgun „þakin þéttum eða votum snjó (með eða án svella) að minna en hálfu leyti. Snjóél voru, skyggni 4. Hiti var -1 c, úrkoma var 5,3, loftþrýstingur 997,0 hPa. Vindátt var VSV, vindhraði 11,8 m/s - 16,9 m/s, hæsta vindkviða var 30,8 m/s.“

Í skýrslu lögreglunnar á vettvangi segir að erfitt hafi verið að ræða við ökumann og farþega vegna andlegs ástands en þau hafi átt það til að reka upp hróp og/eða gráta hástöfum stuttan tíma í einu. Sérstaka athygli hafi vakið að engu máli hafi skipt hvort þau sneru höfði sínu til hliðar eða hreyfðu sig á annan hátt áður en þessi grátköst eða hróp komu frá þeim. Þau hafi reynt að sitja sem fastast en þegar þau þurftu hafi þau hreyft sig eðlilega. Þá hafi einkum ökumaður stundum virst sem hann í fyrstu gæti ekki svarað lögreglu þegar spurningum var beint að honum, en svo hafi hann reynt að hvísla einhverju og þegar ekki skildist hvað hann sagði þá hafi hann snúið höfði sínu í 90 gráður og jafnvel líkami hans fylgt með. Hafi hann litið aftur í til farþeganna sem þar sátu og sagt eitthvað við þá á móðurmáli þeirra sem þau hafi heyrt og reynt að túlka á íslensku eða ensku einnig hafi verið erfitt að skilja þá. Enga sjáanlega áverka hafi verið að sjá á ökumanni eða farþegum. Kvaðst lögregluþjónn sem ræddi við ökumann og farþega hafa fengið á tilfinninguna að um leikræna tilburði hafi verið að ræða hjá fólkinu þar sem hegðun þeirra hafi ekki virst vera í samræmi við hrópin og ópin sem frá þeim hafi komið. Enginn skortur á hreyfigetu hafi verið hjá því þegar á þurfti að halda og hafi þau látið eins og þau væru með skerta meðvitund en þegar þörf var að tjá sig við hvert annað þá hafi þau getað það án vandkvæða. Þegar þau hafi verið búin að tjá sig við hvert annað hafi þau farið aftur í þann ham að láta eins og þau væru með skerta meðvitund og byrjað með fyrrgreind sársaukaóp og grát.

Á vettvangi hafi það einnig vakið athygli lögreglu að sjá hafi mátt að A hafi verið ekið vestur Borgarveg en þegar ekið sé fram hjá gatnamótunum inn á Strandveg komi Borgarvegur í vinkilbeygju til vinstri. Hins vegar hafi virst sem A hafi verið ekið til hægri þegar í beygjuna var komið fram hjá Strandvegi og upp á vegkantinn og á ljósastaurinn. Á vettvangi hafi mátt sjá að A hafi ekki verið hemlað fyrir áreksturinn. Engin för hafi verið eftir vinstri fram- eða afturhjólarða en um fimm metrum fyrir aftan hægri afturhjólarða hafi mátt sjá för en ekki hafi mátt greina nein hemlaför sem hefðu átt að sjást greinilega þar sem negldir hjólarðar hafi verið á öllum hjólum A.

Í lögregluskýrslu segir að mikið sjáanlegt tjón hafi orðið á A og hafi hún verið fjarlægð með dráttar bifreið af vettvangi. Einnig hafi starfsmenn Veitna komið á vettvang til að ganga frá ljósastaurnum sem hafi verið tjónaður eftir áreksturinn. Samkvæmt nánari upplýsingum frá veitufyrirtækinu sem aflað var síðar mun sjálfur staurinn ekki hafa beyglast heldur hafi jarðvegurinn gefið eftir og staurinn færst til í jarðveginum.

Í framburðarskýrslu sem tekin var af D 1. apríl 2020 kveður hann að vinur sinn hafi beðið hann að koma með sér ásamt konu hans í verslun IKEA til að skoða eldhúshillur og hafi hann samþykkt það. Engin sérstök ástæða hafi verið fyrir því að M og B hafi setið í aftursæti A. Mjög vont veður hafi verið þennan dag, mikil snjócoma og rok. Hafi hann varla séð fram fyrir sig. Hann hafi ekið á um 50 km hraða á klst., að hámarki 60 km á klst., og haldið fast um stýrið og vonað það besta. Allt í einu hafi hann fundið að hann hafi ekið á eitthvað og hann vissi ekkert hvað hafi gerst. Er hann lagði af stað heiman frá sér hafi veðrið verið í lagi en versnað aðeins er hann sótti M og B og þegar óhappið varð hafi það verið orðið brjáláð og hann ekki séð neitt. Vegna lýsingar í vettvangsskýrslu lögreglu um viðbrögð hans og farþeganna kvaðst D hafa orðið mjög hræddur og hafi hann titrað allur en ekki misst

meðvitund. Aðspurður ítrekað neitaði D að hafa ekið á ljósastaurinn af ásettu ráði í því skyni að fremja tryggingasvik.

Framburðarskýrsla var tekin af M hjá lögreglu 2. apríl 2020. Þar kom fram að M og B hafi beðið D að koma með þeim í búð á bifreið hans. Á leiðinni hafi veðrið versnað mikið og hafi verið komin hríð og mikið rok. Hafi A farið beint á staur. Þetta hafi allt gerst hratt og hann hafi ekki séð neitt úr bílnum. Hann kvaðst ekki vera viss hversu hratt A var ekið en kannski í kringum 60 km á klst. M kvaðst ekki hafa misst meðvitund við áreksturinn en orðið ofboðslega hræddur og verið grátandi er lögregla kom á vettvang. Hann kvaðst vera með verki í baki og hálsi eftir áreksturinn og finna fyrir doða í höndum. Aðspurður neitaði M því að ætlun þeirra hafi verið að fremja vátryggingasvik.

Tekin var einnig framburðarskýrsla af B hjá lögreglu 2. apríl 2020. Hún kvað veður hafa verið mjög vont, mikill snjór og rok. Hún kvaðst hafa orðið hrædd þegar áreksturinn varð og fundið til í hálsinum og átt erfitt með að hreyfa hann. Þá svaraði B því neitandi að það hafi verið skipulagt að setja á svið umferðarslys né heldur að ætlunin hafi verið að fremja vátryggingasvik.

Skýrsla var tekin hjá lögreglu 30. mars 2020 af vitni sem kvaðst hafa séð er A var ekið á ljósastaurinn og tilkynnt um það strax til Neyðarlínunnar. Kvað vitnið mikla hálfu hafa verið þegar atvikið gerðist. Skömmu eftir óhappið, eða um kl. 9:45, var snjómoksturstæki ekið um Borgarveg/Strandveg til að ryðja snjó og salta akbrautina samkvæmt beiðni þar um frá Reykjavíkurborg.

M mun hafa verið fluttur í sjúkrahúsi á bráðamóttöku Landspítalans. Í bráðamóttökuskra spítalans vegna komunnar þangað segir m.a. að M hafi verið farþegi í bifreið sem hafi verið ekið á um 60 km hraða á klst. Þegar henni hafi verið ekið á ljósastaur, en náð aðeins að bremsa áður. Hafi hann verið með aðeins verki í mjóbaki og smá dofa í höndum og baki. Var einnig sagður hafa verið í sjokki. Talið var líklegast að tognun í baki og sjokk hafi valdið dofatilfinningu. Var M undir eftirliti á bráðamóttökunni í um fjórar klukkustundir og mun þá hafa látið vel af sér og fengið að fara heim.

Hinn 11. febrúar 2020 leitaði M til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Á samskiptaseðli vegna þeirrar komu kom fram að M væri enn með einkenni, væri stírdur í hálsi og mjóbaki. Enn fremur hafi hann sagt frá dofa í hægri hendi sem og verk „lumbart“ sem leiði aftan til „glutealt“ og niður lærið og alla leið í hælinn. Á tímabilinu 19. maí 2020 til 24. ágúst sama árs leitaði M á heilsugæslustöð í fimm skipti m.a. vegna einkenna í baki og hnacka en einnig vegna annarra einkenna sem óljóst er að rekja megi til slyssins. Við síðustu komuna er greining sögð vera ótti við einkenni/sjúkdóm. M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir við slysið.

Með tilkynningum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 27. maí 2020, var M, B og D tilkynnt með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, að rannsókn málsins hjá embættinu með tilliti til fjárvika væri hætt þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda henni áfram.

V aflaði sérstaks útreiknings, svonefnds PC Crash útreiknings, á hraða A er hún rakst á ljósastaurinn og þeirrar þyngdarhröðunar sem verkaði á bifreiðina við áreksturinn. Samkvæmt útreikningi, dags. 28. janúar 2020, er hraði A er hún lenti á staurnum sagður hafa verið 12 km á klst. og líklegasta gildi þyngdarhröðunar -2,91g.

Af hálfu M og annarra sem voru í A umrætt sinn var aflað álitgerðar varðandi hraða A þegar hún lenti á ljósastaurnum. Samkvæmt álitgerð, sem dagsett er 22. október 2020, var ætlaður ökuhraði A þegar henni hafi verið ekið stjórnlaust út af veginum sagður hafa verið 38 km á klst. og þegar hún lenti á ljósastaurnum hafi ætlaður hraði verið 33 km á klst.

Að fengnum fyrrgreindum útreikningi frá 28. janúar 2020, sem V aflaði, og með vísan til þess sem komið hafði fram við rannsókn málsins hefur V hafnað bótaskyldu. Þau atriði sem V hefur einkum vísað til í rannsókninni sem eigi að leiða til höfnunar bótaskyldu eru í fyrsta lagi að þegar A var komin að gatnamótum Borgarvegs og Strandvegs hafi virst sem henni hafi verið ekið til hægri þegar í beygjuna var komið. Í öðru lagi hafi lögreglumaður á vettvangi veitt því athygli að A hafi ekki verið hemlað áður en hún lenti á ljósastaurnum. Í bráðamóttökuskra á slysideild sé haft eftir D að hann hafi náð aðeins að bremsa en það sé í algerrí mótögn við önnur gögn málsins, þ.e. vettvangsskýrslu lögreglu. Í þriðja lagi hafi báðir farþegar í A, þ.e. M og B, verið í aftursæti en enginn í framsæti, þ.e. nær þeim stað þar sem högg kom á A. Í fjórða lagi hafi samkvæmt lögreglu verið erfitt að ræða við ökumann og farþega vegna andlegs ástands og hegðun þeirra á vettvangi hafi ekki verið í samræmi við hrópin og ópin sem frá þeim hafi komið. Í fimmta lagi telji D sig hafa ekið á um 50-60 km hraða á klst. sem hafi verið í talsverðu ósamræmi við niðurstöðu framlagðs hraðaútreiknings en samkvæmt honum hafi hraðinn verið 12 km á klst. Í sjötta lagi hafi M hvorki verið talinn bráðveikur eða meðtekinn við komuna á bráðamóttöku. Hann hafi kvartað yfir meiðslum í baki og höndum en rannsóknir ekki leitt neitt óeðlilegt í ljós. Í framburðarskýrslu hjá lögreglu 2. apríl 2020 kvaðst M hafa fundið fyrir doða í handleggjum og

verkjum í hálsi. Í gögnum frá bráðamóttökunni sé hins vegar ekki hægt að ráða að hann hafi kvartað yfir meiðslum í hálsi en sérstaklega tekið fram að hreyfigeta í hálsi hafi verið eðlileg. Loks í sjöunda lagi hafi niðurstaða fyrrgreinds útreiknings á þyngdarhröðun A við áreksturinn verið -2,91g sem sé nokkurn veginn sambærilegt því höggi sem einstaklingur getur fengið við það að hoppa ofan af stól. Um leið eru dregnar í efa niðurstöður í álitserð þeirri sem aflað var af hálfu M um að ætlaður hraði A þegar árekstur varð hafi verið 33 km á klst. M.a. með vísan til framangreindra atriða og fyrirbyggjandi lögregluskýrslna telur V að M hafi ásamt B og D greint ranglega frá atvikum og að hegðun þeirra hafi í besta falli borið með sér að um verulegar ýkjur hafi verið að ræða. Gild rök hafi verið færð fram að um ásetningsbrot kunni að vera að ræða, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, og krafan sé því ekki reist á lögmætum grunni. Til vara eigi verulegar ýkjur þeirra sem hlut eiga að máli, að leiða til sömu niðurstöðu, þ.e. brottfalls bótaréttar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004.

Álit.

Í tilviki M sem var farþegi í A umrætt sinn er gerð krafa um skaðabætur úr lögmæltri ábyrgðartryggingu A. Mælt er fyrir um rétt hans til bóta í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, en samkvæmt því ákvæði skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Jafnframt segir í 4. mgr. sömu lagagreinari að bætur fyrir líkamstjón megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Ákvæðum laga um vátryggingarsamninga, svo sem ákvæðum 89. gr., 90. gr. eða 120. gr., verður hins vegar ekki beitt varðandi bótarétt hans.

Þótt í skýrslu lögreglu á vettvangi hafi verið dregin sú ályktun að svo hafi virst sem A hafi verið ekið til hægri þegar komið var í beygju til vinstri á Strandvegi er ekkert í gögnum málsins að öðru leyti sem gefur tilefni til að ætla megi að það hafi verið af ásetningi sem A hafi verið beygt til hægri í því skyni að aka á umræddan ljósastaur. Samkvæmt framburðarskýrslu D hjá lögreglu kvaðst hann ekki hafa hemlað áður en árekstur varð enda hafi hann ekki séð ljósastaurinn áður en áreksturinn varð. Í þessu ljósi telst það vart athugasvert þótt lögregla telji að á vettvangi hafi ekki sést nein merki þess að A hafi verið hemlað í aðdraganda árekstursins. Þótt í bráðamóttökuskra sé haft eftir D að hann hafi aðeins náð að bremsa áður en A skall á ljósastaurnum verður ekki fullyrt að hann hafi orðið missaga þannig að af því verði dregnar ályktanir um að hann hafi vísitandi ætlað að aka á ljósastaurinn án þess að hemla áður. Þótt þau M og B hafi sest í aftursæti A er ekki unnt að álykta samkvæmt gögnum málsins að það hafi verið gert í þeim tilgangi að minnka fyrir fram líkur á raunverulegum meiðslum við höggið frá ljósastaurnum. Öll sem voru í A við áreksturinn hafa borið að þau hafi orðið mjög hrædd og jafnvel grátíð eftir að A rakst á ljósastaurinn. Þegar litið er til þess að um óvæntan árekstur virðist hafa verið að ræða, svo og að óveður var og skyggni mjög lítið ef nokkuð, verður að telja að ekki sé loku fyrir það skotið að fólkið hafi verið miður sín og í einhvers konar áfalli þegar lögreglu bar að garði. Er ekki unnt að draga neinar ályktanir af háttalagi þess, eins og því er lýst í lögregluskýrslu, að um leikræna tilburði hafi verið að ræða í því skyni að gera meira úr meiðslum en efni stóðu til.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lækni-fræðilegum gögnum mun M hafa kvartað fyrst um verki í hálsi er hann leitaði til heimilislæknis 11. febrúar 2020 eða tæpum þremur vikum eftir slysið. Síðar kvartaði hann undan verkjaeinkennum í hnakka. Þá gat hann þess í fyrrgreindri framburðarskýrslu hjá lögreglu 2. apríl sama ár að hann hefði verki í hálsi eftir áreksturinn. Þótt ekki sé tekin afstaða til þess hvort orsakatengsl kunni að vera á milli slyssins og kvartana M vegna einkenna frá hálsi eða hnakka verður ekki ráðið af gögnum málsins að þessar kvartanir hafi ekki átt við rök að styðjast eða þær hafi verið meiri en efni stóðu til eða með einhverjum hætti ýktar. Þess ber að gæta í þessu sambandi að ekkert mat hefur verið framkvæmt á heilsufarslegum afleiðingum slyssins fyrir M. Á þessu stigi verður því ekkert fullyrt hvaða sjúkdómseinkenni sem M býr við megi rekja til slyssins og hver ekki. Það breytir því hins vegar ekki að af fyrirbyggjandi sjúkraskýrslum og öðrum gögnum málsins verður ekki fullyrt að M hafi af ásettu ráði ýkt einkenni sín eða á annan hátt gert meira úr þeim en tilefni var til í því skyni að fá hærri bætur fyrir líkamstjón sitt en hann kann með réttu að eiga.

M var farþegi í aftursæti A þegar slysið varð. Ekkert í gögnum málsins bendir til að hann hafi með einhverjum hætti átt þátt í því að A var ekið á ljósastaurinn.

Í ljósi þess sem greinir hér að framan, hvort sem horft er á einstök atriði eða þau metin heildstætt, verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á samkvæmt gögnum málsins að M hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi verið meðvaldur að því að A var ekið á ljósastaurinn né heldur að hann hafi af ásetningi ýkt sjúkdómseinkenni sín í þeim tilgangi að fá greiddar hærri bætur en hann kann að eiga rétt til. Að svo vöxnu eru ekki fyrir hendi skilyrði til að lækka eða fella niður bætur til hans á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. M telst því eiga rétt á óskertum bótum fyrir

líkamstjón sitt af völdum umrædds umferðarslyss úr ábyrgðartryggingu A hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 407/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns eftir að bifreið var ekið á ljósastaur.****Gögn.**

Málskot, dags. 2.2.2021 en móttakið 3.11.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 23.9.2021.

Bréf V, dags. 24.2.2021, ásamt tölvubréfi 4.11.2021.

Málsatvik.

Klukkan 9:35 að morgni fimmtudagsins 23. janúar 2020 var lögreglu tilkynnt um umferðarslys á gatnamótum Borgarvegs og Strandvegs í Reykjavík. Þar hafði bifreiðinni A verið ekið á ljósastaur við norðvesturhorn gatnamótanna. M var farþegi í A og sat vinstra megin í aftursæti. B, eiginmaður M, sat við hlið hennar hægra megin í aftursætinu. Kunningi þeirra, D, ók A umrætt sinn. Enginn mun hafa setið í framsæti við hlið ökumanns. Þegar slysið varð var rökkur en birta af götulýsingu. Stormur var og snjóþekja og háлка á akbraut. Samkvæmt fyrirleggjandi upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var jörð í Reykjavík umræddan morgun „þakin þéttum eða votum snjó (með eða án svella) að minna en hálfu leyti. Snjóél voru, skyggni 4. Hiti var -1 c, úrkoma var 5,3, loftþrýstingur 997,0 hPa. Vindátt var VSV, vindhraði 11,8 m/s - 16,9 m/s, hæsta vindkviða var 30,8 m/s.“

Í skýrslu lögreglunnar á vettvangi segir að erfitt hafi verið að ræða við ökumann og farþega vegna andlegs ástands en þau hafi átt það til að reka upp hróp og/eða gráta hástöfum stuttan tíma í einu. Sérstaka athygli hafi vakið að engu máli hafi skipt hvort þau sneru höfði sínu til hliðar eða hreyfðu sig á annan hátt áður en þessi grátköst eða hróp komu frá þeim. Þau hafi reynt að sitja sem fastast en þegar þau þurftu hafi þau hreyft sig eðlilega. Þá hafi einkum ökumaður stundum virst sem hann í fyrstu gæti ekki svarað lögreglu þegar spurningum var beint að honum, en svo hafi hann reynt að hvísla einhverju og þegar ekki skildist hvað hann sagði þá hafi hann snúið höfði sínu í 90 gráður og jafnvel líkami hans fylgt með. Hafi hann litið aftur í til farþeganna sem þar sátu og sagt eitthvað við þá á móðurmáli þeirra sem þau hafi heyrt og reynt að túlka á íslensku eða ensku einnig hafi verið erfitt að skilja þá. Enga sjáanlega áverka hafi verið að sjá á ökumanni eða farþegum. Kvaðst lögregluþjónn sem ræddi við ökumann og farþega hafa fengið á tilfinninguna að um leikræna tilburði hafi verið að ræða hjá fólkinu þar sem hegðun þeirra hafi ekki virst vera í samræmi við hrópin og ópin sem frá þeim hafi komið. Enginn skortur á hreyfigetu hafi verið hjá því þegar á þurfti að halda og hafi þau látið eins og þau væru með skerta meðvitund en þegar þörf var að tjá sig við hvert annað þá hafi þau getað það án vandkvæða. Þegar þau hafi verið búin að tjá sig við hvert annað hafi þau farið aftur í þann ham að láta eins og þau væru með skerta meðvitund og byrjað með fyrrgreind sársaukaóp og grát.

Á vettvangi hafi það einnig vakið athygli lögreglu að sjá hafi mátt að A hafi verið ekið vestur Borgarveg en þegar ekið sé fram hjá gatnamótunum inn á Strandveg komi Borgarvegur í vinkilbeygju til vinstri. Hins vegar hafi virst sem A hafi verið ekið til hægri þegar í beygjuna var komið fram hjá Strandvegi og upp á vegkantinn og á ljósastaurinn. Á vettvangi hafi mátt sjá að A hafi ekki verið hemlað fyrir áreksturinn. Engin för hafi verið eftir vinstri fram- eða afturhjólarða en um fimm metrum fyrir aftan hægri afturhjólarða hafi mátt sjá för en ekki hafi mátt greina nein hemlaför sem hefðu átt að sjást greinilega þar sem negldir hjólarðar hafi verið á öllum hjólum A.

Í lögregluskýrslu segir að mikið sjáanlegt tjón hafi orðið á A og hafi hún verið fjarlægð með dráttar bifreið af vettvangi. Einnig hafi starfsmenn Veitna komið á vettvang til að ganga frá ljósastaurnum sem hafi verið tjónaður eftir áreksturinn. Samkvæmt nánari upplýsingum frá veitufyrirtækinu sem aflað var síðar mun sjálfur staurinn ekki hafa beyglast heldur hafi jarðvegurinn gefið eftir og staurinn færst til í jarðveginum.

Í framburðarskýrslu sem tekin var af D 1. apríl 2020 kveður hann að vinur sinn hafi beðið hann að koma með sér ásamt konu hans í verslun IKEA til að skoða eldhúshillur og hafi hann samþykkt það. Engin sérstök ástæða hafi verið fyrir því að M og B hafi setið í aftursæti A. Mjög vont veður hafi verið þennan dag, mikil snjóköma og rok. Hafi hann varla séð fram fyrir sig. Hann hafi ekið á um 50 km hraða á klst., að hámarki 60 km á klst., og haldið fast um stýrið og vonað það besta. Allt í einu hafi hann fundið að hann hafi ekið á eitthvað og hann vissi ekkert hvað hafi gerst. Er hann lagði af stað heiman frá sér hafi veðrið verið í lagi en versnað aðeins er hann sótti M og B og þegar óhappið varð hafi það verið orðið brjáláð og hann ekki séð neitt. Vegna lýsingar í vettvangsskýrslu lögreglu um viðbrögð hans og farþeganna kvaðst D hafa orðið mjög hræddur og hafi hann titrað allur en ekki misst

meðvitund. Aðspurður ítrekað neitaði D að hafa ekið á ljósastaurinn af ásettu ráði í því skyni að fremja tryggingasvik.

Tekin var framburðarskýrsla af M hjá lögreglu 2. apríl 2020. Hún kvað veður hafa verið mjög vont, mikill snjór og rok. Hún kvaðst hafa orðið hrædd þegar áreksturinn varð og fundið til í hálsinum og átt erfitt með að hreyfa hann. Þá svaraði M því neitandi að það hafi verið skipulagt að setja á svið umferðarslys né heldur að ætlunin hafi verið að fremja vátryggingasvik.

Framburðarskýrsla var einnig tekin af B hjá lögreglu 2. apríl 2020. Þar kom fram að M og B hafi beðið D að koma með þeim í búð á bifreið hans. Á leiðinni hafi veðrið versnað mikið og hafi verið komin hríð og mikið rok. Hafi A farið beint á staur. Þetta hafi allt gerst hratt og hann hafi ekki séð neitt úr bílnum. Hann kvaðst ekki vera viss hversu hratt A var ekið en kannski í kringum 60 km á klst. B kvaðst ekki hafa misst meðvitund við áreksturinn en orðið ofboðslega hræddur og verið grátandi er lögregla kom á vettvang. Hann kvaðst vera með verki í baki og hálsi eftir áreksturinn og finna fyrir doða í höndum. Aðspurður neitaði B því að ætlun þeirra hafi verið að fremja vátryggingasvik.

Skýrsla var tekin hjá lögreglu 30. mars 2020 af vitni sem kvaðst hafa séð er A var ekið á ljósastaurinn og tilkynnt um það strax til Neyðarlínunnar. Kvað vitnið mikla hálfu hafa verið þegar atvikið gerðist. Skömmu eftir óhappið, eða um kl. 9:45, var snjómoksturstæki ekið um Borgarveg/Strandveg til að ryðja snjó og salta akbrautina samkvæmt beiðni þar um frá Reykjavíkurborg.

M mun hafa verið flutt í sjúkrabifreið á bráðamóttöku Landspítalans. Í bráðamóttökuskra spítalans vegna komunnar þangað segir m.a. að M hafi verið farþegi í bifreið sem hafi verið ekið á um 60 km hraða á klst. Þegar henni hafi verið ekið á ljósastaur, en náð aðeins að bremsa áður. Hún væri almennt ekki bráðveik eða meðtekin, aðeins verkjuð í hálsi og með skrýtna tilfinningu í höndum og aðeins í hægra læri. Hún hafi verið undir eftirliti á bráðamóttökunni í um fjórar klukkustundir og þá látið ágætlega af sér og farið til síns heima.

Fimm dögum eftir slysið, eða 28. janúar 2020, leitaði M til heimilislæknis á heilsugæslustöð vegna verks og stirðleika í hálsi og út í hægri öxl og upphandlegg. Einnig lýsti hún náladofa af og til í hægri hendi. Þá kvaðst M vera slæm í mjóbaki og hafa einhver óþægindi niður hægri ganglim. Fram kemur í samskiptaseðli vegna þessarar komu að um væri að ræða dæmigerð einkenni síðbúinnar vöðvastirðunar. Samkvæmt gögnum málsins leitaði hún einnig til heimilislækna á heilsugæslustöð í fjögur skipti á tímabilinu 20. febrúar 2020 til 28. september sama árs vegna verkja í stoðkerfi, svo sem hálsi og hnakka, baki og hægri handlegg. M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir við slysið.

Með tilkynningum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 27. maí 2020, var M, B og D tilkynnt með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, að rannsókn málsins hjá embættinu með tilliti til fjársvika væri hætt þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda henni áfram.

V aflaði sérstaks útreiknings, svonefnds PC Crash útreiknings, á hraða A er hún rakst á ljósastaurinn og þeirrar þyngdarhröðunar sem verkaði á bifreiðina við áreksturinn. Samkvæmt útreikningi, dags. 28. janúar 2020, er hraði A er hún lenti á staurnum sagður hafa verið 12 km á klst. og líklegasta gildi þyngdarhröðunar -2,91g.

Af hálfu M og annarra sem voru í A umrætt sinn var aflað álitgerðar varðandi hraða A þegar hún lenti á ljósastaurnum. Samkvæmt álitgerð, sem dagsett er 22. október 2020, var ætlaður ökuhraði A þegar henni hafi verið ekið stjórnlaust út af veginum sagður hafa verið 38 km á klst. og þegar hún lenti á ljósastaurnum hafi ætlaður hraði verið 33 km á klst.

Að fengnum fyrrgreindum útreikningi frá 28. janúar 2020, sem V aflaði, og með vísan til þess sem komið hafði fram við rannsókn málsins hefur V hafnað bótaskyldu. Þau atriði sem V hefur einkum vísað til í rannsókninni sem eigi að leiða til höfnunar bótaskyldu eru í fyrsta lagi að þegar A var komin að gatnamótum Borgarvegs og Strandvegs hafi virst sem henni hafi verið ekið til hægri þegar í beygjuna var komið. Í öðru lagi hafi lögreglumaður á vettvangi veitt því athygli að A hafi ekki verið hemlað áður en hún lenti á ljósastaurnum. Í bráðamóttökuskra á slysideild sé haft eftir D að hann hafi náð aðeins að bremsa en það sé í algerrí mótögn við önnur gögn málsins, þ.e. vettvangsskýrslu lögreglu. Í þriðja lagi hafi báðir farþegar í A, þ.e. M og B, verið í aftursæti en enginn í framsæti, þ.e. nær þeim stað þar sem högg kom á A. Í fjórða lagi hafi samkvæmt lögreglu verið erfitt að ræða við ökuð og farþega vegna andlegs ástands og hegðun þeirra á vettvangi hafi ekki verið í samræmi við hrópin og ópin sem frá þeim hafi komið. Í fimmta lagi telji D sig hafa ekið á um 50-60 km hraða á klst. sem hafi verið í talsverðu ósamræmi við niðurstöðu framlagðs hraðaútreiknings en samkvæmt honum hafi hraðinn verið 12 km á klst. Í sjötta lagi hafi M kvartað yfir meiðslum í hálsi og lítið vilja hreyfa háls á slysideild. Í framburðarskýrslu sé haft eftir henni að það hafi verið eins og hálsinn hafi farið úr lið og átt erfitt með að snúa hálsinum. Telur M að það sé ekki í samræmi við framskýrslu lögreglu þar sem fram komi

að enginn skortur hafi verið á hreyfigetu. Rannsóknir á hálsi M á slysadeildinni hafi ekkert óeðlilegt leitt í ljós. Loks í sjöunda lagi hafi niðurstaða fyrrgreinds útreiknings á þyngdarhröðun A við áreksturinn verið -2,91g sem sé nokkurn veginn sambærilegt því höggi sem einstaklingur getur fengið við það að hoppa ofan af stól. Um leið eru dregnar í efa niðurstöður í álitsgerð þeirri sem aflað var af hálfu M um að ætlaður hraði A þegar árekstur varð hafi verið 33 km á klst. M.a. með vísan til framangreindra atriða og fyrirbyggjandi lögregluskýrslna telur V að M hafi ásamt B og D greint ranglega frá atvikum og að hegðun þeirra hafi í besta falli borið með sér að um verulegar ýkjur hafi verið að ræða. Gild rök hafi verið færð fram að um ásetningsbrot kunni að vera að ræða, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, og krafan sé því ekki reist á lögmætum grunni. Til vara eigi verulegar ýkjur þeirra sem hlut eiga að máli, að leiða til sömu niðurstöðu, þ.e. brottfalls bótaréttar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004.

Álit.

Í tilviki M sem var farþegi í A umrætt sinn er gerð krafa um skaðabætur úr lögmæltri ábyrgðartryggingu A. Mælt er fyrir um rétt hennar til bóta í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, en samkvæmt því ákvæði skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Jafnframt segir í 4. mgr. sömu lagagreinari að bætur fyrir líkamstjón megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Ákvæðum laga um váttryggingarsamninga, svo sem ákvæðum 89. gr., 90. gr. eða 120. gr., verður hins vegar ekki beitt varðandi bótarétt hennar.

Þótt í skýrslu lögreglu á vettvangi hafi verið dregin sú ályktun að svo hafi virst sem A hafi verið ekið til hægri þegar komið var í beygju til vinstri á Strandvegi er ekkert í gögnum málsins að öðru leyti sem gefur tilefni til að ætla megi að það hafi verið af ásetningi sem A hafi verið beygt til hægri í því skyni að aka á umræddan ljósastaur. Samkvæmt framburðarskýrslu D hjá lögreglu kvaðst hann ekki hafa hemlað áður en árekstur varð enda hafi hann ekki séð ljósastaurinn áður en áreksturinn varð. Í þessu ljósi telst það vart athugasvert þótt lögregla telji að á vettvangi hafi ekki sést nein merki þess að A hafi verið hemlað í aðdraganda árekstursins. Þótt í bráðamóttökuskra sé haft eftir D að hann hafi aðeins náð að bremsa áður en A skall á ljósastaurnum verður ekki fullyrt að hann hafi orðið missaga þannig að af því verði dregnar ályktanir um að hann hafi vísitandi ætlað að aka á ljósastaurinn án þess að hemla áður. Þótt þau M og B hafi sest í aftursæti A er ekki unnt að álykta samkvæmt gögnum málsins að það hafi verið gert í þeim tilgangi að minnka fyrir fram líkur á raunverulegum meiðslum við höggið frá ljósastaurnum. Öll sem voru í A við áreksturinn hafa borið að þau hafi orðið mjög hrædd og jafnvel grátið eftir að A rakst á ljósastaurinn. Þegar lítið er til þess að um óvæntan árekstur virðist hafa verið að ræða, svo og að óveður var og skyggni mjög lítið ef nokkuð, verður að telja að ekki sé loku fyrir það skotið að fólkið hafi verið miður sín og í einhvers konar áfalli þegar lögreglu bar að garði. Er ekki unnt að draga neinar ályktanir af háttalagi þess, eins og því er lýst í lögregluskýrslu, að um leikræna tilburði hafi verið að ræða í því skyni að gera meira úr meiðslum en efni stóðu til.

Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisfræðilegum gögnum kvartaði M um verki í hálsi og skrýtinni tilfinningu í höndum á bráðamóttöku Landspítalans. Síðar leitaði hún til heimilislækna á heilsugæslustöð einkum vegna einkenna frá hálsi og hnacka, baki og hægri handlegg. Þótt ekki sé tekin afstaða til þess hvort orsakatengsl kunni að vera á milli slyssins og kvartana M vegna þeirra einkenna sem hún telur sig búa við af völdum slyssins verður ekki ráðið af gögnum málsins að þessar kvartanir hafi ekki átt við rök að styðjast eða þær hafi verið meiri en efni stóðu til eða með einhverjum hætti ýktar. Þess ber að gæta í þessu sambandi að ekkert mat hefur verið framkvæmt á heilsufarslegum afleiðingum slyssins fyrir M. Á þessu stigi verður því ekkert fullyrt hvaða sjúkdómseinkenni sem M býr við megi rekja til slyssins og hver ekki. Það breytir því hins vegar ekki að af fyrirbyggjandi sjúkraskýrslum og öðrum gögnum málsins verður ekki fullyrt að M hafi af ásettu ráði ýkt einkenni sín eða á annan hátt gert meira úr þeim en tilefni var til í því skyni að fá hærri bætur fyrir líkamstjón sitt en hann kann með réttu að eiga.

M var farþegi í aftursæti A þegar slysið varð. Ekkert í gögnum málsins bendir til að hún hafi með einhverjum hætti átt þátt í því að A var ekið á ljósastaurinn.

Í ljósi þess sem greinir hér að framan, hvort sem horft er á einstök atriði eða þau metin heildstætt, verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á samkvæmt gögnum málsins að M hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi verið meðvöld að því að A var ekið á ljósastaurinn né heldur að hún hafi af ásetningi ýkt sjúkdómseinkenni sín í þeim tilgangi að fá greiddar hærri bætur en hún kann að eiga rétt til. Að svo vöxnu eru ekki fyrir hendi skilyrði til að lækka eða fella niður bætur til hennar á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. M telst því eiga rétt á óskertum bótum fyrir líkamstjón sitt af völdum umrædds umferðarslyss úr ábyrgðartryggingu A hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 408/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda A.**Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður féll úr vinnulyftu.****Gögn.**

Málskot, móttækið 18.5.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 6.12.2021.

Málsatvik.

Hinn 9. september 2019 um kl. 10:30 að morgni var M að störfum við að hreinsa rennur á verksmiðjuhúsnæði vinnuveitanda síns, A. Við verkið mun hann hafa notað vinnulyftu, svokallaða skæralyftu, sem er þannig útbúin að þegar hún er látin síga niður stöðvast hún í um 1,8 m hæð frá jörðu í 5-10 sekúndur uns hún fer alla leið niður. Er M lét lyftuna síga niður stöðvaðist hún í umræddri hæð frá jörðu. Opnaði hann þá öryggishlið við annan enda lyftugólfsins og fór aftur á bak út úr lyftunni undir öryggisslá sem er í hæð sem nemur við efri brún grindverks í kringum gólf lyftunnar. Um leið og hann steig út úr lyftunni féll hann til jarðar og varð fyrir meiðslum, einkum á hægri öxl. Er lyftan stöðvaðist kvaðst M ekki hafa áttað sig á að hún hafi ekki verið komin fyllilega niður í lægstu stöðu við jörð, enda hafi hann ekki notað þessa lyftu áður né hafi hann fengið leiðbeiningar um að hún virkaði með framangreindum hætti. Því hafi hann haldið að lyftan væri komin alveg niður þegar hún stöðvaðist.

M kveður slysið mega rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustaðnum sem einkum hafi falist í því að honum hafi ekki verið gerð ljós slysa- og sjúkdómshætta sem kunni að hafa verið bundin starfi hans auk þess sem hann hafi ekki fengið nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma starfið. Umrædd lyfta hafi nýlega verið tekin í notkun hjá A og hann hafi ekki áður unnið á lyftu sem hafi stoppað í tiltekinni hæð áður en hún færi alveg niður. Hafi rík skylda hvílt á A að kenna starfsmönnum á lyftuna og upplýsa þá um umræddan öryggisbúnað, enda sé hann til þess fallinn að skapa mikla slysa-hættu séu starfsmenn ekki upplýstir um hann. Þá hafi skriflegt áhættumat un notkun vinnutækja ekki verið lagt fram. Þessu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og ákvæða í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja. Enn fremur kveður M að óumdeilt sé að hann hafi orðið óvinnufær strax eftir slysið, en A hafi ekki tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits ríkisins án ástæðulausrar tafa eins og honum hafi borið skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Í samræmi við dómaframkvæmd beri A hallann af skorti á sönnun um óljós atriði. Beri A samkvæmt þessu ábyrgð á líkamstjóni því sem M varð fyrir í slysinu og hefur M krafist bóta vegna þess úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V kveður lyftuna stöðva á niðurleið í 1,8 m hæð í nokkrar sekúndur áður en hún fer í lægstu stöðu. Það sé til að skapa öryggi gagnvart þeim sem eru í lyftunni og þeim sem eru á jörðu niðri. Þegar lyftan haldi svo áfram niður gefi hún frá sér hljóðmerki til viðvörunar. Þá hafi M unnið hjá A í um fimm ár. Hann sé alvanur véla- og tækjamaður og hafi víðtæk vinnuvélaréttindi. Auðvelt hafi átt að vera fyrir alvana tækja- og vélamenn, sem og aðra, að gera sér grein fyrir hæðarmismuninum. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Slysið varð í fyrri hluta september mánaðar og komið fram á morgun. Var þá orðið bjart af degi. Lyftan er alveg opin og úr henni sést vel til allra hliða og niður. M var 57 ára gamall þegar slysið varð og vanur að stjórna tækjum að því er ætla verður samkvæmt gögnum málsins. Er lyftan stöðvaðist og hann opnaði öryggishliðið mátti honum vera fullljóst að lyftan væri enn í nokkurri hæð frá jörðu. Hann virðist ekkert hafa athugað með stjórnþæki lyftunnar eða athugað að öðru leyti ástæður þess að hún stöðvaðist áður en hún var komin alveg niður. Í reynd átti það að vera einfalt að átta sig á að lyftan væri enn í nokkurri hæð og verður ekki séð að þurft hafi sérstakar leiðbeiningar eða þjálfun til að hann hafi mátt átta sig á þessum aðstæðum. Er því ekki tilefni til að ætla að slysið verði rakið til ófullnægjandi aðstæðna á vinnustaðnum eða skorts á leiðbeiningum eða þjálfun í notkun lyftunnar. Í ljósi þessa verður ekki talið að slysið verði að einhverju leyti rakið til óljósra atvika sem áhrif geta haft á sakarmat og A eigi að hafa sönnunarbyrði um slík atvik sakir þess að slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu eins og lög mæla fyrir um. Verður slysið helst rakið til óhappatilviljunar eða eigin gáleysis M. Samkvæmt þessu telst M ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 409/2021**M og
V v/ réttaraðstoðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna fyrirhugaðs dómsmáls vegna galla í bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttekið 8.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.11.2021.

Málsatvik.

M keypti bifreið sem hafði verið flutt til landsins notuð frá Bandaríkjunum. Eftir kaupin kom í ljós að bifreiðin var haldin ýmsum göllum sem mun hafa leitt til þess að ábyrgð framleiðanda eða söluaðila í Bandaríkjunum hafði fallið niður. Kveður M að sá er seldi honum bifreiðina hafi keypt bifreiðina án slíkrar ábyrgðar og leynt því þegar hann seldi M bifreiðina. Hyggst M höfða dómsmál á hendur seljandanum til riftunar kaupunum og/eða til heimtu skaðabóta úr hendi seljandans.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V sem felur í sér réttaraðstoðartryggingu. Hefur M krafist þess að hann njóti verndar samkvæmt réttaraðstoðartryggingunni í fyrirhuguðu dómsmáli á hendur seljandanum. V hefur hafnað því með vísan til undanþáguákvæðis í skilmálum váttryggingarinnar þar sem fram kemur að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar váttryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda m.a. vélknúins farartækis

Álit.

Samkvæmt skilmálum réttaraðstoðartryggingar þeirrar sem hér á í hlut greiðir váttryggingin málskostnað vegna ágreinings í einkamáli, sem tekur til ágreinings sem snertir váttryggðan, sem einstakling, og sem kemur til úrlausnar héraðsdóms hér á landi. Þá er að finna í skilmálunum ákvæði þar sem talin eru upp atvik í ellefu staflaðum sem váttryggingin tekur ekki til. Þar segir m.a. að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar váttryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis eða annars tengivagns, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu.

Þótt um riftunar og/eða skaðabótamál sé að ræða sem M hyggst höfða á hendur seljanda bifreiðarinnar verður ekki fram hjá því litið að M mun höfða dómsmálið sem eigandi bifreiðarinnar og þannig varðar dómsmálið M sem eiganda umræddrar bifreiðar. Af því leiðir að váttryggingin tekur ekki til hins fyrirhugaða dómsmáls. M þá því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 410/2021**M og****V v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans A hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna upplýsingagjafar fasteignasala.****Gögn.**

Málskot mótttekið 08.11.2021 ásamt fylgiskjölum 1-15.

Bréf V dags. 23.11.2021 ásamt fylgiskjölum.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 29.11.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M keyptu fasteignina X af Y fyrir milligöngu A, með kaupsamningi dags. 25. mars 2021. Í söluyfirliti komi fram að fasteignin sé mjög mikið endurnýjuð og að raf-, vatns- og frárennislagnir séu endurnýjaðar. Þá séu helstu endurbætur taldar upp og segi m.a.: „Frárennislagnir endurnýjaðar og lagðar í 100 mm plasti og samhliða því voru drenlagnir endurnýjaðar og settur nýr brunnur í lóð.“ Eftir afhendingu eignarinnar hafi hins vegar komið í ljós að frárennislagnir voru ekki endurnýjaðar með þeim hætti sem kom fram í söluyfirliti heldur aðeins undir húsinu. Samkvæmt skoðun á lögnunum séu PVC lagnir út fyrir hús. Þar taki hins vegar við steinlögn sem liggja gegnum aðlæga lóð og endi í brunni í horni lóðar þarnaesta húss. Í þá lögn séu komnar trjárætur og slit og mælt sé með endurnýjun. Tilboð í nýja plastlögn ásamt jarðvegsskiptum og grófjöfnun hljóði upp á 3.500.912 kr. með virðisaukaskatti.

Á grundvelli framangreinds telja M að upplýsingar í söluyfirliti hafi verið rangar og því gera þau kröfu um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. M vísa til þess að Y segist hafa upplýst A um það, í tölvupósti dags. 16. febrúar 2021, eða daginn áður en söluskoðun A fór fram, að frárennislagnir hafi aðeins verið endurnýjaðar undir húsinu. Sé það raunin hafi A sannarlega borið að taka það fram í söluyfirliti, sbr. c-lið 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Þá beri A ábyrgð á því reynist upplýsingar í söluyfirliti rangar eða ófullnægjandi og um sé að kenna gáleysi hans eða þeirra sem starfa í hans þágu, sbr. 2. mgr. 12. gr. sömu laga. A hefði verið sent yfirlit yfir helstu framkvæmdir sem Y hefðu ráðist í á fasteigninni, með áðurnefndum tölvupósti, dags. 16. febrúar 2021. M hafi fyrst vitað af tilvist þess skjals þegar Y sendu þeim það, hinn 13. september s.á., eða eftir að ágreiningur var kominn upp.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í fyrsta lagi sé ekki sýnt fram á að M hafi orðið fyrir fjártjóni. Engin gögn liggja fyrir um ástand lagnanna og ekki sé sýnt fram á að þær séu í ólagi eða að endurnýjun þeirra sé nauðsynleg. Þá sé söluyfirlit efnislega rétt. Þannig hafi þær endurbætur sem taldar voru upp í söluyfirliti heyrt undir umfjöllun um endurbætur á húsinu sjálfu, en ekkert komi fram um endurnýjun annarra hluta fasteignarinnar, s.s. frárennislagnir í lóð. Þá sé það óumdeilt að frárennislagnir í húsinu hafi verið endurnýjaðar og lagðar í 100 mm plast. Enn fremur vísi A til þess að upplýsingar hafi verið færðar inn í söluyfirlit eftir samtöl við Y, sem þess utan hafi staðfest efni söluyfirlitsins með undirritun sinni. Sé ekki sýnt fram á að upplýsingar í söluyfirliti séu aðrar en þær sem seljendur, Y, hafi veitt. Hugsanleg ábyrgð fasteignasala hvað varði lýsingar í söluyfirliti og tilgreiningar á göllum takmarkist við það sem sýnilegt sé með sjónskoðun, komi fram í upplýsingum frá seljendum og upplýsingar í opinberum gögnum. Ekki sé því sýnt fram á að A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Þá hafi M gert fyrirvara um ástandsskoðun við kauptilboð sitt. Það leiði til þess að skoðunarskylda þeirra var ríkari en ella. Hafi þau við slíka ástandsskoðun ekki áttað sig á því að umræddar lagnir lágu í gegnum aðliggjandi lóð þá hljóti að vera óumdeilt að A hafi ekki getað áttað sig á því enda venja að frárennislagnir liggja aðeins að lóðarmörkum viðkomandi fasteignar.

Í viðbótarathugasemdum sem settar eru fram af hálfu M er málatilbúnaði V mótmælt. Vísað er til sérfræðiálits varðandi umræddar lagnir þar sem fram komi að það sé ekki spurning um „hvort, heldur hvenær“ lögnin komi til með að gefa sig. Upplýsingar sem fram komu í söluyfirliti hafi svo haft áhrif á þá ákvörðun M að kaupa eignina, og það hvaða verð þau voru reiðubúin að greiða fyrir hana. Fullyrðingum V um að ekkert tjón hafi hlotist af er því hafnað. Þá hljóti, þegar vísað er til „frárennislagna“ að vera um að ræða frárennislagnir í heild en ekki aðeins innan hússins sjálfs svo sem V haldi fram. Hvað varði saknæma háttsemi verði svo að beita ströngu sakarmati þegar um fasteignasala sé að ræða. Af hálfu A sé því ekki mótmælt að Y hafi sent áðurnefnt yfirlit yfir

framkvæmdir á X, en ekki hafi fengist skýringar á því af hverju þær hafi ekki skilað sér réttilega í umrætt sölufirlit. Það að M hafi látið framkvæma ástandsskoðun leysi A svo ekki undan lögbundnum skyldum hvað varði upplýsingagjöf og gerð sölufirlits.

Álit:

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á sölufirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í sölufirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðipjónustu.

Fyrirliggjandi er sölufirlit A vegna X, og er skoðunardagur eignarinnar samkvæmt því 17. febrúar 2021. Þar segir um raf-, vatns og frárennslislagnir að þær séu „endurnýjaðar“. Í nánari tilgreiningu á sölufirliti segir: „Húsið hefur verið mikið endurnýjað á síðustu 25 árum og hér að neðan er upptalning á því helsta:“ Meðal atriða sem talin eru upp er „Frárennslislagnir endurnýjaðar og lagðar í 100 mm plasti og samhliða því voru drenlagnir endurnýjaðar og settur nýr brunnur í lóð.“ Þá eru taldar upp ýmsar aðrar utanhússframkvæmdir, eins og hellulögn, verönd út frá neðri hæð, endurskipulagning lóðar o.s.frv. Er því ljóst að þrátt fyrir að í inngangi þessarar upptalningar sé talað um endurnýjun á „húsi“ gefur lesturinn tilefni til að ætla að ekki sé aðeins um endurbætur á húseigninni sjálfri að ræða. Þá verður jafnframt að telja að það að fyrirvaralaust sé tekið fram að frárennslislagnir séu endurnýjaðar hljóti að verða skilið sem svo að um sé að ræða lagnir að brunni en ekki aðeins innan veggja hússins sjálfs. Verður því ekki fallist á málatilbúnað V hvað það varðar og er það mat nefndarinnar að upplýsingar í sölufirliti hafi verið rangar hvað varðar ástand frárennslislagna.

Þá liggur fyrir mat sem fengið var í kjölfar myndunar á umræddum lögnum. Hefur því sem slíku ekki verið hnekkt en þar segir: „Lagnir undir húsi eru PVC lagnir út fyrir hús. Þar tekur við steinlögn sem liggur í gegnum lóð við nr. 60 og endar í brunni sem er í horni lóðar 58. Í þá lögn eru komnar trjárætur á kafla og er hún orðin slitin en engin göt sáust á lögninni. En þar sem þetta er steinlögn þá er þetta ekki spurning um hvort, heldur hvenær lögnin kemur til með að gefa sig.“ Þá liggur fyrir tilboð löggilds meistara í pípulögnum um útskipti á steinlögninni ásamt jarðvegsskiptum og hljóðar það upp á 3.500.912 kr. Verður samkvæmt framansögðu því að telja sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni vegna rangra upplýsinga í sölufirliti.

Kemur þá til skoðunar hvort rangar upplýsingar í sölufirliti um X sé að rekja til gáleysis starfsmanna A þannig að leiði til bótaskyldu, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015. Meðal gagna fyrir nefndinni er tölvupóstur lögmanns Y þar sem því er mótmælt að umræddar upplýsingar í sölufirliti séu frá seljendum komnar. Y hafi, með tölvupósti dags. 16. febrúar 2021, sent A lista yfir helstu framkvæmdir á þeim tíma sem X var í þeirra eigu. Umræddur listi er meðal gagna fyrir nefndinni, og þar segir í 12. lið: „Frárennslis undir húsinu nú 100 mm plaströr í stað 6" steinröra“. Samkvæmt því sem fram kemur í fyrirliggjandi tölvupósti lögmanns Y, dags. 26. október 2021, er ekki ágreiningur um að frárennslislagnir undir húsinu sjálfu hafi verið endurnýjaðar. Y hafi því veitt A réttar upplýsingar hvað það varði, og hvernig A hafi unnið úr þeim upplýsingum verði að teljast á hans ábyrgð, sbr. 10. – 12. gr. laga nr. 70/2015.

Samkvæmt framansögðu er misræmi milli þeirra upplýsinga sem Y gáfu A, en ekki virðist ágreiningur um að Y hafi sent A fyrirliggjandi lista yfir helstu framkvæmdir, og þeirrar lýsingar sem fram kemur í sölufirliti. Samkvæmt því sem fram kemur í bréfi V til nefndarinnar vísar A til þess að upplýsingar í sölufirliti hafi verið færðar inn eftir samtöl við seljendur. Því hafna Y og er í raun ekki komin fram nein haldbær skýring á umræddu misræmi í upplýsingum um frárennslislagnir, þ.e. hvaðan sú lýsing sem fram kemur í sölufirliti stafar. Eins og hér háttar til verður ekki betur séð en að A hafi, fyrir söluskoðun á X, haft undir höndum ítarlegan lista um framkvæmdir í og við X, og verður að telja að honum hefði verið í lófa lagið að taka hann beint upp í umrætt sölufirlit. Hafi síðari upplýsingagjöf seljenda leitt til umrædds misræmis verður einnig að telja það á ábyrgð A að bera slíkar upplýsingar saman við áður nefndan lista og hafa tiltækar frekari skýringar á umræddu misræmi eða gögn um síðari upplýsingagjöf Y. Í ljósi hins stranga sakarmats sem hvílir á A sem sérfræðingi verður hann að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta atriði varðar.

Verður því að telja að rangar upplýsingar í söluyfirliti sé að rekja til gáleysis A. Þá leysir það fasteignasala ekki undan ábyrgð að Y hafi að því er virðist staðfest efni söluyfirlits með upphafsstöfum sínum. Eins og mál þetta horfir við nefndinni máttu Y enda treysta því að A, sem þau keyptu sérfræðiþjónustu af, fyllti söluyfirlit út til samræmis við þær upplýsingar sem voru sannanlega frá þeim komnar.

Samkvæmt öllu framansögðu eiga M rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A. Rétt er þó að áréttu að í þeirri niðurstöðu felst ekki afstaða nefndarinnar til fjárhæðar slíkra bóta, sbr. sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda.

Niðurstaða.

M eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 411/2021

M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið eftir að henni var ekið á ljósastaur.**Gögn.**

Málskot, dags. 2.2.2021 en móttakið 3.11.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 23.9.2021.

Bréf V, dags. 24.2.2021, ásamt tölvubréfi 4.11.2021.

Málsatvik.

Klukkan 9:35 að morgni fimmtudagsins 23. janúar 2020 var lögreglu tilkynnt um umferðarslys á gatnamótum Borgarvegs og Strandvegs í Reykjavík. Þar hafði bifreiðinni A í eigu M, verið ekið á ljósastaur við norðvesturhorn gatnamótanna. B, eiginmaður M, ók bifreiðinni, en kunningjafólk þeirra voru farþegar í A og sátu í aftursæti hennar. Enginn mun hafa setið í framsæti við hlið ökumanns. Þegar slysið varð var rökkur en birta af götulýsingu. Stormur var og snjóþekja og hálsa á akbraut. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var jörð í Reykjavík umræddan morgun „þakin þéttum eða votum snjó (með eða án svella) að minna en hálfu leyti. Snjóél voru, skyggni 4. Hiti var -1 c, úrkoma var 5,3, loftþrýstingur 997,0 hPa. Vindátt var VSV, vindhraði 11,8 m/s - 16,9 m/s, hæsta vindkviða var 30,8 m/s.“

Í skýrslu lögreglunnar á vettvangi segir að erfitt hafi verið að ræða við ökumann og farþega vegna andlegs ástands en þau hafi átt það til að reka upp hróp og/eða gráta hástöfum stuttan tíma í einu. Sérstaka athygli hafi vakið að engu máli hafi skipt hvort þau sneru höfði sínu til hliðar eða hreyfðu sig á annan hátt áður en þessi grátköst eða hróp komu frá þeim. Þau hafi reynt að sitja sem fastast en þegar þau þurftu hafi þau hreyft sig eðlilega. Þá hafi einkum ökumaður stundum virst sem hann í fyrstu gæti ekki svarað lögreglu þegar spurningum var beint að honum, en svo hafi hann reynt að hvísla einhverju og þegar ekki skildist hvað hann sagði þá hafi hann snúið höfði sínu í 90 gráður og jafnvel líkami hans fylgt með. Hafi hann litið aftur í til farþeganna sem þar sátu og sagt eitthvað við þá á móðurmáli þeirra sem þau hafi heyrt og reynt að túlka á íslensku eða ensku einnig hafi verið erfitt að skilja þá. Enga sjáanlega áverka hafi verið að sjá á ökumanni eða farþegum. Kvaðst lögregluþjónn sem ræddi við ökumann og farþega hafa fengið á tilfinninguna að um leikræna tilburði hafi verið að ræða hjá fólkinu þar sem hegðun þeirra hafi ekki virst vera í samræmi við hrópin og ópin sem frá þeim hafi komið. Enginn skortur á hreyfigetu hafi verið hjá því þegar á þurfti að halda og hafi þau látið eins og þau væru með skerta meðvitund en þegar þörf var að tjá sig við hvert annað þá hafi þau getað það án vandkvæða. Þegar þau hafi verið búin að tjá sig við hvert annað hafi þau farið aftur í þann ham að láta eins og þau væru með skerta meðvitund og byrjað með fyrrgreind sársaukaóp og grát.

Á vettvangi hafi það einnig vakið athygli lögreglu að sjá hafi mátt að A hafi verið ekið vestur Borgarveg en þegar ekið sé fram hjá gatnamótunum inn á Strandveg komi Borgarvegur í vinkilbeygju til vinstri. Hins vegar hafi virst sem A hafi verið ekið til hægri þegar í beygjuna var komið fram hjá Strandvegi og upp á vegkantinn og á ljósastaurinn. Á vettvangi hafi mátt sjá að A hafi ekki verið hemlað fyrir áreksturinn. Engin för hafi verið eftir vinstri fram- eða afturhjólbarda en um fimm metrum fyrir aftan hægri afturhjólbarda hafi mátt sjá för en ekki hafi mátt greina nein hemlaför sem hefðu átt að sjást greinilega þar sem negldir hjólbarda hafi verið á öllum hjólum A.

Í lögregluskýrslu segir að mikið sjáanlegt tjón hafi orðið á A og hafi hún verið fjarlægð með dráttar bifreið af vettvangi. Einnig hafi starfsmenn Veitna komið á vettvang til að ganga frá ljósastaurnum sem hafi verið tjónaður eftir áreksturinn. Samkvæmt nánari upplýsingum frá veitufyrirtækinu sem aflað var síðar mun sjálfur staurinn ekki hafa beyglast heldur hafi jarðvegurinn gefið eftir og staurinn færst til í jarðveginum.

Í framburðarskýrslu sem tekin var af B 1. apríl 2020 kveður hann að vinur sinn hafi beðið hann að koma með sér ásamt konu hans í verslun IKEA til að skoða eldhúshillur og hafi hann samþykkt það.

Engin sérstök ástæða hafi verið fyrir því að farþegarnir hafi setið í aftursæti A. Mjög vont veður hafi verið þennan dag, mikil snjócoma og rok. Hafi hann varla séð fram fyrir sig. Hann hafi ekið á um 50 km hraða á klst., að hámarki 60 km á klst., og haldið fast um stýrið og vonað það besta. Allt í einu hafi hann fundið að hann hafi ekið á eitthvað og hann vissi ekkert hvað hafi gerst. Er hann lagði af stað heiman frá sér hafi veðrið verið í lagi en versnað aðeins er hann sótti farþegana og þegar óhappið varð hafi það verið orðið brjáláð og hann ekki séð neitt. Vegna lýsingar í vettvangsskýrslu lögreglu um

viðbrögð hans og farþeganna kvaðst B hafa orðið mjög hræddur og hafi hann titrað allur en ekki misst meðvitund. Aðspurður ítrekað neitaði B að hafa ekið á ljósastaurinn af ásettu ráði í því skyni að fremja tryggingasvik.

Framburðarskýrslur voru teknar af farþegunum hjá lögreglu 2. apríl 2020. Þau kváðu veður hafa verið mjög vont, mikill snjór og rok. Þau hafi orðið hrædd þegar áreksturinn varð auk þess sem þau hafi orðið fyrir meiðslum. Bæði svöruðu því neitandi að ætlunin hafi verið að fremja vátryggingasvik.

Skýrsla var tekin hjá lögreglu 30. mars 2020 af vitni sem kvaðst hafa séð er A var ekið á ljósastaurinn og tilkynnt um það strax til Neyðarlínunnar. Kvað vitnið mikla hálfu hafa verið þegar atvikið gerðist.

Skömmu eftir óhappið, eða um kl. 9:45, var snjómoksturæki ekið um Borgarveg/Strandveg til að ryðja snjó og salta akbrautina samkvæmt beiðni þar um frá Reykjavíkurborg.

B og farþegarnir tveir voru flutt í sjúkrahúsið á bráðamóttöku Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá spítalans vegna komunnar þangað segir m.a. að B hafi verið ökumaður bifreiðar sem hafi verið ekið á um 60 km hraða á klst. þegar henni hafi verið ekið á ljósastaur, en náð aðeins að bremsa áður.

A var kaskótryggð hjá V á slysdegi og hefur M krafist bóta úr vátryggingunni vegna þess tjóns sem varð á A við slysið.

Með tilkynningum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 27. maí 2020, var M, B og D tilkynnt með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, að rannsókn málsins hjá embættinu með tilliti til fjársvika væri hætt þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda henni áfram.

V aflaði sérstaks útreiknings, svonefnds PC Crash útreiknings, á hraða A er hún rakst á ljósastaurinn og þeirrar þyngdarhröðunar sem verkaði á bifreiðina við áreksturinn. Samkvæmt útreikningi, dags. 28. janúar 2020, er hraði A er hún lenti á staurnum sagður hafa verið 12 km á klst. og líklegasta gildi þyngdarhröðunar -2,91g.

Af hálfu M og þeirra sem voru í A umrætt sinn var aflað álitsgerðar varðandi hraða A þegar hún lenti á ljósastaurinum. Samkvæmt álitsgerð, sem dagsett er 22. október 2020, var ætlaður ökuhraði A þegar henni hafi verið ekið stjórnlaust út af veginum sagður hafa verið 38 km á klst. og þegar hún lenti á ljósastaurinum hafi ætlaður hraði verið 33 km á klst.

Að fengnum fyrrgreindum útreikningi frá 28. janúar 2020, sem V aflaði, og með vísan til þess sem komið hafði fram við rannsókn málsins hefur V hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu A, svo og vegna þess líkamstjón sem B og fyrrgreindir farþegar telja sig hafa orðið fyrir í slysinu. Höfnun bótaskyldu vegna líkamstjóns B og farþeganna byggir V einkum á því sem fram hafi komið við rannsókn málsins hjá lögreglu, niðurstöðu fyrrgreinds PC Crash útreiknings sem það aflaði og að þau sem voru í A hafi á bráðamóttöku Landspítalans og í síðari skoðunum hjá læknum gert meira úr sjúkdómseinkennum sínum en efni stóðu til m.a. með tilliti til þess hvernig einkennum þeirra hafi verið lýst í vettvangsskýrslu lögreglu. Hafi þessir þrír aðilar þannig vísitandi reynt að fá bætur fyrir líkamstjón sem þau eigi ekki rétt á.

Hvað kröfu um bætur úr kaskótryggingunni varðar tekur V fram að B, maki M, hafi ekið A umrætt sinn. Kveðst V vísa til ákvæðis í almennum skilmálum félagsins sem hljóði svo:

„Ákvæði, sem kveða á um að réttur vátryggðs eða þriðja aðila til bóta úr skaðatryggingum skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um samsvarandi háttsemi maka vátryggðs sem býr með honum og manns sem hinn vátryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.“

Með því að bótaréttur sé ekki fyrir hendi hjá ökumanni, þ.e. maka skráðs eiganda A, og með vísan til framangreinds ákvæðis telur V að greiðsluskylda sé ekki heldur fyrir hendi úr kaskótryggingu A.

Álit.

Með úrskurði nefndarinnar 26. október 2021 í máli nr. 48/2021 var komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt hafi fram á samkvæmt gögnum málsins að B hafi af ásetningi ekið á ljósastaurinn né heldur að hann hafi ýkt sjúkdómseinkenni sín í þeim tilgangi að fá greiddar hærri bætur en hann kann að eiga rétt til og því væru ekki fyrir hendi skilyrði til að fella niður ábyrgð V á grundvelli 1. mgr. 89. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Taldist M því eiga rétt á óskertum bótum fyrir líkamstjón sitt af völdum umrædds umferðarslyss úr slysatryggingu A hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón. Samkvæmt þessari niðurstöðu verður að telja ósannað B hafi valdið tjóni á A með háttsemi sem getur leitt til þess að réttur M til bóta úr kaskótryggingunni skerðist eða falli niður með vísan til fyrrgreinds ákvæðis í almennum skilmálum V.

Enn fremur verður að horfa til þess að í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 er kveðið á um þá meginreglu, þegar um skaðatryggingar er að tefla, að í vátryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, er

óheimilt að semja með þeim hætti að váttryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl. Í a-lið 2. mgr. sömu greinar er hins vegar kveðið á um það að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. megi semja svo um að við váttryggingu ökutækja megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Þrátt fyrir að B sé maki M liggur ekkert fyrir í gögnum málsins að B hafi með samþykki M verið ábyrgur fyrir A í skilningi síðastgreinds lagaákvæðis. Þegar af þeirri ástæðu leiðir það einnig til þess að V er óheimilt að bera fyrir sig háttsemi B til að fella niður bætur úr kaskótryggingunni, jafnvel þótt háttsemin teljist hafa verið með þeim hætti sem V heldur fram. M á því óskoraðan rétt til bóta vegna tjónsins á A úr kaskótryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M rétt á fullum bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 412/2021**M og
V v& Ábyrgðartrygging atvinnureksturs X.****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

Málskot móttakið 10.11.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf V dags. 17.12.2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf lögmanns M dags. 02.02.2022.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína þann 15. desember 2020 er stæða af prófilstáli féll ofan á fætur hans. Tildrög slyssins eru þau að M stóð milli prófilbúnta sem hvert eru 100x100mm að lengd og 50-60 kg. að þyngd. Í hverju búnti voru 20 prófilstangir festar saman og var hlutverk M að setja stroffu utan um einn prófil sem átti svo að lyfta með krana. Samstarfsmaður M stjórnaði krananum og er hann lyfti prófilnum runnu fimm aðrir af stað og fóru á hné, sköflung og fætur M með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu eða lögreglu. Þann 9. apríl 2021 gerði M kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með bréfi dags. 20. október 2021.

M telur að orsök slyssins megi rekja til óviðunandi vinnuaðstæðna og verklags. Að mati M var verklagi ábótavant og óöruggt umrætt sinn. Samstarfsmaður M hafi valdið því að skriður komust á stæðuna og á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar beri X ábyrgð á tjóninu. M hafi í fyrsta sinn verið að vinna þetta starf og reynsla hans því lítil sem engin. X hafi borið að sjá til þess að verkstjórn með verkinu væri fullnægjandi þar sem um hafi verið að ræða þunga og stóra byrði sem var uppstöfluð. Það verklag eitt og sér, að starfsmaður standi fyrir framan stæðu af prófilum og eigi þar að skera á strappa og koma á stroffi fyrir upphígingu sem framkvæmd var af öðrum starfsmanni á krana sé í eðli sínu hættuleg. Vísar M til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerðar nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar, reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og reglna nr. 198/1983. Bendir M sérstaklega á að slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu en samkvæmt 79-81. gr. laga nr. 46/1980 hvíli fortakslaus skylda á vinnuveitanda að tilkynna slys til Vinnueftirlitsins. Vísað er til þess að af dómaframkvæmd megi ráða að vanræki atvinnurekandi tilkynningaskyldu sína beri hann hallann af sönnunarskoti um málsatvik.

V hafnar því að slysið megi rekja til óviðunandi vinnuaðstæðna eða að verkstjórn hafi ekki verið fullnægjandi í umrætt sinn. Telur V að slysið megi rekja til eigin óaðgæslu M. Ekki sé rétt að M hafi verið að vinna verkið í fyrsta skipti og einn. Hann hafi verið reynslumikill starfsmaður og unnið sambærileg störf margoft. Í upphafi verks hafi verkstjórn farið með starfsmönnum á staðnum og útskýrt í hverju verkið væri fólgið og öryggisatriði. M hafi ekki farið eftir skýru verklagi um að ekki ætti að ganga á milli prófilstæða líkt og M gerði þar sem hætta væri á að prófilarnir myndu falla. Rétt hefði verið að ganga meðfram endum stæðanna en ekki fara á milli þeirra.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var M frá vinnu eftir slysið til 25. janúar 2021 að undanskildum 1 ½ vinnudegi dagana 21. og 22. desember 2020. Þannig er ljóst að X bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins án ástæðulausrar tafar. Það var ekki fyrr en 25. febrúar 2021 sem Vinnueftirlitinu barst tilkynningin og engin rannsókn fór því fram á slysinu. Verður X því að bera hallann af sönnunarskoti um atriði sem hafa áhrif á sakarmat, sé hann til staðar. M og X greinir á hvort verkstjórn hafi verið fullnægjandi, hvaða reynslu M hafði af slíku verki, hvaða leiðbeiningar hann hafði fengið og hvort M hafi vikið frá fyrirmælum verkstjóra. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Þar sem fullnægjandi upplýsingar skortir um þessi atriði verður X að bera hallann af því m.a. vegna þess að

Það lét hjá líða að kalla til Vinnueftirlitið til að gera úttekt á aðstæðum á vinnustað þegar slysið varð. Tilkynning til Vinnueftirlitsins styður frásögn M um að hann hafi verið að vinna verkið í fyrsta sinn. Ekki er af hálfu X sýnt fram á að M hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um framkvæmd verksins eða að verkstjórn hafi veri fullnægjandi í umrætt sinn. Verður þannig talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Sóley Ragnarsdóttir

Reykjavík, 22. febrúar 2022.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 414/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar innar A****Ágreiningur um skerðingu bóta vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

Málskot, móttækið 12.11.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 26.11.2021.
Bréf V, dags. 17.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M varð fyrir líkamstjóni er hún var farþegi í hægri framsæti bifreiðarinnar A sem valt á Þorlákshafnarvegi um kl. eitt aðfaranótt 28. nóvember 2020. B, ökumaður A, var undir áhrifum áfengis. Tekið var úr honum blóð í þágu rannsóknar málsins kl. 2:25 og áfengismagn í því sýni mældist 1,6‰. Næst var dregið úr honum blóð kl. 3:26 og áfengismagn í því sýni mældist 1,47‰. Loks var tekið úr honum blóð kl. 4:29 og í því sýni mældist áfengismagn 1,32‰. Að mati Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, sbr. bréf dags. 27. janúar 2021, má ætla að áfengismagn í blóði B um það leyti sem slysið varð hafi verið um 1,9‰.

Samkvæmt skýrslu sem tekin var af M hjá lögreglu 14. desember 2020 kvaðst M hafa kvöldið fyrir slysið hafa verið í „beer pong“ heima hjá D, vinkonu sinni ásamt fleirum. Hafi hún drukkið þar töluvert af áfengi. Um kl. 22:00 hafi hún og vinkona hennar verið sótt af þremur karlmönnum, þ. á m. B, sem hafi ekið A, og E. Hafi þau fimm farið á rúntinn og stoppað í bílskúr heima hjá tilgreindum aðila. Hún hafi svo farið aftur á rúntinn með B, D og E. Kvaðst M muna að þau hafi ætlað til Reykjavíkur og að B hafi ekið mjög greitt á allt að 190 km hraða á klst. Hún muni ekki eftir ferðinni sökum ölvunar en hún hafi byrjað að drekka um kl. 20:00. Hafi hún drukkið mikið heima hjá D og drukkið áfengi allt þar til slysið varð. Hún kvaðst ekki hafa séð B neyta áfengis og hafi ekki vitað að hann væri drukkinn.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 3. desember 2020 kvaðst B viðurkenna að hann hafi ekið undir áhrifum áfengis. Hann kvaðst hafa verið að aka með M, D og E í A og komið við á ótilgreindu verkstæði þar sem hann hafi drukkið þrjá bjóra. Hann hafi svo ekið eftir Þorlákshafnarvegi í átt að Hveragerði á um 95-100 km hraða er vindhviða hafi komi á A og við það hafi A farið út af veginum og oltið. Næst muni hann eftir sér að eftir að hafa farið út úr A í gegnum framrúðuna og staðið svo fyrir utan A. Kvaðst B hafa verið búinn að drekka um 3-4 stóra bjóra í gleri, 500 ml að hann taldi. Hann kvaðst ekki hafa verið ölvaður en fundið lítillaga til áfengisáhrifa, en hann hafi verið í “mest ökuhæfasta ástandi“ af þeim sem voru í A og því hafi hann ekið. Hann hafi byrjað að drekka um kl. 21:00 og hætt að drekka skömmu áður en slysið varð.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir D að B hafi verið ölvaður.

Álit.

Samkvæmt 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 telst ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki ef magn vínanda í blóði hans nemur 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,60 milligrömmum í lítra lofti eða meira.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Enn fremur er mælt fyrir um það í 4. mgr. sömu lagagreinar að bætur fyrir líkamstjón má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

M var 18 ára og tæpra fimm mánaða gömul þegar slysið varð. Hún hafði verið með B í A nær samfelld frá kl. 22 um kvöldið fyrir slysið og m.a. komið við í bílskúr eða verkstæði þar sem B kvaðst hafa neytt áfengis. Þá verður að telja yfir allan vafa undirorpið að B var undir það miklum áfengisáhrifum að M gat ekki dulist ástand B að þessu leyti. Því getur ekki breytt þótt M hafi sjálf verið undir áfengisáhrifum. Af þeim sökum var hún meðvöld að líkamstjóni því sem hún vað fyrir af stórkostlegu gáleysi. Gáleysið var verulegt. Að öllu athuguðu, þ. á m. tiltölulega ungum aldur M, þykir rétt að skerða bætur til hennar um helming og að sama skapi telst hún eiga rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt að bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 415/2021**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna upplýsinga á söluyfirliti
vegna sölu á fasteign árið 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12. nóvember 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 2. desember 2021.
Bréf M, dags. 8. desember 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi í maí 2016 fengið söluyfirlit vegna íbúðar hjá fasteignasölu X og skoðað hana í lok þess mánaðar. Á söluyfirliti kom fram að vatns- og frárennislagnir væru endurnýjaðar að hluta sem og raflagnir. Einnig kemur fram af hálfu M að í söluskoðun vegna íbúðarinnar hafi komið fram hjá starfsmanni fasteignasölu að skipta ætti út svalahurð fyrir afhendingu eignarinnar. M keyptu umrædda íbúð með kaupsamningi stuttu síðar. Haustið 2016 kom fram leki meðfram svalahurð og M tilkynntu seljendum um ýmsa vankanta á íbúðinni og áttu í samskiptum vegna þessa í september 2019. Í gögnum málsins má sjá bréf frá lögmanni seljanda dags. 19. september þar sem kemur fram að seljandi hafi fyrir gerð söluyfirlits upplýst X um að skipt hefði verið um vask í baðherbergi og eldhúsi og sett upp upphengt klósett í stað gólfstandand. Einnig hafi verið tiltekið af hálfu seljanda að farið hefði fram endurnýjun á tilteknum rafmagnsinnstungum í eigninni, sem draga þurfti rafmagnsleiðslur í, auk annarra atriða.

M telja að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni þeirra sem hefur hlotist af því að skipta út lögnum sem hafi verið upprunalegar og þeim hafi því ekki verið skipt út og afleitt tjón hafi orðið á parket út frá svalahurð sem ekki hafi verið skipt út fyrir afhendingu heldur einungis rúðu í svalahurðinni. M telja að orðalag í söluyfirliti um að vatns- og raflögnum hafi verið skipt út að hluta hafi verið rangt í söluyfirliti og hafi samskipti við fasteignasölu X verið með þeim hætti að þau hefðu haft væntingar um að lítið viðhald væri framundan á íbúðinni eða húseigninni og hafi það verið forsenda kaupanna. M lýsa því að þau hafi borið málið upp við X og fasteignasöluna margoft en ekki fengið svör. Þau vísa til þess að X hafi með framgöngu sinni og sinnuleysi bakað sér bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu og sú krafa þeirra sé ekki fyrnd eða að um tómlæti hafi verið ræða af þeirra hálfu.

V hafa hafnað bótaskyldu og vísa til þess að skaðabótaskylda X sem fasteignasala byggir á sakargrundvelli, sbr. 2. mgr. 12. gr. og 27. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna. Þar komi fram að fasteignasali beri ábyrgð ef upplýsingar í söluyfirliti reynist rangar eða ófullnægjandi, sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra sem starfa í hans þágu. V telur ósannað að upplýsingar í söluyfirliti hafi verið rangar eða ófullnægjandi og vísar til þess að fasteignasali beri ekki ábyrgð vegna upplýsinga sem koma beint frá seljanda. Sönnunarbyrði um skaðabótaábyrgð X hvíli á M og ekki sé sýnt að X hafi farið gegn fyrirmælum laga nr. 70/2015 eða öðrum fyrirmælum sem gilda um hans störf. Því er vísað á bug að starfsmaður X hafi gefið rangar upplýsingar um fyrirhuguð útskipti á svalahurð. Einnig vísar V til þess að kröfur M séu fallnar niður fyrir tómlæti eða fyrndar með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem fimm og hálf ár séu liðin frá því M fengu íbúðina afhenta.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort upplýsingar í söluyfirliti íbúðar sem M keyptu hafi verið rangar og ófullnægjandi vegna gáleysis X eða starfsmanna sem starfa undir boðvaldi hans. Umræddar upplýsingar eru annars vegar um að vatns- og raflagnir í íbúð í fjöleignarhúsi, sem M keyptu íbúð í hafi verið endurnýjaðar að hluta og hins vegar hvort rangar upplýsingar hefðu verið gefnar um ástand svalahurðar við söluskoðun. Að mati nefndarinnar getur, m.v. þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu, ekki talist til gáleysis af hálfu X að hafa hagað orðalagi í söluyfirliti þannig að vatns- og raflagnir hafi verið endurnýjaðar að hluta. Ekki kom fram að vatns- og raflagnir hefðu verið endurnýjaðar að fullu og ekki telst sannað að upplýsingar þær sem komu frá seljendum hafi verið þannig ranglega hafi verið haft eftir þeim um ástand íbúðarinnar í söluyfirliti. Um þetta bera

M sönnunarbyrði og bera því hallann af sönnunarskorti þar um. Sama gildir um meintar upplýsingar um skipti á svalahurð eða svalagleri við söluskoðun.

Af þessu verður því ekki ráðið að sýnt hafi verið fram á skaðabótaábyrgð X og greiðsluskylda úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X því ekki fyrir hendi. Hvernig samskiptum hefur verið háttað milli X og M getur fellur ekki undir starfssvið þessarar nefndar, enda hefur hún ekki sama hlutverk og eftirlitsnefnd fasteignasala skv. 19. gr. laga nr. 70/2015.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 416/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og áreksturs 7. febrúar 2021.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.11.2021, ásamt fylgiskjölum 1-12.
Bréf V, dags. 30.11.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 7. febrúar 2021 hafi A verið ekið aftan á B, sem M var farþegi í, við hringtorg við Mýrargötu, Reykjavík. Ekki er um það deilt að sök á umræddum árekstri hvíli á A. Fram kemur að M hafi fljótlega kennt einkenna eftir slysið og leitað til heimilislæknis hinn 11. febrúar 2021. Hafi M þá verið greindur með tognun á hálsþrygg og brjósthrygg og fengið beiðni í sjúkrahjálfun og vottorð um óvinnufærni. Hafi M ítrekað leitað til læknis síðan, vegna verkja og andlegar líðanar í kjölfar árekstursins. Þá hafi M sótt sjúkrahjálfun í 27 skipti á tímabilinu 18. febrúar 2021 til og með 14. október s.á. og sé enn til meðferðar sjúkrahjálfa. M hafi verið heilsuhraustur fyrir umrætt atvik og ekki glímt við sambærileg einkenni og hrjái hann nú. Hafi M því tilkynnt V um tjón sitt og óskað afstöðu þess til bótaskyldu. V hafi, með tölvupósti dags. 26. apríl 2021, hafnað kröfu M með vísan til þess að samkvæmt PC-Crash skýrslu væri útilokað að M hefði orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu enda geti svokölluð PC-Crash skýrsla, sem V hafi aflað einhliða, ekki hnekktt vottorðum heimilislæknis og sjúkrahjálfa, sem sýni fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram að tjónstilkynning hafi borist frá M hinn 30. mars 2021, en þar hafi komið fram að M hefði hlotið áverka á hálsi, herðum og baki en auk þess hefði verið um andlegar afleiðingar að ræða. Þar sem gögn málsins hefðu borið með sér að um afar vægan árekstur hefði verið að ræða hefði V látið endurgera áreksturinn í PC-Crash forritinu. Niðurstaða þess hefði verið sú að um afar vægan árekstur hefði verið að ræða og ekki þess eðlis að varanlegt líkamstjón gæti hafa hlotist af honum, enda hafi hröðunin á líkama M verið svipuð hröðun sem fylgi ýmsum athöfnum dagslegs lífs. Höfnun V á bótaskyldu byggir á því að ekki geti verið orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegru og andlegru einkenna sem M lýsi. Vottorð þau sem M vísi til séu þá byggð á þeim röngu forsendum að um harðan árekstur hafi verið að ræða, og verði því ekki lögð til grundvallar. Þá séu einkenni M almenns eðlis og megi allt eins rekja þau til annarra orsaka, eins og líkamsrættar eða vinnuálags. Ekki sé því aðeins byggt á PC-Crash skýrslu við höfnun bótaskyldu heldur heildstæðu mati á fyrirliggjandi gögnum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 7. febrúar 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Fyrir liggur að M leitaði til læknis hinn 11. febrúar 2021, vegna einkenna sem hann rakti til árekstursins, og var hann þá greindur með tognun á hálsþrygg og brjósthrygg, og whiplash einkenni sögð áberandi. Var M metinn óvinnufær í tvær vikur en síðar var óvinnufærnivottorð framlengt og var M því metinn óvinnufær frá 12. febrúar 2021 til 5. mars 2021. Þá kemur fram í ódagsettu læknisvottorði að M hafi, við komu til læknis hinn 11. mars 2021, verið ávísuð verkja- og bólgueyðandi lyf auk kvíða- og þunglyndislyfja vegna afleiðinga árekstursins. Við skoðun hinn 13. september 2021 hafi M greinilega verið með skerta hreyfifærni við ventral og dorsal flexio einnig til hliðanna, þá sérstaklega hægri hliðar. Jafnframt kemur fram að framfarir hans séu hægar. Þá kemur fram í umræddu læknisvottorði að hvað varði fyrra heilsufar þá sé ekki frá miklu að segja og verður ekki ráðið af fyrirliggjandi gögnum að M eigi sögu um einkenni frá stoðkerfi eða andlega kvilla eins og þá sem hann hefur lýst hjá lækni í kjölfar árekstursins. Í umræddu vottorði er getið um fleiri komur M til læknis vegna einkenna sem hann rekur til árekstursins og er því ákveðin samfella í

sjúkrasögu hans í kjölfar umrædds atviks. Þá liggur fyrir nefndinni skýrsla sjúkraþjálfara, dags. 14. október 2021, en M mun hafa sótt sjúkraþjálfun í alls 27 skipti á tímabilinu 18. febrúar til 14. október 2021. Kemur fram í samantektarkafla þeirrar skýrslu að M beri klár merki um hálsþnykkseinkenni í kjölfar áreksturs. Verður samkvæmt öllu framansögðu að M hafi sýnt nægilega fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni við umræddan árekstur, enda liggur fyrir læknisvottorð um óvinnufærni M í kjölfar hans. Verður því að telja bótaskylda sé fyrir hendi, að því marki sem M getur sýnt fram á tjón sitt, en mats- eða álitgerð um varanlegar heilsufarslegar afleiðingar liggur ekki fyrir.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 418/2021

**M og
V v/ réttaraðstoðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna fyrirhugaðs dómsmáls til viðurkenningar á eignarhaldi á hluta í landi.

Gögn.

Málskot, móttakið 15.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.12.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kveður M að A og B, föðurforeldrar hennar, hafi á árinu 1996 afsalað til málamynda tiltekinni jörð, D, til tveggja barnabarna sinna, E og F. Ráðstöfun þessa hafi A og B gert vegna yfirvofandi gjaldþrots þeirra. E hafi síðan afsalað sínum hlut til móður sinnar sem aftur hafi afsalað þeim hluta til F. Þar sem upphaflega afsalið hafi verið til málamynda vegna yfirvofandi gjaldþrots sé F ekki raunverulegur eigandi D heldur séu erfingjar þeirra A og B sameigendur jarðarinnar. Þess hafi verið krafist að F hlutist til um að skráning D verði leiðrétt í samræmi við raunverulegt eignarhald. Því hafi verið hafnað af hálfu F. Því þurfi að höfða dómsmál til viðurkenningar á eignarrétti erfingja A og B að D. Ágreiningsefni sé á sviði samninga- og kröfuréttar um málamyndasamninga og sönnun í þeim efnum og erfðarétti M.

M er váttryggð samkvæmt fjölskyldutryggingu hjá V, en sú váttrygging felur í sér m.a. sérstaka réttaraðstoðartryggingu. Hefur M krafist verndar samkvæmt réttaraðstoðartryggingunni hjá V vegna þess dómsmáls sem hún hyggst höfða á hendur F til viðurkenningar á eignarrétti sínum í D. V kveður réttaraðstoðartrygginguna ekki taka til dómsmálsins og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum réttaraðstoðartryggingar þeirrar sem hér á í hlut greiðir váttryggingin málskostnað vegna ágreinings í einkamáli, sem snertir váttryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar almennra dómstóla hér á landi. Einnig eru í skilmálunum talin upp í ellefu stafliðum (a-k) atvik sem eru undanþegin bótaskyldu samkvæmt váttryggingunni. Segir m.a. í einum staflið að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar.

Líkt og að ofan greinir hyggst M höfða dómsmál á hendur F til viðurkenningar á eignarrétti sínum í D. Byggir málshöfðunin þannig á því að M sé eigandi D að hluta. Dómsmálið varðar því M sem eiganda fasteignar. Því breytir ekki þótt eignarhald M í D byggist á erfðum og eignarhald F skuli víkja á grundvelli reglna samninga- og kröfuréttar um málamyndagerninga. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis telst M ekki eiga rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingunni vegna hins fyrirhugaða dómsmáls á hendur F.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 419/2021**M og
V1 og V2 v og V3****Heiti váttrygginga: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs (V1 og V2) og starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra (V3).****Gildissvið váttryggingarskilmála. Tjónshugtak. Skaðabótaábyrgð. Sérfræðiábyrgð. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 16. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 2. desember 2021.

Bréf V1, dags. 8. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V3, dags. 9. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf lögmanns M, dags. 2. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M séu eigendur raðhúsa að X. Samkvæmt matsgerð dómkvadd matsmanns, dags. 8. mars 2021, kemur fram að umræddar húseignir eru að hans mati rangt staðsettar m.v. gildandi deiliskipulagsskilmála, lóðarblöð, heiðarblöð og samþykkt hönnunargögn og sé skekkja í mælingu um þrjár metrar. Í matsgerðinni kemur einnig fram hver kostnaður af því að færa og endurgera húseignirnar á öðrum stað sé og hver heildarkostnaður sé vegna lóðargerðar og frágangs annarra húsa og flutnings og húsaleigu íbúa. Í viðbótarmatsgerð vegna verðmætisrárnunar skv. beiðni lögmanns M dags. 7. júlí 2021 kemur fram tölulegt mat vegna ætlaðrar verðmætisrárnunar á hverju húsi fyrir sig samtals kr. 15.062.950. Í þessari viðbótarmatsgerð kemur fram að lögmaður M hafi ekki talið nauðsyn á að boða matsþola „fyrra mats“ til matsfundar.

Í gögnum málsins kemur fram að Z hafi keypt lóðir að X í mars 2017 og lagt inn til byggingarfulltrúa X teikningar af raðhúsum M á árunum 2017 og 2018. Z var einnig byggingarstjóri við byggingu húsa M. Í málskoti kemur fram að úttekt var gerð á sökklum fyrrnefndra húsa, nánar tiltekið hinn 22. ágúst 2017 á húsi nr. 111. Í úttektarsögu byggingarfulltrúa X var skráð að byggingarfulltrúi hafi krafist þess að byggingarstjóri (Z) kallaði eftir svokallaðri tékkmælingu á sökklunum. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að skrifleg gögn liggi fyrir um slíka tékkmælingu. Hins vegar liggur fyrir í málinu tölvupóstur dags. 28. júní 2017 frá byggingarfulltrúa X þar sem þeirri beiðni er beint að starfsmönnum sjálfstæðrar verkfræðistofu að mæla fyrir húsi og lóð að sé í samræmi við gögn sem send voru með póstinum. Einnig er sá tölvupóstur sendur til starfsmanns Z sem hafði með höndum byggingarstjórn og segir byggingarfulltrúi X jafnframt í tölvupóstinum að starfsmenn verkfræðistofunnar eigi að hafa samband við starfsmanna Z og að sá eigi að taka við mælingunni ásamt því að þeir starfsmenn eigi að senda upplýsingar um mælingu „... og síðar tékkmælinguna sem byggingarstjórinn skal biðja ykkur um áður en hann pantar úttekt á sökklum hjá mér.“

Þegar gögn málsins eru tekin saman er verulegur ágreiningur hvort svokölluð tékkmæling hafi átt sér stað, hver hafi eftir atvikum gert hana eða átt að gera hana og hverjum bar að staðreyna að bygging Z væri í samræmi við gildandi deiliskipulagsskilmála, lóðarblöð, heiðarblöð og samþykkt hönnunargögn. Af því leiðir að verulegur ágreiningur er um hverjum bar að sjá til þess að þriggja metra skekkja, sem dómkvaddur matsmaður komst hinn 8. mars 2021 að væri til staðar, myndaðist ekki við byggingu húsa M og er grundvöllur kröfu M um bætur vegna tjóns sem þau telja sig hafa orðið fyrir.

M telja sig hafa orðið fyrir fjártjóni vegna þessa og megi rekja það til mistaka og aðgæsluleysis annars vegar sveitarfélagsins X og hins vegar byggingarstjórans Z.

Ábyrgðartrygging X hjá V1 (í gildi frá 2014-2018):

Fyrst verða raktar kröfur M á hendur sveitarfélaginu X sem var váttryggt með ábyrgðartryggingu hjá V1 á tímabilinu 2014-2018 og eftir það hjá V2. Krafa M er fyrst á hendur V1 þar sem M telja að starfsmenn X hafi gert mistök annars vegar á hæðarútsetningu húsanna 111-115 og hins vegar vegna útsetningu sökklá á húsunum á árunum 2017-2018 á gildistíma ábyrgðartryggingar hjá V1. Til vara telur M að tjón hafi orðið á árinu 2019 þegar M urðu þess vör og þá nái ábyrgðartrygging V2 til tjónsins. Nánar tiltekið telja M að skaðabótaábyrgð X byggi á því að X hafi átt að gæta þess að mæling ætti sér stað skv. ofansögðu og beri ábyrgð á þeim sam hana framkvæmdi, hvort sem það er byggingarfulltrúi eða starfsmaður verkfræðistofu sem fengin var til mælinga. M telja að sú

háttsemi, að gæta þessa ekki, hafi leitt til þess að sökklar húsa M hafi verið þremur metrum nær húsi nr. 109 en kveðið er á um í svokölluðu lóðarblaði. Einnig telja M að byggingarfulltrúi hafi átt að staðreyna staðsetningu sökkla og að hann hafi ekki gert athugasemdir við hæðir eða staðsetningu húsanna, eins og honum hafi borið að gera, sbr. hlutverk hans í gr. 3.7.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Einnig vísa M til byggingarskilmála þar sem komir fram ákvæði um skyldur X áður en sökfullur sé steiptur sem og að X beri ábyrgð á réttri framkvæmd. M telja einnig að hver sá sem komið hafi að mælingu sé starfsmaður X í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð og að fullnægjandi sönnun um skemmdir á munum M komi fram í matsgerð dags. 8. mars 2021.

V1 hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X annars vegar á skaðabótaréttarlegum forsendum, þar sem V1 telur að skaðabótaábyrgð hafi ekki stofnast af hálfu X og hins vegar á vátryggingaréttarlegum forsendum þar sem mögulegt tjón M sé hvorki líkamstjón né tjón vegna skemmda á munum og falli því þegar af þeirri ástæðu ekki undir gildissvið ábyrgðartryggingar X. V1 vísa til vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar X þar sem gildissvið vátryggingarinnar er þannig afmarkað að hún nái til skaðabótaábyrgðar sem fellur á X vegna líkamstjóns eða skemmda á munum, enda verði slíkt tjón rakið til skyndilegs og óvænts atburðar á vátryggingartímabilinu. V1 telur að mögulegt tjón M geti ekki verið tjón vegna skemmda á munum og vísar þess að í niðurstöðu matsgerðar dómkvaddis matsmanns sé ekki sönnun vegna skemmda á munum, t.d. leiði röng staðsetning húsa M ekki til brunahættu nærliggjandi húsa eða húsa M.

Ábyrgðartrygging X hjá V2 (í gildi frá 1. janúar 2019):

V2 hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að þau atvik sem leiddu til mögulegs tjóns M hafi átt sér stað utan gildistíma ábyrgðartryggingar X hjá V2 skv. 4. gr. vátryggingarskilmála hennar. Þar komi fram að vátryggingin nái til atvika sem eigi sér stað á vátryggingartíma og tjón hafi hlotist af. Ábyrgðartrygging X hjá V2 hafi ekki tekið gildi fyrr en 1. janúar 2019 og þá hafi þau atvik sem M telji að leiði til skaðabótaábyrgðar X þá þegar átt sér stað. Einnig vísar V2 til þess að gildissvið vátryggingarinnar sé tilgreint í 2. gr. vátryggingarskilmálanna og þar komi fram að vátryggingin nái til skaðabótaábyrgðar vegna líkamstjóns eða skemmda á munum enda verði slíkt tjón rakið til skyndilegs og óvænts atburðar. V2 telur að þau skilyrði sé ekki uppfyllt af hálfu M.

Starfsábyrgðartrygging Z hjá V3:

M telja einnig að tjón þeirra sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar byggingarstjórans Z sem vátryggður er með starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá vátryggingafélaginu V3. M byggja á bótareglu 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010, sbr. 4.7.7. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um skaðabótaábyrgð byggingarstjóra skv. almennum reglum. M vísa til þess að í skipulagslögum, mannvirkjalögum og byggingarreglugerð séu lagðar umfangsmiklar skyldur á byggingarstjóra um að hann skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem komi að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga og reglugerða. Sakarmat byggingarstjóra sé strangt og það sé ljóst af matsgerð dómkvaddis matsmanns að bygging húsa M hafi ekki verið faglega og tæknilega fullnægjandi eða í samræmi við hönnunargögn og deiliskipulag og beri byggingarstjóri ábyrgð á því. M vísa einnig til lokamálsgreinar 3.7.1. í byggingareglugerð nr. 112/2012 þar sem fram komi að séu gerðar athugasemdir í skoðunarskýrslu skuli byggingarstjóri sjá til þess að bætt verði úr og úttekt endurtekin. M telur að með því að byggingarstjóri Z kallaði ekki eftir svokallaðri tékkmælingu á sökkli húsa M eða endurtekinni úttekt á sökklum hafi hann brotið gegn skyldum sínum í fyrrnefndu ákvæði. Einnig vísar M til kafla 4 í matsgerð dómkvaddis matsmanns um að sá hinn sami líti svo á að byggingarstjóri hafi ekki rækt eftirlitsskyldur sínar eins og efni og ábyrgð ætti að standa til. Þannig hafi byggingarstjórinn sýnt gáleysi sem leiði til bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu hjá V3.

V3 hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að verktakafyrirtækið Z hafi greitt byggingargjöld til X og þar á meðal gjald fyrir útsetningu húsa M, sem X framkvæmdi í ágúst 2017 að ósk Z. Vísar V3 til framburða tveggja nafngreindra starfsmanna Z sem voru við vinnu á verkstað þegar ætluð mæling átti sér stað. V3 vísar einnig til þess að sú skylda hafi hvílt á X að framkvæma endurmælingu á sökkli og annast lokaútsetningu á lóðamörkum skv. byggingarskilmálum sem og að skyldu hvíli á byggingarfulltrúa að sjá til þess að mælingar séu réttar. V3 vísar til þess að í 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga komi fram að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem komi að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga og reglugerða. Þannig segi einnig að komi fram verulegir ágallar á mannvirki við úttekt, sem ekki hafi verið bætt úr og rekja megi til stórfelldra vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, beri byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllum ef honum hefði ekki mátt dyljast ágallarnir. Einnig komi fram í 7. mgr. 29. gr. að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli

skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. V3 telur að umrædd ákvæði um ábyrgð byggingarstjóra feli í sér að ábyrgð hans sé takmarkaðri en skv. eldri lögum og komi ekki til nema í undantekningartilvikum. Vísað er til þess að ekki sé sýnt fram á stórfellda vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara, sem og að ósannað sé að ágalli hafi ekki átt að dyljast Z þar sem atvik sem leiddu til rangrar staðsetningar húsa hafi verið vegna atvika og aðstæðna sem X bæri ábyrgð á og hafi ekki verið aðstæður af hálfu Z að rengja þær mælingar sem framkvæmdar voru af hálfu X eða aðila á þeirra vegum. Einnig vísar V3 til skyldu M til að takmarka tjón sitt og að ósannað sé að M hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, þar sem ekki sé sannað að það þurfi að endurbyggja hús M, auk þess sem þeim hafi mátt vera ljóst við kaup á húsunum hvernig staðsetningu þeirra var háttað gagnvart öðrum húsum. Einnig vísar V3 því á bug að tjón M verði staðreynt af viðauka við matsgerð dómkvaddis matsmanns, sem óskað hafi verið eftir af hálfu lögmanns M hinn 7. júlí 2021 þar sem V3 hafi ekki verið boðað á matsfund vegna málsins eða getað gætt hagsmuna sinna við viðauka matsgerðarinnar.

Álit.

Kröfur M á hendur X annars vegar og Z hins vegar um bótaskyldu úr váttryggingum hjá þremur mismunandi váttryggingafélögum á mismunandi forsendum, eru eins og kemur fram í málsatvikakafli hér að ofan, nokkuð umfangsmiklar og tekur nefndin afstöðu til þeirra í sömu röð og gerð er grein fyrir sjónarmiðum aðila í þeim kafla. Nefndin afmarkar umfjöllun sína við bótaskyldu úr váttryggingum í samræmi við 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005.

Ábyrgðartrygging X hjá V1 (í gildi frá 2014-2018):

Kröfur M um skaðabótaábyrgð af hálfu X eru vegna atvika sem áttu sér stað á gildistíma váttryggingarinnar, aðallega á árinu 2017 m.v. þær röksemdir sem M hafa haft uppi. Gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V1 er afmarkað þannig að þó sýnt sé fram á að skaðabótaábyrgð X geti verið fyrir hendi þá nái váttryggingin einungis til tiltekinna tjóna, þ.e. annars vegar líkamstjóna og hins vegar skemmda á munum. Þannig er hægt að gagnálykta að váttryggingin tekur ekki til svokallaðs annars fjártjóns í skilningi skaðabótaréttar. Kröfur M á hendur X fela í sér skv. málskoti skaðabótakröfur vegna tilfærslu húsa, m.a. endurbyggingarkostnað þeirra og annað fjártjón sem fælist í því að M þyrftu að flytja út úr húsum sínum og búa annars staðar á meðan. Einnig er í gögnum málsins vísað til mögulegs tjóns vegna ætlaðrar verðmætarýrnunar vegna rangrar staðsetningar húsanna. Eðli þess tjóns sem hér er talið upp er augljóslega ekki líkamstjón og getur heldur ekki talist til „skemmda á munum“ í skilningi 3. gr. váttryggingarskilmála V1 um ábyrgðartryggingu. Orðalagið „skemmdir á munum“ vísar til hugtaksins munatjón í skilningi skaðabótaréttar en slíkt tjón hefur í fræðiskrifum verið skilgreint sem tjón á hlutbundnum verðmætum öðrum en líkama, skemmd eða eyðilegging á hlut. Ekki liggur fyrir með skýrum hætti í málinu að skemmd hafi orðið á húsum M í þeim skilningi að eigendur þeirra hafi orðið fyrir munatjóni heldur getur mögulegt tjón þeirra vegna rangrar staðsetningar í besta falli talist til annars fjártjóns. Gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V1 nær ekki til slíkra tjóna og verður þegar af þeirri ástæðu ekki séð að mögulegt tjón M falli undir gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V1. Af þeim sökum verður ekki verður fjallað sérstaklega um hvort skaðabótaábyrgð geti verið fyrir hendi af hálfu X sem nýtur þá ekki váttryggingarverndar, enda er hlutverk nefndarinnar bundið við að fjalla um bótaskyldu úr váttryggingum, sbr. fyrrnefnd tilvísun til 1. mgr. 3. gr. samþykktu hennar.

Ábyrgðartrygging X hjá V2 (í gildi frá 1. janúar 2019):

Ljóst er af umfjöllun í málskoti M og öðrum gögnum að atvik þau sem M telur hafa leitt til mögulegar skaðabótaábyrgðar af hálfu X áttu sér stað á árinu 2017 og verður ákvæði 4. gr. váttryggingarskilmála um tímamörk ábyrgðartryggingarinnar ekki skilin þannig að hún taki til atvika sem áttu sér stað fyrir 1. janúar 2019, þegar X stofnaði til váttryggingarviðskipta við V2. Einnig má geta þess að gildissvið ábyrgðartryggingar V2 varðandi líkamstjón og skemmdir á munum er með sama hætti og í váttryggingarskilmálum V1, sem fjallað er um hér að ofan. Þannig fellur mögulegt annað fjártjón M utan gildissviðs ábyrgðartryggingar V2.

Starfsábyrgðartrygging Z hjá V3:

Að lokum reynir á hvort það almenna fjártjón sem M hafa mögulega orðið fyrir vegna rangrar staðsetningar húsa sinna sé hægt að rekja til skaðabótaskyldu byggingarstjórans Z og þannig bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu Z hjá þriðja váttryggingafélaginu, eða V3. Gildissvið þeirrar váttryggingar nær skv. gr. 4.1. í váttryggingarskilmálum V3 til almenns fjártjóns og getur nefndin því fjallað um önnur skilyrði til bótaskyldu úr þeirri váttryggingu, þ.e. hvort skaðabótaábyrgð

byggingarstjóra geti verið fyrir hendi skv. fyrirbyggjandi gögnum. Af þeim gögnum verður ekki annað ráðið en að nokkur ágreiningur sé um hvaða mælingar nákvæmlega voru gerðar af hálfu sveitarfélagsins X, hvaða mælingar voru gerðar af verkfræðistofu sem X fékk til mælinga og hvort byggingarstjóri hafi átt að sjá til þess að frekari mælingar ættu sér stað áður en sökkklar húsa M voru steypdir. Í gögnum málsins vísa aðilar hvor á hinn og óljóst er af sömu gögnum hvaða hlutverk verkfræðistofa hafði við mælingarnar. Sönnun atvika er því ekki skýr af umræddum gögnum og hallann af slíkum sönnunarskorti bera M.

Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010 getur komi til vegna gáleysis við eftirlit eða ef hann vanrækir að krefjast þess að bætt sé úr ágalla á verki sem hann verður var við af hálfu iðnmeistara eða hönnuðar. Í 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki kemur fram að byggingarstjóri skuli skrá á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi sitt og annara hlutaðeigandi um slíkar athugasemdir og ef verulegir ágallar komi fram mannvirki sem rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða beri byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllumum gagnvart eiganda mannvirkis, enda hafi ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit. Sönnunarbyrði um að þessi skilyrði eigi við hvíla á M. Í matsgerð dómkvaddis matsmanns liggur ekki fyrir rökstuðningur um með hvaða hætti byggingarstjóri sinnti ekki skyldum sínum og telst matsgerðin því ekki skýr sönnun um bótaábyrgð Z m.t.t. þeirra skyldna sem tilgreindar eru í 5. mgr. 29. gr. Ekki verður heldur talið sannað að skilyrði 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki um bótaábyrgð skv. almennum reglum sé heldur uppfyllt m.v. fyrirbyggjandi gögn. Þar verður helst litið til áðurnefndrar sönnunarstöðu um atvik sem og þess að ekki er sýnt að byggingarstjóri hafi haft ástæðu til að ætla að ágallar væru á mælingum sem lagðar voru til grundvallar af hálfu X eða aðila á þeirra vegum. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fyrir nefndina teljast M því ekki heldur eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu Z hjá V3.

Niðurstaða.

M sem eiga 111-115, eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V1, V2, eða starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans Z hjá V3.

Reykjavík, 22. febrúar 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 420/2021**M og
V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Slyshugtak vátryggingaréttar. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 16. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 3. janúar 2022.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. janúar 2022.

Læknisvottorð dags. 3. desember 2020, sent að beiðni nefndarinnar, dags. 7. febrúar 2022.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi er tjonstilkynning M, dags. 26. október 2020, til V þar sem hann gerir kröfu um bætur vegna frítímaslyss. Kemur þar fram að hann hafi snúið sig á hægra hné þegar honum skrikaði fótur. Í kjölfarið hafi hann verið sendur í ómun á hné og niðurstaðan hafi verið sú að töluverðar segulskinsbreytingar væru í mediala meniskum og sterkur grunur um rifu sem gangi niður á tibia yfirborðið bæði í corpus hlutanum og afturhorninu. Tjónsdagur er ranglega tilgreindur sem 15. september 2020, en samkvæmt síðar fram komnum upplýsingum frá M mun tjónsdagur hafa verið 5. þess mánaðar og er ekki uppi ágreiningur um þá dagsetningu. V hafnaði kröfu M, með bréfi dags. 10. desember 2020, á þeim forsendum að ekki yrði séð að umrætt tjónsatvik félli undir skilgreiningu viðeigandi vátryggingarskilmála á slyshugtakinu enda væri hvergi minnst á slys í framlögðum læknagögnum. M vísar til þess fyrir nefndinni að fyrir umrætt atvik hafi hann ekki haft einkenni frá hægra hné. Hann hafi slasað sig á hnjám á árinu 1996, en jafnað sig á nokkrum mánuðum. Afleiðingar atviksins hinn 5. september 2020 hái honum hins vegar nokkuð, þrátt fyrir að hann hafi gengist undir aðgerð á liðþófa í kjölfar þess. Þá sé ljóst af tjonstilkynningu hans að um óhapp hafi verið að ræða en hvorki álagsmeiðsl né eðlilegt slit. Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í fyrirbyggjandi læknisvottorði sé hvergi að finna lýsingu á áverka eða sértæku atviki og verði því að telja að um álagsmeiðsl hafi verið að ræða. Álagsmeiðsl og meiðsl sem eigi sér stað innan líkama vátryggðs séu almennt ekki talin vera slys í skilningi slyshugtaksins. Þar sem ekki hafi verið um skyndilegan, utanaðkomandi atburð að ræða, svo sem áskilið sé í skilmálum sé kröfu V hafnað.

Álit.

Í þágildandi skilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V segir, í gr. 26.2 um slysatryggingu í frítíma, að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Af 26.2 gr. sömu skilmála leiðir þó að við meiðsl á útlimum, eins og á við í tilviki M, þarf skilyrðið um „utanaðkomandi“ atburð ekki að vera uppfyllt. Það hvílir þó eftir sem áður á M að sýna fram á að meiðsl hans sé að rekja til sértæks, skyndilegs atburðar. Í fyrirbyggjandi læknisvottorði, dags. 3. desember 2020, kemur m.a. fram sú lýsing, sem virðist höfð eftir M við komu til læknis hinn 11. september 2020, að hné hans hafi farið að bólga fyrir nokkrum dögum, en ekki er minnst á neitt sérstakt atvik í því samhengi. Í þeim samskiptum M við lækna sem rakin eru í umræddu vottorði er raunar hvergi að finna lýsingu á sérgreindu atviki sem leitt hafi til einkenna hans, heldur er í því að finna lýsingu á áverkum sem hann hlaut á árinu 1996. Þrátt fyrir að í niðurlagi vottorðsins komi fram að um liðþófaáverka sé að ræða verður því ekki slegið föstu á grundvelli þess að um atvik sem falli undir slyshugtak umræddra skilmála hafi átt sér stað hinn 5. september 2020. Hefur M því ekki tekist að sýna fram á bótarétt samkvæmt framansögðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 15 febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 421/2021**M og
V vegna barnatryggingar hjá V.****Ágreiningur um uppgjör bóta og útreikning.****Gögn.**

Málskot mótttekið 17.11.2021 ásamt fylgiskjöllum.
Bréf V dags. 06.12.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að sonur M, X, hafi, þá tveggja ára gamall, greinst með krabbamein hinn 17. júní 2015, hinn 3. apríl 2018 hafi hann svo greinst með heyrnarskerðingu og gengist undir örorkumat vegna hennar í maí 2021. Var varanleg örorka X þá metin til 30 stiga. Fyrir liggur að umrædd heyrnarskerðing er afleiðing þeirrar krabbameinsmeðferðar sem X gekkst undir á árinu 2015. M hefur verið með í gildi barnatryggingu hjá V, sem tekur til heilsutjóns sem váttryggður, þ.e. X, verður á váttryggingartíma fyrir vegna slyss og/eða sjúkdóma samkvæmt skilmálum hennar. Í kjölfar þess að örorkumatsgerð lá fyrir krafðist M, fyrir hönd X, bóta úr framtíðarvernd umræddrar váttryggingar. Var fallist á bótaskyldu vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku og bauð V fram greiðslu að fjárhæð 1.200.000 kr. auk verðbóta, eða samtals 1.403.185 kr.

Í málskoti kvartar M í fyrsta lagi yfir því að við greiðslu sé miðað við grunnfjárhæð en ekki váttryggingarfjárhæð eins og hún er tilgreind á váttryggingarskírteini, og sé framsetning í skírteini að þessu leyti villandi. Í öðru lagi kvartar M yfir því að fjárhæðir séu miðaðar við váttryggingarfjárhæðir eins og þær voru á árinu 2015, en ekki 2018 þegar umrædd heyrnarskerðing var greind eða á árinu 2021 þegar örorkumat vegna hennar lá fyrir. Þegar X hafi veikt af krabbameini hafi váttryggingarfjárhæð verið 10.000.000 kr., en sé núna 23.400.000 kr. og telur M að X eigi rétt á að fá greiðslur á grundvelli þeirrar fjárhæðar, enda hafi ekki verið um varanlega örorku að ræða fyrir.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að í skilningi þágildandi skilmála váttryggingarinnar teljist krabbamein það sem X greindist með 2015 og heyrnarskerðing hans einn og sami sjúkdómurinn, enda óumdeilt að heyrnarskerðingin stafi af lyfjameðferð við krabbameininu og sé þekkt aukaverkun hennar. Vísar V máli sínu til stuðnings til 32. gr. viðeigandi váttryggingarskilmála, þar sem m.a. komi fram að sjúkdómar með læknisfræðileg tengsl teljist vera einn og hinn sami sjúkdómur. Af því leiði að váttryggingaratburðurinn teljist hafa átt sér stað hinn 17. júní 2015, þ.e. við greiningu krabbameinsins, þó heyrnarskerðingin sem slík hafi e.t.v. ekki komið fram fyrir en síðar. Sé því rétt að miða bótageiðslur við þær fjárhæðir sem í gildi hafi verið sumarið 2015. Bætur úr váttryggingunni greiðist þá í hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæð hennar, þó þannig að hver örorkuprósentu umfram 50% hafi fjórfalt vegi. Grunnfjárhæð sé því sú fjárhæð sem bætur eru reiknaðar út frá en á skírteini komi einnig fram hámarksfjárhæð bóta vegna örorku sé um 100% örorku að ræða.

Álit:

Samkvæmt fyrirliggjandi örorkumati, dags. 14. maí 2021, kemur fram að X hafi, hinn 17. júní 2015, greinst með æxli í lifur. Í kjölfarið tóku við lyfjakúrar og uppskurður. Lauk meðferð X í lok ársins 2015. Í kjölfar lyfjameðferðar vegna krabbameinsins fékk X hátíðniheyrnarskerðingu á báðum eyrum, en eitt þeirra lyfja sem notað var mun þekkt að því að valda skertri heyrn. Ekki liggur að fullu fyrir hvenær umræddrar heyrnarskerðingar varð vart, en ekki verður séð að ágreiningur sé um þennan uppruna hennar. Verður því á því byggt að heyrnarskerðingu X leiði af meðferð við öðrum sjúkdómi og að því verði að fallast á það með V að krabbameinið og heyrnarskerðing X séu, í skilningi ofangreinds skilmálaákvæðis, einn og sami sjúkdómur. Þá kemur fram í sama skilmálaákvæði að sjúkdómur teljist vera til staðar frá þeim degi þegar læknis er fyrst leitað. Samkvæmt framansögðu er óhjákvæmilegt að miða bótageiðslur við þann samning sem í gildi var tímabilið 1. júní 2015 til 1. júní 2016.

Á váttryggingarskírteini vegna hans er fjárhæð vegna „framtíðarverndar, miðað við 100% örorku“ tilgreind 10.000.000 kr. og „grunnfjárhæð“ 4.000.000 kr. Bótageiðsla sú sem V bauð fram vegna heyrnarskerðingar X er 30% af 4.000.000 kr., eða 1.200.000 kr., auk verðbóta frá tjónsdegi til greiðsludags. Í 1. kafla skilmála umræddrar barnatryggingar sem í gildi voru frá 1. janúar 2015 er

fjallað um framtíðarvernd. Segir þar m.a. í 1. gr. að bætur greiðist í hlutfalli við grunnvátryggingarfjárhæð framtíðarverndar sé læknisfræðileg örorka vegna sjúkdóms metin meiri en 25%. Sé öroka meiri en 50% hafi hvert stig umfram það þó meira vægi, þannig að greidd séu 250% grunnvátryggingarfjárhæðar samkvæmt vátryggingarskírteini komi til 100% örorku. Verður á grundvelli þessa að telja að X eigi rétt á bótum sem samsvari 30% grunnvátryggingarfjárhæðar. Verður jafnframt að líta svo á að 10.000.000 kr. sem tilgreindar eru á vátryggingarskírteini vegna umrædd tímabils, eða 250% grunnvátryggingarfjárhæðar, komi aðeins til greiðslu ef um 100% örorku er að ræða. Jafnframt felur þetta skilmálaákvæði í sér að við útreikning bóta er miðað við tilgreinda grunnvátryggingarfjárhæð, jafnvel þó hlutfall hennar fari allt upp í 250%. Er það því mat nefndarinnar að bótagreiðsla sú sem V hefur boðið sé til samræmis við skilmála vátryggingarinnar.

Fallast má á það með M að tilgreining fjárhæða á vátryggingarskírteini geti verið til þess fallin að valda misskilningi og mætti að ósekju setja upplýsingar um fjárhæðir fram með öðrum hætti á vátryggingarskírteini þannig að skýrar sé vísað til þeirra tilvika sem leitt geti til þess að bótagreiðslur verði umfram grunnfjárhæð. Verður þó ekki litið svo á að mögulegir annmarkar að þessu leyti séu slíkir að leiða eigi til þess að ákvæði skilmálanna verði vikið til hliðar, eða vikið frá almennum túlkunarreglum, sbr. 36. gr., og 36. gr. a.-d. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Verður kröfum M samkvæmt framansögðu hafnað.

Niðurstaða.

M f.h. X, ólögráða sonar síns, á ekki rétt til frekari bóta en þegar hafa verið boðnar fram úr barnatryggingu hjá V.

Reykjavík 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 422/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar húsfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns er kona féll í tröppum við fjölbýlishús.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.12.2021.

Málsatvik.

M kveðst hinn 19. desember 2016 hafa hnotið um hellu sem stóð upp úr vegna mishæðar er hún gekk niður tröppur í undirgöngum í fasteigninni A í Reykjavík. Snjóföln og hálka hafi verið í tröppunum. Hafi hún dottið á hægri mjöðm og fengið þar sár.

Kveður M að slysið megi rekja til óviðunandi frágangs við tröppurnar sem ekki hafi verið búið að sandbera, salta eða moka burt snjó og aðgengi að A hafi því verið torfært. Einnig hafi misfella í gönguleiðinni valdið slysinu. Af þessu leiði að húsfélagið að A beri ábyrgð á líkamstjóni því sem hún hlaut við fallið. Því til stuðnings vísi hún til 52. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, 1. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki sem og ákvæða í greinum 6.2.5, 6.4.6, 7.1.1 og 12.2.4 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

M hefur með vísan til framangreinds krafist bóta úr ábyrgðartryggingu húsfélagsins að A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin gögn eru um að eigendum A hafi verið tilkynnt um slysið er það gerðist og V mun fyrst hafa verið tilkynnt um það rúmum fjórum árum síðar. M er ein til frásagnar um slysið. Engin haldbær sönnunargögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að slysið megi rekja til óviðunandi frágangs við tröppur þær sem M kveðst hafa verið að ganga um er hún féll eða til þess að aðstæður þar hafi að öðru leyti verið hættulegar eða óforsvaranlegar. Ekkert er því fram komið í málinu sem sýnir fram á að slysið megi rekja til atvika sem húsfélagið að A getur borið ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu húsfélagsins hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 423/2021**M og
V v/ Ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

Málskot móttakið 16. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 7. desember 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 22. desember 2020 hafi M orðið fyrir slysi við störf sín hjá X. Slysið hafi atvikast þannig að M var að vinna við plötubeygjuvél þegar höndin hans klemmdist í vélinni með þeim afleiðingum hann slasaðist. Vegna þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V en V hafnaði kröfu hans, með bréfi dags. 15. apríl 2021, á grundvelli þess að slys M yrði ekki rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X bæri ábyrgð á. M fellir sig ekki við þau málalok og lýsir tildrögum slyssins svo að M og Y, samstarfsmaður hans, hafi unnið saman við vélina og umrætt sinn unnið að því að beygja flasningar. Hafi sá háttur verið hafður á að þeir hafi báðir stillt flasningarnar af og Y hafi stigið á fótstig vélarinnar svo að flasningin beygðist. Slysið M hafi átt sér stað þegar Y steig á fótstigið án þess að spyrja M hvort hann væri tilbúinn. Hafi hönd M því verið föst inn í vélinni þegar löndin sem beygja áttu flasninguna klemmdust saman og hafi hún brotnað á nokkrum stöðum. M telur því að slys hans sé að rekja til gáleysis Y þar sem hann hefði ýtt á fótstigið án þess að fullvissa sig um að það væri öruggt. Verði X á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar að bera ábyrgð á því. Enn fremur byggir M á því að X hafi brugðist skyldum sínum hvað varðar öryggisráðstafanir og leiðbeiningar til starfsmanna skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og að öruggara verklag hefði þurft að vera til staðar. Þá hafi slys M ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins til samræmis við ákvæði 79.-81. gr. sömu laga og verði X að bera hallann af sönnunarskorti sem af því leiði. Þá er því sérstaklega mótmælt að M hafi sagt Y að öruggt væri að stíga á fótstigið, en jafnvel þó það væri lagt til grundvallar hefði Y eftir sem áður sýnt af sér gáleysi með því að stíga á fótstigið án þess að ganga úr skugga um að það væri óhætt.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að þegar umrætt atvik átti sér stað hafi Y talið M svara „ok“ en af einhverjum ástæðum hafi M enn verið með höndina í vélinni og klemmst í henni. Samkvæmt frásögn M í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið, dags. 24. janúar 2021, hafi hann ekki munað hvort hann hafi gefið Y merki um að pressa plötuna. Það sé ekki fyrir en síðar sem M beri því við að hafa ekki gefið slíkt merki og beri hann sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu. Sé því rétt að leggja frumgögn til grundvallar niðurstöðu málsins. Þá tekur V fram að umrætt verklag sé hefðbundið og hafi M og Y áður unnið við vélina með þessum hætti og fengið þjálfun í því verki. Þá hafi atvikið verið tilkynnt Vinnueftirlitinu hinn 23. desember 2020, eða daginn eftir, en þar sem atvikið hafi átt sér stað í lok vinnudags hafi ekki verið tók á að tilkynna um það fyrr.

Álit.

Fyrir liggur að lögreglu var tilkynnt um umrætt atvik og liggur fyrir lögregluskýrsla um það, dags. 24. janúar 2021. Er í skýrslunni lýst framburði Y á vettvangi og framburði M, sem fenginn var með símaviðtali hinn 5. janúar 2021. Er þar haft eftir Y að hann hafi talið sig heyra M svara því játandi að ýta mætti á fótstigið. Samkvæmt frásögn M man hann hins vegar ekki hvort hann hafi sagt „okey“ umrætt sinn. Þá liggur jafnframt fyrir, sbr. fyrirliggjandi bréf Vinnueftirlitsins, dags. 10. desember 2021, að tilkynning um umrætt atvik barst Vinnueftirlitinu hinn 23. desember 2021, eða daginn eftir að það átti sér stað. Verður því ekki annað ráðið en að X hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 hvað þetta varðar og verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að tilkynningarskylda hafi verið vanrækt. Það hvílir því á herðum tjónþola, M, að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Verður þá að líta til frumgagna málsins, þ.e. framburðar M í lögregluskýrslu, en framburður hans þar er ekki afdráttarlaus varðandi það að Y hafi ýtt á fótstigið án þess að hafa fengið samþykki M fyrir því. Samkvæmt framansögðu telst ekki hafa verið sýnt fram á að atvikið megi rekja til saknæmrar háttsemi samstarfsmanns M, Y. Þá hefur því ekki verið mótmælt að M hafi verið starfsmaður X í tvö ár áður en umrætt atvik átti sér stað og að hann hafi verið vanur vinnu við umrædda vél. Er ekki sýnt fram á að leiðbeiningum eða þjálfun af hálfu X hafi verið ábótavant hvað þetta verk varðar.

Enn fremur hefur ekki verið sýnt fram á vanbúnað á umræddri plötubeygjuvél né að verklag það sem var viðhaft var hafi verið óeðlilegt eða í andstöðu við ákvæði laga nr. 46/1980. Samkvæmt öllu framansögðu og á grundvelli þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja er því ekki sýnt fram á að tjón M sé að rekja til sagnæmrar og ólögmætrar háttsemi X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem það beri ábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 425/2021**M og****V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur við N1 Borgarnesi 20. október 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20. nóvember 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 30. nóvember 2021, ásamt álitni tjonanefndar í máli 320/2021 og gögnum sem lögð voru fyrir þá nefnd auk athugasemda ökumanns RR 457 við málskoti.

Bréf V1, dags. 7. desember 2021, ásamt tjonstilkynningu, nánari lýsingu M til tjonanefndar, niðurstöðu tjonanefndar í máli 320/2021 og úrskurður í máli nr. 25/2021.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjonstilkynningu ökumanna kemur fram að báðir ökumenn bifreiðanna A og B hafi verið að aka aftur á bak úr stöðureitum við N1 í Borgarnesi þegar þær lentu saman. Á framhlið tjonstilkynningarinnar má sjá teikningu sem sýnir að bifreiðar A og B hafi fyrir það verið hlið við hlið í stöðureitum. Einnig kemur fram að ákoma hafi verið aftan á bifreið A en í hlið bifreiðar B. Báðir ökumenn rita undir sameiginlega framhlið tjonstilkynningarinnar. Á bakhlið tjonstilkynningarinnar segist ökumaður bifreiðar A hafa verið að aka aftur á bak þegar bifreið B hafi verið beygt til hægri í hlið bifreiðar A. Í skýrslu ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi ekki sést lengur í hliðarspegil bifreiðar B þegar bifreið B var ekið aftur á bak. Einnig segir ökumaður bifreiðar B að ökumaður bifreiðar A hafi flautað þegar bifreiðarnar lentu saman og þá hafi hún stigið óvart á bensíngjöf og fyrir vikið komið meira högg á bifreið A.

M, sem var ökumaður bifreiðar A, telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hún hafi ekið aftur á bak og sveigt til hægri utan í bifreið A og orsök árekstursins sé fyrst og fremst það að bifreið B hafi verið beygt til hægri. M kveðst hafa fylgst með í bakkmyndavél bifreiðar A vegna umferðar fyrir aftan sig og hafi ekki átt möguleika að koma í veg fyrir áreksturinn.

V1 telur alla sök liggja hjá ökumanni bifreiðar B þar sem þeirri bifreið hafi verið beygt til hægri og þannig inn í akstursleið bifreiðar A og vísar einnig til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 25/2021 sem félagið telur sambærilegan þessum aðstæðum.

V2 telur að báðir ökumenn beri jafna sök á árekstrinum þar sem báðir hafi verið að aka aftur á bak og hafi hvorugur gætt nægrar varúðar við það, sbr. fyrirmæli 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. V2 vísar í nokkra úrskurði nefndarinnar máli sínu til stuðnings, sbr. mál nr. 322/2016, 30/2017, 218/2017 og 90/2018.

Álit.

Ljóst er að fyrirmæli umferðarlaga nr. 77/2019 leggja þær skyldur á ökumenn sem aka aftur á bak að þeir gangi úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Slíkar skyldur hvíldu á ökumönnum bifreiða A og B þegar þeir óku aftur á bak úr stöðureitum hlið við hlið. Á framhlið sameiginlegrar tjonstilkynningar kemur fram að ákoma á bifreið A hafi verið í hlið hennar og verður lagt til grundvallar m.v. framburði ökumanna að bifreið B hafi verið ekið til hliðar um leið og henni var ekið aftur á bak. Auk þessa vísar ökumaður bifreiðar B til þess í sinni skýrslu að bifreið A hafi verið komin það langt út úr stöðureit að hún hafi ekki séð bifreið A í hliðarspeglum bifreiðar sinnar.

Af þessum upplýsingum verður ekki annað ráðið en að bifreið B hafi verið til hliðar og verður að telja það hafa verið orsök áreksturs milli bifreiða A og B og hefur það stöð í ákomu á bifreið A. Verður af þessum sökum talið að aðgæsluskylda ökumanns bifreiðar B hafi verið ríkari en ökumanns bifreiðar A og þannig beri ökumaður bifreiðar B alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 426/2021**M og****V v/ Ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur X****Skaðabótaábyrgð. Ábyrgð fasteignareiganda.****Gögn.**

Málskot móttakið 22.11.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf V dags. 14.12.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf lögmanns M dags. 05.01.2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa slasast í fasteign í eigu X þann 3. maí 2020 er hún var að leita að gögnum í efri skáp. Við verkið notaði hún svokallaða A-tröppu. Á leiðinni niður féll trappan til hliðar með þeim afleiðingum að M féll í gólfið og slasaðist alvarlega. Í fasteigninni fór fram umfangsmikið félagsstarf og var M félagsmaður í samtökunum sem áttu og ráku fasteignina. Um var að ræða sjálfboðaliðastarf en ekki launað starf í þágu samtakanna.

M telur að rekja megi slysið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á með vísan til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og þá einkum 5. gr. og ákvæði 4.1.1 og 4.2 í II. viðauka reglugerðarinnar, sem og fyrirbyggjandi matsgerðar dómkvaddis matsmanns. Telur M að fasteignin teljist vera vinnustaður í skilningi 90. gr. laga nr. 46/1980 og að X hafi þannig borið að tryggja aðbúnað og öryggi á vinnustað, ekki eingöngu stafsmanna, heldur einnig annarra sem sinna ólaunuðum störfum í þágu starfseminnar. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins eins og fyrirsvarsmanni hússins hafi borið að gera, trappan hafi verið varasöm og ekki hentað til þeirrar notkunar sem til var ætlast og að á grundvelli reglugerðar nr. 367/2006 hafi atvinnurekanda borið að tryggja að tæki sem lögð eru til henti í þeim tilgangi sem þeim er ætlað. Einnig hafi X borið að velja tæki sem best tryggja öruggar starfsaðstæður við tímabundna vinnu í hæð. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð hafi trappan ekki hentað vel til þess verkefnis sem var ætlað, þ.e. að færa eða ná í hluti í efri skápa. Vísar M máli sínu til stuðnings til dóms Landsréttar í máli nr. 217/2019 og dóma Hæstaréttar í málum nr. 748/2012 og 74/2001.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að lög nr. 46/1980 gildi ekki um þetta atvik og vísar því til stuðnings til 1. mgr. 2. gr. og 24. gr. laganna. Þannig hafi X ekki talist vera vinnustaður M og að M hafi ekki fallið undir skilgreiningu á starfsmanni í fyrrgreindum lögum. Auk þess hafi trappan ekki verið vanbúin þegar slysið gerðist, slíkar tröppur hafi verið í almennri notkun um árabíl á næstum hverju heimili og hafi notkun þeirra því ekki þarfnast sérstakra leiðbeininga. Að mati V hafi ekki verið sýnt fram á að slysið verð rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á, heldur hafi það verið rakið til gáleysis M.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort slys M verði rakið til saknæmrar og ólögmetrar háttsemi fyrirsvarsmanna X. Staða M gagnvart X og notkun á húsnæði X var sú að M var ekki starfsmaður X í skilningi 24. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, enda hafði hún ekki með höndum launuð störf eða ólaunuð störf sem nemi eða lærlingur þar sem vinna er liður í skipulögðu námi. Þannig verður ekki séð að skylda hafi hvílt á X að tilkynna slys M til Vinnueftirlitisins skv. 1. mgr. 79. gr. sömu laga eða að vanræksla á slíkum skyldum hafi áhrif á sönnun málsatvika. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að ágreiningur sé um atvik slyss hennar, þ.e. að hún hafi fallið úr tröppu og sú trappa var tiltæk eftir slysið.

M hafði aðgang að húsnæði X vegna sjálfboðaliðastarfs síns fyrir stúku í hreyfingu X. Ekki verður séð að boðvald hafi verið fyrir hendi af hálfu X vegna starfa M fyrir sína stúku. Það sem M var að gera, þegar hún notaði tröppu í eigu X, var að leita að tilteknum gögnum í skáp í nokkurri hæð. M hafði sjálf fullt forræði á að ákveða hvort það þyrfti að leita að gögnunum, hvernig það væri gert og hvaða búnað hún notaði til verksins. Rannsókn á tröppu sem M notaði liggur fyrir með matsgerð sem M aflaði, þar sem fram kemur það mat matsmanns að trappan hafi ekki verið vanbúin, en matsmaðurinn mat það þó þannig að hún hafi ekki hentað sérstaklega til þess sem M ætlaði að gera, þ.e. að leita að gögnum í skápum í nokkurri hæð.

Þó umræddur búnaður, trappan, hafi verið í eigu X telst ekki sannað af gögnum málsins að það verk sem M ákvað að nota tröppuna við hafi verið unnið í þágu X. Ekki verður heldur ráðið af gögnum málsins að þekkt slyshætta hafi verið við notkun umræddrar tröppu, t.d. að sambærileg slys hafi

orðið áður. Ekki verður því heldur sé að að fyrirsvarsmönnum X hafi borið skylda til að leiðbeina þeim sem höfðu aðgang að húsnæði X sérstaklega varðandi notkun tröppunnar í tiltekinni hæð. Af gögnum málsins verður því ekki sýnt að slys M verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á og hefur því ekki stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 15. febrúar 2022.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 427/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna framkvæmda við húseign.****Gögn.**

Málskot, móttækið 3. nóvember 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 6. desember 2021.

Tölvupóstur M, dags. 6. desember 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi samið við X um að sinna pípulögnum við húsbyggingu og þar af leiðandi uppsetningu og frágangi á klósetti. M hvaði síðan orðið var við leka eða smit af skólpi sem staðið hafi yfir í einhvern tíma og valdið tjóni á húseign hans.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans og rekur það til þess að tengirör við upphengt klósett hafi verið sagað of stutt og illa og ekki hafi náðst góð tenging milli klósettskálar og affallsrörs og þannig lekið. M kveðst hafa tilkynnt um tjónið til síns vátryggingafélags sem hafi tekið myndir og gert skýrslu, sem fylgi með gögnum málsins, en V sem vátryggingafélag X hafi ekki sinnt málinu sem skyldi. Einnig vísar M til reikninga til X vegna vinnu vegna sönnunar á því að fyrirtækið hafi verið að störfum hjá M.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna fyrirtækisins. V vísar til þess að ekki liggi fyrir hvort og þá hver af þeim sem komu að byggingu húseignar M geti borið ábyrgð á tjóninu en lokaúttekt hafi farið fram vegna byggingar þess. Þessu til viðbótar bendir V síðan á að þó sýnt væri fram á sök X sé vátrygging X þannig að í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar X sé tjón á munum sem vátryggður (X) taki að sér að setja upp eða vinna við með einhverjum hætti skýrlega undanskilið. Þannig geti V ekki greitt bætur úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.

Ágreiningur málsins er í fyrsta lagi um hvort tjón á húseign M sé hægt að rekja til vinnubragða starfsmanna X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Almennar reglur sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á hans tjóni verði að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli liggja fyrir gögn um tjón M en ekki fullnægjandi gögn um orsakir þess tjóns og hvort þær megi rekja til vinnubragða starfsmanna X. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M, með hliðsjón af fyrrnefndum sönnunarreglum. Verður því ekki fallist á að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi af hálfu X að svo stöddu og bótaskylda ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 428/2021**M og
V v/ Sjúkratryggingar****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Upplýsingaskylda váttryggðs.****Gögn.**

Málskot móttakið 22.11.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 21.12.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sótti um sjúkratryggingu hjá V með beiðni dags. 14. nóvember 2012. Með tjónstilkynningu ódags. sótti M um bætur úr sjúkratryggingunni vegna alvarlegrar slitgigtar í höndum. Í tjónstilkynningunni kemur fram að einkenni sjúkdóms hafi komið fyrst fram þann 15. ágúst 2018 og að um sé að ræða sjúkdóm sem M hafi glímt við í mörg ár en hafi farið versnandi síðustu 2 ár. Í gögnum málsins er sjúkraskrá frá 20. júní 2008 til og með 5. desember 2012 og vottorð frá Heilsugæslunni Miðbæ dags. 22. september 2020 og 28. september 2021. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 25. nóvember 2020 á þeim grundvelli að réttur til bóta úr sjúkratryggingu sé ekki til staðar þar sem grunur og merki um sjúkdóminn hafi komið fram fyrir töku tryggingarinnar.

M krefst bóta úr sjúkratryggingunni og telur að ekki sé rétt að hún hafi ekki vitað af gigtinni og að hún hafi svarað öllum spurningum rétt og í samræmi við bestu vitund. Það hafi ekki hvarflað að henni að slitbreytingar væru á einhvern hátt gigt enda hafði hún áður fengið neikvæða niðurstöðu um greiningu á gigt. M kveðst hafa hafi verið við góða heilsu andlega og líkamlega og keypt trygginguna í góðri trú. Þegar M svaraði spurningunum hafði hún aldrei verið með liðagigt, vöðva eða vefjagigt, fengið brjós-klos eða þursabit og bjó við enga stoðkerfissjúkdóma. Vísar M til 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sem fjallar um upplýsingaskyldu váttryggingartaka um atvik sem hann veit, eða má vita, að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu. Að um sé að ræða undantekningu frá meginreglunni um frumkvæði váttryggingafélagsins um að óska eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. M hafi ekki mátt vita að V óskaði eftir upplýsingum um slitgigt þegar hún svaraði spurningu 7.7. Það hafi ekki verið fyrr en árið 2014 sem slitgigt var staðfest hjá gigtarlækni.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur einsýnt að ekki sé fyrir hendi bótaréttur úr sjúkratryggingu M vegna veikindanna. Telur V að M hafi gefið rangar upplýsingar við töku tryggingar, nánar tiltekið á tryggingabeidninni. M hafi þannig vanrækt að gefa rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins, nánar tiltekið spurningum í lið 7.2 þar sem spurt var hvort M hefði á undanförunum þremur árum verið fullkomlega heilsuhraust og vinnufær og svo lið 7.7 þar sem óskað var eftir svari við því hvort M hafi nú eða áður fengið vöðva/vefjagigt, haft verki í liðum eða baki, fengið brjós-klos, þursabit, liðagigt eða aðra stoðkerfissjúkdóma. Báðum þessum liðum varðandi M neitandi en V telur einsýnt að M var ekki fullkomlega heilsuhraust og að einkenni sjúkdómsins hafi sýnt einkenni áður en váttryggingin tók gildi. Telur V að hefðu réttar upplýsingar legið fyrir við töku tryggingarinnar hefði farið fram nánari skoðun og váttrygging verið gefin út með þeirri athugasemd að sjúkdómur sem M sækir um bætur úr tryggingunni vegna hefði verið undanskilinn. Réttar upplýsingar hefðu því haft verulega þýðingu við mat á áhættunni. Vísar V til ákvæðis 3.4 í skilmálum tryggingarinnar og 1. og 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við tryggingatöku á þann hátt að það leiði til þess að bótaréttur falli niður sbr. 83. gr. um váttryggingarsamninga. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laganna ber félagið ekki ábyrgð ef upplýsingaskylda er vanrækt með sviksamlegum hætti. Í sjúkraskrá kemur fram að M leitaði fyrst ráðlegginga frá lækni vegna liðverkja í símtali 15. september 2010, leitaði svo til læknis 27. september 2010 m.a með áhyggjur af gigt og verkja í fingurliðum og var send í blóðprufur. Blóðprufur komu eðlilegar út. Því næst leitaði M til heimilislæknis vegna einkenna frá höndum þann 26. október 2012 og var send í röntgenmyndatöku. Á myndunum sáust þó nokkrar slitbreytingar og fram kom að útlitið samsvaraði

slitgigt. Í sjúkraskrá kemur fram að læknir greindi M frá niðurstöðum rannsóknar í símtali þann 6. nóvember 2012 en engin frekari meðferð virðist hafa verið ákveðin í kjölfar þess og M ekki vísað til gigtarlæknis fyrr en í maí 2014. Ekki liggur því fyrir hvaða upplýsingar M fékk í símtalinu eftir að niðurstöður úr röntgenrannsókninni lágu fyrir þ.e hvort komið hafi eitthvað meira fram en að um slitbreytingar hafi verið að ræða. Það telst þannig ósannað að M hafi fyrir töku tryggingarinnar fengið greiningu á slitgigt í höndum. Að því virtu verður ekki talið að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína með sviksamlegum hætti. Þá kemur til skoðunar hvort skilyrði 2. mgr. 83. gr. laganna séu uppfyllt. Þar kemur fram að fella megi ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta ef váttryggingartaki eða váttryggður hafi ella vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt. Við mat á því verður að líta til 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga varðandi það hvaða viðmiða eigi að líta til. Í fyrsta lagi skal skoða hvaða þýðingu vanrækslan hafði fyrir mat V á áhættunni. V hefur vísað til þess að hefðu réttar upplýsingar legið fyrir við töku tryggingarinnar hefði farið fram nánari skoðun og váttrygging verið gefin út með þeirri athugasemd að slitgigt hefði verið undanskilin. Ekki hafa þó verið lögð fram gögn sem styðja þá afstöðu. Í öðru lagi varðandi mat á sök M verður að líta til þess að af fyrirliggjandi sjúkraskrá var M greind með slitbreytingar fyrir töku tryggingar en greining á slitgigt kom ekki fram fyrr en árið 2014 þegar M leitaði til gigtarlæknis. Einnig er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að M hafi ekki verið fullkomlega heilsuhraust og vinnufær þegar hún sótti um trygginguna enda er það staðfest í læknisvottorði heimilislæknis dags. 28.09.2021. Í þriðja lagi verður að líta til þess með hvaða hætti váttryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti. Tilkynntur váttryggingaatburður tengist beint hinni meintu röngu upplýsingagjöf en eins og áður segir verður ekki talið sannað að M hafi búið yfir upplýsingum sem hún vanrækti að upplýsa um við töku tryggingarinnar hvorki af ásetningi né með verulegum hætti í skilningi 2. mgr. 83. gr. sbr. þau viðmið sem fram koma í 3. mgr. sömu greinar. Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að M hafi verulega vanrækt upplýsingaskyldu sína á þann hátt að fella megi niður ábyrgð V í heild eða að hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkratryggingu hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 430/2021**M og****V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og****V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á bifreiðastæði hinn 24. október 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 18.11.2021 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 02.12.2021 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 06.12.2021 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 13.12.2021.

Málsatvik.

Hinn 24. október 2021 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B, á bifreiðastæði við Bauhaus, Reykjavík. Lögregla var kvödd á vettvang og er skýrsla hennar, dags. 2. nóvember 2021, meðal gagna málsins fyrir nefndinni. Er þar haft eftir M að hann hafi ekið á um tíu kílómetra hraða á klukkustund eftir akrein sem liggja í gegnum bifreiðastæðið, Hann hafi ekki séð B en áreksturinn hefði verið harður og þá teldi hann að B hefði verið á miklum hraða. Er haft eftir B að hún hafi ekið úr bifreiðastæði og inn á akrein á bifreiðastæðinu. Hún hefði ekki tekið eftir A sem hafi komið akandi frá vinstri og hafnaði B á hægri afturhlið A. B hafi talið aksturshraða sinn á bilinu 10 til 15 kílómetrar á klukkustund. Nokkrar skemmdir urðu á hægri afturhlið A og hægri framenda B við áreksturinn og voru báðar bifreiðarnar dregnar af vettvangi. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að A bæri alla sök á árekstrinum þar eð M hefði vanrækt að veita umferð frá hægri forgang.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur ummerki benda til þess að B hafi verið á meiri hraða. Hefði aksturshraði hennar aðeins verið 10 til 15 kílómetrar hefði hún enda, miðað við staðsetningu skemmda á A, getað stöðvað bifreið sína áður en til áreksturs kom.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins, en bréfi þess fylgdu álit tjónanefndar og þau málsgögn sem lögð voru fyrir tjónanefnd.

V2, sem var vátryggjandi B tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að A beri alla sök á árekstrinum enda hafi M ekki gætt að því að veita umferð frá hægri forgang, sbr. 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Það sé enda með öllu ósannað að ökumaður B hafi ekið of hratt eins og M haldi fram.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M áður fram komna afstöðu sína.

Álit:

Samkvæmt gögnum málsins var B á hægri hönd A í aðdraganda áreksturs. Bar ökumanni A því að veita B forgang, til samræmis við 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga, en þar segir að þegar ökumenn stefni svo að leiðir þeirra skerist á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum slóðum skuli sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang nema annað leiði af ákvæðum 19. gr. Verður ekki séð að annað leiði af 19. gr. í þessu tilviki og virðist raunar ekki ágreiningur um að ökumaður A hafi vanrækt að gæta nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Ber hann því nokkra sök á umræddum árekstri. Samkvæmt framburði B var hún þá á 10 til 15 kílómetra hraða en veitti A ekki athygli í aðdraganda áreksturs. Hafnaði B á afturhlið A. Verður að telja, miðað við þær skemmdir sem hlutust af árekstri bifreiðanna, svo og staðsetningu ákomu á A, að líklegt sé að aksturshraði B hafi verið nokkuð meiri. Með hliðsjón af því að A var að mestu kominn framhjá B þegar árekstur varð verður jafnframt að telja að B hefði átt að veita honum athygli fyrr. Verður því einnig að telja að B hafi ekki sýnt næga aðgát við aksturinn umrætt sinn, sbr. 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Ber hún því samkvæmt framansögðu jafnframt nokkra sök á árekstrinum og eru ekki efni til að leggja sök á annan ökumanna umfram hinn. Samkvæmt framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 431/2021**M og
V v/ Ábyrgðartryggingar ökutækis X****Samsömun í skaðabótarétti.****Gögn.**

Málskot mótttekið 23. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 10. desember 2021, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi ekið bifreið X aftur á bak hinn 20. október 2021 þannig að dráttarkrökur bifreiðarinnar lenti á bílskúrshurð. Tjón varð á bílskúrshurðinni sem tilheyrir húseign í eigu fyrirtækisins A. Eigandi bifreiðarinnar X er fyrirtækið B.

M krefst þess að viðurkennd sé greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu bifreiðar X vegna tjóns á hagsmunum A. M vísar til þess að umrædd fyrirtæki séu sérstakir lögaðilar og þó þau séu bæði í eigu þriðja fyrirtækisins C séu ekki forsendur til að takmarka ábyrgð V vegna tjónsins.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að bætur séu einungis greiddar úr ábyrgðartryggingu til þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar váttryggðs. Í þessu máli sé B eigandi bæði váttryggðs og þeirra hagsmuna sem urðu fyrir tjóni í gegnum fyrirtækin A og C. Þar að auki sé eigandi B maki M og þau séu því eigendur eða forráðamenn allra þriggja félaganna. V vísar til meginreglu skaðabótaréttar um að aðili geti ekki gert skaðabótakröfu á hendur sjálfum sér og telur að félög þau sem vísað sé til myndi eina fjárhagslega heild þannig að óvirk samsömun sé með þeim í skilningi skaðabótaréttar. V telur að fjárhagsleg tengsl milli A, B og C séu algjör og þannig séu þau félög sami aðili í skilningi skaðabótaréttar og geti því ekki átt skaðabótakröfu á hendur hvert öðru.

Álit.

Eitt af frumskilyrðum skaðabótaréttar fyrir skaðabótakröfu er að sá sem gerir skaðabótakröfu eigi kröfu á annan en sig sjálfan eða þann sem getur verið samsamaður honum. Í þessu máli er ágreiningur um það hvort samsömun sé milli þriggja einkahlutafélaga, A, B og C en af gögnum málsins má ráða að hið fyrstnefnda sé eigandi hinna tveggja. Í málinu liggja hins vegar ekki fyrir nokkur gögn um eignarhald félaganna eða önnur gögn sem sýna með einhverjum hætti fjárhagslega samstöðu þeirra. Við mat á því hvort um samsömun sé að ræða í skaðabótarétti verður að meta hverju sinni hvort skilyrðum samsömunar sé fullnægt, þar á meðal tengsl aðila og fjárhagslega samstöðu. Engin slík gögn liggja fyrir í málinu. Verður að telja að V beri sönnunarbyrði um að þannig hátti til þar sem V heldur því fram. Á meðan engin gögn hafa verið lögð fram til sönnunar slíkum tengslum og eftir atvikum skilyrðum fyrir samsömun milli A sem váttryggðs eiganda bifreiðar X og B sem húseiganda og tjónþola vegna tjóns á húseign, verður ekki hægt að leggja annað til grundvallar en að húseigandinn sé ekki samsamaður váttryggðum í skilningi skaðabótaréttar. Greiðsluskylda er því fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi vegna tjóns á húseigninni úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 432/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Borgarfjarðarbraut við afleggjara að Grjóteyrartungu þann 9.10.2020.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V, dags. 9.12.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Áreksturinn varð laust eftir kl. 18. A var ekið frá afleggjaranum að Gjóteyrartá til hægri inn á Borgarfjarðarbraut í vesturátt. Í sömu andrá var B ekið vestur Borgarfjarðarbraut og vestan við fyrrgreindan afleggjara rákust saman aftanverð vinstri hlið A og hægra framhorn B. Samkvæmt lögregluskýrslu mun rigning hafa verið á vettvangi og farið að rökkva. Yfirborð vegarins hafi verið „malborið fast“. Hámarkshraði á Borgarfjarðarbraut er 90 km á klst.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að er hann var að aka inn á Borgarfjarðarbraut hafi hann séð B í fjarska og ekið rólega inn á veginn og aukið hraðann rólega. Hafi hann svo ekki vitað fyrr en B hafi verið ekið í hlið A. Ökumaður A hefur í sérstakri greinargerð sem liggur fyrir í málinu gert nánari grein fyrir tildrögum árekstursins. Þar kemur fram að hann hafi stöðvað við biðskyldu við Borgarfjarðarbraut og séð bifreið „tveimur stikum í burtu ökumaður bíður, annar bíll langt í burtu (lengra en dæluhúsið)“. Hafi hann farið varlega inn á veginn og verið að „vinna hraðann upp í hæfi við veðrið“ sem hafi verið rigning og smá dimmt. Telur hann sig hafa verið kominn á um 60 km hraða á klst. og verið búinn að aka „svona 2 og hálfu stiku“ þegar hann hafi séð í baksýnispegli B koma á ofsahraða. Hélt hann að ökumaður B hafi ætlað að taka fram úr sér en ekki náð því og komið harkalega í hlið A.

Eftir ökumanni B er í lögregluskýrslu haft að hann hafi verið eitthvað utan við sig en þó tekið eftir því þegar A hafi verið ekið inn á veginn. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir hraðanum sem A hafi verið á fyrr en of seint. Hafi hann þá reynt að hemla og beygja frá A. Í sérstakri greinargerð ökumanns B sem liggur fyrir í málinu er aðdraganda árekstursins í öllum veigamiklum atriðum lýst á sama veg og fram kemur í lögregluskýrslu. Í greinargerðinni kemur einnig fram að áreksturinn hafi verið rétt hjá afleggjaranum. Hann hafi reynt að forðast árekstur með því að hemla og sveigja yfir á hinn helming vegarins þar sem engin bifreið hafi komið á móti. Hafi B svo farið að renna þegar bremsurnar læstust og farið inn í vinstri afturhurð A.

Álit.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skiptist tjón sem hlýst af árekstri ökutækja á ökutækin í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

Af gögnum málsins, bæði af framburðum ökumanna og ákomustöðum á bifreiðunum, þykir mega ráða að áreksturinn hafi orðið þegar A var komin í beina akstursstefnu til vesturs eftir Borgarfjarðarbraut. Hins vegar verður ekki ráðið með neinni vissu af fyrirliggjandi gögnum hversu langt frá afleggjaranum að Grjóteyrartá A hafði verið ekið þegar áreksturinn varð. Á ökumanni A hvíldi biðskylda gagnvart umferð á Borgarfjarðarbraut, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökumaður B kvaðst hafa verið utan við sig við aksturinn í aðdraganda þess að áreksturinn varð og þá virðist hann ekki hafa gert sér grein fyrir hraða A fyrr en í óefni var komið. Af gögnum málsins verður ekki með nægilegri vissu fullyrt að áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A virti ekki biðskyldu gagnvart B eða óaðgæslu ökumanns B. Verður þannig ekki ráðið að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt þessu og atvikum öllum, sbr. 5. gr. laga nr. 30/2019, verður sök skipt að jöfnu á milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumann ber helming sakar.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 433/2021

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar AÁgreiningur um orsakatengsl milli líkamstjóns og áreksturs 9. október 2019.**Gögn.**

Málskot, dags. 23.11.2021, ásamt fylgiskjölum 1-9.

Bréf V, dags. 02.12.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 9. október 2019 hafi orðið árekstur milli A og B, sem M ók, á hringtogi við Hringbraut, Reykjavík. Ekki er um það deilt að sök á umræddum árekstri hvíli á A. M hafi leitað samdægurs til læknis vegna verkja í hálsi/baki og hægri öxl. Þá hafi hún kvartað undan þrýstingi í höfði og erfiðleikum við einbeitingu. Hafi það verið metið sem svo að M hefði hlotið heilahristing við áreksturinn. Hafi M þá leitað á heilsugæslu hinn 23. október 2019 og þá tekið fram að eftir áreksturinn hafi hún orðið vör við rugling og að hún ætti í erfiðleikum við að „finna orð“. Í þverfaglegu mati á Reykjalundi í desember 2020 til janúar 2021 hafi niðurstaðan verið sú að M væri almennt þjökkuð af verkjum, auk þess sem minnkun lestrarhraða og sjónræns minnis hjá henni gætu verið eftirheilahristingseinkenni. V hafi hafnað bótaskyldu með tölvupósti dags. 18. ágúst 2021 með vísan til þess að hraðaútreikningur benti ekki til þess að varanlegar afleiðingar hefðu getað hlotist af árekstrinum. M fellir sig ekki við þá afstöðu enda staðfesti læknisfræðileg gögn að hún hafi hlotið líkamstjón í umræddu slysi og að orsakatengsl milli þess og einkenna hennar séu skýr.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram sú afstaða að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans séu ósönnuð. M hafi, við komu til læknis hinn 23. október 2019, lýst afar miklum og óvenjulegum einkennum eftir minniháttar umferðaróhapp, en hraða- og höggútreikningur sýni fram á að aksturshraði B við áreksturinn hafi verið tíu kílómetrar á klukkustund og aksturshraði A 15 kílómetrar á klukkustund. Við komu til læknis hinn 9. janúar 2020 hafi M fyrst tekið fram að hún telji sig hafa rotast við höggið. Hvergi komi þó fram í öðrum gögnum að hún hafi rekið höfuð sitt í eitthvað við áreksturinn og hvorki hafi verið leitað eftir aðstoð lögreglu né sjúkraliðs á vettvangi. Þá virðist læknar ekki hafa talið þörf frekari rannsókna þrátt fyrir lýsingar M á alvarlegum einkennum. Þá liggja fyrir að við skoðun á árinu 2017 hafi M verið greind með aukna triggerpunkta í hálsi og herðum, M hafi því verið með einkenni frá stoðkerfi fyrir umrætt slys. Þegar litið sé til alls þessa verði ekki sé að M hafi sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir varanlegum einkennum vegna umrædds tjónsatviks.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 9. október 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning verður ekki litið framhjá því að hans er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó fyrirliggjandi skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Verður þá ráðið af fyrirliggjandi gögnum að eitthvert tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn og er því ekki útilokað að líkamstjón hafi mögulega getað hlotist af. Eftir sem áður er þó frekari gagna þörf til að sýna fram á orsakasamband milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til hans en sönnunarbyrði þess hvílir á henni. Í tjónstilkynningu sinni til V, dags. 25. nóvember 2019, lýsir M einkennum slyssins sem heilahristingi, og mikilli tognun á hálsi, öxlum og niður eftir baki. Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 5. október 2021, kemur fram að M hafi farið á Læknavaktina á slysdegi og sagt að einkenni hefðu ágerst eftir því sem leið á daginn og hún fyndi fyrir verkjum í hálsi/baki og hægri öxl. Þá væri hún með þrýsting í höfði og ætti erfitt með að einbeita sér. Þá kemur fram að M sé með MS og colitis ulcerosa. Ekki verður séð að óvinnufærnivottorð eða skólavottorð hafi verið gefið út á þessum tíma né að frekari rannsóknir hafi verið gerðar. Þá liggur ekki fyrir að nein skýr greining á áverkum M hafi verið gerð í tengslum við komu hennar á Læknavaktina. Þá er í framangreindu vottorði fjallað um komu M á heilsugæslu hinn 23. október 2019. Þá óskaði hún eftir beiðni fyrir sjúkráþjálfun og sagðist hafa fundið rugli og talörðugleikum í kjölfar árekstursins. Kemur einnig fram að læknar á Læknavaktinni hafi talið M hafa hlotið heilahristing og að sjúkráþjálfari sem hún leiti reglulega til vegna liðþófavanda hafi talið hana tognaða. Engin skýrsla sjúkráþjálfara eða frekari upplýsingar um greiningu heilahristings á slysdegi liggja þó fyrir nefndinni. Greining við komu til læknis 23. október 2019 er samkvæmt

samskiptaseðli „bakverkur“ og „höfuðverkur“. Í umræddu læknisvottorði er einnig fjallað um komu M á heilsugæslu hinn 9. janúar 2020 og var greining M þá hálstognun og heilahristingur og við komu hinn 10. febrúar 2020 fékk M greiningu um eftirheilahristingseinkenni. Þá segir m.a. í umræddu læknisvottorði um fyrra heilsufar M að hún hafi verið viðkvæm í baki og hálsi og hafi við skoðun á NLFÍ á árinu 2017 verið greind með aukna triggerpunkta í hálsi og herðum.

Af framangreindu skortir nokkuð á að M hafi sýnt fram á að hún hafi tognað og hlotið heilahristing við umræddan árekstur. Ekki liggja fyrir gögn um sérstakar rannsóknir á einkennum A og virðast lýsingar í læknisvottorði fyrst og fremst hafðar eftir henni sjálfri, og er t.a.m. óljóst hvort M hafi verið með eða lýst einkennum heilahristings við komu til læknis í slysdegi. Þá eru upplýsingar um fyrra heilsufar, sér í lagi m.t.t. stoðkerfisvanda, af skornum skammti. Með hliðsjón af því telst M ekki hafa sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem hún rekur til hans og er því, á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem fyrir nefndinni liggja, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 434/2021**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X****Orsakatengsl líkamstjóns og áreksturs 11. nóvember 2020.****Gögn.**

Málskot, móttakið 24. nóvember 2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 9. desember 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið sem M ók hafi lent í árekstri við aðra bifreið hinn 11. nóvember 2020.

M telur sýnt að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn og krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns vegna þess. M byggir á því að hún hafi talið áverka vegna árekstursins smávægilegan í byrjun en hafi ágerst með tímanum og hún því ekki leitað læknishjálpar fyrr en seinna eða þremur mánuðum eftir atvikið. M vísar til læknisfræðilegra gagna og skýrslu sjúkraþjálfara varðandi einkenni og meðferð og þess að hún hafi verið frá vinnu í einn mánuð vegna líkamstjónsins. M leggur áherslu á að hún hafi ekki verið með einkenni frá baki fyrir áreksturinn nema vegna þreytuverkja á meðgöngu og falls á meðgöngu árið 2015. Einnig vísar M til mynda af bifreiðunum sem lentu í árekstrinum 11. nóvember 2020 og að nokkuð tjón sé sýnilegt á myndunum sem bendi til nokkurs höggs og þannig sé ljóst að líkamstjón hafi geta hlotist af árekstrinum.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur orsakatengsl milli einkenna M og árekstursins ekki sönnuð þar sem liðið hafi um þrjú mánuðir frá því árekstur varð þar til M leitaði fyrst til læknis vegna einkenna. V vísa til dóma Hæstaréttar í málum nr. 21/2010 og nr. 8/2003 sem og máli réttarins nr. 210/2017 þessu til stuðnings.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í málinu liggur fyrir að M leitaði ekki til læknis fyrr en þremur mánuðum eftir slysið og kvartaði þá um bakverki. Ekki verður annað séð, miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu, en að einkenni M séu nokkuð almenn. Upplýsingar úr sjúkraskrá varpa ekki fyllilega ljósi á hvort þau almennu einkenni megi rekja til árekstursins eða annars sem tengist heilsufari M.

Þannig liggur ekki fyrir nein álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón M af völdum þessa tiltekna áreksturs. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins þann 11. nóvember 2020.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.

Mál nr. 435/2021**M og
V v/ Starfsábyrgðartryggingar fasteignasala. X****Skaðabótaábyrgð. Sérfræðiábyrgð.****Gögn.**

Málskot móttakið 23. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 5. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Bréf M, dags. 6. febrúar 2022, kauptilboði og athugasemdum M til eftirlitsnefndar fasteignasala.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M seldi húseign sína Z með kaupsamningi dags. 9. nóvember 2017. Í þeim kaupsamningi var ákvæði í 19. gr. sem hljóðar svo: „...seljandi mun sjá um frágang lóðar í samvinnu við lóðarhafa á lóðarmörkum lóðanna.“ Af sömu gögnum má ráða að fasteignasalarnir F1 og F2 hafi komið að sölnunni f.h. fasteignasölnunnar X. Húseignin Z var ekki auglýst heldur verða gögn málsins ekki skilin öðruvísi en að tilboð hafi komið frá kaupanda til M fyrir milligöngu F1 og umræða um mögulegt verð fyrir húseignina hafi verið við fasteignasalann F2. Í janúar 2018 hafi afhending farið fram og stuttu síðar hafi verið haft sambandi við kaupanda eignarinnar varðandi frágang lóðar og afsalsgreiðsla hafi dregist þar til samkomulag hafi náðst við lóðarhafa Z vegna frágangs lóðarinnar.

M telja X bera skaðabótaábyrgð vegna háttsemi F1 og F2 við sölu húseignarinnar Z. Af málskoti verður ekki annað ráðið en að tjón M felist í því að hafa ekki fengið greidda afsalsgreiðslu fyrir en um þremur árum eftir að sú greiðsla átti að berast skv. kaupsamningi, um vorið 2021. Einnig verður málatilbúnaður M ekki skilinn öðruvísi en M telji sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þess að verð húseignar hennar hafi verið lægra en almennt hafi verið á sambærilegum húseignum. Röksemdir M um skaðabótaábyrgð X byggjast fyrst og fremst á því að nán tengsl hafi verið milli fasteignasalans F1 og kaupanda húseignarinnar Z og með því að upplýsa ekki um slík tengsl hafi F1 og F2 ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum nr. 70/2015, nánar tiltekið 14. gr. laganna þar sem kemur fram að fasteignasalar eigi að vera sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum og tilkynna hvort hann eigi einhverra hagsmuna að gæta við sölu. Einnig vísar M til þess að í 15. gr. sömu laga komi fram að fasteignasali skuli leysa af hendi störf sín sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða og liðsinna bæði seljanda og kaupanda. Einnig bendir M á 9., 10., 12., 14. og 27. gr. laganna máli sínu til stuðnings. M gerir í málskoti grein fyrir sögu húseignarinnar Z sem byggð var 2008 og þeirri athugasemd sem gerð var í lokaúttekt 2016 um að frágangi lóðar væri ólokið. M gerir auk þess grein fyrir framkvæmdum sem farið var í með eiganda húseignar við hlið Z og hversu erfitt það hefði verið að ná í eiganda lóðar að Z til að ganga frá samkomulagi um endanlegan frágang. M lýsir samskiptum sínum við F1 í aðdraganda sölu á húseigninni Z og þeim áhrifum sem F1 hafði á samþykki M á kaupverði húseignarinnar Z, án þess að hún yrði auglýst sérstaklega eða sóst eftir öðrum tilboðum. Einnig er gerð grein fyrir undirritun söluyfirlits, skipti milli fasteignasala, athugasemdum M við efni söluyfirlits og aðdraganda þess að fyrrnefnd 19. gr. kaupsamnings var orðuð sem og upplýsingum sem M kveðst hafa látið kaupanda í té varðandi lóðarfrágang. M lýsir því að það hafi ekki verið fyrr en við undirritun kaupsamnings að henni hafi verið gerð ljós vinkonutengsl F1 og kaupandans og vísar M til fjölda færslna á samfélagsmiðlum milli F1 og kaupandans. M kveðst hafa gert skýrlega grein fyrir málum hvað varðar frágang lóðar og F1 og F2 hafi getað leitað fanga í opinberum gögnum til staðfestingar á því hvernig málum væri háttað, t.d. lokaúttekt húseignarinnar. M telur einnig að F1 og F2 hafi ekki sinnt skyldum sínum við að reyna að leysa úr ágreiningi sem komið hafi upp í janúar 2018 vegna frágangs lóðar og þær tillögur sem komið hafi fram um uppgjör afsalsgreiðslu hafi ekki verið til þess að leysa málið eða veita M það liðsinni sem hún hafi átt rétt á. Samandregið telur M að tjón hennar felist í því að hafa þurft að greiða X sölupókun, eigi ógreiddan lögfræðikostnað sem og vexti af afsalsgreiðslu. Einnig telur M að tjón hennar felist í því að söluverðmæti húseignarinnar Z hafi verið of lágt og allt megi rekja til þess að F1 og F2 hafi ekki sinnt skyldum sínum sem löggiltir fasteignasalar.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að F1 og F2 hafi ekki brotið gegn starfsskyldum sínum sem fasteignasalar. V vísar til þess að F1 hafi vísað til kaupanda sem vinkonu sinnar í samskiptum við M og tengsl F2 við þær séu eingöngu þau að þau hafi gengið í sama grunnskóla. Einnig bendir V á að viðskiptasamband hafi verið milli F1 og M. Hvað verðmat á húseigninni Z varðar þá vísi M til

verðmats F1 upp á hærra verð en tilboð kaupanda var og M hafi verið í lófa lagið að hafna því tilboði og leita annarra tilboða í eignina. Ekki sé sýnt að verðið hafi verið annað en sanngjarnt og eðlilegt. V telur einnig að M hafi ráðist í framkvæmdir án leyfis eigenda lóðar að Z og sá lóðarhafi hafi gert athugasemdir við Reykjavíkurborg í nóvember 2017 vegna þessa. V telur að M hefði átt að upplýsa um þetta með skýrari hætti við sölu Z og telur V að um verulegan ágalla hafi verið að ræða sem M hefði þurft að leysa úr fyrir undirritun kaupsamnings. Ákvæði 19. gr. kaupsamnings hafi hins vegar verið skýrt um skyldu M til að ganga frá lóð og þeirri framkvæmd sem hafin hafi verið áður en til sölu á eigninni kom.

Álit.

Af samþykktum fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum verður ráðið að nefndin fjallar um ágreining um bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags. Sú váttrygging sem á reynir í þessu máli er starfsábyrgðartrygging fasteignasala og bótaskylda úr slíkri váttryggingu byggir á því að fasteignasali eða fasteignasalar hafi sýnt gáleysi í störfum sínum sem leitt hafi til tjóns. Starfssvið nefndarinnar er ekki það sama og Eftirlitsnefndar fasteignasala, en í gögnum málsins kemur fram að M sendi erindi til Eftirlitsnefndar fasteignasala vegna samskipta sinna við F1 og F2 en sú nefnd vísaði málinu frá með vísan til ákvæða um tímafresti.

Í þessu máli verður einungis leyst úr þeim ágreiningi sem uppi er um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V, þ.e. hvort M hafi orðið fyrir tjóni sem skaðabótaábyrgð F1 og F2 nái til sem fasteignasala fasteignasölnunnar X.

Ljóst er af viðamiklum gögnum málsins að ekki var sami skilningur milli M og F1 og F2 á því hvernig eigi að líta á tengsl milli aðila eða hvað átti eftir að gera varðandi frágang lóðar þegar kaupsamningur um húseignina Z var undirritaður 9. nóvember 2017. Ljóst er þó að M samþykkti tilboð M vegna söluverðs Z og þannig komst á samningur um kaup á fasteigninni sem síðar var staðfestur með undirritun og sérstöku ákvæði 19. gr. samningsins um að M átti að sjá um frágang lóðar í samvinnu við lóðarhafa Z á lóðarmörkum lóðanna. Verður það ákvæði ekki skilið öðruvísi en að sá frágangur hafi því átt að vera á kostnað M. Þær kröfur sem beindust síðan að kaupanda eftir afhendingu Z frá lóðarhafa og sá mögulegi misskilningur og flækja sem upp kom við að reyna að leysa úr slíkum kröfum er sjálfstæður ágreiningur sem ekki verður séð að F1 eða F2 hafi getað leyst úr eða hafi viðhaft einhverja þá háttsemi að dregist hafi á langinn að leysa úr þeim málum. Ekki verður heldur fullyrt af gögnum málsins að tengsl kaupanda og F1 hafi ráðið söluverði eignarinnar en M hafði sjálfstæðan rétt til þess að afla annarra tilboða í húseign sína eða leita álits annarra fasteignasala hvað varðar verð. Engar staðfestar upplýsingar liggja fyrir um að M hafi getað fengið hærra verð fyrir Z. M skrifaði, eins og áður segir, undir kauptilboð með söluverði og kaupsamning um að hún sæi um endanlegan frágang lóðar. Ekki verður af gögnum málsins talið sannað að háttsemi F1 eða F2 hafi verið þessi eðlis að hún hafi leitt til skaðabótaskylds tjóns fyrir M, en umfjöllun nefndarinnar einskorðast við það. Hallann af sönnunarskorti ber M sem hefur ekki sýnt fram á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 436/2021**M og
V v/ Ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X****Skaðabótaábyrgð. Sakarlíkindaregla. Tjón á fjarskiptavirkjum.****Gögn.**

Málskot móttakið 8. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 13. desember 2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 11. ágúst 2020 hafi starfsmenn X, þegar þeir unnu við jarðgröft, grafið í sundur 50 mm rör með grunnnetsstreng í eigu M. Vegna þessa tjóns krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafnaði kröfunni, með bréfi dags. 27. nóvember 2020, á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á að umrætt tjón yrði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X, en sönnun þess hvíli á tjónþola, M. Í málskoti vísar M til þess að allir strengir í eigu þess séu innmældir og að X hafi, hinn 4. ágúst 2020, óskað eftir lagnateikningum. Á þeim teikningum komi fram að ekki sé hægt að ganga að því vísu að lagnir M séu á tilteknu dýpi en að gert sé ráð fyrir að þær séu að öllu jöfnu á 25-40 sentimetra dýpi. Ljóst sé að umræddur strengur hafi verið á meira en 25 sentimetra dýpi og því sé ljóst að tjónið megi rekja til gáleysislegra vinnubragða X. Þá vísar M til sakarlíkindareglu 3. mgr. 71. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Það hvíli þannig á X að sýna fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó fyllstu aðgæslu hafi verið gætt. Þar sem slík sönnun hafi ekki tekist sé bótaskylda til staðar. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, þ.e. ljósmyndum af vettvangi, hafi starfsmenn X grafið í strenginn þar sem hann stóð ofar í jarðveginum en á öðrum stöðum. Verði ekki séð að starfsmenn X hafi gert mistök eða viðhaft vanrækslu við störf sín heldur sé tjónið fremur að rekja til lélegs frágangs á umræddum streng. Telur V því sýnt fram á að starfsmenn X hafi viðhaft fyllstu aðgæslu við störf sín og er kröfu M því hafnað.

Álit.

Umræddur strengur fellur undir skilgreiningu 16. tl. 3. gr. laga um fjarskipti varðandi það hvað teljist vera fjarskiptavirki. Í 3. mgr. 71. gr. sömu laga er að finna sakarlíkindareglu, en af henni leiðir að ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir leiða til skemmda á fjarskiptavirkjum skuli tjónvaldur bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó fyllstu aðgæslu hafi verið gætt. Sönnunarbyrði þess hvílir því á X. Af hálfu V er byggt á því að umræddur strengur hafi legið ofar en vænta mátti, og eru lagðar fram ljósmyndir af vettvangi því til staðfestingar. Ekki liggja þó fyrir neinar mælingar og verður ekki ráðið með vissu af fyrirbyggjandi ljósmyndum á hvaða dýpi umræddur strengur var. Þá liggur fyrir að samhliða afhendingu teikninga fékk X afhentar upplýsingar frá M um að ekki væri hægt að ganga úr frá því sem vísu að lagnir M væru á tilteknu dýpi en að öllu jöfnu væru þær á 25-40 sentimetra dýpi. Yfirborð gatna, lóða og opinna svæða gæti einnig breyst og ekki væri alltaf hægt að treysta á almennar reglur um dýpt lagna. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á að sérstakrar aðgæslu hafi verið þörf við starfa X umrætt sinn. Það hvílir á X að sýna fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó fyllstu aðgæslu hafi verið gætt. Eins og mál þetta horfir við nefndinni hefur slík sönnun ekki tekist og er bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15 febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 437/2021**M og
V v/ Ábyrgðartryggingar ökutækjanna A og B****Sönnun tjónsatviks. Árekstur.****Gögn.**

Málskot móttakið 24.11.2021.

Bréf V dags. 15.12.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að málsatvik, tímasetning atviks og akstursskilyrði á vettvangi á tíma óhapps séu óljós. Atvikið var tilkynnt til lögreglu þann 11. júní 2021. Báðar bifreiðarnar voru staðsettar á bifreiðastæði við Auðbrekku 1. Halli var á bifreiðastæðinu til austurs og var bifreiðinni A lagt fyrir framan bifreiðina B. Haft er eftir eiganda B, að atvikið hafi átt sér stað fyrir 4-5 dögum og að vinur sinn hafi verið vitni að því. Vitnið kveðst þó eingöngu hafa heyrt skell en ekki séð atvikið. Taldi X víst að bifreiðinni A hafi verið bakkað á bifreið sína. Framburður M í lögregluskýrslu var á þann hátt að hann hafi mætt á bifreiðastæðið til að draga bifreið sína í burtu og hafi þá tveir menn komið að honum og ásað hann um að hafa tjónað bifreiðina B. M kvaðst ekki skilja hvernig það ætti að hafa gerst þar sem bifreiðin var öökufær og fór ekki í gang. Töldu vinir M að bifreiðin B runnið á A er dráttarbifreið kom með hana á bifreiðastæðið.

M telur næga sönnun liggja fyrir um að eigandi bifreiðar B beri ábyrgð á tjóninu.

V telur ósannað að bifreiðarnar hafi lent saman. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á það s.s. ljósmyndir af bifreiðunum saman. Einnig hafi ekki verið framkvæmd samanburðarrannsókn eða önnur gögn lögð fram sem sýni fram á að árekstur hafi orðið með bifreiðunum. V hefur hafnað kröfu M um bætur vegna tjóns á bifreið A.

Álit.

Ágreiningur er uppi um að hvort snerting hafi orðið með bifreiðunum B og A þar sem þær voru báðar staðsettar á bifreiðastæði. Sönnunarbyrði um að árekstur hafi átt sér stað hvílir á þeim sem því heldur fram. Þegar lítið er til allra gagna málsins verður ekki talið sannað að snerting hafi orðið með bifreiðunum. Engin vitni voru að hinu meinta tjónsatviki og engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á að árekstur hafi átt sér stað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 438/2021**M og
V v/ Slysátryggingar launþega hjá X****Slyshugtak váttryggingaréttar.****Gögn.**

Málskot móttakið 17. nóvember 2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 13. desember 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. nóvember 2020 hafi M, er hann var að störfum fyrir X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M hafi verið að bera stóra spónaplötu niður hringstiga sem hafði verið plastaður til að verja hann fyrir ummerkjum frá umgangi. Samkvæmt vitnisburði samstarfsmanns M, Y, hafi M misst mátt í löppunum eða misstigið sig og fallið beint fram fyrir sig án þess að bera fyrir sig hendurnar. Engin önnur vitni hafi orðið að atvikinu og M muni sjálfur ekki hvernig það vildi til að hann féll. Lögregla, sjúkralið og Vinnueftirlitið hafi verið kvödd á vettvang. M hafi verið fluttur á bráðamóttöku þar sem hann hafi verið greindur með innkýlt höfuðkúpabrot og heilablæðingu og séu varanlegar afleiðingar þessa umtalsverðar. Hið eina sem í raun liggja fyrir um atvikið sé það að M hafi fallið í stiganum og sjálfur telji hann líklegt að hann hafi runnið á hálu plastinu sem sett hafði verið yfir stigann. Hvað varði bótarétt úr slysátryggingu launþega hafi það þó ekki úrslitaáhrif hvernig fallið vildi til, heldur aðeins það að M féll. Þá er því hafnað að fallið megi rekja til undirliggjandi innra ástands, þ.e. flogakasts af völdum áfengissýki, enda verði það ekki ráðið af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum. M hafi verið allsgáður er hann féll niður stigann og sé ekkert sannað varðandi það að M hafi fengið flog í stiganum sem hafi leitt til falls hans. Enn fremur sé augljóst að flog sem M fékk eftir slysið sé að rekja til áverka hans en ekki áfengissýki. Það sé V sem beri sönnunarbyrði þess að orsök fallsins sé að rekja til innra ástand M og hafi slík sönnun ekki tekist. Í ljósi framangreind sé því um slys í skilningi váttryggingaréttar að ræða og bótaréttur úr slysátryggingu launþega því til staðar.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji að fall M hafi að öllum líkindum orsakast af flogakasti, sem teljist ekki utanaðkomandi slysaatburður samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar og því sé bótaréttur ekki fyrir hendi. Y geti ekki staðhæft hvort M hafi einfaldlega hrasað eða misst mátt í fótunum, en beri þó að M hafi ekki borið hendur fyrir sig í fallinu. Það séu almennt ósjálfráð varnarviðbrögð að bera hendur fyrir sig og bendi því lýsing Y til þess að meðvitund M hafi verið skert af völdum yfirlíðs eða einhvers konar kasts áður en hann skall niður á höfuðið. Af gögnum málsins megi ráða að M hafi átt við áfengisvandamál að stríða og hafi verið áfengislykt af honum, þó ekkert áfengismagn hafi greinst í blóði hans. Hafi lækna talið óróleika í M eftir að hann kom á slysideild verða rakinn til áfengisfráhvarfa. Þá hafi M fengið krampaflog og verið illa áttaður dagana eftir umrætt atvik. Í sjúkraskrárfærslum komi þá fram að möguleg orsök floga geti verið áfengisfráhvarf eða heilamar sem M hlaut við landingu. M geti sjálfur ekkert sagt til um orsakir fallsins og verði þá að byggja á öðrum gögnum, þ.e. grunsemdum lækna um orsök fallsins, sögu M um ofneyslu áfengis og frásögn Y. Bendi þau gögn öll sterklega til þess að fall M verði rakið til innra sjúkdómsástands og falli atvikið því ekki innan slyshugtaks váttryggingaréttar.

Álit.

Í 2. gr. skilmála váttryggingar þeirrar sem um ræðir er bótasvið hennar skilgreint og segir þar m.a. að með orðinu slys sé átt við „skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.“ Í dómum Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi váttryggingarskilmála. Það er því V sem ber sönnunarbyrði þess að fall M hinn 16. nóvember 2020 sé að rekja til innra sjúkdómsástands hans. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð M fyrir umtalsverðum höfuðáverkum, og eftir komu á bráðamóttöku fékk hann grand mal krampa en meðal orsaka slíks krampa eru áverkar á heila. Þá liggur fyrir að M hafi verið ávísuð flogaveikilyf til notkunar í einhverja mánuði eftir umræddan atburð en ekkert liggur fyrir um að hann hafi fengið flog eða verið til meðferðar vegna þeirra fyrir 16. nóvember 2020. Í dagál sérfræðilæknis dags. 20. nóvember 2020 segir þá að hugsanlega hafi óróleiki M á sjúkrahúsinu verið að hluta til vegna áfengisfráhvarfa. Í færslu sérfræðilæknis frá 26.

nóvember segir þá að grunur sé um að fráhrarfsflog hafi orsakað fallið. Í lögregluskýrslu, dags. 9. desember 2020, er frásögn Y, eina vitnisins að umræddum atburði, lýst svo að hann hafi allt í einu séð M hrasa, eða eins og hann hafi misst fæturna og fallið með höfuðið á undan niður tröppurnar. M hafi ekki borið fyrir sig hendurnar og Y viti ekki til þess hvað orsakaði fall hans. Frásögn Y er þannig ekki afdráttarlaus varðandi orsakir fallsins eða að það sé að rekja til einhvers konar krampakasts en Y lýsir ekki einkennum krampa eða flogs við skýrslugjöf hjá lögreglu. Þrátt fyrir að áfengisfráhvörf geti verið ein orsök svokallaðs grand mal krampa er ekki sýnt fram á að M hafi fengið fráhrarfsflog eða annars konar krampa áður en hann varð fyrir umræddum höfuðáverkum og að það hafi orsakað fall hans. Verður ekki séð að afdráttarlaust mat lækna á því að fall M verði rakið til fráhrarfsflogs liggja fyrir eða að slík ályktun verði dregin af framburði Y. Þá liggja ekki fyrir nefndinni læknisfræðileg gögn er sýni fram á að M hafi fallið í yfirlíð eða verið með skerta meðvitund af öðrum orsökum í aðdraganda fallsins. Af öllu framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur því ekki verið sýnt fram á að fall M hafi orsakast af innra sjúkdómsástandi og er það því mat nefndarinnar að um slys í skilningi 2. gr. váttryggingarskilmálanna hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 439/2021**M og
V v/ Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

Málskot móttakið 18. nóvember 2021 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 13. desember 2021.

Viðbótarathugasemdir M dags. 21. janúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. nóvember 2020 hafi M, er hann var að störfum fyrir X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M hafi verið að bera stóra spónaplötu niður hringstiga sem hafði verið plastaður til að verja hann fyrir ummerkjum frá umgangi. Samkvæmt vitnisburði samstarfsmanns M, Y, hafi M misst mátt í löppunum eða misstigið sig og fallið beint fram fyrir sig án þess að bera fyrir sig hendurnar. Engin önnur vitni hafi verið að atvikinu og M muni ekki sjálfur hver aðdragandi þess hafi verið. Lögregla, sjúkralið og Vinnueftirlitið hafi verið kvödd á vettvang. M hafi verið fluttur á bráðamóttöku þar sem hann hafi verið greindur með innkýlt höfuðkúpabrot og heilablæðingu og séu varanlegar afleiðingar þessa umtalsverðar. Vegna þessa gerir M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X. Byggir hann kröfu sína á því að orsök slyssins sé sú að honum hafi verið falið að vinna við ófullnægjandi aðbúnað í hættulegum aðstæðum, þ.e. hann hafi runnið á sleipu plastinu sem sett var yfir teppið í stiganum til að hlífa því. Hefði X átt að leita annarra leiða til að verja teppið. Með því að gera M að starfa við þessar hættulegu aðstæður hafi verið brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, svo og reglna settum með stoð í þeim. Umferðarleiðir á vinnustöðum skuli þannig vera greiðfærar til að koma í veg fyrir að starfsmenn renni til, hrasa o.s.frv. Þá skuli umferðarleiðir vera það rúmar að hægt sé að handleika byrðar í uppréttri stöðu án hættu á heilsutjóni. M byggir einnig á því að slysið megi rekja til þess að verklagsreglur eða almennar leiðbeiningar hafi ekki verið til staðar. Ekki liggi fyrir að verkstjóri hafi verið á staðnum og í ljósi hinna erfiðu aðstæðna verði að gera sérstaklega ríkar kröfur til verklags og öryggisráðstafana. Mögulega hefði þá mátt koma í veg fyrir umrætt tjónsatvik hefðu fleiri starfsmenn verið M og Y til aðstoðar eða leiðsagnar við burðinn. Í umsögn Vinnueftirlitsins sé þá komist að þeirri niðurstöðu að áhættumeta hefði átt burð niður stigan, en umræddur verkþáttur hafi ekki verið áhættumetin. Hefði slíkt áhættumat verið framkvæmt hefði það átt að leiða í ljós hættuna við umræddan verkþátt og gefa X tilefni til að grípa til aðgerða til að draga úr henni. Þá er því hafnað að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi enda sé ekkert komið fram er renni stoðum undir það. Sé því óskertur bótaréttur til staðar.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji ósannað að slys M verði rakið til frágangs plastsins í stiganum, ófullnægjandi verkstjórnar, ónógra öryggisráðstafana, skorts á áhættumati, annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Orsakir falls M séu ekki að fullu ljósar og það sé álit V að M hafi fengið flogakast eða misst meðvitund með þeim afleiðingum að hann missti fótanna og féll í stiganum, en samkvæmt framburði Y hafi M ekki borið fyrir sig hendur í fallinu. Því sé alfarið mótmælt að aðbúnaður á vinnustað hafi við ófullnægjandi, alltítt sé að verja gólfefni með plasti og ekkert liggi fyrir um að frágangi plastsins hafi verið ábótavant. Þá er því hafnað að aðstæður hafi verið svo erfiðar eða hættulegar að þörf hafi verið á sérstöku áhættumati, öryggisráðstöfunum eða verklagsleiðbeiningum. Um hafi verið að ræða einfalt verk sem M og Y hafi verið fullfærir um að vinna án sérstakra ráðstafana, en hvorki hafi verið mögulegt né tilefni til að koma upp fallvörnum í stiganum. Það sé tjónþoli sem beri sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi og slík sönnun hafi samkvæmt framansögðu ekki tekist.

Álit.

Rétt er að geta þess að með úrskurði nefndarinnar í máli 438/2021 var tekin afstaða til þess hvort umrætt tjónsatvik félli innan slyshugtaks vátryggingaréttar. Það var afstaða nefndarinnar í því máli að svo væri og kemur málflytningur aðila hvað þann þátt ágreinings þeirra varðar því ekki til frekari umfjöllunar. Þrátt fyrir afstöðu nefndarinnar í því máli liggur þó fyrir að ekki er að fullu ljóst hvernig slys M bar að, enda rekur M ekki minni til aðdraganda slyssins og frásögn Y er ekki afdráttarlaus varðandi það hvernig fall M atvikaðist. Sönnunarbyrði þess að tjón hans sé að rekja til saknæmra

athafna eða athafnaleysis X, aðila, atvika eða aðstæðna sem hann það ábyrgð á hvílir á M. Skýrsla Vinnueftirlitsins um slysið, dags. 18. nóvember 2020, liggur fyrir nefndinni. Í skýrslunni kemur fram sú afstaða að áhættumeta hefði átt burð niður umræddan stiga, en 120x200 sentimetra spónaplata hefði verið borin niður hringlaga stiga. Undirlag hefði verið plastað fyrir um daginn til að hlífa teppi í stiganum og gæti það hafa verið ójafnt og hált og þannig ýtt undir fallhættu. Ekki hafi verið sjáanlegt ryk eða sag á plastinu. Fyrirmæli Vinnueftirlitsins til X voru þau að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði fyrir vinnustaðinn. Í skýrslunni er þannig ekki tekin skýr afstaða til þess hvað olli því að M féll í stiganum og ekki verður heldur dregin sú ályktun af henni að skortur á skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum eða skortur á áhættumati umrædds verkþáttar hafi orsakað fall M. Þá verður ekki ráðið af skýrslunni, þrátt fyrir skort á áhættumati og áætlun um öryggi og heilbrigði, að aðbúnaði eða verklagi hafi verið ábótavant með þeim hætti að leitt hafi til líkamstjóns M. Af fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið, dags. 18. nóvember 2020, verður heldur ekki ráðið að fall M verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, aðila, atvika eða aðstæðna sem það beri ábyrgð á. Hefur M því samkvæmt framansögðu ekki tekist að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 440/2021**M og
V v/ Fasteignatryggingar, vatnstjónsliður.****Gildissvið vátryggingarskilmála. Tjónshugtak.****Gögn.**

Málskot móttakið 28. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 9. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ráðið að ofn í svefnherbergi í húseign M hafi lekið 26. október 2021 og tjón orðið á gólfefni. Um var að ræða tjón á parketi í svefnherbergi og hefur V greitt bætur sem taka mið af því að lagt sé nýtt parket á 15 fm flöt í svefnherbergi. Myndir liggja fyrir af húseign M.

M telur að tjón hennar sé ekki bætt að fullu nema tekið sé tillit til stærri gólfplatar sem flæði yfir nokkur rými með sama parketi. Það parket sem sé á gólfi svefnherbergis flæði yfir í fleiri rými án þröskulda og hafi verið óaðfinnanlegt fyrir lekann þó það hafi verið lagt á gólfplötinn allan árið 1998. Ekki hafi tekist að fá sambærilegt parket fyrir allt rýmið og sjáist því verulegur munur á heildarfleti gólfefnis.

V hefur hafnað því að greiða frekari bætur en greiddar hafi verið og vísar í fyrsta lagi til ákvæðis í 31. gr. vátryggingarskilmála sem segir: „Komi til tjóns á gólfnum eru aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður.“ V telur svefnherbergi í húseign M sérstakt rými og að bætur sem henni hafi verið greiddar taki mið af því að skipt sé út parketi í því rými og tjón hennar því fullbætt m.v. gildandi vátryggingarsamning.

Álit.

Ágreiningur er um hvort tjón M sé að fullu bætt með því að greiddar hafi verið bætur sem nema efniskostnaði vegna 15 fm nýs parkets og vinnu við að leggja það þannig að nýtt gólfefni sé á svefnherbergi M. Í vátryggingarskilmálum V um fasteignatryggingu M kemur fram í 31. gr. sérstök uppgjörsgregla vegna tjóna. Þar kemur í fyrsta lagi fram að V sé heimilt að draga frá ákveðið hlutfall fyrir hvert aldursár parkets sem er eldra en 5 ára. Hámark slíkra afskrifta er þó 70%. Einnig kemur fram í umræddri 31. gr. vátryggingarskilmála að bætur séu einungis greiddar fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður.

Þegar litið er til ljósmynda sem lagðar hafa verið fram um skipulag íbúðar M verður ekki annað séð en að svefnherbergi sé skýrlega afmarkað í sérstöku rými sem afmarkað er með dyraopi og hurð. Þó dyraopið sé ekki afmarkað með þröskuldi og flæðandi parket hafi verið sett á alla íbúð M árið 1998 telst svefnherbergið því til þess rýmis sem tjón varð í skilningi 31. gr. vátryggingarskilmála, en ekki þannig að svefnherbergið sé hluti stærra rýmis. Ekki verður heldur séð að það raski heildarmynd húseignar M þannig að það rýri fjárhagslegt verðmæti hennar að nýtt gólfefni sé á svefnherbergi en það sem lagt var árið 1998 í öðrum rýmum íbúðarinnar.

V telst hafa takmarkað ábyrgð sína í vátryggingarskilmálum við bætur vegna gólfefnis í því rými sem tjón varð og hefur því bætt tjón M í samræmi við það, en af málatilbúnaði V verður ekki séð að félagið hafi beitt öðrum þáttum í 31. gr. vátryggingarskilmálanna við uppgjör bóta til M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr vatnstjónslið fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 441/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X****Skaðabótaábyrgð. Sakarlíkindaregla.****Gögn.**

Málskot móttakið 25. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 21. desember 2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 1. júlí 2020 hafi starfsmenn X, þegar þeir unnu að endurnýjun gatna og lagna í íbúðargötu, sagað í ljósleiðarastreng í eigu M samhliða því að hitaveitustokkur var rofinn, en umræddur strengur mun hafa legið í eða við stokkinn. Vegna þessa tjóns krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafnaði kröfðinni, með bréfi dags. 29. júní 2021, á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á að umrætt tjón yrði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X.

Í málskoti vísar M til þess að starfsfólk X hafi sýnt af sér saknæmt gáleysi með þeirri háttsemi að hefja gröft og rif á mannvirkjum án þess að staðsetja lagnir enda verði slík skoðun að teljast á ábyrgð verktaka. Sú skylda sé jafnframt áréttuð í fyrirliggjandi samningi um verkið, en Y hafi verið verkkaupar og verkfræðistofan Z eftirlitsaðili. M hafi, hinn 8. maí 2019, sent lagnateikningar að beiðni Z. Á öllum teikningum komi fram sá fyrirvari að ekki sé tekin ábyrgð á dýpt lagna né nákvæmni korts. Umrædd teikning hafi þá ekki verið mjög nákvæm, enda götmynd mjög smækkuð og því ekki hægt að ráða nákvæma legu lagna af henni. Frekari beiðnir um teikningar hafi ekki borist fyrir en eftir tjónsatburðinn, eða 6. júlí 2020. X hefði hins vegar getað nálgast upplýsingar um innmælingarpunkta lagnarinnar á kortavef M. X hafi síðar framvísað teikningu sem að þess sögn sýni fram á að 1,86 metra frávik sé milli raunverulegrar legu strengsins og þeirrar legu sem upplýsingar frá M gefi til kynna. Er framlagningu teikningarinnar mótmælt af hálfu M, enda liggi ekki fyrir hvernig hún hafi verið unnin né breytt slík smávægileg skekkja nokkru um sök X. Það að X hafi fengið heimild veitufyrirtækis til að rjúfa eða fjarlægja umræddan stokk leiði svo ekki til þess að X hafi haft heimild til að valda tjóni á hagsmunum þriðja aðila, þ.e. M. Þá vísar M til sakarlíkindareglu 3. mgr. 71. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Það hvíli þannig á X að sýna fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó fyllstu aðgæslu hafi verið gætt.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að fyrirliggjandi útboðsgögn bendi eindregið til þess að X hafi m.a. tekið að sér vinnu við lagnir. Það leiði til þess að umrætt tjón falli utan við bótasvið vátryggingarinnar, enda leiði af gr. 5.2 og 5.3 í viðeigandi skilmálum að vátryggingin taki ekki til tjóns á munum sem séu í vörslum vátryggingartaka eða hann hafi tekið að sér að vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjón verður af verkinu eða við það. Hugsanleg bótaábyrgð sem grundvallist á sérstökum háttænisreglum í verksamningi falli þá ekki undir ábyrgðartrygginguna enda taki hún aðeins til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sbr. 2. gr. og 4. gr. skilmála hennar. Þá er því hafnað að X eða starfsfólk þess hafi sýnt af sér gáleysi við framkvæmd verksins. Teikningar sem X hafi sótt hafi ekki sýnt streng inni í hitaveitustokk og hafi M jafnframt fengið heimild viðeigandi veitufyrirtækis til að fjarlægja stokkinn. Hafi X sýnt fyllstu aðgæslu. M sé hins vegar í lófa lagið að beina því til verktaka sérstaklega að kanna legu lagna og strengja. Það sé hins vegar ekki gert og verði M að bera hallann af því séu teikningar sem frá því stafi ónákvæmar eða rangar. Í þessu tilviki hafi veruleg skekkja verið í teikningum frá M, enda hafi þær sýnt nærri tveggja metra fjarlægð milli hitaveitustokksins og legu strengsins. Enn fremur vísar V til þess að Z hafi komið fram fyrir hönd Y og hafi hann haft umfangsmikið hlutverk á grundvelli útboðsgagna verksins. Hann sé hins vegar ekki starfsmaður X og hugsanleg bótaskyld háttsemi hans því ekki á ábyrgð þess.

Álit.

Umræddur strengur fellur undir skilgreiningu 16. tl. 3. gr. laga um fjarskipti varðandi það hvað teljist vera fjarskiptavirki. Í 3. mgr. 71. gr. sömu laga er að finna sakarlíkindareglu, en af henni leiðir að ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir leiða til skemmda á fjarskiptavirkjum skuli tjónvaldur bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó fyllstu aðgæslu hafi verið gætt. Sönnunarbyrði þess hvílir á X. Meðal gagna er mynd frá X sem er sögð sýna frávik í legu strengsins frá því sem fram komi í upplýsingum sem stafa frá M. Ekki er þó sýnt fram á hvernig sú teikning var unnin, né liggja fyrir nefndinni frekari mælingar eða óháð mat á

aðstæðum. Í verklýsingu í fyrirbyggjandi útboðsgögnum kemur þá sérstaklega fram að dýpt á lögnum M sé mismunandi og ekki sé hægt að ganga að henni sem vísri og því sé gerð krafa um ítrustu aðgæslu þar sem lagnir M séu fyrir hendi. Jafnframt kemur þar fram að beiðni um hnitaútsetningu skuli komið á framfæri við M. Ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að það hafi verið gert áður en umrædd framkvæmd hófst. Þá var sá fyrirvari gerður við þá teikningu sem kallað var eftir frá M áður en verkið hófst og ætla má að X hafi haft undir höndum að ekki væri tekin ábyrgð á dýpt lagna né nákvæmni korts. Með hliðsjón af framansögðu verður að líta svo á að sérstakrar aðgæslu hafi verið þörf við starfann og verður ekki talið að X hafi tekist að sýna fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó fyllstu aðgæslu hafi verið gætt, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga um fjarskipti. Þá ber að geta þess að þó umrætt verk hafi samkvæmt útboðsgögnum falið í sér vinnu við lagnir var þar ekki um að ræða lagnir í eigu M og var M ekki aðili að verksamningi Y við X. Verður því ekki fallist á þau rök V að tjónið falli utan bótasviðs skilmála váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 22 febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 442/2021**M og****V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X****Skaðabótaábyrgð. Ábyrgð fasteignareigenda. Sönnun.****Gögn.**

Málskot mótttekið 6. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 7. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.

Viðbótarathugasemdir M dags. 10. desember 2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. júní 2019 hafi M slasað sig á gangstétt fyrir framan verslunarhúsnæði X. Nánar tiltekið hafi hún rekið tanna í mishæð á gangstéttinni og fallið með þeim afleiðingum að hún varð fyrir líkamstjóni. Á grundvelli þessa krafðist M, með bréfi dags. 12. apríl 2021, bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 1. júní 2021. Í málskoti byggir M á því að X beri ríka ábyrgð á aðstæðum við húsnæðið og hvíli á því skylda til að tryggja öryggi þeirra sem eigi þar leið um. Mishæðin hafi verið í eðlilegri gönguleið viðskiptavina og ekki hafi verið varað við henni með neinum hætti. Vísar M til dómafordæma og ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 máli sínu til stuðnings. Þá hafi Y, starfsmaður X, sem hafi verið viðstaddur er slysið átti sér stað, tjáð M að lagfæringa væri þörf á gangstéttinni, en ekki liggi fyrir hvort viðgerðir sem að sögn Y hafi verið ráðist í síðan hafi náð til umræddrar mishæðar. Tjón M sé því að rekja til saknæmrar háttsemi X og telji V eitthvað óupplýst hvað varði aðstæður á slysstaði þáð X nær að tryggja sér sönnun hvað það varðar. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt fyrirliggjandi ljósmyndum verði ekki séð að nein mishæð sé í stéttinni. X kveðst ekki hafa haft vitneskju um mishæð í stéttinni og engar breytingar hafi verið gerðar á henni eftir slys M. Y lýsi atvikum þannig að M hafi gengið á undan honum út og hafi hún rekið tanna í gangstéttina og skolið harkalega í jörðina. Y kannist hins vegar ekki við að misfella hafi verið í gangstéttinni. Þar sem ekki sé sýnt fram á að slysið sé að rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi X, starfsmanna þess, eða annarra atvika sem X beri ábyrgð á er bótaskylda því hafnað. Með viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar fylgdi yfirlýsing Z, dóttur M sem var með henni umræddan dag, varðandi það að Y hefði, á slysdegi, tjáð M og Z að fyrir umræddan atburð hefði komið til tals að þörf væri á að lagfæra umrædda mishæð, eða nibbu, á gangstéttinni.

Álit.

Til þess að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og sönnunarbyrðin hvað það varðar hvílir á M. Atvikalýsing M er sú að hún hafi dottið um misfelli í gangstéttinni og verði að meta M það til sakar að umrædd misfella hafi verið til staðar og ekki varað við henni með neinum hætti. Fyrir nefndinni liggja ljósmyndir af umræddri gangstétt, en ekki liggur fyllilega fyrir hvenær þær voru teknar eða nákvæm staðsetning meintrar mishæðar. Af þeim ljósmyndum sem fyrir liggja verður þá ekki séð að á hellulögninni sé nein greinileg mishæð. Gegn neitun X verður þá ekki byggt á því að ráðist hafi verið í viðgerðir á hellulögninni eftir 21. júní 2019. Þar sem M hefur ekki sýnt fram á að aðstæður á vettvangi á slysdegi hafi verið með þeim hætti að leitt hafi til slyssins er greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15 febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 443/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

Málskot móttakið 6.12.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf V dags. 04.01.2022.
Bréf lögmanns M dags. 02.02.2022.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína þann 26. febrúar 2019 er hann var að afferma steypumót af vörubíl með starfsfélögum sínum. Sérstakur krani var notaður við afferminguna en hann var í eigu X og var stjórnandi kranans einnig á vegum þess fyrirtækis. Við afferminguna datt M út af vörubílpallinum sem hann stóð á og slasaðist. Í tilkynningu vinnuveitanda M til Vinnueftirlitsins dags. 1. mars 2019 er tildrögum slyssins lýst þannig: „...slag kemur á bómuna og einingin færir af stað og ýtir þar með [M] út af vörubílpallinum sem hann stóð á. Hann fellur til jarðar og lendir á fótunum en fellur afturfyrir sig og lendir á bakinu.“ Úrskurðarnefndin hefur í máli nr. 108/2021 fjallað um skaðabótaábyrgð vinnuveitanda M vegna þessa slyss en niðurstaða þess úrskurðar var sú að skilyrði skaðabótaábyrgðar væru ekki fyrir hendi. Eftir að sá úrskurður lá fyrir var gerð krafa í ábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar en X var vinnuveitandi stjórnanda kranans. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með ódags. bréfi.

M telur að X beri ábyrgð á saknæmri háttsemi kranastjórans, sem var starfsmaður X á slysdegi, á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Með því að flýta sér við hífingu steypumótsins og láta sér í léttu rúmi liggja hvort M hafi verið kominn í skjól, hafi starfsmaður X sýnt af sér gáleysi sem leiddi til tjóns sem X ber ábyrgð á. Það verði að ætla að þeim sem stjórnar krana við slíka hífingu, beri að gæta þess sérstaklega að hífingin sé framkvæmd án hættu fyrir samstarfsmenn sína. Búið hafi verið að koma upp ákveðnu fyrirkomulagi við framkvæmd starfans þannig að M hafi átt að gefa kranastjórnandanum merki þegar óhætt var að hífa steypumótið. M fullyrðir að þegar slysið varð hafi hann ekki gefið merki um að kranastjórinn mætti hífa mótið en viðkomandi tók engu að síður ákvörðun um að hífa það án þess að ganga fyrst úr skugga um að M væri kominn í skjól. Vísar M til 28. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, II viðauka við reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja og 23. gr. reglugerðar nr. 900/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

V hafnar því alfarið að kranastjórinn hafi sýnt af sér gáleysi við hífinguna. Ekki liggi fyrir nákvæmlega hvað gerðist en slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu. Vinnuveitandi M hafi séð um verkstjórn á verkstað þegar slysið varð og í skýrslu frá vinnuveitanda M lýsir verkstjóri því að málskotsaðili hafi ekki staðið á réttum stað við verkið. Það er afstaða V að hallan af því að málið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu og rannsakað beri verkstjórnandi á verkstað en það er vinnuveitandi M. Því er einnig mótmælt að veðurfar hafi verið með þeim hætti að vinnan gæti ekki farið fram með eðlilegum hætti. V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Lýsing M á tildrögum slyssins kom fyrst fram í bréfi lögmanns M til váttryggingafélags vinnuveitanda M dags. 8. janúar 2021. Í því bréfi er því haldið fram að vindkviða hafi verið orsök slyssins. Slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu eða lögreglu og liggja því ekki fyrir samtíma gögn um tildrög slyssins önnur en þau sem skráð eru af vinnuveitanda M og koma fram í tilkynningu vinnuveitandans til Vinnueftirlitsins, Sjúkratrygginga Íslands og til váttryggingafélags vinnuveitandans. Í þeim gögnum er þess hvergi getið að stjórnandi kranans hafi hífð án þess að hafa fengið merki frá M. Kemur sú lýsing á tildrögum slyssins fyrst fram í bréfi lögmanns M til V dags. 1. júní 2021, rúmlega 2 árum eftir slysið. Engin samtíma gögn styðja frásögn M af slysinu auk þess sem lýsing M á tildrögum slyssins hefur verið nokkuð á reiki. Af fyrirliggjandi gögnum verður þannig ekki ráðið að líkamstjón M hafi orðið vegna gáleysis stjórnanda kranans eða öðrum aðstæðum sem X ber skaðabótaábyrgð á. M ber sönnunarbyrði um

að þannig að hafi aðstæður verið og þau gögn sem lögð hafa verið fyrir nefndina fela ekki í sér skýra sönnun um það.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 444/2021**M og
V Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

Málskot móttakið 7.12.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf V dags. 04.01.2022, ásamt fylgigögnum
Bréf lögmanns M dags. 25.01.2022.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína hjá X þann 5. desember 2016 er hún var að vinna við vél sem brýtur saman handlæði, sloppa og sængurföt. Eitt handklæðanna festist í vélinni og eftir að hafa slökkt á vélinni fór M upp á færiband vélarinnar til að losa handklæðið. Á leiðinni niður féll hún af vélinni og niður á gólf og lendir þar á festingu sem var plastklædd úr járn. M leitaði til læknis daginn eftir slysið og var ráðlögð hvíld út vikuna.

M telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi starfsaðstæðna m.t.t. öryggis sem og aðgæsluleysis samstarfsmanns M sem stjórnaði vélinni í umrætt sinn. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu og að horfa verði sérstaklega til þess að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins sem leiddi til þess að ekki var framkvæmd rannsókn á orsökum slyssins. V segir að ekki sé um það deilt að M hafi fallið og orðið fyrir einhverjum meiðslum við vinnu sína við vélina á umræddum degi en að staðhæfingar um orsakir fallsins af vélinni fyrst hafa komið fram tveimur árum eftir slysið. V hafnar greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu þar sem ósannað sé að slysið verði rakið til mistaka samstarfsmanns M, saknæms vanbúnaðar á tækjum eða húsnæði, ófullnægjandi öryggisbúnaðar, verkstjórnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ágreiningslaust er að slysið hafi átt sér stað en ágreiningur er milli aðila um orsök slyssins. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Samkvæmt fyrirliggjandi tímaskráningu kláraði M ekki fullan vinnudag daginn eftir slysið og leitaði þá til læknis. Vaktafri var næstu 2 daga þar á eftir en M mætti í aukavinnu annan þeirra daga. Næstu 3 daga þar á eftir var hún fjarverandi vegna slyss. Vísbindingar voru þannig til staðar um að M hefði slasast það mikið að hún varð óvinnufær í nokkra daga eftir slysið, þó þeir hefðu ekki verið samfelldir. Með því að hlutast ekki til um að slysið yrði tilkynnt eða rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins þrátt fyrir að vísbindingar væru um að slysið hefði leitt til nokkurra daga óvinnufærni verður X að bera hallan af sönnunarskortum um atriði sem hafa áhrif á sakarmat. Verður því lögð til grundvallar lýsing M á slysinu sem m.a. kemur fram á tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sem X undirritar, en þar kemur fram að annar starfsmaður hafi kveikt óvænt á vélinni með þeim afleiðingum að M féll af vélinni niður á gólfið. Verður þannig talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 445/2021
M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

Málskot móttakið 7. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 22. desember 2021.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 6. janúar 2022, ásamt atvikalýsingu dags. 31. desember 2021.

Málsatvik.

M var við vinnu sína hjá X hinn 13. ágúst 2017 og lýsir atvikum líkamstjóns síns þannig í tilkynningu til V dags. 7. október 2018: „...vorum að rúlla flugvéladekki uppá kerru, Ásgeir Atli missti takið á dekkinu það rann á mig og klemmdi löppina á milli kerru og dekk.“ Í sameiginlegri tjónstilkynningu M og X til Sjúkratrygginga Íslands dags. 7. október 2018 segir: „...var að flytja flugvéla dekk á kerru af lager. Á meðan var verið að loada kerruna rann dekkið á mig og löppin klemmdist á milli Dekks og kerru.“ Meðal gagna málsins er matsgerð dags. 25. mars 2020 um afleiðingar líkamstjóns M vegna tjónsatviksins. Við meðferð málsins hjá nefndinni barst óundirrituð yfirlýsing A dags. 31. desember 2021 vegna atvika málsins. Þar segir: „Eitt af verkefnum vaktarinnar ar að færa 54“ dekk (um 200 kg) frá lagernum og í dekkjakerruna með handaflí. Ég varð vitni að því að eitt hjólanna rann harkalega í hlið fótleggjar [M] svo að hné hans kramdist á milli dekkisins og dekkjakerrunar.“

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans vegna gáleysis samstarfsmanns M. Það gáleysi felist í aðgæsluleysi samstarfsmanns M þegar hann rúllaði dekki á M án nægilegrar aðgæslu. Einnig vísar M til skyldna X í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V hefur hafnað greiðsluskyldu og telur ósannað að tjón M sé hægt að rekja til gáleysis samstarfsmanns hans. Ekki liggja fyrir lýsingar af atvikum sem styðji það og þær upplýsingar sem V hafi fengið um tjónsatvikið hafi verið þær að um óhapp hafi verið að ræða. V bendir á að M beri sönnunarbyrði um að skaðabótaábyrgð X sé fyrir hendi skv. almennum reglum skaðabótaréttar og það hafi ekki tekist.

Álit.

Ágreiningur er um hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem vinnuveitandinn X beri skaðabótaábyrgð á. Í tilkynningu M sjálfs til V, dags. 7. október 2018, segir um atvik að samstarfsmaður hans hjá X hafi misst tak á stóru dekki sem hafi runnið á M og hann hafi þannig slasast. Í annarri tjónstilkynningu dags. sama dag, sem undirrituð er af bæði M og fulltrúa X, lýsir M atvikum þannig að dekk hafi runnið á hann en víkur ekki að þætti samstarfsmannsins í atburðarásinni. Að lokum barst lýsing umrædds samstarfsmanns á atvikum með óundirritaðri atvikalýsingu dags. 31. desember sl. þar sem fram kemur að dekk hafi lent á M og hluti af verkefnum þeirra hjá X hafi verið að færa dekkinn með handaflí. Af þessum lýsingum verður ekki fyllilega ráðið að líkamstjón M hafi orðið vegna gáleysis samstarfsmanns hans eða öðrum aðstæðum sem X ber skaðabótaábyrgð á. M ber sönnunarbyrði um að þannig að hafi aðstæður verið og þau gögn sem lögð hafa verið fyrir nefndina fela ekki í sér skýra sönnun um það.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 445/2021
M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

Málskot móttakið 7. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 22. desember 2021.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 6. janúar 2022, ásamt atvikalýsingu dags. 31. desember 2021.

Málsatvik.

M var við vinnu sína hjá X hinn 13. ágúst 2017 og lýsir atvikum líkamstjóns síns þannig í tilkynningu til V dags. 7. október 2018: „...vorum að rúlla flugvéladekki uppá kerru, Ásgeir Atli missti takið á dekkinu það rann á mig og klemmdi löppina á milli kerru og dekk.“ Í sameiginlegri tjónstilkynningu M og X til Sjúkratrygginga Íslands dags. 7. október 2018 segir: „...var að flytja flugvéla dekk á kerru af lager. Á meðan var verið að loada kerruna rann dekkið á mig og löppin klemmdist á milli Dekks og kerru.“ Meðal gagna málsins er matsgerð dags. 25. mars 2020 um afleiðingar líkamstjóns M vegna tjónsatviksins. Við meðferð málsins hjá nefndinni barst óundirrituð yfirlýsing A dags. 31. desember 2021 vegna atvika málsins. Þar segir: „Eitt af verkefnum vaktarinnar ar að færa 54“ dekk (um 200 kg) frá lagernum og í dekkjakerruna með handaflí. Ég varð vitni að því að eitt hjólanna rann harkalega í hlið fótleggjar [M] svo að hné hans kramdist á milli dekkisins og dekkjakerrunar.“

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans vegna gáleysis samstarfsmanns M. Það gáleysi felist í aðgæsluleysi samstarfsmanns M þegar hann rúllaði dekki á M án nægilegrar aðgæslu. Einnig vísar M til skyldna X í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V hefur hafnað greiðsluskyldu og telur ósannað að tjón M sé hægt að rekja til gáleysis samstarfsmanns hans. Ekki liggja fyrir lýsingar af atvikum sem styðji það og þær upplýsingar sem V hafi fengið um tjónsatvikið hafi verið þær að um óhapp hafi verið að ræða. V bendir á að M beri sönnunarbyrði um að skaðabótaábyrgð X sé fyrir hendi skv. almennum reglum skaðabótaréttar og það hafi ekki tekist.

Álit.

Ágreiningur er um hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem vinnuveitandinn X beri skaðabótaábyrgð á. Í tilkynningu M sjálfs til V, dags. 7. október 2018, segir um atvik að samstarfsmaður hans hjá X hafi misst tak á stóru dekki sem hafi runnið á M og hann hafi þannig slasast. Í annarri tjónstilkynningu dags. sama dag, sem undirrituð er af bæði M og fulltrúa X, lýsir M atvikum þannig að dekk hafi runnið á hann en vikur ekki að þætti samstarfsmannsins í atburðarásinni. Að lokum barst lýsing umrædds samstarfsmanns á atvikum með óundirritaðri atvikalýsingu dags. 31. desember sl. þar sem fram kemur að dekk hafi lent á M og hluti af verkefnum þeirra hjá X hafi verið að færa dekkinn með handaflí. Af þessum lýsingum verður ekki fyllilega ráðið að líkamstjón M hafi orðið vegna gáleysis samstarfsmanns hans eða öðrum aðstæðum sem X ber skaðabótaábyrgð á. M ber sönnunarbyrði um að þannig að hafi aðstæður verið og þau gögn sem lögð hafa verið fyrir nefndina fela ekki í sér skýra sönnun um það.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Þóra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 15. febrúar 2022.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 447/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar ökutækis
Skráningarnúmer ökutækja: KS U78 (A) og VS V24 (B)****Sakarskipting við árekstur. Framúrakstur. Beygt til vinstri.****Gögn.**

Málskot móttakið 25. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 6. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Viðbótarathugasemdir M dags. 18. janúar 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 1. september 2021, varð, hinn 31. ágúst 2021, árekstur milli bifreiðarinnar A, sem M ók, og dráttarvélarinnar B, á Suðurlandsvegi við Stórólfsvelli. Lýsti M þar atvikum á þann veg að hann hefði hugst aka fram úr B, en þegar hann var kominn að hlið hennar hafi B verið ekið til vinstri inn að Stórólfsvöllum. Hafi M reynt að beygja til vinstri til að forða árekstri en lent utan í B og heyrúlluvagni sem hún var með í eftirdragi. Samkvæmt framburði ökumanns B var A ekið í hliðina á B þegar hann var að beygja henni til vinstri inn að Stórólfsvelli. M óskaði þess síðar að koma frekari upplýsingum á framfæri við lögreglu og samkvæmt því sem haft er eftir honum í framburðarskýrslu, dags. 24. september 2021, var B ekið til hægri við vegkant í aðdraganda áreksturs. Hafi M því talið að B hafi verið að gefa A færi á framúrakstri. B, sem hafi verið ljóslaus að aftan, og ekki gefið merki til marks um fyrirhugaða akstursstefnu, hafi hins vegar verið ekið í veg fyrir A. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem lagði alla sök á A fyrir framúrakstur á gatnamótum. M fellir sig ekki við þau málalok og tekur í málskoti fram að á vettvangi hafi verið brotin lína á veginum og framúrakstur því heimill. Vagninn sem var aftan í B hafi þá verið óskráður, ljóslaus og með öllu ólöglegur á þjóðvegi. Vísar M jafnframt til ákvæða umferðarlaga nr.77/2019 og fordæma nefndarinnar máli sínu til stuðnings. V, sem var á tjónsdegi vátryggjandi A og B, tekur í bréfi sínu til nefndarinnar fram að ljósabúnaður umrædds tengivagns hafi verið af viðurkenndri gerð og í lagi auk þess sem tækið hafi verið forskráð hjá Samgöngustofu. Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M fyrri athugasemdir varðandi tengivagninn, sem hafi í öllu falli verið ljóslaus umrætt sinn, hvað sem því hafi valdið.

Álit.

Árekstur A og B átti sér stað við vegamót, sbr. 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga. Skýrt bann er við framúrakstri rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim, sbr. 1. mgr. 25. gr. sömu laga. Með því að reyna framúrakstur á umræddum stað verður að líta svo á að M hafi brotið gegn fyrrgreindu ákvæði og ber hann því megin sök á árekstri aðila. Hins vegar liggur ekkert fyrir um að B, sem hugði á vinstri beygju, hafi orðið A var fyrir en árekstur varð, og verður því að telja að aksturslag hans hafi verið í andstöðu við 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga, er leggur þann áskilnað á ökumann vélknúins ökutækis sem ætlar að beygja á vegamótum að hann gangi úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra og skal m.a. sérstaklega gefa gaum að umferð sem á eftir kemur. Ber hann því jafnframt nokkra sök á árekstrinum. Með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja þykir þá ekki grundvöllur fyrir því að byggja sakarmat á öðru en framansögðu, en t.a.m. liggur ekki fyrir að umræddur tengivagn hafi verið vanbúinn. Samkvæmt framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, skal sök skipt þannig A beri 2/3 hluta sakar og B 1/3.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B 1/3 hluta.

Reykjavík, 15 febrúar 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 449/2021**M og****V1 og V1 vegna Ábyrgðartrygginga ökutækja A og B****Sakarskipting vegna áreksturs. Framúrakstur. Ekið til vinstri á vegamótum.****Gögn.**

Málskot móttakið 7. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 17. desember 2021, ásamt álitum Tjónanefndar váttryggingafélaganna nr. 346/2021.

Tölvupóstur V1, dags. 1. febrúar 2022.

Tölvupóstur M, dags. 14. febrúar 2022, ásamt bréfi ökumanns og farþega A dags. 13. febrúar 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðinni A sem er ábyrgðartryggð hjá V1 og bifreið B sem er ábyrgðartryggð hjá V2 hinn 4. október 2021 við gatnamót Skagastrandarvegur og Neðribyggðarvegur á Blönduósi. Ekki liggur fyrir sameiginleg tjonstilkynning frá ökumönnum, en af gögnum málsins má ráða að báðum bifreiðum hafi verið ekið um Skagastrandarveg og árekstur hafi orðið með bifreiðunum þegar bifreið B var ekið til vinstri áleiðis af Skagastrandarvegi inn á Neðribyggðarveg um leið og ökumaður bifreiðar A ætlaði að aka fram úr bifreið B.

M telur ökumann bifreiðar B bera alla sök á árekstrinum og vísar til þess að yfirborðsmerkingar á vegi hafi verið þannig að brotin lína hafi verið máluð á yfirborð vegarins en ekki heil lína og þannig hafi ökumanni bifreiðar A verið heimilt að aka fram úr bifreið B. M vísar til 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem komi fram að vegmerkingar gangi framur almennum umferðarreglum og þannig hafi ökumanni bifreiðar A verið heimilt að aka framúr bifreið B. Í viðbótarathugasemdom ökumanns bifreiðar A og farþega, dags. 13. febrúar 2022 kemur fram að þeir telji að bifreið B hafi verið ekið mjög hægt og ekki gefið stefnumerki fyrir en um leið og bifreiðinni var ekið til vinstri og hafi hún þá hafnað í hlið bifreiðar A sem hafi hafið framúrakstur nokkru áður og gætt við það fyllstu varúðar.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B fyrir að aka í veg fyrir umferð þar sem framúrakstur við gatnamót hafi verið heimill vegna brotinnna lína á vegi og reglu 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga.

V2 telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar A sem hafi ekið yfir fullbrotna línu á vegi við vegamót gegn fyrirmælum 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga, þar sem komi fram að óheimilt sé að aka fram úr bifreið áður en komið er að vegamótum eða á þeim, auk þess sem ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt fyllstu varúð, sbr. fyrirmæli í d.lið 23. reglugerðar um umferðarmerki með síðari breytingum nr. 289/1995. V2 vísar til þess að regla 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga verði ekki túlkuð með þeim hætti að hún heimili framúrakstur við vegamót, enda sé þar um áhættusama háttsemi að ræða. Einnig mótmælir V2 síðari skýringum ökumanns bifreiðar A um að stefnuljós á bifreið B hafi verið gefið seint enda hafi þær ekki stöð í gögnum málsins.

Álit.

Ekki virðist ágreiningur milli aðila um að fullbrotin miðlína hafi verið á vettvangi árekstursins í akstursstefnu A og B, en myndir af vettvangi sýna það, og að báðir ökumenn hafi ekið yfir þá línu til vinstri á veginum. Samkvæmt d. lið 23. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995, sbr. rg. 365/2019, má aka yfir fullbrotna línu, enda sé gætt fyllstu varúðar. Báðum ökumönnum bar því að gæta fyllstu varúðar þegar þeir óku yfir hina fullbrotnu línu.

Í 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að óheimilt sé að aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Í 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga segir svo að vegfarandi skuli fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum um umferð sem gefin séu til kynna umferðarmerkjum, umferðarljósum, merkingum á yfirborði vegar, hljóðmerkjum eða með öðrum hætti á eða við veg og gildi slík fyrirmæli og leiðbeiningar þá framur almennum umferðarreglum. Í fyrirmælum d.liðar 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 er, eins og áður segir, brýnt fyrir ökumönnum að gæta fyllstu varúðar þegar ekið er yfir fullbrotna línu. Framangreint verður að túlka sem svo að framúrakstur rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim sé þá ekki fortakslaust bannaður, enda sé fyllstu varúðar gætt við akstur yfir fullbrotna línu.

Í því tilviki sem hér um ræðir var því bádum ökumönnum heimilt að aka yfir fullbrotna miðlínu á vegi með fyllstu varúð. Við mat á því hvernig ökumenn gæta fyllstu varúðar við slíkan akstur verður hins vegar ekki að öllu leyti litið framhjá þeim almennum skyldum sem á ökumönnum hvíla í umferðarlögum nr. 77/2019, enda miða fyrirmæli þeirra laga að því að umferð gangi greiðlega.

Verður því við sakarmat litið til þess að ökumaður bifreiðar A var við framúrakstur, en í 23. gr. umferðarlaga er fjallað um að ökumenn verði að ganga úr skugga um að framúrakstur sé hættulaus og af 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga verður ekki annað ráðið en að augljós hætta sé af því að aka framúr bifreið við vegamót. Í háttænisreglu 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga kemur fram að ökumenn sem beygja á vegamótum beri að ganga úr skugga um að þeim sé unnt að gera það án hættu eða óþarfa áhættu fyrir aðra og hyggja sérstaklega að umferð sem á móti og á eftir kemur. Verður af þessu ekki hægt að álykta annað en ökumaður B hafi átt að gæta að umferð fyrir aftan sig til að gæta fyllstu varúðar.

Sakarmat skv. 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 byggist á mati á háttsemi hvors ökumanns um sig. Af öllum gögnum málsins og framburðum ökumanna verður ekki annað ráðið en að hvorugur ökumanna hafi gætt með fyllstu varúð að akstri hins þegar þeir óku til vinstri á Skagastrandarvegi og skiptist sök vegna árekstur bifreiða A og B til helminga milli ökumanna.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 450/2021**M og
V1 og V2 vegna Ábyrgðartryggingar ökutækja A og B****Hringtorg. Sakarskipting.****Gögn.**

Málskot móttakið 6. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1 dags. 2. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2 dags. 10. febrúar 2022.

Viðbótarathugasemdir M dags. 14. febrúar 2022.

Málsatvik.

Hinn 22. nóvember 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem er í eigu M, á hringtorgi við Nóatún í Reykjavík. Starfsmaður Aðstoðar og öryggis mætti á vettvang og fyrirliggjandi er skýrsla hans um atvikið. Er þar haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið Nóatún til norðurs og hafi ætlað beint í gegnum hringtorgið til norðurs. Hafi B verið ekið inn á hringtorgið í veg fyrir A. A hafi þá gefið hljóðmerki til marks um að hann væri ekki sáttur við það en þá hafi B hellað. Hafi A ekki átt von á því og ekki náð að stöðva í tæka tíð og því ekið aftan á vinstra afturhorn B. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi ekið eftir Hátúni til vesturs og hafi verið á leið í gegnum hringtorgið þegar A hafi ekið á B. Þá segist ökumaður B hafa verið á litlum hraða, e.t.v. 15 kílómetra hraða á klukkustund. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður B bæri alla sök á árekstrinum þar sem hann hefði ekki virt forgang umferðar sem ekið var um hringtorgið. M fellir sig ekki við þau málalok og segir í málskoti að B hafi ekið í hringtorgið eftir að hafa litið til beggja hliða. Hafi hann séð A aka hratt niður Nóatún en reiknað með að A mundi hægja ferðina og virða biðskyldu. A hafi ekki gert það heldur gefið hljóðmerki áður en A var komin að hringtorginu, en þá hafi B þegar verið komin inn á hringtorgið. B hafi verið því ekið inn á hringtorgið á undan A og því beri B enga sök á árekstri bifreiðanna.

V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, vísar í bréfi sínu til fyrirliggjandi myndbands úr upptökumyndavél í B, þar sem sjá megi að B hafi verið ekið nánast viðstöðulaust inn á hringtorgið. Biðskyldumerki sé fyrir umferð inn á hringtorgið, óháð því hvaðan ekið sé inn í það, og með hliðsjón af legu þess og akstursleiðum A og B hafi B borið að víkja fyrir umferð um hringtorgið, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá hafi B ekki gætt nægilega að ákvæði 2. mgr. 20. gr. sömu laga þegar hann nam staðar án þess að gæta að því hvaða áhrif það hefði á aðra umferð. Beri B því ábyrgð á umræddum árekstri. Bréfi V1 fylgdi einnig frekari lýsing frá ökumanni A, þar sem segir að hann hafi hægt á A við biðskyldu og að B hafi á þeim tíma verið kyrrstæð, en hafi tekið af stað inn á hringtorgið þegar A var að nálgast hægri beygju úr hringtorginu.

V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, vísar einnig til fyrirliggjandi myndbands, en þar megi sjá að B hafi verið komin langt inn á hringtorgið þegar A var ekið á hana. Af myndbandinu megi einnig ráða að B hafi ekki séð neina bifreið á hringtorginu eða á leið inn á það og því hafi B ekki haft ástæðu til annars en að halda áfram inn á torgið. Beri A, sem ekki hafi gætt nægilega að ákvæði 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga því alla sök á árekstri bifreiðanna.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M sérstaklega frásögn A, B hafi ekki staðnæmst við biðskyldu enda engin ástæða til, og þá hafi A ekki hægt á sér við biðskyldu heldur ekið á töluverðum hraða inn á hringtorgið.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr samkvæmt framansögðu að því hvor þeirra hafi ekið á undan inn á hringtorgið en samkvæmt 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga skal ökumaður sem ekur að hringtorgi veita þeim sem eru í torginu forgang. Þá er biðskyldumerki við öll gatnamót inn á umrætt hringtorg en samkvæmt 2. mgr. 26. gr. sömu laga skal ökumaður veita umferð ökutækja, gangandi og hjólandi forgang á vegi sem ekið er inn á eða yfir sé það gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Báðir ökumenn halda því samkvæmt framansögðu fram að þeir hafi virt biðskyldu. Fyrirliggjandi eru ljósmyndir af vettvangi og má greina af þeim að báðar bifreiðarnar hafi verið komnar nokkurn spöl inn á hringtorgið er árekstur varð. Af fyrirliggjandi myndbandsupptöku verður þá ekkert fullyrt um það hvort annarri bifreið hafi verið ekið inn á

hringtorgið rétt á undan, eða í sama mund og B, eða hver ökuhraði A og B var í aðdraganda áreksturs. Framburður aðila varðandi framangreind atriði eru að mestu ósamræmanlegir og ekki verður séð að fyrirbyggjandi gögn staðfesti framburð annars umfram hinn. Er það því að mati nefndarinnar ósannað hvor bifreiðin var á undan inn á hringtorgið. Þar sem ágreiningur er um atvik og fyrirbyggjandi gögn sýna ekki fram á atvik í aðdraganda áreksturs er ekki tilefni til að leggja sök á árekstrinum á annan ökumanna umfram hinn. Verður sök því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar, nr. 30/2019, skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 451/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Sérfræðiábyrgð.****Gögn.**

Málskot móttakið 8.12.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf V dags. 16.12.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf lögmanns M dags. 25.01.2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón varð á sumarhúsi í eigu M þann 7. febrúar 2021. Sumarhúsið var keypt notað og flutt á nýtt land í leigu M. Við hífingu hússins fóru í sundur frárennislagnir frá vöskum, sturtu og salerni. Flest niðurföll eru með vatnslásum inni í húsinu nema undir sturtunni, þar var vatnslásinn í svelg undir húsinu. Við hífinguna datt stykki undan sem hafði að geyma vatnslásinn. Pípulagningarmeistarinn X var ráðinn til þess að tengja húsið á við hitaveitu, neysluvatn og allt frárennsli. Þegar hann setti svelginn undir húsið kannaði X ekki hvort vatnslás væri til staðar. Affall af forhitara var tengt inn á frárennislagnir sem tengjast einnig við frárennsli frá sturtubotni og þar sem vatnslás vantaði átti hiti og gufa greiða leið upp um niðurfallið meðan bústaðurinn var mannlauus í 2 vikur eftir að vinnu X lauk með þeim afleiðingum að tjón varð á baðherberginu.

M telur að X pípulagningarmeistari beri skaðabótaábyrgð á tjóninu þar sem honum láðist að kanna hvort vatnslás væri í ákveðnu stykki/svelg sem hann skrúfaði undir bústaðinn þegar hann tengdi niðurfall úr sturtuklefa við frárennislögn hússins.

V hafnaði bótaskyldu og telur að tjónið verði ekki rakið til atvik sem X ber skaðabótaábyrgð á. X hafi þannig ekki haft ástæðu til að kanna áður en affallið var tengt í frárennslið hvort vatnslás væri í niðurfallinu þar sem almenn venja væri að vatnslás væri í niðurföllum. M beri sjálf ábyrgð á að hafa ekki upplýst X um ástandið á sturtubotninum og að frágangi á niðurfalli þar væri öðruvísi háttáð en á öðrum niðurföllum eignarinnar.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort tjón á sumarhúsi M verði rakið til saknæmrar og ólögmaettrar háttsemi pípulagningarmeistarans X. Óumdeilt er að tjón varð á sumarbústað í eigu M og að tjónið megi rekja til þess að vatnslás vantaði í frárennsli frá sturtu sem X sá um að tengja. Gera verður ríkar kröfur til þeirra sem taka að sér sérhæfð verk eins og það sem pípulagningarmeistarann X var falið að vinna. Þar af leiðandi verður að leggja til grundvallar strangt sakarmat þegar skilyrði skaðabótaábyrgðar eru metin. Verður að virða það pípulagningarmeistarann X til gáleysis að hafa ekki staðreynt hvort vatnslás væri til staðar áður en hann tengdi svokallaðan svelg undir húsið. Ekki verður það metið M til eigin sakar að hafa ekki sérstaklega upplýst X um að frágangur niðurfallsins væri öðruvísi en frágangur annarra niðurfalla enda hafi X sjálfur mátt gera sér grein fyrir því við einfalda skoðun. Verður þannig talið að tjónið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 452/2021**M og
V1 og V2 Ábyrgðartryggingar ökutækja A og B****Sönnun tjónsatviks.****Gögn.**

Málskot móttakið 09.12.2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1 dags. 22.12.2021.

Bréf V2 dags. 10.01.2022, ásamt fylgiskjali.

Bréf málskotsaðila ódags., ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að eigendur A og B búa í sama húsi í Mosfellsbæ. Bifreið A er ábyrgðartryggð hjá V1 og bifreið B er ábyrgðartryggð hjá V2. Bifreiðastæði beggja bifreiða eru hlið við hlið í bílakjallara hússins. M, sem er eigandi A, telur að ökumaður bifreiðarinnar B hafi ítrekað síðustu mánuði opnað hurð sína utan í bifreið M. Að beiðni V1 var fyrirtækið Aðstoð & Öryggi (A&Ö) fengið til þess að bera saman ákomur á bifreiðunum. Þann 9. nóvember 2021 voru bifreiðarnar bornar saman að M viðstöddum. Starfsmaður A&Ö skoðaði bifreið M og mátti þar sjá ákomur eftir „hurðanir“ á ökumannshurðinni. Ekki var neina aðra ákomu að sjá á bifreið M. Taldar voru 25-30 mismunandi ákomur á bifreiðinni A, allar á mjög afmörkuðu svæði, í svipaðri hæð og lögun. Við skoðun á bifreiðinni B mátti sjá ákomur í sömu hæðum og ákomurnar á ökumannshurð A. Ákomurnar voru annars vegar í 86 cm hæð frá jörðu og 68-73 cm hæð frá jörðu. Í skýrslu A&Ö kemur fram að ekki hafi náðst í eiganda B en rætt var símleiðis við eiginkonu hans sem neitaði því að hafa valdið þessum ákomum. Niðurstaða rannsóknar A&Ö var sú að ökumaður B hafi ítrekað opnað ökumannshurð utan í ökumannshurð A í bílakjallaranum og valdið tjóni á hurðum bifreiðanna.

M telur að skemmdir á bifreið sinni megi rekja til þess að hurð bifreiðarinnar B hafi ítrekað verið opnuð í vinstri hlið bifreiðar sinnar. V1 telur það hafið yfir allan vafa að tjón á bifreið M sé rakið til notkunar á bifreiðinni B. Beri M því að fá tjón sitt að fullu bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

V2 skilaði ekki inn sérstökum athugasemdum til nefndarinnar en með bréfi V2 fylgdi ítarlegur rökstuðningur eiganda bifreiðarinnar B. Kveðst hann kannast við ásakanir M í sinn garð vegna meints tjóns sem hann, eða aðrir ökumenn B eiga að hafa valdið á bifreiðinni A. Eigandi B hafnar þeim ásökunum og kannast ekki við að hann, né aðrir sem tengjast B, hafi valdið tjóni á bifreið M. Gerir eigandi B alvarlegar athugasemdir við skýrslu A&Ö og þá sérstaklega að hann var ekki upplýstur um framkvæmd rannsóknarinnar, ekki var óskað eftir samþykki hans né var honum boðið að vera viðstaddur rannsóknina. Bendir eigandi B einnig á misræmi í mælingum sem framkvæmdar voru af starfsmanni A&Ö.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort M sem eigandi bifreiðarinnar A eigi bótarétt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B. Hefur V2 hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni. Engin vitni voru að hinum meintu tjónsatvikunum en fyrir liggur skýrsla frá A&Ö sem V1 aflaði einhliða og án þess að eigandi B hafi gefist kostur á að vera viðstaddur skoðun á bifreið sinni. Niðurstaða þeirrar skýrslu er sú að tjónið á bifreið M megi rekja til notkunar bifreiðarinnar B. Í ítarlegum rökstuðningi sínum hefur eigandi B sýnt fram á misræmi sem fram koma í skýrslunni. Gegn staðfastri neitun hans á því að hafa valdið tjóni á bifreiðinni A og þess misræmis sem fram koma í hæðarmælingum í skýrslu A&Ö sem var einhliða aflað án vitneskju eiganda B, verður skýrslan ekki lögð til grundvallar sem sönnunargagn um það að tjón á bifreið M megi rekja til notkunar bifreiðarinnar B. Engin önnur gögn liggja fyrir í málinu aðrar en myndir af ákomum á báðum bifreiðunum. Af þeim gögnum verður ekki fullyrt að ákomur á bifreiðinni A megi rekja til aðgæsluleysis ökumanna B. Verður M að bera hallan af þeim sönnunarskorti og á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 453/2021**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda X****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 8. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 30. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi er tjonstilkynning M, dags. 28. september 2020, þar sem hún tilkynnir um líkamstjón sem hún hafi orðið fyrir við árekstur hinn 13. september sama ár. Samkvæmt málskoti voru atvik þau að M bakkaði bifreiðinni X úr bifreiðastæði og á aðra bifreið. V hafnaði kröfu M um bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda X, með bréfi dags. 9. desember 2020, á grundvelli þess að orsakatengsl milli umrædds atviks og þeirra einkenna sem M rekur til þess væru ósönnuð. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu enda hafi hún leitað til læknis tveimur dögum eftir umrætt atvik vegna einkenna sem hún rakti til þess. Þá hafi hún leitað til læknis aftur um mánuði eftir atvikið og sótt sjúkraþjálfun á tímabilinu 9. nóvember 2020 til 2. nóvember 2021. Einkenni hennar hafi þá veði þrálát og viðvarandi og ljóst sé að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni. M hafi þá orðið fyrir kostnaði vegna sjúkraþjálfunar og öflunar læknisvottorðs, og eigi slíkur kostnaður að bætast sem sjúkrakostnaður sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki verði byggt á einhliða aflaðri skýrslu um högg- og hraðaútreikning og af læknisfræðilegum gögnum sé ljóst að orsakatengsl séu milli einkenna M og umrædds áreksturs.

Í bréfi V kemur fram að í sameiginlegri tjonstilkynningu aðila um áreksturinn sé hakað „nei“ við spurningu um hvort slys á fólki hafi átt sér stað. Þar sem tjón á bifreiðunum hafi verið minni háttar hafi V þá aflað svokallaðrar PC-Crash skýrslu og hafi niðurstaða hennar verið sú að höggið á bifreið M hafi verið mjög vægt og fellst V því ekki á að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af árekstrinum. V vísar þá til þess að M hafi leitað til læknis tveimur dögum eftir slysið og þá lýst almennum einkennum frá mjóbaki. Sé það mat M að ekki sé sýnt fram á orsakasamband árekstursins og líkamlegs ástands M og verði hún að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 13. september 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Við komu til læknis hinn 15. september 2020, eða tveimur dögum eftir áreksturinn, lýsti M verk og eymslum aftan í hnakka og niður bak vinstra megin. Var hún þá greind með tognun/ofreynslu í háls hrygg. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 25. nóvember 2021, leitaði M aftur til læknis vegna verks í mjóbaki hinn 8. október 2020. Fékk M þá greiningu um Lumbaga acuta og beiðni vegna sjúkraþjálfunar og virðist myndgreining á mjóbaki hafa farið fram í kjölfarið án þess að nokkuð athugasvert hafi komið í ljós. Þá kemur fram í umræddu læknisvottorði að M hafi nokkrum sinnum síðan haft samband við lækni, m.a. til að fá fjarvistavottorð vegna bakverkja, en svo virðist sem M hafi fyrst verið óvinnufær vegna bakverkja í marsmánuði 2021 og hinn 19. mars 2019 fékk hún útgefið vottorð um að hún ætti ekki að lyfta þungum byrðum í vinnunni. Þá virðist mega ráða að fyrirliggjandi gögnum að M hafi sótt sjúkraþjálfun í um 20 skipti á tímabilinu 9. nóvember 2020 til 2. nóvember 2021. Engin formleg skýrsla sjúkraþjálfara liggur þó fyrir. Af fyrirliggjandi gögnum er ekki útilokað að M kunni að hafa orðið fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn 13. september 2020 sem gætu veitt henni rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda. Í málinu liggur hins vegar ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum og tímabundnum eða varanlegum afleiðingum né liggur fyrir sönnun þess að þau einkenni sem M hefur verið í sjúkraþjálfun vegna séu eingöngu tengd árekstrinum, enda virðist lýsing hennar á einkennum frá mjóbaki ekki að fullu samræmast upphaflegri greiningu sem gerð var hinn 15. september 2020 og skortir því frekari gögn um tengsl einkenna hvað það varðar. Á

meðan ekki liggur fyrir sérstakt mat á orsakatengslum er sá vafi um að þau séu fyrir hendi að ósannað er að þau einkenni sem M hefur í baki sé hægt að rekja til árekstursins og verður hún að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda X hjá V.

Sóley Ragnarsdóttir

Reykjavík, 22. febrúar 2022.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 454/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar ökutækisins A****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 9. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 15. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að kvartað sé yfir þeirri afstöðu V að hafna bótaskyldu vegna líkamstjóns M í kjölfar áreksturs milli A og B hinn 25. maí 2020, en M hafi setið í öikumannssæti B er A var ekið á hana kyrrstæða. Enginn vafi sé á um að M hafi orðið fyrir líkamstjóni. Vísað er til þess að í fyrri úrskurði nefndarinnar í máli 315/2020 hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að eigandi B ætti rétt á bótum vegna munatjóns sem af árekstrinum hlaut.

Í bréfi V er aðeins vísað til þeirra röksemda sem félagið færði fram vegna fyrri ágreinings um sama atvik, þ.e. að V telji umrætt tjón hafa verið sviðsett og hafi hafnað því að greiða bætur vegna munatjóns. Sé kröfu M um bætur vegna líkamstjóns hafnað á sömu forsendum.

Álit.

Með úrskurði nefndarinnar í máli 315/2020 var komist að þeirri niðurstöðu að eigandi B ætti rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A vegna munatjóns sem hlotist hefði af árekstri bifreiðanna hinn 25. maí 2020, en ekki lægi annað fyrir en að A hefði verið ekið á bifreiðina B þar sem hún stóð kyrrstæð í bifreiðastæði með þeim afleiðingum að tjón hlaut af. Verður niðurstaða nefndarinnar hvað þetta varðar ekki tekin til endurskoðunar og telst umrætt atvik sem slíkt því bótaskyldt. Er því ástæðulaust að rekja frekar málflutning aðila hvað þann þátt varðar enda kemur hann ekki til frekari skoðunar. Ágreiningur þessa máls snýst hins vegar um hvort M eigi rétt til bóta vegna þess líkamstjóns sem hann telur hafa hlotist af umræddu atviki. Fyrir nefndinni liggur samskiptaseðill frá heilsugæslu þar sem fram kemur að M hafi leitað þangað um fjórum klukkustundum eftir umrætt atvik. Kemur þar fram að M hafi lýst höggi á hægri hné og hnykk á hálsi við atvikið. Fékk hann þá greiningu um tognun og ofreynslu á háls hrygg og tognun á hné auk innra brengls á hné. Virðist sú greining að miklu byggð á lýsingu M sjálfs en ekki verður séð að ítarlegar rannsóknir, t.a.m. myndgreiningar, hafi farið fram. Ekkert liggur fyrir um að hann hafi verið óvinnufær í kjölfar umrædds atviks eða að hann hafi fengið sérstök fyrirmæli um frekari meðferð. Þá liggur ekkert fyrir um líkamleg einkenni M í dag, meðferð, rannsóknir eða frekari komur til læknis vegna umræddra einkenna í kjölfar atviksins. Liggja í raun engin önnur gögn um heilsufar M, fyrir eða eftir umrætt atvik, fyrir nefndinni og í málskoti kemur ekki fram hvort og þá hvaða einkenni M búi við í dag. Eins og mál þetta liggur fyrir er því ekki sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds atviks og einkenna sem ætla má að M telji mega rekja til þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 455/2021**M og
V vegna Innbústryggingar fjölskyldutryggingar.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Varúðarregla.****Gögn.**

Málskot móttakið 7. september og 13. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 24. janúar 2022.

Tölvupóstur M, dags. 14. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að hinn 7. ágúst 2021 hafi verið tilkynnt um innbrot og þjófnað á heimili M, sem höfðu farið utan að morgni sama dags. Lýsing lögreglu af vettvangi var þannig að farið hafi verið inn um glugga á bílskúr en ekki hafi verið ákoma á gluggapósti og ályktun lögreglu af því var sú að glugginn hafi verið í ólæstri stöðu eða mögulega í opinni stöðu og engar krækjur hefðu verið að innanverðu. Einnig kemur fram að lögreglu virtist sem glugganum hefði verið kippt upp þannig að stormjárnfestingar hafi gefið sig. Á öðrum stað í lögregluskýrslu kemur fram að festing á glugga hafi verið losuð. Einnig kemur fram í skýrslu lögreglunnar að tilteknir einstaklingar hafi verið handteknir með muni frá heimili M og af gögnum málsins má ráða að eitthvað af munum hafi skilað sér til M. Einnig verður ekki annað ráðið af sömu gögnum en að V hafi greitt einhvers konar bætur til M vegna tjónsins gegn því að M héldi munum sem haldlagðir höfðu verið vegna rannsóknar lögreglu á málinu og M var einnig gefinn kostur á að krefjast bóta vegna mögulegrar áfallahjálpar.

Af málskoti verður ekki annað ráðið en að M krefjist þess að fá viðurkennda bótaskyldu vegna tjóns af völdum innbrots. M gerir ítarlega grein fyrir sínum sjónarmiðum varðani samskipti við lögreglu og V vegna málsins. Verður ekki annað séð af þeirri umfjöllun í gögnum frá M að hann telji að ályktanir sem dregnar hafi verið af aðstæðum á vettvangi hafi verið rangar hvað varðar það að gluggi hafi verið skilinn eftir opinn af hálfu M og telur að skilyrði um innbrot séu uppfyllt. M vísar einnig til upplýsinga sem aflað var hjá lásasmið um að hægt væri að pikka upp lás á hurð án ummerkja. Einnig gerir M grein fyrir viðskiptum sínum við V í fjölda ára og óánægju sinni með afgreiðslu V á málinu.

V telur í fyrsta lagi að vísa eigi máli M frá nefndinni þar sem það sé óljóst, illa upplýst og krafa M sé svo óskýr að málið sé ekki tækt til úrskurðar. Í öðru lagi vísar V til þess að gengið hafi verið frá samkomulagsbótum vegna málsins og V hafi ekki samþykkt að fjallað sé um bótafjárhæðir. Í þriðja lagi vísar V til þess að tjón M sé fullbætt með greiðslu samkomulagsbóta og að M hafi brotið gegn varúðarreglu í váttryggingarskilmálum, nánar til tekið gr. 3.5.5. þar sem koma fram eftirfarandi fyrir mæli til váttryggðra: „Læsa skal íbúðarhúsum [.....] og loka öllum gluggum og krækja aftur. Váttryggður skal sjá til þess að ekki sé skilið við ólæst íbúðarhúsnæði mannlaut.“ Af upplýsingum í lögregluskýrslu og skoðun starfsmanns V á heimili M verði ekki annað ráðið en að varúðarreglan hafi verið brotin og M hafi ekki sýnt fram á að hann eigi frekari rétt til bóta en sem nemur samkomulagsbótum sem þegar hafi verið greiddar.

Álit.

Ágreiningur í þessu máli lýtur að ýmsum þáttum í samskiptum M við V og lögreglu. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum starfar samkvæmt samþykktum sínum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda og í 1. mgr. 3. gr. þeirra kemur fram að nefndin úrskurðar um ágreining um bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags. Í þessu máli verður málatilbúnaður M ekki skilinn öðruvísi en að hann krefjist staðfestingu á því að bótaskylda hafi verið fyrir hendi úr innbrotstryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V og að hann sé ekki sáttur við greiðslu frá V vegna málsins. Í afstöðu V til málskotsins kemur ekki með skýrum hætti fram að fallist hafi verið á slíka bótaskyldu með greiðslu bóta til M, en af ofangreindu verður ekki annað ráðið en að vart sé hægt að kalla þá greiðslu, sem greidd hafi verið af hálfu V, samkomulagsbætur, þar sem ekki verður séð af skrifum M að samkomulag hafi náðst um slíka greiðslu.

Ekki verður fallist á frávisunarkröfur V í málinu og telur nefndin unnt að úrskurða um bótaskyldu skv. fyrrnefndri 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina. Ljóst er hins vegar af afstöðu V til mögulegs ágreinings um bótafjárhæðir að félagið hefur ekki samþykkt að nefndin afgreiði slíkan ágreining. Í

2. mgr. 3. gr. samþykktá fyrir nefndina kemur fram að nefndin geti ekki úrskurðað um bótafjárhæðir nema með samþykki allra málsaðila og verður því ekki fjallað um slíkar fjárhæðir í þessum úrskurði. Hvað bótaskyldu varðar þá kemur fram í gr. 3.5 í váttryggingarskilmálum innbústryggingar fjölskyldutryggingar V að félagið greiði bætur vegna þjófnaðar, nánar tiltekið þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili váttryggingartaka, sbr. gr 3.5.1. Í gr. 3.5.5. kemur fram varúðarregla sem felur í sér þau fyrirmæli til váttryggðs að hann læsa íbúðarhúsi og loka öllum gluggum og krækja aftur. Í sömu váttryggingarskilmálum áskilur V sér rétt til takmörkunar á ábyrgð ef farið er gegn varúðarreglu, sbr. 6. gr. skilmálanna, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að hluta af innbúi M hafi verið stolið hinn 7. ágúst sl., þegar farið var inn á heimili hans. Slíkt tjón fellur undir þjófnað í skilningi gr. 3.5.1 í váttryggingaskilmálum. Sönnunarbyrði um að varúðarregla áðurnefndrar gr. 3.5.5 hafi verið brotin hvílir á V. Af upplýsingum í lögregluskýrslu og öðrum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að aðferð þeirra sem fóru inn á heimili M hafi verið þannig að gluggi hafi verið opinn þannig að hægt hafi verið að kippa honum upp eða eftir atvikum losa festingar og verður að álykta af því að gluggi hafi ekki verið lokaður, eins og varúðarreglan gerir ráð fyrir. Í 26. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti. Varúðarregla um að hafa glugga lokaða er mikilvæg varúðarregla, sérstaklega þegar skilið er við heimili vegna ferðalaga íbúa þó ekki sé sýnt að sök M hafi verið veruleg vegna frágangsins. Af öllum aðstæðum virtum telst V geta takmarkað bótaskyldu við 50% af heildartjóni M vegna þjófnaðarins.

Eins og áður segir getur nefndin ekki fjallað um bótafjárhæðir þar sem samþykki V liggur ekki fyrir vegna þess. Ekki verður því fullyrt hvort tjón M sé að fullu bætt með þeirri greiðslu sem V greiddi til M vegna málsins.

Niðurstaða.

Viðurkennd er bótaskylda m.v. 50% af heildartjóni úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V vegna þjófnaðartjóns.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 456/2021**M og
V vegna Fasteignatryggingar****Gildissvið vátryggingarskilmála. Tímamörk vátryggingar.****Gögn.**

Málskot móttakið 6. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 31. janúar 2022 ásamt fylgiskjali.
Viðbótarathugasemdir M dags. 10. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi eignast fasteignina X, vorið 2017. Hafi í kjölfar þess verið ráðist í ýmsar framkvæmdir vegna utanaðkomandi leka. Það tjón hafi ekki verið tilkynnt til V. Hinn 18. mars 2021 hafi M hins vegar tilkynnt V um tjón sem stafað hafi frá lekri uppþvottavél á hæðinni fyrir ofan X. V hafi hafnað bótaskyldu hvað varðaði tjón á fasteign og föstum munum vegna þess atviks þar sem M væri ekki með fasteignatryggingu í gildi hjá V. Hafi V samdægurs sótt um slíka tryggingu hjá V. Hinn 8. apríl 2021 hafi V tilkynnt M að eignin hefði staðist kröfur við áhættumat hjá félaginu. Hinn 12. apríl 2021 hafi M svo tilkynnt V um tjón sem vart varð við hinn 9. apríl 2021, en um hafi verið að ræða leka frá lögn í vegg. Aðili á vegum V hafi mætt á vettvang og hafi skoðun hans staðfest að um leka frá heitavatslögn hæðarinnar fyrir ofan X væri að ræða. Hafi tjónamatsmaður frá V komið á staðinn hinn 15. apríl 2021 til að leggja mat á tjónið. Hafi á þeim tíma verið alveg ljóst að aðeins væri um að ræða mat á tjóni vegna umrædds lagnaleka en ekki fyrri tjónsatvika. V hafi svo, hinn 20. apríl 2021, borist bótatilboð frá V og honum boðið að gera við það athugasemdir. Hinn 23. apríl 2021 hafi M sent athugasemdir, m.a. í þeim tilgangi að skýra frekar frá þeim framkvæmdum sem átt hefðu sér stað undanengin þrjú ár, m.a. vegna fyrri lekavandamála, en fyrirsjáanlegt væri að endurnýjunar þeirra væri þörf vegna lagnalekans. Hinn 5. maí 2021 hafi V dregið til baka fyrrgreint tilboð á grundvelli þess að tjónsatburðurinn félli ekki undir skilmála vátryggingarinnar. Vátryggingin tæki ekki til tjóns sem verið hefði til staðar fyrir töku hennar og samkvæmt upplýsingum frá M hefðu verið viðvarandi rakavandamál í eigninni. M hafi mótmælt þessari afstöðu en V ítrekað höfnun sína með tölvupósti dags. 2. september 2021 þar sem auk þess hafi verið látið að því liggja að um tilraun til tryggingarsvika væri að ræða. M áréttar að framkvæmdum vegna utanaðkomandi leka hafi verið lokið, og að lekinn frá uppþvottavélinni hafi verið stöðvaður þegar hans varð vart og að um aðskilin tjónsatvik sé að ræða. Ljóst sé þá að umrædd vátrygging hafði tekið gildi þegar lekans varð vart. Þá verði viðurkenning á bótaskyldu ekki afturkölluð nema í undantekningartilvikum og þá aðeins að sýnt sé að hún hafi byggst á röngum forsendum sem raktar verði til vísvitandi rangra eða villandi upplýsinga frá vátryggingartaka. Eignin hafi þá verið áhættumetin af hálfu V og hafi M því mátt treysta því að V hefði ekki athugasemdir um ástand hennar. Telur M á grundvelli framangreinds að bótaskylda úr fasteignatryggingu hans hjá V sé til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hinn 18. mars 2021 hafi M sótt um tvær vátryggingar sem næðu til vatnstjóna á heimili. Strax í kjölfar þess hafi hann tilkynnt um tjón vegna leka frá uppþvottavél á efri hæð. Hafi honum þá verið tilkynnt að hann væri ekki með í gildi vátryggingu sem tæki til tjónsins. Í kjölfar þess hafi hann aftur tilkynnt um tjón sitt í gegnum heimasíðu V en á ný verið tilkynnt um að engin vátrygging hefði verið til staðar er tjónið átti sér stað. Að mati V hafi M því gert tilraun til að tryggja fasteign og innbú fyrir tjóni sem þegar hefði átt sér stað og fá þar með ranglega greiddar bætur vegna þess. Fasteignatrygging hafi svo verið gefin út hinn 8. apríl 2021 á grundvelli framangreindrar umsóknar M. M hafi svo tilkynnt um annað vatnstjón hinn 12. apríl 2021, en hann hefði orðið tjónsins var degi eftir að umrædd vátrygging tók gildi. Í fyrstu hafi V talið að um bótaskyld atvik væri að ræða og sent M bótatilboð vegna þess. Í athugasemdum sínum við tilboðið hafi M hins vegar upplýst um að viðvarandi lekavandamál og lagnaleki hefði verið til staðar í X í þrjú ár, ráðist hafi verið í margs konar framkvæmdir vegna þess og fasteignin útsett fyrir myglu vegna viðvarandi leka. Taldi hann, með hliðsjón af því að fyrirliggjandi bótatilboð væri of lágt. Umræddur lagnaleki hafi því, samkvæmt upplýsingum frá M sjálfum, verið hluti af langvarandi ástandi og hefði M borið að upplýsa um það þegar hann tilkynnti um tjónið. Samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 beri vátryggður skýra upplýsingaskyldu við uppgjör bóta og glati rétti til þeirra ef hann veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann má vita að leiði til greiðslu bóta sem hann á ekki rétt til. Hafi V því fulla heimild til

höfnunar bótakröfu. Að auki vísar V til þess að af tjónstilkynningu M megi ráða að iðnaðarmenn hafi fyrir tilviljun séð raka í vegg fremur en að M hafi orðið leka var en ekki hafi verið minnst á það í upphaflegri tjónstilkynningu að vatn væri byrjað að leka á gólf íbúðarinnar. Telji V því, eftir heildstætt mat gagna, alls ósannað að vatn hafi skyndilega og óvænt tekið að leka á gólfíð hinn 9. eða 12. apríl eins og M haldi nú fram. Jafnvel þó litið verði svo á að um nýtt tjónsatvik hafi verið að ræða sé þá ósannað að það hafi orðið eftir að umrædd váttrygging tók gildi, enda beri M sönnunarbyrði þess.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að ekkert óeðlilegt hafi verið á ferðinni þegar M sótti um umrædda váttryggingu. Það hafi einfaldlega verið gert í kjölfar þess að hann komst að því að váttryggingavernd hans væri ekki fullnægjandi. Þrátt fyrir að bótaskylda væri ekki fyrir hendi hafi fulltrúi V eftir sem áður hvatt M til að tilkynna um tjónið sem varð vart hinn 18. mars 2020 svo upplýsingar um það lægju fyrir. Þá er áréttað að um þrenns konar tjón vegna vatnsleka í X hafi verið að ræða en aðeins sé gerð krafa á hendur V vegna eins tilviks. Hvað varði það tilvik þá sé það svo að M hafi orðið þess var, föstudaginn 9. apríl 2021, að byrjað var að leka úr vegg inn á stofugólf. Hafi hann þá kallað til iðnaðarmenn sem voru að störfum í húsinu og beðið þá að kanna málið. Þeir hafi rofið vegginn og séð raka og vatnsleka í honum. Því sé rangt að þeir hafi orðið lekans varir fyrir tilviljun. Hafi V hins vegar þótt orðalag tjónstilkynningarinnar eitthvað óljóst að þessu leyti hefði félaginu verið í lófa lagið að kalla eftir frekari skýringum áður en afstaða var tekin til bótaskyldu. Þá hafi aðstæður verið skoðaðar af hálfu V og pípulagningarmaður á þess vegum gert við umrædda lög.

Álit.

Á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni er það mat hennar að sýnt sé fram á að raka- og lekavandamál í X megi rekja til þriggja aðskildra tjónsorsaka. Þ.e. að í fyrsta lagi hafi verið rakaskemmdir á eigninni vegna utanaðkomandi leka, frá gluggum, plötuskilum og vegna þess að ekki hafi verið drenlögð við húsið. Í öðru lagi hafi svo orðið tjón í herbergi í X vegna leka frá uppþvottavél á hæðinni fyrir ofan, en það tjón var tilkynnt V án þess að M væri með í gildi váttryggingu sem tæki til þess. Í þriðja lagi hafi svo lekið frá heitavatnslögn inni í vegg og á gólf í stofu X. Verður jafnframt að líta svo á að ágreiningur aðila snúi aðeins að bótarétti M vegna þess tjónsatburðar sem virðist aðskilinn tjóninu sem varð vegna leka frá uppþvottavél, enda staðsetningin og orsökinn önnur. Ágreiningslaust er að hinn 18. mars 2021 sótti M um, og fékk tilboð í, fasteignatryggingu hjá V. Var tilboð V sett fram með þeim fyrirvara að skoða þyrfti fasteignina með tilliti til áhættumats og í kjölfarið yrði gengið frá samningum. Ekki er að finna í málgögnum frekari upplýsingar um umrædda skoðun en fyrir liggur að hinn 8. apríl 2021 sendi V M staðfestingu þess efnis að fasteignin hefði verið áhættumetin og staðist kröfur. Komst samningur þá á og er óumdeilt að umrædd váttrygging hafði tekið gildi þegar M tilkynnti um tjónið og þegar hann segist hafa orðið þess var. Í kjölfarið var tjónið skoðað af hálfu V og upphaflega metið svo að um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka úr vatnsleiðslum væri að ræða og tjónið því bótaskyldt samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Í kjölfar þess að M sendi athugasemdir við bótatilboð V var tilboðið hins vegar dregið til baka á grundvelli þess að um viðvarandi leka hefði verið að ræða og váttryggingin tæki ekki til tjóns sem orðið hefði fyrir gildistöku váttryggingarinnar. Þá voru gerðar athugasemdir við að M hefði ekki lýst ástandi eignarinnar réttilega við gerð váttryggingarsamnings. Hvað varðar umræddan leka verður ekki litið framhjá því að aðilar á vegum V tóku út tjónið og aðstæður, og aðili á þess vegum gerði við umrædda lög. Verður ekki séð að við þá vinnu hafi vaknað efasemdir um að um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka hafi verið að ræða. Af þeim ljósmyndum og myndskleiðum sem fyrir nefndinni liggja má einnig ráða að lekinn hafi verið umtalsverður og því verður að teljast afar ólíklegt að hann hafi verið viðvarandi, hvað þá árum saman. Verður þá einnig að ætla að skoðunarmaður og viðgerðaraðili á vegum V, en ekki verður séð að skýrsla um viðgerðina liggi fyrir, hefðu áttað sig á því hefði umræddur leki verið til staðar í lengri tíma. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að við skoðun og áhættumat á fasteigninni fyrir samningsgerð hefði skoðunarmaður gert athugasemdir við ástand X hefði svo umtalsverður leki verið viðvarandi í lengri tíma. Verður þá að gera ráð fyrir að tjónamatsmaður V hafi haft upplýsingar um fyrra vatnstjón á X, enda lá tilkynning um það fyrir er áhættumat fór fram. Gegn síðari mótmælum M og með hliðsjón af framansögðu verður því ekki talið að leki frá umræddri heitavatnslögn hafi verið viðvarandi enda má ráða af málgögnum að um hafi verið að ræða rakavandamál af öðrum orsökum. Hefur V samkvæmt öllu framangreindu ekki sýnt fram á að skilyrði 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga til niðurfellingar bóta til M séu uppfyllt. Er það því mat nefndarinnar að M eigi rétt á bótum vegna þess tjóns sem hlaut af lagnaleka þeim sem V var tilkynnt um hinn 12. apríl 2021. Í þeirri niðurstöðu felst ekki afstaða til bótafjárhæðar sbr. 2.

mgr. 3. gr. þágildandi samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, eða þess hvaða tjón hafi beinlínis hlotist af umræddum leka enda hefur nefndin ekki forsendur til mats á því.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni, hjá V að því er varðar tjón vegna lagnaleka sem tilkynnt var um hinn 12. apríl 2021.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 456/2021**M og
V vegna Fasteignatryggingar****Gildissvið vátryggingarskilmála. Tímamörk vátryggingar.****Gögn.**

Málskot móttakið 6. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 31. janúar 2022 ásamt fylgiskjali.
Viðbótarathugasemdir M dags. 10. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi eignast fasteignina X, vorið 2017. Hafi í kjölfar þess verið ráðist í ýmsar framkvæmdir vegna utanaðkomandi leka. Það tjón hafi ekki verið tilkynnt til V. Hinn 18. mars 2021 hafi M hins vegar tilkynnt V um tjón sem stafað hafi frá lekri uppþvottavél á hæðinni fyrir ofan X. V hafi hafnað bótaskyldu hvað varðaði tjón á fasteign og föstum munum vegna þess atviks þar sem M væri ekki með fasteignatryggingu í gildi hjá V. Hafi V samdægurs sótt um slíka tryggingu hjá V. Hinn 8. apríl 2021 hafi V tilkynnt M að eignin hefði staðist kröfur við áhættumat hjá félaginu. Hinn 12. apríl 2021 hafi M svo tilkynnt V um tjón sem vart varð við hinn 9. apríl 2021, en um hafi verið að ræða leka frá lögn í vegg. Aðili á vegum V hafi mætt á vettvang og hafi skoðun hans staðfest að um leka frá heitavatnslögn hæðarinnar fyrir ofan X væri að ræða. Hafi tjónamatsmaður frá V komið á staðinn hinn 15. apríl 2021 til að leggja mat á tjónið. Hafi á þeim tíma verið alveg ljóst að aðeins væri um að ræða mat á tjóni vegna umrædds lagnaleka en ekki fyrri tjónsatvika. V hafi svo, hinn 20. apríl 2021, borist bótatilboð frá V og honum boðið að gera við það athugasemdir. Hinn 23. apríl 2021 hafi M sent athugasemdir, m.a. í þeim tilgangi að skýra frekar frá þeim framkvæmdum sem átt hefðu sér stað undanengin þrjú ár, m.a. vegna fyrri lekavandamála, en fyrirsjáanlegt væri að endurnýjunar þeirra væri þörf vegna lagnalekans. Hinn 5. maí 2021 hafi V dregið til baka fyrrgreint tilboð á grundvelli þess að tjónsatburðurinn félli ekki undir skilmála vátryggingarinnar. Vátryggingin tæki ekki til tjóns sem verið hefði til staðar fyrir töku hennar og samkvæmt upplýsingum frá M hefðu verið viðvarandi rakavandamál í eigninni. M hafi mótmælt þessari afstöðu en V ítrekað höfnun sína með tölvupósti dags. 2. september 2021 þar sem auk þess hafi verið látið að því liggja að um tilraun til tryggingarsvika væri að ræða. M áréttar að framkvæmdum vegna utanaðkomandi leka hafi verið lokið, og að lekinn frá uppþvottavélinni hafi verið stöðvaður þegar hans varð vart og að um aðskilin tjónsatvik sé að ræða. Ljóst sé þá að umrædd vátrygging hafði tekið gildi þegar lekans varð vart. Þá verði viðurkenning á bótaskyldu ekki afturkölluð nema í undantekningartilvikum og þá aðeins að sýnt sé að hún hafi byggst á röngum forsendum sem raktar verði til vísvitandi rangra eða villandi upplýsinga frá vátryggingartaka. Eignin hafi þá verið áhættumetin af hálfu V og hafi M því mátt treysta því að V hefði ekki athugasemdir um ástand hennar. Telur M á grundvelli framangreinds að bótaskylda úr fasteignatryggingu hans hjá V sé til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hinn 18. mars 2021 hafi M sótt um tvær vátryggingar sem næðu til vatnstjóna á heimili. Strax í kjölfar þess hafi hann tilkynnt um tjón vegna leka frá uppþvottavél á efri hæð. Hafi honum þá verið tilkynnt að hann væri ekki með í gildi vátryggingu sem tæki til tjónsins. Í kjölfar þess hafi hann aftur tilkynnt um tjón sitt í gegnum heimasíðu V en á ný verið tilkynnt um að engin vátrygging hefði verið til staðar er tjónið átti sér stað. Að mati V hafi M því gert tilraun til að tryggja fasteign og innbú fyrir tjóni sem þegar hefði átt sér stað og fá þar með ranglega greiddar bætur vegna þess. Fasteignatrygging hafi svo verið gefin út hinn 8. apríl 2021 á grundvelli framangreindrar umsóknar M. M hafi svo tilkynnt um annað vatnstjón hinn 12. apríl 2021, en hann hefði orðið tjónsins var degi eftir að umrædd vátrygging tók gildi. Í fyrstu hafi V talið að um bótaskyld atvik væri að ræða og sent M bótatilboð vegna þess. Í athugasemdum sínum við tilboðið hafi M hins vegar upplýst um að viðvarandi lekavandamál og lagnaleki hefði verið til staðar í X í þrjú ár, ráðist hafi verið í margs konar framkvæmdir vegna þess og fasteignin útsett fyrir myglu vegna viðvarandi leka. Taldi hann, með hliðsjón af því að fyrirliggjandi bótatilboð væri of lágt. Umræddur lagnaleki hafi því, samkvæmt upplýsingum frá M sjálfum, verið hluti af langvarandi ástandi og hefði M borið að upplýsa um það þegar hann tilkynnti um tjónið. Samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 beri vátryggður skýra upplýsingaskyldu við uppgjör bóta og glati rétti til þeirra ef hann veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann má vita að leiði til greiðslu bóta sem hann á ekki rétt til. Hafi V því fulla heimild til

höfnunar bótakröfu. Að auki vísar V til þess að af tjónstilkynningu M megi ráða að iðnaðarmenn hafi fyrir tilviljun séð raka í vegg fremur en að M hafi orðið leka var en ekki hafi verið minnst á það í upphaflegri tjónstilkynningu að vatn væri byrjað að leka á gólf íbúðarinnar. Telji V því, eftir heildstætt mat gagna, alls ósannað að vatn hafi skyndilega og óvænt tekið að leka á gólfíð hinn 9. eða 12. apríl eins og M haldi nú fram. Jafnvel þó litið verði svo á að um nýtt tjónsatvik hafi verið að ræða sé þá ósannað að það hafi orðið eftir að umrædd váttrygging tók gildi, enda beri M sönnunarbyrði þess.

Í viðbótarathugasemdom M er áréttað að ekkert óeðlilegt hafi verið á ferðinni þegar M sótti um umrædda váttryggingu. Það hafi einfaldlega verið gert í kjölfar þess að hann komst að því að váttryggingavernd hans væri ekki fullnægjandi. Þrátt fyrir að bótaskylda væri ekki fyrir hendi hafi fulltrúi V eftir sem áður hvatt M til að tilkynna um tjónið sem varð vart hinn 18. mars 2020 svo upplýsingar um það lægju fyrir. Þá er áréttað að um þrenns konar tjón vegna vatnsleka í X hafi verið að ræða en aðeins sé gerð krafa á hendur V vegna eins tilviks. Hvað varði það tilvik þá sé það svo að M hafi orðið þess var, föstudaginn 9. apríl 2021, að byrjað var að leka úr vegg inn á stofugólf. Hafi hann þá kallað til iðnaðarmenn sem voru að störfum í húsinu og beðið þá að kanna málið. Þeir hafi rofið vegginn og séð raka og vatnsleka í honum. Því sé rangt að þeir hafi orðið lekans varir fyrir tilviljun. Hafi V hins vegar þótt orðalag tjónstilkynningarinnar eitthvað óljóst að þessu leyti hefði félaginu verið í lófa lagið að kalla eftir frekari skýringum áður en afstaða var tekin til bótaskyldu. Þá hafi aðstæður verið skoðaðar af hálfu V og pípulagningarmaður á þess vegum gert við umrædda lög.

Álit.

Á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni er það mat hennar að sýnt sé fram á að raka- og lekavandamál í X megi rekja til þriggja aðskildra tjónsorsaka. Þ.e. að í fyrsta lagi hafi verið rakaskemmdir á eigninni vegna utanaðkomandi leka, frá gluggum, plötuskilum og vegna þess að ekki hafi verið drenlögð við húsið. Í öðru lagi hafi svo orðið tjón í herbergi í X vegna leka frá uppþvottavél á hæðinni fyrir ofan, en það tjón var tilkynnt V án þess að M væri með í gildi váttryggingu sem tæki til þess. Í þriðja lagi hafi svo lekið frá heitavatnslögn inni í vegg og á gólf í stofu X. Verður jafnframt að líta svo á að ágreiningur aðila snúi aðeins að bótarétti M vegna þess tjónsatburðar sem virðist aðskilinn tjóninu sem varð vegna leka frá uppþvottavél, enda staðsetningin og orsökinn önnur. Ágreiningslaust er að hinn 18. mars 2021 sótti M um, og fékk tilboð í, fasteignatryggingu hjá V. Var tilboð V sett fram með þeim fyrirvara að skoða þyrfti fasteignina með tilliti til áhættumats og í kjölfarið yrði gengið frá samningum. Ekki er að finna í málgögnum frekari upplýsingar um umrædda skoðun en fyrir liggur að hinn 8. apríl 2021 sendi V M staðfestingu þess efnis að fasteignin hefði verið áhættumetin og staðist kröfur. Komst samningur þá á og er óumdeilt að umrædd váttrygging hafði tekið gildi þegar M tilkynnti um tjónið og þegar hann segist hafa orðið þess var. Í kjölfarið var tjónið skoðað af hálfu V og upphaflega metið svo að um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka úr vatnsleiðslum væri að ræða og tjónið því bótaskyldt samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Í kjölfar þess að M sendi athugasemdir við bótatilboð V var tilboðið hins vegar dregið til baka á grundvelli þess að um viðvarandi leka hefði verið að ræða og váttryggingin tæki ekki til tjóns sem orðið hefði fyrir gildistöku váttryggingarinnar. Þá voru gerðar athugasemdir við að M hefði ekki lýst ástandi eignarinnar réttilega við gerð váttryggingarsamnings. Hvað varðar umræddan leka verður ekki litið framhjá því að aðilar á vegum V tóku út tjónið og aðstæður, og aðili á þess vegum gerði við umrædda lög. Verður ekki séð að við þá vinnu hafi vaknað efasemdir um að um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka hafi verið að ræða. Af þeim ljósmyndum og myndskleiðum sem fyrir nefndinni liggja má einnig ráða að lekinn hafi verið umtalsverður og því verður að teljast afar ólíklegt að hann hafi verið viðvarandi, hvað þá árum saman. Verður þá einnig að ætla að skoðunarmaður og viðgerðaraðili á vegum V, en ekki verður séð að skýrsla um viðgerðina liggi fyrir, hefðu áttað sig á því hefði umræddur leki verið til staðar í lengri tíma. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að við skoðun og áhættumat á fasteigninni fyrir samningsgerð hefði skoðunarmaður gert athugasemdir við ástand X hefði svo umtalsverður leki verið viðvarandi í lengri tíma. Verður þá að gera ráð fyrir að tjónamatsmaður V hafi haft upplýsingar um fyrra vatnstjón á X, enda lá tilkynning um það fyrir er áhættumat fór fram. Gegn síðari mótmælum M og með hliðsjón af framansögðu verður því ekki talið að leki frá umræddri heitavatnslögn hafi verið viðvarandi enda má ráða af málgögnum að um hafi verið að ræða rakavandamál af öðrum orsökum. Hefur V samkvæmt öllu framangreindu ekki sýnt fram á að skilyrði 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga til niðurfellingar bóta til M séu uppfyllt. Er það því mat nefndarinnar að M eigi rétt á bótum vegna þess tjóns sem hlaut af lagnaleka þeim sem V var tilkynnt um hinn 12. apríl 2021. Í þeirri niðurstöðu felst ekki afstaða til bótafjárhæðar sbr. 2.

mgr. 3. gr. þágildandi samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, eða þess hvaða tjón hafi beinlínis hlotist af umræddum leka enda hefur nefndin ekki forsendur til mats á því.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni, hjá V að því er varðar tjón vegna lagnaleka sem tilkynnt var um hinn 12. apríl 2021.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 458/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X****Skaðabótaábyrgð. Ábyrgð fasteignareigenda.****Gögn.**

Málskot móttakið 13. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 13. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
Bréf lögmans M dags. 22. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 13. september 2019 hafi M slasað sig á göngustíg fyrir utan hótél í eigu X er hún steig á lausa hellu með þeim afleiðingum að hún féll og slasaðist. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 19. nóvember 2021. Í málskoti byggir M á því að slysið megi rekja til saknæmrar vanrækslu X eða starfsmanna hans á umhirðu umrædds göngustígs. Vísar M til þess að hún sendi bréf til X tveimur dögum eftir slysið þar sem atvikum var lýst og að öryggisvörður og kokkur á hótelinu hafi veitt henni aðhlyningu eftir slysið. Í svari X við bréfinu hafi komið fram að X hafi ætlað að ganga strax í málið. Þá hafi komið fram í bréfi V frá 19. nóvember 2021 að starfsmenn X hafi gert við lausa hellu á svæðinu sem stóð upp úr sökum þess að rót á ösp hafði þrýst á helluna. Í málinu liggur einnig fyrir framburður eiginmanns X og vinahjóna sem voru með M í för og urðu vitni að atburðinum. Vísar M til dómafordæma og ákvæða reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti auk reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Að mati M ber að líta til þess að X rekur hótél þar sem búast má við umferð gangandi fólks á þessari leið og þurfi því að fyrirbyggja óvænta hættu fyrir fólk á þessum stað. X hafi ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja öryggi gesta og beri þannig fulla skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að á því svæði sem M kveðst hafa dottið hafa hellurnar alltaf verið í lagi og aldrei lagaðar. Eina hellan sem var löguð var á svæði sem var utan lóðar X þar sem rót á ösp hafði komið upp undir hellu sem var á göngustíg frá bílastæði að Y. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að nokkuð hafi verið athugavert við frágang hellna á gangstígnum sem M kveðst hafa slasast á. Engin samtímagögn liggja fyrir sem styðja málatilbúnað M. Framburður vitna sem tengjast M koma fyrst fram tveimur árum eftir atvikið og fela ekki í sér sönnun á fullyrðingum M. Af hálfu V er málatilbúnaði M hafnað í heild sinni enda hafi M ekki tekist að sýna fram á að X eða starfsmenn hans hafi valdið slysinu eða eigi sök á því, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögætrar háttsemi X né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð.

Álit.

Til þess að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að vera hægt að rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og sönnunarbyrðin hvað það varðar hvílir á M. Atvikalýsing M er sú að hún hafi dottið um lausa hellu á göngustíg að hóteli í eigu X og að slysið megi rekja til saknæmrar vanrækslu X eða starfsmanna hans. Engin samtíma gögn eru til staðar um staðsetningu slyssins og einu vitnaframburðir eru frá eiginmanni M og vinahjónum hennar. Gegn neitun X verður ekki byggt á því að lausar hellur hafi verið á göngustíg innan lóðar X. Verður M þannig að bera hallan af sönnunarskorti um atvik málsins. Þar sem M hefur ekki sýnt fram á að aðstæður á vettvangi á slysdegi hafi verið með þeim hætti að leitt hafi til slyssins er greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 459/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Verktakaframkvæmdir.****Gögn.**

Málskot móttakið 7. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 28. desember 2021.

Bréf M, dags. 28. desember 2021.

Málsatvik.

M lýsir því í málskoti að tjón hafi orðið á bifreið hans hinn 19. október sl. þar sem steinar úr jarðvegi hafi farið yfir bifreiðina. Hluti af gögnum málsins eru myndbandsupptök úr bifreiðinni þegar það gerist. M kveðst hafa verið á leið frá Akranesi til Reykjavíkur í umrætt sinn og tjónið hafi orðið við Kerhólakamba á Kjalarnesi.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hans þar sem frágangur hafi ekki verið nægilega tryggður varðandi lausamöl og steina sem standi í hrúgum við veg á Kjalarnesi. Í viðbótarathugasemdom M dags. 28. desember sl. kemur fram að M kveðst aldrei hafa lent í grjótkasti eða sandfoki vegna vinds á þeim stað þar sem hann kveðst hafa orðið fyrir tjóni 19. október sl. og hann leggur áherslu á að hann hafi ekið gætilega um vinnusvæðið. Einnig gerir M athugasemdir við að ráðstafanir hafi verið gerðar á svæðinu eftir að hann sendi kvörtun á framkvæmdastjóra X.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að framkvæmd X hafi verið í samræmi við útboðsgögn framkvæmdarinnar frá Vegagerðinni, en verk X lúti að því að byggja upp feringar á mýrarsvæðum þannig að malarblandað efni sé setta ofan á núverandi jarðveg. V vísar til þess að X hafi sett upp skilti víðsvegar um vinnusvæðið sem vari við sandfoki og grjótkasti og það hefði átt að gefa M tilefni til að gæta sín við akstur um svæðið, auk þess sem hann aki þarna um reglulega og megi vita af því að staðurinn sé vindasamur. V telur M ekki hafa sýnt næga aðgæslu við aksturinn. Einnig bendir V á að ekki sé hægt að fullyrða að jarðvegsfok hafi verið vegna framkvæmda X heldur hafi það geta verið vegna stærra svæðis á eða við Kerhólakamb.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M, en ekki virðist vera ágreiningur um að tjón hafi orðið á bifreið hans hinn 19. október 2021, þegar hann ók framhjá Kerhólakambi á Kjalarnesi. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að X hafi farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar varðandi merkingar á því svæði sem framkvæmdir voru á þess vegum. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins að jarðvegur hafi fokið vegna framkvæmda X, en M ber sönnunarbyrði um að svo sé eða að tjón hans megi rekja til framkvæmda á vegum X. Ekki eru heldur upplýsingar í gögnum málsins um að fleiri hafi orðið fyrir tjóni á sama tíma og M þar sem atvik gætu verið skýrari hvað varðar tengsl við framkvæmdir X. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli og telst hann ekki hafa lagt fram gögn sem sýna með skýrum hætti að tjón á bifreið hans sé hægt að rekja til þess að starfsmenn X hafi sýnt gáleysi við frágang jarðefna eða að framkvæmdir á vegum X hafi með einhverjum hætti við í bága við það sem almennt má gera ráð fyrir. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður því að leggja á M sem á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 460/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

Málskot móttakið 15.12.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf V dags. 18.01.2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 15. mars 2021, orðið fyrir slysi við störf hjá X. Atvik hafi verið þau að M hafi verið að vinna á lyftara í vöruhúsi X. Ók hann lyftaranum aftur á bak og lenti í árekstri við annan lyftara sem var við störf í vöruhúsinu. Við áreksturinn hlaut M mikið högg og slasaðist. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með tölvupósti dags. 22. nóvember 2021.

M telur að X hafi vanrækt skyldur sínar þar sem fyrirkomulag á vinnustað hans hafi verið óforsvaranlegt og ekki samræmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Aðeins hafi verið heimilt fyrir einn að vera inni á umræddum gangi í vöruhúsinu samkvæmt þeim vinnureglum sem M var kunnugt um. Gangarnir séu örmjóir og augljóst að aðeins sé gert ráð fyrir einni vél inni í rýminu í einu. Vísar M til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja máli sínu til stuðnings. X hafi brotið gegn háttætnisreglum fyrrgreinda laga og reglna með því að gæta ekki að því að aðstæður á vinnustað væru þannig úr garði gerðar að gætt væri fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta þannig að starfsmönnum stafi ekki hætta af notkun vinnuvéla.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og byggir á því að M hafi ekki fram á að atvikið verði rakið til saknæmrar háttsemi, saknæmrar vanrækslu eða ófullnægjandi öryggisráðstafana. V hafnar því að aðeins hafi verið leyfilegt fyrir einn lyftara að vera á umræddum gangi hverju sinni. Hefur M ekki sýnt fram á að slíkar reglur hafi verið í gildi á lagernum þegar atvikið átti sér stað. Vísar V til almennra umferðarreglna og reglna X um umgengni og öryggi á lager. Telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að atvikið verði rakið til nokkurs annars en gáleysis M þegar hann bakkaði á lyftara án þess að gæta fyrst að umferð fyrir aftan sig.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Sönnunarbyrði um það hvílir á M. Ekki hefur verið sýnt fram á að í gildi hafi verið sú regla að eingöngu einn lyftari í einu hafi mátt starfa á umræddum stað í vöruhúsinu eða að aðstæður á vinnustað hafi verið þannig úr garði gerðar að ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis eða góðs aðbúnaðar starfsmanna. M ók lyftara aftur á bak við störf sín í vöruhúsi X án þess að gæta að annarri umferð um vinnusvæðið. Samkvæmt vinnureglum sem í gildi eru á vinnusvæðinu ber öllum lyftara að vera vakandi fyrir umferð annarra lyftara. M gætti ekki að því og verður því að telja að áreksturinn megi rekja til þess að M hafi ekið aftur á bak án þess að ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að líta svo á að slys M sé að rekja til sakar X. Tjón M er því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 461/2021**M og****V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X
Skaðabótaábyrgð. Sérfræðiábyrgð.****Gögn.**

Málskot móttakið 16. desember 2021, ásamt fylgiskjölum og myndbandsupptöku.
Bréf f.h. V, dags. 27. desember 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. ágúst 2021 hafi orðið tjón á húseign M þar sem lekið hafi vatn um húseignina, nánar tiltekið þegar framkvæmdir voru við framkvæmdir í íbúð í bakgarði og hafi orðið tjón á veggjum og ílögn hennar.

Nánar tiltekið lýsir X atvikum með þeim hætti að X hafi verið að vinna við pípulagnir við íbúð í húseign X og á tjónsdegi hafi flísalögn verið í gangi. M kveðst hafa beðið X um að skipta um krana á baðherbergi og tveimur tímum eftir að X hafi verið þar við vinnu hafi verið vatn undir plötu á gólfu sem og hafi sést að vatn hafi sprautast á veggplötu fyrir neðan tappa í veggnum en ekki hafi sést vatn fyrir ofan hann. Skipt hafi verið um tappa og ekki hafi komið leki eftir það. M tekur tjón á húseigninni til þess að settur hafi verið tappi í krana sem hafi lekið og það megi rekja til óvandaðra vinnubragða af hálfu X.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að tjón á húseign M sé hægt að rekja til gáleysis starfsmanna X eða atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. V vísar til upplýsinga frá X um að ekki hafi verið skipt um tappa það kvöld sem vatnstjón varð og ekki hafi verið staðfest að leki hafi orðið vegna tappans eða að hann hafi verið gallaður. V vísar einnig til mats tjónamatsmanns á vegum félagsins sem taldi við skoðun að ílögn hafi verið „losaraleg“ og ekki hafi mikið þurft til að brjóta hana upp og má bréfi V skilja afstöðu félagsins þannig að slíkar aðstæður hafi getað leitt til tjóns á húseigninni.

Álit.

Ágreiningur er um hvort sýnt sé að skaðabótaábyrgð X sé fyrir hendi vegna tjóns á húseign M, en sýna fram á slíka ábyrgð til að greiðsluskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði á M um að tjón á húseign hennar sé vegna atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Gögn málsins sína annars vegar frásögn M af atvikum og svör V vegna bótakröfu. Ekkert mat liggur fyrir á því hver orsök tjóns á húseign M er eða álit óháðra aðila á því hvort rekja megi það til vinnubragða X. Frásögn M af atvikum er því ekki studd gögnum. Án slíkra er vafi um hvort tjón á húseign hennar megi rekja til skaðabótaábyrgðar X og hallann af slíkum sönnunarskorti ber M og á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 462/2021**M og
V vegna Slysátryggingar****Bótasvið vátryggingar.****Gögn.**

Málskot móttakið 15. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 21. janúar 2022 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 11. maí 2020 hafi M orðið fyrir slysi við störf sín sem rannsóknarlögreglumaður. Atvik hafi verið þau að M var að handtaka einstakling sem lét ófriðlega og hafi M slasast á fæti og hægri olnboga. Á slysdegi hafi verið í gildi almenn slysátrygging M hjá V. V hafi, með bréfi dags. 16. desember 2020 hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að tjón M hafi orsakast af þátttöku hans í handalögmálum sem séu sérstaklega undanskilin bótasviði vátryggingarinnar samkvæmt skilmálum hennar. Er þeirri afstöðu mótmælt enda hafi M einfaldlega verið að sinna því starfi sem umrædd slysátrygging taki til, en augljóst sé að lögreglumenn þurfi stundum að handtaka einstaklinga sem láta ófriðlega. Ekki hafi verið um að ræða handalögmál í skilningi umrædds skilmálaákvæðis og sé bótaréttur því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að tilkynning vegna slyssins hafi borist félaginu hinn 5. nóvember 2020. Í tjónstilkynningu komi fram að M hafi, sem lögreglumaður, tekist á við mann sem hafi lent ofan á fæti hans og við það hafi M slasast. Þrátt fyrir að M hafi aðeins verið að sinna starfi sínu sem lögreglumaður geti handtökur þar sem menn láti ófriðlega leitt til handalögmála, eins og gerst hafi í þessu tilviki. Í ljósi þess teljist M hafa verið þátttakandi í handalögmálum, en tjón sem af því hljóttist sé undanskilið bótasviði vátryggingarinnar.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða, og er það raunar óumdeilt, að M hafi orðið fyrir líkamstjóni er hann átti í átökum við annan einstakling. Í 8.4 gr. viðeigandi vátryggingarskilmála segir að vátryggingin bæti ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði. Um hlutræna ábyrgðartakmörkun er að ræða, sem ætla má að sé komin til vegna þeirrar auknu hættu á líkamsmeiðslum sem handalögmál hafa í för með sér. Verður að líta svo á að M hafi umrætt sinn tekið þátt í handalögmálum, óháð því hvernig sök hans var að öðru leyti háttáð, enda gerir skilmálaákvæðið ekki greinarmun á því hvernig handalögmál koma til. Þrátt fyrir að af gögnum málsins megi ráða að M hafi aðeins verið að sinna lögmætu verkefni og ætla megi að handalögmál geti verið þáttur í starfi lögreglumanna verður því að líta svo á að umrædd ábyrgðartakmörkun eigi við og leiði til brottfalls ábyrgðar V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr almennri slysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 463/2021**M og
V vegna Greiðslukortatryggingar****Gildissvið vátryggingarskilmála. Forfallatrygging. Veikindi.****Gögn.**

Málskot móttakið 15. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 25. janúar 2022.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. janúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum þess kemur fram að M hafi, ásamt syni sínum, X, hugst fara í utanlandsferð hinn 6. nóvember 2021. M og X hættu við ferðina og fyrirliggjandi eru tvö læknisvottorð, dags. 10. nóvember 2021 og 22. nóvember 2021. Kemur þar fram að X hafi ekki getað ferðast vegna kvefs auk þess sem hann sé ekki bólusettur gegn Covid. Krafðist M bóta úr forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar sinnar vegna þess tjóns sem hlaust af afbókuninni, en verð ferðarinnar var 570.944 kr. Í viðbótarathugasemdum M kemur fram nánari atvikalýsing, en þar segir m.a. þar sem ólögráða sonur hennar, X, hafi verið veikur hafi M einnig verið ókleift að ferðast. Veikindum X er lýst þannig að hann hafi mælst með hita 4. og 5. nóvember 2021, og einnig verið með talsvert nefrennsli og hósta. Vegna þessa hafi M haft samband við lækni og óskað eftir vottorði fyrir X hinn 5. nóvember 2021. Vottorðið hafi svo verið gefið út hinn 10. nóvember en þar sem V hafi ekki metið það fullnægjandi hafi M óskað eftir ítarlegra vottorði sem hafi verið gefið út 22. nóvember 2021. V hafi þrátt fyrir framangreint hafnað bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að bæði M og X teljist vátryggð í skilningi viðeigandi skilmála. Þar komi þá fram í gr. 7.1.1 að félagið bæti ferðakostnað, allt að 350.000 kr., vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í sé ástæðan andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða enda vottað af starfandi lækni. Í gr. 7.1.2 komi þá fram að ferðakostnaður sé bættur með sama hætti ef náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður vátryggðs andast eða hlýtur alvarleg líkamsmeiðsl eða veikist alvarlega enda sé það vottað af starfandi lækni. Fyrirliggjandi vottorð sem gefið var út 10. nóvember 2021 sé ekki samtímagagn og geti því ekki talist staðfesting á veikindum X á brottfarardegi. Þá megi ekki ráða af því vottorði að einkenni X hafi verið þess eðlis að honum hafi verið ókleift að ferðast. Af vottorðinu megi helst ráða að það hafi verið tregða vátryggðra til að ferðast vegna fjölgunar Covidsmita sem hafi ráðið því að hætt var við ferðina og í slíkum tilvikum sé bótaréttur ekki fyrir hendi, sbr. ákvæði c)-liðar gr. 7.2.2. Eftir að V hafi gert athugasemdir við vottorðið hafi annað læknisvottorð borist frá M. Það vottorð hafi að geyma nýjar upplýsingar um að X hafi verið með hita dagana fyrir áætlaða brottför. Vottorðið sé dagsett meira en tveimur vikum eftir fyrirhugaðan brottfarardag og hafi ekkert vægi í málinu. Engin gögn liggja fyrir um að ástand X hafi verið slíkt að honum hafi verið ófært að ferðast en sönnunarbyrði þess hvíli á vátryggðum. Jafnvel þó fallist yrði á að X hafi ekki getað ferðast leiði það ekki til þess að M eigi rétt á að fá ferðakostnað sinn greiddan enda geti kvef ekki talist alvarleg veikindi í skilningi gr. 7.1.2.

Álit.

Eins og að framan er rakið kemur fram í gr.7.1.1 skilmála umræddrar vátryggingar að ferðakostnaður, allt að 350.000 kr., fái endurgreiddur ef ástæða þess að vátryggður kemst ekki í ferð er veikindi hans enda séu þau vottuð af starfandi lækni. Í fyrirliggjandi læknisvottorðum kemur m.a. fram að X hafi ekki getað ferðast vegna kvefs og hita. Þrátt fyrir að ekki sé um samtímagögn að ræða verður að telja að skilyrði ákvæðisins um að veikindi séu vottuð af starfandi lækni sé uppfyllt. Er því bótaréttur til staðar hvað varðar vátryggða X. Hvað vátryggðu M varðar verður réttur hennar til endurgreiðslu ferðarinnar hins vegar ekki byggður á gr. 7.1.2 enda kemur þar fram að um alvarleg veikindi nákomins ættingja þurfi að vera að ræða svo vátryggður eigi rétt til endurgreiðslu ferðakostnaðar. Er þar ekki gerður greinarmunur á börnum og fullorðnum. Þar sem ekki er sýnt fram á af fyrirliggjandi vottorðum að veikindi X hafi verið alvarleg telst bótaréttur hvað varðar ferðakostnað vátryggðu M því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr greiðslukostatryggingu sinni, hjá V að því er varðar ferðakostnað X.

Reykjavík, 22 febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 464/2021**M og
V vegna Kaskótryggingar ökutækis.****Gildissvið váttryggingarsamnings. Eigin áhætta váttryggingartaka.****Gögn.**

Málskot mótttekið 20. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf f.h. V, dags. 24. janúar 2022.

Málsatvik.

Atvik máls má rekja til tjóns sem varð á útvarpsskjá í bifreið M, nánar tiltekið hinn 14. febrúar 2021. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu í öðru máli að M ætti rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V, nánar tiltekið með úrskurði í máli nr. 86/2021 hinn 20. apríl 2021, en ágreiningur hafði verið milli M og V um gildissvið váttryggingarskilmála vegna tjónsins. Af málskoti má ráða að M hafi í júlí 2021 farið með bifreið sína til viðgerðar og hafi í kjölfarið þurft að greiða eigin áhættu (sjálfsábyrgð) vegna tjónsins.

M telur að V hafi upplýst sig um að félagið greiddi allan kostnað vegna tjónsins og hann þyrfti ekki að greiða sjálfsábyrgð. M telur ekki koma fram í skilmálum V um sjálfsábyrgð og þar sem þriðji aðili hafi valdið tjóni þá eigi krafa um sjálfsábyrgð ekki við.

V vísar til 10. gr. váttryggingarskilmála kaskótryggingar þar sem segir að váttryggingartaki beri sjálfur eigin áhættu af hverju tjóni að þeirri fjárhæð sem fram kemur í váttryggingarskírteini og fjárhæðin 91.300 krónur hafi komið fram í slíku skírteini M.

Álit.

Váttryggingarsamningur M og V um kaskótryggingu fer eftir því sem kemur fram í váttryggingarskírteini og váttryggingarskilmálum um kaskótryggingu. Í gr. 10.1 váttryggingarskilmála kaskótryggingar V kemur með skýrum hætti fram að eigin áhætta váttryggingartaka greiðist af hverju tjóni í samræmi við upplýsingar í váttryggingarskírteini. Fjárhæð eigin áhættu M kemur skýrlega fram í váttryggingarskírteini hans og byggist krafa V um greiðslu eigin áhættu því á skýringum ákvæðum í váttryggingarsamningi. M á því ekki frekari rétt skv. váttryggingarsamningi.

Niðurstaða.

M er bundinn af því að greiða eigin áhættu, kr. 91.300, skv. gr. 10.1 í váttryggingarskilmálum hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 465/2021**M og
V vegna Slysaftryggingar ökumanns og eiganda****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 14. desember 2021 ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 21. janúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lenti í umferðarslysi þann 10.9.2019 og er á því byggt að M hafi slasast í árekstrinum. V hefur hafnað bótaskyldu úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda þar sem það telur ósannað að einkenni þau sem M rekur til umferðarslyssins stafi af umferðarslysinu og þá hafi atvikið einnig verið of seint tilkynnt til V.

M rekur í málskoti heilsufarssögu sína en M hefur verið greindur með Tourette, kvíða og athyglisbrest með ofvirkni. M byggir á því að áreksturinn sem hann lenti í hafi verið allharður og að einkennin sem hann lýsi séu dæmigerð einkenni af völdum umferðarslyss. M telur að þrátt fyrir að hann hafi ekki leitað til læknis vegna afleiðinga slyssins fyrir en 21. október 2020 þá hafi hann leitað til kiropraktors vegna einkenna eftir slysið um 2 mánuðum eftir að það gerðist þann 21. nóvember 2019. Hjá kiropraktornum tengir M þá bakverki sem hann leitaði til kiropraktors vegna við það að hafa hjólað reglulega með of þungan bakpoka fyrir um þremur árum fyrir umferðarslysið. M telur það ekki skipta máli að hann nefndi ekki við kiropraktorinn að hann hefði lenti í umferðarslysi 2 mánuðum áður en hann leitaði til hans og telur ástæðu þess að hann gleymdi að segja kiropraktornum frá umferðarslysinu verði skýrð með sjúkdómi hans og greiningum. M telur nægilega sýnt fram á að hann búi við einkenni sem séu að rekja til umferðarslyssins þann 10.9.2019. V byggir höfnun á bótaskyldu á þeim rökum að M hafi ekki leitað til læknis fyrir en rúmu ári eftir umferðarslysið en að M hafi leitað til læknis eftir slysið en ekki minnst á það og afleiðingar þess fyrir en rúmu ári eftir að það gerðist. V byggir höfnun sína á því að það sé M að sanna tjón sitt og að umrætt tjón megi rekja til bótaskylds atburðar. V telji að sú sönnun hafi ekki tekist og vísar til þess að engin samtímagögn liggja fyrir um að slysið hafi leitt til áverka á M. Þegar M hafi fyrst nefnt slysið hjá lækni rúmlega 13 mánuðum eftir slysið hafi hann lýst ósértækum einkennum. V byggir einnig á að M hafi ekki tilkynnt atvikið til V fyrir en 20. október 2020 eða rúmu ári eftir umferðarslysið og þar með hafi réttur til bóta glatast, sbr. ákvæði 124. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.

Álit.

Í málinu er óumdeilt að M lenti í árekstri þann 10.9.2019 og tilkynnir um líkamstjón til V 20. október 2020. Ekki verður fallist á að M hafi mátt vita um atvik sem krafa hans um líkamstjón er reist á fyrir 20. október 2019, eða ári fyrir tilkynningu til V. Verður því ekki fallist á að með vísan til ákvæðis 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 hafi bótaréttur M fallið niður.

Í fyrrgreindri skýrslu frá Aðstoð og öryggi, dags. 10.9.2019 er þess ekki getið að slys hafi orðið á fólki í árekstrinum. Af gögnum málsins má sjá að M leitað til kiropraktors 21.11.2019 eða um tveimur mánuðum eftir áreksturinn en aðspurður neitaði M að hann hefði lenti í slysi og tengdi einkenni sín við aðra atburði sem gerðust þremur árum fyrir áreksturinn. Við útfyllingu spurningarlista hjá kiropraktor segist M hafa verið í meðferð hjá sjúkráþjálfara en engin frekari gögn liggja fyrir um þá meðferð. Óumdeilt er að M leitaði fyrst til heilsugæslu í nóvember 2020 vegna einkenna sem hann segist þá rekja til slyssins. Það er því ekki fyrir en rúmunum 13 mánuðum eftir áreksturinn að hans er fyrst getið í læknisfræðilegum gögnum. Verður samkvæmt framsögðu að fallast á það með V að engin samtímagögn séu fyrir hendi sem staðfesta að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstri þann 10.9.2019. M ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Hallann af sönnunarskorti um það ber M. Orsakatengsl á milli einkenna M og áreksturs eru með vísan til framangreinds ósönnuð. M á ekki, miðað við fyrirbyggjandi gögn, rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 466/2021**M og
V vegna Innbústryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið vátryggingarskilmála. Vátryggingastaður.****Gögn.**

Málskot móttakið 21. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 20. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að brotist hafi verið inn í íbúð M A hinn 8. desember 2020. Í lögregluskýrslum er gerð grein fyrir rannsókn málsins og ætla megi að innbrotspjófur hafi haft um tveggja klukkustunda viðveru í íbúð M. Einhverjir þeirra muna sem teknir voru hafa skilað sér til M en hún hefur gert grein fyrir tjóni sínu til V.

M hefur gert kröfu um bætur vegna tjóns á innbúi til V sem hefur hafnað bótaskyldu. Fyrst virðist V hafa hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að M hafi veitt rangar upplýsingar við tjónsuppgjör og þannig farið gegn 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um upplýsingaskyldu vátryggðs. Ekki er annað að sjá af afstöðu V í bréfi dags. 20. janúar 2022 að félagið beri það ekki lengur fyrir sig og verður því ekki fjallað frekar um þær ástæður í þessum úrskurði. Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur lúti aðallega að því hvort innbústrygging M nái til alls tjóns á innbúi sem varð að Laugateigi 18 eða hvort takmarka eigi bætur við 15% af vátryggingarfjárhæð þar sem innbrot varð ekki á þeim vátryggingarstað sem tilgreindur var í vátryggingarskírteini M á tjónsdegi, þ.e. Bergþórugötu 15. Verður hér gerð grein fyrir sjónarmiðum M og V varðandi þann ágreining.

M telur að innbústrygging hennar eigi að hafa gildi á lögheimili hennar, en hún hafi haft lögheimili að B þegar hún tók tryggingu hjá V en M kveðst hafa flutt A í ágúst 2020. M vísar til þess að hún hafi flutt lögheimili sitt með tilkynningu til Þjóðskrár í ágúst 2020 og það sé staðfest með tölvupósti frá Þjóðskrár, dags. 4. ágúst 2020. M vísar til þess að ekki komi fram í vátryggingarskilmálum V að tilkynna þurfi um breytt lögheimili til V og bendir auk þess á að skv. 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 verði að túlka staðlaða vátryggingarskilmála M sem neytanda í hag. Einnig vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 353/2001 þar sem komi fram að tilgreining vátryggingarstaðar í vátryggingarskírteini ráði ekki úrslitum um gildissvið fjölskyldutrygginga.

V hefur hafnað bótaskyldu og af bréfi V til nefndarinnar dags. 20. janúar sl. má ráða að félagið viðurkenni að um bótaskyldan atburð sé að ræða en telur að M hafi ekki sýnt fram á tjón sitt m.v. framlagðan lista. Einnig vísar V til þess að hið vátryggða í innbústryggingu M sé innbú B skv. vátryggingarskírteini og í 1. gr. vátryggingarskilmála komi fram að vátrygging gildi á heimili vátryggingartaka sem skráð sé á vátryggingarskírteini. Í þeirri grein komi síðan fram að vátryggingin taki til búsmuna hérlendis utan heimilis vátryggingartaka, en þá takmarkist bætur við 15% af vátryggingarfjárhæð. V telur að ef M nái að sanna tjón sitt verði tjón hennar því alltaf að hámarki miðað við 15% af vátryggingarfjárhæð innbús að hámarki. Einnig vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 317/2002 varðandi þýðingu vátryggingarstaðar í vátryggingarskírteini.

Álit.

Eins og fram kemur hér að ofan varðandi afstöðu V til málsins þá hefur V fallist á bótaskyldu úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar en telur annars vegar að tjón M sé ekki sannað og hins vegar að innbrot hafi verið „utan heimilis“ M í skilningi 1. gr. vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar og geti bætur til M ekki verið hærrí en 15% vátryggingarfjárhæðar þess vegna.

Ef fyrst er litið til ágreinings um sönnun tjóns telst vandséð hvernig M eigi að gera grein fyrir tjóni sínu öðruvísi en með því að senda V lista yfir tjónsmuni sem urðu fyrir tjóni. Sönnunarkröfur sem lúta að því að sýna kvittanir fyrir öllum munum sem verða fyrir tjóni verður að telja of strangar þegar kemur að algengum munum sem á heimili eru og verður sönnunarbyrði um að þeir munir sem M gerir grein fyrir séu ekki hluti af venjulegu innbúi vera á V. Tjón telst því sannað, en nefndin fjallar skv. 3. gr. samþykta fyrir nefndina, sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, ekki um ágreining um bótafjárhæð nema samþykki allra málsaðila liggja fyrir. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir í þessu máli og fjallar nefndin því ekki frekar um fjárhæð bóta.

Í öðru lagi er ágreiningur um túlkun á 1. gr. váttryggingarskilmála um innbústryggingu fjölskyldutryggingar V þar sem segir: „Váttryggingin gildir á heimili váttryggingartaka sem skráð er í váttryggingarskírteini. Váttryggingin tekur jafnframt til búsmuna sem eru hérlandis utan heimilis váttryggingartaka, en þá takmarkast bætur við 15% af váttryggingarfjárhæðinni.“ Ljóst er af gögnum málsins, þar á meðal afriti váttryggingarskírteinis M hjá V vegna váttryggingatímabilsins 1. ágúst 2020 til 1. ágúst 2021, að hið váttryggða er tilgreint sem „Fjölskylda og innbú Bergþórugötu 15, 101 Reykjavík en við nafn váttryggingartaka er skráð heimilisfangið Laugateigur 18, 105 Reykjavík. Í 1. gr. váttryggingarskilmála V segir að váttryggingin gildi á heimili váttryggingartaka sem skráð sé í váttryggingarskírteini. Engin tilvísun er hins vegar til orðalagsins „hið váttryggða“ í umræddri 1. gr. váttryggingarskilmála. Ljóst er af fyrnefndu afriti váttryggingarskírteinis að það er stílað á váttryggingartaka til heimilis að Laugateigi 18 en „hið váttryggða“ er tilgreint á öðru heimilisfangi. Í 1. gr. váttryggingarskilmála, sem eru staðlaðir og einhliða samdir af V, verður heimili ekki skilgreint sem „hið váttryggða“ án sérstakrar tilgreiningar og telst „heimili váttryggingartaka“ því allt eins geta verið það sem tilgreint við nafn váttryggingartaka á váttryggingarskírteini. Hallann af óskýru orðalagi hvað þetta varðar ber V, sbr. túlkunarreglu 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 og almenna andskýringarreglu samningaréttarins. V getur því ekki takmarkað bótafjárhæð við 15% af váttryggingarfjárhæð þar sem hlutir á lögheimili M hafi orðið fyrir tjóni en tjón hafi ekki orðið á þeim stað sem tilgreindur er sem „hið váttryggða“ í váttryggingarskírteini.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 467/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X****Rafskúta. Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

Málskot mótttekið 20. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 25. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 2. ágúst 2021 hafi M slasast þegar hann féll af rafskútu/rafhlaupahjólí í eigu X sem leigir slík tæki út til almennings. Orsök slyssins hafi verið sú að framhjól skútunnar hafi skyndilega fest eða staðið á sér með þeim afleiðingum að hún stöðvaðist og M féll fram fyrir sig og handleggsbrotnaði. M telur að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins en V hafnaði kröfu hans með bréfi dags. 29. október 2021, á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á að slys M væri að rekja til bilunar í hjólinu. M byggir kröfu sína á því vætti sjónarvotta að við skoðun þeirra á hjólinu í kjölfar slyssins hafi verið greinilegt að framhjól þess var fast og ekki hægt að snúa því. Beri X, á grundvelli sakarreglunnar, ábyrgð á þessum ágalla. Hjólið hafi ekki virkað sem skyldi og beinlínis verið hættulegt. Þar sem yfirlýsing sjónarvotta um framangreint liggir fyrir hvíli sönnunarbyrði um hið gagnstæða á X. Engin gögn varðandi það að búnaður hjólsins hafi í lagi hafi hins vegar verið lögð fram og hafi sú sönnun því ekki tekist.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji M ekki hafa sýnt fram á að tjón hans megi rekja til vanbúnaðar á rafskútunni. M hafi haft skútuna tvívegis á leigu umrætt kvöld, fyrst frá kl. 21:55 til 21:58 og aftur frá kl. 22:20 til 22:54 og hafi samtals ferðast 4,02 km á henni. X hafi verið tilkynnt um slys M hinn 4. ágúst 2021 og hafi rafskútan þá verið tekin til skoðunar. Engin bilun eða galli hafi komið í ljós, en ekki sé útilokað að aðrar ástæður hafi valdið því að hjól skútunnar stöðvaðist. Þannig hafi t.a.m. grjót getað hrokkið upp í dekkið og skorðast milli þess og brettisins. Hvað varði yfirlýsingu sjónarvotta þá séu þeir vinir M og því ekki óhlutdræg vitni. Í ljósi þess að hjólið hafi verið í notkun nokkrum klukkustundum síðar án athugasemda verði þá ekki séð að lýsing þeirra geti á nokkurn hátt talist fela í sér sönnun um bilun þess.

Álit.

M byggir á því að bilun eða ágalli á rafskútunni hafi valdið því að hjólið læsti sér þegar hann var í beygju og hann flaug fram fyrir sig, sbr. atvikalýsingu hans í tilkynningu til X, dags. 4. ágúst 2021. Því til stuðnings hefur hann lagt fram yfirlýsingu þriggja vitna, sem voru með honum umrætt sinn, um að framhjól skútunnar hafi verið fast og ekki unnt að snúa því. Jafnvel þó sú yfirlýsing væri lögð til grundvallar verður ekki ráðið af henni hvað hafi valdið því að hjólið festist og verður því ekki talið að með henni sé sýnt fram á að bilun eða vanbúnaður rafskútunnar hafi orsakað tjón M. Þá liggur fyrir yfirlýsing X þess efnis að rafskútan hafi verið tekin til skoðunar og prófunar í kjölfar tilkynningar frá M og að ekkert athugasemda hafi fundist við þá skoðun. Auk þess má ráða af fyrirbyggjandi gögnum að tveir aðrir leigutakar hafi haft skútuna til umráða í millitíðinni og ferðast á henni nokkrar vegalengdir og telst því ekki sýnt fram á að um bilun eða vanbúnað hafi verið að ræða. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur því ekki tekist að sýna fram á bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli sakarreglunnar en sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 468/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar ökutækisins A****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 22. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 15. febrúar 2022.

Bréf lögmans M, dags. 22. febrúar 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð þegar bifreið A var ekið aftan á kyrrstæða bifreið M á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar hinn 8. desember 2019. Í tjónstilkynningu sem er dagsett þann dag kemur fram að M hafi kennt til í hálsi „...*en sennilega í lagi*“. V hafnaði greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hinn 4. janúar 2021.

M telur sýnt að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni á hægri öxl í árekstrinum þar sem hann hentist til við hann. Í málskoti er haft eftir M að hann hafi leitað til læknis vegna þessa fljótlega eftir áramótin 2019-2020 en ekki hafi verið ritað um það í sjúkraskrá hans. M kveðst síðan hafa átt erfitt með að fá tíma hjá lækni á árinu 2020 vegna covid-19 ástands á heilbrigðisstofnunum. M kveðst ekki hafa fengið tíma hjá heimilislækni sínum fyrr en 1. september 2020 og farið í myndatöku í kjölfarið þar sem komið hafi í ljós að vöðvi hafi slitnað sem ekki sé hægt að laga og hafi ástandið leitt til þess að M hafi þurft að láta af störfum. Einnig bendir M á að það munatjón sem bætt var vegna tjóns á bifreið hans sé ekki til þess fallið að endurspeglar líkamstjónið, en bifreið hans hafi ekki verið nýleg og bætur taki mið af því. Einnig bendir M á að hann hafi verið heilsuhraustur hvað stoðkerfi varðar fyrir áreksturinn og því séu orsakatengsl milli hans og einkenna í hægri öxl, enda hafi heimilislæknir hans vottað það.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekki sannað að orsakatengsl séu milli árekstursins 8. desember 2019 og þeirra einkenna sem M hefur í hægri öxl. V bendir á að M hafi leitað til læknis 12. desember 2019, 25. og 29. janúar 2020, 27. febrúar 2020, 5. maí 2020 og 1. september 2020. M hafi fyrst nefnt einkenni frá öxl í síðustu komu 1. september 2020 en ekki nefnt áreksturinn sérstaklega vegna þess. Það hafi því liðið níu mánuðir frá slysi þar til M hafi leitað til læknis vegna einkenna í öxl og verði þau ekki tengd við áreksturinn. Einnig er vísað til þess að högg á bifreið M hafi verið minniháttar og ekki greidd há fjárhæð vegna munatjónsins.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að ekið var aftan á bifreið M þar sem hann var kyrrstæður í bifreið sinni á gatnamótum. Læknisvottorð dags. 13. október 2020 er fyrsta gagnið sem tengir saman einkenni frá öxl M og áreksturinn sem varð 8. desember 2019. Í þeim fimm læknisheimsóknnum sem M átti eftir áreksturinn allt fram til 1. september 2020 finnast engar upplýsingar í sjúkraskrá um einkenni frá öxl. Það var ekki fyrr en 1. september 2020 sem slíkar upplýsingar koma fram og þó án tengsla við fyrrnefndan árekstur. Verður því ekki séð að læknisfræðileg gögn eða önnur gögn í málinu styðji það að orsakatengsl séu milli árekstursins og einkenna M í hægri öxl. Ekki liggur fyrir nokkurs konar mat frá sérfræðingi þar sem orsakatengsl eru sérstaklega rökstudd og verður læknisvottorð bæklunarlæknis dags. 13. október 2020 ekki túlkað með þeim hætti. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að M hafi sannað orsakatengsl milli einkenna í öxl og áreksturs 8. desember 2019. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M og telst hann því ekki eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 469/2021**M og
V vegna Dýratryggingar****Gildistaka váttryggingarsamnings. Hestur.****Gögn.**

Málskot móttakið 27.12.2021, ásamt fylgigögnum
Bréf V dags. 21.01.2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi þann 30. ágúst 2021 óskað eftir að kaupa hestatryggingu sem felur í sér takmarkaða líftryggingu og sjúkrakostnaðartryggingu fyrir merina A og barst M tilboð frá V sama dag. Málskotsaðili samþykkti tilboðið og taldi að tryggingin hefði þar með tekið gildi. Þann 7. september 2021 tilkynnti málskotsaðili V að merin hefði dáíð og óskaði eftir afstöðu félagsins varðandi bótaskyldu. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með tölvupósti dags. 10. september 2021. Ástæða höfnunarinnar var sú að trygging hafi ekki verið til staðar þar sem M hafði ekki skilað inn læknisvottorði dýralæknis.

M telur að tryggingin hafi verið í gildi þegar tjónið átti sér stað og að miða eigi upphafsdag ábyrgðartíma váttryggingarinnar við 1. september 2021 en samþykkt tilboð miðaði við þann dag. Vísar M til meginreglu 1. mgr. 13. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.) þ.e að ábyrgð félagsins hefjist þegar það eða váttryggingartakinn hefur samþykkt tilboð hins. Vísar M til þess að hvorki í skilmálum tryggingarinnar né í helstu upplýsingum um hestatryggingar sé vikið að því að tryggingin taki ekki gildi fyrir en vottorði hafi verið skilað inn. Einnig vísar M til þess að váttryggingarfjárhæðin hafi sérstaklega verið miðuð við þau mörk sem sett eru um skilyrði fyrir framvísun vottorðs dýralæknis á heimasíðu V en þar segir: „*Ef tryggingafjárhæð nær 1.000.000 kr. þarf vottorð frá dýralækni um almennt heilsufar hestsins að fylgja með.*“ Vísar M til samskipta V við annan aðila þar sem því var neitað að þörf væri á framvísun vottorðs dýralæknis um almennt heilsufar hross þegar tryggt væri að einni milljón króna.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að umrædd hestatrygging hafði ekki tekið gildi er tjón varð. Vísar V til samskipta sem fóru fram milli M og V í tilboðsferlinu og að fram komi í váttryggingartilboði því sem M fékk frá V að það væri m.a. gert með fyrirvara um áhættumat. Telur V að M hafi ekki getað dulist að skila þyrfti inn vottorði dýralæknis um almennt heilsufar til að tryggingin gæti tekið gildi. Þar sem engin trygging var til staðar, er ekki til staðar bótaskylda vegna tjóns M.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort hestatrygging sem felur m.a í sér takmarkaða líftryggingu hafi tekið gildi er M samþykkti tilboð V í trygginguna. Í 1. mgr. 13. gr. vsl. segir: „*Nú er annað ekki ákveðið í lögum eða samningi og hefst þá ábyrgð félagsins þegar það eða váttryggingartakinn hefur samþykkt tilboð hins.*“ V heldur því fram að tilboð í trygginguna hafi verið gert með fyrirvara um áhættumat. Fyrir því ber V sönnunarbyrði. Vísar V til upplýsinga á heimasíðu félagsins þar sem fram kemur að ef váttryggingarfjárhæð nær einni milljón króna þarf vottorð frá dýralækni. Vísar V einnig til tölvupósts sem sendur er á viðskiptavinum þegar tilboð er sent viðskiptavinum þar sem fram kemur að tilboðið sé með fyrirvara um áhættumat og einnig til samhljóða texta á tilboðsyfirliti þeirra trygginga sem M fékk tilboð í. Auk þess vísar V til tölvupóstsamskipta M við starfsmenn V þar sem fram kemur að skila þyrfti inn vottorði dýralæknis. Verður þannig að telja að M hafi ekki getað dulist að tilboðið væri bundið þeim fyrirvara að skila þyrfti inn vottorði dýralæknis áður en tryggingin tæki gildi. Með vísan til ofangreinds verður að telja að hestatrygging hafi ekki verið í gildi hjá V þegar tjónið átti sér stað.

Niðurstaða.

Hestatrygging M hjá V var ekki í gildi á tjónsdegi og á hún því ekki rétt til bóta úr henni.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 470/2021**M og
V vegna Slysaftryggingar launþega hjá X****Orsakatengl. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 28. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 21. febrúar 2022.

Tölvupóstur lögmans M, dags. 23. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var farþegi í bifreið sem ekið var aftan á hinn 2. júní 2019. Nánar tiltekið var M farþegi í bifreið sem var kyrr á rauðu ljósi þegar ekið var aftan á annað ökutæki sem kastaðist á bifreiðina sem M var farþegi í. M leitaði fyrst til læknis vegna einkenna 4. júlí 2019.

M telur sýnt að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn og krefst bóta úr slysaftryggingu launþega vegna þess. M vísar til ákvæða umferðarlaga og fyrirliggjandi læknisfræðilegra gagna sem staðfesta að M hafi orðið fyrir líkamlegum áverkum í slysinu. Þá telur M að þegar liggja fyrir nægjanleg gögn sem sýni fram á orsakatengsl milli slyssins og núverandi einkenna.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur orsakatengsl milli einkenna M og árekstursins ekki sönnuð. Vísar V í fyrsta lagi til þess að í fyrirliggjandi læknisvottorðum komi fram að einkenni sem getið er um eftir slysið hafi verið byrjuð löngu fyrr eða fyrst getið um 1989 og um margar læknakomur séu skráðar með sömu einkenni og umkvartanir. Þá er einnig vísað til hraðaútreiknings (PC-Crash), sem V aflaði einhliða þar sem tjón á bifreiðunum var minniháttar, sem gefi til kynna að höggið við áreksturinn hafi verið mjög lítið.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almenn ber tjónþoli sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Fyrirgreindur PC-Crash útreikningur, sem var aflað af hálfu V, er einhliða og hefur af þeim sökum takmarkað sönnunargildi við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum árekstursins. Útreikningarnir verða því ekki lagðir til grundvallar við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Í málinu liggur fyrir að ítarleg sjúkrasaga M frá árinu 1989 þar sem getið er um sömu einkenni og umkvartanir og getið er í læknisvottorðum eftir slysið. Ekki verður annað séð, miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu, en að einkenni M hafi þannig verið tilkomin fyrir áreksturinn. Upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum varpa ekki fyllilega ljósi á hvort þau einkenni megi rekja til árekstursins eða tengist fyrra heilsufari M.

Þannig liggur ekki fyrir nein álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón M af völdum þessa tiltekna áreksturs. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskortum sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins þann 2. júní 2019.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann T. Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 471/2021**M og**
V vegna Ábyrgðartryggingar ökutækjanna A og B
Sakarskipting vegna áreksturs. Ekið úr kyrrstöðu, Ekið aftur á bak,**Gögn.**

Málskot mótttekið 29. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 27. janúar 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bílaplani við verslun Bónus á Smáratorgi. Í tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi kemur fram að bifreið A var ekið af stað beint áfram út úr stæði á bílplaninu um leið og bifreið B var ekið aftur á bak. Tjón var á afturhlið bifreiðar B og hægri hlið bifreiðar A þegar þær lentu saman. Í skýrslunni segir ökumaður bifreiðar A að hann hafi verið að keyra út úr bílastæði og þegar hann leit til hægri eftir umferð þá sér hann bifreið B vera að bakka út úr stæði og í hægri hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B segir í sömu skýrslu að hún hafi verið að lagfæra sig í stæði og bakka út úr því og ekki orðið vör við bifreið A fyrr en hún finni dynk.

M var ökumaður bifreiðar A í greint sinn og telur alla sök á árekstrinum eigi að leggja á bifreið B þar sem ökumaður hennar hafi bakkað á bifreið A þegar hún var komin út úr bílastæði. M kveðst hafa gætt varúðar gagnvart annarri umferð þegar hann ók út úr sínu bílastæði og hafi reynt að flauta til að vara ökumann bifreiðar B við, án árangurs.

V vísar til háttarnisreglna 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem komi fram í 1. og 2. mgr. að ökumenn eigi að gæta sín við akstur aftur á bak og þegar ekið er úr kyrrstöðu, óháð því hvort ekið sé aftur á bak eða áfram. V telur hvorugan ökumann hafa gætt þessa nægilega vel og báðar bifreiðar hafi verið á ferð þegar árekstur varð. V telur að skipta eigi sök til helminga.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að á báðum ökumönnum hafi hvílt varúðarskylda skv. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökumanni bifreiðar A (M) bar skv. 2. mgr. 20. gr. að ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra að aka til hliðar og ökumanni bifreiðar B bar skv. 1. mgr. 20. gr. að ganga úr skugga um hið sama þegar hún ók sinni bifreið aftur á bak. Þegar litið er til framburða ökumanna um hvernig þeir gættu þeirrar varúðarskyldu sem á þeim hvíldi verður ekki annað ráðið af framburði ökumanns bifreiðar B en að hún hafi ekki gætt þeirrar skyldu gagnvart bifreið A. Ber ökumaður bifreiðar B því meginsök á árekstrinum. Á ökumanni bifreiðar A hvíldi hins vegar einnig varúðarskylda og verður litið til þess að ökumönnum sem aka á bílplönunum ber að gæta sérstaklega vel að umferð þegar ekið er af stað úr kyrrstöðu. Ber ökumaður bifreiðar A því einnig ábyrgð á árekstrinum en þó minni en ökumaður bifreiðar B. Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber 2/3 sakar og ökumaður bifreiðar A ber 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðarinnar B ber 2/3 sakar og ökumaður bifreiðarinnar A ber 1/3 sakar.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 472/2021**M og
V vegna Slysaftryggingar ökumanns og eiganda.****Notkunarhugtak laga.****Gögn.**

Málskot móttakið 28. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 7. janúar 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð M, hinn 16. maí 2020, fyrir slysi sem atvikaðist með þeim hætti að hann var að aka bifhjólina X, þegar hann missti hjólið á hliðina. Þegar hann var að reisa hjólið við hafi hann orðið fyrir meiðslum og leitaði hann samdægurs á slysadeild þar sem hann var greindur með rof á tvíhöfða. Engin vitni hafi verið að slysinu né hafi lögregla verið kölluð til en M hafi sent V tjónstilkynningu hinn 2. mars 2021. V hafi hafnað kröfu hans þar sem ekki hefði verið um notkun í skilningi umferðarlaga að ræða. M fellir sig ekki við þá afstöðu enda hafi tjón hans verið í nánú og fyrirsjáanlegu sambandi við notkun ökutækisins. Aflvél hjólsins hafi verið í gangi þegar M hafi verið að reisa það upp eftir að hafa misst það á hliðina. Þegar tjón sé í nánú tengslum við undanfarandi notkun hafi verið litið svo á að atvik falli innan notkunarhugtaksins. Er því farið fram á úrskurð nefndarinnar um fulla bótaskyldu úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt lýsingu í bráðamóttökuskrá, dags. 17. maí 2020, hafi M verið að lyfta mótörhjól þegar hann fann eitthvað slitna í olnboganum. Við komu á bráðamóttöku hafi M ekki minnst að hann hafi verið að aka hjólinu þegar það fór á hliðina né hafi hann verið með áverka sem bentu til þess að hann hefði fallið af hjólinu við akstur þess. Sé því ósannað að hann hafi fallið af hjólinu í akstri og hafi orðið fyrir meiðslum við að reisa það upp til að halda akstrinum áfram. Jafnvel þó svo væri yrði tjón hans ekki rakið til notkunar ökutækis í skilningi 9. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjaftryggingar, enda hafi líkamstjón M ekki hlotist af akstri hjólsins eða sérstökum hættueiginleikum þess sem ökutækis.

Álit.

Í 1. mgr. 9. gr. laga um ökutækjaftryggingar kemur fram að sérstök slysaftrygging ökumanns skuli tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar þess. Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort atvik er leiddu til líkamstjóns M uppfylli skilyrði þessa ákvæðis og falli þar með innan gildissviðs vátryggingarinnar. Fallist verður á það með V að af fyrirliggjandi sjúkragögnum, sem verða að teljast frumgögn í málinu, er ekki ljóst nákvæmlega hver tildrög atviksins voru, þ.e. hvort M hafi verið við stjórn ökutækisins umrætt sinn. Hvað sem því líður virðist þó óumdeilt að hjólið féll á hliðina og M meiddist við að reisa það við að nýju. Verða meiðsl hans því rakin til þeirrar athafnar, þar sem hann beitti handafla við að reisa hjólið einn síns liðs. Var slysið þannig hvorki í tengslum við stjórn ökutækis né tengdist það sérstökum hættueiginleika bifhjólsins sem ökutækis. Nýttist vélarafli hjólsins ekki til þeirrar athafnar sem olli slysinu og skiptir því í raun ekki máli hvort vél þess hafi verið í gangi eða ekki við framkvæmdina. Verður samkvæmt framansögðu ekki talið að tjón M verði rakið til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 9. gr. laga um ökutækjaftryggingar. Fellur tjón M því utan gildissviðs umræddrar vátryggingar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda X hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

